Alþingi 1944.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1944, mánudaginn 10. janúar, var sextugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en sjötugasta og áttunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 2. Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurgeir Sigurðsson, steig í stólinn og lagði út af II. Kor. 3, 17.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
7. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
8. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
17. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
19. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
22. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
23. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
24. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
25. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
26. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
27. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
28. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
29. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
33. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
34. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
35. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
36. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
37. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
38. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
39. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
40. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
41. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
42. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
43. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema þm. Ísaf., þm. N.-Þ. og 2. þm. N.-M., sem boðað höfðu veikindaforföll. En ókomnir voru til þings:

1. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
2. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
3. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
4. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
5. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
6. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
7. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
8. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.
9. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom ríkisstjóri, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls. Las hann upp ríkisstjórabréf, dagsett 30. des. 1943, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 10. janúar 1944.

Samkvæmt þessu bréfi lýsti ríkisstjóri því næst yfir, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Ég vil biðja alþingismenn og ríkisstjórn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum."

Þingmenn stóðu upp, og aldursforseti, 1. þm. S.-M. (IngP), mælti: „Lifi Ísland!" Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn hefði verið forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. En þar sem allmargir þingmenn voru ókomnir til þings, lýsti hann yfir því, að fundi yrði

frestað og mundi framhald fundarins verða boðað með dagskrá.

Þriðjudaginn 11. jan., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Allir þingmenn voru á fundi, nema Helgi Jónasson, 1. þm. Rang., Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf., sem enn voru ókomnir til þings, og Finnur Jónsson, þm. Ísaf., Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., Pétur Magnússon, 8. landsk. þm., og Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., er boðað höfðu veikindaforföll.

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara tvo þingmenn og lét síðan ganga til kosninga um forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.,

með 31 atkv. — Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm., fékk 6 atkv., Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., 1 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 17 atkv. — Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., fékk 2 atkv., Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., 1 atkv., Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm., 1 atkv., en 21 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,

með 18 atkv. — Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista var SkG, en á B-lista SK. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., og
Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var FJ, á B-lista HermJ, á C-lista ÁkJ, og á D-lista PM og ÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Pétur Magnússon,
Hermann Jónasson,
Áki Jakobsson,
Finnur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. jan., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Af A-lista: Finnur Jónsson.
Af B-lista: Jónas Jónsson,
Helgi Jónasson.
Af C-lista: Lúðvík Jósefsson,
Þóroddur Guðmundsson.
Af D-lista: Pétur Ottesen,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Kristjánsson,
Jóhann Jósefsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Af A-lista: Stefán Jóh. Stefánsson.
Af B-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Hermann Jónasson.
Af C-lista: Einar Olgeirsson.
Af D-lista: Ólafur Thors,
Magnús Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Varamenn:
Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Eysteinn Jónsson,
Páll Zóphóníasson.
Af C-lista: Brynjólfur Bjarnason.
Af D-lista: Garðar Þorsteinsson,
Bjarni Benediktsson,
Pétur Magnússon.

3. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Páll Zóphóníasson,
Sigurður Þórðarson.
Af C-lista: Steingrímur Aðalsteinsson.
Af D-lista: Ingólfur Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Gísli Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var 1. fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Gísli Jónsson, þm. Barð.
6. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
7. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
8. Hermann Jónasson, þm. Str.
9. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
14. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
15. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi nema 8. landsk., sem hafði boðað veikindaforföll.

Aldursforseti deildarinnar, Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M., setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Pál Hermannsson, 1. þm. N.-M., og Eirík Einarsson, 2. þm. Árn.

Kosning forseta og skrifara.

Var þá gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., með 8 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., fékk 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., með 13 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm., með 8 atkv. — Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var Páll Hermannsson, en á B-lista Eiríkur Einarsson. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og
Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna. Fram kom till. um að veita þau afbrigði frá þingsköpum, að deildarmenn skyldu halda þeim sætum, er þeir höfðu á síðasta þingi. Afbrigðin leyfð og till. samþ. með 13:2 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. jan., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG, á B-lista BSt, á C-lista BrB, og á D-lista PM, MJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Magnússon,
Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Haraldur Guðmundsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var IngP, á B-lista StgrA, og á C-lista GJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson,
Ingvar Pálmason,
Steingrímur Aðalsteinsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG, á B-lista PHerm, HermJ, á C-lista KA, á D-lista ÞÞ, EE. — A-listi hlaut 3 atkv., B-listi 5 atkv., C-listi 3 atkv., D-listi 6 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Páll Hermannsson,
Eiríkur Einarsson,
Kristinn Andrésson,
Haraldur Guðmundsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Samþ. var með 11 shlj. atkv. að skipa nefndina fimm mönnum. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG, á B-lista IngP, á C-lista StgrA, á D-lista GJ, PM. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gísli Jónsson,
Ingvar Pálmason,
Pétur Magnússon,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var GÍG, á B-lista PHerm, á C-lista GJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gísli Jónsson,
Páll Hermannsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var HG, á B-lista HermJ, á C-lista BrB, á D-lista BBen, LJóh. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson,
Hermann Jónasson,
Lárus Jóhannesson,
Brynjólfur Bjarnason,
Haraldur Guðmundsson.

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var JJ, á B-lista KA, á C-lista EE. — Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Eiríkur Einarsson,
Jónas Jónsson,
Kristinn Andrésson.

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG, á B-lista BSt, á C-lista StgrA, á D-lista BBen, LJóh. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson,
Bernharð Stefánsson,
Lárus Jóhannesson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
11. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
12. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
15. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
18. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
19. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
20. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
23. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
26. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
27. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
28. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
29. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
30. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
31. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
34. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
35. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema 2. þm. Skagf., 1. þm. Rang. og 1. þm. Skagf., sem ókomnir voru til þings, þm. N.-Þ. og 2. þm. N.-M., sem boðað höfðu veikindaforföll.

Aldursforseti deildarinnar, Jakob Möller, 3. þm. Reykv., stýrði fundinum og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., og Sigurð Kristjánsson, 7. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,
með 16 atkv. — **Emil Jónsson,** þm. Hafnf., fékk 1 atkv.. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., 2 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,
með 21 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn annar varaforseti

Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.,
með 18 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar. Á A-lista var SvbH, en á B-lista SEH. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., og
Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Ingólfur Jónsson.
8. — — Ólafur Thors.
9. — — Páll Zóphóníasson.
10. — — Sigurður Þórðarson.
11. — — Skúli Guðmundsson.
12. — — Sigurður Kristjánsson.
13. — — Jóhann Jósefsson.
14. — — Finnur Jónsson.
15. — — Barði Guðmundsson.
16. — — Pétur Ottesen.
17. — — Sigurður Bjarnason.
18. — — Ásgeir Ásgeirsson.
19. — — Lúðvík Jósefsson.
20. — — Einar Olgeirsson.
21. — — Helgi Jónasson.
22. — — Jón Pálmason.
23. — — Sigurður Guðnason.
24. — — Gísli Sveinsson.
25. — — Sigurður Thoroddsen.
26. — — Garðar Þorsteinsson.
27. — — Áki Jakobsson.
28. — — Sigfús Sigurhjartarson.
29. — — Jón Sigurðsson.
30. — — Páll Þorsteinsson.
31. — — Gunnar Thoroddsen.
32. — — Jakob Möller.
33. — — Emil Jónsson.
34. — — Eysteinn Jónsson.
35. — — Bjarni Ásgeirsson.

Fleiri tölusett sæti komu ekki til hlutunar, og tóku þeir deildarmenn, sem ekki höfðu hreppt sæti samkvæmt hlutuninni, sér ótölumerkt sæti.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. jan., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu allra nefndanna komu fram fjórir listar, A, B, C og D, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Jakob Möller (af D-lista),
Skúli Guðmundsson (af B-lista),
Áki Jakobsson (af C-lista),
Jón Pálmason (af D-lista),
Ásgeir Ásgeirsson (af A-lista).

2. Samgöngumálanefnd.
Gísli Sveinsson (af D-lista),
Sveinbjörn Högnason (af B-lista),
Lúðvík Jósefsson (af C-lista),
Sigurður Bjarnason (af D-lista),
Barði Guðmundsson (af A-lista).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Sigurðsson (af D-lista),
Bjarni Ásgeirsson (af B-lista),
Sigurður Guðnason (af C-lista),
Jón Pálmason (af D-lista),
Emil Jónsson (af A-lista).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (af D-lista),
Eysteinn Jónsson (af B-lista),
Lúðvík Jósefsson (af C-lista),
Jóhann Jósefsson (af D-lista),
Finnur Jónsson (af A-lista).

5. Iðnaðarnefnd.
Sigurður E. Hlíðar (af D-lista),
Sigurður Þórðarson (af B-lista),
Sigurður Thoroddsen (af C-lista),
Jóhann Jósefsson (af D-lista),
Emil Jónsson (af A-lista).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar (af D-lista),
Páll Zóphóníasson (af B-lista),
Sigurður Thoroddsen (af C-lista),
Gunnar Thoroddsen (af D-lista),
Stefán Jóh. Stefánsson (af A-lista).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (af D-lista),
Páll Þorsteinsson (af B-lista),
Sigfús Sigurhjartarson (af C-lista),
Sigurður Bjarnason (af D-lista),
Barði Guðmundsson (af A-lista).

8. Allsherjarnefnd.
Garðar Þorsteinsson (af D-lista),
Jörundur Brynjólfsson (af B-lista),
Þóroddur Guðmundsson (af C-lista),
Gunnar Thoroddsen (af D-lista),
Stefán Jóh. Stefánsson (af A-lista).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Skemmtanaskattur (viðauki 1944).

Á 6. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944 (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 : 5 atkv.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 20).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller): Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.
Heimild sú til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka, er fólst í l. frá 28. des. 1942, var útrunnin 1. jan. s. l., og er því talið nauðsynlegt að framlengja heimild þessa. Þetta frv. felur því í sér það, að á árinu 1944 er heimilt að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., 2. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 32).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Þetta frv. er hingað komið frá hv. Nd. Það er borið fram til að staðfesta brbl. frá 30. des. 1943. En brbl. voru um að framlengja ákvæði, sem gilt hafa undanfarin ár, um álag á skemmtanaskatt, sem ákveðinn var með l. nr. 56 frá 31. maí 1927.
Eins og allir hér kannast við, hefur álagning þessi numið 200% af skemmtanaskatti af kvikmyndasýningum, en 20% af skatti af öðrum skemmtunum. Síðasta Alþ. láðist að framlengja þetta álag á skemmtanaskattinn fyrir yfirstandandi ár, og voru brbl. gefin út til þess, að þetta yrði framlengt þetta ár. Má telja víst, að það hefði orðið samþ. á síðasta þ., ef tími hefði verið til að taka það fyrir þá.
Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. Geta má þess, að einn nm. var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr., og því ekki beinlínis hægt að segja um afstöðu hans.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 37).

---

2. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv.).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv., A. 17).

Á 6. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þessi l., nr. 98 frá 1941, eru heimild handa stj. til að lækka tolla á kornvörum og sykri. Þessi heimild hefur verið notuð, síðan hún var veitt, og framlengd frá ári til árs. Heimild til framlengingar fyrir þetta ár var lögð fyrir síðasta þing, en náði þá eigi afgreiðslu. Því er þetta frv. lagt fram nú. Eg geri ráð fyrir, að Alþ. muni ekkert hafa við það að athuga, að framlenging verði gerð á þessum ráðstöfunum, enda hefur fjmrn. ekki gert breyt. á þessu það, sem af er þessu ári, í því trausti, að þetta mundi ná framlengingu, enda hef ég umsögn fjhn. um, að hún sé því samþykk, að mælt verði með þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 19).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): N. leggur til, að þessi framlenging verði samþ., en jafnframt gerir n. breyt., sem aðeins varða formshlið málsins.

Vegna þess að l. frá 1941 og 1943 (3. gr. l. nr. 93) eru úr gildi fallin, þótti rétt að orða 1. gr. þannig, að þær heimildir, sem ríkisstj. voru veittar 1941 og 1943 um lækkun á tollum, skuli koma aftur í gildi. — Fljótt á litið lítur svo út sem nokkru muni á brtt. n. og 1. gr. frv., en þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að þessi breyt. er aðeins formsbreyt. af þeim ástæðum, að þegar framlengd er heimild stj. (1. liður 3. gr. l. frá 1941), gildir sú framlenging fyrir báða hina liðina, 2. lið um það að lækka um helming tolla á nokkrum vörutegundum og 3. lið um það að hækka um 50% áfengi og tóbak. Þessar heimildir hafa ekki verið notaðar í þessu formi, heldur hefur álagningin verið hækkuð. Framlenging þessara liða hefur því enga þýðingu.

Þessi formáli ætti að nægja til þess að skýra það, að hér getur varla verið um neinn ágreining að ræða.

ATKVGR.
Brtt. 19, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 19, 2 (á eftir „ráðstafana" í fyrirsögn bætist: og tekjuöflunar) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., 2. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 34).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Hv. frsm. fjhn. er lasinn og vildi helzt hlífast við að koma á fund. Bað hann mig að afsaka það og jafnframt að geta þess, sem nál. á þskj. 34 ber reyndar með sér, að fjhn. hefur athugað málið og leggur til, að það verði samþ.

Þetta frv. er þess efnis að framlengja þær heimildir, sem um getur í frv., til loka þessa árs. En svo stóð á, að þessar heimildir féllu niður um síðustu áramót, — heimildir, sem tilgreindar eru í l. nr. 98 frá 9. júlí 1941, til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna. En þetta frv. fer fram á, að l. skuli koma í gildi af nýju.

Það er svipað að segja um þetta frv. og það, sem var á dagskrá næst á undan, að síðasta Alþ. gekk ekki frá að framlengja heimildirnar. Það lá fyrir þingi, en þingslit voru ákveðin, og þótti ekki taka því að fara að framlengja þ. vegna þessa máls.

Eins og frv. kemur frá Nd., er tekið fram, að þetta skuli gilda „af nýju, frá 1. janúar 1944" og til loka þessa árs.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 38).

---

3. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Á 2. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Í framhaldi af till. til þál. um dansk-íslenzka sambandslagasamninginn, sem ég flutti í Sþ. á föstudaginn var, flyt ég nú hér í Nd. fyrir hönd ríkisstj. frv. til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýð-

veldisins Íslands. — Eg leyfi mér í þetta sinn að vísa til þeirra orða, er ég mælti í Sþ. við flutning áðurnefndrar till. og flestir hv. þdm. munu hafa hlustað á. En til viðbótar því vil ég taka þetta fram, að því er varðar sérstaklega það frv., er hér liggur fyrir:

Frv. er flutt óbreytt frá því, sem mþn. gekk frá því og afhenti það ríkisstj. til geymslu. Nú lýsti stj. yfir því 1. nóv. s. l., að hún teldi „miklu varða, að algert samkomulag geti orðið um afgreiðslu ályktunar Alþingis um stofnun lýðveldis á Íslandi, og ekki síður, að öll þjóðin geti sameinazt um lausn málsins", og þar sem menn af hálfu allra flokka þingsins hafa unnið að því að gera frv. úr garði á þann hátt, sem orðið er, taldi stj. að athuguðum öllum málavöxtum, að hún rækti bezt skyldur sínar með því móti að bera frv. fram óbreytt, enda þótt hún telji nokkrar breyt. á því æskilegar, svo sem um vald forseta lýðveldisins og að hann verði þjóðkjörinn, enda getur mþn. þess í nál. sínu, að hallazt kunni að verða að því ráði, þótt meiri hl. n. leggi til, að forsetinn verði þingkjörinn. Annars mun stj., eins og tekið er fram í athugasemdum hennar við frv., koma brtt., sem hún telur æskilegar, á framfæri, er n. þær, er deildir þingsins skipa til þess að athuga frv., hafa tekið til starfa. Mun ég því ekki ræða þau efni frekar.

Þó þykir mér rétt að taka fram, þótt það sé óþarft gagnvart hv. þdm., að þær einar breyt. getur að þessu sinni verið um að ræða á gildandi stjórnarskrá, sem beinlínis leiðir af breyt. á stjórnarformi ríkisins úr konungdæmi til lýðveldis og falla innan þess ramma, sem stjórnarskrárákvæðið frá 15. des. 1942 markar, en a. m. k. tvær breyt., sem í frv. er lagt til, að gerðar verði, virðast falla utan þessa ramma. Þær breyt. á gildandi stjórnarskrá, sem gera þarf og gera má, er æskilegt að greina glögglega í sjálfum textanum, t. a. m. með skáletri, svo að kjósendur, sem eiga að taka afstöðu til frv., þegar Alþ. hefur búið það þeim í hendur, eigi hægara með að vita skil á því, sem þeir eiga að greiða atkv. um.

Eg óska þess, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og n., sem sérstaklega verður kjörin til að athuga það.

Stefán Jóh. Stefánsson: Mér þykir rétt að segja aðeins nokkur orð á þessu stigi um stjórnarskrárfrv. það, sem hæstv. ríkisstj. leggur nú fram hér í hv. d. Eins og ég gat um við umr. í Sþ. á föstudag s. l., þá eru þættir þessa máls, sem við kemur skilnaði Íslands og Danmerkur og stofnun lýðveldis á Íslandi, tveir, — annar nánast neikvæður, sem var til umr. í Sþ. á föstudaginn var, um að fella niður sambandslagasáttmálann frá 1918, og hinn þátturinn, sá jákvæði, að stofna lýðveldi á Íslandi.

Stjskrfrv. það, sem hér liggur fyrir, snertir, eins og kunnugt er, síðari þáttinn. Mér þykir hlýða einmitt nú, — og ég gerði það af ásettu ráði að fara ekki inn á það atriði við umr. um niðurfelling sambandslagasáttmálans, þó að ég kannske verði að koma að því við síðari umr. um það mál eða áframhaldandi sömu umr. að gefnu tilefni, — að skýra með nokkrum orðum í sambandi við gildistöku þessa stjskrfrv., sem hér liggur fyrir, það, sem fram hefur farið á sínum tíma og til hefur oft verið vitnað í mþn. í stjórnarskrármálinu, sérstaklega vegna þess, að til mín hefur verið beint nokkrum orðum um þetta og jafnvel í Sþ. í umr. um niðurfellingu sambandslagasáttmálans. Eg þarf þó ekki að hafa þessi orð ýkja mörg, því að mér hefur á opinberum vettvangi og í blaðaumr. gefizt kostur þess að skýra þetta mál frá minni hálfu. En þó á vel við í umr. um þetta mál, að þetta sé einnig fram tekið.

Þegar mþn. í stjórnarskrármálinu hafði stjskrfrv. til athugunar, frv., sem miða átti að því innan heimildar breyt. á stjskr. frá 1942 að stofna formlega lýðveldi á Íslandi, þá hörðu umr. í flokkunum, innan flokkanna og á milli þeirra ekki fram farið um það atriði, hvenær það væri eðlilegt og tímabært að láta slíka stofnun lýðveldis koma til framkvæmda. Það varð þá að ráði í undirnefnd í stjórnarskrárn. að ákveða 17. júní 1944 sem eins konar áætlun og til athugunar fyrir flokkana innbyrðis fyrir hvern þeirra og væntanlega líka á milli flokkanna sjálfra til athugunar. Í þeim inngangi, sem fylgdi stjskrfrv., sem sent var hæstv. ríkisstj. til geymslu, eins og hæstv. forsrh. hefur réttilega og skýrt fram tekið, var einnig minnzt á þetta atriði á sama hátt og í frvgr., sem fjallar um gildistökuna.

Þegar þessu fór fram, hafði í Alþfl. ekki verið rætt um það á neinn hátt innan miðstjórnar þingflokksins og allra sízt á flokksþingi, hvenær flokknum virtist eðlilegt og tímabært, réttast og öruggast að stofna lýðveldi á Íslandi. Eg ætla, að ég hafi í stjskrn. ekki látið neitt orð falla um það, að sá flokkur, sem ég tilheyri, mundi vera fús til þess að taka ákvörðun um það, að það yrði gert 17. júní 1944, og allra sízt, að hann hefði þá nokkuð um það ákveðið. Eg held, að enginn hinna stjórnmálaflokkanna hafi heldur á því stigi málsins verið búinn að taka um það nokkra ákvörðun. Frá minni hálfu var því þetta þannig, að þetta var eins konar till. til athugunar fyrir flokkana, eins konar áætlun, sem lögð var með hliðsjón af því, hvort hægt mundi vera að framkvæma hana eftir nánari íhugun og samstarf á milli flokka. Eg gat þess strax í blaðaskrifum í júní s. l., hver væri afstaða mín út af þessu. Og miðstjórn Alþfl. hafði strax 29. júní 1943 ákveðið um það, að flokkurinn vildi fyrir sitt leyti ekki binda sig við 17. júní 1944 sem gildistökudag stjskr. Eg gerði svo í byrjun júlí í blaði nokkra grein fyrir því, enda hygg ég, að fáum hafi komið það á óvart, sem til þekktu. Og í yfirlitsgrein, sem ég reit í Alþýðublaðið 31. des. 1942, minntist ég á þetta mál og með þeim hætti, að ég teldi eðlilegt, ef þess væri nokkur kostur og engin áhætta væri í sambandi við það, að fresta hinni formlegu gerð um stofnun lýðveldis á Íslandi, þangað til þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, Íslendingar og að einhverju vissu leyti Danir, gætu talað saman um það atriði. Ég hef látið bóka í gerðabók stjskrn. um það atriði og tekið fram, að Alþfl. hefði, áður en stjskrn. samþ. frv. sitt, enga ákvörðun tekið um gildistöku þess. Var n. því þetta kunnugt. Og frá minni hálfu var 17. júní 1944 aðeins látinn koma til álita sem gildistökudagur, en væri á engan hátt bindandi fyrir mig eða Alþfl. Þar af leiðandi er afstaða mín til þess máls sú, að ég er ekki reiðubúinn til þess nú að miða við þennan dag og slá því föstu fyrir mitt leyti, að lýðveldisstjórnarskráin skuli skilyrðislaust öðlast gildi ekki seinna en

17. júní 1944. Eg mun því fyrir mitt leyti koma á framfæri um það brtt., sem ég býst við, að verði á þá lund, að stjskr. öðlist ekki gildi, fyrr en hún hefur verið samþ. af meiri hl. allra kosningabærra manna í landinu, eins og gert er þegar ráð fyrir í frv. sjálfu, og þegar Alþ. síðan hefur tekið um það formlega ákvörðun að láta hana ganga í gildi.

Þau rök, sem sérstaklega hníga í þessa átt af minni hálfu, eru þau, eins og ég gat um við upphaf fyrri umr. um niðurfelling sambandslagasáttmálans, að ég vildi, að það gæti orðið að samkomulagi allra flokka og allra manna hér á landi yfirleitt, að niðurfelling sambandslagasáttmálans yrði með þeim hætti, sem ég og margir aðrir telja einu löglegu leiðina, til þess að farið verði eftir 18. gr. sambandslagasamningsins, að ekki verði gengið frá samþykkt um niðurfelling hans með þjóðaratkv., fyrr en eftir 20. maí n. k., og einnig, að stjórnarskrá, þó að afgreidd yrði á næstunni, væri ekki látin fá ákveðinn gildistökudag, heldur væri það undir síðari ákvörðun Alþ., hvenær hún öðlaðist gildi, og höfð væri hliðsjón af því, að áður en slíkt færi fram, yrði reynt að ná sambandi við konung Dana, þar sem honum yrði gefinn kostur á að segja af sér. Ef það reynist ekki hægt, þá vil ég fara aðra löglega leið um samþykkt stjskr., sem ég mun koma að síðar.

Ég hefði kosið, að á þessu stigi hefði ekki þurft að róta við málinu, en það hefði verið geymt til seinni tíma að ganga frá því. En með því að mikill meiri hl. hv. alþm. virðist þeirrar skoðunar, að slíkt sé alveg bráðnauðsynlegt út frá þeirra sjónarmiði séð, — og vil ég ekki efast um, að bak við þá skoðun liggi hugsun þeirra um að gera það, sem bezt má verða í sjálfstæðismálinu, jafnvel þó þeir, sumir hverjir, ætli mér og mínum líkum nokkrar aðrar hvatir, en um það gefst mér síðar tækifæri til að ræða nokkru nánar í Sþ. í sambandi við umr., sem byrjaðar eru þar, — með því að þessi mikli þingvilji virðist vera fyrir hendi, vil ég fyrir mitt leyti reyna að greiða fyrir því, að samningar geti orðið um þennan þátt skilnaðarins, stofnun lýðveldis, eins og um niðurfellingu sambandslagasáttmálans, og það á þá lund m. a., að það verði sett í stjskrfrv., að stjórnarskráin öðlist ekki gildi, fyrr en hún hefur fengið samþykki meiri hl. kjósenda á Íslandi og þegar Alþ. seinna hefur gert um það formlega samþykkt.

Ég er æ sannfærðari um það, eftir því sem lengra líður, hversu hæpið sé nú, allt að því hálfu ári áður, á þeim tíma, sem við lifum nú á, að slá föstu, að gildistaka stjskr. skuli vera 17. júní 1944, hvernig sem kynni að verða þá umhorfs hér á landi og í umheiminum. Það er spá spakra manna, að þetta ár, sem nú er byrjað, verði eitt hið atburðaríkasta í heimsátökum þeim, sem nú standa yfir, og þegar lengra kemur fram á árið, verði blóðugri orustur og geigvænlegri en áður hafa verið háðar í þessu stríði. Enginn veit, hvar þær verða háðar eða hvernig umhorfs verður, þegar þær verða háðar. Og ég veit ekki, hvort það er eðlilegt eða drengilegt af okkar hálfu að ákveða, að hvað sem á gangi í heiminum, þá skulum við stofna lýðveldi þennan ákveðna dag, 17. júní í vor, hvernig sem umhorfs verður þá í heiminum. Ég treysti mér ekki til að spá svo fram í tímann, að ég telji, að sá dagur verði hinn glæsilegasti fyrir íslenzku þjóðina til þess að halda hann hátíðlegan með stofnun hins íslenzka lýðveldis. Vera má, að aðrir séu þar spakvitrari og geti betur um það sagt. Þó ætla ég, að það sé á fárra manna færi að segja um það, hvernig þá verði umhorfs, og segja um það, hvort skynsamlegast væri, að íslenzka þjóðin héldi þá hátíðlega lýðveldisstofnun sína.

Á þingi Alþfl., sem háð var í nóv. s. l., var samþ. með samhlj. atkv., að forseti lýðveldisins yrði kosinn af þjóðinni, en ekki af Alþ., og vald hans væri þar af leiðandi ekki á neinn hátt háð Alþ. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að Alþfl. mun standa að brtt. um það, þegar lýðveldisstjórnarskráin verður afgreidd, hvenær sem það verður, að hún verði á þann veg, að forseti verði kjörinn af þjóðinni. Og ég ætla, að fleiri geti um það orðið samferða Alþfl., eftir því sem heyrzt hefur, og má ætla, að það atriði verði ekki deiluatriði, enda vil ég vænta þess, að það verði ekki deiluatriði. Ég lýsi yfir því, að Alþfl. mun stuðla að því, eftir því sem hann getur, og flytja um það brtt. í samráði við aðra, að sá verði háttur hafður um val og valdsvið forsetans, sem ég nú hef lýst.

Þá vil ég nú þegar taka eitt atriði skýrt fram á þessu stigi málsins og að gefnu tilefni út af yfirlýsingum, sem fram hafa komið opinberlega, — og man ég þar sérstaklega eftir yfirlýsingu í ræðu hv. 6. þm. Reykv., Bjarna Benediktssonar, borgarstjóra í Reykjavík, sem hann flutti á Þingvöllum 18. júní s. l., og mun það síðar eitthvað hafa verið orðað af öðrum, að stjskrfrv. það, sem hér liggur fyrir, taki gildi eftir ákvæðum þeim, sem í því eru um gildistöku þess, þ. e. þegar Alþ. hefur samþ. það upprunalega og þjóðin eða meiri hl. kjósenda hefur einnig samþ. það, án þess að á stjórnskipul. fari fram staðfesting. — Þessari skoðun verð ég að mótmæla sem algerlega rangri og vil láta koma fram þegar á þessu stigi þá skoðun, að stjórnskipulögin verða ekki afgreidd á löglegan hátt, án þess að þau verði staðfest af handhafa konungsvaldsins. Í viðauka við stjskr., sem samþ. var á Alþ. 1942 um þetta atriði, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana.“ — Svo er niðurlag breyt. um, að ekki megi með slíkri stjskrbreyt. breyta öðru en frá konungsvaldi í lýðveldi. Að vísu er það ekkert orðað í stjskrbreyt. þessari, að hún þurfi að fá staðfestingu á venjulegan hátt, svo sem l. eru staðfest. En ef frá þeirri grundvallarreglu á að víkja, sem stjórnskipun Íslands er byggð á, þeirri grundvallarreglu, að löggjafarvaldið sé hjá Alþ. og konungi í sameiningu, þeirri grundvallarreglu, að hvert einasta lagaboð fái staðfestingu, þá þarf að orða það skýrt og ótvírætt. Ég hef lauslega farið gegnum grg. þessa frv. frá 1942, fjögur nál. um það og umr., sem eru í handriti, en ekki prentaðar, og ég hef hvergi getað fundið neina skýringu í þá átt, að með þessu væri verið að gerbreyta grundvallaratriðum í stjórnskipul. Íslands um það, að það þurfi ekki að staðfesta þessi l. eins og önnur l. Ég þarf ekki að benda á þá staði í stjskr., þar sem tekið er fram um slíka staðfestingu. Ákvæði um það eru þar mörg og ótvíræð. Ég get bent á 2. gr. stjskr., þar sem

segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi", og í 12. gr.: „Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi" ... Og ég get bent á 22. gr.: „Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi". — Þannig mætti halda áfram. Ef þessu hefur verið breytt með stjskrbreyt. 1942, þá hefði þurft að orða það skýrt og ótvírætt, svo að ekki yrði um villzt. En það er ekki minnzt á þetta einu orði í þeirri stjskrbreyt. En vegna þess, að þessi skoðun hefur komið fram opinberlega, þykir mér rétt þegar á þessu stigi málsins að vekja athygli á þessu og lýsa yfir sem ótvíræðri skoðun minni, að stjórnskipunarl. þau, sem hér er talað um að samþ., öðlast ekki lagagildi eftir íslenzku stjskr., sem áður var, nema þau verði staðfest á réttan hátt. Það er vert að gera sér ljósan í upphafi þann ágreining, sem um þetta kynni að vera.

Ég vil svo að lokum geta þess, að ég fyrir mitt leyti, — eins og um niðurfelling sambandsl., — vil gera tilraun til þess, að samkomulag geti orðið um þessi mál meðal þingheims. Ég hef lýst því, sem ég tel, að leitt gæti til samkomulags. Og ég vil fyrir mitt leyti vænta þess, að gerð verði ýtarleg athugun á málinu, áður en stofnað verður til, vil ég segja, meiri deilna en orðið hafa um þetta mál. Og mun ég minnast á það síðar, hver ber sérstaka ábyrgð á þeim deilum, ef til þeirra kemur.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég hafði nú að vísu ekki búizt við miklum umr. á þessu stigi þessa máls, en að menn mundu láta sér nægja frumræðu þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið og talað fyrir framgangi þessa frv. Það verður ekki heldur sagt, að tilefni hafi orðið af þeirri ræðu, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur nú haldið, til þess að lengja umr. um frv. á þessu stigi. Það gefur að skilja, að þetta frv. á að sæta þeirri meðferð, — og er svo áformað, — í þessari d., sem eðlilegt er um stórt mál, að kosin verði í það sérstök n., væntanlega sjö manna n. Og af hálfu okkar, sem staðið höfum að þessu máli, hefur verið talið æskilegast, að flokkar þingsins geti unnið saman í þeirri n., áður en farið er að deila um málsatriði. Það er líka áformað, að n. verði kosin í hv. Ed. til þess að vinna með þessari n. Og því fremur er því ástæða til að ætla, þar sem sú athugun verður gerð í sameiginlegum n., og einnig með tilliti til þess, að sjálft skilnaðarmálið fer í sérstaka n. í Sþ., að ekki þurfi miklar umr. um mál þetta nú og sízt í einstökum atriðum frv., eins og það er nú lagt fram.

Ég skal geta þess, eins og hv. þm. og reyndar öllum landslýð er kunnugt, að sú mþn., sem vann að þessu máli, stjskrn., var skipuð fulltrúum allra þingflokka. Og var það þannig haft í þeim tilgangi, að með því næðist sá grundvöllur í byrjun meðferðar málsins, er væri sem mest samhljóða um sjálft málið, að öðru leyti en því, sem einstökum atriðum þess yrði skotið til meðferðar á hæstv. Alþ. Þegar n. þessi var skipuð, voru ekki eins margir í henni og síðar varð. En það kom ekki að sök, vegna þess að málið var ekki borið fram eins og til stóð 1942. Og skyldi n., eins og hún varð að lokum, athuga málið frá byrjun til enda og gera sínar till. um það. Þessi n. var skipuð átta mönnum, tveimur úr hverjum flokki.

Það undarlega kemur nú upp, og hefur borið á því um hríð, að einn flokkurinn hefur ekki viljað kannast við það, sem fulltrúar hans í þessari n. gerðu og skrifuðu undir. Hitt var ekki tiltökumál, þó að frá einum eða öðrum kæmu till. til breyt. En það er meira, þegar heill stjórnmálaflokkur er klofinn og annar fulltrúi hans í n. gerir uppsteyt, — því að þannig hefur málið verið flutt af Alþfl. hálfu, sem eins konar ofstopamál af hálfu þess flokks, sem jafnvel með hótunum — og það nú sérstaklega upp á síðkastið — og meiðandi fullyrðingum hefur barizt gegn því, að sá háttur verði upp tekinn, að skilnaður verði gerður við Dani nú á þessu ári, þó að nokkuð hafi verið dregið í land upp á síðkastið. Og hv. 4. þm. Reykv. hefur gengið í lið með þessum mönnum til þess að rífa niður það verk, sem hann var gersamlega samþykkur, ámóta og allir hinir nm. í mþn.

Það gefur að skilja, að slíkt frv. sem þetta, frv. til stjórnskipunarlaga, er því háð, að einhverjar breyt. verði gerðar á því á Alþ. Það, sem með þessu frv. yrði lögleitt, er samkv. breyt. á stjórnskipul. frá 15. des. 1942 ekki annað en það, sem gera á, þegar stofnað er lýðveldi hér á Íslandi, og það, sem þar af leiðir. Ekkert annað má samkv. þeirri stjskrbreyt. koma þar með. Þess vegna er rétt að taka það fram á þessu stigi málsins, því að það áhrærir málið almennt og hefur verið rætt utan þings, að þó að nm. væru kannske þeirrar skoðunar, að þess væri þörf, að miklu víðtækari breyt. væru gerðar á stjskr., þá var hvorki þeim né öðrum kleift að koma þeim að á þessu stigi. Og mun það að sumra manna dómi orka tvímælis, hvort hér sé nógu vandlega þrætt í þessu frv. innan takmarka stjskrbreyt. frá 15. des. 1942. Við í n. vorum allir sammála um, að þessi ákvæði, eins og þau eru hér formuð, gengju ekki lengra. Og má e. t. v. segja, að eitt og eitt ákvæði séu þannig, að rétt sé að breyta þeim. En um það skal ég ekki dæma. En það var álit mþn., að Alþ. annaðist um það og n., sem það skipaði, því að þetta frv. var till. mþn. En hitt kom engum nm. til hugar, að grundvöllur málsins væri ekki þegar lagður að till. n., því að það var vitað, að í öllum flokkum var það komið fram, sem var grundvöllur till., utan þings og innan, og fyrir þessu liggja samþykktir hæstv. Alþ. gersamlega einróma, sem sé ályktanirnar frá 17. maí 1941. Þar er ákvarðaður skilnaður og þar aðeins látið vera óákveðið, hvort skilnaðurinn yrði framkvæmdur einu árinu fyrr eða síðar, þó aldrei síðar en í stríðslok eða þar um. Gefur því að skilja, að allir þingflokkar voru þessu samþykkir. Og þá fagnaði þessu allur landslýður og allra flokka menn utan þings, að því er ég bezt man, og ekki sízt það blað, sem nú hefur deilt fastast á flm. málsins og aðstandendur þess og meiri hl. Alþ., sem hefur tekið eðlilega afstöðu með málinu. Það er líka hatrammt, — og tilefni til þess, að farið er inn á þetta, gefur hv. 4. þm. Reykv., — það er hatrammt, að það skuli koma frá þessum flokki uppsteyt gegn málinu, eins og það liggur nú fyrir, á þessu ári, þar sem sá flokkur taldi sig vera allra flokka og manna skeleggastan til þess að knýja málið áfram, gersamlega fyrirvaralaust, að öllu leyti 1942. Og það er í sannleika óskýrt mál enn. Og þó að þessi maður, hv. 4. þm. Reykv., hafi tekið til máls um þetta og fengið hrós fyrir það í Alþýðublaðinu, — eins og líka annar

hv. þm. hefur fengið tilsvarandi hrós fyrir að mótmæla hv. 4. þm. Reykv., — þá vantar skýringu á þessu. Auk þess vantar skýringu á því, að þessi hv. þm. hefur hlaupizt burt frá undirskrift sinni í mþn. Það þurfa að koma fullnægjandi rök frá þessum manni, svo að mönnum verði skiljanlegt, hvernig á þessu getur staðið. Þetta er hulin ráðgáta. Það hefur verið lýst eftir svörum við þessu í sameinuðu Alþ., en enn hafa þau ekki komið. Þau koma sjálfsagt. En ábyrgur stjórnmálaflokkur getur ekki hlaupið svona hringinn í kringum sjálfan sig og blað hans ekki heldur.

Það er kunnugt, að 1942 stóð það til í Alþfl. með atfylgi Sjálfstfl. að lögleiða stjskr. um að skilja við Dani og koma þá stjórnskipulagabreyt. í kring, eftir því sem henta þótti. Þegar þetta var ráðgert, voru ekki heldur komin þau l., sem samþ. voru 15. des. 1942, sem sé um, að samþykki eins þings væri nægilegt til stjskrbreyt. viðkomandi sjálfstæðismálinu. En það var þó til þessa stofnað, hvað sem liði stjórnskipulagaákvæðum um þetta efni. Og það er ekki nóg, að hv. 4. þm. Reykv. gefi sínar skýringar, heldur mun þess krafizt, að þeir menn úr Alþfl. geri það einnig, sem stóðu að málinu og töldu sig frumkvöðla þess, svo sem hv. þm V.-Ísf. (ÁÁ), sem fékk hrós fyrir þá frammistöðu sína þá, og þótti þá enginn standa honum á sporði í því að leiða þetta mál þannig til lykta, að það fengi þá þráðu lausn, sem alþjóð mundi fagna.

Það er nú svo, að menn geta deilt um ýmis ákvæði þessa frv. Og þó er það afar einkennilegt, að um það skuli vera deilt, vegna þess að ákvæðin, sem þetta frv. inniheldur og breytt er frá núgildandi stjskr., eru þau ein, að því er menn telja, sem rúmazt geta innan marka, sem ásköpuð eru með stjórnskipul., er nú gilda. Það eru aðeins þær breyt., sem leiðir af því, að sambandið rofnar við Danmörku og lýðveldi er stofnað á Íslandi. Og það mun verða athugað í n., hvort hér í þessu frv. felst nokkur ásteytingarsteinn.

En það eru tvö eða þrjú atriði, sem í n. gat verið spurning um að haga öðruvísi. Það er t. d., svo sem tekið er fram í grg. frv., að menn geta viljað láta forsetann heita einu nafni eða öðru, annaðhvort til hægðarauka eða skilgreiningar á því, hver hann sé. Niðurstaðan varð um það sú í nál., að hann skyldi hafa þetta heiti, sem menn eru farnir að kannast við, forseti lýðveldis. Aftur voru aðrir í n., sem töldu, að eðlilegt og rétt væri, að hann héti ríkisforseti. Var ekki laust við, að menn væru sumir í n. nokkuð viðkvæmir fyrir því, af því að ríkisstjóri nú er handhafi konungsvaldsins, að okkar æðsti maður bæri nafn hans að hálfu leyti, þ. e. „ríkis"-hlutann af nafninu, eftir að hér væri stofnað lýðveldi, þessu heiti, sem hann hefur haft í þessu millibilsástandi í stjórnskipulagi okkar. Hins vegar má geta þess, að það hefur aldrei þótt nein hneisa að kenna menn og málefni þessa lands við ríkið, og við erum vart vaxnir upp úr því nú. En þetta er álitamál, sem kemur til álita og meðferðar Alþ. Og það er ekki hægt að gera neitt uppsteyt út af þessu.

En hitt er annað atriði, sem til er tekið í nál. og menn greinir nokkuð á um, hvernig forseti skuli valinn. Og þar komum við meira að kjarnaatriði í málinu. Niðurstaðan í n. varð, að hann skyldi þingkjörinn, og það er sannast að segja, að það var aðeins af því, að segja má, að það þykir hentara og umsvifaminna í byrjun, því að við erum nú aðeins að koma breyt. á, og öll önnur form stjórnskipunarinnar bíða. Og þetta samþ. n. ekki út í bláinn, því að mþn. situr til þess að ljúka því verki hið bráðasta, sem við kemur skilnaðinum við Danmörku, en er ekki tekið með í þessu frv. Og þá kemur það til álita í mþn., hvort forsetinn á til frambúðar að vera þingkjörinn eða þjóðkjörinn, og þá, með hvaða hætti. Þjóðkjör hefur miklu meira umstang og fyrirhöfn í för með sér og einnig meiri lagasetningar heldur en þingkjör, sem er mjög einfalt. Nú er það ekki heldur svo, að neinn úr mþn. haldi þingkjöri forsetans fram sem framtíðarlausn. Og þó að gerður hafi verið úlfaþytur út af þessu, þá er þetta ákvæði í frv. aðeins hentugleikaspursmál í byrjun. Má og vera, að kleift þyki á þessu þingi að stofna til þjóðkjörs. En það er vitað, að erfitt verður kannske að koma fyrir þjóðkjöri, svo að öllum líki. Þetta er almennt atriði, og er þess vegna rétt að minna á það líka að gefnu tilefni. Menn vitna í það, að það sé eðlilegt, að þjóðin kjósi sjálf þann æðsta mann, þegar lýðveldi á að stofna. Og það má færa ótvíræð rök fyrir því. Og svo eru menn annað veifið að tala um, að menn eigi að byggja á reynslu lýðveldisþjóða, sem um langan aldur hafa búið við lýðveldi. Og rétt er að taka tillit til slíkrar reynslu. En þá kemur eitt upp, og það er það, að ekkert af þeim lýðveldum, sem eru við lýði eða jafnvel hafa verið við lýði, hafa látið fara fram beint þjóðkjör, nema eitt, sem nú er undir lok liðið, þ. e. þýzka lýðveldið, sem var. Það átti að vísu ekki skamman aldur fyrir þessar sakir. En ég minni á þetta. Svo eru aðeins tvö af þeim lýðveldum, sem taka ber tillit til, Bandaríkin og Finnland, sem hafa þjóðkjör. Hin öll lýðveldin, sem enn eru við lýði, hafa eins konar þingkjör, sum beint þingkjör, en sum þannig, að þeir stjórnarherrar, sem fara með æðsta vald þjóðanna, mynda líka þetta alæðsta vald. En þessi tvö ríki, sem ég gat um, Bandaríkin og Finnland, hafa ekki þetta beina þjóðkjör, heldur kjósa kjörmenn, og þá kosningu framkvæmir þjóðin sjálf. En kjörmennirnir kjósa svo forsetann. Og þá er spurningin, hversu mikill munurinn yrði hjá þessari þjóð, sem kýs þingmenn sína, ef hún á svo að kjósa menn af nýju til þess að kjósa forsetann. Gæti ekki hugsazt, að hún kysi þessa menn, sem sitja á þingi, og allt komi þá í sama stað niður og þótt þingið kysi forsetann? En ef það þykir rétt og kleift að koma hér á beinu þjóðkjöri, þannig að fólkið kjósi sjálft eins og til Alþ., eftir listum eða frjálst án lista, þá má það líka heyrast. En það er ekki auðhlaupið að þessu. Og þeir menn, sem mest hugsa um þetta fyrirkomulag, vita ekki glögg deili á þessu. Þeir fara eftir mjög eðlilegri tilfinningu um fyrirkomulag, sem er ákjósanlegt til frambúðar, þegar kleift er. En þó að kjörinu sé í byrjun komið fyrir eins og gert er ráð fyrir í frv., þ. e. haft þingkjör, þá er engu fyrirfarið.

Þá er hið þriðja, sem tala má um nú á þessu stigi. Þó að þingið kjósi forsetann, þá getur það verið með ýmsum hætti. Og það hefur sætt alveg eðlilegum aths., hvernig gengið er frá þessu í till. mþn. í stjórnarskrármálinu. Ef þingið kýs, þá verður það að kjósa með einhverjum meiri hluta, og skiptir ekki mestu máli, hver ákvæði eru höfð um það, ef um það næst samkomulag það, sem henta þætti. Og í sambandi við kjör forsetans verður

líka að setja reglur um það, hvernig hann gæti — að honum óviljandi, segir maður, — farið frá. Því að ég tek ekki til, hvernig stjórna skuli, meðan forsetinn er forfallaður, því að eðlilegt er, að æðstu völd þjóðarinnar fari þá í þeim tilfellum með vald forsetans. En sett hafa verið inn hér ákvæði um, að þjóðin geti — og þingið í þessu falli, ef það á að ráða framkvæmd á kjöri og afturkalli á kjöri forsetans, — losnað við mann úr ríkisforsæti, sem hugsanleiki væri, að komið gæti fyrir. Um það gæti verið fleiri en ein regla. Og það er verk Alþ. að athuga það gaumgæfilega, ef horfið verður að því ráði, að þingið hafi meðgerð málsins. En sé horfið að þjóðkjöri, þá þarf líka reglur um slíkt, svo fremi að forsetinn eigi ekki að vera eilífur, hversu sem honum vegnar. Ég hygg, að það muni þykja ráðlegast, þar sem þjóðin á þessum tíma tekur frelsi sitt í sínar hendur og velur sinn æðsta valdhafa, að reglur séu til um það, hvernig háttað er hans tilveru.

Um það má deila, hvort forsetinn á að sitja fjögur ár, sjö ár eða jafnvel skemur en fjögur ár. Það hefur ekki komið fram opinberlega nein rödd um það, sem þó að sjálfsögðu mætti tala um, hvort þjóðhöfðingi Íslands, forseti lýðveldisins Íslands, ætti í einu eða öðru — og þá t. d. að þessu leyti — að vera sambærilegur við þjóðhöfðingja annarra ríkja og þá m. a. þess ríkis, sem við erum nú að segja sundur með. Það er vitað, að af sérstökum fortíðarástæðum og undir venjulegum kringumstæðum er konungur ríkis óendanlegur, ef svo mætti segja, nærri eilífur, nema eitthvað alveg sérstakt komi til, þó að því tilskildu, að fullvalda þjóð, sem býr við konung, hlýtur alltaf að hafa vald til þess að setja konunginn af, en það gerist þá sem bylting. En séu reglur um það settar, þá er það ekki lengur nein bylting, þó að þjóðhöfðingja sé steypt eftir þeim reglum, ef þess gerist brýn þörf. Sumir telja heppilegast, að slíkur maður entist sem lengst og yrði sem stöðugastur og vald hans yrði ekki háð flokkariðlun með þjóðinni. Má taka það til athugunar, en n. gerir það ekki að sínum till.

Hv. 4. þm. Reykv. tók sig nú til að lokum og talaði um, að mér skildist, ákvæði 81. gr. frv., þar sem talað er um og ákvarðað, hvernig stjórnskipulög þessi öðlist gildi. Og eins og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnskipulög þessi öðlast gildi 17. júní 1944, enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau". Og svo er áframhaldið: „Þó getur Alþingi ákveðið, að stjórnarskipunarlög þessi taki gildi fyrr, að fram farinni þeirri allsherjaratkvæðagreiðslu, er getið var."

Nú virðist mér þessi hv. þm. vakna við að sjá hvergi konung nefndan. Honum bregður nú alveg í brún, þegar hann sér þess hvergi getið, að handhafi konungsvalds staðfesti þessi stjórnskipunarlög. Það er eins og hann, sem var nm. og undirskrifaði þetta allt, hafi algerlega verið trölltekinn, hrifinn í björg, komi nú út og minnist einskis, sem gerðist í mannlífinu áður. Hann var með í þessu. Það var rætt í n., hvers vegna þetta skyldi ekki gert. Það var sem sé af því, að eftir bollaleggingar þótti flestum vel við eigandi, ef ekki bezt við eigandi, að það kæmi einskis manns eða fulltrúa staðfesting til ofan á þjóðaratkv., því að það er vitað, að æðsti valdhafi þessa lands yrði ekki annað en æðsti fulltrúi þjóðarinnar, og þegar þjóðin sjálf, sem allt valdið er hjá eftir okkar hugsun, hefur sjálf lagt á þetta síðasta samþykki, þá er það staðfesting þess æðsta valds, og þá þarf ekki handhafi annars valds að koma til. Þetta eru ný stjórnskipunarl., sem þarna eiga að fara fram. Þessu virðist hann hafa gleymt, er hann skrifaði undir. Hann þarf því ekki að líta svo á sem hér hafi verið framin einhver goðgá. Þetta er skýrt tekið fram í sjálfum ákvæðunum. Ef n. virðist samt sem áður, að þessu ætti að haga öðruvísi, þá er það vitanlega á hennar valdi og Alþ. að breyta þessu, en það þarf enginn að undra sig á þessum till., og sérstaklega á sá maður, sem að þeim stóð, ekki að koma eins og út úr hól, og er leiðinlegt, að svo skuli vera. En það verður að taka því, því að við höfum nú upp á síðkastið orðið að horfa upp á, að svo er þessu farið.

Gildistökudagurinn, sem áætlaður var að síðustu, 17. júní 1944, er sá, sem n. kom sér saman um einróma. Þar var enginn fyrirvari, ekki eins einasta manns. Sá eini fyrirvari, sem gerður var í niðurstöðum n., var sá, að til mála gæti komið, að Alþ. ákvæði gildistöku fyrr á árinu, því að þá er algerlega horfið frá því, ekki eingöngu að tala um það, sem þá er líka liðin tíð, að þetta átti að framkvæma eins og Alþfl. vildi 1942, heldur að það skuli ekki gert fyrr en 1943, sem þó af ýmsum ástæðum, þ. á m. til að reyna að bíða eftir, hvort þessir fulltrúar áttuðu sig ekki, var afráðið að bíða fram yfir áramótin og ráða málinu ekki til lykta fyrr en 1944. Það er mergurinn málsins, því að ávallt, þegar um málið var rætt, var tekið svo til af þeim, sem hægast vildu fara, að það yrðu að líða árin 1941, 1942 og 1943, til þess að allir gætu séð, að við færum ekki af stað með myndun lýðveldis fyrr en eftir þann setta tíma, sem var í sambandslagasamningnum, að uppsögnin skyldi ekki verða, fyrr en þremur árum eftir 1941. Menn þóttust nú hafa gert allt, sem í þeirra valdi stóð, bæði í n. og aðrir, að bíða og vona, að það, sem gerðist að síðustu 1943, þegar ekki eingöngu hæstv. ríkisstj., heldur einnig hinn mikli meiri hl. þriggja flokka á Alþ., — og í rauninni vitað, að ef til hefði þurft að taka, vafalaust einhverjir úr Alþfl. urðu sammála um að bíða, — þá yrði það til þess, að eftir þessi áramót yrðu allir samferða. Er líka vonandi, að á þessu þingi takist að sameinast, en engar líkur eru til, að sameining verði um undanhald, og ekki verður sameinazt um annað en að stjskr. verði samþ. tímanlega á þessu ári slindrulaust og eigi síðar en 17. júní Það er rétt að segja það afdráttarlaust og bæta því við, að engum Íslendingi virðist vorkunn að geta verið þar aðili að. Ég fullyrti og fullyrði, að óskýrt er málið af hálfu þeirra manna, sem nú að nokkru leyti skorast úr leik innan þings og utan, sérstaklega vegna þess, að þeir hafa ekki aðeins talið sig, heldur verið með í forystu málsins fyrr og síðar fram að allra síðustu tímum. Ég vænti þess, að nú megi allir sameinast, eins og allir þykjast óska og vafalaust innst inni óska, og að það geti orðið á þeim grundvelli, sem nú er lagður, því að um annan grundvöll er ekki að tala, og nýr grundvöllur verður ekki lagður, heldur byggt á þeim grundvelli, sem alltaf hefur verið byggt á í frelsisbaráttu þjóðarinnar, sem nú eygir hið þráða lokatakmark.

Eysteinn Jónsson: Þetta frv. til breyt. á stjórnskipulögum, sem hér liggur fyrir, verður að athugast í sambandi við þá þáltill., sem lögð hefur verið fram í sameinuðu Alþ. og fjallar um sambandsslitin.

Ég mun ekki þreyta umr. mjög um þetta mál á þessu stigi, þó að ég telji viðeigandi að segja örfá orð. Ég mun ekki heldur endurtaka það, sem kom fram af minni hálfu eða annarra í sambandi við umr. um þál. í Sþ., en fremur snúa mér að þeim atriðum í þessu frv., sem ekki koma svo mjög inn á efni þáltill., þó að þetta sé í raun og veru allt sama málið.

Gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir, að Íslendingar stofni lýðveldi 17. júní á þessu ári eða m. ö. o. um leið og sambandslagasáttmálinn verður felldur úr gildi. Eins og ég gat um í þeim umr., sem hér urðu í Sþ. um þáltill. um sambandsslit, er byggt á því, að 1941 ákvað þingið, að þetta færi saman, sambandsslit og stofnun lýðveldis.

Segja má, að það sé ekki smávægilegt spor, sem ætlazt er til, að þjóðin stígi með því að breyta aldagömlu fyrirkomulagi um æðstu stjórn landsins frá því að vera konungdæmi og yfir í að verða lýðveldi. Hefur verið mikið rætt um það hér á undanförnum árum, hver réttur Íslendinga sé í þessu efni, hver réttur þeirra sé til þess að breyta konungdæmi í lýðveldi. Það hefur ýmislegt verið um þetta sagt. Ég vil um þetta segja, að mér finnst, að það hljóti að vera réttur hverrar þjóðar að ákveða sjálf, hvernig hún skipar æðstu stjórn sinni, það hljóti að vera höfuðeinkenni frjálsrar þjóðar, að hún ákveði sjálf stjórnarform sitt. Þess vegna lít ég svo á, að Íslendingar hafi fullan rétt til þess að breyta stjórnarskipun sinni í lýðveldi. Þetta hefur verið og er minn skilningur, og út frá þessu hef ég tekið afstöðu til stofnunar lýðveldis. Hitt er annað mál, að konungssambandið hlaut að haldast, á meðan sambandslagasamningurinn var í gildi.

Flestir munu telja, að nú sé aukin ástæða til þess að breyta stjórnskipulaginu úr konungdæmi í lýðveldi, þegar sambandssáttmálinn fellur úr gildi. Ég tel þetta rétt, ekki vegna þess, að rétturinn breytist nokkuð við það, að sambandsl. falla úr gildi, heldur af þeim ástæðum, að það er í samræmi við alla stefnu landsmanna í sjálfstæðismálinu, að þetta tvennt fari saman. Það sýnist óeðlilegt og kannske nær óframkvæmanlegt, að ríki, sem eiga ekkert annað sameiginlegt, hafi sameiginlegan konung eða sameiginlega æðstu stjórn. Það sýnist geta orðið mjög erfitt að koma slíku við, og kæri ég mig ekki um að fara nánar út í það eða tiltaka atvik, sem fyrir gætu komið og stutt gætu þessa skoðun. Mér finnst fullkomlega réttmætt og þinglegt að halda fram þeirri stefnu, sem Alþ. ákvað 1941, og láta nú fara fram í senn sambandsslit og stofnun lýðveldis.

Það má færa fyrir því fleiri rök en ég hef minnzt á, og skal ég minnast á ástæðu, sem er ákaflega mikilvæg, um leið og ég ræði þá uppástungu, sem fram hefur komið um að aðskilja hina tvo þætti málsins, — slíta sambandinu við Dani, en fresta stofnun lýðveldis. Þessi till. hefur komið fram frá einum hv. alþm., og einhverjir fleiri úr flokki hans, Alþfl., munu vera honum sammála. Enn fremur hefur, utan þings, verið sett af stað nokkur hreyfing og áróður fyrir því að breyta um stefnu Alþ. frá 1941 með því að fresta stofnun lýðveldis, slítum konungssambandsins, þótt menn gangi frá sambandsslitum. Mér virðast rök þau, sem fram hafa komið fyrir þessari stefnubreytingu, vera ákaflega veigalítil, svo að ekki sé meira sagt, og mér er með öllu óskiljanlegt, að þessari skoðun verði haldið til streitu. Mér heyrist sem fyrir þessu séu færð þau rök ein, að það sé óeðlilegt og ódrengilegt af hálfu Íslendinga að slíta konungssambandinu, þar sem ekki sé hægt að ræða til þrautar við konung, hvort hann vill segja af sér, áður en þessi breyt. verður formlega samþ. Ég hef engin önnur rök orðið var við og vænti, að það verði leiðrétt, ef mér hefur yfirsézt í því. Þá er það og látið í veðri vaka af þeim, sem nú vilja breyta alveg um stefnu í málinu, að það sé útlátalaust fyrir Íslendinga að bíða með stofnun lýðveldis og að ekki sé hægt að finna neitt málefnalega á móti því að láta lýðveldisstofnunina bíða, til þess að menn geti sýnt konungi þá persónulegu tillátssemi, sem þeir telja í því fólgna að eiga viðtöl við hann um það, að hann segi af sér.

Áður en ég svara því, hvort það væri háttvísara að bíða til þess að ræða við konung, mun ég minnast á þá staðhæfingu, að áhættulaust sé nú að breyta alveg um stefnu. Ég lít öðrum augum á þetta. Ég tel, að af því gætu stafað mikil vandkvæði fyrir þjóðina, ef þráðurinn væri nú slitinn þannig, að sambandsslit færu fram, en látið undir höfuð leggjast að stofna lýðveldi. Þetta mál hefur undanfarið verið rætt við aðrar þjóðir. Það hefur verið nauðsynlegt vegna þess, hversu ástatt er um alþjóðamál, og til þess að þær fái réttar hugmyndir um rétt okkar og fyrirætlanir. Þegar við höfum talað um þessi mál við fulltrúa þeirra, höfum við ævinlega haldið þannig á málum, að sambandsslitum hlyti að fylgja stofnun lýðveldis, milli þeirra ákvarðana væri órjúfandi samband. Það er kannske viðkvæmt mál í augum sumra utan Íslands, hvernig farið er með konungssambandið, og hugsanlegt, að þær raddir komi fram, ef breytt er um stefnu í málinu. Við höfum nú fengið viðurkenningu a. m. k. frá öðru því stórveldi, sem við höfum mest samskipti við, fyrir þeirri meðferð á málinu, sem Alþ. ákvað 1941, og þegar ég segi „málinu", þá á ég ekki aðeins við sambandsslitin, heldur einnig stofnun lýðveldis. Ég tel einnig, að af hendi hins stórveldisins sé ekkert því til fyrirstöðu, að full viðurkenning fáist fyrir þessari málsmeðferð. Það er því mjög áríðandi, að við slítum ekki í sundur það, sem saman á að fara. Það yrði til þess, að taka yrði allt málið upp á nýjan leik, og enginn getur sagt fyrir um afleiðingar þess. Þetta eru þung rök. Ég legg því áherzlu á, að það verða að vera sterkar og knýjandi ástæður fyrir því, ef Íslendingar eiga nú að breyta um stefnu í málinu. Það hvílir því sú skylda á þeim, sem vilja nú breyta um stefnu, að færa þung og sterk rök fyrir því, að þjóðarnauðsyn krefjist stefnubreytingar.

Ég kem þá aftur að þeim einu rökum, sem enn hafa verið fram færð í þessu sambandi, sem sé því, að ódrengilegt sé að ræða ekki nánar við konung, áður en ákvörðun verður tekin um stofnun lýðveldis. Í sambandi við þetta gerðist hv. 4. þm. Reykv. til þess að ræða um persónulega verðleika Kristjáns konungs X. og hversu hann stæði drengilega í fararbroddi þjóðar sinnar

í þeim hörmungum, sem yfir Dani hafa dunið. Hann vildi, að þetta yrði tekið til greina hér í sambandi við stofnun lýðveldis. Drengileg framkoma konungs í málefnum Dana kemur þessu máli ekkert við og ekki heldur verðleikar konungs. Við beinum engu gegn honum persónulega í sambandi við þetta mál. Þegar rætt er um drengskaparrökin og athugað gildi þeirra, þá ber hins vegar fyrst og fremst að minnast þess, að hv. 4. þm. Reykv., ég og allir aðrir hv. þm., sem áttu hér sæti árið 1941, og í raun og veru þjóðin öll síðan, hafa ákveðið og lýst yfir því og tilkynnt það Kristjáni konungi X. árið 1941, að það verði stofnað lýðveldi á Íslandi. Þetta er hvorki meira né minna en aðalatriði málsins, þegar metin eru rökin um nauðsyn frekari viðræðna við konung. Ég vil segja það hreinskilnislega, að ég er í vafa um, að það væri nokkur kurteisi að fara til Kristjáns konungs X. og spyrja hann, hvort hann vilji leggja niður konungdóm, þegar við erum búnir að lýsa yfir lýðveldisstofnun, áður en talað er við hann, og það liggur fyrir, að þótt hann vildi ekki leggja niður konungdóm á Íslandi, þá yrði hann lagður niður þrátt fyrir það og lýðveldi stofnað. Það skiptir sem sé engu máli fyrir úrslit málsins, hvað hann segir. Þau eru þegar ráðin og gerð öllum heimi kunn árið 1941. Hv. 4. þm. Reykv. og aðrir, sem eins kunna að hugsa, hefðu átt að beita sér gegn því, að lýðveldisstofnun væri ákveðin árið 1941, án þess að talað væri við konung. Það gat talizt sérstök kurteisi að tala við konung, áður en gerð var samþykkt um að leggja konungdóm niður. En það er engin sérstök kurteisi að spyrja konung, hvort hann vilji leggja niður konungdóm, þegar fyrir liggur yfirlýsing okkar um, að lokið verði konungdómi hans á Íslandi, hverju sem hann kann að svara. Ef skylt var að sýna konungi slíka varfærni, þá átti að gera það, meðan það var tímabært og þegar það átti við, en nú, þegar málið er komið á þennan rekspöl, þá er ómögulegt, að þetta geti orðið grundvöllur þess að breyta alveg um stefnu og stefna málinu í óvissu. Það verður að vera annað og meira en einber hégóminn, sem þess væri valdandi, að svo yrði á haldið. Hér við bætist svo, að við höfum samvizkusamlega tilkynnt Kristjáni konungi X. samþykktir okkar í þessum málum og hann veit vel um fyrirætlanir okkar.

Það hefur verið rætt um persónu Kristjáns konungs X. í sambandi við þetta mál. Ég tel það mjög óviðeigandi. Hér er ekki verið að aðhafast neitt ótilhlýðilegt við hann. Ég hygg, að Íslendingum hafi líkað prýðilega, hvernig hann hefur rækt konungsembætti sitt, og að þeir hafi bókstaflega ekkert út á hann að setja. Við erum ekki að víkja Kristjáni konungi X. frá völdum persónulega, heldur erum við að leggja niður konungdóm á Íslandi og stofna lýðveldi í staðinn. Það er alveg hliðstætt því, þegar eitt embætti er lagt niður og annað stofnað í þess stað. Það er aðeins af því að við teljum, að okkur henti betur annað stjórnarfyrirkomulag en konungdæmið, að við ætlum að taka það upp. Og það er sérstaklega eðlilegt að gera það nú. En það er ekki af því, að við höfum áhuga á því að losna við persónuleg samskipti við Kristján konung X. Því fer alls fjarri.

Ég vil aðeins segja að lokum um þennan þátt málsins, að mér er ómögulegt að skilja, að það geti farið svo, að þjóðinni verði kastað út í stórvægar deilur út af þessu atriði. En ekkert annað hefur verið borið fyrir. Að vísu hefur verið minnzt á 18. gr. sambandsl., en vitanlega er okkur engin skotaskuld úr því að láta atkvgr. fara þannig fram, að hún uppfylli 18. gr. sambandslaganna. Við erum fullkomlega færir um það. Því er þetta það eina, að við eigum að ræða við konunginn um það, hvort hann vilji segja af sér, þó að við séum búin að lýsa yfir, að við ætlum að stofna lýðveldi.

Um frv. sjálft, sem hér liggur fyrir, get ég verið fáorður. Það þarf að sníða því stakk eftir stjskrbreyt., sem gerð var á s. l. ári. Þess vegna má ekki gera aðrar breyt. en þær, sem lúta að ráðstöfun æðsta valdsins, konungsvaldsins, og flutningi þess inn í landið. Það má vera, að ágreiningur verði um það, hvernig þessi æðsti maður verði valinn. Í frv. er gert ráð fyrir, að hann skuli valinn af Alþ. Þess hefur orðið vart, að menn telja orka tvímælis, hvort þetta sé rétt. Ég get ekki sagt annað á þessu stigi málsins en að Framsfl. vill taka til athugunar, hvort eigi sé rétt að hafa forsetann þjóðkjörinn.

Um vald forseta er það að segja, að það mun vera óheimilt að ætla honum meira vald en konungur hefur haft, en mér finnst vafasamt, hvort það eigi að afhenda honum allt það vald, sem konungur hefur haft. Annars má ekki blanda inn í þetta mál neinum atriðum, sem ekki geta átt þar heima, eins og ég gat um áðan. T. d. vitum við, að uppi eru raddir í landinu um að breyta stjskr. þannig, að forseti hafi meira vald en konungur hefur nú, og enn fremur um breyt. á kosningum til Alþ. Ég held, að allir flokkar hafi einhvern áhuga á því máli, og svo mikið er víst, að Framsfl. telur þar þörf gerbreytingar. En enginn má blanda áhuga sínum á slíkum breyt. saman við þær breyt., sem við þurfum nú að gera til að stofna lýðveldi. Við megum ekki taka upp í l. um lýðveldisstjskr. annað en það, sem stendur í beinu sambandi við stofnun lýðveldis í stað konungdæmis, án þess að almennar alþingiskosningar þurfi til. Síðan eigum við að vinna af kappi að því að endurskoða stjskr. í heild og vinna að þeim breyt., sem gera þarf. Það er ekki ólíklegt, að þær breyt., sem ýmsir óska eftir, blandist í hugum manna saman við þá stjskr. fyrir lýðveldið, sem hér verður nú sett. Má vera, að þessi stjskr. mæti andúð vegna þess, að í hana vanti ýmislegt, sem menn vildu nú gjarnan, að sett yrði í stjórnskipunarlög landsins. Þetta er hættulegt og því má aldrei gleyma, að þessi stjskr., sem nú verður sett, getur ekki breytt öðru en því, sem snertir flutning æðsta valdsins inn í landið. Ef einhverjar tilraunir verða gerðar til að vekja óánægju með þessa stjskr., af því að ekki eru í henni verulegar breyt. á ýmsu, sem við vitum, að breyta verður, en ekki snertir þetta, þá verður að sameinast um að ganga gegn slíkri gagnrýni svo kröftuglega, að hún nái ekki að spilla fyrir stofnun lýðveldisins nú í vor.

Einar Olgeirsson: Ég ætla ekki að orðlengja sérstaklega um þetta mál, en ég vil segja nokkur orð um afstöðu okkar sósíalista til þess. Sósfl. er því fylgjandi, að frv. nái fram að ganga sem fyrst. Ég mun síðar gera grein fyrir afstöðu okkar til þess máls, sem gert var að ágreiningsatriði í n.

Eins og tveir aðrir ræðumenn, sem hér hafa tal-

að, hafa undirstrikað, þá vil ég taka fram, að það, sem þetta frv. grundvallast á, er réttur okkar til að ráða sjálfir — án tillits til þess, hvað aðrar þjóðir segja, — hvaða stjórnskipulag við viljum hafa. Það, sem hér er um að ræða, er stofnun lýðveldis og afnám konungdóms í landinu. En afnám konungdóms í landinu verður ekki afgreitt á annan hátt en að þjóðin taki framkvæmd þess í eigin hendur, nema þá, að konungur afsali sér konungdæminu fyrir sig og ætt sína.

Það, sem hefur verið að gerast s. l. þrjú ár, er, að þjóðin hefur verið, án þess að spyrja um leyfi, að undirbúa stofnun lýðveldis hér á landi. — Hinn 10. apríl 1940 tók hún konungsvaldið í sínar hendur, og einum mánuði síðar felur hún ákveðnum aðila að fara með konungsvaldið. Síðan ræður hún því. Annað sporið er stigið haustið 1942, þegar sett er í stjskr., að þegar lýðveldi skuli stofnað, sé nægilegt, að Alþ. samþ. það einu sinni og þjóðin staðfesti það síðan með atkvgr. Hugsunin bak við þetta er, að þjóðin hafi æðsta valdið, og þegar því sé skírskotað til hennar, skeri hún úr. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir neinni annarri staðfestingu. Það er tekið fram í 75. gr.: „Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefur hún gildi sem stjórnskipunarlög." Einmitt vegna þess, að þetta ákvæði var í 75. gr., var þessi breyt. gerð, að þegar þjóðin ætti að gera ákvörðun, þá þyrfti ekki staðfestingu konungsins, því að það var mótsetning, að konungur staðfesti þau l., sem afnæmu hans eigið vald.

Íslenzka þjóðin hefur stigið þessi tvö spor: Hún hefur tekið konungsvaldið inn í landið, og hún hefur ákveðið, að afnám konungdómsins þurfi ekki staðfestingu konungs. Þjóðin hefur með þessu skapað sér lagalegan rétt til þess að afnema konungdóminn, og staðfesting konungs á stofnun lýðveldis í landi er því að öllu leyti ónauðsynleg.

Nú hefur það komið fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að hann mótmælir ekki, að hægt sé með l. að stofna lýðveldi hér án þess að spyrja konung. Það sýnist blandast hér saman tvennt, — annars vegar afstaða lögfræðingsins, sem vill koma fram lagakrókum, hins vegar viðkvæmni fyrir konunginum. Það hefur áður verið tekið fram, að hvaða tilfinningar sem hann hefur gagnvart Kristjáni X., þá hefði betur átt við af hálfu þessa manns, að hann hefði látið þær koma fram 1941, en núna, þegar búið er að tilkynna konungi, að hann verði „settur af óspurður", og búið að gera ráðstafanir til þess með því að breyta stjskr. þannig, að það sé hægt. Þegar þar að auki er vitað, að konungi hefur a. m. k. þrisvar verið tjáð síðar (og það vafalaust með samþykki hv. 4. þm. Reykv.), að haldið yrði fast við þetta, þá finnst mér ónákvæmni að fara að segja honum nú, að við ætlum að vísu að spyrja hann, en við bara tökum ekkert tillit til þess, þó að hann segi nei.

Ég geri ráð fyrir, að hjá þeim fáu konungum, sem verða til eftir stríð, muni viðleitnin sterk til að viðhalda konungsvaldi sínu. Við vitum líka, að þjóðerniskenndin hjá Dönum verður eðlilega rík eftir stríðið og beinist í þá átt að gera konungsvaldið sterkt. Það getur jafnvel, — það eru til sögulegar heimildir fyrir slíku, — farið út í þær öfgar að neita öðrum um rétt sinn. Hér eru líka menn, sem vilja konungdæmi áfram. Konungurinn mætti líta þannig á, að hann ætti hér vini, sem teldu, að hann ætti ekki að segja af sér og að hann væri að bregðast þeim, ef hann gerði það. Ég held því fram, að það væri að setja konung á pyntingarbekk, einu sinni enn, að fara að skírskota þessu máli til hans.

Mér kemur til hugar, að það kunni að vera svo með hv. 4. þm. Reykv. og þá, sem hann þykist tala fyrir, að þeim hafi virzt, eftir ákvarðanir Alþ. 1940 og 1941, að þar væri gengið of langt í byltingaráttina. Hann hefur nú uppgötvað það. A. m. k. halda þeir, sem kalla sig „lögskilnaðarmenn", því fram, að við séum að beita byltingaraðferðum.

Í „Varðbergi" segja þeir, að „hraðskilnaðarmenn" vilji „setja konunginn af, meðan hann er í fangelsi, og gera það án samningaumleitana og með óformlegum aðferðum, sem nálgast byltingu". Hins vegar, þegar verið er að skýra frá því, hvað „lögskilnaðarmenn" vilji, þá er sagt, að þeir vilji „fresta formlegri stofnun lýðveldisins, þar til hægt er að ræða við konung sem frjálsan mann. Verði ekki samkomulag um afsal konungdómsins, sé farin sú leið, sem stjórnarskráin heimilar, til að stofna lýðveldið án byltingar".

Mér er sem ég sjái hv. 4. þm. Reykv. vakna við vondan draum eina nótt til meðvitundar um, að hann sé að taka þátt í byltingu, og að þá hafi hann hrokkið frá því, sem hann hafði verið með 1940 og 1941. Eftir því, sem mér hefur heyrzt, þá vill hann, að sú aðferð sé höfð, að konungur sé spurður, hvort hann vilji ekki segja af sér, en ef hann vilji ekki gera það, þá verði hann settur af samt — og það með lagakrók! Og lagakrókurinn á víst að vera sá, að samkv. 5. gr. stjskr. getur hann ekki verið konungur án samþykkis þjóðarinnar. Ég gæti trúað, að það væri lagakrókurinn, sem ætti að fella hann á, að þeir kæmu til hans og segðu sem svo: „Heyrðu, góði. Við erum komnir til að spyrja þig, hvort þú viljir ekki segja af þér, en ef þú vilt ekki gera það, þá setjum við þig af, hvort sem er".

Ég skal svo ekki segja meira um þennan „krók", sem þeir þykjast hafa. Ef horfið er frá þeim grundvallaratriðum, sem Alþ. studdist við í samþykktum sínum um þessi mál 1940 og 1941, er ekkert eftir. Ef konungur vill „absólút" neita að afsala konungsvaldinu og viðhalda konungdæmi á Íslandi, er honum í lófa lagið að gera það, ef menn ákveða að fara ekki út fyrir stjskr. eins og hún var, áður en henni var breytt. Hann mundi geta látið son sinn taka við. Konungdæmið er ekki afnumið, þó að Kristján X. segi af sér. Það eru til erfðalög. Það, sem þeir hefðu upp úr því, væri, að við fengjum Friðrik eða Knút á Bessastaði og stofnuð yrði konungsætt í landinu. Ég held, að þegar þessir menn þykjast upp yfir það hafnir að gera það, sem þeir nefna byltingu, þá séu þeir að hörfa að því að viðurkenna að eilífu það vald, sem erlendir konungar tóku sér endur fyrir löngu yfir Íslandi, með því að halda því fram, að það, sem þjóðin er nú að gera, sé í fyrsta lagi ósæmilegt og í öðru lagi ekki löglegt. Ég held, að við eigum hiklaust að halda áfram með þessa breyt., sem við höfum markvisst fylgt síðan 10. apríl 1940. Ég held, að Kristján konungur megi vel við una að vera settur af með þeim hætti, sem hér um ræðir, í fullri vissu þess, að aldrei hefur neinn konungur verið settur af af þjóð, sem borið hefur meiri virð-

ingu fyrir honum en við Íslendingar berum fyrir Kristjáni X.

Viðvíkjandi þeim málum sérstaklega, sem ágreiningur er um í stjskrnál., mætti minnast á það spursmál, hvernig forseti skuli kjörinn. Ég lagði til í stjskrn., að hann yrði þjóðkjörinn, og höfum við Sósfl.menn barizt fyrir því. Það gleður mig að heyra, að hv. 4. þm. Reykv., fulltrúi Alþfl. í þeirri n., hefur nú snúizt frá þeirri afstöðu, er hann tók þá. Það er gott, að í einhverju máli, sem honum snýst hugur í, skuli hann snúast á rétta sveif. Till. mín og hv. þm. Siglf. (ÁkJ), sem fjallaði um það, hvort forseti skyldi þjóðkjörinn, var borin upp og felld með atkv. hinna sex mannanna, er í n. áttu sæti. Fulltrúar Alþfl. greiddu atkv. á móti þessu, en gott er, að þeir hafa nú áttað sig á þessu og standa með því, að forseti verði þjóðkjörinn, og eftir því, sem ég hef heyrt, er „stemmning" þm. þannig, að þetta muni verða ofan á. Við sósíalistar tókum það líka fram í stjskrn. viðvíkjandi vali forseta, að það væri ekki meiningin að auka vald hans frá því, sem nú er gengið frá því í síðasta stjskráruppkasti, sem nú liggur fyrir.

Það hefur verið nokkurt deiluatriði, hvert vald forseta skuli vera. Þessi ágreiningur hefur stafað af því, að erfitt hefur verið að ákveða, hvað rúmist innan ákvæða stjskrbreyt., sem gerð var 1942 og heimilaði aðeins breyt. á stjskr. með þeim hætti að breyta konungdæmi í lýðveldi. Konungur hefur eftir stjskr. vald til þess að synja staðfestingar á lögunum, en að mínu áliti, — og ég held, að það sé álit allra Íslendinga, — hefur þetta vald verið einvörðungu á pappírnum, en ekki raunverulegt vald. Það hafa verið nokkurs konar óskráð lög, að ef konungur hefði beitt þessu valdi, að neita lögunum um staðfestingu, hefði hann verið settur af, og það hefði verið litið á það sem stjskrbrot. Þjóðin fól konungi þetta vald í trausti þess, að hann notaði það ekki, og var það því eingöngu pappírsákvæði. Þannig hefur alltaf verið gengið út frá þessu í þingræðislöndum. Konungur hafði því raunverulega ekkert annað vald en að samþ. þau l., er frá Alþ. komu, þó að hann á ýmsum tímum, eins og þegar Alþ. kemur sér ekki saman um að skipa stj., gæti á persónulegan hátt fengið vald sem þjóðhöfðingi, en stjskr. annars gerði ekki ráð fyrir. Hins vegar álít ég, að þjóðhöfðingi hins íslenzka lýðveldis þurfi að fá meira vald en konungur hafði raunverulega og verði ekki einvörðungu „toppfígúra". Þess vegna erum við á þeirri skoðun, að hann eigi að geta neitað staðfestingu á l., en aðeins á þann hátt, að það yrði borið undir þjóðaratkvæði. Þetta þýðir það, að forseti hefur vald til þess að skírskota lögunum undir þjóðardóm, og álít ég, að með þessu sé hóflega í sakirnar farið. Hitt tel ég smærra atriði, hvort l. öðlast gildi þegar í stað eða falla úr gildi, ef þjóðaratkvæðis þarf með, eða bíði með að öðlast gildi, þar til búið er að skjóta undir þjóðaratkvæði. Þess vegna vil ég taka það fram strax, að við sósíalistar erum á móti því, að vald forseta sé aukið frá því, sem nú er gert ráð fyrir.

Eins og gefur að skilja, eru margar hugmyndir uppi meðal þjóðarinnar um þetta mál, og er nauðsynlegt, að henni verði gerð rækileg grein fyrir því, þegar til þess kemur, að greiða á atkv. um þessa stjskr.

Ég geri ráð fyrir því, að svo muni fara, að um það verði ákveðið hér á Alþ., að forseti verði þjóðkjörinn, en geri hins vegar ekki ráð fyrir því, að valdi hans verði breytt í neinum atriðum, því að það er að fara út fyrir þann ramma, sem heimildin um breyt. á stjskr. veitti árið 1942.

Svo er annað lítið atriði, sem ágreiningur hefur verið um, hvort nefna eigi forseta ríkisforseta eða forseta lýðveldisins. Varð hið síðarnefnda ofan á. Ég held, að í fyrstu hafi vakað fyrir okkur, að það væri meira blátt áfram, en ekki kunnað við að nota nafnið ríkisforseti, af því að það er of mikið í munni og er helzt notað í stórum ríkjum, eins og t. d. í Þýzkalandi (Reichspräsident). Hitt nafnið, forseti lýðveldisins, er miklu viðkunnanlegra, en því er nokkuð breytt, og er alltaf orðið forseti endurtekið í allri gr., því að það er miklu eðlilegra að segja aðeins forseti og láta það nafn festast við hann, þó að það eigi fyrst og fremst við forseta lýðveldisins.

Að síðustu kem ég að því atriði, hvort okkur Íslendingum liggur nauðsynlega á að flýta okkur að ganga frá þjóðskipulagi okkar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og sumum þykir of hratt að farið. Það hefur alltaf verið gengið út frá því af hálfu alls þorra þjóðarinnar, að um það leyti, sem við slítum sambandi við Danmörku og slítum konungssambandinu, að þá yrði um leið stofnað lýðveldi á Íslandi. Þegar þjóðin árið 1918 féllst á sambandslagasáttmálann, gerði hún það fyrst og fremst vegna þess, að hún þóttist hafa það í hendi sér, eftir að liðin væru 25 ár frá þeim tíma, að setja á stofn sitt eigið lýðveldi, og það er það, sem hún ætlar sér að gera. Er rétt fyrir hana að bíða með það lengur en nauðsynlegt er og lög og réttur heimila henni?

Við vitum, að einmitt nú höfum við þá beztu aðstöðu út á við, sem við getum á kosið, og aldrei, síðan Ísland varð fullveldi, hefur það verið viðurkennt eins og nú, að hver þjóð eigi að ráða stjórnskipun sinni sjálf. Gefnar hafa verið út yfirlýsingar um þetta af hálfu helztu stórvelda heimsins, svo sem Atlantshafssáttmálinn og aðrar yfirlýsingar, sem miða að því að tryggja rétt hverrar þjóðar til þess að ráða stjórnskipun sinni. Enn fremur höfum við Íslendingar gert samninga við tvö stórveldi, sem hafa skuldbundið sig til þess að viðurkenna fullt frelsi íslenzku þjóðarinnar. Það eina, sem nú á vantar, er, að íslenzka þjóðin lýsi því nógu eindregið yfir og sýni það í verki, að hún sé ákveðin í því að ráða stjórnskipun sinni algerlega sjálf. Það er þetta, sem við í þrem stjórnmálaflokkum höfum nú bundizt samtökum um að gera, og verður það útkljáð með þjóðaratkv., er fram á að fara. Komið hafa fram mótbárur á móti þessu, t. d. frá hv. 4. þm. Reykv., og reyndi hann að segja, að það væri lagabrot og stjskrbrot, ef þjóðin ætlaði sér að nota þennan rétt. Þessi hv. þm. virðist taka meira tillit til þessara pappírsréttinda, sem konungur einu sinni hafði, en hefur nú ekki lengur, til þess að neita lögunum um staðfestingu, heldur en hann tók sjálfur árið 1941 til réttinda þjóðarinnar, þegar hann var með í því að brjóta stjskr., þegar um rétt þjóðarinnar og konungs var að ræða. Núna virðist hann vilja setja öllu ofar þessi pappírsréttindi konungs, sem hann einu sinni hafði og þó voru svo óeðlileg, og setur þau hærra en rétt þjóðarinnar til þess að eignast stjskr. Þjóðin er nú að ákveða, hvaða stjórnar-

skipun hún á að hafa, og vitað er, að hún var áður búin að taka sér það vald að umskipa lögunum í stjskr. og getur því bæði í krafti almennra réttinda og krafti laganna sett á stofn lýðveldi á Íslandi.

Hin mótbára hv. 4. þm. Reykv. um það, að enginn okkar vissi, til hvaða tíðinda kynni að koma eða hvernig umhorfs yrði í heiminum, ef til atkv. kæmi um þetta mál 17. júní n. k., og að það kynni ef til vill að þykja óviðkunnanlegt að láta þetta fara fram, á meðan aðrar þjóðir ættu í stórfelldum orustum, þá verð ég að segja það, að hún er alveg ný þessi viðkvæmni, og til samanburðar vil ég t. d. minnast á það, að við höfum haldið jól hér heima á Íslandi, hvað sem á hefur dunið annars staðar úti um heim. Við vonum flestir, að hin erfiðustu átök ófriðarins verði liðin hjá, þegar að því kemur, að Íslendingar stofni lýðveldi sitt. En hvernig sem þær ákvarðanir verða um stofnun lýðveldis á Íslandi, þá er það einn þáttur í því, sem er að gerast í heiminum, að þjóðir, sem hafa verið í skugga, eru að öðlast frelsi. Þær þurfa flestar að berjast fyrir frelsi sínu með vopnum, en við Íslendingar þurfum aðeins að ganga að atkvæðaborðinu og segja þar já til þess að öðlast réttinn til að koma hér á stofn lýðveldi. Það er því undarlegt, ef til eru menn, sem vilja telja það eftir eða reyna að draga úr okkur með að taka örlítinn þátt í hinni almennu þjóðfrelsisbaráttu, sem nær yfir Evrópu, og eru með því, að við köstum rétti okkar, á sama tíma sem aðrar þjóðir berjast fyrir sínum. Sú viðkvæmni, sem þannig kemur fram, ætti betur heima á öðrum stað. Ég álít, að það væri réttara fyrir Alþ. og íslenzku þjóðina að sýna samúð sína með þeim, sem berjast fyrir frelsi sínu, á annan hátt en með því að neita sjálfri sér um þjóðfrelsi, en ég veit þó ekki betur en sumir þeirra, sem hæst um það tala, að við Íslendingar megum ekki stofna lýðveldi 17. júní n. k., mundu telja það hið mesta hlutleysisbrot, ef við Íslendingar lýstum yfir samúð okkar með þeim þjóðum, sem berjast gegn nazismanum. Ég álít það því fjarri öllu lagi hjá hv. 4. þm. Reykv. að ætla að færa þessa ástæðu móti því, að stofnað verði lýðveldi á Íslandi.

Hitt er aðalatriðið, sem bezt er fyrir okkur að horfast ákveðin í augu við, að við höfum nú á fyrra helmingi þessa árs tækifæri til þess að stofna lýðveldi á Íslandi. Við höfum aflað okkur viðurkenningar á frelsi okkar, sem við verðum að ætla, að við getum treyst á, og hafa þessar yfirlýsingar verið gefnar af hinum mikilsverðustu þjóðum. Við vitum, að hjá fjölda annarra smáþjóða er verið að berjast fyrir því sama, að mega ráða stjórnskipulagi sínu sjálfar, og því höfum við nú bezta tækifærið, sem við getum haft til þess að stofna hér lýðveldi. Við vitum ekki, hvenær þetta tækifæri kemur aftur og hvaða ástand kann að skapast, ef við sleppum þessu tækifæri nú. Það er ekki víst t. d., að það verði gefnar út eins róttækar yfirlýsingar, hvað snertir þjóðfrelsi, af hálfu Englands og Bandaríkjanna eftir þessa styrjöld, ef t. d. svo kynni að fara í Bandaríkjunum, að repúblikanar yrðu ofan á við kosningar n. k. haust. Það er því ómögulegt fyrir okkur að segja neitt um það, hvort slíkar yfirlýsingar eða viðurkenningar af hálfu þeirra þjóða, sem berjast á móti nazismanum, kunni að halda áfram. Við getum t. d. gert okkur í hugarlund, að þegar indverska þjóðin gerir kröfur sínar, muni verða uppi öfl í Englandi, sem vilji neita henni um þær, og munu þá líta það óhýrum augum, að smáþjóð er að bylta af sér konungi og stofnsetja lýðveldi án þess að spyrja konung um leyfi. Við vitum um átökin milli júgó-slavnesku þjóðarinnar og konungsins, sem Englendingar vilja viðurkenna yfir henni, og grísku þjóðarinnar og konungsins, sem Englendingar vilja viðurkenna yfir Grikklandi. Það væri því stórhættulegt að bíða eftir því, að farið yrði að gera þessar sakir upp, því að þá koma svo mörg önnur mál og öfl til skjalanna en nú eru að verki. Nú eru gefnar út yfirlýsingar, sem allar miða að því að viðurkenna rétt hverrar þjóðar til að ráða sér sjálf. En eftir að styrjöldinni er lokið, er ekki svo víst, að þessar viðurkenningar verði eins sterkar. Þá verður farið að gera upp sakirnar í Evrópu, og verða þá uppi mörg önnur öfl að verki, og við vitum, að þá verða jafnframt uppi sterk öfl, sem gjarnan vilja halda í gamaldags stjórnarskipun móti vilja þjóðanna. Þess vegna er það lífsspursmál fyrir íslenzku þjóðina að nota tækifærið nú, áður en til þeirra átaka kemur, sem kunna að skapast upp úr þessu stríði, að vera þá búin að koma á sinni ákveðnu stjórnskipun, lýðveldi sínu. Við verðum að vera búin að ganga frá þessu, áður en setzt verður að friðarborðinu í Evrópu og farið verður að gera upp sakirnar og ákveða, hvað á að viðurkenna og hvað á ekki að viðurkenna. Þess vegna álít ég, að við Íslendingar eigum ekki að bíða lengur en gert er ráð fyrir í frv. því, er hér liggur fyrir í þessari d. Við höfum tækifæri til þess nú. Okkur hefði fyrir nokkrum árum, áður en stríðið brauzt út, ekki órað fyrir því, að við mundum fá þá viðurkenningu á réttmæti þjóðfrelsis okkar, sem við höfum fengið nú, og við vitum ekki, hversu lengi slíkar viðurkenningar kunna raunverulega að standa, við, sem höfum nú lifað annað eins og það, sem gerzt hefur nú síðustu 25 árin. Það væri því glapræði fyrir okkur að sleppa tækifærinu, sem við höfum, fyrir eitthvað, sem við höfum ekki hugmynd um, hvað kann að vera. Ég álít það því þunga ábyrgð, sem núverandi kynslóð tekur á sig, ef hún sleppir þessu tækifæri, sem hún hefur nú.

Sósfl. mun þess vegna standa með því, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi ekki síðar en 17. júní n. k. og að það tækifæri, sem við höfum nú, verði ekki látið ganga okkur úr greipum og reynt verði að sameina þjóðina sem allra bezt um það að framfylgja þessu.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þó að þeir hv. þm., sem talað hafa nú fyrir hönd hinna þriggja flokka hér við þessar umr., hafi eytt alllöngum tíma til að ræða um afstöðu flokka sinna til frv., sem nú liggur fyrir, og beint máli sínu að verulegu leyti til mín, sem ekki er um að sakast, þá geri ég ráð fyrir, að ég geti látið mér nægja styttri tíma til andsvara. Sérstaklega mun ég reyna að blanda ekki inn í umr. um stjórnarskrármálið umr., sem eiga heima á öðrum vettvangi og snerta sambandslagasáttmálann frá 1918. Ég mun halda mér við stjskrfrv. sjálft og það, sem komið hefur fram í ræðum hv. þm. um það.

Fyrst vil ég þá víkja að ræðu hv. 10. landsk., sem talaði fyrir hönd Sjálfstfl. Hann er formaður

í mþn. í stjskrármálinu og hefur nú, eftir því sem mér er tilkynnt, fengið enn eina tignarstöðuna sem formaður í n. þeirri, er gefið hefur sér nafnið lýðveldisnefnd. Veit ég, að honum muni vel farnast, þótt tignarstöðurnar hrúgist nú mjög á herðar honum, og mun hann ekki undan því kikna, en geta innt sín veglegu störf vel af hendi í samræmi við þann vanda, sem honum er á herðar lagður. — Þessi hv. þm. fór allmörgum orðum um gerðir stjskrn. í sambandi við fyrirliggjandi frv. og vildi bæði beint og óbeint láta líta svo út, sem ég hefði nú aðrar skoðanir á þessum málum en komu fram í stjskrn. Ég hef í frumræðu minni gert grein fyrir því, að skoðanir mínar eru þær sömu. Ég hef líka áður sagt, að ég vildi ekki fyrir það synja, að flokkarnir fengju til athugunar áætlun um, hvenær stjórnarskrá lýðveldisins öðlaðist gildi, og þar væri miðað við 17. júní n. k. En það er ekki þar með sagt, að ég hafi, eins og hv. þm. orðaði það, gert uppsteyt á móti gerðum, sem ég hef áður staðið að, og hrifsað niður það, sem ég hef áður gert. Mér skildist á sama hv. þm. eins og hann teldi grundvöllinn undir till. stjskrn. vera þann og aðeins þann að sjá til þess, að lýðveldisstjskr. öðlaðist gildi einhvern vissan dag ársins 1944. Frá mínu sjónarmiði er það ekkert grundvallaratriði og getur ekki verið það, þegar stofna á lýðveldi á Íslandi, hvaða dagur verði til þess valinn. Mér þætti eðlilegast, að sá dagur yrði til gildistökunnar valinn, sem sýnilegt er, þegar þar að kemur, að hæfi bezt því mikilsverða máli, en örðugt mundi að spá langt fram í tímann um, að einn dagur sé þar öðrum fremri. Hæstv. forsrh. hefur t. d. í útvarpsræðu, sem hann hélt um nýárið, hvikað fyrir sitt leyti frá 17. júní. Þetta sýnir, að það muni vera uppi ýmsar skoðanir um það, hvort endilega þurfi að binda sig við þennan eina dag. Mér skildist líka á hv. 10. landsk., að hann teldi, að ályktunin, sem samþ. var 17. maí 1941, væri alger grundvöllur undir það, að lýðveldisstjskr. öðlaðist gildi 17. júní 1944, og að ég væri nú farinn að hvika frá þeim grundvelli. En ég mun minnast á það síðar, í sambandi við ályktunina frá 17. maí 1941, út af þeim aths., sem fram hafa komið, hvort endilega þurfi að hnýta saman gildistöku stjskr. og brottfellingu sambandslagasáttmálans. Ályktun Alþ. frá 17. maí 1941 var, eins og þingheimi er ljóst, þess efnis að framlengja ekki sambandslagasáttmálann og að Alþ. áskildi sér rétt til að rifta sáttmálanum, en að það vildi ekki, vegna hins ríkjandi ástands, koma á nýju skipulagi, en þó ekki draga það lengur en til stríðsloka. Það er áreiðanlegt, að segja mætti, að þeir, sem halda sér fast að því að fella ekki niður sambandslagasáttmálann, fyrr en frjálsar viðræður geta fengizt við Dani, og afgreiða ekki lýðveldisstjskr. fyrr, eru ekki síður nálægt grundvellinum, sem samþ. var 17. maí 1941, en hinir, sem að gersamlega óbreyttu ástandi vilja slíta sambandi nú þegar. Ég segi að gersamlega óbreyttu ástandi, því að ég sinni ekki þeim barnalegu rökum, sem komið hafa fram í þessum málflutningi um, að það hafi gerbreytt afstöðunni, þegar Bandaríkin tóku að sér hervarnir hér 8. júlí 1941. Það ástand hefur ekki breytzt, því að hér er enn þá brezkur her með nákvæmlega sama vald og áður en Bandaríkjamenn komu.

Hv. 10. landsk. talaði um, að ég hefði ekki gefið skýringar á afstöðu minni til brottfellingar sambandslagasáttmálans og gildistöku lýðveldisstjskr., en þær skýringar hef ég flutt, hverja á sínum rétta vettvangi. Hv. 10. landsk., sem er greindur maður og glöggur, hefur ekki viljað heyra skýringar mínar og mundi ekki vilja skilja þær, þótt ég endurtæki þær nú.

Hv. 10. landsk. minntist á, að eðlilegt væri, að deilur risu um einstök atriði frv. Ég vil taka undir það með honum, og eitt atriðið er, hvenær lýðveldisstjskr. eigi að öðlast gildi. Í því sambandi vil ég leggja til, að Alþ. einskorði sig ekki við einn dag í framtíðinni án tillits til þess, hvernig allar aðstæður eru þá.

Nú kem ég að einu þýðingarmiklu atriði í þessum umr., en það er um það, hvernig haga eigi endanlegri töku lýðveldisstjskr. svo að löglegt sé. Þeir hafa vikið að þessu báðir, hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., þótt hvor hafi þar sína skoðun. Ég mun þá fyrst víkja að máli hv. 10. landsk., en mun síðar víkja að því, sem hv. 2. þm. Reykv. hafði þar fram að færa.

Hv. 10. landsk. sagði, að það væri undarlegt af mér að vilja nú koma fram með það, sem ég hefði ekki minnzt á í stjskrn., að lýðveldisstjskr. þyrfti að fá löglega staðfestingu til þess að öðlast gildi, og vitnaði hann í 81. gr. frv., að því er mér skildist, því máli sínu til stuðnings, að stjskrn. geti ekki ætlazt til, að þessi stjskr. fengi venjulega staðfestingu konungs á upphafningu konungsvaldsins. 81. gr. stjskrfrv. segir ekkert um þetta frekar en 1. gr. stjskrbreyt. frá 1942. Hún talar aðeins um ákveðinn dag, sem lýðveldisstjskr. eigi að öðlast gildi á, og að fara skuli fram þjóðaratkvæði til samþykkis, áður en hún taki gildi. Í þessari gr. segir hvergi, ekki frekar en í stjskrbreyt. frá 1942, að lýðveldisstjskr. þurfi ekki staðfestingu eins og hver önnur venjuleg löggjöf. Um þetta er heldur ekkert í frv., og ég man ekki eftir neinum umr. í stjskrn., þar sem gert hafi verið ráð fyrir því, að stjskr. fengi ekki staðfestingu. Ummæli hv. 10. landsk., sem þýða það, að mér skilst, að ég komi eins og álfur úr hól, eftir að ég hafi starfað undir hans ágætu handleiðslu í stjskrn., fá ekki staðizt. Hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. tóku það báðir réttilega fram, að æðsta stjórn hvers lýðveldisríkis væri þjóðin sjálf. Nú hefur þjóðin sjálf sett reglur um það, hvernig háttað skuli stjórnskipulagi á Íslandi, og hún er bundin af þeim reglum, sem hún hefur sjálf sett sér, þar til þær eru löglega úr gildi numdar.

Árið 1939 ritaði hv. 6. þm. Reykv. (BBen) grein í Stúdentablaðið um það, hvernig slíta ætti sambandi milli Íslendinga og Dana, þegar þar að kæmi, og um það, hvort þá yrði stofnað lýðveldi á Íslandi eða konungsvaldið héldist í landinu. Þar verður ekki séð, að hvoru forminu þessi hv. þm. og lögfræðingur hallast frekar. Hann talar um, að það sé varlegra að gera ráð fyrir þeim möguleika, að stofnað verði lýðveldi á Íslandi, þegar sambandslagasáttmálinn sé úr gildi fallinn. Hann minnist einnig á, hvaða möguleikar séu til að stofna lýðveldi löglega, og mun ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr greininni:

„Sú leiðin, sem engum vafa er undirorpið, að er stjórnskipulega örugg, er að breyta stjskr. og afnema konungdæmið eða a. m. k. þau ákvæði, sem leiða til konungssambands Íslands og Dan-

merkur. Til þess hafa Íslendingar ótvíræða heimild, en það verður ekki gert nema með samþykki konungs sjálfs, þar sem staðfestingu hans þarf á stjórnskipunarlögum og þá einnig frv., sem í þessa átt færi."

Að vísu var þá ekki komin í gildi stjskrbreyt. frá 1942. En ekkert finnst mér felast í þeirri stjskrbreyt. um þetta efni, svo að skýrt sé, annað en það, að ekki þurfi fram að fara nýjar kosningar milli þess, er Alþ. afgr. málið. Það er afnumið það ákvæði, að rjúfa þurfi Alþ., ef gera á breyt. á stjórnarskipunarlögunum, í stað þess, að áður varð að rjúfa Alþ. og láta nýjar kosningar fara fram og þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég skal geta þess, að öll rök, sem fram komu á Alþ. 1942 til stuðnings þeirri breyt., sem þá var gerð á stjórnskipunarlögunum, sýna, að hér var verið að *forðast* að leggja út í nýjar kosningar, sem auka mundu illdeilur. Hér var því aðeins um að ræða breyt. til þess að losna við nýjar kosningar. Ég held því, að það sé vafasöm kenning, sem hv. 10. landsk. flytur, þessu máli til stuðnings, og styðjist ekki við íslenzk stjórnskipunarlög. — Ég held, að ég hafi þá minnzt á þau atriði í ræðu hv. 10. landsk., sem ég vildi tala um á þessum vettvangi.

Ég mun ekki ræða hér um niðurfellingu sambandslagasamningsins, heldur eingöngu um þá stjórnarskrá, sem hér er til umr. En þó vil ég taka það skýrt fram, að til þess að hægt sé að setja ný stjórnskipunarlög, þarf að vera búið að fella úr gildi sambandslagasamninginn frá 1918. En þetta mun ég einnig ræða á öðrum vettvangi.

Það, sem mér þótti einna leiðinlegast í ræðu hv. 10. landsk., voru nokkur niðurlagsorð um það, að aldrei yrði gerð nein sameining hér á Alþ. um það, sem hann kallaði undanhald, heldur stofnað hér lýðveldi slindrulaust hinn 17. júní 1944. Hv. þm. notaði orðið „slindrulaust". Ég skal nú ekki segja, hvað það orð þýðir. Um annan grundvöll væri ekki að ræða hjá Íslendingum, sagði þessi virðulegi forseti Sþ. — Hann kann að tala fyrir munn einhverra kjósenda sinna og einhvers hluta síns flokks. En hann hefur ekki fengið umboð íslenzku þjóðarinnar til að tala einn í hennar nafni, og má mikið vera, ef hann nokkru sinni fær umboð til að tala einn í hennar nafni. Ég tek hann því ekki sem málsvara þjóðarinnar, heldur flokksmanna sinna, meira ekki.

Þá sný ég mér að ræðu hv. 2. þm. S-M. Það eru ekki nema tvö til þrjú atriði í sambandi við það, sem hann sagði um stjskr., er ég tel þörf á að ræða.

Þessi hv. þm. lagði mjög ríka áherzlu á það, sem hann kallaði sáttmála flokkanna og gerður var hinn 17. maí 1941. Hann leit svo á, að samkv. honum ætti það að fylgjast að, að fella sambandslagasamninginn úr gildi og stofna lýðveldi hér á Íslandi. Ég skal játa, að eftir því, sem fyrir liggur í 3. ályktun Alþ. frá 17. maí, þá lýsti Alþ. þar yfir vilja sínum til að stofna lýðveldi, jafnskjótt og sambandslagasamningnum væri formlega slitið. En þó að hér væri um slíka samþykkt að ræða, liggur það að sjálfsögðu á valdi Alþ. að ákveða, hvort þetta tvennt skuli verða samtímis, að lýðveldi verði stofnað og sambandslagasamningurinn felldur úr gildi. Það er á valdi Alþ. að ákveða þetta og enginn tryggðarof að athuga það, þótt Alþ. kynni með því að komast að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmara væri fyrir íslenzkt stjórnarfar, að þetta tvennt færi ekki fram samtímis.

Það er nú einnig svo, að það, sem við höfum lagt til til samkomulags og til að skapa einingu í þessu máli, er, að stjskr. verði samþ. og lýðveldi stofnað með löglegri framkvæmd jafnskjótt og þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram um þessa lýðveldisstjskr., en hún öðlist ekki gildi, fyrr en Alþ. ákveður. Jafnvel þetta tilboð brýtur ekki í bága við þær ályktanir, sem Alþ. gerði hinn 17. maí 1941. Það er bara eitt atriði í þessu, sem vafi gæti leikið á, og það er þetta „jafnskjótt." En, sem sagt, með þessu væri þó meira að segja fylgt þeim sáttmála, sem hv. 2. þm. S.-M. talaði svo mikið um.

Ég held þess vegna, að það séu einhver tyllirök, sem haldið er fram í þessu máli, og ekki rétt að slá því föstu, að 17. júní skuli endilega valinn til þessara hátíðahalda. Ég tel það ekki brjóta í bága við samþykktina frá 17. maí 1941, þó að einhver annar tími væri valinn, og ekkert við því að segja. Alþ. hefði þá aðeins breytt því, sem það ákvað fyrir þrem árum, og það í smávægilegum atriðum. Ég held, að ef hæstv. Alþ. breytti aldrei samþykktum sínum, fyrr en að liðnum þrem árum, þyrfti ekki að áfellast það fyrir flaustursháttt. Þessi rök hv. 2. þm. S.-M. fá því ekki staðizt.

Hv. þm. talaði um það, að ef breytt væri um stefnu í þessu máli, þyrfti að færa fram rök fyrir þeirri stefnubreytingu. Ég fyrir mitt leyti tel, að fyrir liggi rök um þetta atriði, en ég játa, að það eru mannleg rök að vísu. Hver verður að meta *málin eftir því, hvaða skoðanir* hann hefur á ástandinu í heiminum. Það er alltaf matsatriði, hver hátturinn er drengilegastur og beztur.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. sagði, að sér fyndist jafnvel ódrengilegt gagnvart Kristjáni X. að bíða eftir því, að hann gæti sagt álit sitt, og honum gefinn kostur á að segja af sér, þar sem Alþ. væri búið að lýsa yfir því, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og það muni verða gert, hvað sem hann segi. Ég kann að leggja annað mat á þetta en hv. 2. þm. S-M., en ég ætla þó, að ætti hann sem forstjóri prentsmiðjunnar Eddu að fara þaðan vegna skipulagsbreytinga, þætti honum viðfelldnara, að þetta væri gert í samráði við hann, en honum væri vísað úr starfi sínu, án þess að við hann væri rætt. En hver hefur nú sínar *skoðanir. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoð*unar, að eins og nú standa sakir í heiminum, og þó sérstaklega í Danmörku, þá verði stofnun lýðveldis nú ekki talið vinsamlegt athæfi gagnvart hinum sameinuðu þjóðum, og ég vil segja, gagnvart persónu þess manns, sem er fulltrúi þjóðar sinnar á erfiðum baráttutímum. Ég þarf ekki að spyrja, ég veit það eins vel og ég stend hér í salarkynnum Alþ., að þetta mælist ekki vel fyrir. Ég er ekki með því að segja, að það verði barizt dólgslega í þessu máli, en ég veit, að það mælist illa fyrir.

Ef við nú með einföldum pennadrætti gætum breytt þessu á þann veg, að það mæltist öðruvísi fyrir út á við, og gætum þó verið stoltir af framgangi málsins, þá væri mikið unnið og lýðveldið á traustari grundvelli en ella. Því að eins og ég sagði áður, þá er það aðeins eitt, sem við getum byggt tilvist okkar á sem sjálfstætt ríki, og það er, að við hegðum okkur sem allra drengilegast gagn-

vart öðrum ríkjum og í samræmi við gerða samninga. Á því byggist öll okkar framtíð. Það má vera, að það dugi ekki til, en ef við gerum það, þá höfum við notað eina vopnið, sem við eigum.

Ég held, að ég þurfi ekki að tala um fleira af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. S-M.

Þá vil ég víkja að ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann minntist á atriði, sem 10. landsk. kom einnig inn á, að ekki þyrfti að staðfesta lýðveldisstjskr., vegna þess að þjóðin samþykkti hana og tæki völdin í sínar hendur. En svo fannst mér slá út í fyrir hv. 2. þm. Reykv., þegar hann fór að tala um stjskrbreyt. Hann sagði, að við yrðum að binda þá stjskr., er við gerðum núna, við þann ramma, sem reistur var í desember 1942. Ég er honum sammála, en þá ætti hann líka að halda sig að þessu. Nei, þá kemur hann með önnur rök. Þjóðin er ofar öllu öðru. Ef hún samþykkir þetta, þá þarf enga staðfestingu. Nú vil ég segja við þennan hv. þm., að ef ekki þarf þessa staðfestingu, þá skulum við taka höndum saman og gerbreyta stjskr.

Nei, ef þessir menn ætla að halda því fram, að þjóðin sé ofar öllu öðru og að ekki þurfi að staðfesta stjskr., þá skulum við halda áfram og gerbreyta stjskr. og láta svo þjóðina, sem æðsta dómstól, segja já.

Þetta er bara kák hjá hv. þm. Þetta er ekki bylting! Hann vill nota byltingu, þegar honum finnst hún lögleg, en hann vill ekki nota hana til að gerbreyta stjskr. Hv. 2. þm. Reykv. ætti að athuga kenningu sína nánar, áður en hann heldur aftur fram slíkum grundvelli, sem hann byggði þessa ræðu sína á.

Eins og ég sagði áður, þá vil ég ekki með öllu afneita kenningum hv. þm., en þá verður líka allt annað að víkja, ef frelsi þjóðarinnar er í veði, og það verður jafnvel að gera það, sem brýtur í bága við gildandi lög. En hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Frelsi þjóðarinnar er ekki í hættu, þó að stjórnskipunarlögin öðlist gildi síðar en 17. júní.

Ég vil ekki afneita byltingakenningum hv. 2. þm. Reykv. Á vissum tímum verður að víkja öllum hagsmunum þjóðarinnar til hliðar, ef frelsi hennar er í veði, og þá verður líka stundum að víkja frá þeim lögum, sem til eru í landinu. En hér er ekki neinu slíku til að dreifa.

Nú vil ég segja við þessa tvo borgaraflokka, sem gert hafa samfylkingu við Kommúnistaflokkinn í þessu máli, þið munuð fá að heyra það: Mínir elskanlegir, þið voruð með okkur í því að brjóta milliríkjasamning! — Það getur komið sú stund, að þessir tveir flokkar verði minntir á þetta af samherjum sínum í þessu máli, og ég hygg, að kommúnistar geti haft einhver slík orð um þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að viðkvæmni sú, sem fram kom í orðum mínum um Kristján X., hefði átt að koma fram 17. maí 1941. — Ég ber ekki viðkvæmni í brjósti til konungsins, en ég ber virðingu fyrir Kristjáni X., eins og við gerum allir á þessum erfiðu tímum fyrir hann og þjóð hans, og ég ber virðingu fyrir þeim þjóðum, sem nú berjast með Dönum. En einmitt vegna þess, að ég ber virðingu fyrir þessum þjóðum, vildi ég af fremsta megni leitast við, að stofnun lýðveldisins verði á þann hátt, að hún verði ekki álitin orðin tóm af þeim, sem um það dæma.

Alþfl. hefur lýst yfir því, allt frá því að hann var stofnaður árið 1916, að hann væri lýðræðisflokkur. Hins vegar hefur hann aldrei slegið neinu föstu um það, hvenær stofna ætti lýðveldi, öðru en því, að stofna skyldi lýðveldi, þegar hægt væri að segja upp sambandslagasamningnum. En hann hefur ekki slegið því föstu, að lýðveldi eigi að stofna sama daginn og sambandslögin falla úr gildi.

Þá vildi hv. 2. þm. Reykv. halda því fram, að Alþfl.-fulltrúarnir í stjskrn. hefðu snúizt frá því, sem ákveðið var um val forseta. Það var skýrt tekið fram af báðum fulltrúunum í n., að þeir hefðu óbundnar hendur um þetta atriði. Þegar þetta mál var komið svo langt áleiðis, að menn urðu að taka afstöðu um val forsetans, var Alþfl. á einu máli um það, að rétt væri að hafa hann þjóðkjörinn. Hér er því ekki um neina stefnubreyt. að ræða.

Þegar ég minntist á það í framsöguræðu minni, að vel gæti verið, því miður, svo högum háttað, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum, að 17. júní væri ekki endilega heppilegur til þess að halda stórhátíð, þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að við gætum alveg eins haldið þessa hátíð eins og jólahátíð á stríðstímum. — Ekki vil ég jafna því saman, þeim góða sið úr kristni og heiðni, að halda jólahátíð, og því að þurfa, hvernig sem á stendur, að slægjast eftir ákveðnum degi til stofnunar lýðveldisins. Það er engin þúsundára-„tradition" bundin við 17. júní 1944, en það er þúsund ára gömul venja, sem bindur þjóðir heimsins við að halda jólahátíð, og það er „tradition", að jafnvel í stríðslöndum er jólunum ekki gleymt. Ég held því, að þessi samanburður hjá hv. 2. þm. Reykv. sé ófullkominn.

Þá kom hv. þm. að því, sem ég játa, að gætu verið rök, ef ég legði sama mat á hlutina og hann, sem sé, að hættulegt væri að bíða með stofnun lýðveldisins lengur en til 17. júní og enn hættulegra að bíða, þar til stríðinu lyki, sennilega vegna þess, að þá væru Rússar komnir fram á sjónarsviðið. Um það skal ég ekkert segja, en vel gæti þá komið annað hljóð í strokkinn. En þó að ég skuli játa það, að reynsla margra undanfarinna ára bendi til þess, að sumar þessar stórþjóðir, sem eru meðal hinna sameinuðu þjóða, hafi ekki haldið gerða samninga, því miður, þá höfum við enga ástæðu til þess að ætla, að Bandaríkjunum og Bretlandi detti í hug annað en standa við þá samninga, sem þau stórveldi hafa við okkur gert, og vinna að því öllum árum að viðurkenna okkur sem sjálfstætt ríki að ófriðnum loknum. En það eru önnur ríki, sem hafa brotið samninga, ríki, sem hafa gert vináttusamninga og „ekki-árásarsamninga" við önnur ríki. En vegna hagsmuna þjóðanna — eftir ræðu hv. 2. þm. Reykv. — var þetta aðeins pappírsgagn, sem ekki þurfti að virða. Þetta voru samningarnir milli Rússlands hins mikla og lítils ríkis, sem Finnland heitir, um það að ráðast ekki hvort á annað, og samningurinn var í gildi í byrjun ársins 1939. Ég játa, að sá samningur var ekki haldinn. En ég hef enga ástæðu til að ætla, að Bandaríkin og Stóra-Bretland muni ekki halda gerða samninga við okkur um þetta atriði, sem hér hefur verið rætt, og þess vegna álít ég, að óhætt sé að fresta því að stofna formlega lýðveldi á Íslandi, jafnvel fram til ófriðar-

loka. Út af viðskiptum okkar við þessi ríki nú á stríðstímanum höfum við ekki ástæðu til að halda annað en þau stórveldi haldi gerða samninga við okkur, því að þau hafa haldið samninga sína við okkur vel og drengilega, sem komið hefur fram í viðskiptum þeirra við Ísland. Ég fyrir mitt leyti get því aldrei séð þá hættu, sem menn eru að tala um, bæði hv. 2. þm. Reykv. og aðrir, í sambandi við það, að þessi litli þáttur, gildistaka lýðveldisstjórnarskrár, verði látinn bíða til ófriðarloka. Þá standa málin þannig, að það er búið að fella niður sambandslagasáttmálann, búið að samþ. lýðveldisstjskr., búið að staðfesta hana af þjóðinni, en aðeins eftir að ákveða gildistökudaginn, sem af hagkvæmnisástæðum væri rétt að draga til ófriðarloka. (**EystJ**: Hverjar eru þessar hagkvæmnisástæður?) Hv. 2. þm. S.-M. á ekki, eins og hv. 10. landsk., að koma eins og álfur út úr hól og spyrja um þetta efni. (**EystJ**: Ég hef ekki heyrt nema eina ástæðu nefnda.) Hann segist hafa heyrt aðeins eina ástæðu nefnda, hv. þm., til þess að fresta gildistöku lýðveldisstjskr., afstöðuna til Kristjáns konungs X. Hann margendurtók þetta. Og þetta er ein af ástæðunum. En önnur ástæðan er, að við vitum bókstaflega ekkert um, hvernig ástandið verður í heiminum umhverfis okkur 17. júní 1944, hvort þá muni vera heppilegur tími til þess að stofna lýðveldi á Íslandi. Þetta var önnur ástæðan, en hv. 2. þm. S.-M. gekk fram hjá henni. Ég tel enga hættu í sambandi við það að bíða með þetta atriði og hef ekki getað sannfærzt um þá hættu af þeim umr., sem fram hafa farið hér.

En að lokum vil ég mega spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún hafi gert nokkrar athuganir og ráðstafanir í þá átt að tryggja okkur viðurkenningu annarra ríkja á stofnun lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944. Að vísu gæti ég kannske að einhverju leyti svarað mér sjálfur, vegna þess að ég veit, að sumir eru þeirrar skoðunar, að það sé óviðeigandi, eins og sagt er, að spyrja aðra ráða. En það hafa þó stærri þjóðir en við látið sér sæma að gera, að athuga um það, áður en þær stigu slíkt spor, hvort ekki væri hægt að tryggja sér viðurkenningu vinveittra stórvelda áður á stjórnskipun sinni. Ég minni á Noreg og Tékkó-Slóvakíu. Þetta var gert af hálfu Noregs, áður en látið var til skarar skríða. Og Mazaryk gekk ekki að því að stofna tékkneska lýðveldið, fyrr en hann hafði tryggt sér fulla viðurkenningu margra stórvelda á því lýðveldi. Það hafa þess vegna margar stærri og voldugri þjóðir en við talið þetta skynsamlega öryggisráðstöfun. Og ég fyrir mitt leyti liti miklu öðruvísi á þetta mál, ef ríkisstj. kæmi með viðurkenningu, við skulum segja Stóra-Bretlands og Bandaríkjanna, fyrir lýðveldisstofnun okkar — og við skulum segja Rússlands, af því að vinir þess og velunnarar vilja hafa það með, og mér finnst það eðlilegt, — og t. d. Noregs og Svíþjóðar. Ef ríkisstj. gæti lýst yfir, að tryggð væri viðurkenning þessara ríkja allra á lýðveldi voru 17. júní 1944, þá greiddi það mjög fyrir málinu. Ég segi það fyrir mig, að þá væru fallnar ýmsar hugsanir mínar um það, að það gæti verið óheppilegt að slá föstum deginum, ef slíkt væri fyrir hendi. Þess vegna vil ég skjóta því til hæstv. ríkisstj., hvort hún, jafnvel þótt meiri hl. þingsins hafi ekki óskað eftir því, sem forsjál ríkisstj. hafi gert þetta. Einkum af því, að hún bauðst til þess að flytja stjskrfrv. og þáltill. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og þannig taka að sér forystu málsins, gæti maður ímyndað sér, að hún hefði gert einhverjar ráðstafanir í þessu efni. Ef hún hefur gert þetta, vildi ég — og kannske fleiri hv. þm. — fá að vita það. Og það gæti snúið við mörgu, sem hugsað væri að gera í þessu máli.

Að lokum vil ég svo taka fram, að ég fyrir mitt leyti tel það engan aufúsan vilja til samninga hjá flokkum þingsins, ef þeir neita harðlega að fallast á að rökræða við okkur um möguleikana á stofnun lýðveldis með þeim hætti, sem við höfum lagt til, að haga niðurfelling sambandslagasamningsins og samþykkt lýðveldisstjórnarskrár eins og ég hef nú rætt um. Og það mun koma fram till. frá okkur hér á þingi um breyt. á gildistökugr. í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, í þá átt, að lýðveldisstjskr. öðlist ekki gildi, fyrr en Alþ. síðar með formlegri samþykkt hefur ákveðið það og hún hefur verið samþ. af þjóðinni sjálfri við atkvgr. En ef menn vilja ekkert um samninga um þetta hugsa, þá er sýnt, að engin löngun er til þeirra samninga, og þá er ekkert lagt upp úr þjóðareiningu um málið. En ég mun, að gefnu tilefni, minna á í sameinuðu þingi, að það er ekki hægt að ætlast til þess af nokkrum manni, að hann greiði atkv. með meiri hl., af því að meiri hlutinn muni ráða, ef hann telur, að það, sem meiri hl. er að gera, sé rangt og hættulegt.

Gísli Sveinsson: *Herra forseti.* — Ég hefði nú viljað, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, stuðla að því, að þetta mál fengi á þessu stigi greiðan framgang, til þess að það fengi sína athugun í nefndum. Mun ég því ekki ófyrirsynju lengja umr. um mál þetta nú, enda er tiltölulega lítið tilefni til áframhaldandi umr. nú sérstaklega út af orðum hv. 4. þm. Reykv., eins og hann hefur nú flutt þau í þessari síðari ræðu sinni, því að, eins og ég reyndar átti von á, þá hefur hann nú lent í svo miklum vafningum og vandræðum, sem er ekki alveg vanalegt um þennan hv. þm., að lítt verður aðgreint, hvort hann vill vera með málinu undir nokkrum kringumstæðum eða slá því með öllu á frest. Og þá fór hv. þm. einkum hringinn í kringum það, sem spurt var um, hvernig á þessu fráhvarfi stæði, sem þessi hv. þm. og flokkur hans hefur sýnt innan þings og utan, frá því, sem hann og flokkur hans var búinn að binda sig við og hafði talið þjóðhollt og rétt. Hv. þm. hefur ekki svarað neinu af því. Það verður ekki úr því greitt eftir orðum þessa hv. þm. í ræðu hans hér áðan, hvernig á því stendur, að hann og þeir, sem honum eru sammála um þetta, hafa farið að því að víkja frá sínum fyrri málstað í þessu, sem nú margir aðrir af þeim en hann halda nokkuð hvatskeytlega uppi umr. um drengskap og ódrengskap í þessu efni. En það hygg ég hollast honum og flokksmönnum hans að fara ekki með firrur slíkar sem þær, er þeir eru að tala um ódrengskap þeirra manna í þessu sambandi, sem eru á annarri skoðun en þeir sjálfir. Þeir skulu þá gæta sín, ef þeir vilja ekki sjálfir fá framan í sig slettur í þessu máli.

Það er ekki auðið að sjá, hvernig hv. 4. þm. Reykv. ætlast til þess, að menn taki það trúanlegt, að hann sé meðhaldsmaður skilnaðarmálsins, þegar hann vill stefna öllu í óvissu. Og nú síðast

spyr hann hæstv. ríkisstj., — og fyrirspurnin kemur öllum við, sem með þetta mál hafa að gera, — hvort verið sé út í bláinn að fylgja þessu máli fram eða hvort við höfum þjóðleg, lagaleg og drengskaparleg rök fyrir því að gera það, og í öðru lagi, hvort við höfum umsögn annarra þjóða fyrir því, að við megum hugsa til þess að verða sjálfstæð lýðræðisþjóð. Hv. 4. þm. Reykv. hefur sjálfur á þeirri tíð, er hann var ráðh., fengið fullnægjandi skýringar á því, sem sé með skuldbindingum og samningum, sem gerðir voru með yfirlýsingum af hálfu Bretastjórnar og stjórnar Bandaríkjanna, um það, að við ættum að halda okkar fulla sjálfstæði og fá það óskorað í hendur. Hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki leyfi til að efa þetta. En samt sem áður telur hann, að engin trygging um þetta sé fyrir hendi. Nú er honum þó vitanlegt, að í síðara þætti málsins, 1942, þá kom bein yfirlýsing frá stjórn Bandaríkjanna, sem var staðfest við ríkisstj. Íslands, er um málið átti að fjalla, að Bandaríkjastjórn telur samkvæmt því, sem hún álítur rétt, að Íslendingar ljúki skilnaði og lýðveldisstofnun og þó að það væri á tíma, sem nú er liðinn, aðeins ef slíkt kæmi ekki í gildi fyrr en 1944. Bandaríkjastjórn hefur sem sagt lýst yfir því, að hún sjái ekkert framgangi þessa máls til fyrirstöðu, aðeins ef gildistakan sé eftir þau áramót, sem nú eru nýliðin. Bandaríkin krefjast þess ekki, að því sé slegið á dreif að láta lýðveldisstjskr. ganga í gildi á þessu ári, heldur er það hv. 4. þm. Reykv. og nokkrir menn með honum, sem virðast vilja fresta þessu til ófriðarloka eða hver veit hvað, — án þess að þessi hv. þm. geti þó gefið neina tryggingu fyrir því, hvernig þá verði „umhorfs", eins og hann talar um.

Hv. 4. þm. Reykv. virðist vera með hótanir um það, að hér verði ekki haldin hátíð 17. júní í vor. Hvað hefur hann fyrir sér í því í alvöru, að ekki megi samþ. lýðveldisstjskr., sem gildi frá 17. júní 1944, sakir ógna, sem hann virðist þykjast hafa í bakhöndinni? Heldur hann, að stórveldin komi og meini okkur þetta? Eða heldur hann, að Danir og konungurinn séu þess megnugir að meina okkur þetta eða hafi hug á því?

Það, sem einkennilegt er í málfærslu þessara manna, er, að þeir vita ekkert, hvað Danir vilja í þessu efni. Þeir taka upp málsvar stjórnarfarslegra hagsmuna danskra með tilliti til sambandslaganna án þess að hafa nokkurt umboð, svo að vitað sé um. Hvaðan hafa þessir undanhaldsforsvarsmenn umboð sitt? Þeir hafa ekkert slíkt umboð. Og það fer sæmst á því, að ekki sé verið með neinar hótanir í garð þjóðar og þings um þá ákvörðun, sem nú verður tekin með fullu samþykki þess stórveldis, sem nú hefur mest við okkur saman að sælda.

Það hefur verið sýnt fram á það af hv. 2. þm. S.-M., að hér er óskiljanlegt mál flutt af hálfu hv. 4. þm. Reykv. með tilliti til þess, sem fram kom 1941, og þá var hv. 4. þm. Reykv. mikils ráðandi um þær framkvæmdir og ályktanir, sem gerðar voru í þessu máli, — því að þá var sagt síðasta orðið. Hitt var á valdi Íslendinga, hvenær þeir framkvæmdu þetta. Og þess vegna var þessi hv. þm. að fullu vitandi þess, hvað gera skyldi. Í því, sem þá var gert, fólst þjóðholl tilkynning, en engin aðvörun var gefin af honum í því sambandi. Og það er rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að þá fyrst komast Íslendingar í bobba, ef þeir fara hér eftir að spyrja konunginn að því, hvort hann vilji leggja niður völd. Þá yrðu þeir menn, sem það gerðu, annaðhvort að halda sambandinu við konunginn eða stórkostlega móðga konunginn, ef hann segði nei. En þeir hvorki vilja né hafa ástæðu til að móðga hann. Konungurinn er hetja, sem nýtur aðdáunar okkar og annarra. En þar fyrir þarf ekki land, sem er ekki bundið honum, að hlíta yfirráðum hans. Það væri engu nær fyrir okkur að gera það heldur en spyrja forseta Bandaríkjanna, hvort hann vildi ráða yfir okkur, — sem ég veit ekki til, að neinum hafi komið til hugar. Og svona mætti lengi telja. Því að eftir ákvörðun þings og þjóðar á þessu ári, 1941, þar um, er slitið öllu sambandi okkar við Danmörk og konunginn. Og þess vegna væri það að spyrja konunginn, hvort hann vildi vera við völd, sama sem fullvalda ríki færi að spyrja annað ríki, hvort það vildi ráða yfir sér.

Nú skal ég geta þess viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. ber fram, þrátt fyrir það, sem hann á að vita úr stjskrn., þar sem hann áttar sig ekki á, hvers vegna á ekki að láta konunginn staðfesta þessa stjskr., — ég skal geta þess þessu viðvíkjandi og endurtaka það, að það varð að niðurstöðu í stjskrn., að það væri ekki tilbærilegt. Eins og stendur í stjórnlagabreyt. frá 1942 og eins og tekið er fram í 81. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, þá er ekki og getur ekki verið tilætlunin að fá neina konunglega staðfestingu á þessu, því að þá eru þing og þjóð búin að rjúfa sambandið við konunginn. Þess vegna væri eins hægt að fá staðfestingu á þessu hjá öðru þjóðfélagi, nema ef Íslendingar eru búnir að vera svo lengi undir konungi, að þeir geti ekki hugsað sér að fá staðfestingu á l. nema konungsstaðfestingu. Og þegar þessi stjskr. er búin að fá gildi, þegar búið er að samþ. hana á einu þingi og hún er búin að fá samþykki þjóðarinnar, þá er hún lög, og þá er ekki hægt að spyrja konunginn lengur í sambandi við hana.

Þá kom það til umr. í stjskrn., hvort leggja ætti þessa stjskr. undir sérstakan íslenzkan valdhafa, eins og ríkisstjóra eða forseta, til samþykktar. En þá kom upp úr kafinu, að það var raunverulega ekki hægt, því að ríkisstjóri sem handhafi valdsins var úr valdaaðstöðu farinn, en ekki kominn forseti í staðinn. Þjóðin verður þá búin að taka þetta vald sjálf í sínar hendur og hefur gert þá staðfestingu, sem enginn annar væri bær um að gera, því að forseti lýðveldisins getur ekki verið annað en umboðsmaður alþjóðar um hið æðsta vald, líka til staðfestingar lögum undir venjulegum kringumstæðum. — Og loks vil ég spyrja hv. 4. þm. Reykv., hvaða dæmi hann eða samherjar hans hafi um það, þegar stofnað hefur verið lýðveldi, að leitaður hafi verið uppi þjóðhöfðingi til þess að staðfesta stjskr. Það hefur alltaf verið þjóðin sjálf, sem staðfest hefur þau l., vegna þess að það er alveg nýtt viðhorf um l., sem skapast með þessu. Í þessu efni heldur því hv. 4. þm. Reykv. fram slíkri firru, að ómögulegt er að halda sér við hana. Þetta kom til umr. á einu stigi meðferðar málsins í stjskrn., þ. e. þegar talað var um, hvort bera ætti fram till. um breyt. á núgildandi stjskr., sem þannig breytt skyldi þá vera lýðveldisstjórnarskrá Íslands, og gerðar yrðu þá þær breyt. einar á stj-

skr., sem leiddi af valdaflutningnum. En þá varð sú niðurstaðan, að það ætti ekki að bera fram þær brtt., því að þær yrðu þá till. til breyt. á stjskr. konungsríkisins Íslands.

En þegar á þessu stigi var tekið upp til álita í n., einmitt eins og þá stóðu umr., að 34. gr., sem þá átti að verða í brtt., skyldi hafa það ákvæði, — eftir að búið var að fyrirskipa með 33. gr., að þjóðaratkvæði færi fram, — með leyfi hæstv. forseta: „Nú hafa stjórnskipunarlög þessi verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 33. gr., og þau hlotið staðfestingu, og skal þá“ o. s. frv. En n. þótti þá ekki tilhærilegt, að stjskr. fengi staðfestingu konungs, vegna þess að við værum á millistigi í stjórnskipun okkar. Og það átti því ekki við að tala um neina staðfestingu neins æðra valds á stjskr. heldur en samþykkt þjóðarinnar. — Þetta er hér vélritað, eins og það lá þá fyrir n.

Svo skal ég að síðustu aðeins geta þess, að hv. 4. þm. Reykv. þóttist ekki þurfa að gefa neinar skýringar á þessu afturkalli, sem ég svo leyfði mér að nefna. Og afturkall er það vitanlega, sem hér er um að ræða, á því, sem hann og flokkur hans hafa fylgt frá stríðsbyrjun til skamms tíma og hann og flokkur hans eru skyldugir til að skýra. Árið 1940 er valdatakan hjá okkur gerð með samþykki allra flokka og alþjóðar. Hann er þar með þá. Árið 1941 eru svo þær frægu og merkilegu ályktanir gerðar. Hv. 4. þm. Reykv. og flokkur hans og að því er menn vita, þjóðin öll, eru þar með, og engin aðvörun er gerð af hv. 4. þm. Reykv. og hans flokki. Og á þessum ályktunum byggist það, sem við erum að gera nú. Hvað skeður svo 1942? Þá er þessi sami hv. þm. einn af forystumönnum þess að flytja lýðveldisstjskr. til þess að koma í gegn samþykktum Alþ. 1941. Skýringu vantar á því í sambandi við afstöðu hans nú. Árið 1943 kemur svo stjskrn., sem meðal annarra var skipuð Alþfl.-fulltrúum, er ætlað var, að hefðu umboð síns flokks. Þá skrifar hv. 4. þm. Reykv. sem Alþfl.-fulltrúi — og reyndar Alþfl.-fulltrúarnir í n. — undir þær till., sem hér er um að ræða í þessu frv., sem sé undir þetta frv. um lýðveldisstjskr. Þessi hv. þm. segir svo, að það þýði ekkert að skýra það, því að hvorki ég né aðrir muni skilja það. Já, ég veit, að það verður alveg óskiljanleg skýring hans á þessu, ef hún verður þá nokkur.

Eysteinn Jónsson: Ég skal tala örstutt, og til þess að tefja ekki umr. skal ég ekki taka til umr. atriði, sem þó væri nokkur ástæða til að minnast á.

Hv. 4. þm. Reykv. var að bera saman þál. frá 1941 og það, sem nú væri að gerast, afstöðu sína og afstöðu okkar, sem viljum nú afgreiða þál. um sambandsslit og stjskrfrv. Hv. þm. sagði, að í þál. frá 1941 væri ekkert um það sagt, hvenær þessar framkvæmdir skyldu gerðar. Og það er rétt hjá honum, að það er ekki nánar til tekið en það, sem segir með þessum orðum: „Þó ekki síðar en í styrjaldarlok“. Hann sagði, að mönnum hefði ekki þótt tímabært að framkvæma þetta, eins og þá stóð. Og síðan bætti hann við, að þetta þýddi það, að við værum ekki síður en hann að víkja frá þeirri ályktun, sem gerð var 1941. Hann segir og, að síðan þál. var samþ., hafi ekkert breytzt, sem geri það eðlilegt, að nú sé hafizt handa um stofnun lýðveldisins.

Í fyrsta lagi fullyrði ég, að það var gert ráð fyrir, þegar þál. var samþ., að þessar framkvæmdir færu ekki síðar fram en 1944. Í öðru lagi er það hin mesta villa hjá hv. þm., að ástæður séu ekkert breyttar nú frá því 1941. Síðan eru liðin þrjú ár, einmitt þau þrjú ár, sem áttu að líða, frá því að endurskoðunar átti að óska á sambandslagasáttmálanum, til þess að við gætum öðlazt rétt eftir sambandslagasamningnum til einhliða sambandsslita.

Á þessu ári eru þá einnig liðin þau 25 ár, sem áttu að líða frá 1918, til þess að við hefðum þennan einhliða rétt samkvæmt samningnum. Þrátt fyrir það segir hv. þm., að ekkert standi öðruvísi á en 1941. Ástæðurnar eru auðvitað allt aðrar en 1941, og ég lagði áherzlu á það í því, sem ég sagði um þetta mál í Sþ., að við hefðum nú til viðbótar þeim rétti, sem allir hv. þm. voru sammála um, að við hefðum öðlazt árið 1941, þ. e. a. s. vanefndaréttinn, sjálfan samningsréttinn frá 1918. Þetta ræður alveg úrslitum í málinu að mínum dómi.

Þá vil ég einnig benda á, að ástæður eru nú einnig breyttar að öðru leyti. 1941 var landið hernumið, og það lá fyrir, að sú þjóð, sem hafði hernumið landið, taldi þá alveg sérstaklega varhugavert að nota vanefndaréttinn. Nú er landið ekki hernumið, heldur höfum við samið við stórveldi um hervernd landsins, og nú liggur ekki fyrir aðvörun frá neinni lýðræðisþjóð út af því, að við ætlum að hafa þá meðferð á málinu, sem nú er fyrirhuguð, heldur þvert á móti viðurkenning þess stórveldis, sem herverndina annast. Mér finnst það furðu gegna, að hv. 4. þm. Reykv. skuli virðast ástæður nú til þess að stíga lokaskrefið líkar því, sem þær voru fyrir þremur árum. Ég verð einnig að taka það fram, að mig undrar stórum, að nokkur þeirra, sem voru því fylgjandi 1941 að lýsa yfir því, að þjóðin hefði þá þegar réttargrundvöll fyrir fullum skilnaði við Dani og stofnun lýðveldis, skuli nú draga í efa, að slíkur réttur sé nú fyrir hendi.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist einnig á það, sem ég hef haldið fram um þá stefnubreyt., sem yrði í málinu, ef farið yrði eftir hans vilja. Hann vill annars vegar gera lítið úr því, að um stefnubreyt. yrði að ræða, en heldur því hins vegar fram, að þótt breytt væri um stefnu, þá væri það heimilt, ef þingið kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri hentugra fyrir málstað Íslendinga. Ég held, að engum blandist hugur um, að það væri fullkomin stefnubreyt., ef sambandinu væri slitið, en lýðveldisstofnunin látin bíða. — Hv. þm. sagði, að menn yrðu að gera sér ljóst, að það mætti breyta því, sem væri smávægilegt atriði, eins og gildistöku stjskr. Hvaðan kemur honum réttur til þess að kalla það smávægilegt atriði, kalla það smávægilegt atriði að fresta stofnun lýðveldisins og aðskilja þá tvo þætti frelsismálsins, sem ætíð hafa verið ofnir saman á undanförnum árum? Mér er ekki mögulegt að líta á það sem smáatriði. Mér virðist ómögulegt að byggja á því, þótt hv. þm. segi það sem sína skoðun, að engin áhætta sé í sambandi við þá ráðstöfun. Ég minntist í dag á rökin, sem mæla gegn stefnubreyt., og ég endurtek þau ekki nú. Ég held, að hv. þm. verði að taka skoðun sína til endurnýjaðrar athugunar, áður en hann leggur alveg endanlega kapp á þá meðferð málsins, sem hann hefur stungið upp á.

Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að ég hefði ekki

heyrt getið um nema eina ástæðu fyrir umræddri stefnubreyt., en það mundi leiðrétt, ef fleiri væru, og nú hefur hv. 4. þm. Reykv. nefnt aðra ástæðu, sem ég kem að síðar. Fyrri ástæðan var sú, og á hana lagði hann enn megináherzlu, að það væri nauðsynlegt til þess að uppfylla kurteisis- og drengskaparvenjur í sambúð að ræða við konung, áður en lýðveldisstofnun færi fram. Í sambandi við þetta fór hann þó létt yfir gagnrök mín í þessu sambandi og tók til samanburðar við konungdóminn framkvæmdastjórastörf mín í prentsmiðjunni Eddu. Mér finnst þetta lítið hátíðleg samlíking, lítið viðeigandi og ekki til þess fallin að upplýsa málið. En ég skal samt gera honum það til geðs að taka upp þessa samlíkingu hans og reyna að nota hana til þess að skýra fyrir honum, hvað fyrir mér vakir. Kann þá að verða nær en áður, þar sem hv. þm. hefur sjálfur haslað völlinn. Setjum svo, að stjórn prentsmiðjunnar ákvæði að gera skipulagsbreyt. um framkvæmdastjórastarfið, t. d. þannig, að sá, sem gegndi starfinu, mætti ekki vera alþm. eða yrði að vera lærður prentari, m. ö. o. gerði þannig skipulagsbreyt., að ég kæmi ekki til greina sem framkvæmdastjóri framvegis. Síðan væri málsmeðferðin þannig, að stjórn prentsmiðjunnar birti þetta almenningi, um leið og mér væri frá þessu skýrt. Þegar þannig væri komið málum, ætti það eftir skilningi hv. þm. að vera mikilvægt atriði, að einhver úr stjórn prentsmiðjunnar kæmi til mín og segði við mig, — að efni, ef til vill þó með öðru orðalagi: „Viltu ekki gera svo vel að segja af þér sjálfur, þar sem þú átt að fara, hvort sem er?“ Vitanlega legði hvorki ég né aðrir nokkuð upp úr því, hvort við mig væri talað þannig eða ekki. Með því væru ekki uppfylltar neinar kurteisisvenjur.

Viðvíkjandi hinni nýju ástæðu, sem fram var færð nú, óvissunni um það, hvernig ástatt verður 17. júní í vor, þá hlýt ég að benda á það, að æðioft mun mega telja óvissu fram undan, og handhægt að bera slíkar ástæður fyrir. En slíkt má engin áhrif hafa á þetta mál. Ef einhver slík vöðatíðindi gerast fram að 17. júní, að Íslendingum reynist ókleift að koma fram fyrirætlunum sínum í lýðveldismálinu, þá er að taka því með karlmennsku, en það er óheimilt annað en halda fram málinu af fyllstu orku.

Stefán Jóh. Stefánsson: Af því að hæstv. forseti óskar, að þetta mál mætti ljúkast nú, ef þess væri kostur, skal ég hafa þetta aðeins örstutta aths. Ég get þó ekki látið hjá líða að svara tveimur atriðum í ræðu 10. landsk. Það væri að vísu ástæða til að minnast á fleiri atriði, sem hann lét sér um munn fara, en það voru þó sérstaklega þessi tvö atriði, sem gáfu mér tilefni til andsvara.

Hv. þm. sagði, að fyrir lægi yfirlýsing stórvelda og annað slíkt um viðurkenningu lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944. Mér er ekki kunnugt um það. Hvort hann veit eitthvað frekar um það, skal ég ekki segja.

En það, sem kom mér sérstaklega til að standa á fætur, var það, sem hann sagði, að ég hefði hótað með því, að aðrar þjóðir mundu hindra, að við gætum haldið þjóðhátíð okkar í tilefni af stofnun lýðveldis 17. júní n. k. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi haldið svo af hrapallegum misskilningi, en ekki, að hann vilji raunverulega rangfæra orð mín. Það, sem ég sagði, var það, að við vissum nú ekkert, hvernig ástatt yrði í heiminum eða hér á landi 17. júní í vor, kannske yrðu þá þau blóðugustu átök, sem þekkzt hefðu í þessari styrjöld, og það væri lítt viðurkvæmilegt að binda okkur fyrir fram við þennan dag, hvernig sem þá yrði ástatt. Ég sagði aldrei, og mér dettur ekki í hug að segja, að einhver hafi ætlað að hindra okkur. En stórþjóðirnar spyrja ekki um, hvort Íslendingar eru að halda lýðveldishátíð sína, þegar þær eru með sín átök í heiminum, kannske á Norðurlöndum og víðar. Þau átök fara fram, hvort sem Íslendingar hafa þá ákvarðað hátíð sína eða ekki.

Þá er annað atriði, sem ég vil ekki láta ómótmælt. Að mér viðstöddum hefur aldrei verið minnzt á það í stjskrn., að lýðveldisstjskr. þyrfti ekki staðfestingu, enda verður þetta ekki löglega gert, nema hún verði staðfest. (GSv: Af hverju skrifaði hv. þm. þá undir?) Það stendur hvergi, það hefði þá þurft að nefna það í frv. eða skýringar að fylgja, en þær skýringar eru ekki fyrir hendi, og þau orð eru ekki fyrir hendi.

Til að misnota ekki leyfi hæstv. forseta til að flytja hér aths., þá skal ég láta þessi orð nægja til hv. 10. landsk.

Út af ræðu hv. 2. þm. S-M. þarf ég sama sem ekkert að segja. Hann var með sömu ástæðurnar og komu fram í fyrri ræðu hans. Þó vildi hann, þegar hann talaði um frávikningu frá ákvörðun Alþ. 17. maí 1941 af minni hálfu, tala um, að allir hefðu gengið út frá því þá, að lýðveldisstjskr. yrði samþ. 1944. Ég hef aldrei heyrt slíka yfirlýsingu. Hitt veit ég, að í Framsfl. voru þá nokkrar deilur um sjálfstæðismálið, og var þá ákveðið til samkomulags vegna mismunandi skoðana innan þess flokks, að lýðveldið yrði stofnað ekki síðar en eftir þrjú ár. Má vera, að það sé það, sem hann telur sig bundinn við, og vil ég á engan hátt telja það ljótt, þótt hann telji sig bundinn af ákvörðunum síns eigin flokksþings. En af ákvörðunum Alþ. er hann ekki bundinn við að stofna lýðveldi 1944. Ég verð því algerlega að halda fram, að það ríkjandi ástand, sem talað er um á Alþ. 17. maí 1941, sé í engum verulegum atriðum breytt hér á landi frá því, sem þá var.

Þá heldur hv. þm. því fram, að það sé engin smávægileg breyt. á stjskrfrv. að slá ekki föstum gildistökudegi stjskr. Frá mínum bæjardyrum séð getur það verið stórt atriði, en þarf ekki að vera það. Ef spádómar hv. 2. þm. Reykv. rætast, að stríðinu verði lokið 17. júní 1944, sem ég því miður hef litla von um, þá gæti vel verið hægt að velja 17. júní fyrir gildistökudag, og þá væri hægt að gera það með þeim glæsileik, sem slíku málefni sæmir bezt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Hæstv. forsrh. hefur borið fram till. um, að sérstök sjö manna n. verði kosin til að fjalla um málið, og verður sú till. borin undir hv. d.

ATKVGR.
Samþ. með 23 shlj. atkv. að kjósa sérstaka nefnd (stjórnarskrárnefnd).

Forseti (JörB): Ég hefði mjög gjarnan viljað, að unnt hefði verið að kjósa n. nú, svo að hægt hefði verið að vísa frv. til hennar á þessum fundi, en nokkrir hv. þdm. eru nú fjarstaddir. Ég óska eftir listum, en mun fresta kosningunni, ef svo margir verða tilnefndir, að leynileg kosning þarf að fara fram.

NEFNDARKOSNING.

Fram komu fjórir listar, A, B, C, D. Á A-lista var Stefán Jóh. Stefánsson, á B-lista Eysteinn Jónsson og Sveinbjörn Högnason, á C-lista Einar Olgeirsson og á D-lista Gísli Sveinsson, Ólafur Thors og Gunnar Thoroddsen. Þar sem ekki komu fram till. um fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gísli Sveinsson,
Eysteinn Jónsson,
Einar Olgeirsson,
Ólafur Thors,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Sveinbjörn Högnason,
Gunnar Thoroddsen.

Á 19. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 71 (sameinaðra stjskrn. Nd. og Ed.))

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Verði þetta stjskrfrv. að lögum, þá verður lýðveldi stofnað á Íslandi nú á þessu vori. Mér finnst vel við eigandi að minna hér á hæstv. Alþ. á það nú, að í vor eru liðin 682 ár frá því að Íslendingar gengu á hönd Noregskonungi með setningu Gamla sáttmála, en jafnframt eru liðin í vor 280 ár, frá því að erfðahyllingin átti sér stað í Kópavogi. Gamli sáttmáli, sem gerður var 1262, var samningur milli íslenzku þjóðarinnar og Noregskonungs. Þessi samningur gerði ráð fyrir, að Hákoni gamla Noregskonungi og niðjum hans skyldi sýna fullan trúnað, en á móti átti að koma af konungs hendi m. a., að Noregskonungur skyldi sjá landinu fyrir siglingum, svo sem nánar var tiltekið í sáttmála þessum, enn fremur, að Íslendingar skyldu ná íslenzkum lögum, þ. e. a. s. löggjafarvaldið skyldi vera í höndum Íslendinga. Þetta var sáttmáli við Noregskonung persónulega. En eigi að síður fór svo, að Gamli sáttmáli, sem gerður var með þessum hætti og áskildi réttindi Íslendinga, varð í framkvæmdinni upphaf þess, að úr höndum landsmanna var dregið löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið og dómsvaldið, smátt og smátt. Þannig urðu engar efndir á því, sem á móti skyldi koma af hálfu Noregskonungs, þegar landsmenn sóru þeim trúnaðareið. Sá yfirgangur, sem Íslendingum var sýndur, náði tvímælalaust hámarki sínu, þegar Íslendingar voru þvingaðir til þess í Kópavogi 1664 að sverja Danakonungi trúnað sem einvaldskonungi og allsráðanda yfir Íslandi, og hefur réttur Danakonungs til þess að ríkja yfir Íslandi verið rakinn til þess, sem þá fór fram. Að vísu hafa Íslendingar aldrei getað litið svo á, að þessi nauðungareiður væri bindandi fyrir sig, enda með fyrirvara unninn, né heldur Gamli sáttmáli, eftir að hann var rofinn af Noregskonungi. En hvað sem því líður, þá er það víst, að í skjóli þess sambands, sem gert var í öndverðu við Noregskonung 1262 og síðar í skjóli Kópavogsþvingunarinnar, voru Íslendingar sviptir frelsi sínu fullkomlega, og stóð svo um aldir með þeim afleiðingum fyrir Íslendinga, sem þingheimi eru kunnar.

Á öllum öldum hafa beztu menn Íslendinga haldið fast á rétti íslenzku þjóðarinnar og gætt þess í hvívetna að viðurkenna ekki óréttinn, gætt þess að standa á réttinum, þó að þeir yrðu að lúta fyrir erlendu ofurefli. Íslenzka þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við þá menn, sem þannig héldu á málum hennar, þegar verst blés. Þeir stóðu þá í vörn fyrir málstað Íslendinga, sem mörgum virtist vonlaus. En þeir þreyttust ekki. Um margar aldir urðu Íslendingar að láta sér nægja vörnina eina og mótmælin, til þess að réttur þeirra geymdist, en gleymdist eigi. En á öndverðri 18. öldinni hefst nýtt tímabil í sögu Íslendinga. Þá hefst sókn. Þá er vörn snúið í sókn, sem síðan hefur verið haldið sleitulaust fram á þennan dag.

Það er ekki óviðeigandi nú, þegar við erum að stíga lokasporið til fullkomins sjálfstæðis og frelsis, að við minnumst nokkurra þeirra manna, sem hófu sóknina, þeirra Skúla Magnússonar, Eggerts Ólafssonar, Jóns Eiríkssonar og Baldvins Einarssonar, svo að nokkur nöfn séu nefnd. Það má þó segja, að starf þessara manna væri aðdragandi þess, sem síðar gerðist, eins konar framvarðaskærur, áður en til meginátaka kemur. En megin-sóknin hefst með starfi og forustu Jóns Sigurðssonar, og hún hefur haldið áfram fram á þennan dag. Það er ætlunin að leiða þessa sókn til lykta með því að framkvæma nú á þessu ári sambandsslit við Dani og stofnun lýðveldis á Íslandi.

Sjálfstæðisbaráttа Íslendinga hefur verið háð til þess að flytja inn í landið það vald, sem hafði verið rænt af Íslendingum, löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið. Þetta hefur tekizt smátt og smátt fyrir ötula forustu margra ágætismanna og eindreginn stuðning þjóðarinnar við þá. Annars hefði engu verið hægt að koma áleiðis í þeim málum. Þess mega menn gjarnan minnast einnig.

En nú kynni einhver að vilja spyrja: Er afnám konungdæmis á Íslandi einn þátturinn í þessari frelsisbaráttu? Snerist ekki barátta þeirra manna, sem nefndir voru, og fjölmargra annarra, sem ástæða væri til að nefna, að allt öðru en því að slíta konungssambandinu? Jú, það er rétt. Barátta þeirra fjallaði um stofnun Alþ., endurheimt framkvæmdarvalds og dómsvalds að fullu. En það má ekki valda misskilningi, og því minnist ég á þetta nú. Róm var ekki byggð á einum degi. Hér varð ekki fremur allt unnið í senn. Margt varð að vinnast, áður en hægt var að hefja lokabaráttuna fyrir stofnun lýðveldis á Íslandi. Taka varð fyrir eitt verkefni í senn, og þegar það var leyst, þá hófst næsti áfangi.

Með þjóðinni hefur alltaf vakað vitundin um það, að konungssambandið var upphaf að óláni landsmanna og áþján. Jafnvel hin ágætasta framkoma sumra Danakonunga hefur ekki náð að má þessa minningu úr hugum Íslendinga. Íslendingar hafa aldrei litið á útlenda konunga sem innlenda þjóðhöfðingja, hversu vel sem þeim hefur farizt í málum landsmanna. Til þess liggja þau rök m. a., sem ég hef þegar rakið.

Stofnun lýðveldis er því tvímælalaust í fullu samræmi við alla sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Ég fullyrði, að fyrir Íslendingum hefur vakað, að stofnun lýðveldis væri hið eina viðeigandi tákn þess, að sjálfstæðisbaráttu landsmanna væri lokið, þótt landsmenn hafi um þetta verið orðfleiri löngum en aðra þætti frelsisbaráttunnar, sem til úrlausnar hafa komið fyrst.

En það eru fleiri en Íslendingar, sem gert hafa ráð fyrir því, að konungssambandinu yrði slitið. Það hefur m. a. komið fram af hálfu Dana, að þeir hafa búizt við því, að svo mundi verða. M. a. kemur þetta fram hjá dönsku nefndarmönnunum, sem fjölluðu um sambandslagasamninginn 1918. Þeir hafa gert ráð fyrir fullkomnum skilnaði landanna, ef sambandsslit yrðu, og með fullkomnum skilnaði milli landanna getur ekki verið átt við annað en slíta konungssambandinu, þar sem gerður er munur á algerum skilnaði og sambandsslitum.

Stofnun lýðveldis á Íslandi eða réttara sagt, endurreisn þjóðveldisins, er blátt áfram söguleg nauðsyn. Íslendingum mundi aldrei finnast þeir hafa endurheimt það, sem þeir töpuðu 1262, ef þeir ættu að hafa yfir sér erlendan konung, hversu mikilhæfur og góður maður sem hann væri. Það er full nauðsyn á því, að Íslendingar stígi þetta skref til þess að taka af allan vafa um það, að Ísland sé fullvalda og sjálfstætt ríki.

Þá má ekki gleyma því, að það er í raun og veru ósamrýmanlegt, að sami maður sé konungur í tveimur ríkjum, sem ekkert málefnalegt samband hafa og ekkert sameiginlegt eiga, annað en að lúta sama konungi. Það getur komið fyrir, að hagsmunir ríkjanna fari ekki ævinlega saman, og þá sjá allir, hver aðstaða þjóðhöfðingjans er orðin.

Þá kemur spurningin: Hver er réttur Íslendinga til þess að slíta konungssambandið og stofna lýðveldi — og það einmitt nú?

Það hlýtur að vera réttur hverrar fullvalda þjóðar að ráða æðstu stjórn landsins. Að nútíma hugsunarhætti hlýtur þetta að vera eitt af höfuðeinkennum hverrar frjálsrar þjóðar. Engin kynslóð getur bundið ókomnar kynslóðir um aldur og ævi við ákveðið stjórnarform. Réttur Íslendinga er því þannig, að þess gerist vart þörf að minna á, með hverjum hætti erfðaréttur sá var til kominn, er Danakonungar hafa byggt á völd sín á Íslandi. En á þeim málum var þannig haldið, að Íslendingar geta ekki talið þær gerðir bindandi fyrir sig, og hef ég lítillega á þetta minnzt. Þá er ekki heldur nauðsynlegt að blanda hér inn í umr. um störf þeirra konunga, sem ríkt hafa, en rétt að taka það fram enn einu sinni, að við höfum ekkert nema gott að segja um skipti okkar við Kristján konung X. og munum meta hann mikils — ekki síður framvegis en hingað til.

Í sambandi við sáttmálann, sem gerður var 1918, var rætt um konungssamband landanna, og þá var samið um það, að konungssambandið skyldi standa til 1944 eða jafnlengi og sáttmálinn. Það er eina skuldbindingin, sem Íslendingar hafa tekið á sig um sambandið við Danakonung, og þegar sá sáttmáli er úr sögunni, þá virðist mér ekkert því til fyrirstöðu, að Íslendingar stofni lýðveldi í stað konungdæmis.

Ég hef nú fært fram, hvern ég tel rétt Íslendinga í þessu efni og hvers vegna ég tel viðeigandi, að Íslendingar endurreisi þjóðveldið einmitt nú í sambandi við sambandsslitin við Danmörku. Skal ég nú ekki fara fleiri orðum um málið almennt, en víkja í þess stað að frv. því, sem hér liggur fyrir, og aðdraganda þess, að frv. kom fram nú.

Alþ. Íslendinga ákvað 1941 að stofna lýðveldi, um leið og sambandsslitin við Dani ættu sér stað. Þegar sú ákvörðun hafði verið tekin, þurfti að undirbúa breyt. á stjórnskipunarlögum landsins í samræmi við hana. Þáv. stjórn, þjóðstjórnin, lét þá þegar gera nokkurn undirbúning, en síðar var skipuð sérstök mþn. í málið 1942, og skilaði hún áliti sínu á árinu 1943. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er frá þessari mþn. komið og flutt hér á Alþ. af hæstv. ríkisstj. Áður en mþn. skilaði áliti sínu, hafði verið gerð ákvörðun hér á Alþ., sem tiltók nánar, hvernig lýðveldisstofnunin skyldi fara fram. Var ákveðið með sérstakri stjskrbreyt. 1942, að einfalt samþykki Alþingis um stofnun lýðveldis skyldi nægja, enda kæmi samþykki þjóðarinnar til við sérstaka atkvæðagreiðslu. Jafnframt var áskilið, að í þeirri lýðveldisstjórnarskrá væru ekki önnur ákvæði en þau, sem nauðsynleg væru til þess að ráðstafa æðsta valdinu, er flutt yrði inn í landið. Er Alþ. nú bundið af takmörkunum þessum, ef stofna á lýðveldið án þess að almennar alþingiskosningar fari fram. Allir hv. þm. munu vera á þeirri skoðun að halda sig innan þessara takmarka. En utan þings hafa heyrzt raddir um, að setja þurfi hinu nýja lýðveldi nú þegar í öndverðu aðra stjórnarskrá en hægt er með þessu máli. Þessari stefnu verður Alþ. að standa gegn sem einn maður. Við vitum vel, að ef þannig væri á málum haldið, þá hlytu að dragast inn í stjórnarskrármálið deilur um viðkvæm atriði, bæði um kjördæmaskipun landsins, vald þingsins, vald forsetans o. s. frv. Ef lýðveldisstofnunin ætti að bíða úrslita í þeim málum öllum og alþingiskosninga í því sambandi, þá er öllu málinu stefnt í óefni. Það verður að samþ. stofnun lýðveldisins eina út af fyrir sig, en taka síðar upp endurskoðun stjskr.

Ég fullyrði, að stefna Alþingis í þessu máli er sú eina, sem leitt getur málið til farsællegra lykta, en hitt væri hið mesta óráð að blanda allsherjarendurskoðun stjskr. inn í afgreiðslu lýðveldismálsins.

Ég vona, að allir landsmenn geti nú fallizt á, að stefna þingsins sé rétt, og að menn sameinist nú um aðalatriði málsins, stofnun lýðveldisins. Og þess sjást nú glögg merki, að svo muni fara.

Þá vildi ég víkja þessu næst að frv. sjálfu. N. leggur til einróma, að frv. verði samþ., en með nokkrum breyt., sumum allveigamiklum. Ekki er þó samkomulag innan n. um allar brtt. Einkum er ósamkomulag um eina þeirra, varðandi gildistöku stjskr. Eigi að síður er það sameiginleg áskorun nm. til alþingismanna, að þeir standi einhuga um stjskr., hvað sem líður afdrifum einstakra brtt. Þá væntir n. þess fastlega, að þjóðin öll fylki sér um málið eins og Alþ. afgreiðir það.

Þessar áskoranir n. byggjast á þeirri skoðun allra nm., að mál þetta sé svo mikilsvert fyrir þjóðina, að nauðsyn beri til, að fullkomin þjóðareining komi fram á Alþ. og utan þess við meðferð þess og að ágreiningsatriði verði að hverfa úr hugum manna, jafnskjótt og úr þeim hefur verið skorið hér á Alþingi. Allir verða að sameinast um stofnun lýðveldisins.

Brtt. þær, sem n. flytur á þskj. 71, snerta sumar nokkur meginatriði. Mun ég víkja að þeim brtt., sem efnisbreytingar geta talizt, en eigi að hinum, sem annaðhvort eru orðabreyt. einar eða lítið annað.

Þá er fyrst brtt. n. við 2. gr. frv. Hún fjallar um að breyta heiti forsetans frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstj. Vill n., að embættisheiti forsetans verði „forseti Íslands", en ekki aðeins „forseti" eða „forseti lýðveldisins". Þykir n. betur fara, að forsetinn verði kenndur við landið og gleggra til aðgreiningar frá forsetum einstakra félaga eða stofnana.

Næsta brtt. er við 3. gr., og er meginbrtt. n. Sú brtt. ráðgerir, að forsetinn verði þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, eins og frv. stj. gerir ráð fyrir. N. hefur orðið þess vör, að mjög mikið fylgi er meðal þjóðarinnar fyrir því, að forsetinn verði þjóðkjörinn. Mun ekki vafi á því leika, að meiri hluti þjóðarinnar óskar eftir því, að svo verði. Ýmsir nm. voru einnig ákveðið þeirrar skoðunar, að þetta væri heppilegast. Aðrir voru meira á báðum áttum, en vilja taka til greina þann þjóðarvilja, sem menn telja sig hafa orðið vara við. Þannig varð í n. nær einhuga fylgi fyrir því, að forsetinn yrði þjóðkjörinn. Þessi breyt. á frv. hafði það í för með sér, að n. varð að leggja mikla vinnu í athugun á því, hversu réttast væri, að þjóðkjör færi fram, og athugun um önnur atriði í sambandi við þessa breyt.

Næsta brtt. er við 5. gr. og er alger efnisbreyt. Gr. fjallaði um það, hversu kjósa skyldi forseta á Alþ., en nú fjallar gr. um það, hversu forseti skuli kjörinn af þjóðinni. N. athugaði margar leiðir til þess að kjósa forseta. Mönnum kann að virðast það einfalt mál að kveða á um það, hversu forseti skuli kjörinn af þjóðinni. En n. reyndist það ekki svo og þá ekki sízt fyrir það, að fljótt komu raddir í n. fram um, að áríðandi væri að setja ákvæði til tryggingar því, að forseti yrði ekki kjörinn með mjög litlum meiri hluta atkv. þeirra, er tækju þátt í forsetakjöri. Væri slíkt ekki viðeigandi og sízt styrkur þeim manni, sem slíku trúnaðarstarfi ætti að gegna. Voru athugaðar leiðir til að tryggja það, að forseti væri kjörinn með meiri hluta atkv. þeirra, sem þátt tækju í kosningunni. Komu fram till. um, að kosið yrði oftar en einu sinni, ef með þyrfti, og þá bundinni kosningu hin síðari sinn, og enn fremur var því hreyft, að Alþ. yrði falið kjörið, ef þjóðin dreifði mjög atkvæðum sínum við kjörið. En eftir að þær leiðir, sem nefndar voru, höfðu verið athugaðar mjög nákvæmlega innan nefndarinnar, hvernig tryggja skyldi meirihlutakjör, varð niðurstaðan sú, að engin þeirra náði samþykki í n. Meiri hl. nm. hallaðist að því, að sá yrði rétt kjörinn forseti, sem fengi flest atkv. við forsetakjör. — Ég fer nú ekki út í að rekja nánar þær till., sem fram komu um þetta í n., né skýra frá kostum þeirra og göllum. Mér er ekki kunnugt um, hvort einhver þessara till. kann að koma fram hér í hv. deild, en ekki hefur verið ákveðið af neinum, svo að mér sé kunnugt, að hreyfa nokkurri þeirra. Ef þær koma fram, — sem mér þykir ósennilegt, — þá verða þær ræddar.

N. vill taka það sérstaklega fram, að hún leggur til, að sá verði kosinn forseti, sem flest hefur atkv., í trausti þess, að þjóðin hafi þroska til þess að dreifa ekki úr hófi fram atkv. sínum við forsetakjör. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þegar menn vita fyrir fram, að aðeins eitt kjör á sér stað, — aðeins einu sinni kosið, — og að sá, sem flest fær atkv., verður rétt kjörinn, þá ætti að mega gera ráð fyrir því, að landsmenn sameinuðu sig fyrir fram í fáa hópa um frambjóðendur til forsetakjörs, en teldu sér ekki hag né sóma í því að dreifa atkvæðum á menn, sem litlar líkur væru til, að kæmust að. Það bæri ekki vott um mikinn þroska hjá þjóðinni, ef þannig væri á málum haldið. Hitt væri virðulegra, að menn reyndu fyrir fram að gera sér grein fyrir kosningalíkum og fylktu sér um þá frambjóðendur, sem vitanlega hefðu verulegt traust með þjóðinni.

N. þótti rétt að gera nokkuð strangar kröfur um meðmælendafjölda forsetaefna og leggur til í 3. brtt. sinni, að forsetaefni þurfi að hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000, eftir því sem ákveðið verður í lögum. N. setur það ákvæði í þessa brtt., að heimilt sé að ákveða með l., að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum, í hlutfalli við kjósendatölu þar. Með því mætti tryggja, að forsetaefni kæmi ekki til greina, nema það hefði nokkurt fylgi um land allt. Þykir það eðlilegra en hitt, að meðmælendur séu sóttir á örfáa staði í landinu.

Við 6. gr. flytur n. þá brtt., að kjörtímabil forseta verði frá 1. ágúst til 31. júlí að 4 árum liðnum. Breyt. er aðeins sú, að til er tekinn mánaðardagur við byrjun og endi kjörtímabilsins, en í frv. er ekki fastákveðið, hvenær á árinu það skuli byrja eða enda. Þótti nauðsynlegt vegna þjóðkjörsins að tiltaka mánaðardaga. Þessi tími er valinn með tilliti til þess, að heppilegast þykir að láta almennar kosningar fara fram að vori til. Við höfum reynslu fyrir því, sem n. tekur tillit til.

Við 7. gr. er brtt. um það, að þegar kjósa þarf nýjan forseta í stað annars, sem fellur frá, skuli kjörtímabil nýja forsetans að vísu miðast við 4 ár, en þó sé dreginn frá sá tími, sem liðinn er af því ári, sem hann er kosinn á. Verður þetta til þess, að kjörtímabil forseta, sem kosinn er í staðinn fyrir annan, sem frá hefur fallið, verður styttra nokkuð en forseta, sem kosinn er reglulegri kosningu.

Við 11. gr. er brtt., sem einnig er afleiðing þjóðkjörsins. Í frv. eru ákvæði um, að Alþ. geti vikið forseta frá, áður en kjörtímabili er lokið. Nú á þetta ekki alls kostar við þjóðkjörið. Gerir n. ráð fyrir, að þjóðaratkvgr. þurfi til þess, að forseta verði vikið frá. Þó er frumkvæðið lagt í hendur Alþ. í brtt. n., en gert ráð fyrir, að samþykki ¾ hluta þingheims þurfi til þess að krafa um frávikningu forseta verði lögð undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef þjóðaratkvgr. gengur á móti þinginu, þá telst kjörtímabil forseta hefjast af nýju frá þeim tíma, sem atkvgr. fór fram, en Alþingi rofið og efnt til nýrra kosninga. Eru þessi ákvæði sett svo ströng til þess að koma í veg fyrir, að stjakað verði við forseta að ófyrirsynju. Það er ekki rétt, að hægt sé af stjórnmálaástæðum að víkja forseta frá. Búa verður svo um, að honum verði ekki vikið frá, nema brýn nauðsyn beri til svo að segja að allra dómi. Þó verður að vera hægt að koma slíku við, ef forsetanum verður eitthvað það á, sem að flestra dómi gerir það að verkum, að hann geti ekki setið áfram að völdum, eða eitthvað það kemur fyrir forsetann, sem gerir hann óhæfan

til þess að gegna starfi, án þess að hann geri sér grein fyrir því sjálfur. Þessi ákvæði eru sett til öryggis, en vonandi þarf aldrei til þeirra að grípa. N. virtist, að í stjskr. flestra lýðvelda væru einhver ákvæði um, að hægt væri að víkja forseta frá, en alls staðar mjög ströng, og valdið til þess að víkja honum frá ýmist lagt í hendur þjóðþinga eða þjóðanna sjálfra, eftir því, hvernig forseti er kjörinn.

Við 14. gr. er brtt., sem í raun réttri er aðeins orðabreyt. Og það sama má segja um tvær aðrar brtt., þ. e. a. s. við 20. gr. og að nokkru leyti brtt. við 23. gr. Þær eru lítið annað en orðabreyt., en þó vil ég minnast þeirra, af því að þær eru sérstaks eðlis. — Ég gat áðan um það, hver stakkur sniðinn hefði verið fyrir þetta stjskrfrv., þ. e. a. s., að ekkert ætti að vera í því annað en ákvæði, sem væri í sambandi við lýðveldisstofnun og sambandsslit við Danmörku. N. athugaði frv. gaumgæfilega með tilliti til þess, að ekki væri farið út fyrir þessi takmörk. Til þess að tryggja það fullkomlega hefur n. þótt rétt að gera þessar brtt. við 14., 20. og 23. gr. frv. Eru þær brtt. til þess að færa ákvæði þessara gr. til sama orðalags og í gildandi stjskr. En það vill n. taka fram, að þessar brtt. eru aðeins gerðar til þess að útiloka allt tal um óeðlilegar breytingar, en ekki vegna þess, að n. vilji halda því fram, að mþn. í stjskrmálinu hafi farið út fyrir þau takmörk, sem tilskilin voru, þegar hún samdi þetta frv. — Ýmsir utan þings hafa verið að minnast á það, að farið væri í þessum atriðum út fyrir þau takmörk, sem þessi stjskrbreyt. skyldi markast af. Þykir n. rétt að breyta orðalaginu, til þess að þetta tal falli niður.

Þá er brtt. við 24. gr. frv., sem fjallar um þingrof og þingrofskosningar. Þá gr. hafði mþn. orðað af nýju í frv. sínu, og átti hún að koma í staðinn fyrir 20. gr. í gildandi stjskr. Þessi gr. hljóðar svo í gildandi stjskr., með leyfi hæstv. forseta:

„Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en tveir mánuðir séu liðnir, frá því er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en átta mánuðum eftir, að það var rofið."

En hjá mþn. eða réttara sagt í frv. er þetta orðað á þessa lund:

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi. Skal þá láta nýjar kosningar fara fram svo fljótt sem föng eru á, enda komi Alþingi saman eigi síðar en átta mánuðum eftir þingrof."

Sú grein var gerð fyrir þessari breyt. af hálfu mþn., að greinin í frv. væri í fullu samræmi við framkvæmd gömlu greinarinnar í stjskr., en greinilegar orðuð. Þetta er ekki dregið í efa af stjskrnefndum beggja d. nú. Eigi að síður fannst stjskrn. rétt, í samræmi við brtt., sem gerðar eru við 14., 20. og 23. gr., að færa þetta ákvæði í sama horf og í gildandi stjskr., en vill jafnframt, að greinilega sé fram tekið, að ákvæði 24. gr. frv.. ef till. n. verður samþ., beri að framkvæma á sama hátt og ákvæði 20. gr. gildandi stjskr. hafa verið framkvæmd. — Rétt er að geta þess, að í þessari brtt. n. er látin haldast frá gildandi stjskr. ein efnisbreyt., sem var í 24. gr. frv. Hún er í því fólgin, að í frv. er ákveðið, að Alþ. komi saman innan tiltekins tíma, þ. e. a. s., það er gert ráð fyrir því, að Alþ. geti komið saman, án þess að það sé kvatt saman af forseta. En í gildandi stjskr. stendur, að Alþ. skuli kvatt saman af konungi. Þessa breyt. þótti sameinuðum stjskrn. deildanna heimilt að gera, vegna þess að hún snertir starfssvið konungsins áður og forsetans nú.

18. brtt. er við 80. gr. Hún fjallar aðeins um að taka inn í þetta frv., samræmis vegna, að stjskrbreyt. frá 15. des. 1942 sé numin úr gildi með samþykkt þessa frv. ásamt þeim stjórnskipunarlögum, sem í gr. eru upp talin.

Þá er ég kominn að 19. brtt., við 81. gr. Hún er sú eina, sem verulegum ágreiningi olli í n., og hlýt ég að taka fram um hana, að það, sem ég segi um efni hennar, getur ekki orðið fyrir hönd n. allrar, heldur meiri hl. n., þ. e. a. s. allra nm. nema hv. annars þm. Sósfl. í n. og að nokkru leyti einnig hv. 4. þm. Reykv. Ég geri ráð fyrir, að þeir geri grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega til þessarar brtt. En brtt. fjallar um að breyta 81. gr. frv. þannig, að hún orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau." En í frv. er ákveðið, að stjórnskipunarlögin öðlist gildi 17. júní 1944, að afstaðinni þjóðaratkvgr. — Um þessa brtt. var talsverður ágreiningur í n., eins og raunar kemur fram í nál., og er þar nokkuð vikið að þeim rökum, sem hver aðili um sig færði fyrir sínu máli. En ég ætla að minnast með örfáum orðum á afstöðu þm. Framsfl. og Sjálfstfl. í n., sem voru alveg sammála um það, hvernig á þessu atriði skyldi haldið.

Það er nú öllum hv. þingheimi ljóst, að bæði hér í þinginu og utan þings hefur verið nokkur ágreiningur um það, hvenær stofna skuli lýðveldi á Íslandi. Sérstaklega hefur þó ágreiningur verið um það, hvort ákveða skyldi nú þegar stofndag lýðveldisins. Okkur virðist hins vegar augljóst, að mjög mikill meiri hl. á Alþ. og vafalaust einnig mjög mikill meiri hl. allra landsmanna hefur verið og er þeirrar skoðunar, að stofna beri lýðveldi 17. júní 1944. Töldum við því og teljum viðeigandi, að ákvæði um þetta standi í stjskr., sem nú verður samþ. Þessi ágreiningur um gildistökudag stjskr. blandaðist svo saman við ágreining, sem gerður var af nokkurra manna hálfu um það, hversu og jafnvel hvenær framkvæma skyldi sambandsslitin. Þegar þessi mál voru hér til 1. umr. og þessi ágreiningur var ræddur, horfði svo sem hér mundu verða deilur framvegis í landinu um skilnaðinn og stofnun lýðveldis og að þjóðinni mundi ekki auðnast að standa saman sem einn maður. Hins vegar hefur það fram að þessu, — síðan þál. um stofnun lýðveldis á Íslandi var samþ. 17. maí 1941, — verið svo, að þingheimur allur hefur staðið saman og við hvert skref í málinu haft fylgi að heita má allrar þjóðarinnar. Í augum margra nm. var það svo mikils virði, að hægt væri að fá fullkomið samkomulag bæði þingsins og þjóðarinnar um þetta mál, að þeir vildu leggja sig alla fram um að ná samkomulagi. Þó kom ekki til mála af þeirra hálfu að gera nokkurt það samkomulag, sem yrði til þess, að skilnaður við Dani og lýðveldisstofnun færi ekki fram 17. júní í vor, svo sem áformað hefur verið. Það kom einnig í ljós eftir allmikla fyrirhöfn, að hægt var að ná samkomulagi við andófsmenn í málinu, án þess að nokkuð væri

vikið frá þeim ásetningi. Þetta var hægt með því að taka út úr stjskrfrv. ákvæðið um gildistökudaginn, 17. júní, en setja í þess stað ákvæði um, að Alþ. hefði í hendi sér með einfaldri samþykkt að ákveða, hvenær lýðveldisstjskr. gengi í gildi. Ágreiningnum er þannig eytt á þessu Alþ. og allir geta staðið saman við þjóðaratkvgr.

Við nm. vonum, að þessi málsmeðferð leiði til þess, að sams konar eining verði aftur í vor, þegar endanlega á að ganga frá þessu máli. Þá von byggjum við á því, að þjóðaratkvgr. verði svo skýlaus, að ekki þurfi að efast um, að þjóðin sé því fylgjandi, að skilnaður og lýðveldisstofnun fari nú fram í vor hinn 17. júní. Það er augljóst mál, að með því að halda á málum eins og meiri hl. nm. vill nú, þá eru sterkar líkur til þess, að allir standi saman, þangað til málið er komið í höfn. Hefði þetta samkomulag hins vegar ekki verið gert, þá var það alveg víst, að ágreiningur um málið hefði haldið áfram. Þá er þess að geta, að ef það eitt væri gert að taka út ákvæðið um gildistökudaginn, án þess að nokkrar yfirlýsingar fylgdu, þá gæti litið svo út, að þeir, sem 1. des. s. l. bundust samkomulagi um stofnun lýðveldis eigi síðar en 17. júní n. k., hefðu horfið frá þeirri stefnu. En til þess að taka af allan vafa um þetta og gera þingheimi og þjóðinni ljóst, að hér er ekki um stefnubreyt. að ræða af þeirra hálfu, sem gera þetta samkomulag um afgreiðslu málsins nú, hafa fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í n. tekið fram í nál., að þeir teldu sig eftir sem áður bundna órjúfandi samtökum um að stofna lýðveldið eigi síðar en 17. júní. Þessi brtt. við 81. gr. frv. er gerð aðeins til þess að skapa einingu á þ. og þá um leið við þjóðaratkvgr., en ekki til þess að breyta nokkru efnislega frá því, sem áður hefur verið ákveðið.

Af hálfu þeirra, sem voru á móti þessu samkomulagi í n., fulltrúa Sósfl., er því haldið fram, að málinu sé stefnt í hættu með þessari breyt. á frv. Þessu er ekki hægt að finna neina stoð. Í fyrsta lagi liggur það fyrir manni, að 45 þm. eru bundnir samtökum um stofnun lýðveldis á Íslandi 17. júní, og sú yfirlýsing er endurnýjuð nú af þeim, sem fallizt hafa á að taka „17. júní" út úr stjskrfrv. Þá liggur fyrir, að það eru sömu þm. og nú sitja á þingi, sem eiga að ákveða gildistökudaginn að lokinni þjóðaratkvgr., þar sem engar alþingiskosningar fara fram fyrir þann tíma, — og þessir sömu 45 menn, sem bundust samtökum um 17. júní, hafa málið á valdi sínu.

Því hefur verið borið við, að eitthvað gæti komið fyrir, sem kæmi í veg fyrir samþykkt gildistökunnar 17. júní. Ég vil taka það fram fyrir hönd Framsfl., að þau samtök, sem við höfum bundizt um að stofna lýðveldið 17. júní í vor, eru alveg bindandi í okkar augum, og frá þeim verður ekki fremur hvikað en þótt ákvæðin um gildistökuna stæðu í stjskr. Ég veit ekki, við hvað þeir eiga, sem gera ráð fyrir hindrunum. En ef þeir óttast íhlutun annarra þjóða, þá sýnist slíkt ástæðulaust. Ef einhver þjóð ætlaði sér að leggja stein í götu þess, sem við ætlumst fyrir í þessum málum, þá væri það fram komið. Það mundi ekki vera beðið eftir því, að fram kæmi sú þjóðareining, sem verða mun, um þetta mál. Það eru hinar verstu getsakir að ætla nokkurri þjóð slík afskipti, enda allt gengið í gagnstæða átt, sem frá öðrum nálægum þjóðum hefur komið varðandi þá málsmeðferð, sem fyrirhuguð er nú.

Út af því, sem rætt er um hættur, þá vil ég bæta því við, að sú eina hætta, sem við Íslendingar þurfum að forðast, er hættan á sundrung okkar sjálfra um málið. Samkomulag það, sem gert hefur verið, er einmitt gert til þess að koma í veg fyrir slíka sundrung, girða fyrir einu hættuna, sem fyrir hendi er.

Þá er sú ástæða færð fram gegn því að gera þetta samkomulag, að með því sé þjóðinni sjálfri ekki gefinn kostur á að segja neitt um gildistökudaginn.

Þegar þetta mál verður lagt fyrir þjóðina, liggur einnig fyrir yfirlýsing 45 manna um, að lýðveldið verði stofnað 17. júní, og getur þjóðin því ekki verið í neinum vafa um það, að verði stjskr. samþ. af þjóðinni, þá verður gildistaka hennar ákveðin 17. júní í vor. Frá þessu sjónarmiði hefur það því ekkert gildi, hvort dagsetningin stendur í frv. eða ekki.

Þá hefur því verið haldið fram af þeim, sem vilja ekki samkomulagið, að sú málsmeðferð, sem hér er viðhöfð, samrýmist ekki samkomulaginu milli þriggja þingflokka, sem gert var 1. des., og eru okkur, sem höfum unnið að einingu um málið, borin samningsrof á brýn. Þetta samkomulag samrýmist vissulega yfirlýsingu þriggja flokka frá 1. des., sem var um það, að þeir stæðu saman að stofnun lýðveldis á Íslandi eigi síðar en 17. júní 1944 og um að bera fram stjskrfrv. mþn.

Þeir, sem standa saman um að stuðla nú að einingu um málið með því að taka ákvæðið um 17. júní út úr frv., standa eftir sem áður jafnfast á þeim grundvelli að stofna lýðveldið 17. júní í vor, eins og yfirlýsing sú, sem ég lýsti áðan, ber með sér. Þegar einhver skerst úr leik, er nógur tími til þess að tala um samningsrof. Ég veit, að það mun steini hafa létt af þjóðinni, þegar hún frétti um það samkomulag, sem gert hefur verið í stjskrn. þingsins og nú hefur verið frá skýrt. Læt ég svo útrætt um það atriði.

Þá flytur nefndin aðra brtt. við síðari hl. 81. gr., og hljóðar hún þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Er stjórnarskrá þessi hefur öðlazt gildi, kýs sameinað þing forseta fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs þings, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945."

N. athugaði gaumgæfilega, hvort hægt mundi að koma því svo fyrir, að þjóðkjör forseta færi fram jafnskjótt og lýðveldið væri stofnað. N. var ljóst, að skemmtilegast hefði verið, að forsetakjör færi einnig fram af þjóðarinnar hálfu að heita má um leið, en henni virtist ekki hægt að koma því í framkvæmd. N. tók því það ráð að ætla Alþ. að kjósa forseta, sem gegndi starfinu til 31. júlí 1945. Er gert ráð fyrir, að þjóðkjör forseta hafi þá farið fram.

Ég hef þá minnzt á brtt. þær, sem fyrir liggja og skipta einhverju efnislega. Einstakir nm. munu gera gr. fyrir sínum skoðunum að því leyti, sem þær samrýmast ekki nál. Ég vonast eftir því, og það er eindregin áskorun n. allrar, að hv. alþm. fylki sér einhuga um stjskrfrv., hvernig sem fer um einstakar brtt. n. eða einstakra hv. þm.

Ég enda þessa framsögu með því að lesa upp úr nál. örfá orð, sem skýra bezt afstöðu nm. til

málsins í heild. — Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað gaumgæfilega stjórnarskrárfrumvarpið, og er hún einhuga um, að nú sé tímabært að samþykkja lýðveldisstjórnarskrá, og mælir eindregið með því, að Alþingi sameinist nú um samþykkt stjórnarskrárfrumvarpsins, og skorar jafnframt á þjóðina að fylkja sér samhuga um málið við þjóðaratkvæðagreiðslu þá, sem ákveðin hefur verið.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Þótt þessar breytingartillögur séu fluttar af nefndinni, þá hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um sumar tillögurnar, eins og koma mun fram við meðferð málsins á Alþingi og í þessu nefndaráliti. Þessi fyrirvari nefndarmanna um einstök atriði í tillögunum raskar hins vegar í engu fylgi þeirra við frumvarpið sjálft, þótt tillögur nefndarinnar verði samþykktar, né dregur úr áskorun nefndarmanna allra til Alþingis og þjóðarinnar um að fylkja sér einhuga um lýðveldisstjórnarskrána. Byggist þessi afstaða nefndarmanna á þeirri sameiginlegu skoðun, að ágreiningur um einstök atriði verði að víkja fyrir þeirri höfuðnauðsyn, að þing og þjóð sameinist um stofnun lýðveldisins og setningu lýðveldisstjórnarskrár. Leggur nefndin á það mikla áherzlu, að þannig verði á þessu stórmáli haldið á Alþingi og við þjóðaratkvæðagreiðslu þá, sem fram undan er."

Þetta er ósk okkar allra, og þannig viljum við starfa að þessu stærsta máli, sem við höfum nokkru sinni haft með höndum á Alþingi Íslendinga.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Eins og menn vita, er hinn formaður og frsm. hinna sameinuðu stjskrn. ekki í þessari hv. d., og verð ég því að tala af hálfu Sósfl. við þessar umr. hér. Ég mun ræða nokkuð bæði um þetta atriði, sem hv. frsm. annars nefndarhlutans hefur gert að aðalumræðuefni sínu, og fleiri.

Ég vil undirstrika það, sem hann sagði um þýðingu þessa máls og þess, að þjóðin standi sameinuð. Það er nauðsynlegt að gera sér ljóst, þegar samþ. er þessi stjskr., að við erum að framkvæma stórfellda breyt. á stjórnskipulagi okkar. Við erum í fyrsta lagi að afnema síðustu leifarnar af erlendu kúgunarvaldi, sem þjóðin átti við að búa öldum saman, en við erum einnig að breyta þjóðfélagsskipun okkar þannig, að allt valdið kemur frá þjóðinni sjálfri. Við breytum ekki einungis afstöðu okkar út á við til annarra þjóða, við erum líka að breyta þjóðskipulaginu, sem við höfum búið við sjálf, og tryggja, að allt vald sé frá þjóðinni sjálfri og að enginn einn maður hafi sakir erfða eða annars vald umfram aðra.

Formaður Nd.-nefndarhlutans minntist á það, með hvaða rétti við gerðum þessar breyt. Ég vil undirstrika það, sem hann sagði, að við höfum réttinn og höfum ætíð haft hann, því að engin kynslóð hefur né hefur nokkru sinni haft rétt til þess að binda komandi kynslóðir undir ok annarra þjóða. Ef við vildum nota orðið „bylting" um það, þegar þjóð tekur sér rétt, sem henni hefur verið neitað um um aldaraðir, þá er það nokkurs konar bylting, sem hefur verið að fara fram hér á Íslandi s. l. fjögur ár, eða frá 10. apríl 1940, þegar hver einasti þm. samþ. að flytja konungsvaldið inn í landið. En það þýðir, að vald konungs sem persónu gat ekki lengur notið sín og innlendum mönnum var fengið það í hendur, innlendum mönnum, sem má vita, að fylgja þeim l., sem þjóðin setur.

Hinn 15. des. 1942 var staðfest sú stjskrbreyt., sem heimilar Alþ. að afnema konungsvaldið, án þess að til komi staðfesting konungs, heldur látin einungis nægja staðfesting þess manns, sem er handhafi konungsvalds. Þetta er staðfesting þess, að þjóðin er að taka sér sjálf þetta vald, og það er þessi fjögurra ára þróun, sem við erum nú að leggja smiðshöggið á. Það má fullyrða, að þjóðin vildi yfirleitt ekki áframhaldandi konungdæmi, enda þótt einstaka manni kunni að hafa komið það til hugar, og það er nokkur hamingja, að deilan um það atriði varð ekki háværari.

Þá kem ég að brtt., sem sósíalistar fluttu þegar í byrjun um, að forseti skuli vera þjóðkjörinn. Þá voru allir á móti því, þótt nú hafi óðruvísi skipazt.

Það hefur komið fram hér í umr., að vald forseta sé ekki mikið. Ég er því ekki sammála. Ég tel, að vald hans sé mjög mikið. En ef til ágreinings kemur milli þings og forseta, þá á þingið að ráða. Og ég er sammála hv. frsm. um afstöðu hans til neitunarvalds forseta.

Um bráðabirgðaákvæðið er það að segja, að þjóðin á að fá ráðrúm til að búa sig undir kosningar. Sem stendur eru stjórnmálaflokkarnir hin einu skipulagsbundnu öfl, sem viðbúin eru kosningum. Hins vegar tel ég rétt, að t. d. þeir menn, sem mest hafa gagnrýnt stjórnmálaflokkana á Alþ., fái tækifæri til að taka virkan þátt í þeim kosningum.

Hv. 2. þm. S.-M. minntist á niðurfellingu 17. júní sem gildistökudags. Við sósíalistar erum á móti, að þetta ákvæði sé fellt úr, því að með því móti heldur Alþ. enn valdinu til að ákveða, hvenær lýðveldið skuli stofnað, en þjóðinni er ekki fengið það í hendur. Og það er ástæða til að ætla, að þetta vald verði notað til að draga lýðveldisstofnunina, þangað til talað hefur verið við konung. Á þennan hátt tekur Alþ. á sig ábyrgð, sem þjóðin á að hafa.

Hv. 2. þm. S.-M. tók það einnig fram, að þeir atburðir gætu gerzt, sem hindruðu, að lýðveldið yrði stofnað, og ef svo færi, þá yrðu það svo alvarlegir atburðir, að gagnslítið mundi að hafa þetta ákvæði í stjskr. Ég tel ekki sæmandi, að þm., sem talar fyrir hönd meiri hl. þings, skuli gera ráð fyrir því, að stjskr. skuli brotin, enda þótt slíkt hafi eitt sinn verið gert. Ég get alls ekki fallizt á slíkt sjónarmið, og ég verð að segja það, að þegar slík yfirlýsing er gefin, þá fer það vald, sem við erum að samþ. með þessari stjskr., að verða nokkuð rýrt. Og hvers getum við vænzt af mönnum, sem taka sér ekki þyngra en svo að brjóta stjskr.?

Þá minntist þm. á, að erfitt hefði orðið um samkomulag, ef ákvæðinu um 17. júní hefði verið haldið. — Í því sambandi er rétt að geta þess, að fulltrúi sá, er lagði á móti þessu ákvæði, var ekki fulltrúi fyrir allan sinn flokk. Haraldur Guðmundsson hefur lýst yfir, að hann væri með þessu ákvæði. Hins vegar er það vitað, að þótt nú hafi verið slakað til, þá er ekkert endanlegt samkomulag fengið, og það er engin trygging fyrir því, að þessir menn verði með hinn 17. júní. Þeir munu þvert á

móti nota þennan tíma til að gera sem ákveðnastar kröfur um, að lýðveldið verði ekki stofnað, fyrr en talað hefur verið við konung. Við mótmælum ekki gildi einingarinnar í þessu máli, en með þessari skipan er engin eining og ekkert raunverulegt samkomulag fengið. Það virðist því auðsætt, að hér er haldið á af nokkurri skammsýni.

Þær þjóðir, sem kynnu að vera andstæðar sambandsslitum, munu án efa nota öll tækifæri til að draga gildistökuna á langinn. Við teljum því, að með þessu sé málinu stefnt í hættu. En ef þetta ákvæði var haft, þá var skellt í lás og þjóðinni jafnframt fengið það vald, sem henni bar. Það er allveigamikið atriði, hvenær lýðveldið skuli stofnað, og raunar hafa aðalátökin alltaf verið um það. Þess vegna var það, að stjskrn. ákvað að setja 17. júní sem endanlegan gildistökudag.

Frsm. sagði, að meðan enginn hefði skorizt úr leik, væri ekki hægt að áfella neinn. Það væri fyrst hægt að dæma menn fyrir þetta, þegar þeir hefðu sýnt, að þeir vildu ekki, að lýðveldi yrði stofnað 17. júní. Hann gætir þess ekki, að þá er um seinan að iðrast. Það, sem við getum nú tekið ákvarðanir um, það eigum við að ákveða. Með því móti er málið ljósast og öruggast. Það hafa komið hér fram ómaklegar ásakanir í garð okkar sósíalista, einkum frá hv. þm. G.-K. Það kom illa við okkur, þegar farið var að taka ákvæðið um 17. júní út úr. Með því var brugðið einingu hinna þriggja flokka, sem höfðu staðið saman í þessu máli, og samvinnunni var brugðið vegna atriðis, sem er í raun og veru einskis virði, eins og ég hef nú sýnt fram á. Þetta viðkvæma mál um stofnsetningu lýðveldisins gæti orðið harðvítugt deilumál.

Ég álít, að þegar við ræðum þetta atriði, eigum við að athuga, hver verið hefur afstaða Íslendinga *til lýðveldisstofnunarinnar til þessa.* Íslenzk alþýða hefur gert ráð fyrir því, að stofnað yrði lýðveldi, þegar þjóðin yrði frjáls. Árið 1928, þegar fulltrúar Alþfl. lögðu fram fyrirspurn um afstöðuna til lýðveldisstofnunar, þegar skilnaðurinn yrði við Dani, þá fengu þeir ekkert svar. Hinir flokkarnir vildu ekkert um þetta segja. Þegar 20 ár voru liðin, frá því að sambandslögin voru gerð, kom aftur fram fyrirspurn um afstöðu flokkanna til lýðveldisstofnunar. Og það var í gær í sambandi við umr. um skilnaðarmálið verið að minnast á þá yfirlýsingu, sem hv. þm. G.-K. gaf viðvíkjandi afstöðu Sjálfstfl. til skilnaðarmálsins 1937. Hann svaraði þá um leið spurningum viðvíkjandi lýðveldismálinu, og hann segir þar í þeirri þingræðu, sem hann hélt til þess að skýra afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli, þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„En hinn hlutinn er um konungssambandið og aðra óviðkomandi hluti.“

Hv. þm. G.-K. talaði í þessu sambandi um konungssambandið sem óviðkomandi hlut sambandsmálinu, enda tekur hann þetta fram í ræðu seinna á þinginu. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandslagasamningurinn fjallar ekki um konungssambandið, og við höfum enga leið til þess að losna við konunginn á annan veg en með uppreisn eða á þann hátt að banna konungi okkar, eftir að málefnaskilnaður hefur orðið á milli Dana og Íslendinga, að vera konungur í öðrum ríkjum. En það mál er þessu máli alveg óskylt, enda hefur þessi hv. þm. hvorki látið uppi sínar skoðanir né heldur reynt að knýja fram álit annarra flokka við umr. í utanrmn.“

Það er auðséð, að á þessu stigi er ekki búið að taka ákvörðun um þetta, a. m. k. ekki hv. þm. G.-K., að því er snertir hans flokk, að standa með því að stofna lýðveldi á Íslandi, um leið og skilnaður *fari fram við Dani. Framsfl. svaraði ekki fyrirspurn Alþfl.*, ef ég man rétt.

Ég lauk þar við áðan, sem ég hafði rætt um svör við fyrirspurn Alþfl. 1937 um afstöðu annarra þingflokka til lýðveldismálanna, og hafði greint nokkuð frá, hverju hv. þm. G.-K. hafði svarað. Afstaðan var þá þannig 1938, að tveir flokkar, Alþfl. og Sósfl., lýstu yfir því, að þeir væru meðmæltir lýðveldi, en hinir flokkarnir, sem voru þó miklu stærri, höfðu enn ekki tekið afstöðu og höfðu ekki þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir látið uppi, hvað þeir vildu gera. **Ég skal geta þess til** þess að vera fyllilega sanngjarn, að það er ef til vill skiljanlegt, að flokkur stjórnarinnar hafi síður fengizt til að láta uppi, að hann vildi vinna að því að fá afnám konungdómsins, þar sem hann stóð í stöðugu sambandi við konung.

Ekkert var gert til að undirbúa þjóðina undir skilnaðinn. Árið 1939 höfðum við okkar síðustu afskipti af Dönum og konunginum. Það hefur áður verið rætt svo margt um heimsókn Staunings hingað, að ég sé ekki ástæðu til að gera það að sérstöku umræðuefni nú, en mér þykir rétt, að það komi fram í þessu sambandi, hvernig afstaða Sjálfstfl. var þá til málanna, með tilliti til þess, sem hv. þm. G.-K., form. Sjálfstfl., lét falla til okkar *sósíalista. Hinn 12. ágúst 1939 birtir Morgunblaðið* viðtal við Stauning, þar sem hann segir:

„Ég vil, að sambandið haldist milli þessara tveggja nágrannaþjóða. Ég held, að margir Íslendingar óski hins sama.“

Í sama blaði er rætt eftir páv. sendiherra Íslendinga í Khöfn: „Um konungssambandið. Alveg eins var um eitt atriði, konungssambandið. Um það var ekki samið, heldur var því slegið föstu, að við **værum** í sambandi við Dani um einn og sama konung. Þetta var heldur ekki samningur, heldur samningsgrundvöllur. Eftir orðalagi laganna gildir eitt og hið sama um þessi tvö atriði, fullveldið og konungssambandið. Okkur er jafnóheimilt að segja upp konungssambandinu eins og Dönum er óheimilt að taka aftur fullveldisviðurkenninguna.“

13. ág. ritar ritstj. Morgunblaðsins þessi orð í blaðið um „Konungssambandið“: „... því þótt einkennilegt megi virðast, þá hefur svo lengi verið algerlega kyrrt um sambandsmál vort við Dani, að fjöldinn af fólki hefur ekki gert sér grein fyrir því, að konungssambandið er alveg utan við það mál. Skýring sendiherrans á málinu, að því er konungssambandið snertir, var því þörf hugvekja, sem margir eru þakklátir fyrir.“

16. ágúst er talað um sambandsmálið í leiðara Morgunblaðsins, en ekki minnzt einu orði á konung.

Ég skal ekki draga neinar ályktanir af því, hvað þessi orð bera með sér, en það hlýtur þó að vera augljóst, að fastákveðið hefur ekki verið þá, að Sjálfstfl. beitti sér fyrir stofnun lýðveldis á Íslandi.

Þegar styrjöldin skellur á, slitnar sambandið við Dani. Við verðum að gera okkur ljóst, að í hvaða styrjöld, sem er, slitnar sambandið við

Dani. Svo var það 1809, í fyrri heimsstyrjöld og einnig nú. Samband Íslendinga við Dani er alltaf óeðlilegt. Þegar sambandið slitnaði, urðum við að stjórna okkur sjálf, og þá jókst tilfinning okkar fyrir því, að við gætum það, og hin gamla vanmáttartilfinning þvarr. Þá loks vinnur sú hugsun á og sigrar, að Íslendingar séu ekki aðeins færir um að stjórna sér sjálfir, heldur hafi þeir rétt til að gera það og sjálfsagt sé að gera það. 1940—41 stendur Alþ. ekki einungis saman um að slíta sambandið, heldur einnig um að stofna lýðveldi.

Hef ég nú rifjað að nokkru leyti upp, hvað það er, sem svo eðlilega gerir okkur tortryggna. — Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem eining hefur verið um að stofna lýðveldi á Íslandi. Sumarið 1942 voru gefnar um þetta stórorðar yfirlýsingar, og hv. þm. G.-K. lýsti yfir því, að hann mundi beita sér fyrir, að gengið yrði frá lýðveldisstjskr. og lýðveldisstofnuninni. Þá var gert kunnugt út á við, að lýðveldisstjskr. ætti að öðlast gildi á því ári og, eins og síðar kom fram, gerðar sérstakar ráðstafanir til, að slíkar fréttir bærust út til Danmerkur. Eins og hv. frsm. komst að orði, stóð Alþ. og þjóðin öll á bak við þetta. En svo kom þessi bobbi í bátinn, að sú erlenda þjóð, sem mest völd hefur hér, lagði mjög fast að okkur að fresta þessu. Hér á Alþ. var þá reynt að fá því framgengt, að ekki væri látið undan. Vikum saman var reynt að ná samkomulagi um, að haldið yrði svo fast á málunum, að lýðveldi yrði stofnað þrátt fyrir mótmælin. Ég held mér sé óhætt að segja, að lengst af hafi Sjálfstfl. verið á móti því að láta undan. Sósfl. og Alþfl. stóðu einnig ákveðið saman um það, en með Framsfl. voru ýmsir örðugleikar, kjördæmamálið vildi blandast þar inn í. En það var þáv. forsrh., form. Sjálfstfl., sem mest beitti sér fyrir því að láta undan, á móti „hörðu leiðinni", eins og það var kallað hér á þingi. Svo fór að lokum, að Alþ. lét undan þeim þrýstingi, sem þá kom upp, og það voru einmitt þeir, sem gefið höfðu svo stórorðar yfirlýsingar um, að lýðveldi skyldi stofnað, hvað sem hver segði, sem létu undan síga.

Ég vil minna á það út af ásökunum frá hv. þm. G.-K., að það vorum ekki við, sem skárumst úr leik þá. Við stóðum alltaf með ályktunum Alþ. Þeir, sem skárust úr leik, voru menn úr Sjálfstfl. sjálfum. Hitt er það, að þá fengum við reynslu, sem við höfum geymt, og við munum reyna að gera það, sem við getum, til þess að það sama endurtaki sig ekki. Þess vegna stöndum við svo fast um það, að 17. júní standi áfram í stjskrfrv., svo að Alþ. geti ekki farið leiðina, sem farin var 1942, að láta undan. Við vitum, hve Alþ. er miklu næmara fyrir þessum þrýstingi en þjóðin sjálf, og ef Alþ. samþ. að breyta 81. gr., tekur það á sig ábyrgð, sem það getur ekki risið undir. Þjóðin sjálf á að ráða og taka endanlega ákvörðun um þetta atriði.

Árið 1943 var hvað eftir annað farið fram á það, bæði af hálfu Sjálfstfl. og Sósfl., að afgreiða þetta mál, en Framsfl. vildi alltaf fresta því. Síðast nú í nóv. s. l. vildi hann láta fresta því þar til eftir 17. maí, og málið hefur því dregizt mánuð eftir mánuð. Það hefur ekki staðið á okkur. Við skoruðum eindregið á alla flokka að fylkja sér um sjálfstæðismálið, áður en Alþ. var frestað í apríl s. l.

Það, sem ég hef rifjað hér upp af sögu málsins, hef ég gert til að sýna fram á, hvaða átök hafa verið um 17. júní, og til að hindra, að það ákvæði verði strikað út í frv. Við vitum, að það hefur verið settur þrýstingur á, að beðið yrði, þangað til hægt væri að ná tali af konungi. Það heyrðum við einmitt við 1. umr. frá hv. 4. þm. Reykv. Þá var verið að hræða þá flokka, sem til hægri stóðu, með því, að hér væri verið að framkvæma byltingu. Því er enginn efi á, að þetta ákvæði þarf að binda fast, og það verður ekki fastar bundið en með því að láta það standa í stjskr.

Við sósíalistar höfum frá upphafi fylgzt með þessu máli, en við höfum aldrei skoðað það sem sérmál okkar og álítum ekki rétt af neinum flokki þings að gera það. Við höfum heldur aldrei sett það á oddinn við kosningar, en alltaf álitið, að okkur bæri að standa saman um það, hver sem bæri það fram á hverjum tíma. Og það munum við halda áfram að gera, jafnvel þótt okkur finnist nú illa að okkur farið. Við munum ekki grípa til þess að beita hótun, hvað þá meira, um að vera á móti því. En okkur finnst það leitt, að þeir, sem beita hótunum um að vera á móti málinu, ef þeir fái ekki öllu sínu framgengt, þeir ráði, en til hinna, sem undir öllum kringumstæðum er vitað, að verði loyal, sé ekkert tillit tekið. Ég álít það skyldu okkar að vara þjóðina við að fella ákvæðið um 17. júní úr stjskr. Þetta álít ég ekkert flokksmál og veit, að menn, bæði úr Sjálfstfl., Framsfl. og fleirum, eru á sama máli um það.

Að síðustu vil ég beina til hv. frsm. tveimur fyrirspurnum út af því, sem hann hefur sagt. Ég get ekki séð, að nein trygging sé fyrir því, að sömu þm. verði á því Alþ., er saman kemur í júníbyrjun. Það væri því æskilegt, að hann vildi lýsa því fyrir þingheimi, hvernig það sé tryggt, af því að ég tók ekki eftir, að framsaga hans væri svo skýr, að þm. gætu skilið, hvernig þetta er tryggt.

Í öðru lagi sagði hv. frsm., að hann vonaði, að Alþ. mundi standa saman um þetta mál, hvernig sem fer um einstakar brtt.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sósfl., að við munum standa saman um stjskrmálið, hvernig sem fer um einstakar brtt. En ég vil spyrja hv. frsm.: **Hefur hann tryggingu fyrir því, að staðið verði saman nú um þetta stjfrv. af hálfu þeirra manna, sem hér semja, hversu sem fer um einstakar brtt.?** Hefur hann tryggingu fyrir því, að þm. Alþfl. muni greiða atkv. með stjfrv., þó að brtt. n. við 81. gr. yrði felld? Eða er það svo, að þingheimi verði sett skilyrði af hálfu eins manns í n. og hann muni ekki standa með öðrum flokkum nema því aðeins, að hann fái sínum vilja framgengt?

Það hefur verið þjóðleg eining um afgreiðslu þessa máls, allt frá því að það var fyrst tekið fyrir á hæstv. Alþ. Það var þjóðleg eining um það hjá hverjum einasta þm. hinn 10. apríl 1940 að taka æðsta vald ríkisins inn í landið. Það var þjóðleg eining hinn 17. maí 1941, og það var þjóðleg eining um þetta mál, þegar nál. var undirskrifað 1943. Það er vonandi, að sú eining megi haldast, og við verðum að gera það, sem við getum, til þess að svo verði. En jafnframt því, sem við þörfnumst að hafa einingu um þetta mál, þá þurfum við líka meiri festu, þurfum að halda fastar á þessu máli okkar en við höfum gert. Eining og stefnufesta verður að fara saman, annars getur hér orðið undanhald, en ekki sókn.

Við munum ekki bera fram brtt. við þessa umr. Kann að vera, að við gerum það við 3. umr., enda er það talið langréttast „prinsíp", að það, sem n. kom sér niður á, komi fyrst til atkvæða hér í þessari hv. d.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég hafði raunar ekki ætlað að kveðja mér hljóðs, en ég geri það af sérstöku tilefni frá síðasta ræðumanni. En ég tek það fram, að enda þótt ég hafi talið rétt af mér að taka þátt í þessum umr. af þessu gefna tilefni, þá sé ég ekki ástæðu til að fara að gera neina almenna grein fyrir afstöðu þess flokks, sem ég tilheyri, til niðurfellingar sambandslagasamningsins og samþykktar lýðveldisstjórnarskrár. Ég get um öll meiri háttar rök og almenn sjónarmið vísað til þeirra tveggja framsöguræðna, sem fluttar hafa verið hér af hendi skilnaðarn., í Sþ. í gær og af hendi stjskrn. í dag af hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. S.-M. Þær ræður eru skýrar og segja það um efni og eðli málsins, sem ég tel meginmáli skipta, og ég álít, að ég mundi alls ekki bæta þar um, þótt ég færi að ræða málið sérstaklega. En út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. veik að mér, þá vil ég segja nokkur orð.

Hv. þm. sagði, að það hefðu komið fram hér í umr., að vísu um annað mál, en þó þessu skylt, dylgjur í garð Sósfl. og þá sérstaklega af minni hendi. Ég veit, að þeir hv. þm., sem hlýddu á þessar umr., mundu staðfesta það, að ég átti ekki frumkvæðið að þeirri deilu, sem þá fór fram, heldur bar ég þar aðeins af gefnu tilefni hönd fyrir höfuð flokks míns. Ég skal ekki fara út í að rifja upp þá deilu. Mér fannst hún ástæðulítil þá og enn ástæðuminna að vera að skjalfesta þær umr. nú í þessu stærsta máli þjóðarinnar, því að þessar umr., sem nú fara fram, verða síðar á komandi áratugum og öldum lesnar af komandi kynslóðum Íslands, og þegar af þeirri ástæðu gætu þær orðið okkur til sóma, eftir því sem föng standa til. Ég tel, að ekki verði aukið á þann sóma með því að draga þessa tiltölulega lítilfjörlegu misklíð nú inn í umr., en misklíð þessi var um skipun n. til þess að undirbúa hátíðahöld í sambandi við stofnun lýðveldisins. Það er enn minni ástæða fyrir okkur að vera með þessa misklíð nú, þar sem ekki verður annað sagt en að samvinna okkar í stjskrnefndum beggja deilda hafi verið ánægjuleg og í alla staði með ágætum. Við höfum starfað þar dag eftir dag af mikilli alúð og einlægni til þess að leita að sönnum niðurstöðum í þessu máli. Ég held í raun og veru, að varla nokkru sinni hafi komið fyrir nokkur sá ágreiningur, sem rekja mætti til þess flokkaágreinings, sem ríkir hér á hæstv. Alþ. Þvert á móti var það oft áberandi, þegar fram fór atkvgr. um einhver ákveðin ágreiningsefni, hvernig skoðanir manna komu fram á þá lund, að það var alveg auðsýnt, að álit manna skiptist þá á enga lund eftir flokkum.

Ég tek þetta fram af því, að mér finnst rétt, að við njótum þessa sannmælis. Um þessi stórmál þjóðarinnar hefur í n. ríkt sá eini rétti andi. Mér hefði verið það sönn ánægja, ef öll þjóðin hefði getað fylgzt með því, sem þar fór fram.

Ég skal nú ekki gera neina tilraun til þess að auka á þann ágreining, sem fram kom frá hendi hv. 2. þm. Reykv., þótt ég telji betur hlýða að fara um þetta mál nokkrum orðum og setja fram sjónarmið mitt.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að ekki væri hægt að komast hjá því að rannsaka fortíð þessa máls, og lét hann í það skína, að nokkuð mundi á það skorta, að sá flokkur, sem ég tilheyri, hafi sýnt nægilega rögg af sér um það, hvaða stjórnarfar skuli verða hér, þegar við slítum konungssambandinu, — þegar sú stund rennur upp, sem vonandi verður í vor. Hann vitnaði í nokkrar ræður, er ég flutti sem formaður Sjálfstfl. á Alþ. 1937, þegar rætt var um till., sem fram kom frá hendi þáv. ríkisstj. um, að Íslendingar færu að undirbúa það, sem verða ætti, þegar við Íslendingar tækjum í okkar hendur meðferð allra okkar mála og lýðveldi yrði stofnað. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvað þá var sagt, en Sjálfstfl. taldi það ekki koma þar nægilega skýrt í ljós, að Íslendingar ætluðu ekki aðeins að taka í sínar hendur utanríkismál, heldur stjórn allra sinna mála. Um þann orðasveim, sem þá kom fram, spunnust svo nokkrar umr. Í þeim umr. lýsti ég fyrir hönd flokks míns greinilega yfir þeim vilja flokksins að hagnýta þau fyrstu tímatakmörk, sem sambandslagasamningurinn heimilaði, til þess að krefjast endurskoðunar á samningnum og slíta honum með öllu. En ég lýsti líka yfir því fyrir hönd flokksins, að við vildum engan samning gera í staðinn.

Svo mun það hafa verið á Alþ. 1938, þegar sama mál var þar til umr. og 1937, að þá drógust inn í þær umr. umr. um konungssambandið, og það er rétt, sem hv. þm. sagði, að ég nefndi það mál þá óviðkomandi þeirri till., sem þar var til umr. Enn fremur er það rétt hjá honum, að ég lét þá orð falla um það, að sambandslagasamningurinn fjalli ekki um konungssambandsslit. Þetta er rétt eftir haft. En ég get vitnað til þeirrar almennu skoðunar, sem ríkt hefur allt fram á þennan dag, og til tveggja merkra stjórnlagafræðinga og lögfræðinga, hæstv. dómsmrh. og hv. 6. þm. Reykv., sem báðir hafa staðfest þetta. Ég hef því ekki sagt neitt annað en staðreyndir og það, sem verið hefur sameiginleg skoðun allra þeirra manna, sem um þetta mál hafa fjallað fram á þennan dag. Ég get þess vegna ekki litið svo á, að aðrir flokkar hafi verið hollari þeirri ósk, sem nú er efst á baugi, að slíta konungssambandinu og stofna lýðveldi á Íslandi. Enda er það staðreynd og hefur á fullkomnum rökum að byggja, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði og hv. 6. þm. Reykv. lagði líka áherzlu á í ræðu sinni, að innst inni í huga langflestra Íslendinga hafi ávallt búið óskin um stofnun lýðveldis í sambandi við hugsunina um slit konungssambandsins. Þá er það rétt, að um þetta var miklu minna talað en um sjálf sambandsslitin, og sjálfsagt hefur nokkur fjöldi manna gert sér minni grein fyrir þessari hlið málsins. En ég legg áherzlu á, að það raskar ekki þeirri staðreynd, að langflestir, þó með örfáum undantekningum, hafa hugsað sér annað skipulag á æðstu stjórnskipun okkar, þegar þar að kæmi.

Ég vil geta um það, að 1937, þegar þær umr. fóru fram, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, kærði Sjálfstfl. sig ekki um að blanda sér inn í þær umr., og benti ég á það þá, að þetta lægi utan við hið eiginlega umræðuefni. Bar ég síðan fram þessa ósk: Ég leyfi mér að beina því til forseta, hvort honum þyki ekki rétt að fresta atkvgr. um

málið og taka það af dagskrá, til þess að Alþfl. geti komið fram með brtt. Það er sýnt, að þegar á þessu stigi málsins, er rætt var um það, sem ég kallaði óskylt mál, hafði ég talið flokk minn ekki óviðbúnari að taka afstöðu til málsins en svo, að ég gerði það að ósk minni, að málið yrði tekið af dagskrá, til þess að Alþfl. gæfist kostur á að taka ákvörðun um málið, þ. e. a. s. konungssambandsslit og stofnun lýðveldis á Íslandi. Það er rétt að játa það, að síðan þær umr. fóru fram, hefur þjóðin miklu almennar gert sér grein fyrir því, hvað sé eðlilegt samband milli þjóðarinnar og forsetans. Frá því er við í apríl 1940 færðum æðstu stjórnina inn í landið í fyrsta skipti frá því 1262, þá hefur öllum mönnum orðið ljóst, ekki aðeins, að við værum færir um að fara með þetta vald, heldur einnig, að ekkert annað er eðlilegra og að forsetinn sé búsettur hér heima. Ég skal svo ekki að öðru leyti ræða þetta mál.

Út af því, sem hv. þm. sagði varðandi viðræður flokkanna á sumarþinginu 1942 í sambandi við íhlutun Bandaríkjanna um fyrirhugaða lýðveldisstofnun á því ári, þá vil ég segja það, að við höfum yfirleitt ekki talið henta að gera opinberar þær viðræður, sem þá fóru fram. Það voru sjálfsagt innan allra flokka skiptar skoðanir um það, hvort verða ætti við þeim óskum, en það varð þó samkomulag allra flokka að taka þessar óskir til greina. Ég er þeirrar skoðunar, að það, sem við gerðum þá, hafi verið það eina rétta. Það er að vísu rétt, að einn og einn þm. voru og eru enn í dag þeirrar skoðunar, að við hefðum þá stigið víxlspor. En ég vil þó undanskilja hv. 2. þm. Reykv. og flokk hans. Ég veit ekki til þess, að um þetta hafi verið skiptar skoðanir innan flokks hans. Hins vegar veit ég, að innan Sjálfstfl. voru skoðanir manna skiptar.

Ég held nú, að ég þurfi ekki að rekja frekar ummæli hv. 2. þm. Reykv. til þess að sýna fram á, að sá kvíðbogi, sem hann segist bera fyrir einhverjum óhöppum í sambandi við stofnun lýðveldisins, sé úr lausu lofti gripinn, þ. e. a. s., að hann verði ekki studdur við neitt í fortíð þessa máls. Ég held, að með réttum rökum verði ekki sagt, að við höfum gert neitt það, sem rangt er eða gefi tilefni til að halda, að við eigum fyrir höndum að stíga víxlspor í þessu máli.

Hv. þm. lét í ljós mikinn ugg yfir því, að úr frv. hefur verið tekið gildistökuákvæðið um 17. júní. Hv. frsm. svaraði þessum hugsunarhætti og þessum kvíðboga allýtarlega í framsöguræðu sinni, og þar komu fram þau meginrök, sem vakað hafa fyrir okkur, sem teljum okkur eins góða „sjálfstæðismenn" og hv. 2. þm. Reykv. En samt sem áður höfum við fallizt á þetta samkomulag.

Þá varpaði hv. þm. fram þeirri spurningu, hvað það þýddi, ef Alþ. héldi völdunum hjá sér, en fæli þau ekki þjóðinni, svo sem bundið er fyrirmælum í sjálfri stjskr. Og hann svaraði á þá lund, að enn væri þar opinn möguleiki til þess að vona, að sem flestir fagni yfir lokasporinu. Ég er ekki sammála hv. alþm. um það, að ekki hafi átt að ganga til samkomulags og taka úr frv. ákvæðið um 17. júní. Því að hvað leiðir af því, að þetta hefur verið gert? Það leiðir það af því, að við þá atkvgr., sem nú fer fram, höfum við greitt götu þeirra, sem vilja ekki gildistökuákvæðið um 17. júní, til þess að gjalda jáatkvæði við atkvgr. En af því leiðir, að þá höfum við aukið fylgi okkar í þessu máli, og af því leiðir loks, að það dregur úr hættunni á erlendum afskiptum af þessu máli, ef sú hætta er annars nokkur fyrir hendi, — því að því meiri einingu sem þjóðin sýnir, þeim mun minni eru líkurnar fyrir því, að aðrar þjóðir fari að hafa afskipti af þessu máli, úr því sem komið er. Hitt er svo annað mál, að á þennan hátt höfum við með engu móti glatað öryggi okkar né dregið úr því, að 17. júní verði eftir sem áður valinn. Hv. þm. má ekki gleyma því, að þegar þjóðin staðfestir stjskr. við þjóðaratkvgr., þá leggur hún blessun sína á, að Alþ. ákveði gildistökudag, það Alþ., sem hefur nú nýlega lýst yfir því, að 17. júní og enginn annar dagur skuli verða valinn sem gildistökudagur stjskr. Þjóðin hefur þannig ekki sjálf gert 17. júní að gildistökudegi stjskr., heldur einungis falið hæstv. Alþ. að kveða á um þennan dag og engan annan. Þeir eru fáir, sem telja, að ekki megi treysta því, að þjóðin hafi falið Alþ. að kveða á um þennan dag og engan annan, og að það sé hún ein, sem vilji sýna brigðmæli um það, að gildistaka stjskr. fari fram 17. júní. Þó að einhver flóttahugur kynni að koma upp í því liði, sem í öndverðum des. s. l. batzt samtökum um að leggja fyrir Alþ. það lýðveldisstjskrfrv., sem nú er lagt fram hér á hæstv. Alþ. með gildistökudeginum 17. júní í frv., þá get ég ekki séð, að aðstaða til undanhalds í málinu fyrir það lið hafi batnað. Það er sérstaklega skoðun mín, að þessir menn, sem nú samþ. að taka þetta fyrirmæli um, að stjskr. taki gildi 17. júní, úr henni, hafi þrengt dyr sínar til undanhalds í málinu, hvað svo sem fyrir kann að koma. Ég er ekki að gera því skóna, að neinir voveiflegir atburðir gerist til að hamla gildistöku stjskr. En mér skildist á hv. frsm., að hann tæki þann möguleika til greina í umr. Og mér skildist, að hv. 2. þm. Reykv. skoðaði þetta sem fullkominn möguleika. En ég staðhæfi, að ef eitthvað slíkt kemur fyrir, þá eru útgöngudyrnar til undanhalds þrengri fyrir Framsfl. og Sjálfstfl., ef þetta gildistökudagsákvæði er tekið burt úr frv., en ella mundi vera. Þessir flokkar mundu þá — að þeim atburðum orðnum, sem nú eru orðaðir í þessu sambandi, sem yrðu þess valdandi, að þessir flokkar teldu sig tilneydda að bera fram ósk um frestun á gildistöku stjskr., — vita það, að þeir væru lagðir undir ámæli um að hafa haft illan ásetning, þegar þeir gerðu þessa till. um að nema þetta ákvæði burt úr frv. eða féllust á hana. Og ég endurtek það enn, að þar af leiðandi eru útgöngudyrnar þrengri til undanhalds fyrir þessa flokka, þó að aðstæður gerðu það aðkallandi að fresta gildistökunni. Og ég vil sérstaklega undirstrika það, sem hv. frsm. sagði, að ef erlent vald ætlaði nú að hafa afskipti af þessum málum hjá okkur, þá á það ekkert svar að fá annað en að það sé um seinan. — Það má raunar ævinlega segja, að við eigum ekki að taka of mikið tillit til þeirra radda, sem hljóma yfir álana. Ég tel þó, að 1942 hafi verið skynsamlegt að taka það tillit til álits erlendra manna, sem þá var gert. En ég tel, að við höfum svar á reiðum höndum við hvern, sem á elleftu stundu sér sér fært að bera fram óskir um frekari frestun á gildistöku stjskr.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði ekki einu sinni unnizt það á með samkomulaginu, sem fékkst við Alþfl., að við ættum einingu um málið til lokaafgreiðslu þess. Það getur vel verið, að það

megi segja. En það, sem á hefur unnizt, er, að nú er víst um það, að á þessu þingi stöndum við allir saman. Ég hef alltaf lagt ákaflega mikið upp úr því. Ef þetta samkomulag hefði ekki tekizt, þetta samkomulag, sem hefur fært okkur vissuna um einingu um málið á þessu þingi, þá hefðum við í stað þess haft vissuna um óeiningu á þessu þingi. Það, sem þá var um að velja, var annars vegar vissa um óeiningu á þessu þingi og hins vegar vissa um einingu á þessu þingi. Og við einingu á þessu þingi má einnig bæta einingu á því þingi, sem kemur saman í júní n. k. Ég er ekki í vafa um, að þjóðaratkvgr. mun sýna svo mikið fylgi við þetta mál, að menn þurfi ekki að hika við að fylgja því á seinna þinginu. Og ég geri mér vonir um, að niðurstaða þjóðaratkvgr. um niðurfelling sambandslagasamningsins muni hafa gagngerð áhrif á afstöðu Alþ. til gildistökunnar 17. júní. Meginatriði málsins er þess vegna það, að með þessum tilslökunum, sem á engan hátt snerta kjarna málsins, höfum við í meiri hl. á Alþ. bundizt samtökum um málið við fjórða flokk þingsins, sem er gamall stjórnmálaflokkur. Við skulum gera mikið eða lítið úr hans fylgi við málið, eftir því sem menn vilja, en ég hef þá skoðun, að kraftur okkar rýrni ekki, heldur aukist verulega við þátttöku þess flokks í baráttu fyrir málinu. Og við höfum nú skýlausa yfirlýsingu og einlægan vilja fjórða flokksins einnig um jákvætt fylgi við niðurfellingu sambandslagasáttmálans og jákvæða staðfestingu á lýðveldisstjskr. Það er því mikill sigur, sem við höfum unnið í þessu máli, en hefðum ekki náð, ef hv. 2. þm. Reykv. hefði ráðið. En með þessu er ég ekki að halda fram, að hann hafi óskað eftir óeiningu um málið. En hann hefur lagt of mikið upp úr þeim tilslökunum, sem við höfum fallizt á, til þess að allsherjar samkomulag gæti náðst. — Hv. þm. sagðist bera kvíðboga fyrir því, að nú mundi verða farið að freista þess að fá Íslendinga til þess að fresta gildistöku stjskr. og megináherzla á það lögð, að það hefði ekki verið hægt, ef gildistökudagurinn hefði verið ákveðinn 17. júní, því að þá hefði verið búið að skera á þráðinn. En það er búið að skera á þráðinn nákvæmlega á sama hátt og þó að gildistökudagurinn væri ákveðinn 17. júní í stjskr. — og raunar kannske enn þá ákveðnar.

Ég vil svo varðandi þetta atriði segja það, að ég endurtek, að fortíðin er okkur til lofs, en ekki til lasts í þessu máli. Ég held, að það verði dómur sögunnar um undanfarin þing, að þótt þau að öðru leyti hafi ekki borið gæfu til að leysa ágreiningsmál, sem þó eru eðli sínu samkvæmt meiri og stærri en önnur þing hafa átt við að glíma, — og áróður gagnvart Alþ. þess vegna að mestu leyti úr lausu lofti gripinn og stundum af furðulegu þekkingarleysi, — þá verði það okkur til lofs, hvernig við höfum haldið á sjálfstæðismálinu á undanförnum þingum. Og því sorglegra hefði það verið, ef á örlagastund, á elleftu og síðustu stundu, hefði svo til tekizt, að deila, sem ég get ekki kallað annað en deilu um keisarans skegg, hefði orðið til þess, að við hefðum ekki borið gæfu til þess að standa saman í málinu.

Hv. 2. þm. Reykv. endaði ræðu sína á því að segja, að hann hefði alltaf álitið, að okkur bæri öllum að standa saman, og að framkoma hans og flokks hans hefði hnigið að því; hann hefði ekki einu sinni viljað hafa í hótunum um það, að sundur skyldi draga, jafnvel þó að flokkur hans teldi miður farið með ýmislegt í málinu en skyldi. Ég tel þann tilgang lofsverðan, en óska þá einnig og vona, að sá hv. þm. víki til hliðar í huga sér öllum minni háttar skoðanamun og virði það, sem var grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, þegar þeir gerðu það samkomulag, sem orðið er, — og það er í samræmi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. lýsti, að væri sitt grundvallarsjónarmið, mikilvægi þess, að allir mættu standa saman um málið.

Ég skal svo að lokum aðeins segja það, sem ég vona, að gefi ekki tilefni til neinna stórdeilna, að ég lét í ljós við 1. umr. um þetta mál þá von og þá ósk, að takast mætti að sameina Alþ. um þetta mál. Ég hef fyrir mitt leyti af fremsta megni viljað eiga þátt í því, að sú ósk mætti rætast. Þetta samkomulag hefur nú náðst. Og ég fagna því af heilum huga og tel það einn markverðasta og farsælasta viðburð í stjórnmálasögu okkar. Ég tel þetta samkomulag á síðustu stundu gleðilegan fyrirboða nýrrar einingar í þjóðmálum Íslendinga. Ég tel það vott þeirrar nýju blessunar, sem hið fulla frelsi mun færa íslenzku þjóðinni.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því af minni hálfu og Alþfl., hver stefna mín og flokksins væri yfirleitt um það, hvernig framtíðarskipulag á stjórnarháttum Íslands ætti að vera. Ég skal ekki rifja það upp hér, en láta mér nægja að benda á, að Alþfl. hefur fyrir sitt leyti margoft lýst yfir, að markmið hans væri að vinna að því, að lýðveldi væri stofnað á Íslandi. Um það atriði eyði ég því ekki fleiri orðum á þessu stigi málsins, en skal með nokkrum orðum víkja að málinu, eins og það liggur nú fyrir hér í hv. d.

Öllum hv. þingheimi er kunnugt, að í stjskrnefndum beggja d. hefur nú náðst samkomulag, bæði um aðferðina við niðurfellingu sambandslagasamningsins og eins um afgreiðslu á lýðveldisstjskr. svo langt sem það nær. Ég vil taka það fram, að mér, sem átt hef sæti í þessari n. af hálfu Alþfl. og í undirnefnd, sem starfað hefur að þessum málum, er ánægja að því að lýsa yfir, að þeir menn, sem starfað hafa með mér í n. af hálfu Framsfl. og Sjálfstfl., hv. þm. Str. og hv. þm. G.-K., hafa ótvírætt sýnt það, að þeir hafa viljað ná sameiningu og samkomulagi um lausn málsins á þessu þingi. Og sú lausn liggur nú hér fyrir. Ég lýsti einnig yfir því við 1. umr. þessa máls og við frumumr. málsins um niðurfellingu sambandslagasamningsins, að Alþfl. kysi ekkert fremur fyrir sitt leyti en að sameiginleg lausn fengist á þessum málum og að það væri langlíklegast til þess, að þau færu vel og viturlega úr höndum okkar, þegar nú er komið að lokastiginu.

Ég skal aðeins víkja að nokkrum atriðum í till. og áliti stjskrn., sem hér liggur fyrir. Og þá er það fyrsta, sem ræðir um í nál., að þar er gerð skýr og glögg grein fyrir því, að stjskrnefndir hafi verið vissum takmörkunum háðar í starfi sínu nú, þar sem þær hafi orðið að halda sér innan þess sviðs, sem markað er í stjskrbreyt. frá 15. des. 1942, og að aðrar breyt. væri ekki að þessu sinni hægt að gera á stjskr. Íslands en þær, sem beinlínis leiddi af því, að konungsveldi væri niður

fallið og lýðveldi reist í staðinn. En eins og hv. frsm. hinna sameinuðu stjórnarskrárn., — þ. e. frsm. þeirra hér í d., — tók fram og fram kemur í nál., þá er það skoðun allrar n., að vinna beri að því hið bráðasta nú á eftir, að fram fari gagngerð endurskoðun á stjskr. Og ég vil sérstaklega undirstrika þetta atriði af hálfu þess flokks, sem ég tilheyri. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti gert um það ályktun á síðasta flokksþingi sínu, að hann teldi mikla nauðsyn bera til þess, að gerð yrði mjög gagngerð endurskoðun á stjskr. Þar af leiðandi vil ég láta það koma fram, að ég tel sjálfsagt, þegar búið er að ganga frá þeim málum, sem nú liggja hér fyrir, niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og stofnun lýðveldis, að þá eigi að snúa sér að því með mikilli alvöru að endurskoða rækilega stjórnskipunarlög Íslands.

Þá er það og tekið fram í nál., eins og líka var næsta auðsætt, að ýmsar breyt., sem rætt var um í hinum sameiginlegu stjskrn., voru þannig, að nokkuð sýndist sitt hverjum, og ýmsar brtt. komu fram í n., sem náðu ekki samþykki meiri hl. n., og aðrar brtt. voru samþ. með meiri hl., en á móti misjafnlega sterkum minni hl. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að margir nm. hefðu kosið sumt í frv. öðruvísi en nú liggja fyrir till. um í nál. En það er réttilega tekið fram í nál., að nm. voru allir á einu máli um það, að þótt einstakar till. þeirra hefðu ekki náð fram að ganga í stjskrn., þá létu þeir það ekki ganga út yfir málið í heild á þann hátt, að þeir væru andvígir því, að stjskr. yrði samþ. Ég tek það fram fyrir mitt leyti, að ég hefði kosið að hafa suma hluti nokkuð öðruvísi en til er tekið hér í frv. og till. nefndanna. En eins og ég sagði áðan, leiðir það að sjálfsögðu ekki til þess, að á móti málinu verði snúizt. En það er líka tekið fram í nál., að ef brtt. koma fram hér í hv. d. við frv., aðrar en þær, sem í nál. eru, um þau einstök atriði, sem ágreiningur varð um innan stjskrn., þá munu atkv. skera úr hér í hv. d. og á Alþ. yfirleitt um það, hvað ofan á verði, hvort það verði það sama og varð í n.

Þá vil ég sérstaklega minnast á tvö atriði, sem ég hefði kosið að hafa nokkuð á aðra lund en gert er ráð fyrir, eins og málið liggur fyrir nú. Hv. frsm. minntist réttilega á það í ræðu sinni, að það hefði verið ýtarlega athugað í n., á hvern hátt bezt yrði fyrir komið kjöri forseta. Og þegar nm. voru, að ég ætla, nokkurn veginn á einu máli um það, að forsetinn skyldi vera þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, þá var um það rætt, á hvern hátt því yrði bezt og tryggilegast fyrir komið. En niðurstaðan varð eins og brtt. sýna, sem hér liggja fyrir. En eins og líka tekið er fram í nál., þá voru margir í n. óánægðir yfir því, að ekki væru enn þá fleiri atriði sett inn í stjskr. til þess að tryggja, að forseti hefði hverju sinni meiri hl. greiddra atkv. í kosningunni. Þó að við allir gætum vonað það, eins og fram kemur í nál., að forsetakjöri og undirbúningi undir það yrði háttað á þann veg, að forseti yrði kosinn með meiri hl. greiddra atkv., þá er engin trygging fyrir því, eins og kveðið er á um forsetakjörið eftir brtt. n. Hv. 2. þm. Reykv. minntist einmitt á till., sem sósíalistar í n. báru fram og ég fyrir mitt leyti gat fylgt, og það var að láta kjósa upp aftur, ef ekki yrði náð meiri hl. atkv. á einn mann í frumkosningu. En það fyrirkomulag átti ekki að fagna fylgi meiri hl. í n. — Einnig var rætt nokkuð um aðra aðferð, að í frumkosningu og einu kosningu gæfist kjósendum kostur á að velja einn frambjóðanda sem aðalmann og annan til vara, þannig að leggja mætti saman aðal- og varaatkv. við forsetakjör, til þess að nokkurn veginn væri tryggt, að einn frambjóðandi hefði samanlagt meiri hl. aðal- og varaatkv. í kosningunni.

Ég skal ekki segja, hvort einhverjar brtt. koma fram í hv. þd. við frv. þetta við 3. umr. málsins. En ég fyrir mitt leyti hef ekki talið rétt af mér sem nm. að bera fram neina brtt., ef aðrir nm. gerðu það ekki, og vildi ég fara þar um eftir því, sem yfirleitt yrði fylgt af nm. hálfu. En menn eru, eins og í nál. er tekið fram, nokkuð óbundnir um það, ef einhverjar slíkar brtt. kæmu fram um það, sem skiptar skoðanir voru um í n., áður en hún afgreiddi málið hér inn í þingið.

Þá skal ég geta þess, að í bráðabirgðaákvæðinu, sem stjskrn. lögðu til, að sett yrði inn í þessa stjskr., um val fyrsta forsetans, þá hafði ég fyrir mitt leyti líka um það sérstöðu. Ég hefði fyrir mitt leyti kosið, að kjörtímabil ríkisstjóra yrði framlengt, þangað til hægt væri að koma við fyrstu kosningu á forseta lýðveldisins. En skoðun mín um það atriði varð ekki ofan á í n., og er því till. hér um það efni frá n., eins og mönnum er kunnugt. Ég mun ekki á þessu stigi sjá ástæðu til að rökræða um það neitt af minni hálfu, hvort sé heppilegra, en ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að innan n. voru nokkuð mismunandi sjónarmið, eins og oft er um ýmis atriði, sem eru ekki þó aðalatriði máls. Og það er eðlilegt í slíkri n., að meiri hl. atkv. skeri úr, þar sem allir nm. voru loks á einu máli um það, að mikilvægi málsins sjálfs væri svo stórvægilegt, að ýmis aukaatriði og deilur um þau yrðu að lúta í lægra haldi.

Þá skal ég minnast á það atriði, sem í þessu máli hefur helzt sætt umr. í hv. þd., og það er brtt. n. eða meiri hl. n., sem er sameiginleg till. flokksmanna Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. í n. um að hafa gildistökudag stjskr. ekki ákveðinn í stjskr. sjálfri, heldur láta Alþ. ákveða hann, eftir að stjskr. hefur hlotið samþykki við þjóðaratkvgr. — Í nál. eru færð fram þau rök, sem ég fyrir mitt leyti vildi benda á, þessu til stuðnings, þau rök, sem ég flutti einnig við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. Ég álít það alveg ástæðulaust að endurtaka þau hér. Um leið og ég vísa til þessa rökstuðnings í nál., vil ég mega gera ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. geri sitt ýtrasta til þess að ná sambandi við konung, áður en Alþ. ákveður endanlega um gildistökudag stjskr. Vel mætti svo fara, að unnt yrði að stofna lýðveldi á annan, öruggari og glæsilegri hátt, ef svo yrði gert. Og ég tek fram fyrir mitt leyti, að þó að ég hafi ekki viljað binda gildistöku stjskr. á þessu stigi málsins ófrávíkjanlega við 17. júní 1944, þá get ég ekkert sagt um það nú á þessu stigi málsins og nú á þessum degi, hvernig málið muni horfa við, þegar sá dagur nálgast. Og vel má vera, að ég gæti greitt atkv. með því, að stjskr. öðlaðist gildi þennan dag. Eins og málum er nú háttað, er að mínu viti aðeins ástæða til að gleðjast yfir því, að í þessum tveim þáttum þessa máls, sem almennt hefur verið kallað sjálfstæðismálið, hefur nú tekizt það samkomulag innan Alþ., sem allt bendir til, að skapi fullkomna þjóðareiningu. Ég tel, að

með því móti sé rutt úr vegi ýmsum vandkvæðum og að miklu meiri og sterkari líkur séu fyrir því, þegar við stofnum lýðveldi á Íslandi, að það verði fyrir þessar sakir gert á traustari og öruggari grundvelli en ella hefði orðið, og að í sambandi við það geti orðið meiri þjóðarvakning og mjög æskileg þjóðarvakning og afstaðan út á við verði öll sterkari og litið verði á aðgerðir okkar í þessum málum sem aðgerðir einhuga þjóðar, sem veit, hvað hún vill, og vill gera það, sem rétt er og eðlilegt að gera. Með því móti gætum við aukið þjóðareiningu okkar inn á við og skapað okkur það, sem æskilegast væri: traust og álit út á við, um leið og við stofnuðum okkar íslenzka lýðveldi.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Ríkisstj. hefur unnið að þessu máli með stjskrn. beggja d., og tel ég eðlilegt, að frá stj. falli nokkur orð um frv. og það verk, sem unnið hefur verið.

Þingheimur afgr. hér í dag og samþ. þáltill. um niðurfellingu sambandssáttmálans. Þar með var stigið fyrsta sporið til niðurfellingar þess samnins eða slitanna við Dani. En með því var ekki ráðið til lykta þeirri spurningu, hvernig haga skyldi stjórn íslenzka ríkisins, eftir að þau sambandsslit hafa farið fram.

Það hefur verið talað um, að konungssambandið væri ekki niður fallið með sambandslögunum, en sumir hafa sagt, að það væri fallið niður með þeim, eins og danskur rithöfundur einn hefur haldið fram. En hér hefur verið haldið fram þeirri skoðun, að svo væri ekki.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um, hvaða rétt við höfum til að ráða sjálfir stjórn innanlandsmála okkar. Okkur hefur lengi fundizt óeðlilegt, að æðsta stjórnarvald okkar mála væri langt burtu í öðrum löndum, 300 mílur hefur verið sagt, og mér hefur fundizt að ýmsu leyti óánægjulegt að verða að fara af landi burt með l. og önnur stjórnarerindi til þjóðar, sem í seinni tíð hefur að vísu verið okkur vinveitt — og skyld að mörgu leyti, en talar þó aðra tungu og hefur sumpart aðra menningu, og til þjóðhöfðingja, sem talar ekki tungu okkar og skilur okkur ekki svo vel sem við vildum, þó að ýmsir þeirra hafi verið mikilhæfir menn. Um siðferðilega réttinn hefur verið mikið talað, og þarf ég ekki miklu að bæta við það.

Ég vil taka fram til að árétta þetta, að það raunverulega ástand, sem hefur nú verið í fjögur ár, hefur styrkt þá sannfæringu hjá mér, að það geti ekki komið til mála, að við förum nú að afhenda það vald ótilneyddir burt frá okkur til þjóðhöfðingja í framandi landi. Mér finnst það svo mikil fjarstæða, að ég get ekki hugsað til þess. Ég geri ráð fyrir, að sambandsþjóð okkar, sem verið hefur, og forystumenn hennar og þar með þjóðhöfðingi hennar skilji einnig glöggt þá hugsun okkar og sársauka, sem við mundum finna til, ef við ættum aftur að búa við það ástand.

Loks vil ég geta þess, að mér skilst, að lagaréttur okkar, júridíski rétturinn til að ákveða, hvort við viljum hafa sameiginlegan konung við Dani, sé nokkurn veginn glöggur. — Við höfum heyrt stundum, að við gætum ekki skipt um þetta stjórnarform nema með samþykki þess, sem með æðsta framkvæmdavaldið fer, eða þá með byltingu. Hv. 4. þm. Reykv. vék að því, að það væri æskilegt, að stj. reyndi að ná sambandi við þjóðhöfðingja okkar, sem var, að afstaðinni atkvgr. um þál. og stjskr., þegar þar að kemur. Má vera, að það sé hægt. Ég efast ekki um, að skjótt muni berast fréttir til Svíþjóðar frá Íslandi um ályktanir þær, sem hér hafa verið gerðar, bæði þál. og einnig afgreiðslu stjskr., þegar þar að kemur, að því leyti góðar fyrir okkur, að allur þingheimur undantekningarlaust sé samhuga um málið. Hann hefur þegar sýnt það við atkvgr. um þál., og væntanlega greiða einnig allir stjskr. atkv., þegar hún verður afgr. frá þinginu. Þess er líka að vænta, þegar nú er komið á samkomulag við forystumenn Alþfl. um afgreiðslu málsins, að svo algerlega yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar verði fylgjandi málinu. Það kann að vera, að ekki komi eintóm já, það getur verið, að komi einhver nei, en að þau verði a. m. k. mjög fá. Og þegar svo er komið, þá þætti mér ekki óskynsamlega til getið, að konungur og hans menn í Danmörku, sem hann getur væntanlega ráðfært sig við, mundu telja eðlilegt og sjálfsagt, að því væri svarað af þeirra hálfu, að ekkert væri því til fyrirstöðu frá þeirra hendi, að við ákvæðum þetta, eftir því sem við vildum. Mér finnst, að þetta væri það langskynsamlegasta, ég vil segja það eina skynsamlega. En jafnvel þó að þetta svar kæmi ekki, virðist mér, að þegar sambandsslit hafa orðið milli landanna samkvæmt þáltill., sem hér var samþ., þá sé það líka að lögum í hendi okkar, hvernig við skipum æðstu stj. landsins. Þá eru orðin sambandsslit milli ríkjanna, og í 5. gr. stjskr. stendur, að konungur geti ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþ., og það er engum vafa undirorpið, að danska þingið getur sagt við konung, að hann fái ekki að vera konungur á Íslandi án samþykkis þingsins, og við getum eins sagt, að konungur geti ekki verið konungur annars staðar en á Íslandi án samþykkis þingsins. Nú er það sjálfgefið, að konungur mun fremur kjósa að vera konungur yfir Danmörku en Íslandi einu, svo að af þeirri ástæðu mundi það spursmál leysast, að því er mér skilst.

Ég endurtek það, að mér finnst svo sjálfsagður sá siðferðilegi réttur, sem við höfum til að ráða sjálfir, hvernig stjórnarform við höfum framvegis.

Þá vil ég minnast á nokkur atriði þeirra till., sem hér liggja fyrir.

Höfuðbrtt. við frv., eins og það er lagt fram hér í þessari d., er auðvitað forsetakjörið. Það er þungamiðja í breyt. á frv. Eins og stjskrn. skilaði því, er svo ákveðið, að forseti skuli vera kjörinn af Alþ. Í drögum að brtt., sem stj. samdi og lagði fyrir n., var gerð sú höfuðbreyt., að forseti skyldi þjóðkjörinn, og a. m. k. meiri hl. n. hefur tekið þá brtt. upp, að vísu ekki að öllu leyti eins og stj. hafði hugsað sér. Í till. stj. var lagt til, að sá, sem flest atkv. fengi, yrði kjörinn forseti, og varð það ofan á í n., þó að fleiri leiðir mætti fara. Þar er líka lagt til, að kjörtímabilið skuli vera fjögur ár. Sumir hafa hugsað sér árin sex eða sjö, en n. leggur til, einróma að því er virðist, að það skuli ekki vera lengra en fjögur ár.

Viðvíkjandi lausn forseta frá störfum hefur líka verið breytt frá því, sem stendur í frv., eins og það var lagt fyrir. Fer ég ekki nánar út í það.

Þá mun vera ákvæði í 26. gr. frv., sem ýmsir fella sig ekki við, að lög öðlist gildi þegar í stað, þó að forseti synji þeim staðfestingar, en bera skuli þau undir þjóðaratkv., og ef meiri hl. samþ.

þau ekki, þá skuli þau fallin úr gildi, annars öðlist l. gildi, enda þótt þau hljóti ekki staðfestingu forseta. Það er þetta atriði, að l. fái strax gildi, þó að forseti hafi synjað um staðfestingu, sem sumir fella sig ekki vel við, þegar enn er óráðið, hvort l. öðlast fullt gildi, heldur eigi að bíða, þar til þjóðaratkvgr. hefur farið fram. Geri ég ráð fyrir, að fram komi brtt. í þá átt.

Sumir hafa rekið sig á ýmis atriði í brtt., þar sem ekki þykir gæta fullkomins samræmis í orðalagi. Í 2. gr. er sagt, að „forseti Íslands" skuli vera heiti æðsta þjóðhöfðingjans í staðinn fyrir „forseti lýðveldisins". Samt sem áður stendur „forseti lýðveldisins" óbreytt í allmörgum greinum frv. Ég get þessa n. til athugunar, hvort hún telji ástæðu til að gera hér breyt. til samræmis, þó að ég sé ekki í vafa um, að slíkt er aðeins spurning um stíl og samræmi.

Þá er það gildistökudagurinn. N. leggur til, að burt sé fellt að ákveða, að 17. júní skuli verða gildistökudagur stjskr., en í stað þess verði ákveðið, að stjskr. taki gildi, þegar þingið ákveður. Ég hef litið á þetta sem formsbreyt. til samkomulags, og mér skildist, þegar þáltill. var til umr. í Sþ., að einskis manns hugsun væri í þá átt af þessum þremur flokkum, að nein breyt. yrði á því, þó að till. væri vísað til stj. Og í dag hef ég fengið glögga staðfestingu á því, þar sem þrír flokkar þingsins a. m. k. hafa sett sér eftir sem áður, að gildistökudagurinn skuli vera sá sami, 17. júní. Ég vona, að fjórði flokkurinn, Alþfl., og þeir alþingiskjósendur, sem þeim flokki fylgja, geti að lokum einnig fallizt á það sama. Ég vona, að atvikin hagi því svo, að stj. mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að svo megi verða.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál lengra, en lýsi ánægju minni yfir því samkomulagi, sem orðið hefur, og vænti þess, að eftir samkomulag þingflokkanna komi einnig samkomulag kjósenda, að þeir standi saman allir sem einn maður í þessu máli, þegar til hinnar almennu atkvgr. kemur.

Pétur Ottesen: Mér þykir ástæða til að gera á þessu stigi málsins nokkra grein fyrir því, að ég hef sérstöðu um eitt veigamikið atriði í því lýðveldisstjskrfrv., sem liggur hér fyrir, sem tekið hefur breyt. í meðförum þeirrar n., er hefur haft þetta mál með höndum. Mér þykir þetta atriði vera þess eðlis og svo mikið atriði í þessu máli, að ástæða sé til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til þess máls.

Ég vil mjög taka undir þær sigurvonir, sem fram hafa komið í ræðum manna um þetta mál. En mér þykir mjög miður, að það er eins og það komi fram hjá sumum, sem hafa verið að tala um sigur þessa máls, að það er eins og þetta mál hafi ekki verið sigurvænlegt, áður en sú skipan varð á því, sem varð á við meðferð þeirrar n., sem nú hefur haft málið með höndum. Ég vil ekki taka undir þetta, því að málið, eins og það var borið fram, var borið fram til sigurs. En ég vil draga í efa, hvort fyrir það samkomulag, sem hér varð á, er tryggður nokkru öruggari sigur en gert var, áður en þetta samkomulag fékkst.

Þetta mál stóð þannig áður, að vitað var, að innan þingsins voru nokkuð skiptar skoðanir um meginatriði þess, sem tók bæði til þáltill. um uppsögn samningsins og líka til stjskrfrv. Mér skilst, að þessi ágreiningur sé engan veginn úr sögunni þrátt fyrir þetta samkomulag, sem hér er talað um, og mér virðist, að að því leyti, sem þessi nýja aðstaða á að verða til þess að verka á hugsun kjósenda í sambandi við afgreiðslu málsins, þá sé vafasamt, hvort hún er líklegri til þess að hafa áhrif á afgreiðsluna en sú aðstaða, sem áður var.

Í þessu samkomulagsplaggi, sem n. hefur gefið út, er tekið fram af tveimur þeim aðilum, sem standa að þessu máli, Framsfl. og Sjálfstfl., að þótt þeir gangi nú með því að fella niður úr frv., að það skuli taka gildi 17. júní, þá ætla þeir sem áður að styðja eindregið að því, að þetta verði gert. Fulltrúi Alþfl. segir í grg. sinni, að hann hafi ekki hvikað um eitt fótmál frá því, sem hann hélt fram við 1. umr., að það kæmi ekki til greina að láta stjskr. taka endanlega gildi öðruvísi en hægt verði fyrst að ná tali af konungi, svo að að því leyti stendur hann þrátt fyrir samkomulagið nákvæmlega á sama grundvelli og við 1. umr. og í gersamlegri andstöðu við þá menn, sem hafa borið þetta mál fram og ætlazt til, að stjskr. taki gildi, án þess að samræður verði að nokkru leyti hafðar við konung. Í þessu sambandi vildi hv. þm. skora á hæstv. stj. að nota tímann til þess að ná tali af konungi um, hvaða afstöðu hann hefði til þessa máls. Og með tilliti til þess, að hæstv. dómsmrh. fór í ræðu sinni að bollaleggja um það, hvernig konungur mundi svara þessu, hvort hann mundi segja já eða nei, og einnig í tilefni af fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Ætlar hún að leita álits konungs um, hvernig hann taki því, að hér verði stofnað lýðveldi? Ég óska að fá skýr svör undir umr. frá hæstv. stj. um þetta atriði.

Í þriðja lagi kemur svo yfirlýsing frá Sósfl. um, að hann standi gersamlega á sama grundvelli og áður, og telur, að af þessu samkomulagi geti stafað hætta.

Ég verð að segja, að þegar þetta nál. er lesið upp og tilkynnt þjóðinni, þá ber það allt annað en þann samkomulags- og eindrægnisblæ, sem verið er að tala um, að sé í þessu máli. Ég held, að þjóðin sé í miklu meiri vafa um afstöðuna í þessu máli og hvernig málið horfir við en hún var, áður en farið var að ræða það á þessum grundvelli. Þá lá það ljóst fyrir. Þá voru menn ákveðið með og aðrir á móti. Nú teljast allir vera með, en hver með sínum fyrirvara. Ég held því, að engan veginn sé vafalaust um afstöðuna til málsins, þegar það hefur fengið þessa meðferð og er lagt þannig fyrir þjóðina. Þetta er þó sannarlega mikils vert atriði. Það er sannarlega mikils vert, að kjósendurnir geti verið öruggir um, að flokkarnir hafi komið sér saman. En þegar allir flokkar veifa og sveifla fólkinu kringum sig, þá ætla ég, að allir hugsandi menn vilji byggja afstöðu sína á því, hvernig málið er lagt fyrir og liggur fyrir nú, og það því fremur sem nú á að taka af þjóðinni þann rétt, sem þjóðin upphaflega átti að hafa og þingið á að ráða, hvenær stjskr. fær gildi. Þetta gefur kjósendum landsins því meiri ástæðu til að byggja á sínu eigin hyggjuviti og dómgreind, en er því sannarlega engin hvöt til að fylgja bendingum þeirra flokka, sem þeir telja sig fylgja að málum.

Hvernig er þetta mál nú lagt fyrir þjóðina? Ég hef lýst því, sem við blasir. Það hafa verið gerðar

miklar og rækilegar ráðstafanir, eins og rétt var, til að koma þessu máli til eyrna allrar þjóðarinnar með því að lesa það þrásinnis upp í útvarpið. Og hvernig horfir þetta mál þá við, þegar menn eiga að dæma um það út frá eigin hyggjuviti, eins og það er lagt fyrir fólkið? Ég býst við, að mörgum verði á að spyrja: Hvernig stendur á því, að fellt er niður úr frv., að stjskr. verði látin ganga í gildi 17. júní? Þetta er a. m. k. ekki venjuleg aðferð til að afgr. mál, að láta hlutina reka sig svo rækilega hvern á annan. — Menn munu enn fremur spyrja: Hvernig stendur á því, að hv. 4. þm. Reykv., sem hélt fram og heldur enn fram, að ekki megi staðfesta lýðveldisstjskr., fyrr en hægt hefur verið að ná tali af konungi, — og þetta taldi hann, að nú væri útilokað, — hvernig stendur á því, að hann, sem hefur þessa afstöðu, getur gert svona samkomulag? Þegar samtímis því, sem þetta er gert, þá er lýst yfir því, að það hafi enga breyt. í för með sér, því að lýðveldisstjskr. verði látin ganga í gildi þennan dag. Og þá kemur vitanlega fram þessi spurning meðal þjóðarinnar, hvernig á þessu geti staðið.

Hvernig stendur á því enn fremur, spyrja menn líka, að hv. 4. þm. Reykv. gerir annars vegar þennan reginmun á því, að það standi í stjskr. sjálfri, að hún taki gildi 17. júní 1944, og hins vegar, að það standi þar ekki, en því sé samt sem áður *lýst einfaldlega yfir í nál.*, að *svo verði gert*, þegar það er vitað, að jafnmikill fjöldi þm. stendur á bak við lagasetninguna um þetta efni sem á bak við þá yfirlýsingu, er fram er komin í nál.? — Þetta nálgast það í augum manna að vera blátt áfram hinn óttalegi leyndardómur.

Það er ekki langt að minnast þess, að eftir að þetta samkomulag varð í stjskrn., þá lögðu allir í n. aðrir en hv. 4. þm. Reykv. (StJSt) fram þáltill., þar sem lagt var til að kjósa n. manna til þess að undirbúa hátíð á Þingvöllum 17. júní næstkomandi, sem þá átti að fara fram, um leið og lýðveldisstjskr. öðlaðist staðfestingu. Nei, þarna var að áliti hv. 4. þm. Reykv. allt of langt gengið, — hann var á móti því, að þetta væri samþ. hér á hæstv. Alþ. Hann var á móti því, að þetta væri lögfest, og líka á móti því, að það væri staðfest, þó að í þál.formi væri. Og hann vann sitt mál, því að til þess að fá það samkomulag, sem hér er til staðar um málið, þá flýðu þeir þrettán menn, sem að þessari þáltill. stóðu, að einum eða tveimur undanskildum, á náðir ríkisstj. og fóru fram á það við hana að gera það, sem er óvenjulegt, að nokkur ríkisstj. geri, að hún óskaði þess, að málinu yrði vísað til hennar. Með því móti var hægt að komast hjá því, að Alþ. gerði nokkra ályktun. — Ég dreg þetta fram hér til þess að sýna, hvaða reginmun hv. 4. þm. Reykv. gerir á því annars vegar, að um þetta sé gerð samþykkt í l. eða þál. á Alþ., eða hins vegar, að það standi sem einföld yfirlýsing í nál., og þá jafnframt kemur fram í ræðum manna hér á Alþ.

Ég býst við því, að kjósendum landsins þyki þetta hálf-einkennilegt fyrirbrigði í þessu stóra máli og þeir þykist þurfa að fá á því skýringar. Það er engin skýring til á þessu önnur en sú, að hv. 4. þm. Reykv. álíti, að með þessu sé farin miklu greiðfærari leið eða þarna sé opin leið, sem annars væri lokuð, fyrir sig til þess að fá því til vegar komið, að ekki fari fram staðfesting á stjskr., fyrr en búið er að tala við konunginn. Hann gerir þann reginmun á þessari tvenns konar afgreiðslu málsins, hvað þetta snertir. En ef ekki er lagður þessi skilningur í það, þá verður þessi afstaða hv. 4. þm. Reykv. gersamlega óskiljanleg.

Og þá er að athuga þetta: Er það nú virkilega svo, að hv. 4. þm. Reykv. sé svo glámskyggn, að á þessu sé enginn munur? Eða er það svo, að þeim mönnum úr meiri hl. í stjskrn. hafi glapizt sýn í þessu máli? Annað hvort er. Og ég held nú satt að segja, að það sé frekar það síðartalda, sem hér hefur orðið, því að málstaður þeirra var góður, en hinn málstaðurinn var illur og er illur. Við 1. umr. sýndu þeir það ljóslega, sem töluðu af hálfu fylgjenda þessa máls á þeim grundvelli, sem það var borið fram, og þar má nefna, að hv. 10. landsk. (GSv), hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) og hv. þm. G.-K. (ÓTh) sýndu mjög greinilega fram á það — og miklu betur en ég hef á mínu valdi að gera —, hvað það væri hættulegt að taka þetta ákvæði út úr sjálfri stjskr. Þeir sögðu, að það kæmi ekki til mála. Ég vil benda á það, sem hv. 10. landsk. (GSv), forseti sameinaðs þings og formaður í þessum stjskrn. sameinuðum, sagði. Hann sagði m. a., að það væru engar líkur til samkomulags, sem fæli í sér nokkurt hik eða undanhald í þessu máli. Hann sagði, að stjskr. yrði samþ. tímanlega á árinu slindrulaust og eigi síðar en 17. júní n. k. Hann sagði enn fremur um þetta tal hv. 4. þm. Reykv. um að spyrja konunginn eða tala við konunginn, að það að spyrja konunginn væri alveg það sama í þessu tilfelli og ef fullvalda ríki færi að spyrja annað fullvalda ríki um það, hvort það vildi nú ekki ráða yfir sér. Svo mikla fjarstæðu taldi hv. 10. landsk., forseti sameinaðs þings og formaður sameinaðra stjskrn., að fara að tala við konunginn um þetta atriði. Og það ætla ég líka, að sé nokkuð rétt hjá honum. — Hv. 2. þm. S.-M. lagði réttilega á það áherzlu, að það væri meginatriði í þessu að slíta ekki þessi mál í sundur, og átti hann þá við það, hvað stjskrfrv. snerti, að í eitt og sama skipti væri ákveðið efni og innihald stjskrfrv. og þá líka það, hvenær stjskr. öðlaðist gildi.

Ég er ákaflega hræddur um það, að eins og þetta mál er lagt fyrir þjóðina eftir meðferð n. á því, þá verði þessi afstaða hv. 4. þm. Reykv., sem mótar afgreiðslu málsins, mönnum ákaflega torskilin, enda eru farnar að koma fram raddir um það frá mönnum, sem fylgzt hafa vel með afgreiðslu málsins. Þeir segja bara: Eftir þetta botnum við ekki neitt í neinu. Við skildum afstöðuna, sem áður var, — hún var hrein. Sumir voru með, og það var meiri hluti þjóðarinnar, aðrir á móti, en það var ekki nema örlítið brot. Það var hrein og eðlileg afstaða, eins og hún kemur fram daglega manna og flokka á milli, — því að menn gera ekki ráð fyrir, að það sé verið að leika skollaleik hér á hæstv. Alþ. Menn gera ekki ráð fyrir því. Menn líta — enn sem komið er — allt öðrum augum á stofnunina en þannig, að þeir álíti, að slíkt geti átt sér stað.

Svona horfir þá málið við eftir þessa atkvgr. Ég er þess vegna blátt áfram hræddur við það vegna þess, hvernig þetta mál hefur verið fram sett, að menn líti á þá einingu, sem hér er talað um, fremur smáum augum, þannig að glundroðinn, sem kemur hér fram, verði í hugum fólksins

yfirsterkari einingunni, og er það sannarlega hættulegt atriði.

Og þá er eftir að athuga, hvernig þetta lítur út út á við. Það er fylgzt vel með því í útlöndum, a. m. k. á Norðurlöndum, hvað verið er hér að gera í þessu máli, enda hefur því verið haldið fram af hv. 4. þm. Reykv. og líka af svo kölluðum Varðbergsmönnum, að okkur mætti sannarlega ekki sjást yfir, hvað frændþjóðir okkar á Norðurlöndum legðu til málanna. Og það hefur ekki verið lagt í lágina af þeim mönnum, sem andæfa gegn þessum sjálfstæðismálum, eins og stefnt hefur verið að því að afgreiða þau hér á Alþ. Nú sagði hæstv. dómsmrh. hér áðan, að fregnir um afgreiðslu málsins mundu brátt berast til Svíþjóðar og svo frá Svíþjóð til þeirra landa, sem fregnir annars berast til frá Svíþjóð. Og hvernig lítur þetta þá út gagnvart þeim þjóðum? Hafi þessir menn ekki vitað það áður, að tekið var í frv. til lýðveldisstjskr. ákvæðið um, að hún öðlaðist gildi 17. júní 1944, þá fá þeir fregnir af því, að þetta ákvæði hafi verið í stjskrfrv., en hafi verið tekið burt úr því. Og það getur verið, að fregnin berist um það þangað út, að þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþ. um að láta stjskr. öðlast gildi þann dag hafi þetta ákvæði verið tekið út úr stjskrfrv. eigi að síður. Ég býst nú við, að þeir menn standi á svo föstum fótum um þingræði, að þeir leggi meira upp úr því, sem gert er með samþykkt á Alþ. en með yfirlýsingu. Og hvernig lítur þetta þá út í augum þeirra manna, sem úti í löndum leggja hlustirnar við um mál Íslendinga? Þeir geta ekki dregið aðra ályktun af þessu en þá, að það sé eitthvert hik komið á okkur í þessu máli, a. m. k. að því er snertir það að afnema konungdóm á Íslandi. Það þarf ekki að slá neinum skugga á það, að við ætlum að segja upp sambandslagasamningnum. En það er bara ekki nema annar þáttur frelsisbaráttu okkar. En að hika við að slíta konungssambandinu getur orðið til þess, að þessir menn úti í löndum, sumir hverjir, hugsi sem svo: Ætli það séu ekki aðvaranir okkar, sem hafa valdið því, að hik er komið á Íslendinga? — Og það væri þá ekki undarlegt, að þeir menn erlendis, sem hafa litið á sig sem einhverja frelsandi forsjón í þessu máli fyrir okkur, vildu fylgja því betur eftir, þar sem þeir álitu þá kannske, að gætt hafi áhrifa frá þeim. Ég skal ekkert fullyrða um þetta, en ólíklegt er það ekki.

Ég held þess vegna, að bæði inn á við og út á við sé sú breyt., sem hér hefur verið gerð, meira og minna varhugaverð, þ. e. að kippa þessu ákvæði út úr frv., frá því sjónarmiði, hvernig það verkar á hugi manna hér á landi og á hugi manna annars staðar, þeirra manna, sem hafa sýnt, að þeir eru allir af vilja gerðir um að hafa áhrif á mál okkar, þrátt fyrir það að þeim komi þau ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég ber nú samt þá von í brjósti, að þrátt fyrir það að einhverjar viðbótaraðvaranir kunni að koma frá öðrum til okkar Íslendinga og að gengið væri e. t. v. á lagið nú þannig, að þeim fylgdi meiri þungi en áður hefur fylgt slíkum aðvörunum, þá beri íslenzka þjóðin gæfu til að standa af sér slíka íhlutun og afskipti. En ég vil segja það, að það er varhugavert af Íslendingum að vera að gera nokkuð það, sem gefur slíkri íhlutun eða afskiptum undir fótinn. En það má hiklaust halda því fram, að verið sé að gefa þannig undir fótinn með því á þessu stigi málsins að taka þetta ákvæði um gildistökudaginn úr stjskrfrv. Og þær yfirlýsingar, sem eiga að koma þar í staðinn, vega alls ekki á móti því, að þetta ákvæði sé í stjskr. sjálfri, allra sízt að því er snertir álit útlendinga á þessu atriði málsins.

Það getur vel verið, að það sé skýring á afstöðu hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við þetta atriði, þar sem hann sækir mál sitt svo fast, að hann vilji, að engu sé slegið föstu um framkvæmd lýðveldisstjskr. hér á landi, þangað til búið sé að tala við konung, af því að það geti verið stuðningur í þeirri baráttu, sem hann berst. Það hefur sýnt sig, að þeir Íslendingar eru til, sem drepa vilja málinu á dreif.

Þegar afstaða var tekin í þessu máli um mánaðamótin nóv. og des. s. l., 1943, þá var ekkert hik hjá þeim þremur þingflokkum, sem þá afstöðu tóku. Hefur þá nokkuð komið fram, sem sýni, að þessi aðferð, sem um upptöku málsins og framburð hér á hæstv. Alþ. hefur verið höfð, byggist á nokkrum rökum? Nei. Allt, sem upplýst hefur verið síðan, bendir í þá átt, að málið var miklu vissara til sigurs en menn í þessum flokkum höfðu gert sér vonir um, þ. e. a. s., þeir vissu samt um sigurinn fyrir fram. Og á hverju byggðist það? Á því, að eftir að farið var að ræða málið á Alþ., kom í ljós, að afstaða fólksins víðs vegar úti um land var þannig, — og það upplýstist mjög greinilega í sambandi við 1. umr. málsins hér á hæstv. Alþ., — að vitað var um enn þá eindregnara fylgi við skilnaðarmálið og stjskrmálið en áður hafði verið vitað — og það með ákvæðinu um gildistökudaginn 17. júní 1944.

Þá kom það mjög greinilega í ljós, þegar farið var að afla sér upplýsinga um vilja fólksins víðs vegar úti um land, að eini stjórnmálaflokkurinn, Alþfl., sem hafði á Alþ. tekið afstöðu til málsins á þeim grundvelli, að ekki skyldi ákveða gildistökudaginn í stjskr., — hann var skiptur í málinu. Hér í hv. Nd. töluðu þrír hv. þm. í málinu af hálfu þess flokks. Tveir af þeim andæfðu málinu, og aðalþunginn í því efni hvíldi á hv. 4. þm. Reykv. En einn þessara þriggja Alþfl.-manna tók nákvæmlega í sama streng og meiri hl. hv. þd. og lýsti sig eindregið fylgjandi afgreiðslu málsins á sama grundvelli og meiri hl. d. vildi vera láta. Var það hv. 3. landsk. (HG), og í raun og veru lagði enginn þyngri högg að afstöðu hv. 4. þm. Reykv. en sá hv. þm., hans eigin flokksbróðir.

Nú hefur það upplýstst, síðan þetta skeði, að úti um land er afstaða Alþfl. þannig, að hér um bil allur Alþfl. þar er fylgjandi hv. 3. landsk. þm. (HG) og stefnu hans í málinu. Hinir, sem fylgja hv. 4. þm. Reykv. að málum í þessu efni af Alþfl.-mönnum úti á landi, eru ekki nema örlítið brot. Ég held, að hv. þm. G.-K. hafi komizt svo að orði, að þeir, sem fylgdu hv. 4. þm. Reykv. að málum í sambandi við stjskrfrv., væru fáir menn í engum flokki, svo að ég álít, að þar hafi ekki verið neitt að óttast um andstöðu gegn málinu, sem nokkru skipti, en gat hins vegar verið nokkur hvatning fyrir þjóðina í heild til að standa enn betur saman og hvatning fyrir þá, sem börðust fyrir málinu. Íslendingar eru svo, að þeir þurfa nokkra hvatningu. En hættan var engin vegna þessarar andstöðu við atkvgr. Það var því ekkert, sem sérstaklega knúði á um það, að farið væri að

gera það samkomulag, sem e. t. v. hefur það í för með sér að stofna málinu nú enn í nýja hættu.

Og hvað nær svo þetta samkomulag langt? Það er útlit fyrir, að menn standi saman við þessa þjóðaratkvgr. En eftir þessu nýja samkomulagi á það ekki að vera úrslitaatkvgr. Samkvæmt stjskrfrv. átti úrslitaatkvgr. að vera utan Alþingis. En ef þetta samkomulag, sem hér hefur nú verið gert, verður ofan á, þá eru, eftir að þjóðaratkvgr. hefur farið fram, enn eftir tvær atkvgr. á Alþ. um þetta mál.

Mér skilst, þar sem svo mikill þungi er lagður á það af hv. 4. þm. Reykv., að ná beri tali af konunginum, áður en stjskr. er látin öðlast gildi, að ekki væri ólíklegt, að menn sem hann hlustuðu nú eitthvað eftir því, hvort hann segði **já eða nei.** Það væri ekki ólíklegra en að leggja svo mikla áherzlu á, að ná beri tali af honum. Og þrátt fyrir þetta samkomulag þá stendur þetta opið. Og ég tel, að niðurfelling ákvæðisins um, að stjskr. taki gildi 17. júní, sé ekki neitt til aukinnar tryggingar frá því, sem áður var, til þess að fullnægjandi atkvæðamagn fáist með málinu inn á við, og þess vegna sé ágreiningur um þetta mál á Alþ., ef hann á að verða, jafn-ógeðfelldur, hvort sem hann kemur fram nokkrum mánuðum fyrr eða síðar, ef hann verður ekki umflúinn. En það er ekkert, sem tryggir það, að ágreiningur komi ekki fram hér á hæstv. Alþ. á síðara stigi þessa máls. Í mínum augum verður því lítið úr þessari þjóðareiningu, sem verið er að tala um, að fáist með þessu samkomulagi, því að það var þjóðareining fyrir í málinu. Og ef þetta samkomulag verður ekki til þess að kasta skugga á þjóðareiningu um það, þá verður það ekki til þess að auka hana.

Svo er annað. Í stjskrfrv. því, sem hér liggur fyrir, er svo til ætlazt, að þjóðin eigi að greiða atkv. um það sem síðasti aðili, hvaða stjórnarform hún kýs sér. Nú á þjóðin að vísu eftir brtt. við frv. að ákveða þetta stjórnarform, — en bara ekki að ákveða, hvenær hún á að fara að búa við það. Það er Alþ., er á að gera þetta með samþykkt einnar þál., að því er virðist. Ef það ætti að gerast í lagaformi, þá ætti handhafi konungsvaldsins að staðfesta þau l., en afskipti úr þeirri átt eru ekki til að seilast eftir.

Það hefur verið talað hér um þjóðfund, og e. t. v. hefði verið æskilegt að afgreiða málið með þeim hætti. En að framkvæma þá till. á síðustu stundu kemur ekki til mála.

Ég býst við, að litið sé of smáum augum á þjóðina sjálfa með því að lofa henni ekki að greiða atkvæði skilyrðislaust um stjskrfrv., án þess að 17. júní ákvæðið sé tekið út úr því. Það segir til um, hvenær framkvæma skuli þessa löggjöf, og framkvæmd hverrar löggjafar er aðalatriði hennar.

Í rauninni er ekki hægt að taka konungsvaldið nema með byltingu, ef svo mætti að orði kveða í þess orðs beztu merkingu. Slík bylting er þjóðarnauðsyn. En hafa menn nokkrar spurnir af því, að aðili, sem gerir byltingu, feli öðrum aðila að kveða á um, hvenær sú bylting komi til framkvæmda? Hér er það þjóðin, sem gerir þessa byltingu, og svo á Alþ. að ákveða, eftir frv. að dæma, hvenær sú bylting verður. Þetta brýtur í bága við allt, sem menn hafa spurnir af í svipuðum tilfellum, — þessa eru engin dæmi. Þessar aðferðir eru ekki heldur þess eðlis, að verið sé að búa þannig að þjóðinni, að Alþ. sé að uppfylla skilyrði þess, að fyllsti réttur hennar sé viðurkenndur.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. En ég þykist nú hafa gert grein fyrir, hvers vegna ég get ekki greitt því atkv., að orðalagið „eigi síðar en 17. júní“ sé numið burt úr stjskr. Það gerir jafnvel ráð fyrir, að lýðveldisstofnunin fari fram fyrir þennan tíma.

Það, sem ég hef sagt, hef ég sagt af því, að ég fylgi þessu máli af heilum hug og vil, að það sé tekið þeim tökum, sem haldbezt reynast og sómasamlegust, því að að þeim verðum við að búa um ókomna framtíð. Það er einnig frá þessu sjónarmiði, að ég get ekki sætt mig við, að umrætt ákvæði sé tekið út úr stjskr. og málinu með því stefnt í þá hættu, að dráttur kunni að verða á því, að Íslendingar sjái þá langþráðu von sína rætast að verða frjálsir og óháðir og standa á eigin fótum.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jakob Möller: Herra forseti. — Það eru aðeins tvö atriði í þessu frv., sem ég vildi lýsa afstöðu minni til.

Þessi fyrirhugaða stjskr., sem hér um ræðir, er hugsuð og í rauninni yfirlýst sem hrein bráðabirgðastjskr., þ. e. a. s., jafnframt því, sem hún er samþ., er gert ráð fyrir, að stjskr. ríkisins í heild verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar á næstu árum. Ég hygg, að það hafi vakað fyrir stjskrn. þeirri, sem samdi þetta frv., er hér liggur fyrir, m. a. af þessum sökum að tiltaka, að forseti lýðveldisins skyldi vera kjörinn af þinginu. Það hefur vafalaust komið fleira til athugunar í því sambandi og að sjálfsögðu vald forsetans. Og það er vissulega mál, sem hv. þm. verða að taka afstöðu til, hve mikið vald forsetanum er ætlað. Mér virðist, að kosning valdalauss forseta, eins og gert er ráð fyrir í frv., geti í rauninni ekki verið almenn þjóðarkosning. Það er ekki ætlazt til þess, að hann hafi neina sérstaka stjórnmálastefnu, og hann getur þess vegna ekki boðið sig fram til forsetaembættisins sem stjórnmálaleiðtogi. Og mér er spurn, hvernig slík kosningabarátta meðal þjóðarinnar á að fara fram, þar sem ekki er slíku til að dreifa. Það er auðsætt hins vegar, að gera mætti ráð fyrir því, að forsetaefni verði boðin fram fleiri en eitt og fleiri en tvö við sömu kosningar, og kosningabarátta hlýtur þá að verða. Er þess vegna ekki sjáanlegt, að kosningabaráttan geti snúizt um annað en persónueiginleika forsetans. Og það er vissulega ákaflega óheppilegt að stofna til slíkra kosninga um forseta, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki geta snúizt um annað en persónueiginleika forsetans. Hitt finnst mér alveg liggja í hlutarins eðli, að deila megi um, hvort fara eigi að dæmi Bandaríkjamanna og ætlast til þess, að forsetinn sé stjórnmálaleiðtogi og hafi þá viss völd í sambandi við það. En meðan ekki er tekin afstaða til þessa, þá finnst mér alveg auðsætt, að til bráðabirgða beri að haga þessu eins og vakað hefur fyrir þeim, sem frv. sömdu, að forsetinn verði kjörinn af þinginu. — Ég er þess vegna mótfallinn þessari breyt. og mun greiða atkv. á móti henni.

Ég vil svo vekja athygli á 7. brtt. n., þar sem um er að ræða frávikningu forseta, áður en kjör-

tími hans er liðinn. Það er náttúrlega óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því, að forseti geti orðið óhæfur til þess að gegna starfi sínu. Það verður að gera ráð fyrir þeim möguleika, þó að sjálfsagt megi gera ráð fyrir því, að það geti ekki komið nema örsjaldan fyrir, að slíkt hendi. En sá möguleiki er fyrir hendi, og verður þess vegna að setja ákvæði þar að lútandi. Nú er eðlilegt, — þar sem gert er ráð fyrir, að forsetinn verði þjóðkjörinn, — að kröfu um, að honum verði vikið frá, sé skotið undir atkv. þjóðarinnar. Og ég hef ekkert við það að athuga. En mér þykir furðulegt að slá því föstu, að kjörtímabil forsetans sé framlengt, ef þjóðaratkvgr. í því tilfelli fer þannig, að kröfunni sé hafnað, hve lítill munur sem verða kann við atkvgr. Og ef þetta gerðist seint á kjörtímabili, þá á forsetinn að sitja að heita má nýtt kjörtímabil í viðbót, aðeins fyrir það, að krafa um frávikningu hans kann að verða felld með dálitlum atkvæðamun. Nú er vitanlegt, að í slíkum tilfellum geta komizt að persónulegar tilfinningar, persónuleg velvild, þannig að menn kveinki sér við að fylgja slíkri kröfu fram við þjóðaratkvgr. og greiði því atkv. á móti henni, jafnvel þó að þeir hafi hugboð um, að réttmætt sé að gera slíka kröfu, sem hér um ræðir. Er það þá ekki nægilegt, að forsetinn fái hrundið kröfunni, þó að hann sé ekki verðlaunaður fyrir það, að þessi krafa hefur verið gerð um frávikningu hans, með því að kjósa hann til nýs kjörtímabils? Mér finnst það ekki ná nokkurri átt, heldur beri að breyta þessu þannig, að forsetinn sitji í stöðu sinni til loka kjörtímabils síns, ef slík krafa er felld við þjóðaratkvgr., en svo verði að sjálfsögðu að fara fram kosning eins og venjulega, þegar kjörtímabilið rennur út.

Ég hef orðað brtt. um þetta, en sé þó kannske ekki ástæðu til þess að bera hana fram við þessa umr., þar sem þetta ákvæði er í sambandi við þjóðkjör forsetans. Og þó að ég telji að vísu alveg víst, að brtt. um þjóðkjör forsetans nái fram að ganga, og telji það óheppilega ráðið, þá get ég vel játað, að eins og komið er, sé e. t. v. ekki fært vegna vinsemda málsins að stofna til þess, að ágreiningur verði um þetta. Ég hygg, að það sé rétt, að það sé nokkuð almennur vilji kjósenda, að forseti verði þjóðkjörinn, þó að ég sé fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að sá almenni þjóðarvilji sé byggður á fullkomnum misskilningi, þannig að menn geri sér ekki grein fyrir því, hvaða munur er á þjóðkjöri og þingkjöri í sambandi við forsetann og til hvers er stofnað með slíku þjóðkjöri, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég hygg sem sagt, að einmitt það, sem menn almennt hugsa sér að vinna við þjóðkjör forsetans, því einmitt tapi þeir við það, að forsetinn sé þjóðkjörinn, í samanburði við það, að hann sé þingkjörinn. Ég er einnig alveg sannfærður um það, að þegar fram í sækir, verði forsetaefnin við þjóðkjör borin fram af flokkunum og til forsetaefna kjörnir harðvítugustu flokksmenn, sem mest ítök eiga meðal kjósendanna. En ég hygg, að þeir, sem fastast fylgja þjóðkjöri nú, geri það af því, að þeir álíti, að það sé einkum þetta, sem hægt sé að forðast með þeim hætti, að forsetinn verði þjóðkjörinn.

Svo vildi ég aðeins spyrjast fyrir um það, hvernig skilja beri eitt atriði. Það er í 7. brtt., um að krafa Alþ. þurfi að hafa hlotið fylgi ¾ hluta allra atkv. í sameinuðu þingi. Hvað þýðir „allra atkvæða" þarna? Ég er hræddur um, að það megi deila um þetta, þannig að það megi leggja hvorn skilninginn, sem vera skal, í þetta, að það sé átt við ¾ hluta greiddra atkv. eða hins vegar ¾ hluta atkv. allra þm. Ég held þess vegna, að rétt sé að breyta orðalagi þarna.

Svo get ég aðeins tekið undir með hv. 4. þm. Reykv., — því að ég hygg, að hann hafi vakið athygli á því, — að mér finnst alveg öfugt við það, sem vera á, að hafa það ákvæði í stjskr., að 1., sem forseti neitar að staðfesta, skuli ganga í gildi þegar í stað og svo e. t. v. falla úr gildi samkvæmt þjóðaratkvgr.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Ég verð að segja örfá orð í tilefni af því, sem nokkrir hv. þm. hafa sagt, og vil ég byrja á því, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á síðast.

Það getur auðvitað orkað tvímælis, hvort réttmætt sé að ákveða þjóðkjör forsetans með því valdsviði, sem forseta er ætlað í stjskr. Þetta er mín persónulega skoðun. En það var útbreidd skoðun í n., að rétt væri að hafa forseta þjóðkjörinn, þótt ekki væri aukið valdsvið hans. — Margir nm. litu svo á, að þótt forsetinn hefði ekki meira vald en til er tekið í frv. og brtt. n., þá hefði hann eigi að síður mjög þýðingarmiklu starfi að gegna fyrir þjóðina, bæði sem fulltrúi hennar út á við og einnig sem starfsmaður hennar að þýðingarmiklum málefnum, þegar sérstaklega stendur á; einnig vegna þess valds, sem honum er veitt til þess að skjóta málefnum þeim, sem Alþ. hefur samþ., til þjóðarinnar. Það hafði einnig áhrif í n. og áreiðanlega áhrif á mig, sem annars taldi þetta álitamál, að mjög eindreginn vilji hefur komið fram meðal þjóðarinnar í þá átt, að forseti yrði kjörinn beinum kosningum af þjóðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. ber kvíðboga fyrir því, að kosningabaráttan um forsetaefnin verði afar persónuleg, þar sem varla geti verið um það að ræða, að nokkur forseti bjóði sig fram með það fyrir augum að framfylgja ákveðinni stjórnmálastefnu. Það er rétt, að þessi hætta er fyrir hendi, ef menn hafa ekki þroska til þess að bægja henni frá. En við viljum vona, að þessu verði ekki til að dreifa, þótt forseti verði þjóðkjörinn með þessu valdsviði. Við viljum vænta þess, að þeir, sem ötulast hafa gengið fram í því að óska eftir, að forsetinn verði þjóðkjörinn, hinn mikli fjöldi meðal þjóðarinnar, sem það hefur gert, sýni þroska sinn í því að láta þjóðkjörið fara fram þannig, að sómi verði að, en ekki þannig, að forsetaefnin verði dregin niður í svaðið í sambandi við kosninguna, þjóðinni til vanvirðu og stórskaða. Enn fremur finnst mér, að það mætti gera sér vonir um, þegar valdsviðið er ekki meira en gert er ráð fyrir í stjskrfrv., að forsetakjör yrði ekki pólitískt með venjulegum hætti og að menn reyndu að finna forsetaefni, sem þjóðin gæti sameinazt um án tillits til stjórnmálaskoðana. En ef svo tekst til, að á þjóðkjöri forseta verður haldið eins og verið sé að kjósa mann til þess að framkvæma ákveðna stjórnmálastefnu og forsetakjörið fær á sig allan venjulegan pólitískan baráttublæ, þótt forseta sé ætlað þjóðhöfðingjastarf, en ekki leiðtogastarf í stjórnmálum, þá tel ég þjóðkjörið reynast illa.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á, að sér fyndist ekki rétt að framlengja kjörtímabil forseta, þótt þjóð-

in vildi ekki fallast á að setja hann af eftir ósk Alþ. Það má vel vera, að hæpið sé að gera ráð fyrir þessu, en það, sem fyrir n. vakti, var að gera ákvæðið um frávikninguna þannig, að ekki yrði lagt út í slíkt, nema full ástæða væri til. En þó er ekki útilokað, að forseti bryti svo af sér, að meginþorri manna væri á einu máli um, að hann gæti ekki starfað áfram. N. mun athuga, hvort hún telur ástæðu til að breyta þessu að fenginni þessari bendingu frá hv. 3. þm. Reykv.

Þá benti hv. 3. þm. Reykv. á, að í brtt. n. er gert ráð fyrir, að ¾ allra atkv. á Alþ. þurfi til þess að frávikningarkrafa sé gild, og spyr, hvort átt sé við þm. alla eða aðeins þá, sem taka þátt í atkvgr. N. ætlast til, að ¾ allra þm. þurfi að standa að slíkri samþykkt. Munum við athuga, hvort ástæða er til að gera þetta orðalag gleggra.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það í gær, hvort ekki væri ástæða til að samræma betur orðalag stjskrfrv. varðandi heiti forseta, eftir að embættisheiti hans yrði breytt í „forseti Íslands" í stað „forseti lýðveldisins", sem í frv. stendur. Þetta hefur verið athugað í n. og niðurstaðan orðið þær brtt., sem hér liggja fyrir og þetta snerta, en ekki fleiri. Mönnum fannst ekki ósamræmi í því, að ýmist standi í stjskr. forsetinn eða forseti lýðveldisins, þótt embættisheiti forsetans sé forseti Íslands, en það verður greinilega tekið fram í upphafi stjskr., ef till. n. verður samþ. Þótt embættisheiti forsetans sé forseti Íslands, þá er hann eigi að síður forseti lýðveldisins, og má á hann minnast þannig til tilbreytingar.

Þá eru nokkur orð út af athugasemdum, sem fram eru komnar af hálfu hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Reykv., — fyrst út af athugasemdum hv. 2. þm. Reykv. Hann færði ástæður fyrir því af sinni hálfu og meðstarfsmanns síns í stjskrn. úr sama flokki, af hverju þeir hefðu ekki getað fallizt á að taka ákvæðið um gildistöku 17. júní úr stjskr. Færði hann fram sömu ástæður af þeirra hálfu og greinir í nál. Ég hafði í framsöguræðu minni gert grein fyrir, af hverju við framsóknarmenn í n. töldum sjálfsagt að gera samkomulag um málið, og um leið svarað því fyrir fram að miklu leyti, sem fram kom nú hjá hv. 2. þm. Reykv.

Þá hefur hv. þm. G.-K. rakið þetta sérstaklega, eftir að hv. 2. þm. Reykv. talaði, og svarað ýmsu, sem að þessu lýtur. Get ég því verið stuttorður um þetta atriði. Hv. þm. talaði um, að ég hefði gert ráð fyrir því, að íhlutun gæti átt sér stað af hálfu annarra um framkvæmd málsins hér eftir. Þetta er ekki rétt skilið hjá hv. þm. Ég sagði, að fram hefði komið, að þeir, sem væru á móti samkomulaginu, gerðu ráð fyrir, að slík íhlutun gæti átt sér stað. Það er ekki mín spá, að svo muni verða. Ég vil endurtaka, að ég álít enga hættu samfara því að taka ákvæðið um gildistökudaginn úr frv. Ég vil þá einnig endurtaka þá skoðun mína, að ekki muni koma til mála afskipti í þessa átt af hálfu þeirra þjóða, sem við höfum samband við, á þeim tíma, sem eftir er, þangað til gildistakan á að verða. Þótt svo ólíklega bæri til, að slík afskipti yrðu reynd, þá kæmi ekki heldur til mála að snúa við á þeirri braut, sem ákveðin hefur verið, fremur en það stæði í sjálfri stjskr., að lýðveldið yrði stofnað 17. júní 1944.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði mig tveggja spurninga. Önnur var sú, af hvaða tilefni ég hefði sagt það tryggt, að sömu alþm. sætu hér í júnímánuði og nú eru hér. Mér finnst þetta liggja í augum uppi og þurfi ekki útskýringar við, en bendi þó hv. þm. á það, að fyrir liggur trygging fyrir því, sem ég hélt honum væri kunnugt um, að Alþ. verður ekki rofið fyrir 17. júní. — Hin spurningin var sú, hvort ég hefði tryggingu fyrir því, að þingheimur stæði saman að stjskrfrv., hversu sem færi um einstakar brtt., en þessu hafði ég lýst yfir. Mér skilst, að hann spyrji þessarar spurningar í sambandi við afstöðu hv. 4. þm. Reykv. Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi misskilið þetta. Ég taldi mig hafa sagt, að það væri alveg tryggt, að þingheimur stæði saman um stjskrfrv., þótt brtt. stjskrn. yrðu samþ. Þetta var það, sem ég sagði. (**ÓTh:** Nei, hv. þm. sagði hitt!) Það hefur þá verið mismæli, sem leiðréttist hér með, því að ég hef ekki heimild til þess að segja annað og meira en það, sem nú hefur verið greint. Eins og allir hv. þm. vita, þá hefur hv. 4. þm. Reykv. gert það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að brtt. n. við 81. gr. verði samþ., en um það er samkomulag allra nema fulltrúa Sósfl. í n.

Þá aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði. Hann sagðist óttast, að samkomulag það, sem gert hefði verið, yrði til þess að gera málinu örðugra fyrir og spilla fyrir því innan lands, með þjóðinni sjálfri. Þetta tel ég mikinn misskilning. Ég tel, að þessu samkomulagi verði fagnað af þjóðinni og að það auki stórkostlega veg Alþ. Það er glæsilegur sigur, að þetta samkomulag hefur náðst, án þess að nokkuð væri slegið af þeim ákvörðunum, sem teknar höfðu verið um stofnun lýðveldis í vor.

Hv. þm. Borgf. sagðist kvíða því, að óhugur kæmi í menn og að menn skildu ekki þetta samkomulag. Hann þarf engu að kvíða í því efni. Ég er sannfærður um, að menn koma undireins auga á, að það er sjálfsagt að vinna það til samkomulags fyrir þjóðaratkvgr. að taka gildistökudaginn úr frv. Með því er opnaður möguleiki til þess, að allir standi saman endanlega eftir þjóðaratkvgr., einmitt um 17. júní. Þannig vonum við, að þetta fari. Hv. þm. kvaðst óttast, að þessi meðferð yki hættuna á erlendri íhlutun. Ég hef sagt skoðun mína á þessu atriði í sambandi við ummæli hv. 2. þm. Reykv., en vil bæta því við, að frá mínu sjónarmiði er aðeins eitt til, sem orðið gæti til þess, að athugasemdir kæmu frá öðrum þjóðum, og það er sundrung landsmanna sjálfra. Ég veit, að standi Alþ. saman um þetta mál, þá gerir þjóðin það einnig, og þá þarf engu að kvíða.

Hv. þm. sagðist ekki vera ánægður með framkomu ýmissa þm. nú, sem hefðu verið mjög skeleggir í málinu við 1. umr. þess hér á Alþ. Það er misskilningur hjá hv. þm. Borgf., að menn séu ekki jafnskeleggir og þá. Mér finnst alveg ástæðulaust, að menn leggi sig fram til þess að láta líta svo út sem samkomulag, er nú hefur verið gert í málum þessum, sé vottur um nokkurt hik.

Ég benti á það við 1. umr. málsins, að saman yrði að fara stofnun lýðveldisins og sambandsslitin, og það samkomulag, sem hér hefur verið gert, er í fullu samræmi við þá stefnu. Ég vil minna á, að í þál. um sambandsslitin er ekki til tekinn neinn sérstakur dagur, þegar sambandslagasamningurinn skuli felldur úr gildi. Það er lagt í vald Alþ.,

hvenær gengið er frá sambandsslitunum með ályktun. Það er í fullu samræmi við þetta, að Alþ. sé ætlað að ákveða gildistöku stjskr. eftir þjóðaratkvgr.

Ég vil svo að endingu benda á, hvernig málið stendur nú. Það verður fullt samkomulag um það á þessu Alþ., þannig að allir þm. munu greiða atkv. með skilnaðinum og allir þm. munu greiða atkv. með lýðveldisstjskr. Forustumenn allra stjórnmálaflokka munu skora á þjóðina að fylkja sér um málin við þjóðaratkvgr. — Ef við hefðum ekki gert samkomulag, þá hefðu deilur um málið haldið áfram málinu til einhvers tjóns og öllum góðum mönnum til sárra leiðinda. Ágreiningurinn hefði bólgnað í meðförum, eins og oft vill verða, en nú hjaðnar hann niður, þegar menn taka að vinna saman að þjóðaratkvgr.

Hér hefur því vel ráðizt. Svo mun landsmönnum finnast, og það mun verða metið af öðrum þjóðum.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls, þegar ég flutti það inn í þingið, gat ég þess, að stj. mundi bera fram nokkrar brtt. við frv. og meðal þeirra væri sú, sem kynni að lúta að valdi forseta. Stj. bar síðan fram við stjskrn. nokkrar brtt., og meðal þeirra var brtt. við 26. gr. frv., eins og mþn. hafði gengið frá því og stj. lagt það fyrir. Þessi brtt. hefur ekki náð samþykki í stjskrn. Ég verð að segja það, að þetta fellur mér og stj. heldur miður. Eins og efni lagagr. er, þá er það nokkuð óviðkunnanlegt, svo að vægt sé komizt að orði, og spurningin er um það, hversu heillavænlegt það er, eins og það er orðað í gr. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við frv. í samræmi við þá till., sem kom frá ríkisstj. og lögð var fyrir stjskrn. Aðalatriðið — og eina atriðið, sem máli skiptir, er spurningin um það, hvort frv., sem forsetinn hefur synjað staðfestingar, á að öðlast gildi allt að einu til bráðabirgða, þangað til þjóðaratkvgr. hefur skorið úr.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að þetta ákvæði kemur í bága við 2. gr. stjskrfrv., sem mælir svo fyrir, að Alþ. og forseti lýðveldisins fari saman með löggjafarvaldið. En auðvitað má segja sem svo, að þetta sé undantekningarákvæði frá aðalreglunni, og benda á, að þetta bráðabirgðaástand sé líkt ákvæði 28. gr. stjskr., þar sem ákvæðið er, að gefa megi út brbl., og að því leyti séu bæði ákvæðin „parallel" eða samhliða. Ég vil benda á, að í 28. gr. er aðeins um að ræða neyðarrétt fyrir löggjafarvaldið, og sá neyðarréttur birtist í því, að annar aðili löggjafarvaldsins er ekki tiltækur, en hins vegar brýn nauðsyn að gefa út lög. Á þessu byggist ákvæðið, og það fellur úr gildi, ef það er ekki samþ. af eftirfarandi Alþ. Hins vegar er þessi neyðarréttur ekki til í því tilfelli, sem um ræðir í 26. gr.

Forsetinn, annar þáttur löggjafarvaldsins, er alltaf við. Alþ. hefur sett sín lög, og forsetinn er til staðar. Í hinu tilfellinu hefur hinn þáttur löggjafarvaldsins, Alþ., ekki verið til staðar. Í báðum þessum tilfellum er það ekki vafamál, að hér skapast réttaróvissa til bráðabirgða. Þegar brbl. eru sett, skapast réttaróvissa um það, hvort framkvæmdarvaldið hefur farið rétt að ráði sínu, og ég veit, að Alþ. vakir vel yfir því, að framkvæmdarvaldið beiti ekki þessu valdi sínu nema í ýtrustu nauðsyn. Og þar sem sú stj., sem nú situr að völdum, hefur ekki fullt traust Alþ., þá reynir Alþ. að binda hendur þeirrar stj. eins fast og unnt er, vegna þess að það skapar réttaróvissu, er stj. gefur út brbl.

Eins er það ekki vafamál, að réttaróvissa skapast við það, að Alþ. eitt setur l., án þess að hinn þáttur löggjafarvaldsins standi að þeim. Þessi réttaróvissa gæti varað í fleiri mánuði, því að allt er undir því komið, hvernig hagar til um árstímann, hvað þetta bráðabirgðaástand stendur lengi yfir. Við skulum segja, að Alþ. setji l. í nóvembermánuði. Væri það tiltækilegt að bera þau undir þjóðaratkv. um miðjan vetur? Nei, það fengist engin vissa fyrir því, hvernig þjóðin tæki undir málið, fyrr en í apríl eða maí.

Nú er ég ekki svo kunnugur lýðveldisstjskr. annarra ríkja, að ég viti, hvort í þeim finnist nokkurt slíkt dæmi, að löggjafarþingið geti sett l., sem taki gildi strax, án þess að hinn aðili löggjafarvaldsins, forsetinn, ljái því aðstoð sína. Það er víst, að það lýðveldi, sem stendur með mestum blóma og er það stærsta, Bandaríkin, þau leyfa ekki, að l. frá þjóðþingi Bandaríkjanna skuli fá gildi til bráðabirgða, ef forseti synjar, heldur er sú aðferð viðhöfð, að synji forseti, skulu l. borin aftur undir þingið, og ef það samþ. þau að nýju með „kvalifíceruðum" eða auknum meiri hl., þá fyrst verða þau l.

Nú verð ég að segja, að eins og nú er gengið frá setningu l. eftir þessari stjskr. og gildandi stjskr., getur það verið áhættumikið að leyfa, að l., sem aðeins eru sett af öðrum þætti löggjafarvaldsins, öðlist gildi, þótt aðeins sé til bráðabirgða. Setjum svo, að lagafrv. komi í Sþ. Eins og Alþ. er nú skipað, þurfa 27 þm. að vera á fundi og taka þátt í atkvgr., en af þessum 27 þm. þurfa ekki fleiri en ⅔ að greiða frv. atkv., til þess að það sé orðið að l. Það eru sem sagt 19 þm. af 52 þm., sem geta sett l. á Alþ. Nú skulum við segja, að svona l., sem sett eru af Alþ., séu borin undir forseta og hann neiti að staðfesta þau. Þá leikur ekki vafi á því, að það skapar viðsjárverða réttaróvissu, ef slíkt lagafrv. skyldi samt vera í gildi óákveðna tölu mánaða.

Ég hef þess vegna leyft mér að bera fram þessa brtt., til þess að stjskrn. gæfist kostur á að athuga þetta ákvæði að nýju. Ég fyrir mitt leyti teldi, ef Alþ. gæti ekki fallizt á till. á þskj. 94, að fara mætti aðra leið, ef Alþ. setur l., sem forseti neitar, og hún er sú, að l. yrðu þegar í stað borin undir Alþ. aftur og krafizt „kvalifíceraðs" eða aukins meiri hl. Ef forseti neitar nú í annað skipti að undirskrifa l., eftir að fenginn væri aukinn meiri hl., þá teldi ég ekkert varhugavert, að l. öðlist gildi, og þá mætti auðvitað enn fremur bera þau undir þjóðaratkv. Mér virðist, að með ákvæði 26. gr. frv. sé þáttur forsetans í löggjafarvaldinu settur svo lágt og honum gert svo lágt undir höfði, að það sé jafnvel ekki fullsæmilegt. Ef þetta ákvæði stendur svona, að l. öðlist gildi, án þess að forseti hafi staðfest þau, er þáttur forsetans í löggjafarvaldinu orðinn aðeins formið eitt og ekkert annað. Og það er þó vissulega ekki meiningin, að þessi aðili, sem svo hátíðlega er kveðið á um í 2. gr. stjskr., að fara skuli með löggjafarvaldið ásamt Alþ., sé ekkert annað en verkfæri í hönd-

um hverrar sitjandi stj. eða ráðuneytis, sem bæri frv. fram fyrir hann til undirskriftar. Ég óska þess vegna, að stjskrn. vilji taka þetta atriði til athugunar að nýju, og ætla ég í trausti þess að taka brtt. aftur til 3. umr.

Ég vil að lokum taka undir þau ummæli hæstv. dómsmrh., að æskilegt væri að ganga betur í gegnum það til samræmingar, hvar standa skuli „forseti lýðveldisins" og hvar aðeins „forseti". Mér finnst ekki í öllum greinum fullt samræmi í þessu, en það getur verið sumpart smekksatriði, hvar standa skuli „forseti" í þessum gr. Þar, sem æskilegt er að skilgreina forseta, þannig að tekið sé fram, að það sé forseti lýðveldisins, þá er það nauðsynlegt, en þar, sem það er ekki nauðsynlegt, finnst mér fara betur á því, að alger samræming sé viðhöfð.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Hv. þm. Borgf. beindi til mín fyrirspurn þess efnis, hvort stj. hefði ákveðið að þera málið um stofnun lýðveldis undir konung. Ég get nú ekki svarað þessu á annan hátt en segja, að stj. hefur ekki tekið nokkra ákvörðun um þetta atriði. En það, sem ég sagði í ræðu minni í gær og sennilega hefur gefið hv. þm. Borgf. tilefni til þessarar fyrirspurnar, var eitthvað á þann hátt, að það væri óskynsamlegt að óttast dönsku stj. eða konunginn eða að þessir aðilar reyndu að setja fótinn fyrir þessar ráðagerðir okkar. Ég mun einnig hafa sagt eitthvað á þann hátt vegna ummæla í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að það, sem stj. kynni að gera í skiptum við þessa tvo aðila, yrði auðvitað gert með ráði Alþ. Annars má geta þess hér, að þál. frá 17. maí 1941 var stjórnarleiðina tilkynnt konungi og dönsku stj., og ég ætla, að það hafi verið gert með vitund og fullu samþykki Alþ. Í samræmi við þetta virðist mér annað óhjákvæmilegt en stj. tilkynni þessum aðilum með sama hætti megnið af þeim ályktunum um þessi efni, sem gerðar eru nú og síðar.

Það er hins vegar alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði og gerði ráð fyrir, að auðvitað mundu fregnir af þessu berast símleiðis héðan af landi til Svíþjóðar og þar af leiðandi komast á hinn ákveðna stað, sem þeim væri ætlað, og af þeim ástæðum er ekkert eðlilegra en íslenzka stj. tilkynni hinum aðilanum, hvað hér sé gert. — Eins og ég tók fram áðan, er sjálfsagt, að ákvarðanir um þetta efni verði teknar í samráði við Alþ., og sú tilkynning verður því að vera eins og stj. og Alþ. koma sér saman um að hafa hana.

Ég vil taka það fram, að það, sem ég segi hér, er aðeins mín persónulega skoðun, vegna þess að þetta atriði hefur ekki verið rætt í stj. En mér virðist, að fara eigi að með sama hætti og sumarið 1941.

Í fyrri ræðu minni gleymdi ég að geta um eitt atriði, en það er ákvæðið um stundarsakir. Ég held, að athuga þurfi það að nýju vegna þess, að eins og ákvæði þessi eru nú, eru þau ekki í fullu samræmi við ákvæði þessa frv., sem borið var hér fram í gær, um réttarstöðu danskra ríkisborgara. Ég vildi hér aðeins geta þessa, ef ég skyldi gleyma að segja stjskrn. frá þessu, til þess að hún athugaði þetta.

Pétur Ottesen: Ég tek svar hæstv. dómsmrh. þannig, að það komi vitanlega ekki til mála, að stj. fari að leita viðtals við konung á þá lund, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur haldið hér fram, að gera ætti, enda væri það í fullu ósamræmi við álit mikils meiri hl. Alþ.

Ég ætla mér nú ekki að vekja neinar deilur frekar en orðið er við hv. frsm. stjskrn. Við höfum hér lagt fram hvor sína skoðun um þau atriði, þar sem okkur ber á milli í meðferð þessara mála, og um þær breyt., sem gert er ráð fyrir, að fara eigi fram á stjskrfrv. En ég vil aðeins segja, að það, sem hv. frsm. stjskrn. sagði nú um þessi atriði, þurrkar alls ekki úr huga mér þann ótta, sem ég hafði látið hér í ljós, að mér stæði stuggur af því, sem hér er að gerast og endahnúturinn verður sennilega bundinn á við atkvgr. hér í dag.

Það var aðeins eitt í ræðu frsm., sem ég vildi minnast á. Hann sagði, að í þáltill., sem nú er búið að samþ., þar sem sagt er upp sambandslagasamningnum, væri ekkert tekið fram um það, hvenær endanlega ætti að ganga frá atkvgr. um afgreiðslu þeirrar þáltill. hér á Alþ. Þegar þessi mál voru lögð fyrir Alþ., bæði skilnaðartill. og lýðveldisstjskrfrv., sem hér liggur nú fyrir, var sagt í stjskrfrv., að lýðveldisstjskr. skyldi öðlast gildi 17. júní næstk., og þess vegna var það, að samþykkt þáltill. um sambandsslit er bundin af þessu ákvæði í lýðveldisstjskrfrv. En eftir að búið er að taka þetta út úr lýðveldisstjskrfrv., er þetta hvort tveggja óbundið að þessu leyti og hvílir eingöngu á þeim yfirlýsingum, sem gefnar eru hér á Alþingi og eru í nefndaráliti því, sem hér liggur fyrir. En á þessu, álít ég, að sé mjög verulegur munur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,2 (ný 3. gr) samþ. með 26:1 atkv.
4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 71,3 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 71,4 (ný 6. gr.) samþ. með 27:1 atkv.
— 71,5 samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
8.—9 gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 71,6 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,7 samþ. með 26:1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,8 samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,9 samþ. með 29 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,10 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 71,12 samþ. án atkvgr.
22. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 71,13 samþ. með 29 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 71,14 (ný 24. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 71,15—17 samþ. án atkvgr.
28.—30. gr., svo breyttar, samþ. með 30 shlj. atkv.

31.—34. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
35.—58. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
59.—61. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
62.—64. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
65.—79. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 71,18 (ný 80. gr.) samþ með 29 shlj. atkv.
— 71,19 (ný 81. gr.) samþ. með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, JakM, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, JörB.
nei: PO, SigfS, SG, SK, STh, SÞ, ÞG, ÁkJ, EOl.
5 þm. (SvbH, GG, HelgJ, IngJ, LJós) fjarstaddir.
Brtt. 71,20 samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 98, 94, 99).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Stjskrn. beggja d. hafa komið saman í tilefni af umr. þeim, sem orðið hafa um frv. Þær hafa komið sér saman um flutning brtt. á þskj. 99 við frv., eins og það er nú eftir 2. umr. í Nd.

Brtt. eru tvær. Sú fyrri er við 11. gr. og er á þá leið, a) að í stað orðanna „allra atkvæða" í 3. mgr. komi: þingmanna, — b) að í stað „mánaðar" komi: tveggja mánaða, — og c) að umorða 4. mgr. svo sem segir í till. um það. Sú umorðun þýðir, að forseti telst ekki endurkosinn til fjögurra ára að nýju, þótt krafa Alþ. um frávikningu hans nái ekki samþykki.

Hin brtt. er orðabreyt. eingöngu.

Ég vil í sambandi við brtt. hæstv. forsrh. á þskj. 94 geta þess, að mér láðist að taka það fram, að brtt. þessa efnis lá fyrir n., og gat hún ekki á hana fallizt. Hið sama gildir um þessa brtt. Þó að konungur hafi haft algert synjunarvald samkv. bókstafnum, þá hefur hann samkv. venjunni aldrei neitt synjunarvald haft. Þetta finnst n. þurfa að taka til greina, þegar konungsvaldið er nú flutt inn í landið. Venjan hefur orðið sú, að synjunarvald konungs hefur aldrei komið til framkvæmda, þó að hann hafi haft það lagalega. Ef forseti hefði synjunarvald, þá gæti það í framkvæmdinni orðið allt annað en hið formlega synjunarvald konungs. Þetta mun öllum ljóst, sem um málið hafa fjallað. Það sést bezt á því, að engum hefur dottið í hug að hafa synjunarákvæðið í stjskr. óbreytt eins og áður. Öllum kemur saman um, að það verði að vera sameiginlegt með þjóðinni og forsetanum. Mönnum þykir ekki eðlilegt, að forseti, sem væri þjóðkjörinn, — e. t. v. með minnihlutakosningu, hafi fullkomið synjunarvald. En þá kemur upp sú spurning, hvort forseti skuli hafa fullkomið bráðabirgðasynjunarvald laga eða þau skuli öðlast gildi þegar í stað, þótt forseti vilji skjóta þeim til þjóðaratkvgr. Það má ræða lengi um það, hvort æskilegra er. Ég hallast að því að láta ákvæðið standa eins og gengið er frá því í frv. af hálfu mþn.

Það er rétt, eins og hæstv. forsrh. benti á, að ef l. öðlast gildi fyrst, en þjóðin getur fellt þau síðar úr gildi, þá skapast á tímabili óvissa um, hvort l. standi til frambúðar eða ekki. Þetta er nokkur galli. En þá ber að gæta hins, — ef sú aðferð er höfð, að l., sem forseti gerir aths. við, fái ekki lagagildi fyrr en þau hafa verið samþ. af þjóðinni, að þá getur farið svo, að l. séu gerð ónýt með því einu að fresta gildistöku þeirra þannig um tíma. T. d. um löggjöf varðandi ýmis fjármál og atvinnumál, í sambandi við verkföll o. fl. gæti frestunarvald forseta orðið í reyndinni fullt synjunarvald. Það er hugsanlegt, að forseti, sem e. t. v. væri kosinn af minni hl. þjóðarinnar, gæti notað þetta vald sitt til þess að setja fót fyrir löggjöf, sem bæði þingið og meiri hl. þjóðarinnar væri samþykkur. Ég hygg því, að þótt á ákvæði frv. séu nokkrir gallar, eins og hæstv. forsrh. benti á, þá megi á hinu fyrirkomulaginu finna galla ekki síður. Hins vegar tel ég þetta ekki mikið atriði, því að ég geri ráð fyrir, að synjunarvaldinu verði lítið beitt, enda verður forsetinn fremur þjóðhöfðingi og umboðsmaður fyrir þjóðina í heild en pólitískur eftirlitsmaður með störfum Alþ. Hitt er annað mál, hvort breyta ætti þessu algerlega og ætla forseta að vera stjórnmálaleiðtogi, en ekki þjóðhöfðingi. Yrði þá að breyta stjskr. mjög frá því, sem hún er nú fyrirhuguð og hægt er að gera að þessu sinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að láta fleiri orð um þetta falla. Ég held það hafi fremur litla praktíska þýðingu, hvernig frá þessu er gengið, en eðlilegra að halda því, eins og það er í frv.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Ég benti á það við 2. umr., og það kom einnig til tals í n., að ákvæðið um kjörgengi virtist ekki geta verið eins og gert er ráð fyrir í frv. Þar segir svo:

„Kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis, svo og embættisgengi, halda að öðru jöfnu þeir menn, er þann rétt hafa, er stjórnarskrá þessi kemur til framkvæmda, þótt eigi séu þeir íslenzkir ríkisborgarar."

Þetta er í sjálfu sér rétt, en það gætu komið fleiri menn, sem krefðust hins sama, t. d. danskir ríkisborgarar, sem enn hafa ekki öðlazt kosningarrétt, gætu öðlazt hann á þessu tímabili og þar til stjskr. gengur í gildi. Gæti það gilt um flóttamenn frá Danmörku.

Ég hef því leyft mér að koma með brtt. við 2. ákvæði um stundarsakir. Því miður er till. ekki prentuð, en von er til þess, að hún komi, áður en umr. er lokið. Ég var því knúinn til að bera fram skrifl. brtt., og þar eð hún er einnig of seint fram komin, þarf tvöföld afbrigði. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlazt hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlazt samkv. 75. gr. stjórnarskrár 9. maí 1920, að óbreyttum lögum frá gildistökudegi stjórnskipunarlaga þessara og þar til sex mánuðum eftir, að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafizt, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim."

Með tilvísun til stjskr. frá 1920 og 6. gr. sambandsl. hefur verið girt fyrir, að aðrir en þar um ræðir geti orðið þessara réttinda aðnjótandi. Ég

hef ekki haft tækifæri til að sýna nema 2 nm. brtt. þessa, en þeir telja, að hún megi vera eins og hún er nú. Ég hef afhent hæstv. forseta brtt. og vænti, að hann taki hana til greina.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 100) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég þarf nú ekki að vera langorður, en vil aðeins segja nokkur orð vegna þeirra raka og andmæla, sem komu fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M. gegn brtt. minni á þskj. 94. Það er nú svo, að ég hef hvorki sannfærzt af rökum hans né aths., sem komið hafa frá stjskrn.

Ég tók það fram, að ákvæði 26. gr. riði í bága við 2. gr. frv. Vil ég orða það svo, að ef 26. gr. verður samþ., hefur 2. gr. misst gildi sitt að því leyti, sem farið er eftir orðanna hljóðan. Ef 26. gr. verður samþ., ætti í raun og veru ekkert annað að standa þar en: Alþingi fer með löggjafarvaldið, því að forseta er ekkert vald veitt í lagasetningu. Þess vegna er sama, hvort hann undirskrifar lögin eða ekki. Ef hann undirskrifar l., öðlast þau gildi, geri hann það ekki, öðlast þau samt gildi, en til frambúðar þó því aðeins, að þjóðin hafi samþ. þau að viðhafðri þjóðaratkvæðagreiðslu. — Það er ekki um synjunarvald forseta að ræða hér, heldur er það þjóðin, sem segir til um það, hvort l. eigi að hafa framtíðargildi eða ekki.

Það er svo fyrir mælt, að l. skuli lögð fyrir þjóðina svo fljótt sem auðið er. Þetta er vel mælt. En ég hygg, að forseti hafi ekkert vald til að ákveða hér um, og ef ríkisstj. er samtaka um að vera ekki fljót til í þessu efni, þá mun Alþ. ekki sjá ástæðu til að skipta sér af því.

Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að um synjunarvald sé að ræða hjá forseta. Það er þjóðin, sem fer með það. Það er því aðeins formsatriði, þegar talað er um, að löggjafarvaldið sé hjá Alþ. og forseta, að þessir aðilar fari saman með löggjöfina. Og ég vil taka það fram, að ég álít, að í stjskr. eigi ekkert að vera, sem ekki hefur fullt gildi.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Eins og ég hef áður getið um, finnst mér ekki vera um veigamikið atriði að ræða, þar sem þetta er. Ég get ekki fallizt á, að nokkuð sé ofmælt í 2. gr., þótt sagt sé, að löggjafarvaldið sé í höndum Alþ. og forseta. En þetta taldi hæstv. forsrh. ofmælt. Það er á valdi forseta að ákveða, hvort l. gangi til þjóðaratkvgr. eða ekki. Mætti því e. t. v. segja, að löggjafarvaldið væri í höndum Alþ., forseta og þjóðarinnar. Forsetinn á að vísu engan þátt í löggjafarstarfinu, annan en að undirskrifa l. og skjóta til þjóðaratkvgr., ef hann telur nauðsynlegt, en auk þess getur hann gefið út brbl. (**Forsrh.:** Það er undantekning.) Já, en undantekning, sem þráfaldlega er gripið til.

Hæstv. forsrh. vildi láta svo, að ég teldi það synjunarvald fullkomið, sem hann vill hafa. Það er ekki rétt, en ég minntist á, að það gæti verkað eins og fullkomið synjunarvald.

Annars geri ég ekki ráð fyrir því, að n. geri það að kappsmáli, hvor leiðin farin verður.

ATKVGR.
Brtt. 99,1.a—c samþ. með 33 shlj. atkv.
— 94 samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÞ, StJSt, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, FJ, HelgJ, JakM, JJós, JPálm, JS, PZ, PO, SB, SG, SEH, SK, JörB.
nei: ÞG, ÁkJ, EOl, EystJ, GÞ, GSv, IngJ, LJós, ÓTh, PÞ, STh.
SkG, GTh, SigfS greiddu ekki atkv.
2 þm. (SvbH, GG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Með því að ég álít, að þessi brtt. rýri stórlega það vald, sem Alþ. hefur haft, segi ég nei.

Emil Jónsson: Ég sé ekki betur en vald Alþ. verði með þessari till. öllu meira en verið hefur og segi því já.

Brtt. 99,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 100 samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, JörB.
2 þm. (GG, SvbH) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Sþ., 29. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 103).

Á 20. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ríkisstj. lagði þetta frv. fyrir hv. Nd. í algerlega sömu mynd og mþn. hafði gengið frá því, en jafnframt lýsti ríkisstj. yfir því, að hún teldi, að breyt. á frv. væru æskilegar. — Samhliða því, að n. var valin í Nd. í þetta mál, þá var einnig valin n. hér í þessari hv. d. í sama skyni, og störfuðu síðan báðar þessar n. í sameiningu að frv., og með n. störfuðu fulltrúar frá ríkisstj.

Frv. hefur tekið nokkrum allverulegum breyt. frá því, sem það var, þegar það var lagt fyrir Nd., og eru nær allar breyt., sem á því hafa orðið, eftir till. hinna sameinuðu n. Í rauninni er það aðeins ein veruleg efnisbreyting eða breyt., sem hefur mikið gildi í framkvæmdinni, er gerð hefur verið, og er það breyt. á 3. gr. frv. um, að forsetinn skuli vera þjóðkjörinn í stað þingkjörinn. Sem afleiðing af þessari breyt. er breyt., sem gerð var á 5. gr., og eiginlega líka breyt. á 11. gr.

Þá er því næst ein veruleg breyt. við 26. gr., en það er breyt., sem frekar er mikilvæg frá fræðilegu sjónarmiði en hitt, að hún hafi sérstaklega þýðingarmiklar verkanir, eftir því sem ætla má.

Þá er það þriðja eða jafnvel fjórða verulega breyt., sem gerð hefur verið á frv. og telja má, að sé í raun og veru aðeins formlegs eðlis, og það er breyt., þar sem fellt er niður úr frv. ákvæðið um það, hvenær stjskr. skuli taka gildi. En eins og atvik liggja að því, vil ég meina, að það sé

formleg breyt. frekar en efnisbreyt. — Loks er svo sú breyt. um stundarsakir, sem leiðir af frv. því, sem er hér næst á dagskrá, þ. e. um rétt danskra ríkisborgara.

Aðrar breyt. eru allmargar að tölu til, sérstaklega er ein athyglisverð, þ. e., að nafn forsetans skuli vera „forseti Íslands" í stað „forseti lýðveldisins."

Að öðru leyti tel ég óþarfa á þessu stigi að gera nánari grein fyrir hinum ýmsu breyt., en óska, að frv. gangi til 2. umr. og yfirskoðunar stjskrn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, 132).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti! Samþykkt þessa frv. mun jafnan verða talin einn merkasti viðburðurinn í sögu Íslands.

Þegar frv. þetta tekur gildi sem lög, og það vonum vér flestir, að verði eigi síðar en 17. júní 1944, er stigið lokaskrefið í hinni stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, enda þótt vel megi vera, að við eigum enn langa og erfiða sjálfstæðisbaráttu fyrir höndum.

Stofnun lýðveldis og samþykkt hinnar nýju stjskr. er rökrétt afleiðing af skilnaði Íslands og Danmerkur. — Allir Íslendingar munu nú vera sammála um, að stjórnskipulag Íslands skuli vera lýðveldi, þegar landið losnar að fullu úr stjórnskipulegum tengslum við önnur ríki. Um það er nú enginn ágreiningur. Rök þau, sem að þessu hníga, er ekki einungis hinn sögulegi arfur Íslendinga, — Íslendingar hafa aldrei haft innlendan konung, svo að hugmyndir þjóðarinnar um konungsvald hafa því jafnan verið og eru enn tengdar við erlenda yfirdrottnun. — Konungsvald og lýðræði í raunhæfum skilningi beggja hugtakanna eru í rauninni ósamrýmanleg. Í þeim lýðræðislöndum, sem enn hafa konung yfir sér, er konungsvaldið ekki annað en leifar fornra, sums staðar ævafornra stjórnarhátta, leifar þjóðskipulags, sem fyrir löngu er liðið undir lok. Það er því hverjum manni ljóst, hverjar sögulegar stoðir renna undir það, að það hvarflar naumast að nokkrum Íslending, að vér tökum upp annað stjórnarform en lýðveldi, þegar vér ráðum sjálfir öllum málum vorum. Alþ. hefur þegar tekið skýra afstöðu til þessa máls, og það alveg einróma. Það var gert með hinni einróma samþykkt Alþ. frá 17. maí 1941, og jafneinróma með stjskrbreyt. frá 1942. Sá ágreiningur, sem var um það mál, var annars eðlis.

En það eru nú ekki lengur aðeins sögulegar stoðir, sem renna undir ákvörðun vora um stofnun lýðveldis. Þó að það stjórnskipulag, sem vér höfum búið við síðan 1940, er vér tókum öll vor mál í eigin hendur, sé að formi til konungsstjórn, þá er það í engu frábrugðið stjórnarfari þeirra lýðvelda, sem algengust eru í Evrópu. Þjóðhöfðinginn, sem fer með æðsta valdið, er kosinn af fulltrúasamkundu þjóðarinnar.

Þar sem nú hefur verið horfið að því ráði samkv. stjskrbreyt. frá 1942 að gera nú engar aðrar breyt. á stjórnskipulögum landsins en þær, sem leiðir af skilnaðinum við Danmörku og því, að æðsta valdið er fært inn í landið, verður samþykkt þessarar stjskr. í raun og veru lítið annað en staðfesting á „status quo", staðfesting þess ástands, sem er í stjórnarskipulagslegum efnum. Það er því fjarri því, að nokkur skyndileg breyt. verði á högum Íslendinga með samþykkt þessa frv.

En stofnun hins íslenzka lýðveldis er engu að síður stórmerkur viðburður. — Réttarstaða Íslands er nú endanlega og óafturkallanlega mörkuð, — öll tvímæli tekin af um réttarstöðu Íslands sem algerlega fullvalda og sjálfstæðs ríkis. Þeim þætti í sjálfstæðisbaráttunni, sem hefur verið meginþráðurinn í sögu þjóðar vorrar um aldir, baráttunni við Dani um stjórnskipulegt frelsi vort, þeim þætti er nú lokið. Og þetta skref, sem vér stígum nú, sá réttur, sem vér tryggjum oss nú, og einmitt það, að vér látum ekki dragast að tryggja oss þennan rétt, getur haft ómetanlega þýðingu fyrir framtíð vora, ómetanlega þýðingu fyrir þá sjálfstæðisbaráttu, sem vér eigum eftir að heyja og háð verður, meðan nokkur gerir tilraun til að traðka á rétti vorum, sem háð verður, meðan yfirgangur, undirokun og hnefaréttur eru enn í gildi í viðskiptum þjóðanna. 1944 mun því jafnan verða talið eitt af merkustu ártölum í sögu þjóðarinnar.

Verkefnið, sem nú er fram undan, er að skapa hið nýja þjóðfélag vor Íslendinga sem fullvalda þjóðar í þeim heimi, er upp mun rísa eftir stríðið, — og marka stefnuna með nýrri stjskr., þar sem öllu voru þjóðskipulagi verður stakkur sniðinn. Þess vegna hefur orðið samkomulag um, að stjskrn. haldi áfram störfum, þegar skilnaðarmálið er til lykta leitt, og taki stjskr. til gagngerðrar endurskoðunar. Ég held, að enginn ágreiningur sé um það, að þessi gagngera endurskoðun þarf að fara fram og það starf beri að hefja nú þegar.

En meðal vor Íslendinga er djúptækur ágreiningur, hvernig beri að skipa þjóðmálum vorum, og þess vegna hlýtur líka að verða mjög mikill ágreiningur milli flokka um hina gagngeru endurskoðun stjskr. En nú er það svo, að við stofnun hins fullvalda, íslenzka ríkis ríður oss öllu framar á þjóðareiningu. Það er næstum því hægt að kveða svo fast að orði, að oss ríði lífið á að vera algerlega einhuga. Þess vegna held ég, að flestir séu nú komnir á þá skoðun, að það, sem gert var með stjskr.ákvæðinu 1942, — að takmarka breyt. á stjskr. nú við það, sem leiðir af skilnaði við Danmörku og flutningi æðsta valds inn í landið, með öðrum orðum að útiloka fyrir fram öll þau deilumál, sem ágreiningi gætu valdið, — hafi verið hið eina rétta.

En því miður skeði hið óvænta þrátt fyrir alla þessa varúð. Það tókst ekki að útiloka allan ágreining. Það hafa meira að segja risið upp háværar og heitar deilur um málið, enda þótt andófsflokkurinn hafi verið mjög fámennur. Þessar deilur hafa að vísu aðallega snúizt um það, hvort vér hefðum rétt til að skilja við Dani, án þess að bókstaf sambandsl. væri fylgt, sem ekki er unnt að gera meðan Danmörk er hernumin.

En það hefur einnig verið til ágreiningur um það, hvort vér hefðum rétt til þess að stofna lýðveldi, enda þótt sambandinu við Dani væri slitið, hvort

vér hefðum lagalegan og siðferðilegan rétt til þess að losna við Danakonung og taka oss innlendan þjóðhöfðingja, án þess að Danakonungur afsalaði sér völdum formlega.

Út af þessu er ágreiningurinn risinn um það, hvort við ættum að ákveða tiltekinn gildistökudag fyrir lýðveldisstjskr. eða bíða, þar til hægt væri að tala við Danakonung.

Allir nm. í stjskrnefndunum að einum undanskildum (StJSt) eru á einu máli um það, að í þessu efni sé réttur vor alveg ótvíræður, bæði siðferðilega og lagalega.

Um hinn siðferðilega rétt þarf ekki að fjölyrða. Það ætti ekki að þurfa að segja Íslendingum, að sem fullvalda þjóð hafi þeir siðferðilegan rétt til þess að taka upp það stjórnarfyrirkomulag, er þeir sjálfir kjósa sér.

Um hinn lagalega rétt er það að segja, að það er skoðun hinna fróðustu manna, að með sambandsslitunum við Danmörku sé konungssambandið niður fallið af sjálfu sér. Í áliti stjskrn., sem allir tólf nm. hafa undirskrifað, stendur: „Í nefndaráliti meiri hluta fullveldisnefndar Alþ. um sambandslögin 1918 er það tekið fram, að það hafi verið skoðun Dana við samningana 1918, að sambandsslitin hljóti að valda skilnaði, og er án efa att við konungssambandið, þegar þannig er gerður munur á sambandsslitum og skilnaði".

Enda þótt engu megi breyta frá núgildandi stjskr., öðru en því að flytja æðsta valdið inn í landið, var óhjákvæmilegt að gera nokkrar breyt. á valdsviði þjóðhöfðingja. Þegar æðsta valdið er flutt inn í landið og alveg sérstaklega þegar þjóðhöfðinginn er kosinn af þjóðinni, þá leiðir það af sjálfu sér, að hann fær raunverulega miklu meira vald en konungur hafði, ef valdið er formlega hið sama samkv. bókstaf stjórnskipunarlaganna.

Synjunarvald konungs samkv. núgildandi stjskr. hefur í reynd orðið form eitt. Síðan 1918 hefur konungur aldrei neitað lögum um staðfestingu.

Allt öðru máli hlýtur að gegna, þegar slíkt vald er fengið í hendur innlendum þjóðhöfðingja, vald, sem hann fær beint frá þjóðinni samkv. frjálsri ákvörðun þjóðarinnar sjálfrar. Forseti mundi undir öllum kringumstæðum telja sig hafa siðferðilegan rétt til að synja um staðfestingu laga, ef hann teldi það málefnislega rétt og teldi sig hafa málefnalega afstöðu til þess. Ef synjunarvald forseta væri það sama og synjunarvald konungs, fengi hann raunverulega miklu meira vald en konungur hafði, og vald þingsins yrði skert frá því, sem nú er. Þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um synjunarvaldið, þannig að lög öðlist gildi, þótt forseti synji þeim um staðfestingu. En þá eru þau borin undir þjóðaratkv. og falla þá úr gildi, ef þeim er synjað. Synjunarvaldið er því með þeim hætti í raun og veru hjá þjóðinni. Forseti kemur aðeins fram sem umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart þinginu, og er það í fullu samræmi við það, að hann er kosinn af þjóðinni, fer með umboð þjóðarinnar.

Þetta má telja veigamestu efnisbreyt., sem er í till. mþn. og á hana var fallizt af stjskrn., enda hníga til hennar sterk rök, þegar forseti er þjóðkjörinn.

Nú hefur Nd. gert á þessu nokkra breyt., samkv. till. frá forsrh. Samkv. till. ráðh., sem Nd. samþ., skulu l. ekki taka gildi, ef forseti synjar um staðfestingu, fyrr en þau hafa verið samþ. við þjóðaratkvgr. Þetta þýðir að auka mjög vald forseta og draga úr valdi Alþ. Mörg l. eru þess eðlis, að þau hafa fyrst og fremst tímabundið gildi. Það er hægt að ónýta þau með öllu með því að fresta framkvæmd þeirra. Forseti, er hefði slíkt vald, — vald til að fresta framkvæmd laga um mánaðatímabil, — gæti gert stj. og þingmeirihluta, sem hefði þjóðarmeirihluta að baki sér, ómögulegt að starfa. Þetta mundi jafngilda algeru persónulegu synjunarvaldi forseta um fjölda mála. Þetta ákvæði, eins og Nd. samþ. það, er því í algeru ósamræmi við þá hugsun, sem vakti fyrir meiri hl. stjskrn., en hún var sú, að löggjafarvaldið skyldi að öllu leyti vera í höndum Alþ., nema hvað forseti getur gefið út brbl., en synjunarvaldið skyldi aðeins vera hjá þjóðinni og forseti vera umboðsmaður hennar.

Meiri hl. stjskrn. leggur því til, að ákvæðunum um synjunarvald forseta verði aftur breytt í sama horf og gert var ráð fyrir í frv. eins og það var lagt fyrir þingið. Brtt. frá n. um það liggur nú hér fyrir d. með þeirri einu viðbót, að frv. skulu lögð fyrir forseta til staðfestingar innan tveggja vikna, eftir að þau eru samþ. á Alþ.

Mþn. hélt sig annars stranglega innan þeirra takmarka, sem mörkuð eru með stjskrbreyt. frá 1942, og margar af þeim orðalagsbreyt., sem stjskrn. leggja til, eru til að sýna enn meiri varúð í þessu efni.

Hins vegar taldi n. sér heimilt að gera hvaða tillögur, sem henni þótti henta bezt, um fyrirkomulag æðsta valdsins, eftir að það er flutt inn í landið, því að það eru breyt., sem beinlínis leiðir af flutningi þessa valds inn í landið.

Ég ætla aðeins að drepa á helztu brtt.

Langveigamesta breyt., sem gerð hefur verið samkv. till. stjskrnefnda, er sú, að forseti skuli vera kjörinn af þjóðinni, en ekki þinginu. Meiri hl. mþn. lagði til, að forseti yrði þingkjörinn, en minni hl., að hann yrði þjóðkjörinn. Þetta var eina atriðið, sem máli skipti, þar sem nm. í mþn. töldu sig hafa óbundnar hendur. Annars skrifuðu þeir allir undir nál. fyrirvaralaust, og talið víst, að þeir stæðu allir saman um framgang frv., eins og þeir gengu frá því, með þeim breyt. í minni háttar atriðum, sem samkomulag yrði um. Hins vegar voru þeir einhuga um að standa óskiptir að frv., hvort sem yrði ofan á í þinginu, að forseti yrði þjóðkjörinn eða þingkjörinn.

Umr. þær, sem orðið hafa um frv. meðal þjóðarinnar, virtust allar benda eindregið í þá átt, að meiri hl. Íslendinga vildi, að forseti þeirra yrði kosinn af þjóðinni. Og í stjskrn. varð það ofan á, að n. legði einróma til, að forsetinn yrði þjóðkjörinn. Um þetta atriði er nú enginn ágreiningur lengur, og má það teljast fagnaðarefni, að menn hafa ekki gert þetta að ágreiningsatriði. Allir hafa verið sammála um að virða þjóðarviljann þrátt fyrir mismunandi skoðanir áður.

Rökin, sem að því hníga, að forseti sé þjóðkjörinn, tel ég vera fyrst og fremst þessi:

Forseti á eðli málsins samkvæmt að fara með umboð þjóðarinnar beint, en ekki þingsins. Það mætti telja óeðlilegt, að forseti hefði synjunarvald gagnvart þinginu, en færi þó með umboð þingsins. En ef forseti þingsins hefði ekki synjunarvald eða gæti ekki skírskotað til þjóðarinnar, verður ekki séð, að nauðsyn beri til að hafa sér-

stakan forseta. Það virðist þá vera einfaldast, að forsrh. færi með æðsta valdið og undirskrifaði lög frá Alþ., eins og tíðkast í sumum lýðveldum nú á tímum.

Í sjálfu stjskrfrv. er það eitt tekið fram um kjör forseta, að forsetaefni skuli hafa meðmæli 1500—3000 kjósenda og að sá skuli talinn rétt kjörinn, sem hlýtur flest atkvæði. Um þetta síðasta atriði voru nokkuð skiptar skoðanir í n. Með þessu fyrirkomulagi er hugsanlegt, að forseti hafi minni hluta þjóðarinnar á bak við sig. En um þetta var samt ekki gerður ágreiningur. Meiri hl. n. leggur til, að þessi háttur sé á hafður, í trausti þess, að menn sameinist svo um forsetaefni, að sá, sem kosningu hlýtur, hafi jafnan mikinn þorra kjósenda að baki sér.

Þá er það ákvæði, að þingið skuli kjósa forseta í fyrsta skipti og kjörtímabil hans ná til 31. júlí 1945. — Það mætti spyrja, hver nauðsyn væri á, að þingið kjósi forseta til svo langs tíma. Vitaskuld mætti hafa frestinn styttri. En n. taldi samt sem áður réttara að hafa frestinn svona langan og það frá því sjónarmiði, að þjóðin fengi rúman tíma til þess að búa sig undir forsetakjör, til þess að þjóðin fengi sem bezt tækifæri til þess að nota réttinn og vanda valið á hinum fyrsta þjóðkjörna forseta.

Þá kem ég að ágreiningsatriðinu, eina ágreiningsatriðinu, sem máli skiptir og ég tel vera eina meginbreyt. — og örlagaríkustu breyt. —, sem Nd. hefur gert á frv. mþn.

Samkv. frv. mþn. skyldi stjskr. taka gildi 17. júní 1944, en samkv. frv., eins og Nd. gekk frá því, skal hún taka gildi, þegar Alþ. samþ. Um þetta atriði tala ég ekki fyrir hönd stjskrn. allrar, heldur frá sjónarmiði minni hl., sem er hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og ég.

Mál þetta er orðið þrautrætt og litlar vonir til þess, að frekari umr. um það í þessari d. breyti neinu þar um. Meiri hl. stjskrn. hefur samþ. þessa breyt. til samkomulags við Alþfl. og telur, að með því einu móti hafi verið hægt að tryggja það, að skilnaðartill. og lýðveldisstjskr. yrðu samþ. einróma af Alþ. Hins vegar lýsa sjálfstæðis- og framsóknarmenn yfir því, að þeir séu eftir sem áður ráðnir í að fylgja því, að stjskr. taki gildi 17. júní.

Ef um eitthvert annað og minna mál væri að ræða, mundi ég fyrir mitt leyti ekki hika við að taka þessa áhættu, hvað sem því líður, að hátíðlegar yfirlýsingar stjórnmálaflokka eru eins og hver önnur mannaverk, eins og dæmin sanna. En þegar um þetta mál er að ræða, get ég ekki varið það fyrir samvizku minni að taka nokkra áhættu, ef ekki ber brýna nauðsyn til. Menn getur greint á um það, hvort áhættan sé mikil eða lítil, en hinu getur enginn neitað, að með því að taka gildistökudaginn út úr stjskrfrv. er málinu stefnt í meiri tvísýnu en áður. Og í þessu máli skulum vér fyrir alla muni vera hreinskilnir og ekki láta leiðast út á glapstigu hæpinna fullyrðinga.

Enginn má skilja orð mín svo, að ég sé með neinar getsakir í garð nágrannaþjóða vorra, sem vér eigum vinsamlegt samband við. En það er staðreynd, að til eru öfl, bæði utan lands og innan, sem munu róa að því öllum árum, að málinu verði enn frestað, og hik Alþ. í þessu máli, hik Alþ. við að ákveða þann gildistökudag, sem yfirgnæfandi meiri hl. þ. hafði áður komið sér saman um og bundizt samtökum um, hlýtur að gefa slíkum öflum byr undir báða vængi.

Það eru einnig önnur sterk rök, sem mæla á móti því, að gildistökudagurinn sé ekki ákveðinn í frv. því, sem borið er undir atkvæði þjóðarinnar. Þjóðinni er ekki gefinn kostur á að skera úr því með atkvæði sínu, hvenær stjskr. skuli taka gildi. Með öðrum orðum: Þjóðaratkvgr. sker ekki úr um það atriði, sem mest er um deilt. Alþ. getur ekki skírskotað til ótvíræðs vilja þjóðarinnar, þegar það ákveður gildistökudaginn. Það er augljóst, að þetta gerir málstað vorn veikari en ella.

Því er að vísu haldið fram, að þjóðin hafi falið Alþ. að ákveða gildistökudaginn í fullri vitund þess, að meiri hl. þess muni ákveða 17. júní. En þeir, sem á annað borð vefengja rétt vorn, munu ekki taka tillit til slíkra afsakana. Á það mun bent, sem ekki verður mótmælt, að þeir þm., sem þetta er gert til samkomulags við, hafi lýst yfir því, að þeir vilji ekki ákveða gildistökudaginn, af því að þeir vilja fresta stofnun lýðveldisins, þar til hægt er að tala við konung. Og með þessum fyrirvara hvetja þeir þjóðina til að greiða atkvæði með lýðveldisstjórnarskránni. Hver er kominn til að segja, hve margir kjósendur hafa greitt stjskr. atkvæði með þessum fyrirvara?

Meiri hl. stjskrn. styður afstöðu sína með því, að með þessu eina móti hafi verið hægt að skapa algera einingu um málið, bæði á þingi og með þjóðinni. — Ég og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og þeir þm., sem okkur eru samnmála, lítum allt öðrum augum á þetta.

Um skilnaðartill. var enginn ágreiningur, eftir að samkomulag varð um, að atkvgr. færi ekki fram fyrr en eftir 19. maí. Hún mundi því hafa verið samþ. einróma nú á þessu þ., því að hitt tel ég alveg fráleitt, að nokkur þm. hefði farið að greiða atkv. á móti skilnaðartill. vegna ágreinings um þetta eina atriði stjskr. Ég get ekki heldur skilið annað en stjskrfrv. hefði verið samþ. einróma, enda þótt gildistökudagurinn hefði verið ákveðinn 17. júní. Ef þm. Alþfl. taka alvarlega þá yfirlýsingu annarra flokka, að stjskr. skuli samt sem áður taka gildi þennan dag, gat það ekki skipt neinu höfuðmáli frá þeirra sjónarmiði, hvort þetta var í frv. eða ekki. Eina skýringin á því, að þm. Alþfl. láta það ráða úrslitunum um afstöðu sína, að 17. júní sé tekinn úr frv., er sú, að þeir hafi sterkar vonir um, að gildistökunni verði raunverulega frestað.

Um það má lengi deila, hvort með þessum hætti, með samkomulaginu við þm. Alþfl., sé sköpuð meiri eining meðal þjóðarinnar. Margir halda því fram, að einingin meðal þjóðarinnar verði minni, áhuginn dvíni, þátttakan í atkvgr. geti orðið minni en ella. Um þetta má deila. En hitt er staðreynd, að eining þingsins er engan veginn tryggð með því að hverfa að ráði meiri hl. stjskrn., því að að lokinni þjóðaratkvgr. hafa þm. Alþfl. óbundnar hendur að greiða atkv. bæði gegn skilnaðartill. og gildistöku stjskr.

Það er einlæg von mín, og ég vildi ég mætti segja einlæg von vor allra, að beygur manna við möguleika þá, sem skapazt hafa til frekari frests í málinu, reynist með öllu ástæðulaus og hið íslenzka lýðveldi verði stofnað eigi síðar en 17. júní

1944, — að þingið allt og þjóðin öll standi að þeirri ákvörðun.

Megi gifta þjóðarinnar verða svo mikil, að hún verði algerlega einhuga, er hún stígur lokaskrefið í hinni löngu og erfiðu baráttu sinni fyrir stjórnarfarslegu sjálfstæði. Vér vonum, að hamingjan gefi, að vér stöndum sem einn maður um að hvika hvergi upp frá þessu, meðan kostur er, hvað sem að höndum kann að bera.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að lengja umr. mikið, en vildi þó segja nokkur orð í tilefni af brtt. 132 og út af orðum hv. frsm., sem hann lét fylgja þessari till.

Ég tek hér til máls af því, að ég á nokkra hlutdeild í frv., eins og það kom frá Nd. — Ég minnist þess ekki að hafa hlustað á jafnskýrar umr. í Nd. og er rætt var um neitunarvald forsetans, um það, að löggjafarvaldið skyldi að öllu leyti vera í höndum Alþingis. Hv. frsm. kveður hér hreint að orði, svo að ekki er um að villast. Synjun forseta á ekki að leiða til frestunar á gildistöku l., heldur skulu þau öðlast gildi samt sem áður og halda því, unz þjóðaratkvgr. hefur skorið úr.

Þar sem niðurstaða stjskrn. varð á þessa leið, er ljóst, að löggjafarvaldið er alls ekki hjá forseta, þótt orðalag stjskrfrv. bendi til þess. Það hefði því átt að orða 1. mgr. 2. gr. öðruvísi: Alþingi fer með löggjafarvaldið, eða: Alþingi og kjósendur fara með löggjafarvaldið. Er það sökum þess, sem ég hef áður tekið fram, að l., sem forseti hefur neitað að staðfesta, öðlast samt sem áður gildi.

Það er eðlilegt, að Alþ. fallist ekki á það ákvæði, að forsetinn hafi synjunarvald, því að það eru aðeins leifar frá einveldistímanum. En ég get ekki skilið, að algerlega þurfi að svipta hann hlutdeild í löggjafarvaldinu, þótt hann sé innlendur. Ég hefði getað skilið, að slíkt ákvæði væri lögfest, ef forseti væri óafsetjanlegur erfðaherra, sem væri þrýst inn í landið af útlendu valdi, en að þjóðinni missýnist svo, að hún velji til forseta mann, sem gengi í berhögg við vilja Alþ. og hennar, — því trúi ég ekki. Því að hvað er forseti, ef hann hlustar ekki eftir því, sem þjóðin meinar? Ef forseti synjar lagafrv. staðfestingar, en það er samþ. við þjóðaratkvæði, þá álít ég, að áreiðanlega væri nokkur ástæða fyrir hendi, til þess að Alþ. kærði þann forseta. En neitun forseta væri ekki örökstudd, ef frv. næði ekki ríflegum meiri hl. hjá þjóðinni.

Það undrar mig, að mþn. í stjskrmálinu skuli ekki hafa athugað 24. gr. stjskr., því að jafnframt og þjóðhöfðingi kemur inn í landið, er full ástæða til þess. Samkv. þessari gr. getur forseti rofið þing og stjórnað í átta mánuði þinglaust. Þetta eru gamlar leifar, sem frekar væri ástæða til að hrófla við.

Ég get ekki komið því úr huga mér, að ef brtt. verður samþ., þá er 26. gr. í ósamræmi við 2. gr. frv. Mér finnst hart að trúa ekki sínum eigin þjóðhöfðingja, sem þjóðin hefur sjálf kosið, til að fara réttilega með vald sitt í fjögur ár. Ég trúi því ekki, að hv. d. samþ. hina frambornu brtt. við 26. gr., eins og hv. Nd. samþ. hana.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera margorður um þetta, en ég vil út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um málið, láta í ljós undrun mína yfir þeirri ályktun, sem hann dregur af brtt., að hér sé um hugsunarvillu að ræða og mótsetningu við 2. gr., sem segir, að löggjafarvaldið sé hjá Alþ. og forseta. Breyt. er ekki þannig, að forseti hafi ekki eftir sem áður það synjunarvald, sem honum er ætlað í stjskr. Breyt. er aðeins um það, hvor aðilinn skuli ráða á tímabilinu, frá því að forseti synjar staðfestingar og þar til búið er að bera frv. undir þjóðaratkv. Forseti hefur eftir sem áður þessa stórkostlega merkilegu heimild til að bera lagafrv. undir þjóðaratkv. Það, sem um er að ræða, er, hvort frv. hefði lagagildi þennan styttri eða lengri tíma, sem hlýtur að líða, frá því forseti synjar staðfestingar, þar til þjóðin hefur sagt sitt orð.

Nú skal ég ekki fara út í að ræða um, hvað leiðir af hvoru fyrir sig, en ég býst við, að maður gæti sett ýmis hugsuð dæmi um, að þetta vald forsetans gæti ónýtt l. frá Alþ., sem væru þannig, að þau þyrftu þegar að ganga í gildi. Mér finnst hér hvorki um rangt né rétt að ræða, en það eitt, að Alþ. ákveði, hvora leiðina það vilji fara í þessu máli. Mín afstaða er sú, að okkur beri að halda valdi þjóðhöfðingjans praktískt talað óbreyttu frá því, sem það hefur verið fram til þessa. Og praktískt talað er synjunarvaldið, sem konungur hefur haft, — ekkert.

Það er í vitund allra manna, að Alþ. hefur löggjafarvaldið og synjun staðfestingar frá konungi komi ekki til. Nú tel ég rétt, að kosinn forseti hafi visst vald, og það fær hann. Hann getur skotið lagafrv., sem Alþ. hefur samþ., en hann telur háskalegt, undir atkv. þjóðarinnar. Þá er kominn upp ágreiningur milli þessara tveggja aðila löggjafarvaldsins, Alþ. og forseta, og meðan beðið er eftir úrskurði þjóðarinnar, vil ég láta Alþ. ráða. Af þessum tveim aðilum, sem ráða löggjöfinni, hika ég ekki við að telja Alþ. aðalvaldið og finnst því sjálfsagt, að það ráði, meðan beðið er eftir úrskurði þjóðarinnar, enda þótt rétt sé, að forseti, sem kjörinn er á lýðræðislegan hátt af þjóðinni, geti skotið málum til hennar. Ég veit ekki, hvaða traust menn bera til Alþ., ef þeir ætla, að það muni samþ. svo háskaleg lagafrv., að þau geri miska, rétt á meðan beðið er eftir úrskurði þjóðarinnar.

Fyrir mér vakir svipað og fram kom hjá hv. frsm. mþn., að þjóðkjörinn forseti verði, ekki sízt hjá svo lítilli þjóð sem Íslendingum, ákaflega valdamikill maður. Þó að honum væri ekki einu sinni ætlaður málskotsréttur í stjskr., þá væri hann samt sem áður valdamikill aðeins í krafti þess, að hann er ókrenkjanlegur þjóðhöfðingi og virðingarmesti maður þjóðarinnar. Og mér finnst eiga að láta hann hafa sem minnst völd fyrir utan þetta ósjálfráða. Ég skal ekkert um það segja, hvort ég á sínum tíma geti verið því samþykkur að fá forseta svo og svo mikil völd í hendur. Það getur verið, að reynsla okkar verði sú, að það verði heppilegt. En meðan við þekkjum þetta ekki og erum að flytja völd inn í landið, hallast ég eindregið að því, að hinir kjörnu fulltrúar þjóðarinnar á Alþ. ráði málefnum yfirleitt.

Pétur Magnússon: Herra forseti. — Ég kvaddi mér hljóðs til þess að gera grein fyrir atkv. mínu um brtt. á þskj. 132, þótt ef til vill megi segja, að það sé undarlegt, að þm. standi upp hver á fætur

öðrum til að deila um ákvæði, sem gera má ráð fyrir, að hafi mjög litla praktíska þýðingu.

Hv. frsm. benti á, að síðan 1918 hefur það aldrei komið fyrir, að synjað hafi verið staðfestingar á lagafrv. En ég verð að segja, að mér þykir undarlegt, að þeir ágætismenn, sem skipa mþn. í stjskrmálinu, skuli hafa getað komið sér saman um ákvæði eins og hér er um að ræða, af því að eins og gengið er frá stjskr. að öðru leyti, get ég ekki betur fundið en hér sé um rökvillu að ræða.

Í stjskr. er gert ráð fyrir því, að löggjafarvaldið sé tvískipt, svo að lagafrv. þarf fyrst staðfestingu hjá Alþ. og síðan hjá forseta. Þá get ég ekki betur séð en l., sem Alþ. hefur samþ., fái fyrst gildi, er hinn aðilinn hefur lagt blessun sína yfir. Það finnst mér rökstudd afleiðing af tvískiptu löggjafarvaldi.

Hv. frsm. komst svo að orði, að forseti hefði rétt til að synja lagafrv. staðfestingar, ef hann áliti það málefnislega rétt. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað hv. frsm. meinar með þessu „málefnislega", en það liggur ekki fjarri að skilja það svo, að hann álíti forseta hafa rétt til synjunar, ef hann álíti frv. efnislega óheppilegt. Sú skoðun sýnist mér fjarri lagi. Það getur ekki komið til mála, að forseti mundi láta sína persónulegu skoðun á lagafrv. ráða því, hvort hann veitti staðfestingu sína. Ég get hugsað mér eitt tilfelli, þar sem það gæti komið fyrir, og það er undir þeim kringumstæðum einum, að hann teldi, að l. væru brot á stjskr. Það eru einnig til teóretískir möguleikar, t. d., að hann teldi lögin ómórölsk. Svona dæmi má taka, en það er frekar til skemmtunar. Hitt er möguleiki, að Alþ. samþ. l., sem mættu teljast brot á stjskr. Það hefur komið fyrir, að Alþ. hefur samþ. l., sem dómstólarnir í landinu telja brot á stjskr., og eins er vitanlegt, að slík l. hafa verið samþ., án þess að dómstólarnir hafi kveðið upp sinn dóm um þau. Ef það kæmi fyrir, að forseti synjaði staðfestingar af þessari ástæðu, þá sýnist mér augljóst, hvaða afleiðingar það gæti haft, ef frv. fengi lagagildi, meðan á þjóðaratkvæði stæði. Það gæti valdið slíkri truflun, að við það yrði ekki unað.

Hv. 1. þm. Reykv., sessunautur minn, heldur því fram, að meiri ástæða sé að fara þá leið, sem ráðgerð er á þskj. 132, fyrir það, að þjóðhöfðinginn sé í landinu og vald hans því meira en ella. — Nú er það svo, að eftir stjskr. eru forseta ætluð lík völd og konungurinn hafði, og mér skilst, að aðstaða hans verði svipuð og konungsins. Ég skal játa það, að þjóðhöfðingi, sem búsettur er í landinu, hefur betri aðstöðu til að hafa óbein áhrif, en ekki til að hafa bein pólitísk völd. Einmitt fyrir það finnst mér, að rík ástæða sé til, að lagafrv., sem hann synjar staðfestingar, fái ekki gildi, fyrr en þjóðin hefur kveðið upp úrskurð sinn. Ef skerða á þau litlu völd, sem forseta eru nú ætluð, þá veit ég satt að segja ekki, hvað eftir er handa honum. — Eins og skilja má af því, sem ég hef hér sagt, mun ég greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 132.

En þar sem ég nú tók til máls, langar mig til þess að minnast á eitt atriði annað. Það eru ákvæði 5. gr. um forsetakjörið. Ég álít, að því máli sé óheppilega fyrir komið. En þar sem samkomulag var orðið um það í stjskrn. og ætla má, að svo sé einnig milli flokka hér á þingi, þá taldi ég ástæðulaust að bera fram till., sem aðeins væri til að tefja framgang málsins. Gert er ráð fyrir, að forsetakjör fari fram eins og kjör fulltrúa á Alþ. Þá verða menn að bjóða sig fram til forsetakosninga, en það þýðir, að hinir pólitísku flokkar koma hver með sitt forsetaefni, og svo hefst hinn alkunni hildarleikur. Afleiðingin er sú, að enginn getur orðið þjóðhöfðingi, án þess að búið sé að ata hann auri og brigzla honum um alls konar vammir og skammir, oft glæpi og hvað eina, svo að forseti verður orðinn hálfgerður misindismaður í augum þeirra, sem skipa annan stjórnmálaflokk en hann.

Það er þýðingarlaust að vera að fjölyrða um, hvaða tilhögun væri heppilegust, þar eð ég ber ekki fram neina till., en nær er mér að halda, að skárra væri, þrátt fyrir allt, að Alþ. kysi forseta eða af tvennu illu, að forseti væri kosinn af kjörmönnum. Þá yrði ekki kunnugt fyrr en eftir kjörið, hverjir hefðu verið í framboði og við slyppum við þann leiðinlega blæ, sem hinn grimmi hildarleikur mun setja á kosningu þjóðhöfðingjans. Við þessu er ekkert að gera nú, en ég hygg, að þetta verði eitt af því fyrsta, sem breytt verður, þegar stjskr. verður endurskoðuð.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að ræða um þetta mál almennt. Það eru að vísu ýmis atriði í ræðu hv. frsm., sem ég er langt frá að vera sammála honum um, sérstaklega um hættuna, sem af því gæti stafað að taka ákvæðið um 17. júní úr stjskrfrv. eins og gert hefur verið af meiri hl. stjskrn. Ég færði fram gagnrök gegn þessari staðhæfingu hans í n., og held ég því, að óþarfi sé að endurtaka þær umr. hér í þessari hv. d.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, sem ég mundi sennilega ekki hafa gert nema vegna sérstaks tilefnis, er sú, að ég get ekki greitt atkv. með þeirri brtt., sem borin er fram af stjskrn. þessarar hv. d. Vinnubrögðin í stjskrn. beggja d., sem eins og alþm. er kunnugt, unnu saman og héldu sameiginlega fundi, voru þannig, að greidd voru atkv. um hverja einstaka gr. frv. og hvert einstakt atriði hverrar gr., og síðan varð það samkomulag, að þeir, sem voru í minni hl., gerðu ekki ágreining og bæru ekki fram brtt. Þetta atriði, sem hér liggur fyrir, bar þannig að í störfum n., að það lá fyrir brtt. frá ríkisstj., sú sama eða að minnsta kosti svipuð þeirri, sem hefur verið samþ. í Nd. við 26. gr. frv. Ég greiddi atkv. með brtt. stj., en sú brtt. var felld með 7 atkv. gegn 3 í n. Þá var brtt. borin fram í Nd., en hún kom frá ríkisstj. eða forsrh., ef ég man rétt., og eftir að hún hefur verið samþ. í Nd., þá greiði ég atkv. í samræmi við það, sem ég gerði í n. Hins vegar finnst mér ekki ástæða til að halda uppi langri umr. um þetta mál, því að mér finnst satt að segja, að ekki skipti neinu verulegu máli, hvort þau ákvæði verði látin haldast eins og Nd. gekk frá þeim eða frv. verði aftur breytt í það form, sem það var í, þegar það var lagt fyrir Nd. Það má ýmis rök færa með því og gegn því, svo sem gert var í þeim umr., sem áttu sér stað í n. og Nd. En ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. í samræmi við það, sem ég gerði í stjskrn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af þeim ummælum, sem fallið hafa hér í umr. um brtt. á

þskj. 132, vil ég segja nokkur orð og gera grein fyrir atkv. mínu varðandi þá hlið málsins.

Hv. 8. landsk. hélt því fram, að varla gæti komið til mála, að forsetinn synjaði staðfestingar á öðrum l. en þeim, sem kæmu í bága við stjskr. landsins á hverjum tíma, og gæti því gildistaka slíkra l. valdið ýmsum truflunum, þótt ekki tæki nema stuttan tíma að fá úrskurð um þau hjá þjóðinni. — Ég er ekki sammála hv. þm., að þetta séu einu l., sem forsetinn gæti beitt synjunarvaldi sínu við. Einkum breyttist þó viðhorfið, ef í forsetasætið veldist maður með ákveðnar pólitískar skoðanir, og við höfum enga tryggingu fyrir því, *að svo verði ekki í framtíðinni*. Ef *trygging* væri fyrir því, að í forsetasæti veldist ópólitískur maður, þá horfði málið öðruvísi við. En það verður að gera ráð fyrir, að komið geti til mála, að á því sviði og öðrum verði hann tilneyddur að beita valdi sínu samkvæmt pólitískri skoðun sinni. Það er því ekki útilokað, að í framtíðinni muni stjórnmálaflokkarnir í landinu beita sér fyrir því að fá fyrir forseta sína flokksmenn eða a. m. k. menn, sem beittu sér ekki á móti hag flokksins í þeim deilumálum, sem þeir hefðu vald til að láta til sín taka í. Þannig er það a. m. k. í Bandaríkjunum. Ég vil benda á, að í því ástandi, sem nú ríkir á Íslandi, er ríkisstj. skipuð af ríkisstjóra, og ef slíkt ástand helzt hér í landi, eftir að þessi stjskr. hefur verið samþ., og stj. þá verður skipuð af forsetanum, og ef Alþ. tæki sig svo saman um að semja og samþ. fjárlög, sem slík stj. vildi ekki taka við, vegna þess að henni þætti þau ekki skynsamleg, og forsetinn neitaði svo að undirskrifa slík fjárl., þá ætti að vera fjárlagalaust, þar til þjóðin hefði með atkvgr. sagt álit sitt.

En mér finnst, hvor stefnan sem verður ofan á, að nauðsynlegt sé, ef þessi till. verður samþ., að þá komi fram aðrar brtt. við stjskr., og get ég þá vísað til ýmissa gr. í frv., eins og forsrh. gerði. Mér finnst sem sé, að ef forsetanum er fengið það vald, sem um er talað í 26. gr. frv., þá beri líka að gera forsetann ábyrgan gerða sinna. En eins og frv. er nú, er ætlazt til þess, að hann verði ábyrgðarlaus. En maður, sem tekur á sig þá ábyrgð að hrinda vilja Alþ. og láta landsmenn búa við l., sem stríða gegn vilja Alþ., — hann getur ekki verið ábyrgðarlaus. Mér finnst, að taka ætti til athugunar, hvort ekki ætti að breyta 11. gr. og fella úr henni það, að forsetinn skuli vera ábyrgðarlaus. Ef þetta yrði gert, gæti vel komið til mála, að *hægt væri að fylgja 26. gr. eins og hún er nú*, án þess að henni yrði breytt í það horf, sem lagt er til á þskj. 132. En þá þyrfti líka sú breyt. raunverulega að koma inn í stjskrfrv., að svo framarlega sem þjóðin gengi á móti úrskurði forsetans, þá skuli það kosta hann forsetasætið. Það er óviðeigandi, að forseti, sem í stórmálum neytti valdaaðstöðu sinnar til að stöðva lagafyrirmæli og gengi með því á móti vilja Alþ. og þjóðarinnar, að hann samt sem áður haldi sæti sínu. Í því er ekkert samræmi. Mér finnst því, ef 26. gr. verður samþ. hér eins og hún kom frá Nd., að þessar tvær breyt. þurfi að koma inn í frv., — annars vegar, að forsetinn sé ekki ábyrgðarlaus, og hins vegar, að gangi þjóðaratkvgr. á móti úrskurði hans, verði hann að víkja úr forsetasæti, þótt kjörtími hans sé ekki útrunninn. Sé þessi breyt. sett inn í frv., þá kann að vera nokkurn veginn sama, þótt önnur ákvæði frv. haldist. Hæstv. forsrh. benti á það, að ekki þyrfti að gera ráð fyrir, að nokkur maður yrði settur í forsetastól, sem beita mundi þessu valdi sínu, nema nauðsyn bæri til, og ef hann beitti sér gegn réttmætum vilja Alþ., þá væri hægt að kæra hann. En mér finnst, að svo lengi sem ákvæðið um, að *forsetinn sé ábyrgðarlaus*, *stendur í frv.*, sé ekki hægt að kæra hann, svo að sú athugasemd, að hægt sé að kæra forsetann, fær varla staðizt, nema 11. gr. stjskr. sé breytt. Vildi ég fá að heyra frá forsrh., hvort hann er ekki sammála mér um þennan skilning.

Auk þessa vil ég leyfa mér að benda á, að það hefur verið gefið fordæmi í þessu efni, síðan æðsta valdið var flutt inn í landið, fordæmi, sem við óskum, að ekki endurtaki sig. En það var, þegar ríkisstjóri neitaði ríkisstj. um lausn. Ég efa, að slíkt hefði komið fyrir 1941, ef konungurinn hefði farið með þetta vald, en því var beitt hér af núv. ríkisstjóra, er hann neitaði forsrh. um lausn í níu daga og neyddi hann til að fara í stj., eftir að hann hafði lýst yfir, að hann tæki enga ábyrgð á ríkisstj. Hér held ég, að gefið hafi verið fordæmi, sem ekki er æskilegt. Þess vegna vil ég undirstrika það, hvort ekki væri rétt að kveða skýrar á um þetta, þar sem segir, að forsetinn skipi ráðh. og veiti þeim lausn. Væri ekki rétt að kveða skýrar á um það, að hann sé skyldur að veita ráðh. lausn, ef þeir óska, en geti ekki þvingað menn til að sitja í stjórn ábyrgðarlausa. Ég vil beina því til frsm. n., hvort ekki muni fært að taka til umr. og athugunar í n. þetta atriði 11. gr., því að sjái hann sér ekki fært að athuga þessi mál, getur vel komið til mála, að ég beri fram brtt. þessu viðvíkjandi við 3. umr. En ég vildi hins vegar ekki bera þær brtt. fram, nema hafa um þær fulla samvinnu við n., en ég álít, að hún eigi að taka til athugunar hverja þá athugasemd, sem fram kemur við umr.

Þá vil ég minna á 5. gr. frv. Hv. 8. landsk. hefur þegar minnzt á fyrri málsl. þeirrar gr. Ég er að sumu leyti sammála honum, þó ekki að öllu leyti og sízt í því, að nokkur bót yrði að því að velja kjörmenn. En ég hygg, að það sé vanhugsað hjá hv. 8. landsk., að þjóðin muni ekki vita fyrr en eftir á, hverjir verði í kjöri við forsetakosninguna, því að vitanlega kýs þjóðin kjörmenn eftir því, hvaða menn þeir hugsa sér að kjósa sem forseta.

Ég vil í sambandi við 2. málsgr. 5. gr. benda á það, að óheppilegt er, að þar standi: „Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar". Ég tel, að með þessu ákvæði sé þingmeirihluta á hverjum tíma gefinn möguleiki til að breyta l. um kjör forseta sér í hag, og er það mjög óheppilegt. Það þarf ekki annað en að setja inn í l., að forsetinn skuli hafa svo eða svo mikið atkvæðamagn í hverju kjördæmi, og mætti með því útiloka ákveðna flokka frá að hafa mann í kjöri. Það er ekki æskilegt að leggja nú inn á þær brautir, sem síðar gætu orðið að ásteytingarsteini milli flokkanna. Ég tel nauðsynlegt að ganga svo frá þessu hér, að ekki sé hægt að breyta neinu um þau skilyrði, sem sett eru um forsetakjör, nema með stjskrbreyt., því að það verður ekki til farsældar fyrir þjóð-

félagið, ef sett verða mjög þröng skilyrði fyrir forsetakjöri. Þetta vildi ég biðja hv. frsm. n. að taka til athugunar.

Þá vil ég einnig benda á það, að mér finnst leiðinlegt ósamræmi í stjskrl., að sums staðar er talað um „forseta Íslands", eins og í 3. gr., en síðan á víxl „forseta Íslands" eða „forsetann", í stað þess, er áður var „forseti lýðveldisins". Mundi ekki vera rétt og eðlilegt að hafa hér aðeins „forsetinn", en aftur á móti „forseti" um forseta Sþ.? Þetta er að vísu ekki veigamikið atriði, en mér finnst leiðinlegra að hafa þetta á víxl, eins og það kemur fram í nál. stjskrn. að heita má í öllum gr.

Að síðustu vildi ég mega minna á það, að ég harma, að 17. júní skuli hafa verið tekinn úr frv., því að ég var einn af þeim mönnum, sem vildu, að það ákvæði stæði í stjskrfrv. Ég harma það, að ekki skuli hafa náðst fullkomið samkomulag og eining um þetta stórmál. En úr því sem komið er, skal ég að sjálfsögðu ekki gera neinn ágreining út af því, ef það mætti verða til þess, að þjóðin stæði fastar saman um málið en hún hefði gert, ef þessi ásteytingarsteinn hefði verið til staðar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil fyrst lýsa yfir ánægju minni, að svo er nú komið, að fullt samkomulag verður bæði um þáltill. og stjskr. hér á Alþ. Ég tel — og segi það í tilefni af orðum frsm. —, að einmitt með því sé fengin sú mesta trygging, sem unnt er að fá fyrir fullri þjóðareiningu um málið, en það sé jafnframt mesta tryggingin fyrir því, að engum mótbárum verði hreyft á gerðir Alþ. og þjóðarinnar í þessum efnum. Ég vil segja það, að ég álít það hafa verið rétt og hyggilegt af þeim meiri hl., sem hér var að sveigja til samkomulags um málið. Hv. frsm. drap á það í ræðu sinni, að Sósfl. hefði eindregið verið þeirrar skoðunar í stjskrn., að rétt væri að hafa forsetann þjóðkjörinn. — Hér er ekki fyllilega rétt frá sagt, og vil ég leiðrétta það. Það var ætlunin í stjskrn. að taka þetta atriði til athugunar, en það varð nú ekki. En eins og hann tók fram, þá höfðu einstakir nm. óbundnar hendur um þetta atriði, svo sem síðar kom í ljós.

Ég er að nokkru leyti sammála hv. 8. landsk. um það, að ákvæðin um kjör forsetans séu ekki alls kostar heppileg, en ég er fullkomlega sammála honum um, að hann skuli vera þjóðkjörinn. Að vísu tel ég ekki rétt að setja kjörmenn, en mér finnst, að gera verði ráð fyrir því, að svo geti farið, að forseti verði kosinn með tiltölulega mjög litlum fjölda atkv. miðað við alla þá, sem þátt taka í atkvgr. En svo getur farið, eins og nú er frá þessu máli gengið í 5. gr. frv. Ég fyrir mitt leyti hefði talið rétt að athuga möguleika á því, að forsetinn skuli kjörinn með meiri hl. atkv., jafnvel þótt endurtaka yrði kosninguna. Að ég ber ekki fram neina brtt. í þessu efni, stafar af því, sem frsm. minntist á í ræðu sinni, að ráðgert er að endurskoða stjskr., og mun það væntanlega verða gert nú á næstu árum. Tel ég víst, að þetta atriði verði þá tekið til athugunar. Ég vildi aðeins láta þessa aths. í ljós hér.

Ég fellst algerlega á þau rök, sem frsm. bar fram fyrir því, að rétt er og eðlilegt, að forsetinn sé þjóðkjörinn, en ekki kjörinn af Alþ. Ef forsetinn væri kjörinn af Alþ. og hefði vald sitt frá því, þá mætti raunverulega eins láta forsrh. hafa með höndum framkvæmd þessa valds og óþarfi, að hann hefði sérstaka forsetanafnbót. Með því að forseti yrði kosinn beint af þjóðinni, yrði hann skoðaður sem fulltrúi þjóðarinnar á Alþ. Ég endurtek þessi rök, sem frsm. bar fram, af því að hér liggur fyrir brtt. frá stjskrn. Ég álít ekki rétt að samþ. þessa brtt. Ég var því sammála, að í stjskr. var sett það ákvæði, að forsetinn skyldi vera kjörinn af Alþ. En einmitt um leið og þessu er breytt og forseti þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, finnst mér eðlilegt, að hann hafi þetta vald.

Nú skal ég játa, að það er fullkomlega rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að um þetta mætti sjálfsagt deila óendanlega, hver eigi að ráða þann tíma, þar til þjóðaratkvgr. fer fram og forseti er kjörinn af þjóðinni.

Ég tel, að rétt sé, að forsetinn hafi þetta synjunarvald í hendi sér, ef hann er þjóðkjörinn. Mér er ljóst, að það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að forseti gæti með þessu í vissum tilfellum gert l. að engu, vegna þess að l. geta verið tímabundin og ef til vill áhrifalaust að beita þeim, þegar atkvæðagreiðsla hefði farið fram að 6—7 vikum liðnum. En það má líka taka málið frá hinni hliðinni. L. gætu verið búin að hafa full áhrif, áður en atkvgr. hefði farið fram um þau meðal þjóðarinnar. Þannig má í báðum tilfellunum sýna fram á dæmi bæði með þessu og móti. En sem sagt, eftir þá breyt., sem gerð hefur verið á frv. af stjskrn., að forsetinn skuli vera þjóðkjörinn, þá tel ég eðlilegra, að frestunarvald þetta sé í höndum forsetans en að l. taki gildi án staðfestingar hans og hvað sem valdi hans líður, þar til þjóðaratkvgr. hefur farið fram og þjóðin sagt álit sitt.

Það eru ekki fleiri atriði, sem ég sé sérstaklega ástæðu til að benda á í sambandi við þetta. En ég læt í ljós ánægju mína yfir þeim málalokum, sem fengizt hafa í þessu efni. Og ég vona, að sú eining, sem hefur fengizt í málinu, haldist, þar til full afgreiðsla er fengin á málinu.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Það hafa í raun og veru ekki komið fram neinar verulegar mótbárur nema um eitt atriði stjskrfrv., synjunarvald forsetans og þá brtt., sem fyrir liggur í því sambandi frá hv. stjskrn.

Hæstv. forsrh. taldi ástæðu til að spyrjast fyrir um þetta atriði, er hann hafði hlýtt á þann skilning minn, sem ég hef á afstöðu stjskrn., að löggjafarvaldið ætti að vera hjá Alþ. og það að öllu öðru leyti en því, að forseti hefði rétt til þess að gefa út brbl. og auk þess þann rétt að skjóta máli sínu til þjóðarinnar um synjun á staðfestingu á l., sem við getum deilt um skilgreiningu á, hvort tilheyri löggjafarvaldi eða ekki. Eftir að hæstv. forsrh. hafði hlýtt á þann skilning minn á þessu, gerði hann þessa fyrirspurn: Hvers vegna breytti þá stjskrn. ekki líka orðalagi 2. gr., þar sem stendur, að Alþ. og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið? — Það gerði stjskrn. ekki vegna þess, að þrátt fyrir það að sá háttur væri á hafður, sem stjskrn. leggur til, þá er enn lagður nokkur hluti löggjafarvaldsins í hendur forsetans, sem sé valdið til þess að gefa út brbl., og enn fremur, ef menn vilja kalla það þátt í löggjafar-

valdi, að geta skírskotað til þjóðarinnar, eins og gert er ráð fyrir, að forseti hafi vald til samkv. till. stjskrn.

Ég þarf nú ekki að fara fleiri orðum um þennan ágreining n. og hæstv. forsrh. Það komu þar fram nokkuð ólík sjónarmið, sem liggja aðallega í tvennu, að mér virðist. Í fyrsta lagi er skoðanamunur á því, hvernig skipta eigi löggjafarvaldinu, og svo í öðru lagi er skoðanamunur um það, hvað staðfesting forseta og synjunarvald hafi mikið praktískt gildi. Og þessi skoðanamunur, sem þarna virðist vera á milli stjskrn. og hæstv. forsrh., kom þó enn greinilegar í ljós í ræðu hv. 8. landsk. þm. (PM). Hv. 8. landsk. þm. byrjaði ræðu sína á því að halda því fram, að þetta mál mundi ekki hafa mikla praktíska þýðingu. Ég fyrir mitt leyti er hins vegar á þeirri skoðun, að þetta mál geti haft mjög mikla praktíska þýðingu. Það kom í ljós í umr. í stjskrn., að um þetta voru allskiptar skoðanir. En ég held samt sem áður, að flestir nm. hafi verið á einu máli um það, að synjunarvaldið, eftir að æðsta valdið væri flutt inn í landið, hlyti að hafa meiri þýðingu en það hefur haft til þessa. Hv. 8. landsk. þm. vildi halda því fram, að það væri rökvilla í afstöðu stjskrn. í þessu máli. Væri hún í því fólgin, að úr því að á það væri fallizt, að til þess að frv. öðluðust lagagildi, þyrftu þau staðfestingu forseta, þá gæti það ekki verið rökrétt að synja forseta í stjskrn. um vald til þess að hindra með neitun á staðfestingu sinni, að frv. gætu orðið að l., því að annars væri ákvæðið um, að forseti skuli staðfesta l., einskis virði, þýðingarlaust og meiningarleysa. Þannig skildi ég hv. 8. landsk. þm. Þarna kemur fram allmikill skoðanamunur á því, hvaða gildi staðfesting þjóðhöfðingjans hefur í þessu sambandi. Staðfesting þjóðhöfðingjans fer auðvitað alveg eftir réttarstöðu hans í þjóðfélaginu. Ef um einvaldan konung er að ræða, þó að hann hafi þing sér við hlið, jafngildir vald hans til þess að synja l. um staðfestingu því, að hann hefði í raun og veru einveldi, að því er snertir löggjafarvaldið, og löggjafarvald þingsins væri þá aðeins ráðgefandi vald. Ef um raunverulega einvaldan konung er að ræða, sem er ekki kosinn af þjóðinni og ekki hefur embætti sitt frá þjóðinni, heldur t. d. frá guði samkv. titli sínum, eins og hinir fornu einvaldar höfðu, sem voru „konungar af guðs náð", þá getur hann, hvenær sem er, notað persónulegt vald sitt til þess að synja l. um staðfestingu. En það þýðir, að hann hefur úrskurðarvald gagnvart þinginu, sem hann hefur sér við hlið, og getur hann því gert þingið valdalaust. (**PM**: Ekki, nema hann hafi þjóðina á bak við sig.) Ég er að tala um konung, sem hefur alls ekki vald sitt frá þjóðinni, heldur er einvaldur í krafti einhverra dularfullra hugtaka, t. d. af „guðs náð" (**MJ**: Herinn), — þó að sá kraftur, sem hann byggir vald sitt raunverulega á, geti verið herinn, eins og hv. 1. þm. Reykv. skaut inn í. En undir þeim kringumstæðum, að konungsvaldið sé raunverulega ekki annað en fornar minjar, þá ber að líta allt öðruvísi á synjunarvald konungs, og þannig hefur konungsvaldið verið hjá oss. Synjunarvald konungs hefur raunverulega í reyndinni ekki verið hjá okkur annað en formið eitt, og ákvæði stjskr. um, að l. þyrftu staðfestingu konungs, þá einnig ekkert annað en form. Síðan 1918 hefur konungur aldrei synjað l. um staðfestingu.

Þegar við nú, um leið og við flytjum æðsta valdið inn í landið og fáum það í hendur þjóðhöfðingja, sem kosinn er af þjóðinni, setjum slík ákvæði inn í stjskr. okkar, að hann hafi synjunarvald, þá hljótum við að gera okkur grein fyrir því, hvað við erum að gera. Erum við að setja hér upp eitthvert form, sem hefur enga raunverulega þýðingu, eða hefur þetta praktískt gildi fyrir stjórnskipulag okkar? Ég álít, að svo framarlega sem þetta væri álitið aðeins form, að forseti eigi að staðfesta l., þá væri forsetinn alveg þýðingarlaus og þá ætti forsetinn enginn að vera, því að þá þyrfti alls engin staðfesting forseta að koma til. Þá gæti forsrh. alveg eins komið fram sem æðsti maður þjóðarinnar og undirskrifað l. frá Alþ. En ég hugsa mér þetta ekki þannig, að undirskrift forseta sé aðeins form, heldur sem raunverulegt vald. — En vald í höndum hvers? — Það er næsta spurningin. Ég hugsa mér þetta sem vald í höndum þjóðarinnar, þannig að það, sem við erum að gera, þegar við setjum þetta inn í stjskr., að l. þurfi staðfestingu forseta, sé það, að við gefum umboðsmanni þjóðarinnar rétt til þess að skjóta málum undir úrskurð þjóðarinnar og afgreiðslu. Og frá þessu sjónarmiði er ekki til annað rökréttara fyrirkomulag en það, sem stjskrn. leggur til, sem sé, að l., sem Alþ. samþ., séu í gildi, þangað til úr því hefur verið skorið við þjóðaratkvgr., hvort þau skuli vera í gildi, — ef forseti hefur synjað um staðfestingu, — og þau séu þannig afgreidd frá þeim eina dómstóli, sem er viðurkenndur í þeim efnum, dómstóli þjóðarinnar. Ef Alþ. hefur notað umboð sitt, sem það hefur fengið hjá þjóðinni, á annan veg en þjóðin hefur ætlazt til, þá kemur það í ljós við þá atkvgr. Og frá því sjónarmiði, sem fyrir mér vakir og ég hygg, að vaki líka fyrir meiri hl. stjskrn., væri það algerlega órökrétt, ef sá háttur væri hafður á, sem hæstv. forsrh. leggur til í þessu efni. Og þar sem ég tel, að þetta fyrirkomulag hafi raunverulega praktískt gildi, þá þykir mér það hafa mjög mikla þýðingu, hvað samþ. verður á Alþ. í þessu efni. Ef forseti á að hafa rétt til þess að synja l. um staðfestingu, þannig að þau öðlist ekki lagagildi, fyrr en þjóðin hefur samþ. það, ef forseti synjar um staðfestingu, þá er ekki hægt að neita því, að í mörgum tilfellum jafngildir þetta algeru persónulegu synjunarvaldi forseta, og það var t. d. viðurkennt af hv. 3. landsk. (HG), að þannig væri það í mörgum tilfellum.

Nú getur menn vitanlega greint á um það, hvort forseti eigi að hafa algert synjunarvald eða ekki og hvort hann eigi að hafa það í öllum tilfellum eða aðeins í sumum, t. d. í þeim tilfellum, þegar það mundi jafngilda algeru synjunarvaldi að fresta framkvæmd l. um t. d. 2 mánuði, og það getur átt við allra þýðingarmestu mál þjóðfélagsins. Það vald væri í höndum forseta nægilega sterkt til þess að gera hvaða ríkisstj., sem er, ómögulegt að starfa, svo framarlega sem því væri beitt. En ég er algerlega andvígur þeirri skoðun, sem fram kemur hjá hæstv. forsrh. og hv. 8. landsk. þm., að við ættum ekki að gera ráð fyrir, að slíku valdi mundi verða beitt, ef það væri í höndum forseta. Skal ég minnast frekar á það nokkrum orðum.

Hv. 8. landsk. þm. lítur svo á, að forseti mundi

ekki og ætti ekki að nota synjunarvald sitt, nema um l. væri að ræða, sem færu í bága við stjskr. Þar er ég á allt öðru máli, vegna þess að ég álít, að þetta synjunarvald sé allt annars eðlis en synjunarvald konungs, og það hlýtur að verða litið svo á það atriði. Ég sagði, að ég teldi, að forseti mundi nota þetta vald, þegar hann telur það málefnalega rétt og telur sig hafa málefnalega aðstöðu til þess. Hv. 8. landsk. þm. spurði, hvað við væri átt með því, hvort átt væri við það, að forseti hefði rétt til þess að synja frv. um staðfestingu sem l., ef hann væri persónulega á móti efni frv. Ég skal skýra, við hvað ég á með því, er ég tala um málefnalegan rétt og aðstöðu forseta til þess að synja l. um staðfestingu. Það er í fyrsta lagi, ef hann þykist viss um, að meiri hl. þjóðarinnar sé andvígur l., sem Alþ. hefur samþ., og þau brjóti þannig í bág við þjóðarvilja. Þá álít ég að forseti hafi fullan siðferðilegan rétt til þess að neita l. um staðfestingu og muni gera það. En ég held líka, að slík synjun mundi geta komið til greina í mörgum öðrum tilfellum, að forseti mundi undir öðrum kringumstæðum neita l. um staðfestingu. Ég álít, að það gætu komið fyrir tilfelli, þegar forseti væri kosinn á sama hátt og gert er ráð fyrir í stjskr., að hann gæti verið fulltrúi fyrir minni hl. þjóðarinnar, — ég tel, að þannig kjörinn forseti mundi undir ýmsum kringumstæðum geta talið skyldu sína að neita l., sem Alþ. hefur samþ., um staðfestingu, ef hann hefur aðstöðu til þess, jafnvel þó að hann á engan hátt sé viss um, að hann hafi meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig. Og slíku valdi mundi verða beitt í hinum allra þýðingarmestu þjóðmálum. Ég tel, að hann mundi gera það í því tilfelli, að hann áliti l. háskaleg, við skulum segja „ómórölsk", eins og hv. 8. landsk. þm. komst að orði, frá sjónarmiði þeirra stétta, sem hann er fulltrúi fyrir. Og við megum ekki gleyma því, að við lifum í þjóðfélagi, sem er klofið í andstæðar stéttir, — sem líta frá mismunandi siðferðilegum sjónarmiðum á málin. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því. Ég gæti nefnt ótal dæmi þess, ef ég vildi orðlengja þetta.

Þá er það fyrirspurn hv. þm. Barð. Hann spurði mig, hvort ég vildi koma því á framfæri í stjskrn., að gerðar yrðu nokkrar frekari breyt. á frv., og þá einkum og sér í lagi, ef brtt. sú, sem fyrir liggur nú frá hv. stjskrn., yrði felld. Og þær breyt., sem hv. þm. Barð. taldi þá, að ekki væri ástæðulaust að gera á frv., voru í fyrsta lagi við 11. gr. frv., þar sem svo er kveðið á, að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus, hvort ekki væri þá ástæða til að taka það ákvæði til endurskoðunar, því að ef forseti fengi eins mikið vald og honum er ætlað með frv., þá ætti hann líka að hafa ábyrgð. — Í öðru lagi spurði hann, hvort ekki væri rétt að taka til athugunar, hvort forseti skyldi ekki víkja úr embætti í því tilfelli, að þjóðin samþ. l., sem Alþ. hefði samþ., en forseti neitað um staðfestingu á. Ég er samþykkur hv. þm. Barð. um þessi atriði. Hinu get ég aftur á móti ekki svarað, hvernig n. mundi líta á þessi mál. En ég er samdóma um það, að svo framarlega sem forseta verði fengið það vald í hendur, sem ætlazt er til samkv. því, er samþ. var í hv. Nd. eftir till. hæstv. forsrh., þá þyrftu þessar breyt. einnig að koma til. Slíku pólitísku valdi verður að mínum dómi að fylgja pólitísk ábyrgð. Og eins álít ég hitt, að svo framarlega sem í ljós kæmi, að slíkur forseti hefði ekki haft þjóðina á bak við sig, þegar hann neitaði l. um staðfestingu, þá yrði hann að víkja.

Hv. 3. landsk. þm. vildi vefengja það, sem ég sagði um, hvernig menn hefðu skipzt í mþn. um stjórnarskrármálið, að því er snertir kjör forseta, hvort hann skyldi vera þingkjörinn eða þjóðkjörinn. Ég hef nú hér fyrir framan mig fundargerðir þessara nefnda, og ég sé ekki betur en þær staðfesti það, sem ég sagði um þetta. Hér stendur bókað í fundargerð 19. fundar, með leyfi hæstv. forseta: „Samþykkt var með 6 : 2 atkv., að forseti skyldi kosinn af sameinuðu Alþingi." Þetta er alveg ótvírætt. Tveir sósíalistar á móti, hinir allir með. Á þessum fundi, sem haldinn var 29. marz, var þetta þannig samþ. En það er tekið fram í þessari fundargerð, — og ég geri ráð fyrir, að það sé það, sem hv. 3. landsk. þm. á við, — að það geti komið til greina, að einstakir fundarmenn hefðu óbundnar hendur um þetta mál síðar. Það er þegar tekið fram í þessari fundargerð. En hitt er óhaggað, að það er samþ. á þessum fundi með öllum greiddum atkv. gegn þessum tveimur atkv. sósíalista, að forseti skuli vera kosinn af sameinuðu Alþ.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Hv. 8. landsk. þm. sagði, að brtt. sú frá stjskrn., sem hér er um að ræða, hefði eða rúmaði í sér hugsunarvillu, að því er þetta ágreiningsmál snertir. Ég skal játa, að segja má, að þetta sé í vissu falli satt almennt talað, þegar það er sett fram eins og hann gerði. Löggjafarvaldið er alveg hjá tveimur aðilum, og af því leiðir, að ekkert verður að l., fyrr en þeir tveir aðilar hafa samþ. það. Og þessu er alveg jafnt haldið í stjskr., hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki. 2. gr. stjskr. er þar af leiðandi alveg rétt og getur staðizt alveg jafnt eftir sem áður. Það er almenn regla, að l. öðlist ekki gildi, fyrr en þau eru borin upp í ríkisráði og undirskrifuð af forseta. En stjskrn. hefur náttúrlega leyfi til, þrátt fyrir þá almennu hugsun, sem þar er sett fram, að setja undantekningu frá þessari reglu.

Það er auðvitað hægt í stjskr. að setja takmarkanir fyrir þessu valdi forseta í sjálfu sér, alveg eins og Alþ. sýnist. Og ef þessi brtt. verður samþ., þá eru þessar takmarkanir settar, sem sé, að ef ágreiningur er milli þessara tveggja aðila, Alþ. og forseta, þá sé það í raun og veru Alþ., sem ræður. En þá er forseta eftir sem áður áskilinn réttur, sem engum öðrum í þjóðfélaginu er áskilinn, sem sé málskotsréttur, er orðið getur til þess, að hann geti orðið aðili að löggjöf samt sem áður, þannig að hann er eini aðilinn í þjóðfélaginu, sem hefur aðstöðu til þess að fella úr gildi l., sem Alþ. hefur samþ. Með þessu yrði brugðið út af þessari almennu reglu, sem annars er haldið, að lagafrv. verða ekki l., nema þau séu samþ. af Alþ. og undirrituð af forseta. Ég sé því ekki annað en þetta sé aðeins mál, sem Alþ. ákveður, og það sé ekkert í því, sem hægt sé að tala um, hvort sé sérstaklega hugsunarrétt eða hugsunarrangt. Hér er aðeins um það að velja, hvort þingið vill efla dálítið vald forsetans eða draga úr því. — Ef maður færi í þessu sambandi að tala um, hvað væri „hugsunarrétt", þá gæti maður náttúrlega sagt,

að forsetinn, þessi eini þjóðfélagsþegn, sem valinn er í þessa stöðu, hann hafi í sjálfu sér enga lýðræðislega aðstöðu til þess að vera svo mikill aðili að löggjöf. En hann hefur þessa aðstöðu aðeins í krafti þess, að hann sé réttari fulltrúi þjóðarviljans en Alþ. Hann hefur rétt til þess að skjóta því undir atkv. þjóðarinnar, hver er sá rétti þjóðarvilji í ákveðnu máli. Og þá á vilji hans ekki að ráða, fyrr en atkvgr. hefur sýnt, hvort hann er sá rétti fulltrúi þjóðarviljans. Fulltrúar þjóðarinnar á Alþ. eiga að ráða fyrst um sinn, og forseti á að hafa rétt til þess að spyrja þjóðina um, hvort hann sé ekki raunverulegri og réttari fulltrúi þjóðarviljans, og úr því verður ekki skorið, fyrr en þjóðin samþ. það í hverju tilfelli, að hann sé það. En ef ekki má framkvæma l., sem Alþ. samþ., en forseti synjar um staðfestingu, fyrr en búið er að samþ. þau við þjóðaratkvgr., þá getur forseti gert svo til hverri ríkisstj. ómögulegt að starfa, því að hann getur verið með einlæg málskot til þjóðarinnar. Það má kannske segja, að hann geri það ekki. *En hver veit, ef forsetinn er þannig* gerður, að honum finnst Alþ. sí og æ vera með háskalega löggjöf fyrir þjóðfélagið, angurgapalegar samþykktir og algerlega rangar, að því er stefnu snertir. Og þá getur forseti gert Alþ. og *ríkisstj. algerlega ómögulegt að starfa*, ef hann getur með einlægum málskotum til þjóðarinnar hindrað það í margar vikur, að hægt sé að framkvæma l., sem samþ. hafa verið á Alþ.

Sá er munurinn á aðstöðu forseta og konungs, að sá fyrrnefndi er kosinn af þjóðinni og fenginn þessi réttur í hendur. Samkv. þessari lýðveldisstjskr. getur hann alltaf hindrað, að l. fái gildi, því að hann getur hindrað Alþ. í að starfa. Forseti getur hindrað l. í trássi við þjóðarviljann og allar reglur. Ef þjóðaratkvgr. gengur forseta í óhag og l. öðlast gildi, þá verður þetta svo hlægilegur skrípaleikur, að óhugsandi er, að nokkur forseti leyfi sér slíkt. Ef hinn kosturinn er tekinn, að láta l. öðlast gildi þrátt fyrir synjun forseta, þá getur hann ekki hindrað það nema í samræmi við þjóðarviljann. Mér kemur því mjög á óvart, hvað margir eru með því að auka vald forsetans. Ég hélt, að Alþ. væri á þeirri skoðun, að því bæri að halda því löggjafarvaldi, sem það hefur nú. Það er og hefur alltaf verið á tilfinningu allra, að Alþ. hafi eitt haft löggjafarvaldið. Ég vil, að það hafi það áfram. Ég álít þó ekki hægt að komast hjá að áskilja honum þennan málskotsrétt, þannig að hann geti fellt l. úr gildi, ef hann þykir réttari fulltrúi þjóðarviljans en Alþ. Mig furðar *stórlega á, hvað hv. 3. landsk. lagði á það mikla* áherzlu í ræðu sinni, að forseti yrði kosinn með meiri hl. atkv. allra kjósenda. Ég álít, að hann megi vera kosinn með eins fáum atkv. og vill. Ég álít, að hann eigi að vera valdalítill og ekki sé rétt að tryggja honum mikið þjóðarvald til að byrja með. Hann á að vera kosinn jafnvel af minni hluta kjósenda, ef þjóðin kærir sig ekki um að veita honum meiri hluta.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi að hafa löggjafarvaldið og halda forsetanum eins mikið utan við málefnin og frekast er unnt. Mér þótti það því næsta undarlegt, þegar hv. 8. landsk. talaði um, að óheppilegt væri að draga forsetaefni inn í deilur. Það er mjög slæmt. Ég játa það. En þá veit ég ekki, hvers vegna menn vilja fá honum svona mikið vald, sem rótar honum, þegar hann er orðinn forseti, í mestu ágreiningsmálin. Sannleikurinn er sá, að ef forsetinn á að vera utan við deilur og standa sem hlutlaus maður, t. d. í stjórnarskiptum, verðum við að hafa hann sem valdaminnstan. Það, sem fyrir mér vakir með þessu, að hafa forsetann sem valdaminnstan, er einungis að vernda þetta dýrmæti, að hafa einhvern mann, sem getur staðið utan við deilur. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira. Ég furða mig á ræðu hv. þm. Str. Þessi till. er mjög undarleg, en svo rís hér upp einn maður úr n. og segist ætla að greiða atkv. á móti henni. Ég var ekki undrandi yfir afstöðu hv. þm., en mér þótti þetta undarlegt, því að ég hélt, að n. stæði saman um þessa till.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 132 samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, EE, GJ, KA, LJóh, MJ, BSt, StgrA.
nei: GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PM, ÞÞ.
26. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
27.—80. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
81. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflaskipting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 153).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HermJ, IngP, JJ, KA, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, StgrA.
Frv. endursent Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 153).

Á 28. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 153, 161, 165, 176).

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Það fór svo í Ed., að 26. gr. stjskr. var breytt í það horf, sem hún var í, þegar frv. var lagt fram í upphafi. Vegna þess að brtt. sú, sem ég leyfði mér að bera fram á sínum tíma, náði svo miklu fylgi hér í þessari d., taldi ég, að ég brygðist skyldu minni, ef ég endurtæki hana ekki hér í þessari d. Ég hef að vísu ekki mikið fram að færa fram yfir það, sem ég lét um mælt í þessari d. undir umr. þá, en ég get þó ekki gengið fram hjá því, að það komu vissar skýringar við málið í Ed., sem mér voru í raun og veru kærkomnar og skýrðu betur, hvernig stjskrn. hefur litið á ákvæði þessarar gr.

Hv. frsm. stjskrn. Ed. lét m. a. svo um mælt, að það væri í algeru ósamræmi við þá hugsun, sem vakað hefði fyrir meiri hl. stjskrn., ef 26. gr. væri samþ. á þann veg, sem Nd. gekk frá henni, því að fyrir stjskrn. hefði vakað, að löggjöfin væri

að öllu leyti í höndum Alþ. Ég vil vekja athygli á þessu, því að hér er skörulega mælt um það, að horfið skuli frá hinni eldri og algengu skoðun á hugtakinu „þingbundin stjórn". Það er ekki þingbundin stjórn, sem hér um ræðir, heldur bara þingstjórn.

Enn fremur vil ég benda á það, sem ég lét um mælt við stjskrn., að þá hefði þurft að leiðrétta 2. gr., þar sem stendur, að Alþ. og forseti lýðveldisins fari saman með löggjafarvaldið. Hv. frsm. gaf þá skýringu, að það, sem meint væri með því, að forseti færi með löggjafarvaldið, væri eingöngu miðað við brbl., og þetta skýrði það enn frekar, að forseta væri ekki ætluð hlutdeild í hinu almenna löggjafarvaldi. Hvað verður þá um vald forseta yfirleitt í sambandi við 2. gr.? Hann verður ekkert annað en nokkurs konar afgreiðslustjóri, og ríkisráðið verður ekkert annað en lítils háttar afgreiðslustofnun. Þessi ákvæði í gildandi stjskr. og í þessu frv., ákvæði 1. gr., að hér sé þingbundin stjórn, ákvæði 16. gr., að l. skuli borin upp fyrir forseta í ríkisráði, og enn fremur í 19. gr., að undirskrift forseta veiti l. gildi, eru ekkert annað en skrautfjaðrir, sem eru felldar af með því að svipta forseta öllu valdi.

Þá skal ég einnig benda á annað, að ég hef heyrt það fært fram sem ástæðu, þó að það komi þessu máli ekki við nema óbeint, að ef þessi d. færi nú að færa málið í sama búning og það hafði áður, væri málinu stefnt í voða, því að stjskr. mætti ekki fara í sameinað þing. — Ég vil nú fyrst benda á, að þessi d. þarf engar áhyggjur af þessu að hafa, heldur þá Ed. En málinu er alls ekki svo farið, því að það er ekki krafizt annars en samþykkis Alþingis. Og ef nokkur vafi hefur verið á því, að stjskr. mætti koma í Sþ., þá sýnist mér, að sá vafi sé burtu fallinn. Auk þess er það nýjasta kenningin, ég vil segja sú mest „moderne" kenning, sem fyrrv. prófessor við háskólann, Bjarni Benediktsson, hefur látið uppi, að ekki sé hægt að álíta annað en stjskr. megi koma í sameinað þing. Ég vil benda á þetta, af því að sumir telja, að þessu máli væri hætta búin, ef nú yrði gengið á móti vilja Ed. En ég vil undirstrika, að þetta er alveg ástæðulaus ótti. Stjskr. gengur fram, ef ekki í d., þá í Sþ.

Hér liggja fyrir tvær brtt. nýjar. Ég skal ekki orðlengja neitt um þær. Þar er komið inn á aðra stefnu um hið frestandi synjunarvald forseta, sem hér er deilt um. Mun ég bíða eftir að heyra, hvað hv. flm. till. á þskj. 176 hefur fram að færa til stuðnings þeirri till., því að hún er víðtæk og sjálfsagt reist á gildum rökum, sem fræðilega væri hægt að fallast á.

Jón Pálmason: Þegar stjskr. var síðast til umr., greiddi ég atkv. með brtt. hæstv. forsrh., en satt að segja var ég mjög á báðum áttum í því máli, af því að mér finnst þau ákvæði, sem deilt er um milli Ed. og Nd., vera meingölluð, og má sjálfsagt segja, að vafasamt sé, á hvorum séu meiri gallar. Frá mínu sjónarmiði er það mjög gallað ákvæði að láta l., sem forseti hefur neitað að staðfesta, öðlast gildi, og líka er gallað að banna þinginu að setja brbl., eins og gert er með þessu fyrirkomulagi, sem felst í till. hæstv. forsrh.

Nú hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Vestm., án þess að ég viti um vilja hv. d., að flytja brtt. á þskj. 165 og geri það í þeim tilgangi að gera tilraun til sátta. Þessi till. er þannig, eins og menn sjá, að farið er eftir þeirri reglu, sem gildir í Bandaríkjunum og nú hefur nýlega komið til framkvæmda, að l., sem forseti hefur neitað að staðfesta, geta aftur orðið að l., ef ákveðinn hluti þm. samþ. þau á ný. — Ég tel varhugavert að setja í stjskr., að þjóðaratkvgr. þurfi, þó að ágreiningur verði milli forseta og þings. Ég viðurkenni alls ekki, að það sé staðfest djúp milli þings og þjóðar. Þingið er ekki annað en fulltrúar þjóðarinnar. Og þar sem sú regla er komin á, að milli kosninga líði í hæsta lagi fjögur ár, þá væri það gallað fyrirkomulag að setja þjóðaratkvgr. af stað þess á milli, ef um ágreining yrði að ræða um einhver l. milli forsetans og þingsins. Það er óeðlilegt að hugsa sér, að vilji þ. sé svo langt frá vilja þjóðarinnar, að þess ætti að þurfa. Ég tel það einfaldari og eðlilegri leið, að hér sé skorið úr á þann hátt, sem við leggjum til í till. okkar, — að heimtaður sé ákveðinn meiri hl. eða ⅔ atkvæða allra þm., annars sé þetta deilumál fallið. Og þegar til þess kemur að skera úr um þann ágreining, sem orðið hefur, þá verður það gert með venjulegum kosningum, hvorar sem standa nær, forsetakosningar eða alþingiskosningar.

Um þetta atriði skal ég svo ekki hafa fleiri orð, nema tilefni gefist til, en ég vil, að menn athugi, hvort ekki gætu orðið sættir á þeim grundvelli, sem hér um ræðir.

Jakob Möller: Áður en ég vík að þeirri brtt., sem ég flyt hér, skal ég aðeins víkja að afstöðu minni til málsins hér í Nd. áður.

Þá lýsti ég yfir því, að ég væri á sama máli og hv. 4. þm. Reykv., að mér fyndust ákvæði 26. gr. óheppileg. Ég hafði þá ekki séð brtt. hæstv. forsrh. Ástæðan fyrir því, að mér fannst 26. gr. (og finnst hún nú) varhugaverð, var sú, að mér finnst fráleitt, að l., sem ekki er afgert um, hvort verði til frambúðar, fái þegar gildi og síðar tekin ákvörðun um, hvort þau skuli l. í landi eða ekki. Mig furðar, að hv. stjskrn. skuli vera með aðra eins hortitti í lagastíl og hér um ræðir. Nú ber hv. stjskrn. því við, að sama gildi um brbl., sem sett eru af ríkisstj. Það getur svo farið, að slík l. verði felld, og hefur komið fyrir. En á því er sá stóri munur, að þau eru í raun og veru sett af ríkisstj. í umboði Alþ. og mundu vera í umboði forseta. Þess vegna er það misskilningur eða vangá hjá hv. þm. A.-Húnv., að þ. væri sett neðar en stj., því að stj. getur ekki sett brbl. nema með staðfestingu forseta, svo að það er langt frá því, að þ. sé sett neðar en stj. Hvort tveggja er háð staðfestingu yfirvaldsins.

Þetta var ástæðan fyrir því, að ég vildi breyt. á 26. gr. stjórnskipunarl., að mér fannst till. stjskrn. óhæf í grundvallarl. Ég vil vekja athygli á því, að með þessu móti geta komið í gildi l. gagnvart hluta þjóðarinnar, en geta svo fallið úr gildi og aldrei komið til framkvæmda gagnvart allri þjóðinni. Eins og allir vita, verða l. ekki ævinlega gild samtímis gagnvart öllum, er þau eru sett. Þau verða gild, þegar að því kemur, að einstaklingar þjóðfélagsins reka sig á þau. Þetta gæti skapað magnaðan órétt. En brbl., sem sett eru af stj., eru miklu öruggari að standast þá raun — og ganga í gegnum þ. — en l., sem þ. setur, kannske

með litlum meiri hl., og síðan eru lögð fyrir þjóðina. Ríkisstj. setur ekki brbl. um mikilsvarðandi efni, nema hún viti, að hún hafi þjóðarviljann að baki sér, og í flestum tilfellum mun ríkisstj. koma sér saman um málið við leiðtoga þingflokkanna. Um þau brbl., sem sett eru af ríkisstj., gildir því allt annað en l., sem eru e. t. v. sett af minni hl. þings.

Ég get látið þetta nægja um fyrstu afstöðu mína gagnvart 26. gr. En svo, þegar komið var kapp í málið, þá fór ég að athuga, hvað við því yrði gert. Það, sem nú er um deilt, er ekki það, hvað ákvæðin séu óhentug, heldur um valdsvið forseta. Þá minntist ég þess, að við ætluðum að komast hjá öllum deilum um slíkt og þóttumst tryggja það með stjskrl. 16. des. 1942. Við þóttumst tryggja, að við færum ekki í hár saman út af einstökum atriðum, með því að ákveða, að óheimilt væri að gera nokkrar breyt. á stjskr. aðrar en þær, sem beinlínis leiddi af því, að konungsvaldið væri tekið inn í landið. Það er óheimilt að gera aðrar breyt. en þær, sem beinlínis leiðir af því, að konungsvaldið er flutt inn í landið. Með þessu héldum við, að við værum búnir að tryggja, að ekki yrðu háðar deilur um einstök atriði stjskr. á þessu stigi. Og hvað þýðir það? Það þýðir, að við verðum að gera okkur grein fyrir, hvað er óhjákvæmilegt.

Nú er þetta eina atriðið, sem komið hefur fram, og það er komið í slíkan háska, að önnur d. samþ. ofan í hina, í annarri með miklum meiri hl., en í hinni með eins atkv. mun. Þessi breyt. hefur sem sagt 20 atkv. gegn 27 á þingi.

Þá vil ég vekja athygli manna á því, hvort með hliðsjón af l. frá 16. des. 1942 sé tryggt, að við séum á alveg öruggum lagagrundvelli, ef við gerum þá breyt. á 26. gr., sem hér um ræðir. En ef við gerum engar breyt. og ætlum forseta sama vald og konungur hefur nú, þá er enginn vafi á, að það stenzt. En ef við breytum því, er vafasamt, að við stöndum á öruggum lagagrundvelli, og væri óheppilegt að byrja lýðveldið þannig.

Ég hef lagt fram brtt. á þskj. 176, þar sem ég fer þess á leit, að tveir síðustu málsl. gr. falli niður og gr. verði aðeins um það, að til þess að lagafrv. fái gildi, þurfi það staðfestingu forseta. Þar af leiðir, að l. falla niður, ef hún er ekki veitt.

Ég gæti fellt mig við brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Vestm., ef ég teldi, að sú breyt. væri heimil. En af fyrirkomulagsástæðum — að minni till. fallinni — mundi ég greiða atkv. með henni, af því að ég tel hana betri en hina.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Ég tel nauðsynlegt í tilefni af þeim tveimur ræðum, sem hér hafa verið fluttar, að segja nokkur orð, ef ég gæti gert hv. þm. skýrt, hvað það er, sem stjskrn. hefur byggt á afstöðu sína í þessu atriði.

Ég vil fyrst minna á, að venjan er sú um þingbundna konungsstjórn í flestum löndum, að synjunarvald konungs er ekki til í framkvæmdinni. Alþ. hefur því í reyndinni haft löggjafarvaldið eitt undanfarið. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar rætt er um synjunarvald forseta. Sett voru sérstök stjórnskipunarl. 1942, sem kváðu svo á, að ekki mætti gera aðrar breyt. á stjskr. en þær, sem beinlínis leiddi af því, að æðsta valdið væri fært inn í landið. Það liggur í augum uppi, að þetta þýðir ekki það, að skylt sé að fá allt það vald, sem konungur hefur haft á pappírnum, — á pappírnum, — í hendur forseta, heldur er Alþ. vitanlega heimilt að flytja það vald á fleiri en einn stað, ef því svo sýnist. Það er ekki rétt, að stöðvunarvald það, sem forseta kynni að verða fengið í hendur (og ég held ég geti sagt það fyrir hönd n., en ekki bara sjálfan mig) væri sambærilegt við stöðvunarvald konungs, þar sem forseti er þjóðkjörinn og ekki bundinn neinum venjum, en konungur hefur verið bundinn af sterkri venju (tradition), eins og áður er að vikið. Með þetta í huga hefur n. starfað og einnig mþn., og þetta sjónarmið hefur einnig ríkt hjá ríkisstj., sem frv. flutti. Hæstv. forsrh. gerir í till. sinni ráð fyrir því, að forseti fái ekki sama stöðvunarvald og konungur hafði. Það er því ljóst, að báðar þær n., sem um málið hafa fjallað, og eins hæstv. ríkisstj. hafa litið svo á, að þingið væri ekki bundið við bókstaf gildandi stjskr. um synjunarvaldið, heldur væri því leyfilegt að ráðstafa þessu valdi í fleiri en einn stað. Nefndunum, ríkisstj. og hv. þm. yfirleitt ber því ekkert á milli um það, hversu bundnir við séum um ráðstöfun synjunarvalds konungs.

Hins vegar flytur hv. 3. þm. Reykv. till. um að flytja synjunarvaldið óbreytt í hendur forseta. Ég teldi það illa farið, ef að þessu væri horfið. Í stað konungs, sem samkv. venju hefur litið þannig á sjálfur, að synjunarvaldið væri aðeins á pappírnum, fáum við nú forseta. Hann hlyti að líta öðruvísi á sitt hlutverk en konungur. Hann hlyti að líta á sig sem fulltrúa þeirra, sem hafa kosið hann. Hér á Íslandi, þar sem menn gjarnan telja sig hafa fyllilega það vald, sem þeim er fengið eftir bókstafnum, mundi ekki verða litið á ákvæðið sem dauðan bókstaf. Ég óttast, að forseti fengi stöðugt áskoranir um að nota þetta vald. Gæti leitt af þessu hinn mesta vanda fyrir forsetann og tvískinnung í löggjafarvaldinu, ef til framkvæmda kæmi, af hans hálfu.

Ég læt þetta nægja um till. hv. 3. þm. Reykv.

Nú eru eflaust til hér á landi nokkuð ólíkar skoðanir um það, hvernig forseti ætti að starfa. Sumir vilja e. t. v., að hann sé valdamikill stjórnmálaleiðtogi. Aðrir álíta, að forsetinn eigi að vera þjóðhöfðingi, eins konar sameiningartákn þjóðarinnar, en skuli blanda sér sem minnst inn í stjórnmáladeilur. Hvað sem þessu líður, getum við ekki gengið frá þessari stjórnarskrá öðruvísi en þannig, að forseta sé ætlað þjóðhöfðingjastarfið, en ekki stjórnmálaleiðsögn. En hvað sem því líður, þá get ég ekki fallizt á, að sérstaka nauðsyn beri til að setja nú inn í stjskr. ákvæði um stöðvunarvald eða eftirlit með störfum Alþ., en á nauðsyn þess hafa nokkrir hv. ræðumenn lagt áherzlu. Ég vil benda mönnum á, að Alþ. hefur starfað áratugum saman án þess að hafa yfir sér nokkurt stöðvunarvald og án þess að það hafi þurft að hafa nokkurn sérstakan gæzlumann yfir sér. Við höfum fram að þessu áreiðanlega ekki óskað eftir því, að slíkt eftirlit væri til. Þess vegna virðist mér undarlegt, að menn skuli nú ræða þetta mál eins og sérstök nauðsyn sé á því að setja hemil á Alþ. í sambandi við löggjafarstarfið. Það stappar nærri, að sú skoðun gægist fram, að eitthvert óhapp gæti skeð, ef inn í stjórnskipunarl. nýju komi ekkert verulegt stöðvunarvald, sem væri í höndum for-

setans. En ég vil leggja áherzlu á, að þetta stöðvunarvald hefur í rauninni alls ekki verið til. Og ég fyrir mitt leyti tel ekki nauðsyn á að skapa stöðvunarvald fyrir forsetann, eins og málum er háttað hér hjá okkur, og skal ég færa frekari rök fyrir því.

Eins og ég gat um áðan, er aðeins tvær leiðir að fara um starfssvið forseta. Önnur er sú, að forseti sé stjórnmálaleiðtogi, hin, að forseti sé þjóðhöfðingi. Ef menn vilja hafa forseta stjórnmálaleiðtoga, þarf hann að hafa ekki aðeins stöðvunarvald, heldur einnig talsvert annað og meira vald. Þá þyrfti hann einnig að hafa jákvætt vald. Sé forseti þjóðhöfðingi, er bezt fyrir alla, að hann blandi sér sem minnst inn í stjórnmáladeilur í landinu. Ég vil, að önnur hvor stefnan sé tekin hreinlega. Forseti okkar hlýtur að verða þjóðhöfðingi eftir þessari stjskr. Öðru verður ekki við komið nú, jafnvel þótt menn vildu. Þess vegna á hann að vera utan við stjórnmáladeilur og bezt, að hann hafi ekkert synjunarvald. Ef hann hefði synjunarvald í einhverju formi, þá yrði það til þess að skapa tortryggni um kjör hans og yrði til þess, að lagt yrði að honum að nota þetta vald. Forsetakosningin yrði fremur pólitísk, án þess að það hefði nokkra jákvæða þýðingu, en kæmi deilum af stað. Ég tel því, að bezt fari á því, eins og þessi stjórnskipunarlög eru byggð upp, að synjunarvaldi því, sem konungur hafði, verði sem mest beint til þjóðarinnar sjálfrar og forseti hafi í því sambandi aðeins málskotsvald, eins og stjskrfrv. gerir ráð fyrir. En þá er eftir að gera því skil, hvort við viljum heldur hafa málskotsvald eins og stjskrn. og mþn. í stjskrmálinu vildu og eins og hann er í frv. því, sem hér liggur fyrir, eða hvort við viljum fallast á till. hæstv. forsrh. að breyta málskotsvaldinu á þá lund, að l. öðlist ekki gildi, ef forseti skýtur þeim til þjóðarinnar, fyrr en þau hafa hlotið samþykki við þjóðaratkvgr.

Það kemur fram hjá hæstv. forsrh. og hefur komið fram, að því er mér skilst sem aðalröksemd fyrir þessari till., að það væri ótilhlýðilegt og skapaði óeðlilegt öryggisleysi, að l. gætu öðlazt gildi, án þess að forseti hefði undirskrifað þau, þótt ekki væri nema til bráðabirgða og menn gætu búizt við því, að l. yrðu síðan numin úr gildi við þjóðaratkvgr. Í fyrsta lagi vil ég minna á það í sambandi við þá hættu, sem talað er um, ef l. öðlist gildi strax, að við höfum haft hér löggjafarþing um áratugi, án þess að nokkurt stöðvunarvald hafi komið til framkvæmda, og ég veit ekki til, að nokkur maður hafi saknað þess, að þetta synjunarvald hefur ekki verið notað.

Í rauninni eru þessi rök nægileg til þess að svara öllum þeim atriðum, sem fram hafa komið, til þess að sýna mönnum fram á, að nauðsynlegt sé að setja strangar stöðvunarvaldsskorður við löggjöf Alþ. En þá kemur að öryggisleysinu, sem á að vera fólgið í því, að l. geti undir vissum kringumstæðum orðið felld úr gildi við þjóðaratkvæðagreiðslu. Út af þessu vil ég minna á, að í gildandi stjórnskipunarl. eru ákvæði um, að setja megi brbl., sem síðan séu samþ. af Alþ. Vil ég benda á, að þetta er alveg hliðstætt því, sem hér er gert ráð fyrir, að verði um löggjöf frá Alþ., sem forseti getur skotið til þjóðaratkvgr.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að þetta væri ekki hliðstætt, vegna þess að um setningu brbl. fjölluðu bæði ríkisstj. og forseti, og hefði stj. þá umboð þingsins, og með því væri tryggt, að l. yrðu ekki afnumin síðar. En þessi rök fá ekki staðizt vegna þess, að það getur komið fyrir, að ríkisstj. hafi ekki stuðning þingsins. Það er t. d. það ástand, sem við búum við í dag. Nú er þannig ástatt í landinu, að ríkisstj. er skipuð af ríkisstjóra, vegna þess að ekki var hægt að mynda stj., sem hefði meiri hl. þingsins að baki sér. Við sjáum, að í slíkum dæmum gæti vel farið svo, að með brbl. væri gengið á móti vilja þingsins og þau yrðu felld á Alþ. Nú munu sumir segja, að þetta sé undantekning. Og það er rétt. En ég vil þá einnig benda á, hvort það muni ekki verða alger undantekning, að forseti skjóti l. frá Alþ. til þjóðarinnar til þess að reyna að fá þeim hnekkt, og þaðan af meiri undantekning, að þjóðin felli l. frá Alþingi.

Hvort brbl. séu líklegri til þess að hljóta samþykki Alþ. en l. frá Alþ. að hljóta samþykki þjóðarinnar, ef þeim er til hennar skotið af forseta, um það má endalaust deila. Það fer allt eftir því, hvernig stendur á um ríkisstj. og hversu mikinn stuðning hún hefur tryggt sér fyrir brbl. innan þingsins, og hins vegar hversu mikinn stuðning þingmeirihlutinn getur tryggt sér meðal þjóðarinnar með lagasetningu af sinni hálfu, ef henni yrði skotið til þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. hefur lagt aðaláherzlu á öryggisleysið í sambandi við málskotsvaldið, eins og meiri hl. stjskrn. vill hafa það, og því hef ég nú svarað. Þá vil ég taka fram að gefnu tilefni, að n. telur fullkomlega heimilt samkv. þeim stjórnskipunarl., sem sett voru 1942, að haga synjunarvaldinu svo sem hún leggur til, og sama er að segja um breyt. þá, sem till. forsrh. gerir ráð fyrir. Það er ekki neinn „prinsip"-munur á afstöðu ríkisstj. og stefnu n. í þessu efni, — það er aðeins stigsmunur. Bæði n. og ríkisstj. eru á einu máli um, að eðlilegt sé, að synjunarvaldið sjálft sé í höndum þjóðarinnar, en ekki forsetans. Hér er aðeins ágreiningur um það, hvernig málskotsvaldi forseta skuli fyrir komið. Þess vegna finnst mér nokkuð djúpt tekið í árinni hjá hæstv. forsrh., þegar hann sagði, að ef ekki væri fallizt á till. hans, væri hér ekki lengur um þingbundna stj. að ræða, heldur þingstjórn. Mér skilst, að ef till. forsrh. væri samþ., þá teldi hann með réttu hægt að tala um þingbundna stj. En ágreiningur hæstv. forsrh. og n. er einvörðungu um það, hvort l. skuli þegar öðlast gildi, þótt þeim sé skotið til þjóðarinnar, eða hvort þau eigi ekki að öðlast gildi, fyrr en þjóðaratkvgr. hefur farið fram. Mér er ómögulegt að sjá, að á þessu tvennu sé sá reginmunur, að rétt sé í því sambandi að tala um, að aðrir vilji hallast að því að hafa þingstj., en hinir að því að hafa þingbundna stjórn.

Hæstv. forsrh. segir, að ef frv. væri haldið eins og það er nú, ætti að fella niður úr 2. gr. stjskrfrv. ákvæðin, sem segja, að Alþ. og forseti fari saman með löggjafarvaldið. Ekki lít ég þannig á. Mér virðist, eins og ég sagði við fyrri umr. málsins, að þessi ákvæði í 2. gr. geti staðizt fullkomlega og eigi þar að vera, þó að frv. sé haldið eins og það er nú. Það er þá fyrst, að forseti á þann þátt í löggjafarstarfinu, sem ekki er þýðingarlítill, að hafa rétt til þess að skjóta l., sem Alþ. hefur samþ., til þjóðaratkvgr. Hver vill neita því, að sá, sem

hefur þetta vald, fari með löggjafarvaldið ásamt þinginu? Þar að auki ber að taka það fram enn einu sinni, að í stjskr. eru ákvæði um, að brbl. öðlist gildi, ef forseti staðfestir þau, þótt samþykki Alþ. komi ekki til þá þegar. Þetta er einnig þýðingarmikill þáttur í löggjafarstarfinu. Það væri beinlínis rangt og villandi að taka það ekki fram í 2. gr. stjskr., að Alþ. og forseti færu saman með löggjafarvaldið. Það er gert ráð fyrir því, að forseti fari með löggjafarvaldið, þegar Alþingi situr ekki, auk þess sem hann hefur málskotsréttinn.

Mér finnst dálítið einkennilegt að vera að gera miklu meira úr þessu ágreiningsatriði en ástæða er til. Mér finnst sízt ástæða til þess að dýpka þann skoðanamun, sem hér kemur fram. Ágreiningsefnið er ekki svo stórvægilegt, að ástæða sé til þess að blanda hér inn í deilum um undirstöðuatriði stjórnskipunarlaganna.

Ég tók það fram áðan, að það væri aðeins um tvennt að ræða um forseta, að hann yrði stjórnmálaleiðtogi eða þjóðhöfðingi. Eins og þessi stjórnskipunarl. eru byggð upp, hlýtur hann að eiga að starfa sem þjóðhöfðingi. Ég tel þess vegna óheppilegt að vera að draga forseta, sem þannig hlýtur að starfa, inn í stjórnmáladeilur að ófyrirsynju með því að ætla honum að vera sérstakur eftirlitsmaður með löggjafarstarfi þingsins, sem þó yrði í reyndinni ákaflega þýðingarlítið, en gæti fyrir fram vaxið mönnum svo í augum, að það ylli tortryggni í sambandi við val forseta. Ég tel, að till. hæstv. forsrh. auki verulega hættuna á þessu, og skal ég færa að því nokkur rök.

Munurinn á till. hæstv. forsrh. og afstöðu n. er sá, að samkv. till. hans öðlast löggjöf ekki gildi, fyrr en þjóðaratkvgr. hefur farið fram, ef málskot á sér stað. En n. vill, að löggjöfin öðlist gildi strax. Nú skulum við hugsa okkur, að þingmeirihluti teldi brýna nauðsyn á því að setja l. á Alþ. um einhver sérstök vandkvæði, sem hefðu átt sér stað í atvinnulífi landsmanna og fjármálalífi. Við vitum, að í því sambandi þarf oft að gera ráðstafanir, sem verða að koma tafalaust eða tafalítið til framkvæmda, ef þær eiga að koma að nokkru haldi. Það getur jafnvel oft verið til lítils að setja löggjöf um viss atriði, ef það verður verulega hljóðbært, að hennar sé von, áður en hún er gengin í gildi. Nú getur orðið ágreiningur um slíka löggjöf, t. d. í sambandi við vinnudeilur. Enginn vafi er á því, að hefði forseti þetta málskotsvald, sem gert er ráð fyrir í till. hæstv. forsrh., hefði hann raunverulegt stöðvunarvald í þess konar málum. Málskot getur þýtt sama og synjun, jafnvel þótt l. séu samþ. af þjóðinni. Efast nokkur um það, að þegar svona stæði á, ágreiningur væri um mál þessarar tegundar, þá mundi lögð hin þyngsta pressa á forseta af hálfu þess minni hl. í þinginu, sem væri óánægður með löggjöfina, til þess að fá málskot og þar með stöðvun á löggjöfinni? Forseti mundi dragast inn í hinar harðvítugustu stjórnmáladeilur einmitt um viðkvæmustu málin, og aðstaða hans til þess að gegna þjóðhöfðingjastarfinu yrði miklu verri en áður, eftir að slíkt hefði komið fyrir. Nú má vera, að það vaki alls ekki fyrir mönnum, að þannig ætti að halda á málum, en það skiptir ekki máli, heldur hitt, að með þessu ákvæði væri boðið upp á, að forsetinn hefði engan frið í starfi sínu fyrir óskum og kröfum um að grípa inn í löggjafarstarfið til stöðvunar á þann hátt, sem ég hef lýst.

Ég vænti þess því fastlega, að brtt. hv. 3. þm. Reykv. og brtt. hæstv. forsrh. verði felldar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég tók ekki til máls, þegar þetta mál var rætt síðast hér í hv. deild.

Þær brtt., sem hæstv. forsrh. bar fram, þegar málið var hér fyrr fyrir hv. d., liggja nú fyrir aftur. Mér datt ekki í hug, að svo gæti farið hér, eins og þó fór, að sú brtt. yrði samþ. og till. stjskrn. felldar. Enda held ég, að það hafi verið svo, að þeir menn, sem þannig greiddu atkv., hafi ekki athugað til fullnustu, hvað hér var um að ræða.

Mér finnst líka allmikill misskilningur vera um það hjá hv. þm., að þeim finnist vald forseta með þeim ákvæðum, sem stjskrn. hefur lagt til, vera of lítið og að það þurfi að auka frá því, sem stjskrn. leggur til. Mitt álit er alveg þvert á móti. Ég álít, að sízt sé ástæða til þess fyrir okkur með breyt. á stjskr. hér á þ. að rýra vald Alþ. Öll stjórnarskipunarbarátta okkar Íslendinga hefur miðað að því að fá það vald, sem var í höndum konungs, í hendur Alþ. Og síðustu 20 árin höfum við haft þetta vald í höndum þingsins, og ef konungurinn hefði gripið til synjunarvaldsins, þá hefði orðið að grípa til ráðstafana, til þess að Alþ. hefði það vald, sem það hefur fengið. Raunverulega hefur konungurinn ekki haft synjunarvald hjá okkur nema á pappírnum, og ef það hefði ekki verið pappírsvald aðeins, hefði ríkið gripið til ráðstafana, til þess að valdið væri í höndum Alþ. — Mér datt því ekki í hug, að meiri hl. Alþ. samþ. brtt., sem gengi í þá átt að rýra vald þingsins, því að með því væri skapað nýtt vald við hliðina á Alþ., sem væri miklu sterkara en hið erlenda konungsvald síðustu árin.

Þegar við í mþn. í stjskr.málinu byrjuðum að athuga stjskrfrv., — og Sósfl. á fulltrúa í n., — þá fannst okkur ákvæðið um þingkjör forseta ekki rétt, vegna þess að forsetinn hefur samkv. stjskrfrv. svo mikið vald, — það væri þess vegna ekki eðlilegt að hafa hann þingkjörinn. Það væri mikið vald, sem forseti fengi með því, að auk þess sem hann hefur áhrif á framkvæmdarvaldið, gæti hann skotið til þjóðarinnar málum til synjunar, sem Alþ. væri búið að samþ. Það væri því eðlilegt, að forseti væri kosinn af þjóðinni, þegar hann hefði þetta mikið vald. Ef hann væri þingkjörinn, virtist okkur eðlilegast, að hann hefði ekkert vald til þess að skjóta málum til þjóðarinnar. Það er í sjálfu sér mótsögn í því, að forseti sé kosinn af þinginu og að hann einnig hafi vald til þess að skjóta l., sem þingið samþ., til þjóðarinnar. Og sá forseti, sem slíkt vald hefði, álitum við, að ætti að vera kosinn af þjóðinni. Ég held þess vegna, að það sé alveg gengið út frá röngum forsendum, þegar hv. þm. tala um, að vegna þess að forseti sé þjóðkjörinn, þurfi hann að hafa meira vald. Ég vek athygli hv. þm. á því, að meira að segja um sjálft þingrofið, sem við byggjum á, er ekki fastar að orði kveðið í þessu frv. en að í 1. gr. þess stjskrfrv., sem hér liggur fyrir nú, er einvörðungu sagt: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn". Það er eina orðið í frv. um þetta. Að öðru leyti eru þingræðinu engin takmörk sett í þessu stjskrfrv.

Hæstv. forsrh. var að tala um það áðan, að það væru ekki orðnar eftir nema skrautfjaðrir á forsetanum, ef hann væri sviptur þessu raunverulega synjunarvaldi, að geta hindrað, að l. gangi í gildi þannig, að þau gildi ekki sem l., fyrr en búið væri að bera þau undir þjóðaratkv., — m. ö. o., að 16. gr. þessa frv. um, að l. og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bera upp fyrir forseta í ríkisráði, og ýmis önnur ákvæði stjskr. séu ekki annað en skrautfjaðrir á forsetanum. En þessi ákvæði og hliðstæð ákvæði voru ekki heldur annað en skrautfjaðrir, meðan konungurinn var. Eða hver vill halda því fram, að fundur í ríkisráði, eftir að þingið hafði komið sér saman um l., hafi verið nokkuð annað en sjálfsagt embættisverk, sem leyst hafi verið af hendi, eins og þegar forsrh. skrifar undir lög og tilskipanir?

En það eru önnur ákvæði í stjskrfrv., sem eru sannarlega annað og meira en skrautfjaðrir, þ. e. ákvæði 15. gr., þar sem fyrirskipað er, að forseti lýðveldisins skipi ráðherra og veiti þeim lausn og að hann ákveði tölu þeirra og skipti verkum með þeim, — og 24. gr., þar sem ákveðið er, að forseti geti rofið Alþ. Og við skulum bara athuga, hvað slíkt vald þýðir, hvað það þýðir á pólitískum krepputímum, því að það er á slíkum tímum, sem fyrst reynir verulega á. Við skulum hugsa okkur, hvernig fer, ef t. d. kemur til þess, að forseti neitar að staðfesta l. og skýtur þeim undir þjóðardóm. Venjulega eða a. m. k. mjög oft mundi ríkisstj., sem hefði fengið l. samþ. í þinginu og hefði meiri hl. þingsins á bak við sig, segja af sér, ef forseti neitaði að staðfesta slík l., hún mundi leggja lausnarbeiðni fyrir forseta. Ef forseti er röggsamur og duglegur maður og er viss um, að hann hafi á réttu að standa, að það hafi verið rétt af honum að láta þessi l. ganga undir þjóðardóm, — því að það yrði ekki gert út af smámálum, — þá getur forseti veitt stj. lausn. Og slík stj. fær e. t. v. ekki stuðning þingsins, meira að segja kannske vantraust. Engu að síður er stj. í landinu, — og forseti getur rofið þingið, og sú stj. getur gefið út brbl. Eftir átta mánuði kemur svo Alþ. saman á ný, og það þing er kannske enn þá óþægara en hið fyrra, og forseti getur rofið þetta nýja þing. Og það eru engin takmörk fyrir því, hversu oft forseti getur rofið þingið. Þetta á sér ekki stað í nokkurri annarri stjskr. Ég vil vekja sérstaka eftirtekt á þessu, því að þegar um ákvæði stjskr. er að ræða, verða þau ákvæði að miðast við einmitt það undantekningarástand, sem gert er ráð fyrir, að vart geti fyrir komið. Meðan allt gengur rólega og vel í þjóðfélaginu, þá gengur þetta af sjálfu sér. En einmitt á þeim stundum, þegar það ólíklegasta kemur fyrir, þá færist valdið eðlilega í hendur forseta. Það er því gefið mál, að forseti hefur eftir því frv., sem hér liggur fyrir, ekki neitt smáræðis vald. Hann hefur vald, sem getur verið „afgerandi“, og sem vafalaust hlýtur að verða gert upp á milli þings og þjóðar, hvernig skuli notað. Ég lít því svo á, að það sé fyllilega rétt fyrir hv. þm. að athuga gaumgæfilega, að með þeirri stjskr., sem hér er verið að setja, er sannarlega ekki verið að gera forseta íslenzka lýðveldisins að valdalausum manni, — síður en svo. Hann er persóna, sem vissulega hefur mjög svo mikið vald, einmitt hvað snertir framkvæmdarvaldið, að það er alveg óþarfi að bæta því ofan á að veita honum persónulegt synjunarvald. Bókstaflega talað gæti þetta orðið þannig, eins og hv. 2. þm. S.-M. og frsm. hv. stjskrn. benti réttilega á, að það gæti orðið að kalla óstjórnandi í landinu. Ef t. d. forseti, sem kosinn er af t. d. 20—30% kjósenda og vel gæti verið harðskeyttur í skjóli þeirra manna, sem að baki honum stæðu, samþ. lög, sem hvorki væru mjög róttæk né íhaldssöm, gæti slíkur forseti, meira að segja þó að hann hefði ekki annað vald en að geta skotið málinu til þjóðarinnar, gert stjórn, sem er á annarri skoðun, mjög erfitt að starfa. Það væri mjög slæmt fyrir þjóðina að eiga það yfir höfði sér að fá hverja atkvgr. af annarri. Ef þessi forseti hefur þar að auki það vald að geta persónulega neitað þessum l. um staðfestingu og færi til þjóðaratkvgr. og þjóðaratkvgr. skæri úr, gæti það orðið alveg ómögulegt fyrir stj. og gæti leitt til stjórnarslita og annars slíks. Ég held því, að það sé mjög fjarri að leggja eins mikla áherzlu og lögð hefur verið á það af hæstv. forsrh. og sumum hv. þm. að veita forseta svo mikið persónulegt synjunarvald, ekki sízt þegar hægt er að kjósa forsetann þannig, að hann sé fulltrúi algers minni hl. þjóðarinnar.

Það hefur oft komið fram í þessari umr., að það, væri eins og verið væri að draga eitthvað úr valdi þjóðarinnar með því, að forseti fái ekki persónulegt synjunarvald. Alþ. hlýtur alltaf að vera miklu meiri fulltrúi en forsetinn sjálfur, einkanlega ef hann er kosinn eftir þessum l. Forsetinn getur verið fulltrúi fyrir t. d. 5% þjóðarinnar og hinn hluti kjósenda ekki átt í honum minnstu vitund. Því fer þar af leiðandi mjög fjarri, að með því að halda fast í þetta vald, sem Alþ. hefur haft, sé verið að draga úr valdi þjóðarinnar, heldur þvert á móti. Ég trúi því ekki öðru en hv. d. geti samþ. stjskr. eins og hún er komin frá hv. Ed. Hún getur verið þess fullviss, þegar hún athugar stjórnskipunarlögin eins og þau liggja fyrir, að forseti íslenzka lýðveldisins hefur sannarlega óvanalega mikið vald eftir stjskrfrv. sjálfu. Og að honum skuli í viðbót við það vald, sem alltaf er valdsvið forsetans, líka vera fenginn réttur til að geta skotið máli sínu til þjóðarinnar undir þjóðaratkvgr., er sannarlega meira vald en við höfum rétt til að veita honum.

Viðvíkjandi þeirri brtt., sem hv. 3. þm. Reykv. er með, þar sem hann heldur því fram, að þær breyt., sem stjskrn. og hæstv. forsrh. leggja til, að gerðar verði, séu á rökum reistar, vil ég í því sambandi benda honum á, að það er óheimilt að gera nokkrar breyt. á stjskr. aðrar en þær, að Íslendingar taki eða stofni lýðveldi, taki æðsta vald í málefnum ríkisins í sínar hendur. Það er verið að stofna lýðveldi á Íslandi, og það er af þeirri ástæðu, að við tökum burt konunginn. Við stofnum ekki íslenzkan konungdóm eða íslenzkan forsetadóm. Við erum að taka það vald, sem konungurinn hefur haft. Við erum að stofna það, sem kallað er lýðveldi og frábrugðið er konungdómi í verulegum atriðum. Og eitt af stærstu atriðunum er það, að lýðveldið fái vald þingsins að miklu meira leyti en var undir konungdóminum, því að konungdómurinn var, eftir því sem túlkað hefur verið, ekkert annað en nafnið tómt. Það er því alveg gefið, að stjskr. frá 1942 heimilar okkur að gera þær breyt., sem eðlilega leiðir af stofn-

un lýðveldis, og þar með þær breyt., sem miða að því að afnema konungdóminn. Hefði í því mátt fara miklu lengra en gert hefur verið. Með því, sem nú er gert, er gengið fullmikið á rétt og vald Alþ., eins og hvað eftir annað hefur verið tekið fram.

Ég álít því, að hv. d. eigi nú að fella þær brtt., sem fram hafa komið, og samþ. stjskr. eins og hún liggur nú fyrir.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég vildi aðeins gera stutta aths. varðandi þann ágreining, sem er á milli stjskrn. og hæstv. ríkisstj. Ég get vísað til þess málflutnings, sem hér hefur farið fram, fyrst og fremst af hálfu formanns n., hv. 2. þm. S.-M., og hv. 2. þm. Reykv., og skal ég ekki gera tilraun til að bæta þar miklu við, enda tel ég þess ekki þörf. — Ástæðan til þess, að ég vildi segja nokkur orð, er sú, að hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram sem skoðun sinni, að sú breyt., sem ætti að gera á stjórnskipul. landsins, bæði samkv. þeirri till., er hæstv. forsrh. flutti, og till. þeirri, sem hér er flutt af hv. stjskrn., væri óheimil að hans dómi samkv. stjórnskipul. frá 16. des. 1942. Ég vildi láta það koma fram, að þessi hv. þm. var þá ráðh. og þessi stjskrbreyt. var flutt af páv. ríkisstj. og að ég fyrir mitt leyti hafði annan skilning á þessu. Mér dettur ekki í hug að staðhæfa, að sá skilningur þurfi að vera réttur, en ég vil, að það komi fram, að ríkisstj., sem þá flutti þessa till., hafði ekki átt sérstakar viðræður í sambandi við þennan skilning hv. 3. þm. Reykv. Ég man það ekki, enda hefur hv. 3. þm. Reykv. ekki fært fram þau rök, heldur hefur hann talið, að samkv. orðalagi þessarar stjórnlagabreyt., væri ekki heimilt að gera þær breyt., sem nú á að gera á stjórnskipul. landsins. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, því að ég var frsm. þessarar stjórnlagabreyt. Ég vildi láta vita, hvað fyrir okkur vakti, þegar þetta frv. var flutt. Ég álít einnig, að gera megi þær breyt., sem nú á að gera, hvort heldur er með tilliti til hæstv. ríkisstj. eða þeirrar till., sem hæstv. stjskrn. sendi á þingið. Það er eins og hv. 3. þm. Reykv. álíti ekki leyfilegt að gera með þessum hætti nokkrar breyt. á stjórnskipul. aðrar en þær, sem beinlínis snerta sambandsslitin við Dani, og Íslendingar taki málefnin í sínar hendur. En eins og hér hefur verið leidd athygli að, er þetta sprottið af misskilningi, enda er það óskylt mál, að vald þjóðhöfðingjans breytist alveg eðli málsins samkv. við það, að þjóðhöfðinginn verður innlendur maður, búsettur í landinu sjálfu. Og ég vil þá líka leiða athygli þessara manna að því, að ég, sem er nú ekki neinn sérfræðingur í þessum efnum, hef oft spurzt fyrir um það hjá fróðum mönnum, þeim er sæti eiga í stjskrn., hvort þeir vissu þess nokkur dæmi, að forseti lýðveldis hefði algert synjunarvald. Þeir sögðu, að þeir þekktu þess engin dæmi, og ég er viss um — og þeir, sem sæti áttu á Alþ. 1942, — að þá fengi forsetinn meira synjunarvald en dæmi eru til í nokkru öðru landi.

Þennan skilning vildi ég láta koma fram af minni hálfu, en sé að öðru leyti ekki ástæðu til að gera neinar aths. við þær umr., sem hér hafa farið fram. Við hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Vestm. vil ég segja það, að vel hefði mátt ræða þá skipun, sem þeir leggja til, en ég tel till. of seint fram komna og slæmt að reka þetta mál mjög á milli deilda. E. t. v. getur komið til greina að taka til athugunar seinna þessa uppástungu þeirra, en ég get ekki greitt þessari till. atkv. núna. Mælist ég svo til þess, að hv. d. samþ. frv. í því formi, sem það nú liggur fyrir.

Jakob Möller: Herra forseti. — Þeir þrír hv. stjskrnefndarmenn, sem hér hafa talað, hafa raunar upplýst hv. þdm. um það, að þeir skilji stjórnskipul. frá 16. des. 1942 þannig, að heimilt sé að skipa æðsta valdið eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég efast ekki um, að þetta sé sannfæring þeirra, en spurningin er, hvort sá skilningur er réttur, og um það hafa þessir þrír stjskrnefndarmenn ekkert talað. Ég benti á, að ákvæðin í stjórnskipul. frá 1942 um það, að óheimilt skyldi að gera aðrar breyt. en þær, sem beinlínis leiddi af flutningi æðsta valdsins inn í landið, byggðust á því, að ef farið væri út fyrir þetta, mundi það verða líklegt til þess að koma af stað deilum, sem nauðsynlegt væri að sneiða hjá í sambandi við þessa fyrstu stjskr. Og ég held því fram, að það sé ekki heimilt að skilja þetta ákvæði á annan veg en þann, að það sé ekki heimilt að gera á þeim þá breyt., sem ekki er nauðsynleg. Það liggur beinlínis í orðalaginu og öllum upplýsingum málsins. Nú segir hv. þm. G.-K., að þegar þetta frv. var borið fram á Alþ., hafi ríkisstj. ekki lagt í það þann skilning, sem hv. stjskrn. gerir nú. Ég staðhæfi, að þessi skilningur hafi ekki komið fram, og einnig, að hinn skilningurinn hafi ekki heldur komið fram. Hitt var vitað mál, að þegar farið yrði að ræða á Alþ. framtíð stjórnskipul., mundu einmitt rísa harðar deilur um vald forsetans. Það liggur í hlutarins eðli, að það á að halda því fyrir utan þessa fyrstu bráðabirgðastjórn.

Það er alveg rétt, sem fram kom bæði hjá hv. 2. þm. S.-M., frsm. n., og sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., að með þessu frv., sem nú liggur fyrir, er forsetanum fengið allmikið vald í hendur, ég vil segja að ýmsu leyti miklu afdrifaríkara vald en felst í því, að hann hefur þetta synjunarvald, — t. d. það, að nú samþ. þingið lög, sem forseti vill ekki fallast á. Samkv. þessu frv. getur forseti leyst þá ríkisstj., sem þá situr, frá völdum, tekið sér aðra stj. og fellt þau l. úr gildi með bráðabirgðaákvæðum. Hvers vegna hefur hv. stjskrn. ekki sett undir þennan leka? Það er bara ekkert annað en það, að þetta með synjunarvaldið hlýtur að vera aukaatriði, því að vald hans að öðru leyti er svo mikið. Hvers vegna hefur hv. stjskrn. ekki breytt þessu, takmarkað vald forsetans á ýmsum öðrum sviðum? Ég er hræddur um, að það stafi af því, að ekki sé gott að ganga mjög langt í því að breyta ákvæðum stjskr., öðrum en þeim, sem beinlínis er óhjákvæmilegt að breyta vegna breyt. á stjórnskipulögunum.

Að hv. n. hefur verið mjög viðkvæm fyrir þessu atriði, er auðvelt að sjá, þegar maður athugar þær breyt., sem hún gerir á upphaflega frv. Í nál. sínu segist hún hafa breytt 22.—24. gr., og séu þær breyt. aðallega orðalagsbreyt. Hafi þótt rétt að færa þessi ákvæði í sama horf og nú er í gildandi stjskrfrv. Það vill svo til, að a. m. k. eitt af þessum atriðum, sem n. leggur til, að breytt sé, stendur í beinu sambandi við flutning æðsta valdsins inn í landið. N. leggur til, að 24. gr. verði aft-

ur breytt í sama horf og var, og er það þó ekki mjög verulegt atriði í stjskrfrv., eins og það kom upphaflega frá n. og lagt fyrir Alþ. Í greininni segir, að forseti lýðveldisins geti rofið Alþ. og skuli þá nýjar kosningar fara fram eins fljótt og auðið er. N. telur betra að færa þetta í sama búning og það var áður og ákveða að stofna til nýrra kosninga, áður en tveir mánuðir séu liðnir. Ég held, að þetta hefði mátt standa, því að víða er það forsetinn, sem á að ákveða þessa hluti. En svo hefur n. hins vegar ekkert við það að athuga, að forseti geti fyrirvaralaust rofið Alþ. Hún breytir því ekki neitt. Það er, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, alveg undravert, og má þó vafalaust setja það í samband við stofnun lýðveldisins, að æðsti maður þjóðarinnar verður innlendur maður og á hér heima, eins og sagt var í þessu sambandi.

Hv. frsm. n. sló því föstu, að það væri ekkert lýðveldi til í heimi, þar sem forsetinn hefði ótakmarkað neitunarvald. En ef forseti getur haft neitunarvald, þótt það sé takmarkað, hvar eru þá takmörkin? Ef heimilt er, að lýðveldisforseti hafi nokkurt neitunarvald, hlýtur neitunarvald hans einnig að mega vera algert. Takmörk milli hins algera og ekki algera verða þar trauðla fundin, þótt könnuð væri skipun flestra lýðvelda í þessu efni. Það getur þess vegna ekki verið óhjákvæmileg afleiðing af flutningi þessa æðsta valds inn í landið, að setja þurfi synjunarvaldinu ný takmörk. Og hér er í rauninni verið að svipta forseta neitunarvaldinu og fá það þjóðinni einni. Nú hafa nm. talað um þetta mál mjög í þeim anda sem hér væri frambúðarskipulag ákveðið. En ég skoða þessa stjskr., sem hér er verið að koma sér saman um, sem bráðabirgðafyrirkomulag. Þess vegna er alveg óþarft að fara að deila um, hvort þetta sé heppilegasta skipulagið í framtíðinni eða ekki. Það getur ekki verið svo mögnuð hætta á í bili, að forseti misbeiti valdi sínu. „Traditionin" hefur verið sú, að þjóðhöfðinginn hefur haft þetta neitunarvald, en aldrei notað það síðastliðna áratugi. Sú „tradition" verður sterk, a. m. k. í fyrstu. Við höfum veitt innlendum þjóðhöfðingja þetta synjunarvald óskorað s.l. þrjú ár og ekki komið að sök. Næstu 2—3 árin mætti það haldast og væri áhættulaust. Frsm. n. sagði, að í rauninni færi því fjarri, að æskilegt væri, að forseti hefði nokkurt synjunarvald. Þá væri talsvert öðru máli að gegna, ef það væri lagt til. Þá hefði ég fyrst og fremst ekki rekið mig á þetta, að l., sem eiga að fá gildi án samþ. forseta, geta orðið felld úr gildi eftir 2—3 mánuði. Þá hefði ég e. t. v. fallizt á, að n. hefði athugað málið og kynni að hafa valið rétt. En það er n., sem hefur sett þetta synjunarákvæði í frv., og virðist þó sjálf telja það óþarft eða óheppilegt. Það er hún, sem hefur gefið forsetanum þetta ægilega vald. Hvers vegna vildi hún gefa honum það?

Á það var drepið, að ein afleiðingin af valdi forseta væri sú, að hann gæti skipað stj., sem hefði ekki meiri hl. þings bak við sig, og gefið út brbl. Stjskr. gerir ekki beint ráð fyrir þessu. En hvers vegna takmarkar n. ekki vald forseta til þessa alls, ef það er hættulegt vald? Hvers vegna tekur n. þetta eina og lítilvæga atriði út úr og setur valdi forseta skorður þar? Mér finnst það alveg óskiljanlegt, þar sem þetta er hreint aukaatriði í samanburði við aðalatriði forsetavaldsins. Einungis gagnvart þegnunum getur það ráðið miklu mismunandi. L., sem standa stutta stund, ná þá til sumra, en ekki til annarra, og slíkt aflagi í löggjöf er gersamlega óviðunandi.

Ég get í rauninni látið hér við sitja. Þó að hv. þm. A.-Húnv. svari vafalaust frsm. um allt, er snerti hans till., vil ég taka fram, að mér virðist ástæðulaust að telja hana rekast á stjskr. frá 1942. Hv. frsm. vill telja brtt. óheimila. Ef heimilað er að hreyfa við synjunarvaldinu á annað borð, getur Alþ. tvímælalaust ráðstafað því valdi eins og því gott þykir. Eða er undir niðri hjá n. einhver tilkenning þess, að varasamt sé að hreyfa of mikið við synjunarvaldsákvæðinu í núgildandi stjskr.? Þorir n. ekki að kasta því ákvæði?

Ég býst við, að ég mundi heldur samþ. þessa brtt. en láta frv. vera eins og það er, því að hún kæmi í veg fyrir það aflagi, sem gildistaka óstaðfestra l. leiddi til.

Ólafur Thors: Ég mun hvorki fara að rökræða við hv. 3. þm. Reykv. né aðra um niðurstöður n., því að form. n. og frsm. mun að sjálfsögðu skýra sjónarmið hennar. En ég verð að drepa á eitt atriði. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. staðhæfði, að minn skilningur á hinu umrædda atriði stjskr. 1942 hefur aldrei verið ræddur okkar á milli, á sama hátt og ég held fram, að hinn skilningurinn hafi ekki heldur verið ræddur milli okkar. Ég hef lagt þann skilning í stjskr. 1942 frá öndverðu, að slík breyt., sem nú er verið að gera, sé heimil. Ég man, að ekki var langt liðið frá því, að breyt. var samþ., þangað til þetta barst í tal við mann, sem sæti átti í stjskrn., og ég sagði honum frá skilningi mínum. Nú veit ég ekki, hvort það hefur haft nokkur áhrif, sem ég sagði þá, en ég hafði verið frsm. málsins. Fyrir okkur vakti þá að forðast allar deilur í sambandi við lausn málsins. Þögnin um þetta atriði er því ekki nein sönnun fyrir þeim skilningi, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur, að færa hafi átt synjunarvaldið óbreytt eins og annað vald konungsins til forseta. Hefði það verið vilji okkar þá og verið látinn í ljós, mundi það áreiðanlega strax hafa vakið deilur. Það er því vitað mál, að sá skilningur var hvergi opinberlega lagður í stjskr. 1942.

Í öðru lagi er ljóst, að með fullum synjunarrétti konungs hefði forsetinn fengið miklu meira vald en konungur. Þess vegna tel ég heimilt að breyta þessu, þótt ekki sé leyfilegt að breyta öðru en því, sem leiðir af flutningi hins æðsta valds inn í landið. Svo má deila um, hvort valdið, sem forseta er ætlað, sé ekki samt sem áður ólíkt meira en konungsins var, því að það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að um marga áratugi hefur konungur aldrei beitt synjunarvaldi sínu né heldur hinn íslenzki handhafi konungsvalds síðustu ára. En í aðstöðu hans, sem byggir á „tradition" konungsvaldsins, og aðstöðu þjóðkjörins forseta er svo mikill munur, að orð hv. 3. þm. Reykv. um óbreytta „tradition" geta ekki átt við.

Þó að það sé rétt, að sú skipun, sem hér er gerð, þurfi ekki að verða til langframa, hygg ég, að erfitt þyki síðar að breyta mjög valdsviði forseta úr því, sem nú verður ákveðið. Þegar þm. telur ekki hægt að finna nein takmörk milli þess, sem kalla má „partielt" synjunarvald í lýðveldi og

algert synjunarvald, veit ég ekki, hvort menn hefðu talið það algert brot á stjskr. frá 1942, þótt forseta hefði verið veitt synjunarvald það í raun og veru, sem konungur hafði í orði kveðnu. En tæplega hefði slík efling synjunarvalds verið í anda þeirrar stjskr. Það vakti ekki fyrir þm. 1942 að veita forseta slíkt úrslitavald, sem þetta gæti oft reynzt, meira vald en forseti hefur í nokkru lýðveldi heimsins.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — *Ég þarf ekki að vera margorður.* Í þessu máli hefur verið leikið á svo fáa strengi í umr., og raunar er málið einfalt. — Ég get ekki fellt mig við skoðun hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) eða skoðun hv. þm. G.-K. (ÓTh), en báðir slógu á þá strengi, að ekki ætti að samþ. stjskrfrv. eins og þessi þd. samþ. það á dögunum, heldur eins og það kemur nú frá Ed., því að ekki mætti hrekja málið milli deilda. En það er Ed., sem hefur tekið að sér að breyta frv., hennar er ábyrgðin, ef frv. hrekst. Ég er ekki farinn að sjá, að fram hafi komið í þessari d. nein rök, sem eigi voru fram komin í umr. um daginn. Hví á Nd. að gefast upp fyrir Ed., 19 þm. að gefast upp fyrir 9?

En það, sem hv. frsm., 2. þm. S.-M. (EystJ), hélt fastast fram, að með forseta fylgdi engin „tradition", það er rétt. En þingræðið hér í landi og vald Alþ. er búið að fá sína „tradition". Mér þætti gaman að sjá, — raunar væri það ekki gaman, — þannig forseta, sem ætlaði sér að ýta til hliðar þeirri „tradition" valdi sínu til óeðlilegs framdráttar. Viðleitni til þess mundi skjótt falla máttvana niður. Þegar Alþ. er komið hér inn á þá hugsun að hafa ekki synjunarákvæðin óbreytt frá því, sem var um synjunarrétt konungs, heldur þrengri, hlýtur þess að verða minnzt um leið, að forseti fær að öðru leyti mjög afleiðingaríkt vald, eins og sumir hv. þm. hafa rætt um, sérstaklega þingrofsvaldið. Ég vil segja, ef stjskr. verður úr garði gerð eins og Ed. samþ. hana, að þá er forseta gefið heldur undir fótinn að gagnrýna fastlega þá lagasetning, sem kemur frá Alþ.

Ég fellst ekki á, að forseti muni nokkru sinni beita valdi sínu eftir persónulegum skoðunum né láta tilfinningar sínar ráða í málum. Ég get ekki ætlað, að hér verði nokkurn tíma forseti, sem það gerði, heldur mundi brátt skapast „tradition" forsetavaldsins og sérhver forseti fara nokkuð eftir henni og að öðru leyti eftir meginreglum, sem eigin geðþótti yrði fortakslaust að lúta. Það gæti ögrað tilfinningum forsetans, þegar hann væri sannfærður um, að frá þingræðislegu sjónarmiði, frá sjónarmiði þjóðarinnar, þá ættu l. ekki að ná fram að ganga, fyrr en þjóðin samþ., — þá ögraði það honum að beita hinu valdinu, sem ég tel of mikið vald, að rjúfa þing að eigin vild. Það vald óskaði ég, að stjskrn. hefði takmarkað, því að í sambandi við þingrof er heimilaður ískyggilega langur frestur á því að Alþ. komi saman til fundar. Þetta er gamalt ákvæði frá þeim tíma, þegar illar samgöngur voru hér og ekki þótti hættandi á að fastbinda, að Alþ. skyldi koma saman með næsta litlum fyrirvara.

Hv. frsm. lét mikið yfir því, að forsetinn mundi eiga slæma ævi oft og tíðum af því, ef á bak við *hann stæði kannske lítill þjóðarvilji*, þ. e. a. s., hann hefði verið kosinn með litlu atkvæðamagni og að hann mundi þá verða pressaður til að gera þetta eða hitt. Það getur vel skeð, og ég efast ekki um, að einhvern tíma komi til þess, að þingið og forsetinn hafi mismunandi skoðanir á málum. En við verðum að reikna með því, að forsetinn verði alltaf meðal fremstu manna í þessu þjóðfélagi og að hann beiti valdi sínu í samræmi við þjóðarvilja, þannig, að hann fari rétt með umboð sitt. En ég teldi hins vegar, ef frv. verður samþ. eins og það er komið frá hv. Ed., að kastað væri fyrir fram dálítilli rýrð á forsetadæmið sjálft. En það vil ég ekki fyrir nokkurn mun, að geti átt sér stað. Og fyrir mér vakir ekki, að þetta hafi svo mikið að segja í framkvæmd í einstökum tilfellum. Ég sagði það einmitt í hv. Ed., að þetta væri fræðilega mikilvægt atriði, en í framkvæmd hefði það litla þýðingu. Ég lít svo á, að synjunarvald forseta eigi að vera alveg hliðstætt valdi til útgáfu brbl. Þegar þau eru út gefin, verður það að vera brýn nauðsyn, til þess að það komi til greina að gera það milli þinga. Eins álít ég, að það gæti ekki komið til mála, að forseti neitaði l. um staðfestingu, nema hann hefði einhvern hliðstæðan neyðarrétt eins og um útgáfu brbl.

En svo kemur annað, sem er smátt atriði. Það er óneitanlega dálítið skrýtið, þegar búið er að samþ. l. frá þinginu og ákveðið er í þeim, að þau öðlist gildi þegar í stað, að svo komi forsetinn og segi: Nei, þessi l. öðlast ekki gildi. — Hvenær eiga þau þá að öðlast gildi? Eftir því, sem frv. er nú, þá á það að vera, um leið og forsetinn segir nei við að staðfesta þau. Þetta tekur sig kynlega út, — í stað þess að láta l. öðlast gildi þann dag, sem þingið gengur frá þeim, eða í stað þess að miða gildistöku þeirra við útgáfudag Stjórnartíðinda um að láta þau öðlast gildi.

Ég býst ekki við, að það hafi mikil áhrif á hv. d., þótt ég tali hér lengur. En ég hef talað hér frá því sjónarmiði, að virðing þingræðisins sé haldin í heiðri, hugtakið ekki skekkt og vald forsetans verði ekki fyrir fram rýrt í augum þjóðarinnar og annarra.

Jón Pálmason: Mér virðist, að þær rökræður, sem hér fara fram, séu aðallega um atriði, sem eru ekki deiluatriði. En ég skal nú ekki fara nánar út í það.

Varðandi brtt. okkar hv. þm. Vestm. og út af ummælum hv. frsm., hv. 2. þm. S.-M., vildi ég segja þetta: Hv. frsm. sagði, að allir ræðumenn á undan honum hefðu verið fylgjandi raunverulegu stöðvunarvaldi hjá forsetanum, hefðu viljað gera hann að gæzlumanni yfir Alþ. Þetta á ekki við um ummæli mín eða brtt. okkar. Okkar till. rýrir einmitt vald forseta í sambandi við þingið, bæði miðað við 26. gr. stjskrfrv. og brtt. hæstv. forsrh., því að hún krefst meira fylgis við málstað forseta, ef árekstur verður milli hans og þingsins.

Einkennilegt var, að hv. frsm. taldi óheimilt að samþ. brtt. okkar út frá stjskrbreyt. frá 16. des. 1942. Hv. 3. þm. Reykv. vék að þessu á eðlilegan hátt, að þessi skoðun rækist á annað hjá hv. frsm., því að væri óheimilt samkv. stjskr. að samþ. brtt. okkar, þá gilti það sama um till. hæstv. forsrh. og 26. gr. þessa frv. eins og það kemur frá hv. *stjskrn. og þar með hv. frsm. hennar.* Á þessu er enginn eðlismunur. Öll þessi ákvæði gera ráð fyrir

breyt. frá því, sem nú er, sem ég álít þó, að heimilt sé að samþ.

Varðandi það, að brtt. okkar rýri vald þingsins, þá er það fjarri sanni, því að hún kemur einmitt í veg fyrir, að forseti geti heimtað þjóðaratkvæði um hvaða lagafyrirmæli, sem þingið neitar að samþ., og frestað gildistöku þeirra eða hindrað. Það er ekki út í bláinn, að eitt stærsta lýðveldi heimsins, Bandaríkin, hefur sama fyrirkomulag á þessu og við leggjum til, og öllum er kunnugt um, að þessi regla hefur nýlega komið þar til framkvæmda.

Þá er öllum kunnugt um, hve léttara þetta fyrirkomulag yrði í vöfum. Það er ekki lítið hægara að kalla saman þing, ef þyrfti, en láta fara fram þjóðaratkvgr. Væri Alþ. rofið, áður en það væri búið að ganga frá slíku ágreiningsmáli, þá yrði málið sýnilega kosningamál og fengi ekki fullnaðarafgreiðslu fyrr en á þingi eftir kosningar, sem yrði þá í samræmi við vilja þjóðarinnar.

Að öllu þessu athuguðu tel ég sannað, að rétt sé að fara þá miðlunarleið, sem við leggjum til með till. okkar.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki verða langorður, enda hefur ekkert tilefni gefizt til þess, og hefur hv. þm. G.-K. raunar sumpart svarað því, er fram hefur komið, síðan ég tók til máls.

Það er fyrst varðandi hv. 3. þm. Reykv. Hann heldur fast við það, að óheimilt sé að breyta ákvæðum stjskr. um synjunarvaldið, og vitnar í því efni til stjskrbreyt. frá 16. des. 1942. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins."

Þegar lýðveldi er stofnað í stað konungdæmis, þarf að ráðstafa synjunarvaldi konungs. Hins vegar er ekkert, sem heimtar það, að synjunarvaldið gangi til forseta eins. Þess vegna er sú breyt. á fyrirkomulagi synjunarvaldsins, sem n. fylgir, alveg heimil samkv. stjórnskipul. frá 16. des. 1942.

Bæði hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Reykv. bentu á, að þótt brtt. þeirra yrðu samþ., væri engin ástæða til að ætla, að forsetinn drægist meira inn í stjórnmáladeilur, því að svo sterkar venjur giltu um beitingu málskots- og synjunarvaldsins. En ég hef bent á og get ekki annað en endurtekið það, að með þjóðkjörnum forseta og okkar lundarfari liggur beint við að álykta, að mjög yrði skorað á forseta af umbjóðendum hans að beita þessu valdi í mörgum dæmum, og þætti mörgum hann illa bregðast, ef hann yrði ekki við því, en öðrum hann misnota vald sitt herfilega, ef hann notaði réttinn. Ég óttast, að synjunarvald í höndum forseta eða málskotsvald með þeim hætti, sem hæstv. forsrh. leggur til, yrði til þess, að hann drægist inn í þras og erjur. En að því yrði ekkert gagn. Verður svo hver að hafa sína skoðun.

Það kom fram hjá hæstv. forsrh., að honum þykir kastað nokkurri rýrð á þjóðhöfðingjann, ef honum er ekki ætlað meira málskotsvald en n. fylgir. Forsetanum eru ætluð ærin önnur störf, þótt þetta gangi á undan, og það mætti segja mér, að forsetanum tækist betur að halda virðingu sinni og starfsemi og koma fram fyrir hönd allrar þjóðarinnar með því að hafa ekki meiri áhrif á lagasetningu en honum er ætlað í frv., eins og það liggur nú fyrir.

Þá vil ég víkja að brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Vestm. Ef við athugum það fyrirkomulag, sem við höfum búið við í reyndinni í þessum efnum, þá sjáum við, að Alþ. eitt hefur í raun réttri haft löggjafarvaldið. En eftir bókstaf l. hefur konungur þó haft algert neitunarvald, sem hann hefur aldrei beitt. Nú finnst mér ófært annað en breyta þessu, þegar lýðveldið er stofnað. Með því erum við aðeins að staðfesta það, sem verið hefur í reyndinni, og er það í fullu samræmi við stjskrbreyt. frá 1942. Aftur á móti erum við bundnir við að breyta engu í aðra stefnu en gildandi stjskr. ákveður, en það kalla ég, að við gerðum, ef við samþ. brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Vestm. og seldum synjunarvaldið í hendur forseta í samráði við ⅓ hluta þm. — Það væri gerbreyting á valdi Alþ., ef rúmlega ⅓ hluti þess gæti með forseta stöðvað lagasetningu. Þessi till. er því með öllu óaðgengileg.

Ég álít málið bezt leyst með því að breyta ákvæðunum um synjunarvaldið og gera það að málskotsvaldi, eins og nú er í frv., sem fyrir liggur. Vænti því, að allar brtt. verði felldar.

Jakob Möller: Ekkert sýndi ljóslegar en ræða hv. síðasta ræðumanns, hve n. er komin út í miklar ógöngur vegna breyt. sinna á stjskr. Ekkert í stjskrbreyt. frá 1942 gerir málskot til Sþ. óheimilla en til þjóðarinnar. Þetta er gerbreyt. á lagasetningunni í landinu, það er satt, en þegar komið er inn á þessar breyt., þá hefur n. stigið fyrsta sporið. Það er ekkert fremur í sömu stefnu og mörkuð var 1942 að láta synjunarvaldið í hendur þjóðinni fremur en Alþ., því að hver er kominn til að segja, að við þjóðaratkvgr. kæmi fram meiri hl. kosningarbærra manna í landinu, í stað þess að fela Alþ. þetta, sem er umbjóðandi þjóðarinnar, en ekki einhverjum meiri hl. við þjóðaratkvgr. Það er ekkert fremur í sömu stefnu en verið hefur.

Hv. frsm. vildi afsanna það, sem ég hafði haldið fram, að slík breyt., sem n. leggur til, sé óheimil samkvæmt stjskrbreyt. frá 1942, með því að hana leiddi af lýðveldisstofnuninni. Uppsögn sambandslagasáttmálans og lýðveldisstofnunin eru einmitt sett þar hlið við hlið til að undirstrika, að eingöngu leyfist fyrirkomulagsbreyt., sem nauðsynlegar séu formsins vegna í sambandi við þetta.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að ekki hefði vakað fyrir stjskrlöggjafanum, að forseti fengi einn synjunarvaldið, þá væri gott og blessað, ef hægt væri að sýna fram á það. En orðin standa eins og þau eru, og getur enginn fullyrt annað.

Hv. þm. sagði einnig, að væri konungsvaldið flutt óbreytt inn í landið, þá gætu eins deilur risið um það, jafnt og þótt það væri flutt inn breytt. En til hvers var stjskrbreyt. frá 16. des. 1942? Hún var samkomulag um að gera sem allra minnstar breyt. í þessu sambandi, — ekki vegna þess, að meiri hl. þings kunni ekki að telja nauð-

syn gagngerra breyt. á sínum tíma. Nú var gert samkomulag um það að gera sem allra minnstar breyt., og hvað sýnist hv. þm. G.-K. um ummæli sósíalista viðvíkjandi öllum þeim breyt., sem þeir telja, að gera þurfi á stjskr.? Ef þetta skal gert, hvar á þá að nema staðar?

Spurningin er um það, hvernig þjóðin vill hafa þetta, um vald forseta skiptir minna, því að hann verður enginn augnakarl, sem ekki er hægt að losna við. Það mun á allan hátt bezt, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði, að gera sem allra minnstar breyt., en ég er hræddur um, að stjskrn. hafi gengið hér heldur langt.

ATKVGR.
Brtt. 176 felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, JakM, JJós, JS, PZ, PO, SB, SÞ, ÁÁ, BÁ.
nei: GÞ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JPálm, LJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SG, SK, STh, SkG, SvbH, ÞG, ÁkJ, EOl, EmJ, EystJ.
StJSt, JörB greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, SEH, BG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Þar sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að endurskoða stjskr. og ég vil ekki, að málið verði hrakið milli deilda, þá greiði ég atkv. á móti öllum brtt.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Þegar málið lá fyrir deildinni í fyrra skipti, var ég með þessari breyt., en nú vil ég ekki tefja málið frekar og greiði því atkv. móti öllum brtt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Jafnvel þótt ég gæti greitt atkv. með þessari till., þá er hér önnur brtt., sem ég tel eðlilegri og í sömu átt. Því sit ég nú hjá.

Brtt. 165 felld með 24:4 atkv.
— 161 felld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, FJ, HelgJ, JakM, JJós, JS, PZ, PO, SB, SÞ, StJSt, ÁÁ, BÁ, JörB.
nei: EystJ, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JPálm, LJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SG, SK, STh, SkG, SvbH, ÞG, ÁkJ, EOl.
3 þm. (GG, SEH, BG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jón Pálmason: Herra forseti. — Þar sem gert er ráð fyrir, að þessi stjskr. muni standa stuttan tíma, vil ég ekki að minni till. felldri, að málið verði tafið meir, og segi því nei.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég greiddi atkv. með þessu um daginn, en ég vil ekki tefja málið og segi því nei.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JörB.
2 þm. (GG, SEH) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

4. Sparisjóðir.

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði** (stjfrv., A. 36).

Á 12. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Það eru engin ákvæði í l. um sparisjóði um það, hvernig fara skuli að, þá er sparisjóður hættir störfum, hvort sem um gjaldþrotaskipti er að ræða eða sparisjóður er lagður niður á annan hátt. Það þykir því henta að gera hér lagabreyt. Þykir hentugra, að skiptaforstjórum séu falin skipti sparisjóða, sem teknir eru til gjaldþrotaskipta, en að hinum reglulega skiptaráðanda séu falin þau.

Að öðru leyti vil ég vísa til grg., sem fylgir frv., og vænti svo, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 62).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, enda felur það ekki í sér aðrar breyt. en að *skiptaforstjórum séu falin skipti sparisjóða, sem* teknir eru til gjaldþrotaskipta, í stað þess að hinum reglulega skiptaráðanda séu falin þau.

Þá er og ákveðinn frestur fyrir þá, sem kröfum eiga að lýsa gagnvart sjóðnum. Mun það nauðsynlegt, þegar sparisjóður er gerður upp.

Eins og ég hef þegar tekið fram, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta frv. hefur legið fyrir Nd. og náð að ganga þar í gegn án breyt.

Eins og er, eru engin ákvæði í l. um sparisjóði um það, hvað um þá skuli verða, ef þeir hætta störfum, nema um gjaldþrot sé að ræða. Nú er mér tjáð, að eitt slíkt tilfelli sé í vændum, og því er þetta frv. fram komið. Vænti ég, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 182).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Eins og sjá má á þskj. 182, hefur fjhn. orðið sammála um að mæla með, að þetta litla frv. verði samþ. óbreytt.

Það eru aðeins tvö ákvæði, sem breytt er lítils háttar á gildandi l. um sparisjóði, svo að hér er ekki um neinar stórfenglegar breyt. að ræða.

Í gildandi l. um sparisjóði eru engin fyrirmæli um það, hvernig farið skuli að, ef sparisjóður verður gjaldþrota eða lagður niður á annan hátt. En í þessu frv. er lagt til, að hæstv. dómsmrh. skipi þá tvo skiptaforstjóra, er auglýsa innköllun til sparifjáreigenda og annarra skuldheimtumanna á venjulegan hátt, krefja inn skuldabréf hans og selja eignir hans.

Ástæðan til þess, að þessi leið er farin, er sú, að svo mun vera litið á, að skiptaréttur hafi ekki aðstöðu til þess að standa fyrir skiptum sparisjóða, og er nauðsynlegt að fá til þess menn, sem geta litið eftir rekstri sjóðsins, meðan á skiptunum stendur, en það mun verða örðugt fyrir hinn reglulega skiptaráðanda, sem er bundinn við sitt embætti.

Hin breyt. er sú, að ef sparisjóður hættir störfum, án þess að um gjaldþrotaskipti sé að ræða, er skilanefnd, sem aðalfundur kýs, heimilt að gefa út innköllun til skuldheimtumanna á venjulegan hátt. Innköllunarfrestur skal eigi vera styttri en sex mánuðir.

Þetta eru einu breyt., sem um er að ræða, og þar sem fjhn. var sammála um, að báðar þessar breyt. væru eðlilegar og til bóta, varð hún sammála um að mæla með því, að frv. næði fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 212).

---

5. Skipun læknishéraða (breyt. á l. 44/1932, 58/1940 og 52/1942).

Á 10. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (stjfrv., A. 30).

Á 11. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er einfalt og óbrotið, en þó mikilsvert fyrir þá, er það skiptir.

Það er um tvö aðalatriði að ræða, — fyrst, að Fljótsdalshérað, sem nú er tvö læknishéruð, skal sameina í eitt. Það hefur reynzt mjög erfitt undanfarið að fá lækna í þessi héruð, sérstaklega að Hjaltastað, og raunar má segja hið sama um Brekku. Frá því 1942 hefur verið unnið að því í samráði við landlækni að ráða bót á þessu. Niðurstaðan varð sú, að sameina skyldi héruðin, með læknissetri að Egilsstöðum. Á þessu var það tormerki, að reisa þurfti nýjan læknisbústað. En nú varð sá atburður í vetur, að læknissetrið að Brekku brann og læknirinn fluttist til Egilsstaða.

Ég hygg, að skipulagsn. hafi haft með höndum uppdrátt að þorpi á Fljótsdalshéraði, og mun því vera ætlaður staður að Egilsstöðum. Fæst þá ákveðið, hvar læknissetrið skuli vera. Nú þótti ráðlegt, að læknar yrðu tveir eða a. m. k. einn með fastan aðstoðarlækni. Væri það allveruleg bót frá því, sem nú er, þegar ýmist er einn eða enginn eins og komið mun hafa fyrir.

Ég tel ekki þörf á að ræða þetta nánar, en vænti, að greitt verði fyrir þessu nauðsynjamáli.

Annað atriði þessa máls er um flutning læknisseturs frá Eyrarbakka að Selfossi.

Eins og kunnugt er, fer byggðin á Selfossi stöðugt vaxandi. Virðist því varla rétt að ætlast til, að þessi byggð ásamt Hverageröi þurfi að sækja lækni fram á sjávarströndu. En á móti þessu mæla Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppar. — Fyrir þessu er gerð rækileg grein í athugasemdum við frv., og vænti ég, að þar geti hv. þm. fengið nægilegar upplýsingar til að mynda sér skoðun um þetta mál.

Þá hefur komið till. um að nefna læknishéruðin eftir bústöðum læknanna, og virðist mér það eðlilegt, en þó gæti farið betur á að gera undantekningar um þetta atriði.

Að síðustu vil ég geta þess, að ef þessi l. verða samþ., þykir mér sýnt, að fella verði önnur l. um sama efni inn í þessi til samræmis og gera úr ein heildarlög.

Ég óska, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 45 og 49).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — N. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við í meiri hl. leggjum til, að það verði samþ., en minni hl. vill samþ. það nokkuð breytt.

Þær breyt., sem gert er ráð fyrir á heilbrigðislöggjöfinni með þessu frv., eru eiginlega þrjár. Sú fyrsta er í 1. gr. og fjallar um læknaskipanina á Fljótsdalshéraði. — Fljótsdalshérað, sem er yfir 100 km milli fjöru og fjalls og klofið að endilöngu í þrennt af tveim stórám, sem eru óreiðar milli fjalls og fjöru, hefur verið tvö læknishéruð, Brekkuhérað, sem er um efri hluta héraðsins, og Hróarstungu- eða Hjaltastaðalæknishérað, sem er yfir ytri hlutann. Þvert yfir þetta langa svæði, nær miðju, liggur nú þjóðvegurinn, og þar eru einu brýrnar á stóránum, en út frá honum, að segja má frá Egilsstöðum eða Lagarfljótsbrú, eru nú vegirnir að teygja sig bæði út og fram héraðið. Enn er ekki kominn vegur að læknisbústaðnum á Hjaltastað. Allar ferðir um Fljótsdalshérað liggja frá og að miðbikinu, þar sem þjóðvegurinn nú liggur yfir það, og þangað er nú hugsað að flytja báða læknisbústaðina, gera eitt læknishérað úr öllum héraðshreppunum, en láta aðallækninn, sem alltaf hafi aðstoðarlækni, sitja miðhéraðs, á Egilsstöðum, og gegna læknisþjónustu héraðsins alls.

Það orkar ekki tvímælis, að mestan hluta ársins — eða meðan bílferðir haldast um héraðið — er heppilegra fyrir íbúa læknishéraðsins í heild að vitja læknis, ná í lyf o. s. frv. hjá lækni á Egilsstöðum en að ná til annars hvors læknisins, er sæti á gömlu læknissetrunum. Undantekningar eru með íbúa Fljótsdalshrepps, en þar hefur annar læknirinn setið, enda er upplýst, að íbúar þess hrepps vilja ekki láta flytja lækninn frá Brekku, og hafa Alþ. borist áskoranir frá þeim um það. Sama má segja um íbúa Hjaltastaðahrepps, en í þeim hreppi sat ytri læknirinn. Þó hafa engar áskoranir borizt frá þeim.

Það er auðskilið, að það er langt að sækja lækni milli 50 og 60 km langan veg, en það er vegalengdin frá hinum væntanlega læknisbústað til bæjanna, sem liggja úti við sjó og innst inn til dala. En nú teygja sig fjórar vegálmur út héraðið og þrjár inn það, og er þess að vænta, að eftir því sem þær lengjast, léttist læknissóknin.

En þó að þessi breyt. verði til bóta oftast á árinu, þá er því ekki að leyna, að hluta úr vetrinum, þegar snjór liggur yfir og ár eru á ís, er fljótlegra að ná í lækni, ef þeir tveir sitja á núverandi læknissetrum en á Egilsstöðum. Um leið og þessi breyt. er gerð, er ætlazt til þess, að nyrzti fjörðurinn austan Héraðsflóa, Borgarfjörður, sem áður hefur heyrt undir Hróarstunguhérað, verði gerður að sérstöku læknishéraði og íbúum Loðmundarfjarðar leyft að ráða því, hvort þeir vitja hans eða læknisins á Seyðisfirði.

Þrátt fyrir það að ég viðurkenni, að íbúar Fljótsdalshrepps og Hjaltastaðahrepps eigi að jafnaði hægara með að vitja læknis á gömlu læknissetrin og margir fleiri, þegar ófærð er og ár lagðar, þá tel ég mjög mikla bót að þessari breyt., og leggjum við til allir nm., að þessi breyt. verði samþ.

Önnur breyt. felst í annarri gr. og færir læknisbústaðinn frá Eyrarbakka að Selfossi. Þróunin á Suðurlandsundirlendinu hefur orðið sú, að Eyrarbakki, sem áður var aðalverzlunarstaðurinn og allar leiðir lágu til, er það nú ekki lengur. Selfoss er kominn til, og þaðan og þangað liggja nú allir vegir og allar leiðir úr læknishéraðinu. Það liggur því í augum uppi, að þar á læknirinn að sitja. En héaðið er mannmargt og því hæpið, að einn læknir anni því. Þyrfti því þar, eins og í hinu nýja Egilsstaðahéraði, að vera fastur aðstoðarlæknir.

Það þriðja, sem breytt er, er um nöfn ýmissa læknishéraða svo og orðabreyt., sem orðnar eru nauðsynlegar, vegna þess t. d., að hreppur er orðinn að kaupstað, — Ytri-Akraneshreppur að Akraneskaupstað o. s. frv.

Við sum nöfn læknishéraðanna kann ég illa, en þar er fylgt þeirri reglu að kenna þau við læknisbústaðinn, og þar sem það er gert, sé ég ekki ástæðu til að malda í móinn, þó að einstaka nafn láti mér fyrst illa í eyrum.

Sem sagt, við leggjum til, að frv. verði samþ., og ég geri það í þeirri ákveðnu von, að landlæknir á hverjum tíma sjái til þess, að aðstoðarlæknar eftir l. nr. 52 1942 verði í báðum héruðunum, því að þau eru svo stór, annað að víðáttu, hitt að fólksfjölda, að það þarf að hafa tvo lækna í þeim báðum.

Frsm. minni hl. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Ég hef, eins og kunnugt er, gert grein fyrir skoðun minni í því nál., sem hér um ræðir. Eins og menn vita, gat n. ekki orðið sammála um frv.

Eins og kemur fram í nál., tel ég það breyt. til bóta, að Borgarfjörður eystri verði gerður að sérstöku læknishéraði með læknissetri í Bakkagerði. Hv. frsm. meiri hl. skýrði áðan frá því, hvernig Borgarfjörður væri í sveit settur. Þar hefur ástandið verið mjög slæmt í þessum efnum undanfarin ár, síðan læknir hætti að sitja þar. Þó hefur verið þar hjúkrunarkona, sem heita má að hafi verið læknir þorpsins, en nú er sú hjúkrunarkona komin til Reykjavíkur, svo að þar má heita alveg læknislaust. Enn fremur tel ég það breyt. til bóta, að læknir verði settur á Egilsstaði, því að þar mun rísa þorp í framtíðinni.

Sumt annað finnst mér skipta litlu máli í frv., eins og t. d. það, hvaða nöfn eru notuð um læknishéruðin eða hvort íbúar í Loðmundarfirði verði í heilbrigðisskýrslum taldir með Bakkagerði eða Seyðisfjarðarhéraði, því að fyrir Loðmundarfjörð hefur þessi löggjöf væntanlega ekki aðra breyt. í för með sér.

Þá tel ég það til baga í frv. að steypa öllu Fljótsdalshéraði í eitt læknisdæmi, þar sem tveir læknar voru áður, og á móti kemur það eitt, að læknishéraðið er sett miðsveitis og Borgarfjörður tekinn undan, sem er mjög fámennt hérað.

Þá er það Eyrarbakkahérað. Það eina, sem mælir með breyt. þeirri, er frv. fer fram á, er það, að Selfoss liggur miðsveitis í héraðinu og þeir hreppar, sem læknishéraðinu tilheyra, eiga hægara með að leita læknis þangað en að Eyrarbakka. En þegar þess er gætt, að í þorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri búa um 1240 manns og fjarlægðin milli þeirra svo stutt (5—6 km), að þau mega teljast sem eitt þorp, þá nær það ekki nokkurri átt, enda ekki fordæmi til fyrir því, að læknir sé fluttur burtu úr svo fjölmennum kaupstöðum. Mér finnst eina rétta leiðin vera, eins og gert

er ráð fyrir í brtt. minni á þskj. 49, að skipta núv. Eyrarbakkahéraði og stofna Selfosslæknishérað úr efri hluta þess. Þetta er með hinum fjölmennari læknishéruðum landsins, svo að mannfjöldi hvors hlutans um sig yrði líkur og í meðalhéruðum er. Ég hef athugað það, að meðalfjöldi í læknishéraði fyrir utan Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri er 1470 manns. En í Reykjavík koma ekki 500 manns á lækni, eins og kunnugt er, og í Hafnarfirði og á Akureyri um 800. Þessi nýju héruð yrðu því ekkert of mannfá til þess að þola samanburð við önnur, og víðáttan er allmikil.

Mér er ljóst, að endurskoða þarf læknaskipunina yfirleitt. En vegna aðkallandi hluta eystra vil ég ekki leggja móti frv., heldur fylgja því ásamt brtt., er ég flyt.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Efnisbreyt. frv. eru tvær, skipting Hróarstungulæknishéraðsins í tvennt og færsla læknisaðseturs frá Eyrarbakka upp að Selfossi. — Hróarstunguhéraðið eða hið gamla Borgarfjarðarhérað skiptist þannig, að annar hlutinn verði nýtt læknishérað, en hinn leggist undir Fljótsdalshérað og flytjist læknir þess að Egilsstöðum eða Lagarfljótsbrú og þar komi annar læknir honum til aðstoðar. Ég er sannfærður um, að þarna er rétt spor stigið. Það á að halda héruðunum nokkuð stórum og hafa þar, þegar unnt er, tvo lækna. Þeir geta gert miklu meira gagn tveir saman en einn og einn fyrir sig í héruðunum. Með þessu móti verður Fljótsdalshérað stórt og nokkuð mannmargt.

Ég tel sjálfsagt að flytja læknissetur að Selfossi, þótt Eyrarbakki verði e. t. v. eitthvað verr settur eftir það. Allir viðurkenna, að læknirinn er miklu betur settur á Selfossi, Eyrarbakki er á héraðsenda, Selfoss í miðju og er miðstöð allra ferða og verzlunar. Í læknishéraðinu eru nú 3200 manns, og fara a. m. k. kauptúnin að Selfossi og í Hverageröi ört vaxandi, fækkun hins vegar nokkuð líkleg á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ég held, að það sé ekki rétt að ganga inn á að minnka héraðið eða skipta því. Ég man, að 1938 komu áskoranir um að stofna nýtt læknishérað, Þjórsártúnshérað, og leggja undir það hluta af hinum fjölmennu læknishéruðum báðum megin Þjórsár. En þegar þeim, sem fram á þetta fóru, var bent á vandkvæðin, gerðust margir þessu fráhverfir. Það þurfti að koma upp læknisbústað og helzt sjúkraskýli, og er það dýrt fyrir fámenn héruð, bæði stofnkostnaður og rekstur. Og þegar læknir er einn, verða minni not að sjúkraskýli og að starfi þeirra en ef tveir eru, eins og þarf að vera í hinum stóru héruðum. Þess þarf og að geta, að mjög erfitt er að fá lækna í smá héruð út um land, en um stóru héruðin hefur gegnt nokkuð öðru máli. Ungur og framsækinn maður vill hafa nóg verkefni, og þau eru ekki til nema þar, sem nokkurt fjölmenni er.

Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Í 3. gr. frv. eru breyt. gerðar til samræmis. Mér þykja sumar til lýta. Þó að ég finni ekki að því, að Rangárhérað skuli heita Stórólfshvolshérað, kann ég ekki sem bezt við t. d., að Borgarfjarðarhérað skuli kallað Kleppjárnsreykjahérað. En þarna er hneigzt að fornri venju um að kalla þing eftir þingstaðnum. Um þetta verður lítill ágreiningur yfirleitt.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil þakka heilbr.- og félmn. fyrir skjóta og að mörgu leyti góða afgreiðslu á málinu. Það þakklæti mitt nær til beggja nefndarhluta, þótt þeim beri nokkuð á milli.

Við því er að búast, að einhverjir héraðsbúar þykist verr settir, ef læknissetrið er flutt að Selfossi miðhéraðs, en hefur verið á héraðsenda. Þess er ekki að vænta, að unnt sé að koma því svo fyrir, að engir hafi óhagræði af, en allir gagn. Langsamlega flestir íbúar læknishéraðsins eiga auðveldara að sækja lækni að Selfossi en Eyrarbakka. Þeir í Gaulverjabæjarhreppi eiga það, því að ferðirnar eru margfalt oftar þaðan upp að Selfossi. Það eru þá nær eingöngu Eyrbekkingar og ef til vill Stokkseyringar, sem óhagræði hafa af færslunni. Það má vera, að sem stendur sé Selvogsbúum oft auðveldara að ná til læknis á Eyrarbakka en Selfossi. En með bættum vegum hlýtur leiðin frá Selvogi að liggja í miðju héraðsins, en samgöngurnar þaðan til Eyrarbakka að tregðast, svo að þar ber að sama brunni og í öðrum sveitum.

En líta þarf á fleira en það, hvar hagkvæmast er að vitja læknisins. Ég get skírskotað til þess, sem landlæknir segir í bréfum sínum í grg. frv. um aðstöðu Eyrarbakkalæknis, eftir að læknir væri kominn að Selfossi. Það er ekki þýðingarlítið að búa svo að þessum héruðum, að þau verði eftirsótt og aðstaða verði þar til hinna þýðingarmeiri læknisverka. Húsakostur þarf að verða allfullkominn og læknir að geta tekið sjúklinga heim til sín. Ef hérað er mjög lítið, er hætt við, eins og fram kom hjá landlækni og hv. 1. þm. Rang., að bæði verði torvelt að gera læknissetur vel úr garði og fá þangað góða lækna. Hins vegar mega héruðin ekki vera of víðlend. En þarna er ekki það að óttast. Ég get ekki neitað því, að ég hef dálítinn kvíða um, ef læknishéraðinu er skipt í tvennt, að e. t. v. yrði að hvorugu búið svo vel sem vera ætti, og teldi ég þá mjög illa farið. Eins er hætt við, að læknar, sem framgjarnir eru, kynnu þá að sniðganga þessi héruð og leita heldur þangað, sem þeim virtist krafta sinna meiri þörf. Sú er skoðun heilbrigðisstjórnarinnar, að á þessu hvoru tveggja sé mikil hætta.

Mér virðist þannig vera betur séð fyrir allra hag með því, að héraðið skiptist ekki, en Eyrbekkingum verði gert sem greiðast fyrir um not af lækninum eða læknum þeim tveim, sem héraðið ætti að fá, og gæti aðstoðarlæknirinn átt heima á Eyrarbakka. — Ég mun ekki treysta mér til að vera með brtt. um að kljúfa héraðið. Ég vildi leggja til þess lið mitt eins og ég get, að það verði gert, sem hv. 11. landsk. ber fyrir brjósti, að Eyrbekkingar fái sem bezta læknishjálp eftir sem áður með því móti, sem landlæknir leggur til. Við 3. umr. mætti athuga betur, hvernig hægt muni að tryggja það frekar, að úr því verði.

Frsm. minni hl. (Sigurður Thoroddsen): Landlæknir tók það fram, og þess var getið m. a. bæði af hv. frsm. meiri hl. og hv. 1. þm. Rang. og enn fremur hv. 1. þm. Árn., að ætlazt væri til, að héraðið fengi einn þeirra fjögurra aðstoðarlækna, sem starfa samkv. l. frá 1942 um aðstoðarlækna. En þar er sá hanki á, að kvaðir liggja á aðstoðarlæknum. Í l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem

ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum."

Samkv. þessu er hægt að senda aðstoðarlæknana hvert á land sem er þriðjung ársins. Hv. 1. þm. Árn. kom að því atriði, að hægt kynni að vera að tryggja það með beinum lagaákvæðum, að þarna skyldi vera aðstoðarlæknir. Þetta má þá athuga við 3. umr.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að hann vildi halda læknishéruðum stórum og hafa tvo lækna í stærstu héruðunum, og sama sjónarmið kom fram hjá hv. 1. þm. Árn., því að þá ætti að mega búa vel að héruðunum. Þarna er komið að mergi málsins. Fyrir austan er verið að sameina tvö læknishéruð í eitt, þó þannig, að um leið er endurreist gamla Borgarfjarðarhéraðið. En læknishéraðið sameinaða verður mjög stórt. Hálfgert eða algert læknisleysi á svo stórum svæðum er ástand, sem má aldrei eiga sér stað, þótt það eigi sér nú stað og sé allri þjóðinni til skammar. Menn geta orðið örkumla vegna þess ævilangt, og framfærsla örkumlaðra er ekki lengi að gleypa ein læknislaun, þótt ekki sé allt of mikið borgað með hverjum einum. Það er talað um, að ekki muni vera hægt að fá lækni í Hjaltastaðahérað né Brekkuhérað, eins og nú horfi. Það er ógeðfelld aðferð, sem heilbrigðisstjórnin hefur haft til þess að fá íbúa hreppanna til þess að samþ. þessar breyt. Að dæma eftir greinargerð frv. hefur hún ýmist beitt hótunum um læknisleysi eða vilyrðum um góð kaup á læknisbústöðum héraðanna o. fl. Í fskj. I. er sagt frá tillögu, er samþ. var á fundi oddvita hreppa Fljótsdalshéraðs. Er fyrri hluti hennar svo hljóðandi:

„Að fengnum upplýsingum landlæknis óttast fundurinn, að vonlítið sé um lækni í Hróarstunguhérað að Hjaltastað og eins geti farið um Fljótsdalshérað, ef það losnar. Telur fundurinn meiri tryggingu í að sameina læknishéruðin handa einum aðallækni" ...

Heilbrigðisstjórnin telur vonlaust um lækni að Hjaltastað og beitir þannig hótunum til þess að sameina læknishéruðin. Síðan koma blíðmælin. Þar segir svo:

„Skyldi bústaður fyrir þá reistur nálægt Lagarfljótsbrú, svo fljótt sem fært þykir, með ríflegum styrk úr ríkissjóði og í von um, að sæmilegt andvirði fáist frá ríkinu fyrir bústaðina á Brekku og Hjaltastað". — Hér skiptast á blíðmæli og hótanir til þess að framkvæma misskilinn sparnað. Hvaða samræmi er svo í því að mynda sérstakt hérað, Bakkagerðishérað, með tæplega 400 íbúum? Eftir anda og stefnu þessa frv. er það alveg vonlaust.

Ég hef nú verið nokkuð harðorður í garð heilbrigðisstjórnarinnar, en því miður finnst mér grg. frv. réttlæta það. En hvernig á þá að ráða bót á þessu vandamáli? Það verður að gerast þannig að athuga skipan læknahéraðanna yfirleitt, en láta ekki sitja við það eitt að fækka þeim og stækka þau. Það verður að búa svo vel að læknunum í smáhéruðunum, að þeir fáist þangað, launa þeim betur eða þess háttar.

Í stuttu máli sagt, þá líkar mér ekki andinn í þessum l., en geri það ekki að kappsmáli og greiði frv. atkv., a. m. k. til 3. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Það er nú í rauninni óþarft af mér að taka þátt í umr. um þetta mál, þar sem hv. 1. þm. N.-M. er búinn að tala um það af „héraðslegri" þekkingu og hv. 1. þm. Rang. af faglegri þekkingu og hafa báðir lagzt á sveif með málinu. —.Aðeins sá hv. þm., sem hvorki hefur til að bera faglega né héraðslega þekkingu, hefur lagzt á móti því og notað harðyrði um landlækni, talað um, að hann hafi ýmist beitt Héraðsbúa blíðmælum eða hótunum. Í öðru lagi hélt hann því fram, að sparnaður væri höfuðmarkmið heilbrigðisstjórnarinnar í þessu máli. Þessu mótmæli ég algerlega. Þessi ummæli eru ekkert nema orð út í loftið. Það hefur alltaf verið markmið heilbrigðisstjórnarinnar að útvega sem flestum nauðsynlega læknishjálp, og að því stefnir þetta frv. Ef ekki þyrfti annað en skipta héruðunum niður eftir stærð eða íbúafjölda, þá væri málið auðvelt. En þetta er nú eitthvað annað. Núverandi ástand á Fljótsdalshéraði er algerlega óviðunandi, og hætt er við, að það lagist ekki, fyrr en læknirinn verður settur á bezta stað í héraðinu. Nú hefur það óhapp hent, að læknisbústaðurinn á Brekku hefur brunnið, og er þá sjálfsagt að nota tækifærið, eins og gert er í þessu frv., til að ná sem heppilegastri úrlausn í þessum málum öllum.

Hvað viðvíkur Borgarfjarðarhéraði, þá skerst það aðeins frá á pappírnum, því að það verður ekki heimsótt í bráð af föstum héraðslækni.

Um flutning læknisbústaðarins í Árnessýslu er það að segja, að þar er stefnt inn á nýja braut, að tveir læknar verði saman. Þó verður e. t. v. hnigið að því með suðurhéraðið að fá þangað fastan aðstoðarlækni til þess að svipta það ekki læknisþjónustu.

Meginstefnan er sú um mannfá og víðlend héruð, að þar séu tveir læknar saman, aukalæknir og aðallæknir. Ég tel þá tilraun þess verða, að hún sé gerð sem fyrst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 49 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, STh, ÁkJ, EOl.

nei: EystJ, FJ, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BG, BÁ, EmJ, JörB.

GSv, JakM greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÞ, GG, GTh, LJós, SK, ÞG, ÁÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19:1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 30, 57).

Forseti (JörB): Mér hefur borizt ósk um, að málinu yrði frestað að þessu sinni. Einn hv. þm. d. óskar að fá tækifæri til að athuga það betur, áður en það fer úr deildinni. Ég vil verða við þess-

um tilmælum, og meðferð málsins er því frestað að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Ég vil ekki hafa á móti þessu, en vil þó benda á, að það er nauðsynlegt að fá hina skjótustu afgreiðslu á þessu máli.

Forseti (JörB): Ýmsir hér hafa áhuga á, að málið fái greiða afgreiðslu, og sá, sem óskar eftir, að því sé frestað að þessu sinni, mun ekki tefja það um of.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 30, 57, 64).

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég flyt hér brtt. um það, að Keflavíkurlæknishéraði verði skipt í tvennt, þannig að annað héraðið nái yfir Keflavíkur-, Gerða- og Miðneshreppa með læknissetri í Keflavík, en hitt yfir Vatnsleysustrandar-, Njarðvíkur-, Hafna- og Grindavíkurhreppa með læknissetri í Grindavík.

Eins og kunnugt er, þá er þetta hérað mjög fjölmennt, og auk þess er þar ætíð að vetrinum fjöldi aðkomufólks, meðan á vertíðinni stendur. Ég veit, að þeir, sem kunnugir eru, munu fallast á þetta mál. Því miður hef ég ekki haft tök á að kynna mér álit n. hér um, en vænti fastlega, að þetta nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — N. á hér á þskj. 57 og 65 brtt., sem breyta efni frv. dálítið. — Aðalefni fyrstu brtt. er, að breyta skuli takmörkum Hafnarfjarðar-, Reykjavíkur- og Álafosslæknishéraða. Síðan læknal. voru sett, hefur Reykjavíkurlögsagnarumdæmi stækkað, og fleira hefur gerzt, sem gerir eðlilegt, að þessar breyt. séu gerðar. — Þá þótti og rétt að breyta nafni á Grímsneshéraði og nefna það Laugaráshérað.

Þetta eru breyt., sem litlu skipta, en c-liður í 2. brtt. er efnisbreyt., sem nokkur ágreiningur hefur orðið um. Meiri hl. n. var sammála um, að heppilegast væri að hafa einn fastan lækni í þeim héruðum, en minni hl. leggur til, að þeir verði tveir, en í stað þess sé ráðinn fastur aðstoðarlæknir. Nú hefur sýnt sig, að gallar eru á ráðningu aðstoðarlækna, sem séu óháðir aðallæknunum, og er því lagt til, að þeir séu ráðnir af héraðslækni, en fái laun sín greidd úr ríkissjóði. Þá þykir rétt vegna aðstæðna að lögákveða, að Egilsstaða og Selfosshérað gangi fyrir um aðstoðarlækna. — Í samræmi við þetta er lagt til, að breytt verði l. um aðstoðarlækna þannig, að þeim megi fjölga úr fjórum í sex.

Í þessu sambandi skal þess getið, að héraðslæknirinn á Eyrarbakka hefur þegar ráðið aðstoðarlækni, enda þótt hann sé nú á Kópaskeri, þar til þangað fæst læknir. Og líkur eru til, að aðstoðarlæknir komi að Egilsstöðum, strax og þessi skipan kemst á. — Ég tel, að ekki verði á annan hátt ráðið betur fram úr þessum málum.

Brtt. á þskj. 65 er einungis leiðrétting, sem er einnig mælt með af landlækni.

Enn er hér ein brtt., sem útbýtt var í morgun og n. hefur ekki unnizt tími til að athuga, en þar sem ég sá hana í gær, gat ég borið hana undir landlækni. En hann leggur ákveðið á móti henni, enda hafi flm. ekki borið hana undir sig. Satt að segja skil ég ekki fullkomlega þá skiptingu, sem þar er lögð til, og þori að fullyrða, að hún er ekki að ósk héraðsbúa, t. d., að Njarðvíkurhreppur, sem til síðustu áramóta var hluti úr Keflavíkurhreppi, skuli nú eiga að fara að sækja lækni þvert yfir nesið til Grindavíkur. Enn vil ég benda á, að verði þessi till. samþ. gegn till. landlæknis, þá má búast við, að fleiri svipaðar breyt. fylgi á eftir. Annars get ég ekki talað fyrir munn n. um þessa till., þar eð hún hefur ekki verið þar til umr. Ég tala því einungis um hana frá mínu sjónarmiði og segi frá áliti landlæknis.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls, tel ég nauðsynlegt, að Eyrbekkingum sé tryggður læknir. Mér þykir vænt um, að heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta til athugunar, svo að eftir hennar till. má heita örugt, að læknir verði á Eyrarbakka. Ég held, að ég hafi farið fram á, að læknirinn hefði aðsetur á Eyrarbakka, en um það hefur n. ekkert ákveðið.

Eins og kunnugt er, hefur nú um langt skeið verið læknissetur á Eyrarbakka. Það virðist því eðlilegt, að svo sé áfram, enda mundi flutningur á læknisbústað hafa ýmsa erfiðleika í för með sér. Nú hefur borizt ósk um það frá Eyrbekkingum, að læknisbústaðurinn verði þar ákveðinn, og landlæknir hefur látið í ljós, að hann muni leggja hið sama til, enda virðist það á allan hátt heppilegt. Þó telur landlæknir, að þetta eigi ekki að vera lögbundið, og færir þá ástæðu, að ýmis fleiri héruð kynnu að krefjast hins sama, en það gæti í sumum tilfellum verið óþægilegt.

En þar sem nú er í ráði að reisa læknisbústað á sumri komanda í þessu héraði, þá er mér mikið kappsmál að fá ákveðið, hvar hann skuli vera. Ég hef þó ekki flutt brtt. við frv., en reiði mig á loforð heilbrigðisstjórnarinnar í þessu máli og vænti, að því sé vel komið, þótt brtt. verði ekki flutt, enda illa farið, ef hún gæti orðið til að tefja málið á einhvern hátt. Ég mun því sætta mig við þá afgreiðslu, sem n. leggur til, og vænti, að Alþ. afgr. þetta mál, áður en því verður frestað.

Frsm. minni hl. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Ég lýsti yfir afstöðu minni í þessu máli við 2. umr. og flutti brtt. um að skipta núverandi Eyrarbakkalæknishéraði og stofna Selfosslæknishérað. Hins vegar tjáði ég mig ánægðan með þá breyt., að það yrði bundið í l., að aðstoðarlæknir yrði settur í þetta hérað. Ég hefði frekar kosið, að þetta yrði bundið í l., en eftir atvikum varð ég sammála um að fallast á brtt. þá, er hér liggur fyrir og kveður á um, að Egilsstaðahérað og Selfosshérað skuli ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna. Ég lít svo á, að með því ákvæði geti fólkið sjálft ráðið, hvort það fær lækni eða ekki, því að héraðslæknar gætu varla spornað móti því, ef fólkið kysi aðstoðarlækni. Ég var því með þessari till., þótt ég hefði frekar kosið, að það yrði bundið í l., eins og ég hef þegar tekið fram.

Hér er fram komin brtt. frá hv. þm. G.-K. um, að Keflavíkurhérað og Grindavíkurhérað verði sér um héraðslækni. Um þessa till. vildi ég aðeins

segja það, að ég gæti verið henni samþykkur, en lít hins vegar svo á, að þessi skipting, eins og hún er tekin fram í till., sé alls ekki heppileg. Frsm. n. minntist líka á þessa skiptingu, t. d., að það væri eðlilegra, að Njarðvíkurhreppur og jafnvel fleiri hreppar teldust til Keflavíkurhéraðs, en ekki Grindavíkurhéraðs. Mér dettur nú í hug, hvort það væri ekki rétt, að n. fengi þessa till. til athugunar og gæti þá í samráði við hv. flm. athugað, hvernig úr þessu mætti bæta.

Helgi Jónasson: Þegar þetta mál var hér til 2. umr., voru bornar fram brtt. frá tveim aðilum, önnur frá heilbr.- og félmn., en hin frá hv. þm. G.-K.

Brtt. n. er aðallega orðabreyt. Eina efnisbreyt. er um að fjölga aðstoðarlæknum úr fjórum upp í sex. Ég veit, að það er mikil eftirspurn meðal lækna um að fá aðstoðarlækna, svo að með þessu yrði hægt að fá fleiri lækna út um land, áður en langt um liði. Samkv. eldri l. var ekki hægt að hafa nema einn aðstoðarlækni í hverjum fjórðungi, og var slíkt mjög óheppilegt. Þess vegna tel ég, að þessi brtt. sé til bóta.

Um brtt. á þskj. 64, frá hv. þm. G.-K., er nokkuð svipað að segja og um brtt. hv. 11. landsk., sem var hér við 2. umr. og fór fram á að skipta Selfosshéraði í tvö læknishéruð. Brtt. þessi var felld hér í d., en brtt. hv. þm. G.-K. viðvíkjandi Keflavíkurhéraði er mjög svipuð henni. Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Keflavíkurhéraði, en það er þéttbýlt og hægt yfirferðar, svo að öllu jöfnu held ég, að það sé hægara fyrir einn lækni að þjóna Keflavíkurhéraði en Selfosshéraði. Ég er viss um það, að ungur og duglegur maður mundi ekki láta sér vaxa í augum að taka að sér Keflavíkurhérað og stunda þar lækningar um nokkurra ára skeið. Þetta hérað telur nú um þrjú þús. íbúa, en á vertíðinni er þar töluvert fleira, því að fólk sækir þangað mjög í atvinnuleit. Undanfarið hefur verið hjálparstöð í Sandgerði, og tel ég það því miklu heppilegri leið, að læknir eigi kost á að hafa þar aðstoðarlækni, þegar mikið er að gera, en að skipta héraðinu í tvennt. Þess vegna er ég á móti því að skipta Eyrarbakkahéraði, og hið sama gildir einnig um brtt. þá, er hér liggur fyrir. Ég álít það heppilegra fyrir héruðin, að þau séu óskipt, og að meiri von sé fyrir íbúa Selfoss og Keflavíkur, að þeir fái þangað lækni, en ef þessum héruðum yrði skipt í tvo eða fleiri hluta. Eins og nú standa sakir, mundi roskinn maður fúslega ráða sér aðstoðarmann, þegar mest er að gera, og veit ég ekki betur en komið hafi fram uppástunga um að ráða þangað mann um vetrartímann, meðan útræði er mest og fólksfjöldi mestur. Keflavíkurhérað er alls ekki fyrir meira en einn lækni nema kannske á vertíðinni, og þá hefur því verið hugsað fyrir aðstoðarlækni. Við vitum, að komið hefur fyrir, þegar átt hefur að skipta svona héruðum, að íbúarnir hafa horfið algerlega frá þessu, þegar þeir hafa athugað þetta nánar. Og öll aðstaða varðandi aðbúð lækna er ólíkt erfiðari og kostnaðarsamari fyrir lítil og fámenn héruð en hin stærri.

Ég legg því til, að brtt. á þskj. 64 verði felld, en till. um að fjölga aðstoðarlæknunum verði samþ., því að með því er von til, að Keflvíkingar geti ráðið til sín aðstoðarlækni, þegar þörfin er mest, og fjölmennari héruðin geti bætt við sig aðstoðarlæknum.

Ólafur Thors: Mér láðist víst að geta þess, að till. þessi, sem ég er flm. að, er flutt samkv. áskorunum frá almennum borgarafundi í Keflavík, þar sem allir voru sammála um nauðsyn þess, að þetta næði fram að ganga á þennan hátt, sem í till. greinir. Íbúarnir þarna eru kunnugastir þessu, og því verður að taka tillit til þess, hvað þeir vilja, en ekki aðeins, hvað læknar treysta sér til.

Ég vil taka það fram út af ummælum hv. 11. landsk., þess efnis, að orkað gæti tvímælis, hvort þessi takmarkalína sé eðlileg og hvort ekki væri eðlilegra, að Njarðvíkurhreppur tilheyrði Keflavíkurhreppi, að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til samkomulags um þetta og gæti sætt mig við, að þessari umr. yrði frestað og málinu vísað aftur til n. Ég legg enga sérstaka áherzlu á, hvort takmarkalínan verður svona eða einhvern veginn öðruvísi.

Loks vil ég taka það fram varðandi uppástungu síðasta ræðumanns um aðstoðarlækna, en hann er sjálfur læknir í stóru og erfiðu umdæmi, að hana mætti taka til athugunar. En ég álít, að eina viðunandi lausnin, eins og sakir standa, sé skipting, hvort sem markalínan verður eins og gert er ráð fyrir í till. eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Ég vil segja það út af þessari brtt., að mér þykir þetta hvort tveggja dálítið leiðinlegt. Annars vegar er um það að gera að styðja hv. 11. landsk. um það, að málið fari aftur til n. Mér þykir þetta leiðinlegt, því að málið verður að fá framgang á þessu þingi.

Læknisbústaðurinn og sjúkraskýlið á Brekku brann til kaldra kola nú um áramótin, og verður ekkert gert til að koma upp bústað handa lækninum, fyrr en búið er að ákveða, hvort sameina eigi Hróarstunguhérað og Fljótsdalshérað í eitt hérað. Þá fyrst verður hægt að hefjast handa um að sjá héraðslækninum fyrir samastað. Af þessum ástæðum er mér mjög illa við allan drátt á þessu máli, og mun ég því ekki taka undir það, að málið verði sent til n. og athugað þar að nýju.

Hins vegar er mér mjög ljúft að óska eftir þessu, af því að það er í rauninni mikilmennskugorgeir að bera fram brtt. við frv. á síðasta stigi málsins án þess að ræða það hið minnsta við þann aðila, er í hlut á og hefur yfir þessum málum að segja, heilbrigðisstjórnina, og án þess að hafa undirbúið málið heima fyrir hið minnsta. Að þessu leyti væri mér ljúft, að frv. færi aftur til n., svo að landlækni gæfist kostur á að láta uppi álit sitt um þetta, því að ég álít, að menn þurfi að heyra álit hans og hvað hann vill leggja til málanna. Að fleygja fram brtt. á síðasta stigi málsins, eins og hér er gert, þykir mér fjarstætt því að vera eins og vinnubrögð eiga að vera hér á hæstv. Alþ. Ég mundi því ekki setja mig á móti því, að málið færi til n., svo að landlæknir fengi það til athugunar, ef ég teldi, að það mundi ekki verða til þess að tefja fyrir málinu. Þess vegna mun ég láta það hlutlaust, hvort málið verður tekið af dagskrá og fari nú til n., því að það eru yfirleitt engin vinnubrögð að fleygja fram brtt. við mál án þess að bera hana undir þann aðila,

sem yfir þessum málum hefur að ráða að landslögum og bezt er málunum kunnugur.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég vildi mælast til þess, að umr. yrði frestað, því að ég legg mikið kapp á, að einmitt landlækni gefist kostur á að láta álit sitt uppi um þessa brtt. hv. þm. G.-K., og því álít ég það ráðlegra að skjóta aðgerðum á dagsfrest en afgreiða málið nú.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 23. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 30, 57, 64, 65, 72).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 72. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir um skipun læknishéraða, og er brtt. á þskj. 72. Efni hennar er það, að stofnað verði nýtt læknishérað á Snæfellsnesi sunnanverðu, og skulu því læknishéraði tilheyra þrír hreppar, Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur.

Læknishéraðaskipuninni á Snæfellsnesi er þannig háttað, að tveir læknar eru þar, annar í Stykkishólmi, en hinn í Ólafsvík. Á sunnanverðu Snæfellsnesi er hins vegar ekki læknir til, en íbúarnir þar verða að sækja lækni norðan yfir erfiðan fjallgarð, og er á þeim fjallgarði snjóþungt í hörðum vetrum. Tveir syðstu hrepparnir í sýslunni tilheyra Borgarneshéraði. Þriðji hreppurinn, Miklaholtshreppur, tilheyrir Stykkishólmshéraði, en Breiðavíkurhreppur og Staðarsveit tilheyra Ólafsvíkurhéraði. Um langan aldur hefur verið rætt um nauðsynina á því að stofna nýtt læknishérað á sunnanverðu Snæfellsnesi, og það hefur við mikil rök að styðjast, að svo sé gert, — fyrst og fremst þau, að oft er nær ógerningur að ná til læknis yfir þennan snjóþunga og örðuga fjallgarð. Þetta hefur oft komið að sök, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það mál.

Fyrir réttu ári flutti ég frv. í þessari hv. d. um stofnun nýs læknishéraðs á sunnanverðu Snæfellsnesi. Það gekk að því leyti lengra en till. mínar nú, að í því var ætlazt til, að Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur, sem tilheyra Borgarneshéraði, féllu undir þetta nýja læknishérað, sem lagt var til, að stofnað yrði. En nú er farið fram á, að einungis þessir þrír hreppar, sem í brtt. á þskj. 72 eru greindir, myndi nýtt læknishérað, en Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur verði áfram með Borgarneshéraði. Þessu frv. í fyrra var vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún léti athuga málið og leita tillagna landlæknis um það. Þessi athugun fór svo fram á s. l. sumri með þeim hætti, að landlæknir hafði fund með oddvitum í fimm hreppum á þessum stað. Og niðurstaðan á þessum fundi, eftir því sem hann taldi í bréfi til stjórnarráðsins, varð sú, að oddvitarnir í Staðarsveit og Breiðavíkurhreppi hefðu óskað eftir læknishéraðsstofnun á þessum stað, tveir oddvitarnir, sem sé í Kolbeinsstaðahreppi og Eyjahreppi, hefðu óskað eftir að vera áfram í Borgarneshéraði, en fimmti hreppurinn, Miklaholtshreppur, hefði látið þetta nokkuð hlutlaust, þó verið heldur á móti því. — Í tilefni af þessu bréfi landlæknis ritar svo forsrh. Björn Þórðarson, bréf, þar sem hann leggur á móti því, að þetta læknishérað verði stofnað. — Ég vil minna á þetta til þess að rekja gang þessa máls á síðasta ári. — En þetta bréf endar á þeim orðum, að forsrh. varar við því að vera að sinna slíkum frv. og nefnir í sambandi við það frv., sem ég flutti í fyrra. Niðurlag þessa bréfs er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef frumvarpið hefði orðið að lögum á síðasta þingi án frekari athugana, hefði ríkissjóði þar með verið bundinn tuga þúsunda baggi, en sennilega til þess eins að auka á erfiðleika hlutaðeigenda í stað þess að bæta úr þeim, enda í fullkominni óþökk mikils hluta þeirra, eftir því sem nú er upplýst."

Mér þykir ekki verða hjá því komizt að minna á þetta hér, til þess að það upplýsist á Alþ., að hér er farið með algerlega rangt mál af hálfu landlæknis, sem ég býst við, að stjórnarráðið hafi byggt fullyrðingar sínar á.

En tilefni frv. þessa í fyrra og till. minna nú eru eindregnar óskir manna þarna vestra. Almennur hreppsfundur var haldinn að Arnarstapa, og þar var samþ. að óska eftir því, að stofnað yrði læknishérað þarna vestra, eins og ég flutti frv. um. Og áskoranir hafa verið gerðar þar, og margar kröfur hafa verið þar samþ. um þetta. Ég held, að hægt sé að segja með sanni, að þessu frv. hafi ófyrirsynju verið vísað frá í fyrra. Hins vegar hef ég ástæðu til að ætla, að landlæknir hafi lagt þetta mál fram fyrir þessa fimm oddvita þannig, að það hafi ekki verið gert alveg hlutlaust. Hann mun hafa lagt það þannig fyrir að halda því fram, að ætti að stofna þetta læknishérað, þá þyrfti að reisa þarna læknisbústað þegar í stað, sem kostaði 100—200 þús. kr., og af því mundu héraðsbúar verða sjálfir að greiða 100 þús. kr. En þó að þeir gerðu það, þá mundu þeir sennilega engan lækni fá í þann bústað, svo að þeir yrðu þá sennilega að sitja uppi með læknisbústaðinn læknislausan og fá enga vexti af fé því, sem bundið væri í honum. Af þessu hygg ég, að tveir af oddvitunum hafi lagzt á móti þessu. Ég vil líka taka fram, að áður en þessi fundur landlæknis var haldinn, hafði oddvitunum ekki gefizt tækifæri til þess að ráðgast við hreppsbúana um málið. Og ég varð þess var á leiðarþingum s.l. sumar, að það komu fram eindregnar kröfur og óskir um, að þetta læknishérað yrði stofnað. Og oddviti Miklaholtshrepps, sem var á móti þessari nýju læknishéraðsstofnun, eftir því sem landlæknir sagði, mælti í sumar eindregið með því, þegar ég var þar vestra, að þetta nýja læknishérað yrði stofnað. Ég get því ekki tekið ákaflega alvarlega þennan fund, sem landlæknirinn hefur haldið með oddvitunum þarna vestra, án þess að þeir gætu ráðfært sig við hreppsbúa sína. Og ég hygg, að manni verði ekki láð það, þó að maður kveinki sér við að taka þessi orð landlæknis sem guðsorð.

Ég hef flutt þessa brtt., sem hér liggur fyrir, vegna þess að ég er sannfærður um, að það sé aðkallandi nauðsynjamál, að þetta læknishérað verði stofnað, og vegna þess að ég veit, að sú mynd, sem landlæknir hefur dregið upp af þessum fundi, er þannig, að ummæli hans gefa ekki rétta mynd af vilja héraðsbúa sjálfra.

Að því er snertir bréf þetta, sem Alþ. var sent og undirritað af forsrh., en samið af eða a. m. k. eftir upplýsingum frá landlækni, þá er það ekki rétt, sem sagt er þar, að læknishérað þetta, ef

stofnað yrði, mundi verða stofnað gegn vilja meginþorra íbúanna, því að það liggur fyrir, að tveir langfjölmennustu hrepparnir af þessum fimm óska eindregið eftir, að þetta læknishérað verði stofnað.

Um nauðsynina á stofnun þessa héraðs skal ég fáu bæta við það, sem ég tók fram í upphafi þessa máls, en það eru fyrst og fremst þeir gífurlegu erfiðleikar á að ná til læknis, sérstaklega fyrir íbúa Breiðavíkurhrepps. Bílvegur er að vísu yfir Fróðárheiði, en þrjá fjórðu hluta ársins er ekki hægt að komast á bílum þessa leið, og þá verða íbúar héraðsins að sækja á hestum norður yfir Fróðárheiði, sem er erfiður og snjóþungur fjallgarður. Um þetta farast Breiðvíkingum þannig orð í áskorun þeirri, er frá þeim kom, sem var tilefni þess, að ég flutti áminnzt frv. fyrir tæpu ári:

„Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var á Arnarstapa 16. jan. 1943, var samþykkt að fara þess á leit við þingmann kjördæmisins, að hann beiti sér fyrir því á því þingi, sem nú situr, að stofnað verði nýtt læknishérað sunnan Snæfellsnesfjallgarðs og nái yfir Hnappadalssýslu og einnig Staðarsveit og Breiðavíkurhrepp í Snæfellsnessyslu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að mestan hluta vetrar er miklum erfiðleikum bundið að ná í lækni í Ólafsvík og í mörgum tilfellum alveg útilokað. Nútímakröfur hljóta að vera þær, að enginn þjóðfélagsþegn sé svo í sveit settur, að staðhættir varni honum þess að ná til læknis í lífsnauðsyn. Þessu ástandi höfum við orðið að lúta frá ómunatíð, og mælir engin sanngirni með því, að við slíkt verði búið áfram.

Ólafur Benediktsson, fundarstjóri. Haraldur Jónsson, fundarskrifari.“

Af þessu bréfi virðist augljóst, að óskin um, að stofnað verði nýtt læknishérað á Snæfellsnesi sunnanverðu, sé á rökum reist. — E. t. v. kemur sú mótbára upp gegn því, að þarna verði stofnað nýtt læknishérað, að það yrði fámennt hérað. En svo mundi ekki verða. Í héraðinu, eins og ég hafði hugsað það, með þessum fimm hreppum sunnan fjalls, mundu verða tæplega 1000 manns. En samkv. heilbrigðisskýrslum eru 13 læknishéruð fámennari en það. Ef Kolbeinsstaðahreppi og Eyjahreppi er sleppt, þá mundi verða hátt á sjöunda hundrað manns í héraðinu, og þó væru til nokkur læknishéruð fámennari en það, svo að þetta fámenni héraðsins eru ekki rök, sem hægt er að fallast á. — Í sambandi við fjölmenni eða fámenni þessa héraðs má líka benda á það, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að stofna Bakkagerðislæknishérað, þar sem eru ekki nema um 300 íbúar. Það er að vísu að nafninu til talið, að um 350 manns mundu verða í því héraði að meðtöldum þeim 40—50 íbúum Loðmundarfjarðar, sem talað er um að hafa með í því héraði, en þó þannig, að þeir eigi að eiga tilkall til læknis á Seyðisfirði. Þarna yrðu því þannig strangt tekið 300 manns í þessu héraði, en í því héraði hins vegar, sem ég legg til, að stofnað verði þarna vestra, eru hátt á sjöunda hundrað manns. Ég legg til í brtt., að Miklaholtshreppur eigi eftir sem áður að eiga tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólmshéraði, og ástæðan til þess er sú, að það getur, jafnvel um hásumar í bezta færi, staðið svo á, að Miklaholtshreppingar eigi eins auðvelt að sækja lækni til Stykkishólms eins og læknirinn í sínu héraði, ef t. d. læknirinn í héraði þeirra yrði annars staðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fresta því að samþ. skiptingu læknishéraðs þarna vestra vegna ónógs undirbúnings, þar sem málið hefur fengið undirbúning ríkisstj. og landlæknis, þó að hann hafi verið á annan veg en ég hefði óskað og gefi ekki rétta mynd af vilja héraðsbúa þar. Og þó að þessi brtt. við frv., sem ég hef borið hér fram, verði samþ., þá ætti það ekki að verða til þess að stofna frv. í háska. Alþ. er ekki svo fljótt að ljúka störfum að þessu sinni, því að vitanlegt má telja, þegar litið er til afgreiðslu skilnaðarmálsins og stjskrmálsins, að Alþ. muni nú standa í eina eða tvær vikur enn að þessu sinni. Það geta því ekki verið rök fyrir því að ganga á móti brtt., að frv. sé í háska stefnt með því að samþ. hana.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Það undrar mig, að hv. þm. Snæf. (GTh) skuli hafa þurft svo langan undirbúning til þess að bera fram þá brtt., sem hér liggur fyrir frá honum og hann ræddi nú um, eins og honum er mikið niðri fyrir í málinu. En mér skilst, að aðalástæðan til þess, að hann ber nú þessa brtt. fram, sé sú, að honum finnst, að flutningur hans á hinu fyrra máli hafi verið vefengdur sem réttlátur af landlækni, en það stafi af því, að landlæknir hafi lagt málið rangt fyrir héraðsbúa. En hv. þm. Snæf. fullyrðir, að hann sjálfur hafi lagt málið rétt fyrir þá. — Ég býst við, að landlæknir hafi lagt málið fyrir þá á þeim grundvelli, að þó að óskir meiri hluta héraðsbúa væru þær að fá lækni í nýtt læknishérað sunnan fjalls á Snæfellsnesi, þá mundu þeir engan lækni fá, — það hafi verið mergur málsins í því, hvernig landlæknir hefur lagt málið fyrir þá, hann hafi þekkt þau vandkvæði, sem eru á því að fá nú læknisþjónustu í dreifbýlishéruðin. Hins vegar býst ég við því, að hv. þm. Snæf., þegar hann lagði málið fyrir kjósendur sína, eða réttara sagt, þegar hann varð við óskum kjósenda sinna, hafi ekki verið að hampa þeirri röksemd sérstaklega. En hitt, hvort rangt hafi verið að segja, að meiri hl. héraðsbúanna óskaði ekki eftir breyt. í þessu efni, það varð landlæknir auðvitað að mynda sér skoðun um eftir umsögn oddvitanna. Hins vegar get ég ekki búizt við því, að neinn geti krafizt þess af landlækni, að hann fari að halda fundi í hverri sveit og óska atkv. um að fá stofnað embætti, sem landlæknir sjálfur veit, að nú sem stendur fæst enginn maður til þess að sækja um. Og það, að hann segir, að héraðsbúar verði verr settir með því að stofnað verði þarna nýtt læknishérað, er meint þannig, að með því móti verði íbúarnir í nýja læknishéraðinu að sæta öðrum kostum um gjald fyrir læknisþjónustu.

En þar sem hv. þm. Snæf. taldi, að það kæmi í bág við skoðun landlæknis, að hann leggur til, að Bakkafjarðarhérað sé stofnað, þótt fámennara sé en Suður-Snæfellsneshérað, þá er því að svara, að það er neyðarúrræði að stofna þetta fámenna hérað, en það var ekki annars kostur. Það var ekki boðlegt að ætla Borgfirðingum og Víkurbúum að sækja lækni að Eiðum. Enn er þess að gæta, að það fólk, sem þar er, er í næsta nágrenni. Þetta

er lífvænleg sveit, og má ætla, að þarna sé farsæll staður.

Að hv. þm. Snæf. ber þessa till. fram, hygg ég stafi e. t. v. af því, að honum hefur vaxið ásmegin, þegar hv. þm. G.-K. bar fram sams konar till. í gær, og þeir e. t. v. ætlað að hafa samvinnu um þær. En hvernig sem fer um þá till., þá vildi ég ekki, að hún yrði til að bana till. um læknishérað í Bakkafirði, og vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki ekki málið enn af dagskrá, svo að það verði ekki til þess að fæða af sér enn fleiri till. í svipaða átt.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Eftir ósk hæstv. forsrh. í gær var umr. um þetta mál frestað og því vísað aftur til n. til þess að bera það undir landlækni. N. hélt svo fund með landlækni í morgun kl. 10.

Mér finnst nú, að hv. þm. Snæf. hefði getað sparað sér nokkuð af því, sem hann sagði um landlækni, því að hann hafði aðstöðu til að tala við hann sjálfur á nefndarfundinum í morgun. En honum finnst kannske betra að tala við hann og um hann nú, af því að hann getur ekki svarað.

Um þessar till. báðar, till. þm. Snæf. og þm. G.-K., er það að segja, að landlæknir leggur ákveðið til, að þær séu felldar. Þó vill hann gjarnan láta vísa þeim til ríkisstj. í einhverju formi, svo að þær verði til athugunar, þegar tekið verður fyrir, hvernig fara á með aðra landshluta, sem svipað stendur á um og Snæfellsnes, t. d. Suðureyri við Súgandafjörð, sem er meira einangruð en Snæfellsneshrepparnir. Ég lít svo á, að fara beri að ráðum landlæknis í þessu máli.

Þá skal ég geta þess, að ég fæ nú samstundis tilkynningu um, að Njarðvíkurhreppur, sem hv. þm. G.-K. vildi taka út úr Keflavíkurhéraði, hafi boðað fund til að mótmæla þessu og krefjast að fá að vera áfram í Keflavíkurhéraði. Ég skal einnig geta þess, að allt Keflavíkurhérað, sem nú er, hefur staðið að því að fara þess á leit, að reistur verði þar spítali. Hvað um það verður, ef héraðinu er nú skipt, skal ég láta ósagt. En ég vil benda á, að ég hygg, að orsökin til þess, að þessi till. þm. G.-K. kom fram, sé sú, að annar af tveimur praktíserandi læknum, sem eru í héraðinu, hefur um skeið verið veikur og legið á sjúkrahúsi, en enginn nýr viljað setjast að í Keflavík, meðan óvíst væri, hvort hinn sjúki læknir ætti ekki afturkvæmt. Þess vegna er enginn læknir í Keflavík sjálfri nú nema héraðslæknirinn. Mér er kunnugt um, að stjórn Sjúkrasamlags Keflavíkur hefur reynt að bæta úr þessu með því að fá lækni í staðinn fyrir hinn veika lækni til bráðabirgða, þar til sæist, hvernig fer með heilsu hans, en enginn hefur fengizt enn.

Skal ég svo viðvíkjandi till. á þskj. 72 bæta við, að það er með hverju ári að breytast meira og meira í það horf, að samgöngur allar séu að og frá Borgarnesi, og ég held því, að það verði í framtíðinni sá læknir, sem Snæfellingar nota mest, en ekki Ólafsvíkur eða Stykkishólms, og sérstaklega má búast við þeirri breytingu, ef og þegar daglegir mjólkurflutningar til Borgarness hefjast.

Ég vil benda á, að hv. flm. brtt. á þskj. 72 hefur fallizt á þá stefnubreyt. að skíra læknishéruðin eftir heiti læknisbústaðanna, en svo lítið er till. hans undirbúin, að hann nefnir það bara „Suður-Snæfellsneshérað", því að ekki er hægt að vita, hvar læknisbústaðurinn muni eiga að vera, þar sem málið er með öllu óundirbúið heima í héraði. Það er ekki hægt að skíra læknishéraðið rétt, af því að málið er svo illa undirbúið. Svo lítill er áhuginn. Og nokkuð er það seint hjá flm. till. á þskj. 72, sem sjálfur er í n., er hefur haft málið til meðferðar, að fara nú að vakna og koma með till., sem fer í allt aðra stefnu en felst í sjálfu frv.

Ég vil því fyrir mína hönd og einhverra annarra nm. a. m. k. óska, að báðar þessar brtt. verði felldar, í því trausti, að ríkisstj. ásamt landlækni athugi, hvort ekki sé hægt að gera eitthvað fyrir þá, sem erfitt eiga um læknissókn. Það er margt, sem þar gæti komið til greina, t. d. að hafa sjúkraflugvélar, eða láta héraðslækna hafa góð tæki, t. d. sjúkrabíla til að flytja sjúklinga á til sjúkrahúsa, og enn, hvort ekki þarf að hækka læknavitjanastyrki þar, sem lengst er að sækja lækni.

Enn þarf að athuga, hvernig koma á fyrir þeim héruðum, sem eru orðin svo stór, að einn læknir getur ekki annað þeim, en kannske ekki það stór, að praktíserandi læknar vilji setjast þar að. Með tilliti til þessa vil ég leggja til, að till. á þskj. 64 og 72 verði felldar.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta fram yfir það, sem ég hef gert. Ég frétti, að hv. frsm. meiri hl. n. hefði verið að sletta úr klaufunum til mín að sínum venjulega hætti, og geri ég ekkert úr því. — En hitt mun satt, sem hann segir, að íbúar Njarðvíkurhéraðs muni fremur vilja vera áfram í því læknishéraði, sem þeir nú eru í, en í hinu nýja héraði, sem ég legg til, að myndað verði, og vil ég leyfa mér að gera hér skrifl. till. í þá átt.

Forseti (JörB): Hv. þm. G.-K. hefur lagt fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 64, að í a-lið bætist á eftir orðinu „Keflavíkurhérað" orðið „Njarðvíkurhreppur", en í b-lið falli orðið „Njarðvíkurhreppur" úr. — Þar sem brtt. er borin fram skriflega og enn fremur of seint fram komin, þarf tvenns konar afbrigði, til þess að hún geti komið til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 76) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég vil ekki tefja málið lengi, en ég vil segja, að það hefur sýnt sig, að þær brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 64 og 72, eru illa undirbúnar, hin fyrri ekki betur en svo, að daginn eftir að hún er borin fram á þingi, er henni mótmælt í héraði, en hin síðari ekki betur en svo, að þótt flm. hennar hafi fylgt því, að nöfn læknishéraða verði kennd við læknissetrin, þá hefur ekki verið hugsað neitt um, hvar læknirinn skuli hafa aðsetur sitt í héraðinu.

Ég get skilið, að fólk í dreifbýlinu óski eftir lækni sem næst sér, en við vitum, að það er erfiðleikum bundið víða að fullnægja þeirri kröfu. Ég held, að ástandið verði verra en það hefur verið, ef þeir hreppar á Snæfellsnesi, sem nú eiga rétt til læknis í Ólafsvík og Stykkishólmi, verða gerðir að sérstöku læknishéraði og fá svo engan

lækni. Þá eru héraðsbúar búnir að missa rétt sinn til læknishjálpar frá þessum tveimur stöðum, læknarnir þar eru ekki jafnskyldugir og áður til að sinna þeim, þó að þeir mundu kannske gera það.

Svo er það, þegar nýtt hérað er myndað, að meira þarf en bara segja, að þessir og þessir hreppar skuli mynda héraðið. Það þarf að fá lækni, og það þarf að koma upp læknisbústað, og það er mikill kostnaður, sem því fylgir. Og því smærri sem héruðin eru, því erfiðara er að fá lækni þangað, en því kostnaðarsamara fyrir hvern héraðsbúa að koma upp læknissetri.

Nú eru samgöngur að batna með ári hverju. Það virðist því réttara að stefna að því að búa sem bezt að hverju héraði, koma upp góðum læknisbústað, sem einnig gæti verið sjúkraskýli, þar sem hægt sé að veita ljóslækningar og slíkt. En þetta verður bezt gert með því að hafa héruðin nokkuð stór, og verður því betur við komið, þegar samgöngur eru orðnar góðar. En lítil héruð hafa ekki bolmagn til að koma upp góðum lækningastöðvum. Því vil ég mælast til, að hv. d. felli þessar brtt., sem hefur verið kastað svo illa undirbúnum inn í þingið.

Gunnar Thoroddsen: Hæstv. forsrh. kvað það undra sig, að ég kæmi fram með þessa brtt. og svo virtist sem mér væri mikið niðri fyrir. Að mér sé mikið niðri fyrir, finnst mér ekki goðgá, þegar um er að ræða mál, sem snertir heilbrigði og jafnvel líf fólks, sem þm. er trúað fyrir að hugsa um, þegar svo virðist sem sjálf heilbrigðisstjórnin sýni í því allt of mikið tómlæti.

Á þingi fyrir ári flutti ég till., sem var samþ. í Sþ., að skora á stj. að gera ráðstafanir til þess að sjá þeim héruðum fyrir lækni, þar sem læknar féllu frá eða væru sjúkir, og að gerðar væru umbætur á heilbrigðislöggjöfinni. Hæstv. forsrh. sendir nú þinginu bréf landlæknis, þar sem hann sér engin ráð til þess að bæta úr læknaskorti í læknislausum héruðum úti um sveitir. Hann segir, að læknarnir vilji allir vera í Rvík eins og aðrir. Þetta eru ráðstafanirnar! Það eru nú á þriðja hundrað læknar á öllu landinu, en læknishéruðin 52. Það er því von, að mér verði mikið niðri fyrir, þegar vitað er, að það er svo margföld tala lækna hér á landi í samanburði við læknishéruðin. Mér virðist landlæknir ekki hafa sýnt þá röggsemi og skörungsskap af sér, sem hann hefði átt að gera samkv. embætti sínu og skyldu.

Mér skildist á hæstv. forsrh., að þessir fimm oddvitar, sem skutu á fundi með landlækni, hafi komizt að niðurstöðu sinni um sameiningu Hrófarstungu- og Fljótsdalshéraða, einungis eftir að landlæknir hafði lagt málið þannig fyrir þá, að fyrst og fremst mundi það kosta þá 100 þús. kr. að koma upp læknisbústað og jafnvel þá mundu þeir varla geta búizt við að fá lækni. Ég hygg, að hann hafi ekki gefið þeim rétta mynd af ástandinu. Tilætlun mín var sú, að þeir oddvitar, sem kallaðir voru á fundinn, hefðu tækifæri til að ræða málið við héraðsbúa. Það komu fram á leiðarþingum mjög sterkar raddir um, að vilji héraðsbúa hefði ekki verið tekinn til greina.

Hæstv. forsrh. sagði, að í Bakkafirði væri „lífvænlegt hérað og vaxandi." (**Forsrh.:** Það eru vonir um, að kauptúnið fari vaxandi.) Ég veit ekki, hvort það á að skilja orð hans þannig, að þau héruð, sem við flm. till. á þskj. 64 og 72 berum fyrir brjósti, séu ekki vaxandi. Ég vil benda á, að Stapi er vaxandi kauptún. Þar starfrækir Vikurfélagið iðnað. Auk þess eru þeir hreppar, sem ég legg til, að gerðir verði að læknishéraði, meira en tvisvar sinnum jafnfjölmennir og Bakkafjörður. Mér skilst einnig, að það séu sjö héruð fámennari en þetta læknishérað á Snæfellsnesi mundi verða.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að það væru önnur héruð, sem ættu að koma á undan, og nefndi Súgandafjörð. Hann er þó fámennari. En ég veit það vel, að Súgfirðingar eiga erfitt um læknissókn. — Þá vil ég taka það skýrt fram, að hv. 2. þm. N.-M. var ekki að skýra frá afstöðu n., en aðeins sinni eigin afstöðu til málsins, því að það var samkomulag í n. að taka ekki afstöðu til málsins.

Hv. þm. vildi ekki hafa, að héraðið yrði nefnt þessu nafni. Þetta er samkv. þeirri sérvizku að búa til ný nöfn á læknishéruðin og kenna þau við þann stað, sem læknirinn situr á. Það er ekki búið að ákveða læknissetur þarna, og því er ekki hægt að gefa héraðinu nafn eftir nafni læknissetursins. Ég hef kallað þetta Suður-Snæfellsneshérað, til bráðabirgða, og yrði þá nafninu breytt síðar til samræmis við regluna, sem sett verður um þetta efni.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að ef hérað þetta yrði stofnað og enginn læknir fengist til að starfa þar, þá bæri engum lækni skylda til að gegna þar störfum. Þetta er ekki rétt. Meira að segja munu afskekkt héruð eiga skv. l. tilkall til tveggja næstu lækna, og mundi það t. d. gilda um Loðmundarfjörð.

Um vegasambandið er það að segja, að það mun eiga langt í land, að tryggur vetrarvegur komi yfir Fróðárheiði. Er því ekki rétt að fella málið á því atriði. Hins vegar er ágætt að eiga hv. þm. að, þegar til fjárframlaga til þessarar vegargerðar kemur.

Þá sagði hv. 2. þm. N.-M., að þróunin stefndi til Borgarness og íbúar héraðsins sæktu heldur lækni þangað en annað. Þá sagði og þessi sami hv. þm., að það ætti með þessu að fækka læknum í Borgarfirði. En þetta er ekki rétt, því að læknir verður áfram í Borgarnesi. Ef það svæði, sem hér um ræðir, kæmist inn á mjólkursamlagssvæðið, væri öðru máli að gegna en nú. Ef það yrði tengt með bættum samgöngum við Borgarnes, lægi málið öðruvísi fyrir. En nú er Borgarneslæknir ekki skyldur til að gegna kalli nema úr sínu héraði.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég vil einungis gera athugasemd við þessar undarlegu aðdróttanir hv. þm. Snæf. um, að landlæknir hafi lagt málið fyrir á röngum grundvelli. Ég fullyrði, að landlæknir hefur lagt málið fyrir á raunhæfum grundvelli. Hann fullyrðir, að íbúar þessarar sveitar verði engu betur settir, þótt þetta hérað verði stofnað.

Þessi hv. þm. var að brigzla heilbrigðisstjórninni um vanrækslu, kvað hana liggja á liði sínu við að útvega lækna til héraðanna. Ég held satt að segja, að þessar getsakir séu sprottnar af vanþekkingu hv. þm. á þessu efni. Ég fullyrði, að í þessu efni hefur stjórnin gert allt, sem í hennar valdi stóð. Ef til vill væri rétt að lögbjóða ungum læknum að þjóna í héruðunum ákveðinn tíma,

lengri en nú er ákveðinn. Vel má vera, að brátt reki að því, að gripið verði til þessa ráðs, til þess að fólk í dreifbýlinu eigi kost á að ná til læknis án mjög tilfinnanlegra erfiðleika.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Hv. þm. Snæf. er stöðugt að dylgja um, að landlæknir hafi rangflutt málið við oddvita hreppanna á sunnanverðu Snæfellsnesi, og haldi hann það í alvöru, finnst mér, að hann ætti að taka boði landlæknis, er bauð að fara með honum á fundi í héraðinu og ræða við fólkið og fá að vita, hvað það vildi, en um það ber þeim á milli, — og sjá svo, hvor hefði á réttu að standa að því loknu. Skyldi fresta málinu á meðan. Nú vil ég leggja til, að báðar till. verði felldar og vilji fólksins rannsakaður og framtíðarskipulag heilbrigðismálanna sett í mþn., sem rannsaki málið og leggi það síðan fyrir Alþingi.

Gunnar Thoroddsen: Hæstv. forsrh. talaði um brigzlyrði frá minni hendi um heilbrigðisstjórnina. Hann má kalla það svo, ef hann vill. En ég vil aðeins endurtaka það, að ég skil ekki, að slíkt ástand þurfi að vera né sé viðunandi, meðan slíkur fjöldi lækna er hér á landi. Þeir eru nú á þriðja hundrað, en læknishéruðin um 50. Ég býst við, að of langt væri gengið með því að skylda lækna til að vera í læknishéruðum lengur en 6 mánuði, áður en þeir setjast að hér í Reykjavík. Ég held því fram, að hægt sé að gera úrbót í þessu efni, það sé bara ekki gert, sem hægt er, af hálfu stjórnarinnar.

Um ferðartilboðið er það að segja, að óneitanlega væri skemmtilegt að fara jafnskemmtilega ferð með jafnskemmtilegum mönnum. En ég veit, að yfirgnæfandi meiri hluti manna í héraðinu er á mínu máli og vill fá læknissetur þarna. Þetta hefur komið sérstaklega fram á leiðarþingum, sem haldin hafa verið þar í sumar, og tel ég mig hafa eins mikla þekkingu í þessu efni og bæði hv. 2. þm. N.-M. og landlækni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 24. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég vil mælast til þess, að atkvgr. verði frestað um stund, þar eð nokkrir þm. munu vera á leiðinni.

Forseti (JörB): Auðvitað má doka við stundarkorn.

Er beðið hafði verið um hríð og forseti hugðist láta atkvgr. fara fram, mælti

Gunnar Thoroddsen: Ég tel það enga ofrausn af forseta, þótt hann bíði enn í nokkrar mínútur, þar sem vitað er, að tveir til þrír þm. eru á leið til atkvgr. Og þótt þetta sé forseta kappsmál mikið, þá vænti ég, að hann láti ekki persónulegan áhuga ráða gerðum sínum í máli þessu.

Forseti (JörB): Það má vera, að ekki sé um ofrausn að ræða, þótt þegar hafi verið beðið í 25 mínútur og dagskráin beri með sér, að málið yrði þegar afgreitt. Með því að ég tel, að nú sé fullheimt, læt ég atkvgr. fara fram.

ATKVGR.

Brtt. 72 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞG, EOl.

nei: FJ, HelgJ, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BG, EmJ, EystJ, JörB.

PO greiddi ekki atkv.

7 þm. (GG, JakM, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Lúðvík Jósefsson: Ég er því samþykkur, að fjölgað verði læknum úti um landsbyggðina. En ég hefði kosið, að um leið og samþ. er að fjölga læknishéruðum, væri það tryggt, að þar, sem áður hafa verið tveir læknar, verði það svo einnig framvegis, t. d. á Fljótsdalshéraði. Í trausti þess, að þetta verði framkvæmt þannig, segi ég já.

Sigfús Sigurhjartarson: Með skírskotun til grg. 6. landsk. segi ég já.

Brtt. 76 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 64, svo breytt, samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞG, EOl, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh.

nei: PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BG, EmJ, EystJ, HelgJ, JörB.

FJ greiddi ekki atkv.

7 þm. (SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, GG, JakM) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Við 2. umr. þessa frv. hér í d. var meðal annars felld brtt. um að skipta Eyrarbakkalæknishéraði í tvennt, og ég tel það í fullu samræmi við þetta að fella einnig þessa brtt. og segi því nei.

Einar Olgeirsson: Í trausti þess, að sú skissa, sem gerð var við 2. umr. hér í þessari d., verði lagfærð í Ed., segi ég já.

Brtt. 57,1. a-b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 57,2 a-c samþ. með 23 shlj. atkv.
— 65,a-b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 57,3-4 samþ. án atkvgr.
— 57,5 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Sþ., 25. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 88).

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Frv. þetta var lagt fram í hv. Nd. af ríkisstj. Við 3. umr. þar tók frv. markverðum breyt. og viðaukum, sem ríkisstj. telur, að ekki hafi verið athugaðir eins vel og vera ætti. Ég skal ekki fjölyrða um

málið nú, en ég býst við, að málið gangi til 2. umr. og verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. og ríkisstj. gefist þá kostur á að ræða málið ýtarlega við þá hv. n. Mun þá ríkisstj. gera grein fyrir sjónarmiðum sínum við n. Þess vegna mun ég spara mér fleiri orð um málið að þessu sinni.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég býst við, að þessu máli verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. d. En ég vildi aðeins taka það fram, áður en n. tekur við frv., að ég hef hugsað mér að bera fram brtt. við frv., þó að hún sé ekki prentuð enn, því að málið gengur nú mjög hratt áfram. Málið var afgreitt frá hv. Nd. í gær og er hér tekið fyrir með afbrigðum. En brtt. mín mun lúta að því, að núverandi Eyrarbakkalæknishéraði verði skipt í tvö læknishéruð, sem verði Eyrarbakkalæknishérað og Selfosslæknishérað. — Það var í raun og veru ekki ætlun mín að bera þessa brtt. fram, en okkur fulltrúum Árnesinga hér á Alþ. þótti eftir atvikum réttast að taka tillit til þess, sem við vissum, að væri vilji heilbrigðisstjórnarinnar, að opna ekki gáttirnar fyrir fjölgun læknisembætta, en örva hins vegar möguleika til þess að skipa aðstoðarlækna. Og þetta var meiningin að láta sér lynda. En þegar svo fór, sem raun varð á við 3. umr. í hv. Nd., að sú hv. d. gekk í bága við þetta og samþ. klofningu á tveimur læknishéruðum, þá er, — ja, ég ætlaði að fara að segja óvandari eftirleikurinn, og það því fremur sem það er ekki eftirleikur aðeins af kappi, heldur er hann líka af forsjá. Og ég tel, að þetta læknishérað eigi frumburðarréttinn á því að fá tvo lækna, ef nokkurs staðar er lagt í að kljúfa læknishérað í sundur.

Ég vil vekja athygli n. á því, að þessi brtt. er í uppsiglingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, 93, n. 145 og 146).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Heilbr.- og félmn. hefur athugað mál þetta nokkuð, og var reynt að ná um það samkomulagi, en tókst ekki. Meiri hl. leggur til, eins og sést af nál. hans, að frv. verði samþ. með tveim breyt. Annars vegar skal bætt við læknishéraði á Eyrarbakka jafnframt því, sem frv. ákveður um aðsetur læknis á Selfossi. Hin breyt. er sú, að Hafnir tilheyri ekki Grindavíkurhéraði, heldur Keflavík, og Vatnsleysuströnd tilheyri læknishéraði Hafnarfjarðar. Minni hl. taldi ágreining um málið vera svo mikinn, að í óefni stefndi, nema allt yrði úr frv. fellt nema hin nýja skipun læknishéraða á Austurlandi.

Deilan um það, hvort skipta skuli læknishéruðum, sem eru ofvaxin einum lækni, eða fara aðra leið, er auðvitað mikið mál, eins og ljóst er af álitsgerð landlæknis. Mönnum þykir það e. t. v. rétt, eins og horfir, að ekki sé til neins að samþ. ný læknishéruð, þegar lækna skortir í héruð, sem fyrir eru. En það liggur ööruvísi í því máli en ætla mætti eftir orðum landlæknis. Rök hans mundu fá staðizt, ef læknaskortur væri í landinu. En um marga áratugi hefur það verið eitt af helztu áhyggjuefnum læknastéttarinnar, hve ör læknafjölgunin er. Ég held það hafi verið litlu eftir 1920, að Guðmundur Hannesson fór að skrifa um þetta, og voru þá gerðar kröfur um, að læknadeildinni yrði lokað eða inntökuhömlur settar. Læknum fjölgar æ meir og meir. En það einkennilega hefur orðið, að þeir hafa ekki fengizt til að fara út um land, þótt allt of margir séu nú í Reykjavík. Það er mál manna, að þeir, sem einu sinni séu komnir út í afskekktu héruðin, eigi þaðan af nær enga framavon, verði að sitja ævilangt eða um ærið mörg ár hver á sínum stað, og það geta ungir, framgjarnir menn illa sætt sig við. Þeir þurfa að geta átt von á að komast í betri læknishéruð í fyrirsjáanlegri framtíð. Ítrekaðar fullyrðingar hafa komið fram um, að þrátt fyrir gefin loforð heilbrigðisstjórnarinnar, að þeir skyldu færðir í betri héruð úr hinum örðugustu, hafi það ekki verið gert, misbrestur hafi orðið á efndum. Sé svo, er eðlilegt, að tortryggni hafi vaknað. Það hafa ekki losnað nógu mörg betri læknishéruð til þess að gefa heilbrigðisstjórninni tækifæri til að flytja lækna nógu ört milli héraða. Ef stofnuð yrðu ný héruð, sem ætla má, að eftirsóknarverð þyki, mundu þessir möguleikar rýmka verulega og heldur fást læknar, eigi aðeins í hin nýju héruð, heldur og í lakari héruð vegna aukinnar vonar um þau betri síðar. Læknafjöldinn í landinu er meir en nógur. Ein ástæðan fyrir því, að læknar fást ekki í hin örðugu héruð, er sú, hve þeir verða að vera þar lengi. Og eins og áður er sagt, er lausn þessa vandkvæðis undir því komin, að heilbrigðisstjórninni sé gert fært að láta þá hafa betri héruð, að hæfilegum tíma liðnum. Landlæknir leggur mjög á móti stofnun nýrra læknishéraða. En á fullyrðingum hans um þetta efni er ekki mikið að byggja. Landlæknir segir svo í athugasemdum við frv. þetta.

„Mætti vel svo fara, að Eyrarbakkahérað yrði á eftir ekki auðskipað, og er þá vafasamur ávinningur Eyrbekkingum að keppa að því, að héraðið verði klofið.“ En í bréfi, sem birt er í nál. frá minni hl., stendur skrifað af sama manni:

„Ég legg ekki gegn stofnun nýrra læknishéraða á Reykjanesi og í Árnessýslu með þeim rökum, að erfiðlega gangi að fá þau héruð skipuð“. — Þessar staðhæfingar stangast ónotalega, að því er mér virðist. Þá segir hann svo enn fremur:

„Er ég þannig ekki í neinum vafa um, að hin fyrsta, óhjákvæmilega afleiðing af stofnun læknishéraða á Reykjanesi og í Árnessýslu yrði sú að gera læknislaus um ófyrirsjáanlegan tíma tvö víðáttumikil læknishéruð, ef til vill samliggjandi, þar á landinu, sem engin leið er fyrir íbúana að ná til læknis úr fjarlægð. Ég legg að jafnaði ekki guðs nafn við hégóma, en ég bið nefndina lengstra orða að gæta guðs, samvizku sinnar og — með leyfi — heiðurs Alþingis og afstýra slíkum voða“. Það er augljóst af slíkum staðhæfingum sem þessum, að hér er eitthvað óhreint á ferðinni, og það væri æskilegt að heyra, hvað heilbrigðisstjórnin álítur um slíkar yfirlýsingar í embættisnafni. Þessum embættismanni nægja ekki læknavísindin og embættisskyldan, heldur hefur hann einnig guð í rassvasanum. Samkvæmt mannlegum útreikn-

ingi gæti maður hugsað sér, að hin öruggasta leið til að fá lækna út á land væri að bæta kjör þeirra og gefa þeim nokkrar framavonir.

Þetta var nú um málið almennt. Varðandi einstök atriði þá eru það einkum þrjú héruð, sem um er deilt. Fyrst er það Suður-Snæfellsneshérað. — Þm. Snæf. hefur áður lagt til, að þessu héraði yrði skipt, en þá með nokkuð öðrum hætti. Á síðasta sumri boðaði landlæknir oddvita þessara hreppa á fund, og notar hann nú samþykkt þess fundar til að standa í vegi fyrir þessu máli. Raunar er það allt of auðséð, hvernig þessi fundarsamþykkt er til komin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar féllust þeir á, að ekki kæmi til mála stofnun læknishéraðs, einungis með þátttöku þessara tveggja hreppa. Í stað þess lögðu þeir áherzlu á, að flýtt yrði sem allra mest vegalagningu um Snæfellsnes, þannig að vetrarvegir yrðu gerðir tryggir um Staðarsveit og Breiðavíkurhrepp til Stykkishólms og Ólafsvíkur.“ — Við skyldum þá ætla, að ekki stæði á landlækni að leggja þessa tvo vegi, en ef til vill gæti þó orðið bið á því.

Undanfarið hefur verið mikið rætt um vegasambandið milli Reykjavíkur og hinna þéttbyggðu sveita hér fyrir austan, og enn sem komið er er það óleyst vandamál. En þegar svo fer hér í þéttbýlinu, gæti maður ætlað, að dregizt gæti, að lagðir yrðu vetrarvegir yfir erfiða fjallvegi í hinum strjálbýlu sveitum. Og mundi þá ekki heppilegt að hafa þarna lækni, a. m. k. þangað til þessir vegir væru komnir. — Það er alveg augljóst, að landlæknir hefur fengið oddvitana til að sætta sig við tyllivonir í bili og falla frá kröfum sínum, gefið þeim steina fyrir brauð og mettað þá á froðu.

Það er ekki hægt að komast hjá því að undrast afstöðu landlæknis í þessu máli. Maður skyldi ætla, að hann hefði allan hug á að leysa vandræði fólks í þessum málum, en í stað þess tekur hann það ráð að vefjast fyrir og vinna málinu ógagn á allan hátt og gefur umsagnir, sem eru villandi og fullar af mótsögnum. — Það væri nógu fróðlegt að athuga þetta nánar, en ég geri það ekki frekar. Það er öllum vitað, að óskir manna á þessum stöðum fara í þá átt að fá lækni. Hér er skeyti, sem borizt hefur frá oddvita Staðarsveitar og hljóðar svo: „Mér er kunnugt um eindreginn vilja í Staðarsveit um stofnun læknishéraðs sunnan fjalls“. — Hvort sem þetta er nú nýr oddviti eða hann hefur endurskoðað hug sinn síðan í vor, þá er það víst, að þessi oddviti túlkar nú rétt vilja sveitunga sinna. Enn fremur ætti ekki að þurfa frekari rök fyrir vilja héraðsbúa en þau, að fulltrúi þessa héraðs ber það fram hér á Alþ., og meiri ástæða virðist til þess að byggja á ummælum hans en þessari fundarsamþykkt, þar sem landlæknir fær oddvitana til að falla frá kröfum sínum.

Næst er það Grindavíkurhérað. — Við leggjum til, að sérstakur læknir verði áfram í Grindavík, svo sem verið hefur nú um alllangt skeið eða síðan 1930, en þá mun honum hafa verið fengið þar aðsetur af hv. þm. S.-Þ. Það er eðlilegt, að Grindvíkingar uni því illa, að þessi embættismaður sé frá þeim tekinn. Það er viðurkennt af landlækni, að fleiri en einn læknir sé nauðsynlegur á þessu svæði. Það mun og vera ástæðan fyrir því, að hv. þm. S.-Þ. setti þennan lækni á sínum tíma í Grindavík. (JJ: Já, það var góð byrjun.) Já, það var góð byrjun og í rétta átt. Á þeim tíma mun hafa verið praktíserandi læknir í Keflavík. Það var því heppilegra og eðlilegra að setja hinn lækninn niður í Grindavík, og enn hníga hin sömu rök að skiptingu þessa héraðs. Eitt af því, sem landlæknir færir fram gegn því, að þessum héruðum verði skipt, er það, hversu þau verði fámenn. En sannleikurinn er sá, að mörg héruð eru fámennari. Í Suður-Snæfellsneshéraði voru 1942 677 íbúar og í Grindavíkurhéraði 500, en 1942 eru í Reykhólahéraði 494 íbúar, Flateyjarhéraði 429, Reykjafjarðarhéraði 545, Höfðahverfishéraði 605, og svo mætti lengur telja. Og nú leggur heilbrigðisstjórnin sjálf til, að stofnað verði fámennara hérað á Austurlandi, eða með rúmum 300 íbúum. Ég hlustaði ekki mikið á umr. um mál þetta í Nd., en ég held þó, að ég hafi heyrt hæstv. forsrh. benda á þetta hérað sem sérstaklega æskilegt fyrir aldraðan mann, sem væri of gamall til að sinna störfum í erfiðu héraði. Hið sama gæti þá að minni hyggju gilt um Grindavíkurhérað, og sá háttur að hafa nokkur héruð við hæfi slíkra manna gæti án efa átt snaran þátt í að fá lækna út á land.

Þá er hér loks lagt til, að Selfosshéraði verði skipt í tvennt. — Það er eftirtektarvert, hvernig þetta er rökstutt í grg. ríkisstj. Þarna eru þrjú þéttbýl byggðasvæði auk landbúnaðarhéraða. Landlæknir viðurkennir að vísu, að eðlilegt sé, að Eyrbekkingar séu á móti þessari breyt. Hins vegar þykir honum Stokkseyringar hafa lítið til síns máls. Kemst hann í því sambandi svo að orði: „Mæla kunnugir, að á læknissókn Stokkseyringa til Eyrarbakka annars vegar og að Selfossi hins vegar sé bitamunur, en ekki fjár“. — Virðist mér, að slík ummæli ásamt öðrum staðhæfingum þessa embættismanns séu fremur sprottin af embættishroka en sanngirni og þekkingu. Stokkseyringar þekkja sjálfsagt betur aðstæður hjá sér en fjarlægur embættismaður, starfandi á skrifstofu í Reykjavík. Sveitarstjórnin á Stokkseyri hefur og mótmælt fullyrðingu landlæknis og á ef til vill eftir að gera það frekar.

Ég hef hér og gögn nokkur frá hv. 2. þm. Árn. viðvíkjandi vilja Eyrbekkinga í þessu máli. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir alþingiskjósendur í Eyrarbakkahreppi færum yður, herra alþingismaður, okkar bezta þakklæti fyrir till. yðar og tilraunir til að skipta núverandi Eyrarbakkalæknishéraði í tvennt með læknissetri á Eyrarbakka og á Selfossi, og skorum jafnframt á yður að halda áfram, þar til fullnaðarsigur er fenginn í málinu. Undirritað af eitt hundrað og tuttugu kjósendum“.

Ég verð satt að segja að viðurkenna, þótt ég meti embætti mikils, að ég met svo eindreginn vilja fólksins í slíku máli sem þessu meir en vafasamar yfirlýsingar landlæknis.

Þá má einnig minnast á það, að mér hefur borizt útskrift úr fundarbók Framsóknarfélags Eyrarbakka, en það hélt fund 29. febr. 1944. Þar var borin fram svohljóðandi ályktun, er hljóðar þannig með leyfi forseta:

„Fundur í Framsóknarfélagi Eyrarbakkahrepps, haldinn 29. 2. 1944, lýsir ánægju sinni yfir fram-

kominni tillögu Eiríks Einarssonar alþm. um skiptingu Eyrarbakkalæknishéraðs í tvö læknishéruð, og treystir fundurinn þingmönnum héraðsins til þess að halda fast og ákveðið á því máli, þar sem héraðið, eins og það er nú, er að áliti núverandi héraðslæknis ofviða fyrir einn lækni.

Þá lítur fundurinn svo á, að meðferð þessa máls sé mjög einkennileg og óvanaleg, þar sem um er að ræða að flytja læknissetrið úr þéttbýlasta hluta héraðsins í annan stað, fólksfærri, — þá er þess að gæta, að hér við sjávarströndina — og hana ekki hættuminni en hún er hér á Eyrarbakka og Stokkseyri — virðist ekki ónauðsynlegt, að unnt sé að ná í lækni fljótlega, ef sjávarslys ber að höndum.

Að „þungamiðja héraðsins" sé flutt upp að Selfossi, viljum við ekki rengja, en hvað sem því líður, viljum við halda því hiklaust fram, að við hér á Eyrarbakka og Stokkseyri höfum sama rétt og áður, hvað læknissetrið snertir".

Útskrift þessi er vottuð af Teiti Eyjólfssyni og Magnúsi Oddssyni.

Ég veit nú ekki, hversu margir eru í þessu félagi, — vona, að það sé ekki mjög fjölmennt, — en það eru góðir menn, sem þarna hafa skrifað undir og menn í trúnaðarstöðum, sem þekkja vel, á hverju þarf að halda á þessum slóðum.

Það, sem ég vildi að lokum sérstaklega vekja athygli á, er það, að landlæknir, sem skrifar þessa merkilegu álitsgerð, telur í öðru orðinu, að of lítið sé af læknum í landinu, en í hinu orðinu lofar hann Eyrbekkingum og Keflvíkingum aðstoðarlæknum. Til þess skortir ekki læknana. Munurinn er þá sá, að landlæknir vill gera unga læknakandídata að aðstoðarlæknum í þéttbýlinu og varna þeim þar með þess að setjast að í dreifbýlinu. En við hugsum okkur, að eðlilegra sé að segja við kandídatana: Farið fyrst út í erfiðustu og afskekktustu héruðin, og svo skuluð þið fá þau góðu á eftir. — Með því móti eru stofnaðar margar sjálfstæðar og góðar stöður handa læknum, sem þeir hafa til að keppa eftir. Ef ég temdi mér orðbragð hv. 3. landsk. þm., mundi ég segja, að skv. till. landlæknis ætti að hafa ungu læknana til þess að arðræna fyrir meiri háttar læknaburgeisa. Er sannast sagt vont að sjá önnur rök fyrir till. landlæknis en þessi. Landlæknir segir að vísu, að skv. till. sínum geti læknar sameinað sig betur um sjúkraskýlin, en ég verð þá að segja það, að læknar eru mjög ósamvinnufúsir, ef héraðslæknar geta ekki komið sér saman um að verða hvor öðrum til hjálpar, þegar líf liggur við, og hef ég ekki séð öllu þyngri ásakanir í garð læknastéttarinnar en þessar fullyrðingar landlæknis. Mér sýnist því, hvernig sem á mál þetta er litið, að hér sé um sanngirnismál að ræða fyrir það fólk, sem hér á hlut að máli, og að því sé hægt að treysta, sem það sjálft leggur til.

Það er ekki enn þá kominn öruggur vetrarvegur yfir Snæfellsnes, og er öruggara að treysta óskum héraðsbúa um, hvernig að þeim sé búið, þangað til þar að kemur, heldur en skrifstofumanni í Reykjavík. Og þó að það kynni að vera svo í fyrstu, að ekki fengist læknar í þessi umdæmi, sem ég skal þó ekkert um segja, og ég hygg, að heilbrigðisstj. ætti að geta fengið þá, ef rétt er á þessum málum haldið, án þess þó ég vilji liggja henni á hálsi fyrir, að það hafi ekki tekist fram að þessu, þá er þó engu spillt með því, þótt þessi embætti væru stofnuð.

Að stríðinu loknu er ráðgert, að heim komi 20 til 30 læknar frá Norðurlöndum, og þá gæti fólk í þessum héruðum þangað til unnið að því að koma upp læknabústöðum og búa þannig í haginn fyrir væntanlega lækna. Og jafnvel þótt allar hrakspár landlæknis hefðu við rök að styðjast, er það engu að síður skylda að verða við óskum almennings, svo að löggjafarvaldið láti ekki á sér standa um að bæta að þessu leyti úr neyð fólksins.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég verð að segja það, að mig furðar nokkuð á tóninum í þessari klukkustundarræðu hv. 6. þm. Reykv. — og eðlilega, þar sem hann þurfti að grípa til þess úrræðis að vitna til Framsóknarfél. Eyrarbakkahr. til þess að sanna mál sitt, því að hingað til hefur hann ekki vitnað til Framsfl., þegar þörf hefur verið á öruggum sönnunum. Því furðulegra þykir mér þetta, þar sem þessi tilvitnun hans var fullkomlega óþörf, því að samþykkt þessa ágæta framsóknarfélags var gerð til þess að fá læknissetrið flutt frá Eyrarbakka að Stokkseyri, og hefur enginn hér lagt til, að það verði gert. Minni hl. leggur til, að læknissetrið verði á Eyrarbakka, eins og verið hefur, og þarf ég því ekki að eyða mörgum orðum um þetta atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv. eða álitsgerð hins góða félaga, sem hann lagði svo mjög upp úr að þessu sinni.

Ég get ekki komizt hjá því að minnast á ummæli þau, er síðasti ræðumaður viðhafði um landlækni, þar sem hann sagði meðal annars, að hann hefði óhreint mjöl í pokahorninu og talaði um gikkshátt og embættishroka hans. Svona ummæli eru í alla staði ósæmileg. (**BBen:** Þau hafa sannazt af gögnum málsins.) Þetta er alls ekki rétt. Mér finnst þessi hv. þm. vera þekktur fyrir annað en sérstaka hógværð og lítillæti eða sérstaka varfærni í orðbragði í ræðum sínum. Auk þess verð ég að segja það, að ég þori að gera samanburð á staðarþekkingu landlæknis og þessa hv. þm. í þeim héruðum, er hér um ræðir, og sé um að ræða hroka hjá landlækni, væri hv. þm. nær að líta í sinn eiginn barm og athuga sín eigin ummæli en snúa sér að landlækni. Læt ég svo útrætt um þennan þátt í ræðu hv. þm.

Annars er það vissulega rétt, sem hv. þm. hélt fram í ræðu sinni, að hér er um að ræða, hvort þær ráðstafanir til að fjölga smáu læknishéruðunum séu líklegar til þess í heild sinni að bæta ástandið í læknamálum landsins. Þetta er aðalatriðið. Hann hélt því fram, að einmitt það að fjölga smálæknishéruðunum mundi verða til þess að gera þau eftirsóknarverðari, því að með því gæfist læknum kostur á embættum eða von um að geta flutt til annarra betri héraða síðar með tímanum. Ég hygg, a. m. k. eins og nú er ástatt, að þetta eigi ekki við. T. d. eru nokkur héruð á Vestfjörðum, sem um langan tíma hafa verið læknislaus, og að því er snertir stofnun nýs læknishéraðs á Snæfellsnesi, hygg ég, að litlar líkur séu til þess, að þangað fáist í bili læknir, þegar litið er á, hversu mörg héruð eru læknislaus.

Ég játa það fullkomlega, að ástandið í læknamálum landsins er óviðunandi, en álít, að sú leið, sem hér er farin, sé ekki líkleg til úrbóta. Mín skoðun er sú, að það, sem gera eigi í þessum

málum, sé að fela þeim mönnum, sem líklegir eru til að bera skyn á þessi mál, að gera athuganir á skipun læknamálanna hér á landi í heild sinni og bera fram till. sínar. Hins vegar tel ég það mjög misráðið að gera einstakar breyt. að lítt athuguðu máli, eins og gert er ráð fyrir í frv. nú, eða þær breyt. við það, sem fram hafa komið og munu halda áfram að koma fram.

Án þess að *mig langi til* að lengja þessar umr., get ég ekki látið vera að drepa nokkuð á annað atriði í ræðu hv. þm. Hann virðist vera þeirrar skoðunar, að það sé fyrst og fremst fjárhagsatriði að fá lækna út á landi, og það sé mikið að kenna heilbrigðisstj., að sum héruð séu læknislaus. Um það skal ég ekkert fullyrða. Það kann vel að vera, að með því að gera þessi embætti girnilegri væri auðveldara að fá þangað lækna. Mér er þó nær að halda, að þetta sé ekki meginástæðan, heldur hitt, hversu þessi héruð eru lítt eftirsóknarverð frá sjónarmiði fagmannsins, mannsins, sem er fullur áhuga í fræðigrein sinni og vill halda við og auka við menntun sína. Úti í þessum afskekktu héruðum er lítt um sjúkratilfelli, lítið af tækjum til nauðsynlegra læknisaðgerða og engin sjúkrahús, svo að læknar fá þar ekki tækifæri til þess að fá góða æfingu í starfi sínu. Ég hygg því, að um leið og þessi mál eru athuguð í heild, þyrfti einnig að reyna að búa svo um, að í dreifbýlinu væru nauðsynleg tæki til taks til þess að gera læknisaðgerðir, og jafnframt, að flutningur í sjúkraskýli væri auðveldur. Það þarf því ekki aðeins að bæta launakjör héraðslækna, heldur einnig starfsskilyrði þeirra. En þetta verður að sjálfsögðu stórum erfiðara, ef sú stefna verður upp tekin að búta læknishéruðin niður í smáheildir með nokkrum hundruðum manna í hverju læknishéraði, en ef um stærri héruð væri að ræða. Það er sjálfsagt rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. að taka tillit til samgangna og staðhátta, en þessu atriði, sem ég hef nú drepið á, má ekki gleyma. Landlæknir bendir einmitt á það í bréfi sínu, hvernig þróunin eigi að verða í Eyrarbakkalæknishéraði og á Reykjanesi. Hann telur, að það sem skipti mestu máli, sé einmitt það, að þarna verði komið upp myndarlegu sjúkrahúsi með sem beztum starfsskilyrðum og að ráða þangað sérstakan sjúkrahúslækni. Ég hef litið svo á, að skipun aðstoðarlækna sé alls ekki til þess, að héraðslæknaburgeisarnir geti arðrænt fátæka aðstoðarlækna, eins og hv. 6. þm. Reykv. hélt fram, heldur vakir fyrir landlækni í fyrsta lagi, að læknir sé til taks, þegar embættislæknir þarf að taka sér frí, í öðru lagi að koma upp sjúkrahúsum úti um héruð landsins og að þar sé þá nauðsynlegt, að tveir læknar séu við höndina, og í þriðja lagi mætti á þennan hátt fá *aðstoðarlækna í bili til þess að gegna störfum* í læknislausum héruðum, ef ekki væri önnur leið. Þetta væri með öðrum orðum öryggisráðstöfun vegna þess, hversu illa hefur gengið að fá lækna út í sum héruð landsins.

Hv. 6. þm. Reykv. hafði um það ýmis orð, að landlæknir hefði komið ósæmilega fram gagnvart íbúum Snæfellsneshéraðs, og minntist á oddvitafund, er þar var haldinn á sl. sumri, en fundargerð hans er nú birt á þskj. 146. Hann hélt því fram, að með þessu væri verið að gera þm. Snæf. að minni manni og þessir oddvitar hefðu verið leiksoppar í höndum landlæknis og gert einhverja skyssu. Ég verð nú að segja, að mér þykir þetta kuldaleg ummæli í garð þessara oddvita, ef hann álítur þá ekki meiri menn en svo, að þeir hafi látið landlækni nota sig til slíks, enda veit ég ekki, hvort átti að skilja ummæli hans svo, að einhverjir þeirra hafi látið af störfum. Fyrir mitt leyti finnst mér þessi fundargerð, alveg eins og hún kemur fyrir frá oddvitunum, ekkert annað *en skynsamleg rök í þessu máli.*

Hv. 6. þm. Reykv. hafði þau orð, að landlæknir hefði verið að fá þá til þess að óska eftir vetrarvegum um Snæfellsnes, en það veit ég, að ekki hefur þurft að finna það upp að benda oddvitunum á, að þeir þyrftu að fá þennan veg, og um það get ég fullvissað hv. 6. þm. Reykv., að það hefur ekki kostað landlækni neitt erfiði að fá þá til þess að óska eftir vegi yfir þessa tvo fjallgarða, sem um er að ræða. Hitt er svo augljóst mál, að mjög litlar líkur eru til, eins og nú er ástatt, að íbúum hinna hreppanna tveggja, sem aðallega er ætlazt til, að verði í þessu sérstaka læknishéraði, auðnist að fá lækni, og reynist það svo, er héraðið engu betur sett, heldur getur það jafnvel verið verra að gera þessa breyt.

Ég skal svo ekki tefja tímann og ræða meira um málið almennt, en vildi aðeins gera þessar aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem mér fannst fara fram á nokkuð óvenjulegan hátt.

1. brtt. minni hl. hef ég þegar rætt, en hún er við 1. gr. frv., eins og það kom frá Nd. við 3. umr., og álítum við, eins og nú er ástatt, að hún komi ekki að neinu haldi, og leggjum því til, að gr. verði felld niður.

Um 2. gr. erum við alveg sammála meiri hl., að læknissetrið, sem hingað til hefur verið á Brekku, verði framvegis á Egilsstöðum, en um Bakkagerðishérað er nóg að vísa til þess, er ég hef áður sagt og enginn ágreiningur hefur verið um.

Að því er snertir 3. gr., leggur minni hl. til, að gr. verði felld niður, þar sem við erum mótfallnir, að læknissetur héraðsins verði flutt, en viljum, að *Eyrarbakkahérað fái aðstoðarlækni.*

4. gr. frv. leggjum við til, að verði felld niður. Skiptingin þar þykir okkur fráleit, þar sem um er að ræða, að íbúar Hafnahrepps sæki lækni til Grindavíkur gegnum Keflavíkurhérað, og hefur meiri hl. lagt til, að breyt. verði á þessu gerð. Hins vegar teljum við enga ástæðu til þess nú, að Grindavík verði sérstakt læknishérað, þar sem héraðið er svo fámennt og aðeins 15—20 mín. akstur til læknis í Keflavík, og finnst okkur því sú breyt. óþörf. Annars vil ég í þessu sambandi vísa til bréfs landlæknis, þar sem hann lýsir, á hvern hátt hann telur þessum málum nú bezt komið á Reykjanesi, en hann leggur til, að byggt verði sjúkrahús í Keflavík með föstum lækni við það, og er enginn vafi á því, að þarna er bezta lausnin á þessu máli.

Aðrar brtt. við 7. og 8. gr. frv. eru afleiðing af fyrri brtt., og þarf ég því ekki að gera frekari grein fyrir þeim.

Ég skal þá að lokum geta þess, að rætt var um það í n. að flytja till. til þál. um að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að framkvæma athuganir á skipun læknishéraða landsins í heild og hvað hægt væri að gera til úrbóta. Mér fyrir mitt leyti þótti rétt, áður en till. kæmi fram, að sjá hvaða afgreiðslu frv. fengi hér. Og ef brtt. minni hl. yrðu

samþ., geri ég ráð fyrir, að n. í heild muni flytja þessa till. til þál. Verði hins vegar brtt. meiri hl. samþ., tel ég eðlilegt og réttmætt, að fleiri breyt. verði gerðar á frv.

Ég skal t. d. benda á læknishéruð eins og Suðureyri, Hrútafjörð og Raufarhöfn, sem við álítum, að hafi a. m. k. jafnmikla ástæðu, ef ekki meiri, til þess að óska eftir sérstökum lækni og ýmis þau héruð, sem hér eru tekin upp í frv., og gætu ef til vill fleiri komið til greina, áður en meðferð málsins er lokið.

Ég vil eindregið ráða hv. d. að samþ. till. minni hl. og athuga ákvæðin í nál., sem ég hef drepið á, áður en hrapað er að því að gera jafnstórfelldar breyt. á læknaskipun og að virðist stefnt hér.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Mér er tjáð, að fyrir dyrum standi fundur í Sþ., en ég vil aðeins segja nokkur orð, áður en þessum fundi er frestað.

Hv. 6. þm. Reykv. lýsti eftir því, hvort ég væri staddur hér til að heyra mál hans. Ég sat þá hér og hef setið síðan, og það er ekki nema von, að hv. þm. æskti þess, að heilbrmrh. væri viðstaddur og heyrði þennan vitnisburð, sem hann gaf landlækni, fyrstu stoð og styttu heilbrmrh., hvern mann hann hefur að geyma og hver embættismaður hann er. Ég verð að segja, að ég þekki ekki takmarkanir fyrir því, hvað þm. geta leyft sér að óvirða fjarverandi mann, jafnvel þó að um embættismann sé að ræða — og það einn af þeim beztu. Hv. 3. landsk. tók af mér ómakið að ræða það frekar. En annars tel ég það embættisskyldu mína að beina því til landlæknis að fá ræðu hv. 6. þm. Reykv. skrifaða sem fyrst, svo að hann geti kynnt sér hana og svarað utan þings. Hv. 6. þm. Reykv. hefur skotið sér hér undir skjöld þinghelginnar, og skal útrætt látið um það.

Út af nál., sem hér liggur fyrir, verð ég að segja, að til að bjarga því, sem bjargað verður, eigi að taka til greina till., sem hv. minni hl. hefur lagt fram, því að ef hitt yrði ofan á, yrði vart hægt að fóta sig eða nema staðar í málinu. Hér er hægt að sýna fram á með örstuttum dæmum, hvað af því leiðir, ef einstakir þm. fara að bera fram till. um gagngerðar breyt. — Það var hv. þm. Snæf., sem bar upp till. um að stofna læknishérað úr fimm hreppum. Svo þegar landlæknir hafði athugað þetta og hv. þm. fengið umsögn hans, sannfærðist hann um, að rétt væri að hafa hreppana ekki nema þrjá, en því mótmæltu hrepparnir, og þarf ekki annað en vísa til oddvitafundar í Snæfellsneshéraði sl. sumar. — Hitt er um Grindavík. Þegar till. var borin fram fyrst, var ætlazt til að hafa hreppana fjóra, en svo sættist hv. flm. á að hafa þá aðeins þrjá, og þannig kemur það til hv. Ed. En þá leggur meiri hl. til, að hreppurinn sé aðeins einn. Hvernig yrði, ef læknaskipunin færi eftir því, hvernig hver þm. mælti með frv. eftir sínu höfði og það yrði leitt til lykta eftir því?

Þetta mál þarf að taka til gaumgæfilegrar athugunar. Ég felli mig við, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., þó þannig, að meginmál 2. gr. haldist og skipuð sé sérstök n. til að athuga málið fyrir næsta haust.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það virðist að vísu ekki mitt hlutverk að ræða hér um ástæður fyrir því, að þetta frv., sem er stjórnarfrv., er fram komið, en mér finnst nauðsynlegt að minnast rétt aðeins á tildrög málsins, vegna þess hvernig meðferð þess er háttað hjá hinu háa Alþ.

Ég þykist viss um, að þetta stjórnarfrv. sé fram komið af tveim aðalástæðum, vegna læknisskipunarmála og læknisbústaða í tveim byggðarlögum á landinu, á Fljótsdalshéraði og í Árnessýslu. Að því er snertir Héraðið, er ekki um neinar deilur að ræða hér, og get ég alveg leitt hjá mér þann lið málsins.

Um hitt atriðið, læknaskipunarmál á Eyrarbakka, stendur einkennilega líkt á og þar eystra. Umdæmið er nú orðið stærra en svo, að einn maður geti annað því — og það þótt á Eyrarbakka sé duglegur og ágætur læknir, sem búinn er að vera þar lengi. Hins vegar eru, eins og menn vita, aðalvegamótin í læknishéraðinu nú komin þar, sem Selfoss er, og hefur því meiri hl. hreppa í læknishéraðinu gert kröfu til að fá læknissetur þangað. Á það hafa heilbrigðismálastjórnin, landlæknir og forsrh. fallizt. Héraðsbúar almennt — og ekki sízt héraðslæknir — sækja það mjög fast, að málið fái greiða afgreiðslu, bæði vegna þess, að nauðsynlegt er að fá lækni þangað, sem umferðin er mest, og eins af hinu, að héraðið vantar bæði sjúkraskýli og læknisbústað. Þarna hefur ekkert brunnið, — hefur bara aldrei verið til, — og fyrir svo mannmargt hérað, með íbúatölu á 4. þús., er skortur á þessu mjög tilfinnanlegur, enda er málið fólkinu, sem við á að búa, svo ríkt í huga, að það hlerar með mikilli eftirvæntingu, hvað skeður hér á Alþ. Mundi það því valda miklum vonbrigðum, ef málið væri svæft hér nú, því að ætlunin er að hefjast handa um byggingar þegar í sumar.

Eitt atriði í þessu máli, sem valdið hefur miklum ágreiningi hér — og að mínu viti meiri en ástæða er til —, er það, hvort læknirinn á Eyrarbakka eigi að flytjast til Selfoss eða koma eigi tveir læknar í héraðið. Í Nd. var samþ. till. um, að læknarnir yrðu tveir, svo að þegar rætt er um, að hörgull sé á læknum til að gegna embættum í hinum rýrari og strjálbýlli héruðum landsins, kemur það ekki til greina í sambandi við þetta mál, þar sem búið er að ákveða, að læknarnir verði tveir.

Annað ágreiningsatriði er það, hvort í héraðinu skuli vera einn héraðslæknir og aðstoðarlæknir hans eða embættið skuli klofið í tvö og einn læknir skipaður í hvort. Í þessu héraði er íbúatala, eins og ég sagði áðan, á 4. þús., og er það eindregin ósk íbúanna, að héraðinu verði skipt í tvennt, Selfosslæknishérað og Eyrarbakkalæknishérað. Ef það yrði samþ., væri hvort þeirra ekki fámennara en svo, að í Selfosslæknishéraði yrðu um 2000 íbúar, en um 1300 í hinu. Þeir, sem búa í námunda við Selfoss, hafa allan áhuga á að fá héraðslækni þangað, m. a. til þess að geta reist læknisbústað og sjúkraskýli. En hvort þeir hafa aðstoðarlækni eða sérstakan lækni á Eyrarbakka, það er þeim áhugalaust. Aftur á móti er það svo á Eyrarbakka og Stokkseyri, að íbúarnir geta ekki sætt sig við að vera sviptir héraðslæknum, þótt ekki sé nema upp að Selfossi. Þessi kauptún, sem

oft og einatt telja sig eitt kauptún, eru nú búin að hafa héraðslækni í nál. 50 ár, staðfast, og eiga því þennan rétt. — Fjöldi áskorunarbréfa viðvíkjandi þessu máli hefur borizt til hins háa Alþ. Rétt áðan barst mér t. d. eitt, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

„Fundur, haldinn í Verkamannafélaginu Báran á Eyrarbakka þann 3. marz 1944, mótmælir framkomnu frv. á Alþ. um, að héraðslæknisbústaðurinn verði fluttur frá Eyrarbakka að Selfossi. — Hins vegar telur fundurinn eðlilegt og sjálfsagt, að Eyrarbakkalæknishéraði yrði skipt í tvennt. Öll rök hníga að því, að þorpin tvö, Eyrarbakki og Stokkseyri, hafi lækni, sem hafi búsetu hér, bæði vegna fjölmennis þorpanna og eins vegna sjávarútvegsins, sem rekinn er úr báðum þorpunum, sem eru við hina hafnlausu strönd og því mikil slysahætta við þann atvinnuveg. — Þess má og vænta, að eftir stríðið eins og fyrir það verði hér innflutningshöfn fyrir tvær sýslur, og allir, sem hér til þekkja, vita um slysahættu við uppskipun hér á Eyrarbakka. — Í þriðja lagi má segja það, að það mun alveg einsdæmi, að héraðslæknirinn sé fluttur úr mesta fjölmenninu yfir í fámennari stað. — Fundurinn væntir þess, að þm. Árnesinga vinni að því að fá héraðinu skipt í tvennt og fylgi því máli fram til sigurs.

Fyrir hönd Verkalýðsfélagsins Báran, Eyrarbakka.

Sigurjón Valdimarsson,
formaður."

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur góðan og réttan skilning á þessu máli og að hún vill stuðla að því að fá annan lækni í héraðið. Ég er þakklátur fyrir, að sá vilji er fyrir hendi, en ég veit hins vegar, að þeir, sem við eiga að búa, gera sig ekki ánægða með að fá aðstoðarlækni, sem er eins konar hjú á vegum aðallæknisins. — Mér finnst óþarfi að tala um fjáreyðslu í sambandi við þetta, því að aðstoðarlæknirinn mundi fá sín laun úr ríkissjóði ekki síður en héraðslæknir, og mundu grunnlaun vera um 400 kr. á mánuði. Héraðslæknir fengi eitthvað lítils háttar meira að vísu, en það yrði aldrei stór munur.

Fyrir fáum missirum var rætt hér um að fækka prestaköllum í landinu. Ég man ekki, hvort n. voru starfandi í því. En það hljóðnaði niður fyrir ákveðnum vilja fólksins, sem mótmælti því, að prestum yrði fækkað. Og hæstv. Alþ. virti þann vilja fólksins, sem laut að því, að það fengi að halda prestum sínum. — Nú kemur hér einnig fram vilji fjölda fólks um að fá læknishéraðaskipunina í þetta horf, sem nú er lagt til. Og þó að ég geri ekki lítið úr starfi prestanna, þá álít ég, þegar fólkið lætur í ljós ákveðnar óskir um skipun læknishéraða í þá átt, sem hér er um að ræða, að taka beri ekki síður tillit til þess en þegar um það var að ræða, hvort fækka ætti prestum. Ég álít, að þar þurfi að taka jafnt tillit til vilja fólksins og þarfanna, sem á bak við liggja.

Þegar um það er að ræða, hvort Eyrarbakki og Stokkseyri megi vera sérstakt læknishérað, má geta þess, að þarna í nánd eru tvö hæli, bæði hæli sekra manna og drykkjumannahælið í Kumbaravogi, þar sem lögmælt er, að skuli vera læknishjálp, og er þess vegna einnig eðlilegt, að læknir sé á Eyrarbakka engu síður en að hann sé þar ekki.

Ég vil alveg leiða hest minn hjá því að vera að tala um önnur atriði, sem komin eru inn í þetta mál. En ég vil leggja áherzlu á það, sem ég gat um fyrst, og ég hygg, að ég fari með rétt mál, þegar ég held því fram, að það sé einmitt þörfin á að bæta um læknaskipun í Eyrarbakkalæknishéraði, sem öðrum þræði hefur kvatt fram það stjfrv., sem hér er til umr. Ég veit, að landlæknir hefur orðið fyrir nokkru ámæli jafnvel vegna meðferðar þessa máls. Ég hef ekki verið á sama máli og hann, en um það er ekkert að fást. En hann hefur gagnvart almenningi í þessu héraði átt nokkuð örðugt. Það er oft erfitt fyrir hann — að sínu leyti eins og vegamálastjóra — að gera svo, að öllum líki.

Ég hefði nú sætt mig við það, þó að það hefði verið á móti vilja fólksins, að fylgja málinu þegjandi eftir hér í hv. d. eins og það kom frá hv. Nd., hefðu ekki sérstök atriði orðið að aflvaka til þeirrar sveiflu, sem meðferð þessa máls hefur nú tekið, með tilliti til brtt. við frv. En mér finnst óþolandi, ef sá réttmeiri á að víkja fyrir hinum réttminni. Og það er hlerað fast og ákveðið eftir því af því fólki, sem að þessu á að búa, hvernig hæstv. Alþ. afgreiðir þetta mál. Og ég vænti þess fastlega, að hv. þdm. líti á málsástæður eins og þeim er kunnugt um, að þær eru, og taki nokkurt tillit til vilja og þarfa fólksins um heilbrigðismálefnin, sem skipta meiru en flest annað, þegar veikindi og slys ber að höndum.

Ég skal svo láta máli mínu lokið og treysti því, að brtt. mín, sem hér liggur fyrir til umr., nái samþykki hv. d.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi ræða þetta mál lítillega í sambandi við læknaskipunarmálið í heild sinni og minni um leið á till., sem ég flutti hér í vetur fyrir jólin út af því atviki sérstaklega, að einn af þm. landsins, hv. 1. þm. Rang., gat ekki starfað hér sem þm. á fjárlagaþinginu fyrir jólin, af því að hann gat engan varamann fengið í staðinn fyrir sig. Ég bar fram till. þá, sem ekki aðeins var rökstudd með þessu sérstaka dæmi, heldur líka af þeirri miklu læknafæð, sem er í landinu, og fór fram á það við heilbrigðisstjórnina, hvort ekki væri hægt að ráða bót á þessu með því að ráða bót á uppeldi lækna á þann veg, að þeim væru sett þau skilyrði fyrir þeirri aðstöðu, sem þeim af því opinbera er veitt til náms, að þeir hagnýttu sér reynslu hjá eldri læknum landsins með læknisþjónustu í sveit. Þessi till. fann ekki náð fyrir augum þeirrar n. hér í hv. d., sem um hana átti að fjalla. Hún var svæfð þar. Og landlæknir hefur heldur ekkert með þessa till. gert. Svo vildi nú til, að þessi hv. þm., sem ég gat um, gat fengið einhvern mann fyrir sig nú eftir áramótin. En það, að maður í erfiðu og umfangsmiklu héraðslæknisstarfi, eins og Helgi Jónasson, getur ekki sinnt sínum borgaralegu störfum, af því að hann getur ekki fengið varamann, sýnir, að eitthvað er að skipun þessara mála. Og þá má geta nærri, hvernig slíkt gengur fyrir héraðslæknum, sem eru í afskekktari héruðum, ef þeir þurfa að bregða sér frá eða fá sér einhverja hvíld. — Ég beini þeirri fyrirspurn hér til þess manns, sem beitt hefur sér mest fyrir þessu máli almennt hér í hv. d., hv. 6. þm. Reykv., hvort hann sjái ekki, að einnig er þá nauðsynlegt að gera

fleira, ef tekin er sú stefna, sem hann beitir sér fyrir, að fjölga nú læknishéruðum í trássi við heilbrigðisstjórnina, og hvort hann sé því ekki hlynntur, að einhver sterk ráðstöfun verði gerð í þá átt, að þjóðfélagið hafi handbæra miklu fleiri unga lækna til aðstoðar í þeim læknishéruðum landsins, sem þeir koma ekki í af sjálfsdáðum. Ef ekkert er gert annað en samþ. þetta frv. og þá *einnig kannske brtt. við það, þá sé ég ekki annað* en það muni að engu haldi koma að svo stöddu, þar sem sennilega mundu engir læknar fást í sum læknishéruðin í sveitum landsins. Það er ekki fullnægjandi fyrir þjóðfélagið, að lækningar séu framkvæmdar sem „spekulation".

Þá vil ég snúa mér að einstökum liðum þessa frv., og þá fyrst að því, er snýr að Fljótsdalshéraði. Ég er samþykkur því, að reynt verði að gera miðstöð fyrir Fljótsdalshérað í þessu efni við Lagarfljótsbrú. En ég álít ekki nóg til lengdar, að þar sé einn læknir, heldur þurfi þar líka að vera aðstoðarlæknir og þá helzt einhver ungur maður, sem væri að læra af starfinu með því að vera þar. Í Fljótsdal mótmæla þeir því að missa sinn lækni. Og það er skiljanlegt, af því að þeir eiga um langan veg að sækja lækni, ef hann væri við Lagarfljótsbrú. En af því að stefna þarf að því, að á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi komi deildir frá Landsspítalanum, nægilega stórar til þess að þessi ríkisspítali, sem ríkið rekur með þar starfandi hinum beztu læknum, nái til fólksins alls staðar á landinu nokkurn veginn. Það sjá allir, hver fjarstæða það er, að við, sem erum í Reykjavík, og þeir, sem búa annars staðar sunnan og suðvestan lands, sem eru alls um 70 þús. manns, fáum Landsspítalann eins og hann væri spítali Reykvíkinga sérstaklega og annarra í nágrenni höfuðstaðarins. Hvers eiga Norðlendingar, Austfirðingar og Vestfirðingar að gjalda, ef þeir eiga að koma upp með ærnum kostnaði spítölum fyrir sig, meðan við hér syðra höfum spítala fyrir okkur, sem kostaður er af ríkisfé og eftir föngum lagt til hans allt það bezta, sem spítali þarf að hafa? — En það, sem ég vil undirstrika í sambandi við þetta mál, er, að ég álít, að gera eigi ráð fyrir, að reistur verði góður spítali, sem sé nægilega stór fyrir Austurland, og líka, að þar fari fram nokkuð af þeirri kennslu, sem háskóli okkar veitir. — Þess vegna álít ég, að þeir í Fljótsdal verði að sætta sig við að missa sinn lækni þarna ofan eftir að Lagarfljótsbrú. En ég vil minna hv. þm. á, að það er ekki hægt að hindra þetta mál Austfirðinga með því einu að segja: Við flytjum lækninn úr brennda húsinu á Brekku niður að Lagarfljótsbrú. — Það verður að gera meira. Framtíð þjóðarinnar heimtar, að við snúum því menningarverki út um landið til jafnvægis við það, sem er í hinu nýskapaða þéttbýli. Þetta er sú breyt., sem að minni hyggju hefur ekki verið sinnt nógu vel, þar sem ekki heldur hefur verið nógu rösklega gengið fram í því gagnvart Austfirðingum, að þeir ættu að hafa aðstoðarlækna. En ég nota þetta tækifæri til þess að lýsa skoðun minni á því, hvar þeir þurfi að koma.

Þá kem ég að Snæfellsnesi, sem töluvert hefur verið deilt hér um. Ég hef skotið því fram við hv. þm. þess kjördæmis, að ég hef ekki trú á, að hægt verði, eins og stendur, að fá nokkurn lækni þangað, *nema byggt verði yfir hann. Og ég rökstuddi* það með því, að í Suður-Þingeyjarsýslu er Reykdælahérað, sem er mannfleira en þetta hérað á sunnanverðu Snæfellsnesi, ef stofnað yrði nýtt læknishérað þar. Þar, í S.-Þ., var byggt læknishús fyrir 40 árum, gott á þeim tíma, en svarar ekki til þeirra krafna, sem gerðar eru nú. Og að þetta hús fullnægir ekki kröfum, sem gerðar eru, hefur haft þau áhrif, að nú síðustu 6—7 árin er skipt um lækni þar að heita má árlega. Ungir læknar hafa ekki viljað vera þar undir nokkrum kringumstæðum, eins og aðbúnaður er þar. Svo voru héraðsbúar að reyna að byggja læknishús með einni sjúkrastofu eða svo, sem kostaði um 140 þús. kr. Og það er náttúrlega fyrir áhuga fólksins og þörf þess, að það lagði út í þann mikla kostnað. Þess vegna segi ég það: Ég ann þeim mjög vel á Snæfellsnesi sunnanverðu að fá lækni, en það kostar þetta tvennt, að það verði yfirleitt hægt að fá sæmilega menntaða unga menn til þess að vera þar, og hitt, að þar verði byggt. *Annars verður það bara dauður bókstafur að samþ.*, að þarna skuli stofna nýtt læknishérað.

Um Grindavík er það að segja, að hv. 6. þm. Reykv. veik að því, að ég hefði átt nokkur afskipti áður af læknaskipun í sambandi við Grindavík. Ástæðan til þess, að ég átti þátt í því, að læknir héraðsins var settur þar fyrir nokkrum árum, var sú, að það fékkst ekki neitt heimili í Keflavík handa þeim manni, sem kom í læknisembættið. En í Grindavík var skörungurinn Einar Einarsson kaupmaður, og þótti honum svo mikið varið í að fá lækni í héraðið, að hann reisti hús yfir hann, sem ég hygg, að hann eigi enn þá. Og ef þessi skörulegi maður í Grindavík hefði ekki gert það, þá veit ég ekki, hvar læknirinn væri nú. Og þar sem menn fara á 20 mínútum á milli Keflavíkur og Grindavíkur, þá hygg ég, að ekki sé ástæða til að láta fara fram skiptingu á læknishéraðinu þarna, vegna þess að óþarflega lítið muni líka vera að gera fyrir mann sem héraðslækni í Grindavík, ef annar væri í Keflavík. Rök hv. 6. þm. Reykv. sannfæra mig því ekki í þessu efni, og ég hef ekki trú á því, að almenningur í Grindavík muni leggja út í að byggja hús yfir lækni, eins og það kostar mikið nú.

Þá kem ég að þeim austan fjalls, og er það mála sannast, að þeir hafa orðið nokkuð illa úti með lækni og sjúkraskýli. Nú hefur um það verið talað, — og landlæknir og þeir austan fjalls sætta sig yfirleitt við það, — að aðalsjúkraskýli verði þarna að Selfossi. En þá þarf að vera læknir þar. Og að minni hyggju á að haga því svo þarna, — eins og við Lagarfljótsbrú ætti að gera, — að þar ætti að vera aðallæknir og aðstoðarlæknir. En nú er það svo, að þessi tvö þorp við sjóinn hafa haft lækni mjög lengi og eru ófús á að missa hann. Má búast við, að úr því yrðu sambúðarerfiðleikar, ef flytja ætti lækninn burt þaðan úr þorpunum að íbúunum nauðugum. Og af því að hæstv. heilbrmrh. er hér viðstaddur, vil ég benda á, að þarna nálægt þessum þorpum eru tvö mannúðarhæli, fangelsið og vinnuhælið á Litla-Hrauni og drykkjumannahælið í Kumbaravogi. Vinnuhælið er þarna á föstum fótum, þar eru venjulega 40—50 menn. Og mikið óhagræði væri því hæli að missa lækninn frá sér. Þessir *menn steypa úr vikri, sem fæst þar í fjörunni,*

ytra borð í 50—60 bændabýli á ári. Og þess vegna finn ég til fyrir þá menn þarna niður frá, ef þeir eiga að tapa lækni sínum frá sér, ekki aðeins vegna þorpanna, heldur líka vegna þeirra manna, sem eru á þessum tveimur hælum þar í nánd, vinnuhælinu og drykkjumannahælinu. Það á ekki við alla, þótt drykkfelldir séu, að setja þá á slík hæli, en þeir, sem eru svo mjög bognaðir fyrir þessari ástríðu, að þeir vita ekki, hvað þeir gera, þurfa slíkrar hælisvistar. Þeir þurfa frið og ró, og þeir þurfa læknis við, svipað og þeir, sem vinna á vinnuhælinu.

Og nú vil ég spyrja hv. 6. þm. Reykv., hvort hann hafi ekki séð það eins og ég og fleiri, að það er ekki til neins að fjölga læknishéruðum nema með því að skapa lækna, sem vilja vera í læknishéruðunum. Ég vil nefna eitt dæmi, sem er úr mínu kjördæmi. Í Húsavíkurlæknishéraði eru um 1000 manns. Þar er sjúkrahús fyrir 15—16 manns, sem er venjulega fullt af sjúklingum. Þessi læknir hefur, auk sjúkrahússins, ærið starf í héraðinu, þar sem hann er sóttur fram í miðja Þingeyjarsýslu og út á Tjörnes. Og þegar læknirinn í Öxarfjarðarhéraði féll frá, varð Húsavíkurlæknirinn að gegna því héraði. Nú er þessi læknir kominn yfir sextugt. Hann er heppinn skurðlæknir og röskur maður. En hverjum dettur í hug, að þessi maður, yfir sextugt, eigi að hafa spítala með 15—16 sjúklingum, læknishérað með 1000 íbúum og auk þess annað hérað, sem ekki er læknir í skipaður? Ég fullyrði, að miklu betra en það fyrirkomulag væri, að ungir læknanemar í háskólanum slepptu einu ári af 7—8 námsárum þar og væru eitt ár á stað eins og t. d. Húsavík til þess að komast í lífrænt samband við fólkið á ferðum um héruðin og kynnast fólkinu og venjast því að vera annars staðar en hér í stofunum í Reykjavík. Ég er ekki að tala um þetta fyrir mitt kjördæmi, heldur tek ég þetta fram vegna þess, að það er ekki mynd á þessu fyrirkomulagi okkar, sem á læknaskipuninni er. Og eitt er það, sem sízt má gleyma, að eins og nú er komið, er Menntaskólinn hér í Reykjavík að heita má ekki sóttur nema af nemendum úr Reykjavík, þá verður afleiðingin sú, að þeir mörgu embættismenn, sem koma úr háskólanum, eru tiltölulega ókunnugir dreifbýlinu. Og án þess að ég segi neitt illt um þennan bæ, þá er það víst, að mjög mikill hluti þessara menntamanna, sem úr Reykjavík koma, ef þeir fara ekkert út á landið, vita ekkert, hvernig Ísland er, og þeim hættir því til að líta á sveitirnar sem nokkurs konar Síberíu, ekki sízt eftir að hitaveitan kom í Reykjavík, fyrir dugnað hv. 6. þm. Reykv. og annarra góðra manna. Það eru því ekki líkur til, að hægt verði að fá þá góðu menn til að vera sem læknar annars staðar en í Reykjavík eða á Akureyri eða í öðrum stærri kaupstöðum, ef þeir ekki læra nógu snemma að taka þátt í lífinu, eins og það er og á að vera og þarf að vera, með byggð um allt landið. Ég álít því rétt að breyta þessu skipulagi þannig, að þeir ágætu ungu menn úr Reykjavík, sem svo margir stunda læknisdóma, þeir fái kynningu við landið, sem að vísu sannarlega er ekki tómir barnaleikar, bæði vetur og sumar, m. a. svo að þeir kynnist því, að það er líka skemmtilegt fyrir utan höfuðstaðinn og að það er eins gaman eða skemmtilegra að vinna þar.

Ég vil vita, hvort það er nokkur skilningur á því fyrir hendi í hv. d., að það er ekki nóg að búa til frv. um ný læknishéruð og samþ. þau sem l. á pappírnum, heldur verður að fylgja málunum eftir með skynsamlegri skipulagsbreyt. í læknamálum okkar.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég get orðið fáorður um sjálft efni málsins, það frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess, að tveir hv. síðustu ræðumenn hafa í aðalatriðum mælt með frv., bæði hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. S-Þ. Mér skildist aðeins, að það væri eitt atriði af mörgum í frv., sem sé um læknissetur í Grindavík, sem hv. þm. S.-Þ. væri ekki ánægður með, en að öðru leyti væri hann hlynntur frv.

En varðandi fyrirspurn hans, hverja afstöðu ég hefði til skipunar læknamálanna yfirleitt, þá get ég auðvitað, eins og ég veit, að hann getur skilið, ekki svarað því enn til neinnar hlítar né tekið til fulls afstöðu til þess einstaka atriðis, sem hann minntist nú á. En ég tel, eins og frv. liggur nú fyrir, að með því að samþ. það sé unnið að því að greiða fyrir, að héraðslæknar úti á landi fái eðlilega framavon, því að þá séu fleiri embætti, sem hægt sé að veita mönnum, eftir að þeir hafa verið í hinum erfiðu og afskekktu héruðum. Hitt tek ég svo fyllilega undir, að ég lít svo á, að rétt sé að fara lengra á þeirri braut, sem þegar mun hafa verið lögfest, að skylda megi — og ég vil segja skylda eigi — alla þá, sem hér fá lækningaleyfi, að gegna störfum tiltekinn tíma úti á landi. Ég hef ekki athugað þetta sjálfur, en ég hygg, að þessi sex mánaða bið læknanema til þess að gegna lækningastörfum úti á landi sé lítið komin til framkvæmda. En mér sýnist rétt, að heilbrigðisstjórnin hafi um það forgöngu, að bæði yrði þessi tími lengdur og eins yrðu gerðar ráðstafanir til þess, að þessi skylda tæki til yngri lækna almennt, þeirra sem ekki eru búnir að koma sér fyrir þannig, að það væri allt of mikil truflun á lífsferli þeirra að skylda þá til þess að vera í héruðum úti um landið. En eftir að ríkið hefur kostað kennslu lækna 6—7 ár handa hverjum lækni, þá sýnist það hið minnsta endurgjald, að þessir menn fáist gegn góðu lífsuppeldi til þess að gegna lífsnauðsynlegum störfum fyrir þjóðfélagið. Og það er vafalaust einnig rétt, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að það megi að vissu leyti líta þannig á, að uppeldi lækna sé ekki til hlítar lokið, fyrr en þeir hafa gegnt störfum við venjuleg íslenzk skilyrði, þau skilyrði, sem mikill hluti landsfólksins á við að búa.

En varðandi málið sjálft, eins og það liggur fyrir, þá gat ég nú um það í gær, að hér hefðu borizt ýmsar áskoranir til Alþ. frá réttum aðilum um það, að þeir nytu lækna eins og í frv. er ráðgert. — Hv. 2. þm. Árn. (EE) gerði grein fyrir því, að sér hefði borizt ný áskorun frá Eyrarbakka. Ég hef í höndum skeyti, sem birtir áskorun hreppsfundar á Arnarstapa og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennur hreppsfundur, sem haldinn var á Arnarstapa, Snæfellsnesi, 5. þ. m., skorar eindregið á Alþingi að samþ. frv. Gunnars Thoroddsens um nýtt læknishérað að sunnanverðu Snæfellsnesi. Með núverandi fyrirkomulagi er oft ókleift að ná lækni, þar sem er fjallveg að fara. Ein

læknisferð hefur kostað 3—400 kr. — Oddvitinn." — Annað skeyti er frá oddvita Staðarsveitar, þar sem hann kveður sér vera kunnugt um eindreginn vilja þar í sveit með stofnun umræddS læknishéraðs.

Mér skildist á hv. 3. landsk., að það væri ekki mikið að marka slíkar yfirlýsingar, enda mundu það vera framsóknarmenn, sem stæðu að þeim og hugsuðu meir um annað en bjarga með þessu mannslífum. Það kann að vera, að hann hafi ekki meira álit en þetta á andstæðingaflokki sínum. En menn eru þeir sem aðrir og hafa hug á að njóta heilsu og lífs ekkert síður en við, svo að orð þeirra um það ætti að vera að marka, hvaða álit sem þm. kann að hafa á þeim að öðru leyti.

Röksemdir hæstv. forsrh. og hv. 3. landsk. fyrir því að gerbreyta frv. fyrst og fremst í því skyni, að það nái þá heldur fram að ganga í þinginu, virtust mér ærið undarlegar. Það er óvænlegt, eftir að Nd. hefur afgreitt málið, svo breytt sem henni líkaði, til Ed., að senda það aftur til Nd. gersamlega ummyndað og ætla henni að afgreiða það þannig í skyndi. Það er ákaflega hætt við, að þá væri úti um frv. Ég sé ekki betur en þeir séu með þessu að brugga því banaráð.

Ég verð einnig að láta í ljós undrun mína yfir ræðuhöldum hæstv. ráðh. og hv. 3. landsk. Hinn síðarnefndi hefur haft þá aðferð, sem ýmsir honum ótignari tíðka, þegar honum finnst ég tala ótilhlýðilega um landlækni, að snúa þeim orðum öllum upp á mig, ég muni vera því líkastur sem ég telji landlækni vera. Virðist mér þessi aðferð líkust því, sem sérstök tegund stráka viðhefur, þegar þeim þykir illa til sín talað, og svara þá því einu: „Éttu hann sjálfur" — eða „Sjálfur ertu dóni" — eða því um líkt. Það getur vel verið, að ég eigi þá eiginleika, sem embættisbréf landlæknis ber vitni um, að hann hafi. En eiginleikar mínir koma ekki máli við, eiginleikar landlæknis ekki beinlínis heldur, aðeins að hann skuli láta þá koma svona fram í embættisbréfi til n. á Alþingi. Fram hjá því kemst þm. ekki með neinum útúrdúrum, fremur en ég gæti stutt mitt mál með því að ræða um alkunna hógværð hans og raddfegurð. Ég óskaði skýringar hæstv. forsrh. á því, hvernig stæði á mótsögnunum í grg. landlæknis, og sýndi með óyggjandi tilvitnunum og upplestri, hve gagnstæðar yfirlýsingar þarna væru. Hæstv. ráðh. svaraði með því að segja, að hann mundi sjá um, að landlæknir fengi vitneskju um, hvað hér hefði gerzt, og ögraði mér með málsókn, ég veit ekki hvort heldur einkamáls- eða sakamálsákæru. Það er náttúrlega þægilegt að skjóta sér undan svörum með hótunum um málshöfðun, ef fundið er að framferði slíku sem landlæknis. Sú þinghelgi, sem hæstv. forsrh. minntist á, er að nokkru leyti sett af þeim ástæðum, að nauðsynlegt þótti að veita löggjöfunum rétt til að gagnrýna athafnir embættismanna og annað slíkt án óttа við málshöfðun fyrir gagnrýnina, jafnvel þótt ekki væri beinlínis hægt að sanna á embættismanninn nein embættisafglöp. Nú hef ég sannað og hæstv. ráðh. ekki mótmælt, að meira en lítið er bogið við hin umræddu skrif landlæknis. Ég álít, að ekki stafi það af heimsku, því að landlæknir er viðurkenndur gáfumaður á sinn hátt á mörgum sviðum og mjög vel ritfær. Því meir undrar mann að sjá frá hendi hans svo gagnstæðar yfirlýsingar, og það er ekkert léttúðarmál, þótt einungis væri litið á viðhorf hans til málsins, sem fyrir liggur. Hann er embættismaður, sem vill láta taka tillit til sín og er tekið tillit til, a. m. k. mætti ætla það eftir gáfnafari hans, að svo yrði gert. Mér hefði fundizt embættisheiðri bæði hans og hæstv. forsrh. betur borgið með því að skýra, hvernig stendur á mótsögnunum, sem ég benti á, heldur en þó að mér sé ógnað með tugthúsdyrunum. Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi mjög misfarið bæði með virðing sína og þá háttprýði, sem honum er lagin, með þeim hótunum, sem hann bar hér fram í gær.

Hitt kann að vera, að ég hafi farið ómjúkari orðum um landlækni en þurfti, því að oft nægir að segja hið sama með mildum orðum, sem í hörðu orðunum var fólgið. En ekki breytir það, hvernig orð mín féllu, aðalatriði málsins, og ekki voru þau orð ósæmilegri en svo, að forseti þessarar deildar, sem er fyllilega maður til að gæta hennar virðingar, sá ekki ástæðu til að víta mig, og ég held það sitji ekki á hæstv. ráðh., sem er hér utanþingsmaður, að fara að hóta þm. málssókn, ef þeir hafi sig ekki hæga. Hitt er annað mál, hvort bréf landlæknis gefi ekki tilefni til að verja Alþ. og þm. gegn ósæmilegu aðkasti og sleggjudómum.

Ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, nefna nokkur atriði, eitt úr grg. landlæknis í upphaflega frv., því næst glefsur úr bréfi landlæknis til n., sem er prentað í nál. á þskj. 146, mun verða ljósara, hvað ég á við. Þar segir: „Þorpin tvö.... mæla hins vegar gegn henni (færslu læknis að Selfossi), Eyrbekkingar með gildum rökum að því er sjálfa þá snertir, því að þeir mundu óneitanlega missa mikils í, en Stokkseyringar virðast engan veginn hafa jafnmikið til síns máls. Mæla kunnugir, að á læknissókn Stokkseyringa til Eyrarbakka annars vegar og að Selfossi hins vegar sé bita munur, en ekki fjár."

Þarna varðar landlækni ekki um, hvað Stokkseyringum finnst, hann veit sjálfur miklu betur, að þeim er ekkert verra að hafa lækninn fjær sér, á Selfossi, og þar vitnar hann í einhverja kunnuga menn. Hv. 3. landsk. var að tala um, að hann þyrði að bera saman staðþekkingu mína og landlæknis. Eflaust er staðþekking landlæknis meiri. En ég var að bera saman staðþekking hans og mannanna, sem á staðnum búa, og þar hallar fremur á landlækni, að ég hygg. Hér hefur verið gert mikið úr vanþekking Nd. á staðháttum Suðurnesja, þar sem Hafnamönnum hafi verið ætlað að fara gegnum Keflavík til að sækja lækni sinn í Grindavík. Nú er Eyrarbakki mun nær því að vera á leið Stokkseyringa að Selfossi en Keflavík því að vera á leið Hafnamanna til Grindavíkur, svo að ekki ferst hér öllum að tala um vanþekking Nd., hvað þá meta að engu till. Stokkseyringa sjálfra um það, sem þeir mega gerst um vita.

Þá segir á þskj. 146: „Á síðasta Alþingi lá við því slysi, að flaustrað yrði af stofnun nýs læknishéraðs úr þessum 5 hreppum, og leiddi ekki af, að heilbrigðisstjórnin fengi því framgengt, að málinu yrði frestað í nokkra mánuði því til frekara undirbúnings, sem síðan leiddi til þessarar niðurstöðu . . fæ ég ekki nógsamlega varað við því óráði að rjúka nú í að stofna hér læknishérað . . . Að minnsta kosti er ekki ástæða til að hrapa að

slíku eftir það, sem á undan er gengið, og er furðuleg lítilsvirðing sýnd oddvitum á Snæfellsnesi að gera þá hispurslaust ómynduga talsmenn byggðarlaga sinna á sama tíma sem oddvitar austan fjalls og hvar annars staðar eru í engu véfengdir um samsvarandi efni."

Ég hef getið skeyta, sem ég hef í höndum frá tveim þessara oddvita og sýna eindregið fylgi við málið. Þar með er sýnt, að fylgismenn málsins eru ekki sekir um það, sem landlæknir telur hræðilegra en flest annað, að hafa þar gagnstæða skoðun við oddvita eða gera þá „ómynduga talsmenn byggðarlaga sinna." Hitt er lítið að marka, þó að háttsettur embættismaður með greind og dugnað landlæknis hafi um sinn getað hrætt nokkra menn frá því að halda fram vilja sveitunga sinna.

Hv. 3. landsk. taldi, að ég hefði lýst landlækni sem væri hann slunginn misindismaður. Ef hv. þm. hefur í huga slíka lýsingu á þessum vini sínum, hefur hann ekki fengið hana frá mér. Hitt leyfði ég mér að tala um, embættishroka landlæknis. Sú tilfinning, sem lýsir sér úr hverri línu þessa bréfs landlæknis og lýsti sér í hótun hæstv. forsrh. í gær, var sú, að þeir einir hafi vit á málinu, og það kalla ég embættishroka. Landlæknir, sem að ýmsu leyti er góður og gegn embættismaður, leyfir sér slík ummæli, að það væri vanræksla af þm., sem hafa séð þau, að láta þeim ómótmælt. Á ég hér ekki aðeins við yfirlýsingar, sem stangast, heldur tón bréfs hans og aðferð alla og það, á hvern hátt hann leyfir sér að tala um Alþingi og til Alþingis. Hann segir enn fremur í bréfinu til n.:

„En ég er sannfærður um, að það er hættulegt þróun læknamála á báðum stöðunum að leysa vandann á þennan hátt, og læt ég í því sambandi liggja á milli hluta hina fráleitu skiptingu héraðs á Reykjanesi, sem stungið er upp á af þeim, sem ekki mun hafa átt þess nægan kost að kynnast staðháttum á nesinu." — Þessi till. er raunar komin frá héraðsbúum sjálfum, en hér á Alþ. flutt af þm. kjördæmisins, hv. þm. G.-K., og mun í ummælum landlæknis felast gamall brandari eftir Guðbrand Jónsson, dr. og prófessor, um þm. G.-K. og hefur notið nýskapaður allrar snilli þess snjalla mann, en lánast landlækni illa. Þessa skipting kallar landlæknir „glapræði", sem rokið sé til að gera og „sundra" og sé „slík sundrung óafsakanleg". Þennan dóm fellir hann, ekki í blaðagrein eða þingræðu, heldur í embættisbréfi um það, sem Nd. hefur samþ. Og þetta þokkalega embættisbréf heldur svo áfram:

„Ég leyfi mér að dirfast að vona, að hv. n. geti fallizt á, að meðan svo illa gengur sem raun er á að skipa þessi héruð, sem kalla má, að eigi líf sitt undir því að fá lækni, sé ekki á þá erfiðleika bætandi með því að gera meiri eða minni leik að því að fjölga fámennum héruðum til að keppa um þá örfáu lækna, er gera þess nokkurn kost, að rætt sé við þá um að taka slík héruð að sér . . . Að ég ekki tali um það banatilræði við hin fámennu og afskekktu héruð, ef sá háttur yrði upp tekinn að raða upp smáhéruðum í þéttbýlinu á næstu grösum við Reykjavík." Hér er að vísu talað um banatilræði við héruð, en ekki menn, en hugsun þó svipuð bak við, enda er berum orðum sagt, að hv. Nd. geri sér leik að því að auka á erfiðleika þá, sem þeim, er líf sitt eiga undir að ná til læknis, geri það.

Það er ekki furða, þótt þessi embættismaður þurfi að biðja um sérstakt leyfi til þess að mega nefna „heiður" Alþingis, hrópi um, að nú ríði á „að gæta guðs, samvizku sinnar og — með leyfi — heiðurs Alþingis og afstýra slíkum voða". Áður en hann leyfir sér að minnast á svo fágætan eða vafasaman hlut, hlut, sem sé e. t. v. ekki til nema í ímyndun sumra þm., heiður Alþingis, biðst hann afsökunar á að gera það.

Þetta bréf lýsir sér sjálft. En ég hefði haldið réttlætistilfinning og skörungsskap hæstv. forsrh. meiri en svo, að hann vildi gera orð og anda þess að sínum með því að taka upp vörnina fyrir það. Ég hefði haldið, að hæstv. forsrh. hefði meiri virðingu og hug á sínu embætti en svo að bregðast þannig við réttmætri gagnrýni á miður góða embættisfærslu. Og þótt hann hótaði málssókn og talaði um, að ég hefði skotið mér undir skjöld þinghelginnar, þá er það eftirtektarvert, að einungis tveir af þeim þremur núv. og fyrrv. ráðh., sem töluðu, sáu sér fært að verja landlækni. Hinn þriðji, sem ber ábyrgð á skipun hans, hefur fengið þá reynslu af honum, að hann mælir honum ekki bót.

Forseti (StgrA): Með því að margir eru á mælendaskrá, en fundartími þrotinn, þá verður umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Ed., 8. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Ég kvaddi mér hljóðs sérstaklega til þess að láta í ljós það álit mitt, að umr. og sennilega umhugsun um þetta mál hefði snúizt meira um aukaatriði en aðalatriði. Mér finnst, að aðalatriði þessa máls sé það, að svo stendur nú á í þessu landi, að allmargir þegnar í landinu eiga engan aðgang að læknisþjónustu. Ég veit ekki, hve sá hópur manna er stór, en ég gizka á, að 5—10% allra landsmanna séu svo settir, að svo megi að orði kveða, að þeir geti ekki fengið læknisþjónustu. Ég efast ekki um, að allir hv. þm. viðurkenna, að úr þessu þurfi að bæta. Menningarþjóðfélag getur ekki horft á það aðgerðarlaust, að slíkt geti átt sér stað. En mér virðast þessar umr., sem hér hafa farið fram um það mál, sem hér liggur fyrir, ekki hafa snúizt aðallega um þetta, sem var þó tilefni þess, að málið var flutt á hæstv. Alþ., heldur miklu frekar um annað, sem sé, hvernig og hvar beri að skipta læknishéruðum, t. d. eins og hér í Árnessýslu og á Reykjanesi. En fólkið, sem enga læknishjálp getur fengið, býr ekki í Grindavík og ekki heldur á Stokkseyri eða Eyrarbakka. Hitt skal svo játað, að um leið og reynt er að ráða bót á þessu mikla vandamáli, algerri vöntun á læknishjálp til handa allmörgu fólki í landinu, þá er eðlilegt, að læknishéraðaskipunin í landinu yfirleitt sé nokkuð yfirveguð líka og reynt að bæta úr ágöllum, sem smærri eru en þessi algera neyð, sem sumt af landsfólkinu býr við í þessu efni.

Ég vil vekja athygli á því, að Fljótsdalshérað stendur líklega einna verst að vígi í þessu efni. Þar eru tvö læknishéruð. Annað þeirra hefur læknisbústað, en engan lækni, en hitt hefur lækni, en engan læknisbústað. Ég upplýsi það hér, að fólk-

ið í þessum héruðum kemur sér ekki saman um þær umbætur, sem þarna þarf að gera, þ. e. a. s., fyrir umbótum í þessu efni fæst ekki meirihlutafylgi þar heima í héraði, nema læknissetrið sé fært til. Og það er ekki fullkomlega samkomulag um það heldur. En það er varla meira en einn fjórði partur hlutaðeigandi fólks, sem vill láta reisa aftur læknisbústað á Brekku, en sennilega þrír fjórðu hlutar, sem vilja láta flytja læknissetrið. Hér í þessu frv. er því tekið á réttan hátt á málinu, það sem það nær. Í frv. er sem sagt lagt til að flytja lækninn þangað, sem hann er betur settur fyrir fjöldann af íbúunum. Ástæður hafa breytzt þannig, að læknirinn, sem var vel settur með því að vera á Brekku í Fljótsdal, þegar miðað var við að fara á hestum, hann er illa settur þar nú, þegar miðað er við bílferðir. Og auk þess er hann miklu betur settur við Lagarfljótsbrú, þegar tekið er tillit til þess, að hann á að þjóna báðum héruðunum.

Ég vil biðja hv. þdm. að taka það til fullkominnar íhugunar, að ef frv. þetta stöðvast, þá er fólkið á Fljótsdalshéraði ráðþrota um að gera tilraun til þess að bæta úr hinu slæma ástandi hjá sér í þessum efnum. Þarna eru tvö læknishéruð. Í öðru er læknir að lögum, en enginn læknisbústaður og engin lækningastofa, en í hinu læknisbústaður, en enginn læknir. Og sennilega fer þessi læknir burt, sem þarna er í öðru héraðinu á verðgangi, ef ekki er hægt að ráða bót á í þessu efni. Til þess að bæta úr þessum vandræðum fólksins þarna á þessum stöðum þarf að setja nú þegar lagafyrirmæli á þessum þinghluta, þ. e. a. s., áður en þingi verður nú frestað.

En í sambandi við aðra staði, sem till. hafa komið um viðkomandi skiptingu læknishéraða, er það að segja, að þar er ekki um það að ræða að bæta úr neyð slíkri sem þeirri, er var tilefni þess, að frv. var flutt. Mættu ákvarðanir um að skipta slíkum læknishéruðum því bíða til hausts, því að mér sýnast þau mál ekki vera nægilega vel undirbúin, til þess að varanleg og hyggileg lagafyrirmæli gætu komizt á um þá staði nú.

Að lokum vil ég svo segja þetta: Það má ekki hugsa um þessi mál líkt eins og einn hv. þdm. talaði hér um þau, líklega nú fyrir þrem dögum, — og ég er viss um, að sá hv. þm. hugsar öðruvísi um þau, því að hann sagði, að þetta mál væri merkilegt, og hann tiltók, að það væri merkilegt fyrir afskipti landlæknis af því. En málið er merkilegast vegna þess, að það fjallar um að veita allt að 10% af fólkinu í landinu læknisþjónustu, sem hefur nú enga eða sama sem enga læknisþjónustu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Í umr. um þetta mál finnst mér ekki hafa verið sem skyldi komið að kjarna þess. Og í raun og veru finnst mér enginn hafa rætt það eins og vænta mætti, að slíkt mál væri rætt, nema hv. 3. landsk. þm.

Meginatriðið í þessu máli er það, hvort það sé yfirleitt rétt stefna að kljúfa læknishéruð niður í ný og ný læknishéruð eða halda þeim eins og þau eru nú og veita héraðslæknunum aðstoðarlækna eftir þörfum, eftir því sem héruðin verða umfangsmeiri. Ég fyrir mitt leyti er fullkomlega á þeirri skoðun, að það sé sú rétta stefna í málinu að kljúfa héruðin ekki niður. Það er ekki hægt að bera þessa embættismenn saman við aðra embættismenn landsins, t. d. sýslumenn, sem hægt er að flytja úr lélegu embætti upp í stærra og betra embætti með það eitt fyrir augum að launa þeim langa og góða þjónustu úti á landsbyggðinni, vegna þess að læknisembættið er ekki eins og önnur embætti og því ekki sams konar rekstur á þeim og öðrum embættum. Til þess að læknir geti haldið við kunnáttu sinni og áhuga, þarf hann að hafa eitthvert verkefni og það strax frá þeim tíma, er hann byrjar að starfa, þegar hann kemur frá skólanum. Og þess vegna er það sem þessi *fámennu héruð á landinu eru læknislaus, að* enginn læknir fæst í þau til þess að starfa þar, bókstaflega vegna þess, að þar mundu þeir týna náminu niður á mjög skömmum tíma vegna æfingarskorts. Og þó að þeir ættu það víst að verða fluttir þaðan eftir 4—6 ár, þá er það orðið of seint, því að þeir mundu jafnvel á svo skömmum tíma vera búnir að tapa svo miklu af læknisfræðikunnáttu sinni vegna æfingarleysis, að það mundi veitast þeim erfitt að starfa sem læknar í fjölmennari héruðum, þar sem þeir m. a. yrðu oft og tíðum að keppa við þaulæfða atvinnulækna. Mörg héruð á landinu eru þannig, að læknirinn hefur þar ekki mikið annað að starfa en vera í eins konar varðstöð, þegar slys ber að höndum. Og þegar þeir eru sóttir til sjúklinga, verða þeir venjulega að senda þá frá sér á sjúkrahús annars staðar, ef um einhver veruleg veikindi er að ræða, vegna þess að þeir hafa þá ekki næga æfingu eða tækni til þess að geta annazt sjúklinginn heima í héraði. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti brtt. meiri hl. n. um skiptingu héraðanna. Og ég mun ekki heldur fylgja frv. ríkisstj. nema til 3. umr., en bera þá fram brtt. við það, vegna þess að með því er farið inn á þá braut að stofna lítil læknishéruð, sem yrðu að etja við nákvæmlega sömu erfiðu skilyrðin og önnur lítil læknishéruð á landinu. Fáist ekki samkomulag um þá brtt. að hafa eitt læknishérað á Fljótsdalshéraði, þ. e. a. s. steypa saman þessum tveimur læknishéruðum, eins og ætlazt var til í upphafi, án þess að kljúfa út úr því lítið hérað, og veita lækninum þar aðstoð, þá mun ég ekki heldur sjá mér fært að greiða atkv. með frv. eins og ríkisstj. hefur látið það frá sér fara.

Ég er alveg viss um, að reynslan yrði sú, ef frv. verður samþ. eins og meiri hl. n. leggur til, að fjöldinn af þeim læknum, sem nú eru úti á landsbyggðinni, mundi sækja um þessi litlu héruð hér í kringum Reykjavík. Og ég álít, að sú stefna sé algerlega röng að hópa læknum utan af landi í smáhéruðin hér umhverfis höfuðborgina, þar sem miklu betri skilyrði eru til þess bæði að koma sjúklingum á sjúkrahús og sækja læknishjálp en úti á landsbyggðinni. Reynslan er sú, að hópur manna sækir um hvert einasta hérað, sem losnar hér í kringum höfuðstaðinn. Og ef frv. verður samþ. með brtt. meiri hl. n., þá munu mörg héruð, sem nú hafa lækni, verða læknislaus.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að undir venjulegum kringumstæðum væri nóg af læknum til í landinu og það svo mikið, að læknadeild háskólans vildi torvelda aðgang að skólanum. Þessi ummæli hans sanna, að það eru ekki launakjör læknanna yfirleitt eða aðbúnaður að þeim, sem gerir það að verkum, að þeir fást ekki út á landið, heldur hitt, að þeir hafa þar ekki nægilegt verksvið, eftir að þeir koma úr skóla að loknu námi.

Hvert hérað, sem klofið er, skapar ekki aðeins aukinn kostnað fyrir ríkissjóð vegna beinna launa læknanna, heldur skapar það ríkissjóði líka skyldur til þess að byggja læknisbústaði. Og meðan ríkissjóður getur ekki uppfyllt skyldur, sem á honum hvíla um að byggja læknisbústaði á landinu, þar sem beðið hefur verið árum saman eftir því, að lagt væri fram fé til þeirra, þá sé ég ekki, hvaða sanngirni er í því að skapa ríkissjóði nýjar skyldur, áður en hann er fær um að uppfylla þær, sem þegar eru fyrir og mjög aðkallandi er, að uppfylltar verði hið fyrsta.

Ef þetta frv. og brtt. meiri hl. yrði samþ., þá væru líka lagðar mjög miklar skyldur á herðar þessum héruðum, þar sem þau þá eiga að standa undir ⅔ kostnaðar við sjúkrahúsin. Margir hreppar eru ekki færir um þetta. Og hreppar, sem hafa aðeins 300—500 íbúa, standa ekki undir því á venjulegum tímum, hvað þá á þessum tímum, að reisa og reka læknisbústaði og sjúkraskýli þannig, að það sé gert með nokkrum myndarskap. — Ég held, að þessir agnúar hafi ekki verið athugaðir nógu vel af þeim mönnum, sem berjast fyrir því, að till. meiri hl. n. við frv. nái fram að ganga.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég ætla litlu við það að bæta, sem ég ræddi í gær um þetta mál. Þó vildi ég taka fram fyrst og fremst það, sem fram kemur á brtt. 93. Það er sem eðlileg afleiðing af þeirri breyt., er ég vil, að gerð verði á frv., að breyta um tölu á aðstoðarlæknum úr átta í sjö, þar sem svo er ráð fyrir gert, að einn af þessum átta aðstoðarlæknum yrði skipaður til aðstoðar í væntanlegu Selfosshéraði. En þar sem till. mín nú gengur út á það, að þessi héruð verði tvö, þá kemur að svo vöxnu máli aðstoðarlæknirinn þar ekki til greina.

Hitt atriðið, sem mér við nánari athugun fannst rétt að láta getið, kom fram við umr. í hv. Nd. Þar var farið fram á það líka, þótt hv. Nd. samþ. það ekki, að kljúfa Eyrarbakkalæknishérað í tvennt, Eyrarbakkalæknishérað og Selfosslæknishérað, en með annarri hreppaflokkun en á sér stað í þessari brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 93. Sú till., sem þar kom fram, miðaðist við, að Eyrarbakkahérað yrði ekki aðeins Eyrarbakkahreppur og Stokkeyrarhreppur, heldur líka Gaulverjabæjarhreppur og Selvogshreppur. Selvogshreppur má kallast heimur fyrir sig. Var þá miðað við í þeirri till., að hann ætti læknissókn til Eyrarbakka. En í trausti þess, að samgöngur á landi við Selvoginn batni, og þegar það er athugað, að oft er það, að ekki gefur á sjóinn, þó að líf liggi við, þá er það vilji og óskir Selvogsmanna, ef héraðinu væri skipt, að Selvoguinn yrði látinn fylgja Selfosslæknishéraði. — Alveg á sama hátt er það um Gaulverjabæjarhrepp að segja, að ég sá mér ekki annað fært en bera fram brtt. um, að hann fylgdi Selfosshéraði, þó að þarna sé að vísu vegalengdarmunur, annars vegar þaðan til Eyrarbakka og hins vegar til Selfoss. En óskir Gaulverjabæjarhreppsmanna um, að hreppurinn falli undir Selfosslæknishérað, byggjast á því, að viðskiptaleið þeirra er upp að Selfossi. Og ég staðhæfi, að í þessum hreppum er enginn ágreiningur um það, til hvors læknishéraðsins hvor þessara sveita um sig eigi að heyra. Um það er fullt samkomulag í þessum hreppum.

Mér þykir ákaflega einkennilegt, að um það skuli vera ágreiningur hér á hæstv. Alþ. og það skuli gert að vafamáli, hvort læknir eigi að vera á Selfossi og annar á Eyrarbakka eða tveir héraðslæknar í Eyrarbakkahéraði óskiptu. Ég er alveg viss um það, ef þróunin gengur sinn eðlilega gang, að eftir 5—8 ár verður ekki um það að ræða, hvort á þessu svæði verði hafðir tveir læknar, heldur hvort þeir eigi að vera þrír eða fleiri. — Það er nú eitt þorp í Selfosshéraði, Selfoss, og fer vaxandi. Það er partur úr Sandvíkurhreppi. Það eina þorp út af fyrir sig fer smám saman að verða eins fjölmennt og fámennustu læknishéruðin á landinu. Og líkt má kannske segja um annað þorp þarna, Hveragerði í Ölfusi, sem líka á sérstakan hátt fær mannfjölda til sín til viðbótar á sumrin vegna sumarbústaðanna. Getur það aukið þörf á lækni þar þann tímann.

Ég vil undirstrika það, að það er allveruleg útgerð á þessum brimstöðum, Eyrarbakka og Stokkseyri, þar sem löng reynsla er fyrir því, því miður, að oft hafa orðið sjóslys, sem vitanlega gerir mennina, sem þar eru, miklu næmari fyrir þörfinni á að hafa lækni hjá sér, sem þeir hafa haft um áratugi. — Þá hefur einnig verið rætt um hælin, sem eru þarna niður frá hjá kauptúnunum og þurfa sína þjónustu. Vex þá réttmæti óska þeirra að hafa lækni þar, sem hefur þar fasta setu. Það er í raun og veru hálf-leiðinlegt, en ég segi það samt eins og það liggur fyrir, að einn af aðalhvatamönnum þess, að breytt væri þarna um læknaskipun, er einmitt hinn ágæti héraðslæknir Eyrarbakkahéraðs, kostgæfinn og prýðilegur læknir, sem er ekki verður neins annars en alls hins bezta, Lúðvík Norðdal. Hann er farinn að lýjast af miklu og ónæðissömu starfi, sem hann hefur gegnt með mestu prýði.

Það er líka svo, að Selfosshérað, sem er nú þegar allstórt eftir þessari till. minni, með þessum hraðvaxandi kauptúnum innan endimarka sinna, getur, áður en við er litið, verið orðið eitt af allra fjölmennustu læknishéruðum landsins. Til Laugaráslæknisins næst oft ekki handan yfir ána, vegna þess að Hvítá er ófær, og þá væri gott fyrir þá, sem í þeim kringumstæðum eru og eiga að stríða við þann farartálma, að leita niður til Ölfusárbrúar, til þess að sjúkir menn verði ekki þjónustulausir.

Ég hygg, að læknir á Selfossi hefði yfrið nóg að starfa. En héraðið vantar sjúkraskýli, sem þyrfti að reisa sem fyrst að Selfossi. Og af þeirri ástæðu mun sá héraðslæknir, sem ég nefndi áðan, hafa verið með því að flytja læknissetrið að Selfossi frá Eyrarbakka, að hann vill, að á Selfossi verði reist sjúkraskýli. Og það var þá von manna, að byrjað yrði á því næsta sumar og það nú undirbúið með löggjöf.

Ég sé ekki annað en öllum mætti í léttu rúmi liggja, þó að héraðið yrði á þennan hátt klofið, enda þótt hv. þm. Barð. (GJ) hafi talað hér eins og væri hann gamall húslæknir og fjölkunnugur maður, — og er það ekki í neinni galdramerkingu mælt, heldur skiljist það: fjölfróður, — þó að hann haldi því fram, að það væri bezt að hafa héruðin stór, en skipa aðstoðarlækna í þau með aðallækninum. Og það er engin trygging í því fólgin fyrir fámenn útkjálkahéruð, þó að læknishéruðum sem þessu sé neitað um sanngjarna skipt-

ingu og fjölgun lækna á þann hátt. Mér finnst þá fremur, að tryggja mætti þessum útkjálkahéruðum læknishjálp með því að setja ungum læknum að einhverju leyti stólinn fyrir dyr um það, hvað þeir eigi að gera við starfskrafta sína, þegar þeir hafa lokið námi. — Það er tekið fram af landlækni, að það muni engum vandkvæðum verða bundið að fá lækni í þetta nýja hérað austan fjalls, ef þessi skipting fer þar fram.

Ég hef heyrt kunnuga menn halda því fram, að það séu 60 starfandi læknar í Reykjavík, og fólksfjöldinn mun vera í Reykjavík um 40 þúsundir manna. Þá koma tæp 700 manns á hvern lækni hér, eins og í heldur fámennu héraði úti á landi. Ég held því, að betra væri að gera ráðstafanir til þess, að ungir kandídatar færu í útkjálkahéruðin, eins og oft hefur verið um rætt, heldur en neita Eyrbekkingum um svo sjálfsagðan hlut sem að fá að hafa sinn eigin lækni hjá sér á þann hátt, sem ég hef haldið fram. Og til hvers yrði sú frestun á þessu máli, sem sumir vilja, undir því yfirskini að athuga málið? Ég er ekki í neinum vafa um það, að að því er Eyrarbakkalæknishérað snertir, yrði sú frestun ekki til neins annars en nýrra vafninga og leiðinda. Það þarf enginn að láta sér detta það í hug, að fólkið þar mundi hverfa frá óskum sínum um, að læknishéraðinu verði skipt. Og því lengra sem liði þangað til og því harðara sem haldið væri í á móti kröfum fólksins í þessu efni, því ákveðnara yrði það í kröfum sínum. En sá dráttur yrði til nýrra skaprauna, en ekki til þess að upplýsa neitt nýtt í málinu, það mega menn reiða sig á. Það er örugg sannfæring fólksins þarna á Eyrarbakka, að það þurfi að hafa þar sinn lækni, og það hefur haft hann þar í 50 ár.

Hitt er stórvægilegt atriði í málinu, að hinu væntanlega Selfosslæknishéraði ríður mjög á því að fá þessa ákvörðun um skiptingu héraðanna samþ. nú, því að það var föst fyrirætlun íbúanna að reisa sjúkraskýli og læknisbústað á næsta sumri í krafti nýrrar lagasetningar þar um. Þess vegna kæmi þeim það mjög meinlega, ef þessari skiptingu yrði frestað. Og því meiri þrjózka sem kemst í málið, því minni líkur eru til þess, að hægt sé að sannfæra menn í þessu máli, heldur hitar það aðeins blóðið. Ég hygg, að sá frestur mundi ekki verða til annars en sá ágreiningur harðnaði, sem er í þessu máli á milli heilbrigðisstjórnarinnar og fólksins þarna eystra, þegar menn hafa hver sína skapgerð og komin er stífni í málið. Og þó að héraðslæknirinn á Eyrarbakka, Lúðvík Norðdal, verðskuldi allt hið bezta, þá má persónuleg afstaða hans ekki segja allt of mikið, heldur á heilbrigðisstjórnin að láta hans hlut verða sem beztan eftir hans verðskuldun alveg án tillits til þessa skiptingarmáls. Höfuðatriðið er að mæta réttmætum kröfum fólksins. — Nú annar einn læknir því ekki að þjóna Eyrarbakkalæknishéraði vegna fjölmennis þess, og samkv. því, sem ég að öðru leyti hef sagt, er réttast einnig þess vegna að kljúfa þetta læknishérað. En þó að hv. þm. Barð., sem er náttúrlega læknir, — en að vísu ekki lærður læknir, — haldi því fram, að það eigi ekki að kljúfa læknishéruðin, heldur skipa aðstoðarlækna, þá er því til að svara, að á sumum stöðum hentar það fyrirkomulag að skipa þannig aðstoðarlækna, en á öðrum stöðum hentar betur að kljúfa héruðin.

Ég skal ekki lengja umr. frekar, en vænti þess, að brtt. mín nái samþykki að athuguðu máli. Ég býst við, að einhvern hv. þm. vanti. Ég vil því fara þess á leit, að atkvgr. verði frestað.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Ég er þakklátur hv. þm. Barð. fyrir góðar undirtektir hans um fyrirkomulag það, sem stungið var upp á viðvíkjandi Fljótsdalshéraði. En ég óttast, að Fljótsdalshérað verði fremur læknislaust, ef Borgarfjörður er látinn fylgja með. Það er um 100 km leið, og eru vetrarferðir mjög erfiðar. Ég játa, að svo lítið hérað sem Borgarfjörður ætti á hættu, að enginn læknir sækti um það. En það getur ekki orðið um viðunandi læknisþjónustu að ræða fyrir Borgfirðinga, nema læknirinn sitji þar, og er þess að vænta, að ríkið gefi íbúum þessa héraðs kost á að hafa lækni hjá sér, að ríkið inni af höndum gagnvart þeim þá skyldu, sem allir eiga rétt á.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Það voru fáein atriði í umr. um þetta mál í gær, sem ég taldi mig þurfa að benda á til leiðréttingar.

Hv. þm. S.-Þ. hélt því fram, að hælið í Kumbaravogi kostaði 150 þús. kr. Ég held, að hann hafi bætt einu núlli aftan við, því að það kostar 15 þús. kr.

Ég sakna þess að hafa ekki getað fylgzt nógu vel með umr. hér, því að ég þurfti að vera í Nd. á sama tíma. Læt ég því nægja að benda á nokkur atriði.

Hv. 6. þm. Reykv. lagði nokkuð fasta áherzlu á það, hvernig landlæknir leysti störf sín af hendi. Hann taldi, að þar væri um misfellur að ræða og ónákvæmni og að honum bæri ekki saman við sjálfan sig. Þessu síðasta til sönnunar tók hann bréf landlæknis tvö, annað, sem hann skrifaði stjórn og þingi, og hitt, sem hann skrifaði heilbr.- og félmn. En hv. þm. skýrði rangt ýmis atriði í bréfum þessum og fékk því út úr þeim tvær mismunandi skoðanir. Ég held, að hann hafi ekki lesið bréfin fullkomlega né önnur skjöl, sem hér að lúta. Þanng skil ég afstöðu hans. (**BBen:** Ég man alveg, hvað í þessum plöggum stendur.) Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. skortir ekki gáfur frekar en landlækni, og þess vegna held ég, að svona standi á þeim ummælum, sem hann hafði um þennan góða embættismann.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ögrað sér með tugthúsvist. Þetta er ofmælt. Væri þetta rétt, hefði forseti tekið fyrir munn mér, utanþingsmannsins, sem hefði leyft sér að viðhafa þess háttar ummæli um alþm.

Í öðru lagi sagði þessi hv. þm., að ég hefði misfarið með virðingu þingsins. Var það ekki svo? Mér er það svo fjarri að misfara með virðingu Alþingis, að ég held, að hv. 6. þm. Reykv. hafi mælt þessi orð í gáleysi. En hann dregur þessa ályktun af þeim orðum mínum, að þm. hefðu þinghelgina sem skjólvegg. Landlæknir getur ekki kvatt hann til ábyrgðar fyrir ummæli, sem viðhöfð eru hér í þinginu. Þannig voru ummæli mín, sem hv. 6. þm. Reykv. dró þessar röngu ályktanir af. En ég var sannarlega ekki að ögra honum.

Annað, sem hv. 6. þm. Reykv. fetti fingur út í, var málfarið á bréfum landlæknis. Ég játa, að hann hefur annað málfar en við lögfræðingarnir. Við gefum ekkert fyrir skrúðmál, en ýmsir aðrir

nota það gjarnan. Hv. þm. finnur að þessu, og skal ég ekki mæla með þessu málfari. — Annað hef ég ekki að segja.

Forseti (StgrA): Þá er umr. lokið, og verður nú gengið til atkvæða.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég vildi sem óreyndur þm. spyrjast fyrir um það, hvort allt frv. sé fallið, ef 1. gr. þess er felld.

Forseti (StgrA): Hv. þm. er kunnugt, að ég er einnig óreyndur þm. Hins vegar skil ég þetta svo, að það fari eftir efni 1. gr., hvort fall hennar þýðir, að allt frv. sé fallið. Ég held, að í þessu tilfelli sé frv. ekki fallið, þótt 1. gr. þess sé felld.

ATKVGR.
Brtt. 146,1 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 146,2 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 93,1 samþ. með 9:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 146,3 samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, GJ.
nei: KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, GÍG, StgrA.
5.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 93,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 93,3 tekin aftur.
Brtt. 146,4—5 teknar aftur.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 185, 186, 187, 191).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, sé ég mér ekki annað fært en koma með brtt. þá, sem prentuð er á þskj. 191, fyrst ekki varð sú niðurstaða hér í hv. d. að hverfa frá fjölgun læknishéraða að sinni. En brtt. á þskj. 191 er þess efnis, að stofnuð verði ný læknishéruð í viðbót með því að skipta læknishéruðum.

Fyrri till. er um, að stofnað verði nýtt hérað, sem nefnist Suðureyrarhérað og í verði Suðureyrarhreppur, og verði þar læknissetur á Suðureyri við Súgandafjörð. — Íbúarnir þarna eiga yfir mjög erfiðan fjallgarð að fara til læknis, ef ekki er hægt að vitja læknis á sjó, en sjóleiðin er oft lokuð vegna óveðra. Ég verð því að telja, að það sé sízt minni, heldur ríkari ástæða til þess að hafa þarna sérstakt læknishérað og sérstakan lækni en á ýmsum öðrum stöðum, sem ástæða hefur þótt til að hafa sérstakan lækni á. Það hafa þrásinnis legið fyrir till. um stofnun læknishéraðs á Suðureyri, en ekki hefur þótt tiltækilegt að sinna þeim. En um það verður öðru máli að gegna, þegar horfið er inn á þá braut, sem hér er gert í meðferð þess máls, er hér liggur fyrir. Það hefur þótt ástæða til þess að hafa þarna á Suðureyri læknisfróða manneskju, þar sem greidd hafa verið laun hjúkrunarkonu, er þarna hefur setið, einmitt með tilliti til þess, hve erfitt er þarna að ná til læknis.

Þá legg ég til á sama þskj., að stofnað verði nýtt hérað, Raufarhafnarhérað, sem skuli ná yfir þær sveitir, er þar greinir, en Öxarfjarðarhérað minnka sem því svarar. — Þetta er eitthvert víðlendasta hérað landsins nú og eitt þeirra fáu héraða, sem engar bifreiðaferðir geta verið um. Mjög er langt að sækja lækni til Þórshafnar, og þar er enginn bílvegur á milli. Að vísu er hægt að komast til Kópaskers á bíl miðpartinn úr sumrinu með geysilega miklum kostnaði. Þessi staður, Raufarhöfn, er eitthvert mesta athafnasvæði landsins á sumrin. Þar er síldarverksmiðja, sem getur brætt 5000 mál á hverjum degi. Er þar mannmargt í landi auk þess mikla fjölda manna, sem er á þeim síldveiðiskipum, er sækja þangað inn á hverju sumri. Ég hygg því, að fáir staðir séu á landinu, þar sem fremur er ástæða til að setja nýjan héraðslækni, og fyrst farið er að gera stórar breyt. á læknaskipun, er óhæfilegt að fella þetta hérað undan.

Ég vil láta þess getið, að samkomulag varð um að leggja til að afgr. þetta mál ekki nú, heldur láta fara fram heildarrannsókn til að byggja læknaskipunina á. En þar sem málið hefur fengið þá afgreiðslu í d., sem orðið hefur, þá tel ég ekki annað fært en gera þær breyt., sem felast í till. mínum, ef frv. á að ná fram að ganga.

Ég mun greiða brtt. hv. þm. Str. á þskj. 187 atkv. Þar mun vera um að ræða eitt þeirra héraða, sem eru allra erfiðust til læknisvitjunar. — Brtt. á þskj. 186 um Eyrarbakkahérað get ég verið meðmæltur. Tel ég sjálfsagt, að sama sé látið gilda þar og á að gilda um Egilsstaðahérað.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er ekki ætlun mín að koma með brtt. um að fjölga læknishéruðum, heldur aðeins að fá leiðrétt viðskipti milli læknishéraða.

Eins og hv. þdm. vita, hefur læknishéruðum nú verið skipað þannig, að nokkuð af umdæmi héraðslæknisins í Stykkishólmi hefur verið tekið og nýtt hérað stofnað. Er það aðeins fjórir hreppar. Aftur er því þannig farið í Dölum, að í því umdæmi eru níu hreppar, og í því eru meira að segja eyjar, sem eru úti á yztu mörkum héraðsins. Er það an ekki nema 15 mín. ferð til Stykkishólms, en 60—70 km til Búðardals, vegur þangað ekki bílfær og þar að auki vatnsföll á leiðinni. Nú hefur það verið svo um langan tíma um tvo hreppa, Skarðshrepp og Klofningshrepp, að þótt þeir heyri ekki undir umdæmi læknisins í Stykkishólmi, þá hafa íbúar þeirra einatt vitjað Stykkishólmslæknisins. Hefur hann af góðvilja komið þangað, enda er sjálfsagt að sækja hann fremur, þar sem þangað er ekki nema 1—2 tíma ferð með mótorbáti, en allt að 7 tíma ferð á hestum til Búðardals. — Því er það, að ég fer fram á, að sú leiðrétting verði á ger, að íbúar þessara tveggja hreppa, Skarðshrepps og Klofningshrepps, eigi jöfnum höndum tilkall til læknis í Stykkishólmi. — Þetta er mikil sanngirniskrafa, og jafnvel þótt nú sé í Stykkishólmi gegn lækni, sem jafnan gegnir kalli

þessara staða utan síns umdæmis, þá er ekki víst, að þar verði alltaf læknir, sem telur sér það skylt. Þess vegna fer ég fram á, ríkissjóði að kostnaðarlausu, að þessi breyt. verði gerð til öryggis fyrir þá, sem lengst eiga læknis að vitja í þessu stóra læknishéraði, sem nær yfir níu hreppa. — Ég leyfi mér því að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um þetta efni.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Dal., sem hann hefur nú lýst. Brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 205) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það er ekki ástæða til að eyða mörgum orðum að brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 187. — Ég hefði verið fylgjandi að láta athuga þessa læknaskipun og gera íhugaðar breyt. á henni, en eftir að þær breyt. hafa verið gerðar, sem nú liggja fyrir og frv. komið til 3. umr., virðist mér óhjákvæmilegt að gera þessa brtt., sem hér liggur fyrir, til samræmis við það, sem orðið er. Er ég ekki í vafa um, að d. telur fullkomið réttlætismál, að þessi brtt. sé samþ.

Ég þarf sennilega ekki að fara inn á að skýra fyrir mönnum, hvernig aðstaðan er á þessum stað. Hv. þm. eru svo gagnkunnugir í íslenzkri landafræði, að þeir þekkja þessa staði og vegalengdir. Að sækja lækni frá Ósakseyri yfir Bitruháls til Hólmavíkur er, eins og hv. þm. geta gert sér ljóst, ekki eins og að fara til næsta bæjar. Vegalengdir eru miklar og fjallvegir, sem yfir er að fara, næsta erfiðir oft og einatt. Aðstaðan hefur þess vegna verið svo í Ósakseyrarhreppi, að mjög oft er næsta erfitt að ná til læknis, og sama er að segja um Bæjarhrepp, einkum norðurhluta hans. Eins og kunnugt er, er hann einn af lengstu sveitum landsins. Þegar vitja þarf læknis þar, verður að fara inn fyrir Hrútafjörð, og þekkja allir, að það er ekki nein smáræðis leið, því að fjörðurinn er ekki stuttur. Og þegar komið er inn fyrir fjörðinn, verður að halda út með honum að austan og alla leið út á Hvammstanga eða þá að brjótast sjóleiðina á báti, og er ekki alltaf auðvelt að koma þar báti á flot í hafnleysu og misjöfnum veðrum. — Því er það, að ég legg til, að stofnað verði nýtt læknishérað með læknissetur á Borðeyri, og þykir þá rétt, að Staðarhreppur sé látinn heyra til þessu nýja læknishéraði. — Ég get fullvissað hv. þm. um, að þótt læknissetur komi á Borðeyri, þá eru vegalengdirnar, sem sækja þarf til þess læknis, svo miklar og erfiðar, að þeir, sem búa í því héraði, eru áreiðanlega, eftir að þeir hafa fengið lækninn, miklu verr settir en þeir, sem búa á suðurhluta Snæfellsness, áður en nýr læknir kemur þangað, og einnig stórum verr settir en Eyrarbakkabúar og Stokkseyrar, þótt þeir þyrftu að sækja lækni upp að Selfossi, svo að þar er ólíku saman að jafna. Það verður að reyna að sýna jöfnuð og réttlæti, þó að vitanlega sé ekki hægt að fá nærri því fullan jöfnuð.

Þessi brtt. sem ég ber hér fram, er ekki borin fram með þeim hætti, að þetta mál, læknissetur á Borðeyri fyrir Bæjarhrepp, Bitru og Staðarhrepp, sé neitt augnabliksmál. Um þetta hefur verið krafa ár eftir ár frá þessum hreppum, en ég hef ekki treyst mér að verða við þeim kröfum og bera þetta mál fram, af því að ég hef álitið, að þessi mál ætti að undirbúa gaumgæfilega með till. frá heilbrigðisstj. Það hefur legið við hvað eftir annað, að heilbrigðisstj. féllist á að bera fram brtt. í þá átt, sem þessi brtt. mín fer, því að hvað eftir annað hefur verið um þetta rætt og legið við, að það væri gert. Ég er þess því fullviss, að ekki þurfi að mæla frekar fyrir þessari till. Þessi breyt. hefur alltaf verið talin eitt af því, sem fyrst lægi fyrir, þegar breyt. yrðu gerðar. Það er álit heilbrigðisstj., en alls ekki krafa, sem aðeins sé fram komin frá þessum hreppum eða mér sem þm., heldur fullkomið réttlætismál að dómi óhlutdrægs aðila, sem um þetta mál fjallar.

Ég vænti, að ég þurfi ekki að taka frekar til máls um þetta atriði, og get því látið máli mínu lokið.

Eiríkur Einarsson: Ég þarf ekki að segja nema örfá orð um smávægilega till., sem ég flyt á þskj. 186. Hún er eingöngu til samræmis við þá breyt., sem nú er orðin á frv., og lýtur að því, að núverandi héraðslæknir í Eyrarbakkahéraði eigi, þegar til kemur, völ á, hvort hann vill heldur þjóna sem héraðslæknir í Eyrarbakka- eða Selfosshéraði. Ég þarf ekki að eyða neinum orðum að því, að það sýnist sjálfsögð kurteisi og sanngirni, að lögfest sé, að hann eigi völ á þessu, þó að ég sé ekki í efa um, að heilbrigðisstj. mundi líta eins á það, þó að það stæði ekki skráð, því að þessi héraðslæknir er alls góðs maklegur og hefur slitið kröftum sínum við að þjóna héraði, sem er einum manni ofviða. En mér finnst þó, að ekki megi minna vera en tekið sé fram, að hann eigi ákveðið kost á að velja þar á milli í samræmi við það, sem tekið er fram um lækninn á Fljótsdalshéraði, þegar Egilsstaðahérað verður stofnað.

Að öðru leyti læt ég ekki málið til mín taka og læt atkv. mitt segja til um hinar nýju brtt., sem fram eru komnar.

Gísli Jónsson: Það er auðséð, að sú stefna er orðin uppi hér að íþyngja dreifbýlinu um læknakost. Skal ég ekki ræða mikið um það, þeir bera ábyrgð á því, sem standa að þeim breyt., er gerðar hafa verið á læknaskipuninni. Er þess þá að vænta að mæta þeim sjálfsögðu kröfum frá þeim, sem íþyngt hefur verið með lagabreyt., og styrkja þá á allan hátt, ekki eingöngu til að koma upp læknisbústöðum, heldur einnig til að reka þá í framtíðinni. Ég skal ekki fara nánar út í það atriði, en ég mun ekki geta fylgt neinni af þessum brtt., en mun bera fram eina brtt. við frv. sjálft.

Í grg. frv. segir, að kosið hafi verið að fjölga íbúum Borgarfjarðarhéraðs með því að láta Loðmundarfjörð heyra þar undir að nafninu til. Ekki er hægt að sjá, að það sé að ósk þessara manna, og vitanlega er verið að þvinga þessa menn til að tilheyra öðru læknishéraði en þeir vilja sjálfir heyra til, enda kemur fram að síðustu, að þeir skuli hafa rétt til að sækja lækni jöfnum höndum til Seyðisfjarðar. Ég athugaði þessar vegalengdir í morgun, og ég tel fullvíst, að þessir menn muni alls ekki sækja lækni til Borgarfjarðar, sé nokkur

möguleiki að fá hann á Seyðisfirði. Hvers vegna á að þvinga þessa menn til að tilheyra Borgarfjarðarhéraði og taka þátt í kostnaði við læknisbústaðinn þar, þegar þeim er á allan hátt miklu betra að tilheyra öðru læknishéraði? Ég skal taka fram, að ég er ekki í neinum kunningsskap við þessa menn. Ég þekki þá ekki neitt, en ég sé, hvernig aðstaðan er. Þetta getur ekki verið komið inn í frv. af öðrum ástæðum en þeim, að það eigi að réttlæta, að Borgarfjarðarhérað er gert sérstakt læknishérað. Hv. 1. þm. N.-M. skýrði svo frá, og voru rök hans um það tekin fullkomlega gild, að Borgarfjörður sé gerður að sérstöku læknishéraði, af því að íbúarnir þar væru svo einangraðir. En þessi sama ástæða á ekki við þá 44 menn, sem búa í Loðmundarfirði, því að með því að þvinga þá til að heyra til Borgarfjarðarhéraði er verið að einangra þá enn meira og gera þeim erfiðara um læknishjálp, auk þess sem með þessu er verið að skipa þeim að standa undir kostnaðinum með Borgfirðingum. Þar eru nú um 300 menn, og vafalaust fjölgar þar fremur en fækkar. Þeir eiga því að geta staðið undir sínum bústað, þó að annar hreppur sé ekki þvingaður til að hjálpa þeim, þótt þeir geti þar einskis góðs notið af sjálfir. Ég vænti því, að brtt. mín verði samþ., og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð., svo hljóðandi: (sjá þskj. 206).

Brtt. er skrifl. og of seint fram komin. Þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Það mætti ef til vill ætla, að þeir, sem voru með að fjölga læknishéruðum við fyrri umr. þessa máls, yrðu einnig með þeim brtt., sem nú eru fram komnar. En hér er ólíku saman að jafna, því að fullvíst má telja, ef enn verða gerðar frekari breyt. á frv., að því sé mjög stefnt í voða. Ef nú á að fara að bæta við mörgum læknishéruðum frá því, sem samþ. var við fyrri umr., þá hlýtur það að tefja málið mjög, og þótt eitthvert samkomulag kynni að takast síðar um fjölgun læknishéraða, þá hlyti það að ríða málinu að fullu að þessu sinni. Auk þess er það eftirtektarvert, að hér er mestmegnis um ný héruð að ræða, sem öðruvísi er ástatt um en þau, sem samþ. voru við 2. umr. Það er eftirtektarvert, að það var beinlínis fellt að stofna læknishérað í Grindavík, sérstaklega vegna þess, að þar væri svo fámennt, aðeins 500 menn. Aftur á móti um þau héruð, sem ég hef upplýsingar um, af þeim, sem ég hef stungið upp á, þá mundi í Hrútafjarðarhéraði ekki verða nema kringum 490 manns, þ. e. a. s. fullum tveim hundruðum færra en í hinu nýja læknishéraði á Snæfellsnesi og ámóta margir og eru í Grindavík. Og er þá einnig mjög deilt um það, hvort takmörk Hrútafjarðarhéraðs væru rétt mörkuð í till., vegna þess að ýmsir mundu telja, að Staðarhreppur mundi verða betur kominn í sambandi við Hvammstanga, eins og verið hefur. Þeir Hrútfirðingar hafa ekki yfir neinn fjallveg að fara til þess að vitja læknis, eins og þeir Snæfellingar margir hafa þurft að þessu.

Um Suðureyri eða Súgandafjörð má aftur á móti segja það, að þar munu vera kringum 440 manns. Þar væri því líka töluvert fámennara hérað en Grindavíkurhérað mundi vera. En vegna aðstæðna þarna vestra gæti verið fullkomin ástæða til þess að setja þar nýtt læknishérað. En þar er þó um 250 manns færra en í þessum suðursveitum Snæfellsness, sem á var minnzt, og færra fólk en í Grindavík, sem menn treystu sér ekki til að samþ., að yrði gerð að sérstöku læknishéraði.

Um Raufarhöfn vil ég geta þess, að þar hafa verið læknar að sumrinu til, og það hefur verið talið nægja. Og nákunnugur maður á þessum slóðum, sem starfar hér við þingið, hefur látið svo um mælt hér í dag, að engin þörf væri talin á þessum slóðum fyrir lækni þar. Þetta er náttúrlega ekki fullgild umsögn um málið. En ég hygg, að ekki sé þörf nema fyrir sumarlækni á þessum stað. Og auk þess munu vera í þessu héraði töluvert færri menn en í Snæfellsneshéraði, sem samþ. var að stofna, án þess að ég hafi þó um það nákvæmar skýrslur. Það sýnast því öll rök hníga að því, að minni ástæða sé til þess að stofna sérstakt læknishérað á Raufarhöfn, — þó að náttúrlega sé einhver ástæða til þess, — en að stofna þau sérstöku nýju læknishéruð, sem samþ. voru brtt. um hér í þessari hv. d. Sýnist nokkuð svipað standa á um þennan stað, Raufarhöfn, og um Grindavík, sem fellt var að gera að sérstöku læknishéraði. Virðist því eðlilegt, að Raufarhöfn verði nú látin sæta sömu meðferð og Grindavík, ekki sízt þegar heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur lagt til að skipa n. til þess að athuga þessi mál, sem gæti starfað í sumar og skilað áliti í haust.

Loks má á það benda, að hv. flm. þessara till. nú töldu ekki svo brýna ástæðu til þess að samþ. á þessum hluta þessa þings að stofna þessi nýju læknishéruð, sem þessar síðustu till. eru um, að þeir bæru þessar till. fram, fyrr en þeir sáu, að sum önnur héruð voru samþ. sem ný læknishéruð. Sýnir það, að þeir álitu ekki beinlínis velferð þessara héraða komna undir því að samþ. skiptingu læknishéraða á þessum stöðum, heldur að það væri sanngirni í samanburði við aðra staði. En þetta má athuga með undirbúningi málsins í sumar og flutningi málsins í haust. Þessar nýju brtt. hafa ekki verið bornar undir heilbr.- og félmn. í heild, og ég get ekki talað fyrir munn þeirrar n. í heild. En mér sýnist, að ekki muni vera fært að samþ. þessar brtt. úr því, sem komið er, sérstaklega vegna þess, að þær voru ekki bornar fram við 2. umr. málsins hér í hv. d., og því var ekki hægt að þreifa fyrir sér um fylgi við þær í hv. Nd.

Páll Hermannsson: Eiginlega hefur hv. þm. Barð. tekið af mér ómakið, því að ég hafði brtt. nákvæmlega sama efnis á prjónunum og þá, sem hann lagði fram. Það er víst rétt athugað hjá honum, að sú ákvörðun að láta Loðmundarfjörð fylgja Borgarfjarðarhreppi, hefur verið tekin án þess að hugsa málið ofan í kjölinn. En þetta hefur verið gert til þess að láta hreppana vera fleiri en einn í læknishéraðinu og íbúa héraðsins fleiri en þessa 44 íbúa Loðmundarfjarðar. Það breytir engu, í

hvaða læknishéraði Loðmundarfjörður er. Loðmfirðingar munu, hvort sem er, sækja lækni til Seyðisfjarðar, hvað sem stendur á pappírnum. Það er mun erfiðara fyrir þá að sækja til Borgarfjarðar. Í góðu veðri er farið á sjó, og er tiltölulega skammt til Seyðisfjarðar. En ef farið er landleiðina, þá er í báðum tilfellum yfir fjöll að fara, en leiðin til Borgarfjarðar erfiðari.

Ég hafði veitt því athygli, að það var varhugavert að gera ráð fyrir að svona lítil sveit ætti að sækja til læknis í annað en sitt hérað. Það gæti hugsazt, að læknir á Seyðisfirði hefði ekki eins vakandi auga á skyldu sinni við þá, eftir að þeir hefðu verið fluttir eða látnir tilheyra öðru læknishéraði. Ég vildi því, að hv. d. vildi fallast á, að heppilegra væri að láta Loðmundarfjörð tilheyra Seyðisfjarðarhéraði hér eftir sem hingað til.

Hv. þm. Barð. hefur lagt fram brtt., sem er efnislega eins og sú, sem ég hafði hugsað mér, að öðru leyti en því, að mín till. er í 2 liðum, þar sem í fyrra liðnum er ákveðið, að Loðmundarfjarðarhreppur skuli ekki teljast til Bakkagerðishéraðs, en í hinum síðari, að hann falli undir Seyðisfjarðarhérað.

Þá leyfi ég mér að leggja till. skriflega fram fyrir hæstv. forseta, ef hann vildi nota úr henni það, sem hann kynni að telja, að þyrfti.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi bæta við fáeinum orðum út af því, sem sagt var hér í gær. — Þessi hv. d. samþ. þá ofurlítinn viðauka á læknishéruðunum, og hafa nú komið fram fleiri till. úr sömu átt. Sumar hygg ég megi bíða betri tíma. Sumar er sanngjarnt að taka til greina nú. Hv. þm. Barð. sagði, að það legði auknar byrðar á sveitirnar að fjölga læknum. Ég held það sé hvergi gert nema eftir ósk þeirra, sem hlut eiga að máli, og fá færri en vilja. Þó að ég telji vafaatriði, hvað læknishéruð mega vera mannmörg eða stór, þá er því ekki að neita, að þróunin í síðari tíð er öll í þá áttina að fjölga læknum á Akureyri og í Reykjavík, og verður vart sagt, að öðrum sé of vel séð fyrir læknum. Með fjölgun læknishéraða verður þjóðfélagið að viðurkenna skyldu sína til að sjá íbúum þeirra fyrir læknishjálp. Hér í Reykjavík eru 70—80 læknar einungis af þeirri ástæðu, að þeir vilja vera hér. Því verður ekki neitað, að hinn hluti fólksins þarf tiltölulega fleiri lækna eftir mannfjölda.

En það er ekki nóg að búa til læknishéruð. Það þarf líka að búa til lækna, og það hefur Alþ. ekki gert. Og það er það, sem stendur upp á Alþ.: að búa til lækna, — og með því á ég við að tryggja, að læknum sé fjölgað á eðlilegan hátt. Afstaða mín til þessara mála, til þessara brtt., mótast af því, að ég tel, að vekja þurfi heilbr.- og félmn. til meðvitundar um, að það verður að taka betur á málunum.

Af hálfu landlæknis hefur furðulítið verið aðhafzt. Hann leyfir sér að spauga með þessi mál og leggur til, að þingið innlimi einn fjörðinn í hérað, sem kemur ekki til mála að bæta honum við, og viðurkennir svo, að hann geri það ekki í alvöru.

Ef of mikið er hér af því góða, þá er það af því, að forystuna vantar. Ég er ekki að áfella ráðh., en landlæknir hefur ekki notað sína góðu greind til þess að koma heilbrigðismálunum í heppilegt form. Hér eru of mikil læknisefni. Hér eru of margir læknar, auk þess sem íslenzkir læknar eru tugum saman erlendis, og fyrir vanmátt landlæknis er ekkert gert til að nytja þekkingu þeirra, heldur leyft að dragnast niður. Hér er alltaf fjölgað læknum til að lifa á sjúkrasamlaginu. Við getum verið róleg, þótt þeim fjölgi. Allir læknar, sem hér bætast við, koma á bæinn í gegnum sjúkrasamlagið. Við þurfum ekkert að vera feimnir við það, þó að við viljum, að aðrir fái lækna. Það þarf allt annað að koma frá heilbrigðisn. en að búa til læknishéruð. Hún á að beita sér fyrir því, sem er skylda hennar, að setja l. um, hvað lengi læknisefni eigi að vera í háskólanum. Það er sú deildin, sem hefur lengst námið, e. t. v. í von um að fækka læknisefnum.

Mér er kunnugt um einn lækni, Ingólf Gíslason. Þegar hann var í læknaskólanum, þá var námið aðeins þrjú ár. En fyrir 40 árum, þegar hann var í Þingeyjarsýslu, var það einn vetur, að bóndi í Bárðardal fékk mein í fótinn. Ingólfur ók 40 km og tók af honum fótinn, allan sundurgrafinn. Og svo var snjórinn mikill, að tíu hestar voru látnir ganga lausir á undan sleðanum til að ryðja veginn. Þessi læknir var einhvers virði, og hafði hann þó ekki nema hálfa skólagöngu á við það, sem nú er krafizt. Nú er þessi sami maður sá eini, sem hleypur í skörðin, ef lækna vantar einhvers staðar. Það þarf svona lækna, sem hafa ekki bara lærdóm, heldur karlmannsþrek og myndarskap. — En það að hafa læknisnámstímann sem lengstan til þess að vita, hvort einhverjir heltist ekki úr lestinni, það er ekki til þess að bæta ástandið frá því, sem nú er.

Afstaða mín til þessa frv. er mótmæli gegn svefni landlæknis, sem hann hefur verið staðinn að fyrr og heilbr.- og félmn. tók þátt í hér í vetur.

Forseti (StgrA): Það liggur fyrir skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. við 2. gr. frv., og þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma til umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 207) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég býst við, að hv. þm. séu sammála um, að það, sem sé langmest aðkallandi í þessu máli, sé 2. gr. frv., um skipun læknismálanna, og þá sérstaklega myndun Egilsstaðahéraðs. Ég býst einnig við, að allir hv. þm. séu sammála um, að nauðsyn beri til, að þetta frv. nái fram að ganga, einkum vegna þessarar gr. Fyrir mér er þetta höfuðatriði þessa frv. Ég geri einnig ráð fyrir, að þetta sé breyt til bóta, og fylgi því þess vegna.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að 3. gr. frv., sem fjallar um að gera Eyrarbakka og Stokkseyri að sérstöku læknishéraði. Fyrir því lágu svo sterk rök, að erfitt var að mæla þar á móti, enda án fordæmis, að læknir væri fluttur frá svo fjölmennum kaupstað sem Eyrarbakka og Stokkseyri. Þar sem nú á annað borð liggur fyrir till. um, að læknisbústaður verði fluttur til Selfoss, verður ekki komizt hjá að taka afstöðu til þessa máls.

Annað, sem er bein afleiðing af þessari till.,

er till. um, að sérstakt læknishérað verði myndað á Snæfellsnesi. — Það hefur ekki heldur verið neinn ágreiningur um, að nauðsyn sé að sjá þessu fólki fyrir læknishjálp. Þetta mál hefur verið lengi á döfinni, og hafa verið uppi rökstuddar kröfur frá íbúum þessara hreppa. Af þeim ástæðum teldi ég líka sjálfsagt, að nú væri þessi breyt. gerð. Hins vegar dettur mér ekki í hug, að nóg sé að gert. Þetta eru ekki nema smávægilegar breyt., í stað þess, að þörf er á gagngerðri endurskoðun á skipun heilbrigðismálanna. En þær marka stefnu, og þess vegna eru þær merkilegar. Þær marka stefnu af þinginu fram yfir það, sem er hjá heilbrigðisstjórn. Hún er andstæða þess, sem ég vildi kalla úrræðaleysis- og uppgjafarstefnu landlæknis.

Ég ætla ekki að fara út í það nánar að þessu sinni, því að ég vil ekki tefja málið. En hér er aðeins hafið verk, sem á að vinna. Það verk þarf mikinn undirbúning og allt annan en kostur er á, að gerður verði á þessu þingi. Því hefur heilbr.- og félmn. borið fram þál. í Sþ., þess efnis, að skipuð sé n. manna til að gera till. um, hvernig hægt sé að tryggja dreifbýlinu viðunandi læknishjálp, og væri æskilegt, að því starfi yrði lokið fyrir haustið. Hygg ég, ef því er lokið svo snemma, að ekki þurfi að sinni að samþ. margar fleiri brtt. En nú liggja hér fyrir nýjar brtt. í sömu átt frá hv. þm. Str. og hv. 3. landsk.

Hvað viðkemur till. hv. þm. Str., þá má jafna aðstöðunni þar við þá, sem íbúar á utanverðu Snæfellsnesi eiga við að búa. Rökin eru rétt. Málið er vel undirbúið í héraði. Ég treysti mér ekki til annars en greiða atkv. með henni.

Um till. hv. 3. landsk. gildir annað. Það þarf að vísu að bæta úr læknisleysi á þeim stöðum, sem þar greinir, en mér er ekki kunnugt um, hvaða undirbúning málið hefur fengið í héruðum, og brestur nægilega þekkingu til að geta greitt atkv. um þessa brtt.

Ég hef heyrt, að líkur séu til, að þessi þál. nái samþykki og að því verki, sem hún fer fram á, verði lokið fyrir næstkomandi haustþing. Það verk á að vinna undir yfirumsjón beztu manna og í samráði við fólk í héruðum landsins. Að þessu athuguðu held ég, að ekki sé ástæða til að óttast, að málið bíði tjón við þessa meðferð. Þvert á móti ætti það að fá vandaðri undirbúning.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Hv. síðasti ræðumaður lét falla orð í þá átt, að hann teldi sjálfsagt að halda sér við till. þessa um breyt. á læknishéruðunum. Veit ég ekki betur en það sé sama meining, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. og hans alkunna samherja hv. þm. S.-Þ. Mér skildist á hv. 5. þm. Reykv., að hann væri að berjast fyrir fólkið í landinu móti hrokafullum embættismanni, sem sé landlækni. Þetta notar hann til að punta upp á, en ég veit, að hann meinar ekkert með því.

Þessi till. gerir enga breyt. á læknaskipuninni í landinu. (**BrB:** Kannske ekki, á meðan við höfum þessa heilbrigðisstjórn.) Ég hygg, að hv. þm. mundi ekki skipa n. í málinu og ekki bera gæfu til að breyta ástandinu til batnaðar, þótt hann hefði aðstöðu til þess. Ég hygg, að um tvennt sé að ræða: að ákveða fjölda læknanna þannig, að þeir geti fullnægt aðkallandi þörf, og búa þannig að þeim, að þeir geti stundað starf sitt og öðlast vaxandi tækni.

Hv. þm. telur þessa till. ekki nægilega undirbúna og því sé rétt, að hún bíði til hausts. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að það gæti valdið miklum skaða, þótt hún biði til haustsins, en þó eru meiri líkur til þess en hins gagnstæða.

Að því er snertir Raufarhöfn, þá hefur sá staður sérstöðu í þessu sambandi. Þaðan er langt að vitja læknis. Þar er enginn bíll og svo til vegarsambandslaust. Á þessum stað safnast saman yfir þúsund manns á sumrin, bæði fólk, sem starfar á skipum, er þar leggja upp, og landmenn. Ég held því, að till. þessi til lagfæringar á þessum stað sé ekki ófyrirsynju fram komin, og vona ég, að hún fái góðar undirtektir, ekki síst þar sem fram hafa komið kröfur úr héraði um sama efni, bæði frá Suðureyri, sem býr við mjög erfið samgönguskilyrði, og Raufarhöfn.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Út af till. hv. þm. Barð. um Loðmundarfjörð og undirtektum hv. 1. þm. N.-M. vil ég leyfa mér að álíta, að tekin sé rétt stefna, ekki síst af því, að hv. 1. þm. N.-M. er fylgjandi henni, en hann hlýtur að vera allra manna kunnugastur afstöðu þar allri.

Mér skildist á ræðu hv. 5. þm. Reykv., að landlæknir hefði ekki nógu gott innræti. Um það hygg ég, að vandi sé að deila, og mun ég ekki fara út í það, en eigi veit ég, hvað getur bent til þess, að hv. þm. hafi á réttu að standa.

Út af orðum hv. þm. S.-Þ. vil ég taka fram, að ég álít ekki rétt, að landlækni sé gefið að sök, hve illa gengur að fá lækna út á land. Ég held, að það sé forstaða háskólans, sem fyrst og fremst verður að taka í taumana. Hv. þm. taldi landlækni eiga sök á því, að svo margir kandídatar eru erlendis. Hann ásakar landlækni um svefn í starfinu. Slíkt er ekki réttmæt ásökun. Það er stríðsfyrirbæri, að læknar hafa ekki fengizt í nokkur héruð úti á landi, auk þess sem þeir hafa ekki viljað yfirgefa þann glaða eld, sem Reykjavík og nágrenni hefur að bjóða. Ef það er sök landlæknis, að læknishéruðin eru óskipuð, ætti það t. d. að vera sök biskups, að svo mörg brauð eru laus sem raun ber vitni, og Búnaðarfélags Íslands, hversu margir bændur kjósa annað fremur en sitja jarðirnar úti um sveitir landsins. — Þetta er stríðsfyrirbæri, eins og ég tók fram áður, og þegar heilbrigðari tímar koma, veit ég, að þetta jafnast að nokkru leyti. Ég vona, að Alþ. beri gæfu til að bæta úr þessu vandræðaástandi á hagfelldan og farsælan hátt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég ætla ekki að vekja deilur við hv. 3. landsk., því að eins og ég tók fram, álít ég fulla þörf á læknum bæði á Suðureyri og Raufarhöfn. Mér hefur aldrei dottið í hug að vefengja, að kröfur um þetta efni hafi komið frá héruðum þessum. Slíkt hefur mér aldrei til hugar komið.

En það, sem ég álít aðalatriði í málinu, er að stofna því ekki í hættu. En það má búast við, að þm. komi fram með fleiri till. í Nd., og svo getur farið, þar sem komið er að því, að þinginu verði frestað, að málið nái ekki fram að ganga. En það tel ég það versta, sem fyrir gæti komið.

Því fleiri læknisbústöðum sem völ er á, því

hægara er að fá lækna út í útkjálkahéruðin, vegna þess að þeir hafa þá meiri von um að losna þaðan. Ef ekkert af þessum úrræðum dugir, að gefa læknunum fleiri kosti en nú og að þeir fái betri kjör, þá fyrst geta komið til greina úrræði eins og t. d. að koma á nokkurs konar þegnskylduvinnu fyrir unga lækna í útkjálkahéruðunum. Þá fyrst er hægt að tala um það, þegar búið er að skapa þessum mönnum sæmileg kjör, og það er það, sem þarf að gera, en ekki hefur verið gert.

Hæstv. forsrh. talaði um, að læknaskorturinn væri stríðsfyrirbrigði. Ég skil þetta nú ekki vel, og ég er hræddur um, að læknaskorturinn haldi áfram, ef haldið verður áfram á sömu braut í þessum málum og verið hefur, þó að stríðinu ljúki.

Ég vildi svo óska þess, að málið fengi þá afgreiðslu í þessari hv. d. — og svo skjóta afgreiðslu, að frv. nái fram að ganga, því að það er fyrst og fremst höfuðnauðsyn.

Forseti (StgrA): Ég vildi mælast til þess við hv. þm., að þeir vildu stytta sem mest umr. um málið, því að tíminn til afgreiðslu þess er að verða naumur. Og þó að umr. sé ekki orðin svo löng, að hægt sé að stytta hana samkv. þingsköpum, vil ég mælast til þess, að menn haldi sem styztar ræður.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki vera margorður.

Mér kom það einkennilega fyrir, þegar hæstv. forsrh. fór að mótmæla því, sem ég hafði sagt hér um landlækni, og fann það út úr ummælum mínum, að ég áliti, að landlæknir hefði slæmt innræti. (**Forsrh:** Það var út af orðinu „þvingun", sem hv. þm. notaði.) Þetta voru ekki mín ummæli. Hins vegar er ég þakklátur hæstv. forsrh. fyrir það, þegar hann einn tók svari fjarverandi embættismanns, sem ráðizt hafði verið á. Ég hef sjálfur orðið fjórum sinnum á þingtímanum að taka svari embættismanna ríkisins, sem ráðizt hefur verið á, þar sem viðkomandi ráðh. hafa ekki gert það. — Þegar ég talaði um þvingun, átti ég við, að Alþingi þvingaði menn til að hafa læknissetur annars staðar en þeir óskuðu, og kom það ekkert við innræti landlæknis. — Af grg. landlæknis er sjáanlegt, að það hefur vakað fyrir honum að reyna að taka þetta litla hérað og flytja það til. En hann sér, hvað það er óeðlilegt, og þess vegna vill hann bæta úr því með því að láta það njóta réttar til þess að sækja lækni til Seyðisfjarðar.

Hitt þótti mér enn einkennilegra, þegar hæstv. forsrh. lýsti yfir, að hann tæki þessi rök fyrst gild, þegar þau kæmu frá hv. 1. þm. N.-M. Ég hélt, að það væri hægt að taka rök gild, hvaðan sem þau kæmu, og það alveg eins, þótt þau væru borin fram af þm. Barð. (**Forsrh.:** Hv. 1. þm. N.-M. hefur staðarþekkingu.)

Út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. vil ég benda á, að vitanlega er afstaða hans til þessa máls byggð á hreinum misskilningi. Það er alveg rétt, sem landlæknir heldur fram, að ástandið í þessum málum er ekki því að kenna, að illa sé gert við læknana úti á landi. Það er því að kenna, að þeir hafa ekki það verksvið, sem þeir þurfa að hafa. Þeir vilja ekki binda sig úti á landi til þess að glata allri þekkingu sinni, sem þeir hafa verið í 10—15 ár að afla sér. Það er rangt hjá hv. 5. þm. Reykv., að kjör læknanna séu slæm, þau eru mjög sæmileg og miklu betri en hjá öðrum embættismönnum, t. d. sýslumönnum. Og ástæðan fyrir því, að ekki fást læknar í þessi héruð, er sú, að þeir hafa ekki nægilegt verksvið.

Það er ekki heldur rétt, að landlæknir hafi ekki bent á úrræði í þessum málum. Hann hefur bent á þá leið, sem ég tel rétta, að skipta ekki héruðunum í sundur, heldur að láta aðstoðarlækna þangað, sem þess er þörf, til þess að alltaf sé til læknir á staðnum og sumpart til þess, að hægt sé að gera meiri og betri aðgerðir, þegar læknarnir eru tveir heldur en einn. Ég er undrandi yfir því, að hv. 5. þm. Reykv. skuli halda því fram, að landlæknir sé hér ekki að koma með úrbætur, því að það er auðvitað alveg röng skoðun á málinu.

Ég skal svo að síðustu taka það fram, að með því að till. hv. 1. þm. N.-M. fer í sömu átt og mín till., þó að mín gangi heldur lengra, þá skal ég draga hana til baka, því að með till. hv. 1. þm. N.-M. fæst sú úrbót á frv. fyrir þá, sem búa í Loðmundarfirði.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki mæla mörg orð um þetta frv. og allra sízt ræða um innræti landlæknis, sem mér skilst, að hæstv. forsrh. hafi gert að umræðuefni dag eftir dag algerlega að ástæðulausu. En það má í rauninni ekki láta því ómótmælt, sem hv. þm. Barð. sagði áðan, að það væri skylda ríkisstj. að verja alltaf embættismenn, ef að þeim væri fundið og störfum þeirra á Alþ., og það væri með öllu ótækt, að að gerðum embættismanna væri fundið á Alþ. Það er ein af höfuðskyldum Alþ., að höfð sé í frammi réttlát gagnrýni á embættismenn ríkisins, hvort sem það er landlæknir eða einhverjir aðrir, sem í hvert sinn hafa til þess unnið. Að leggja þá skyldu á ríkisstj., að hún í hvert sinn eigi að verja hvaða embættishneykslí, sem átt hefur sér stað, er algerlega fráleitt, og jafnvel þó að ekki sé um embættishneykslí að ræða. Það er mjög miður farið, ef ríkisstj. ætlaði að taka upp þann sið, sem hæstv. forsrh. hefur gert í þessu máli, að telja það vera árás á innræti og æru þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, þó að fundið sé að gerðum þeirra á hófsamlegan og rökstuddan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 205 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 191 (4 og 5) felld með 10:4 atkv.
— 191 (6) felld með 10:3 atkv.
— 187,1 samþ. með 9:7 atkv.
— 207 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 206 tekin aftur.
— 187,2 samþ. með 10:1 atkv.
— 186 samþ. með 13:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HermJ, IngP, JJ, KA, LJóh, MJ, PHerm, BBen, BrB, StgrA.

nei: GJ, ÞÞ, BSt.

HG, PM greiddu ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 208).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Það kom fyrir í Ed., að bætt var læknishéraði í frv., en þau héruð felld niður, sem nær stæðu að dómi heilbrigðisstjórnar og kunnugra manna og hafa brýna þörf fyrir úrlausn eins fljótt og mögulegt er, en það eru Suðureyrarhérað með læknissetri á Suðureyri og Raufarhafnarhérað með læknissetri á Raufarhöfn.

Á Suðureyri er þorp með 400 manns. Þar háttar svo til, að heiði milli Súgandafjarðar og Flateyrar, þar sem læknissetrið er, má kallast ófær á vetrum. Það má vera, að ungir menn og íþróttamenn geti komizt þar yfir, en ekki læknir kominn á roskinsár eða þótt miðaldra sé. Þá er sjóleið, fremur stutt, en þarf að fara út á rúmsjó, svo að mjög oft er engin leið fær milli þorpanna í vetrarveðrum. Heilbrigðisstjórnin hefur ekki treyst sér til að fara fram á lækni á Suðureyri, fyrr en heildarathugun yrði gerð á læknaskipuninni. Og því bjóst ég við, að það biði enn. Nú eftir breyt., sem hv. Ed gerði, virðist mér rétt að halda fram rétti staða, sem eiga hann meiri en hið nýja hérað frv.

Sama er að segja um Raufarhöfn, sem er þó enn lengra frá læknissetri, hefur mjög mikinn atvinnurekstur á sumrin og nauðsyn, að þá sé þar læknir. Við hv. þm. V.-Húnv. leyfum okkur því að bera fram við 1. gr. skrifl. brtt. í 2 liðum um ný læknishéruð, í fyrri lið um hérað með lækni á Suðureyri, í hinum síðari um hérað með lækni á Raufarhöfn.

Ég vænti þess, að þessi héruð mæti þeirri sanngirni í d., að þau verði ekki látin sitja á hakanum fyrir stöðum, sem ekki verður talið, að eigi jafnmikinn rétt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Frá því að þetta frv. fór héðan, hafa orðið á því allmiklar breyt. í efri deild. Eins og öllum er kunnugt, þá hefur þetta verið allmikið hitamál hér á þingi, en eins og það er nú komið, er það öllum viðkomandi til vansæmdar. Ég sé, að lagt hefur verið til að skipa n. til að ráða fram úr þessu, og er það vel. Ég er ekki ánægður með frv. í þessari mynd. Við vitum um erfiðleika fólks úti á landi á því að ná í lækna, og á því verður ekki ráðin bót með því að skipta héruðunum, því að auðveldlega getur farið svo, að læknar fáist ekki.

Nú vildi ég leggja til, að þetta frv. yrði ekki afgreitt, fyrr en það hefur verið athugað af n. Þess vegna vil ég leyfa mér að koma fram með rökstudda dagskrá, en áður vil ég taka það fram um læknissetrið á Fljótsdalshéraði, að ákvörðun um það atriði þolir enga bið.

Hin rökstudda dagskrá hljóðar svo:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti þegar á þessu ári hefja framkvæmdir að stofnun Egilsstaðalæknishéraðs á Austurlandi, og þar sem auðsætt er, að frekari breytingar á læknaskipun landsins krefjast nánari undirbúnings, svo sem frv. þetta ber með sér með þeim brtt., sem fyrir liggja, — enda fram komin þingsályktunartillaga um nefndarskipun í þessu skyni, — þá sér deildin sér ekki fært að samþykkja frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Eins og hv. þm. Rang. tók fram, þá hefur þetta mál tekið allverulegum breyt., frá því að það var síðast í þessari hv. d. Nú er gert ráð fyrir, að þessi l. öðlist gildi 1. jan. næsta ár, en eitt atriði í þeim þolir enga bið, en það er læknisbústaður og sjúkraskýli á Fljótsdalshéraði. Ég lít svo á, að full ástæða væri til, að frv., eins og það er nú orðið, væri athugað af heilbr.- og félmn. En eins og nú horfir, vinnst ekki tími til að afgr. þetta. — Ef þessi rökstudda dagskrá verður samþ., þá tel ég mér skylt fyrir hönd ríkisstj. að sjá um lausn þessa máls.

Nú er í ráði að skipa n. til að fara með þessi mál. Virðist því ekki eðlilegt að afgr. þetta nú, áður en þeirri n. hefur gefizt tækifæri til að athuga það.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég sé hér fram komna till. um rökstudda dagskrá, þar sem málinu skal slegið á frest og jafnframt skorað á ríkisstj. að gefa út brbl. um stofnun læknishéraðs á Fljótsdalshéraði. — Ég er ekki ánægður með slíka afgreiðslu máls, sem legið hefur fyrir þinginu svo lengi. Ég er ekki á móti læknissetri á Fljótsdalshéraði, um það atriði virðast allir sammála, en hvað er það þá, sem hv. flm. þessarar rökstuddu dagskrár óttast? Ég tel, að málinu sé ekki stefnt í neinn voða, þótt samþ. verði önnur atriði frv., og hygg ég, að Alþ. þurfi ekki að bera kinnroða fyrir ákvarðanir þar um.

Eins og ég hef áður bent á, þá hníga öll rök að því að stofna þau héruð, sem hér er lagt til, bæði með tilliti til fólksfjölda og erfiðleika á því að ná í lækni. Ég get ekki skilið, hvernig landlæknir og þm. Rang. geta komizt þannig að orði, að hér sé verið að stofna heilbrigðismálunum í voða.

Forsrh. sagði, að ekki lægi á að flýta þessu máli svo mjög, en verði því vísað til n., þá tel ég líklegt, að afgreiðsla þess bíði næsta árs. Af þessum ástæðum tel ég, að samþykkt þessarar rökstuddu dagskrár yrði til þess að vinna málinu verulegt ógagn.

Ég ræði ekki þær brtt., sem hér hafa komið fram. Báðar eiga þær vafalaust nokkurn rétt á sér, en fyrir þeim eru ekki eins gildar ástæður og öðrum atriðum þessa máls.

Ég tel, að skilningur hv. þm. Rang. á þessu máli sé rangur. Aðalatriðin eru tvö: Fyrst er það, að menn geti náð til læknis, þegar hann er fáanlegur í héraðinu, hitt, á hvern hátt á að fá lækna til að fara út á land. — Ég hef komið fram með till. um þessi atriði, en þessu tvennu má ekki rugla saman.

Að lokum virðist mér, að þm. Rang. væri nær að beina geiri sínum í aðra átt en til að hindra það, að fólk, sem erfiðast á um læknissókn, fái lækni. Honum væri nær að vinna að því innan sinnar eigin stéttar, að læknar fengjust út á land.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla mér ekki að blanda mér mikið í kappræður um þetta mál. En mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar þm. Snæf. ræðst gegn þm. Rang. og bregður honum um lítil afköst í þessu máli, þar sem það er vitað, að þm. Rang. hefur nú um fjöldamörg ár gegnt læknisstörfum með ágætum í einu hinna erfiðustu héraða. Það er út í bláinn, er hann talar um, að hv. 1. þm. Rang. ætti að standa í karpi hér á Alþ. og beita sér fyrir, að læknishéruðum verði fjölgað í Rangárvallasýslu. Hv. þm. Snæf. veit lítið um, hvað hann hefur gert innan samtakanna, en við, sem til þekkjum, vitum, að hann hefur einmitt unnið í þá átt. — Annars var það ekki meining mín að blanda mér í málið á þennan hátt, gat þó ekki stillt mig um það, því að mér fannst endirinn á ræðu hv. þm. Snæf. gefa tilefni til þess.

Nú vil ég biðja hv. þm., áður en gengið verður til atkv., að rifja upp fyrir sér, hvers vegna þetta frv. er komið fram og hvers vegna það er tekið þannig fyrir á Alþ., að því skuli verða lokið, áður en Alþ. verður frestað. Það er af einni ástæðu. Þannig er ástatt austur á Fljótsdalshéraði, að læknisbústaðurinn á Brekku í Fljótsdal brann í haust, og allir vita, að ekkert vit er í að byggja hann aftur upp á sama stað eða viðhalda læknaskipuninni óbreyttri. Og það þolir enga bið, að aftur verði reistur læknisbústaður, þar sem læknirinn er heimilislaus og hlýtur því að leita burt, ef ekki verður reistur læknisbústaður í sumar. Þetta er ástæðan. Engum okkar hefði dottið í hug, að Alþ., sem aðeins var ætlað að leysa stjórnarskipunarl. landsins, færi að fást við breyt. á l. um skipun læknishéraða. Þetta er eina ástæðan til þess, að málinu var hreyft. Nú skeður það, að ekki er hægt að ná samkomulagi um bráðabirgðalausn eða þá bráðabirgðabreyt., sem telja verður eðlilegt að gera á læknal. Hér er nú það fram að færa, að það orkar tvímælis, hvaða breyt. skuli gera, þegar taka á læknaskipunina í heild til endurskoðunar. Nú er komin fram till. í frv.formi um stofnun þriggja nýrra læknishéraða, og vil ég ekki leggja neinn dóm á það, hvort það er eðlilegt eða ekki út af fyrir sig að stofna þessi læknishéruð, en vil benda á, að ágreiningur er um það á Alþ., hvort stofna skuli héruðin eða ekki. Og ég vil sérstaklega benda á annað, sem ætti að vera öllum hv. þm. fullljóst, að víða stendur þannig á, að engu síður er ástæða til að breyta læknisskipun þar en stofna þrjú ný læknishéruð á Snæfellsnesi og Borðeyri. Ef stofna á þessi nýju læknishéruð, þá verður að vera samræmi í hlutunum og breyta víðar og enn víðar en komið hafa fram brtt. um á Alþ. Og ef mönnum þykir of mikið að fullyrða þetta, ættu þeir þó að geta sætzt á, að það sé álitamál. Ég bið menn að hugsa sig um, hvort þeir eru reiðubúnir að fella dóm um þetta nú á þessari kvöldstund, að rétt sé að gera þessa breyt. einmitt á þeim héruðum, sem hér er um að ræða, en ekki öðrum. Það er viðurhlutamikið að kveða upp úr um þetta. Ég vil þó ekki halda því fram, að stofnun þessara læknishéraða komi ekki til mála, en eins og málið er nú til komið, er það aðeins af því, að læknisbústaðurinn á Brekku brann. Annars hefðu allir verið sammála um, að læknamálið biði til haustsins. En það er álitamál, ef Alþ. fer að undirbúa stofnun læknishéraða þar, sem nauðsyn er, hvort þá sé rétt að skilja eftir staði, þar sem engu síður er nauðsyn á breyt. Því vil ég biðja menn að athuga, hvað Alþ. er komið langt frá því, sem upphaflega var til ætlazt, þar sem búið er að setja inn í frv., að l. öðlist ekki gildi fyrr en 1945, en einmitt áríðandi nú, að hægt hefði verið að reisa læknisbústað á Héraði þegar í sumar. Þetta sýnir, að Alþ. hefur ekki tekizt að afgreiða þetta mál, svo að sómasamlegt sé, eins og nú horfir við. Það er lagt fram frv. og óskað eftir, að því sé hraðað, svo að hægt sé að byggja þennan læknisbústað. Alþ. tekur frv., setur inn í það breyt. nokkuð af handahófi, svo að ekki sé meira sagt, og ákvæði um, að það öðlist ekki gildi fyrr en 1945. (**STh:** Þetta er misskilningur. Ef hv. þm. athugar frv., sér hann, að gildistakan er óbreytt.) Þá meinar hæstv. ríkisstj. að stofna til byggingar upp á væntanlega gildistöku l. Ég hefði gert ráð fyrir, að l. ættu að öðlast gildi strax, svo að framkvæmdir gætu hafizt í sumar. Hv. þm. ætti að vera ljóst, að frv. er ekki aðkallandi nema af þessari ástæðu, ekki vegna þess, að menn teldu svo ómögulegt að bíða til hausts með stofnun þessara læknishéraða, heldur af því, hvernig ástatt er á Fljótsdalshéraði. Ég held því, að varhugavert sé að gera þessa breyt. á læknaskipuninni nú og rétt að fresta því til haustsins og láta n. athuga málið í samráði við heilbrigðisstj. Þess vegna tel ég eðlilegt að taka út úr frv. allt annað en það, sem fjallar um Fljótsdalshérað og komið er fram sökum þessa neyðarástands þar. En nú er vonlaust, að samkomulag fáist um þetta, og mun ég því greiða atkv. með hinni rökst. dagskrá.

Hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að hafizt mundi verða handa um að koma byggingunni í framkvæmd á næsta sumri. Vil ég þakka hæstv. forsrh., sem hefur málið með höndum, hvernig hann hefur tekið undir þetta læknamál, sem við þm. S.-M. höfum sérstakan áhuga á, og að hann hefur lagt sig fram um að koma málinu þannig í höfn, að komið gæti að fullu gagni.

Hv. þm. Snæf. benti á, að ef til vill bæri að skoða dagskrána þannig, að verið væri að skora á forsrh. að gefa út brbl. Ég veit ekki, hvort líta ber þannig á hana. En ég vil segja vegna ástandsins, sem ríkir þar eystra, að ég hef orðið var við, að hv. þm. eru einhuga um, að hefja verði þessar framkvæmdir á næsta sumri, þannig að ég hygg, að hæstv. ríkisstj. sé óhætt að hafa frjálsar hendur um að leysa þessi vandræði, hvort sem henni þykir hlýða að gera um það brbl. eða hefjast handa, án þess að lagaheimild liggi fyrir, því að einhvern tíma hefur verið gengið lengra en þó að leyst væri úr þeirri neyð, sem þarna er fyrir hendi. Ég vildi benda mönnum á þetta án þess að taka þátt í beim deilum, sem hér hafa átt sér stað, og mun því greiða atkv. með þeim forsendum, sem ég hef rakið.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Það skal ekki verða langt mál, en það er eitt atriði, sem ég vil gjarnan fá útskýringu á, og vonast ég til að geta fengið hana hjá hæstv. forsrh. eða hv. þm. Snæf.

Í frv., eins og það var lagt fyrir Alþ., er gert ráð fyrir, að Loðmundarfjarðarhreppur hafi rétt til að leita lækna í tvö héruð. Þetta mun ekki áður

í l. hér á landi. Ég lét þetta gott vera, að hreppurinn ætti þannig tvöfaldan rétt og ekki kæmi til, að hann þyrfti að leggja neinar skyldur á móti. Ég vissi, að í héraðinu var bæði sjúkraskýli og læknisbústaður, og vissi ekki til, að ráðast ætti í neinar framkvæmdir. En við nánari athugun sá ég, að gera þurfti við húsið í Borgarfirði, og þá kom til álita, hvern þátt hreppurinn ætti að taka í kostnaðinum við það, þar sem hann hefur jafnframt rétt til læknisvitjunar til Seyðisfjarðar. Það er nú verið að fara eins með tvo hreppa í Dalasýslu, sem eiga hvor um sig að hafa rétt til tveggja læknishéraða. Hvernig eiga þeir að fullnægja hliðstæðum skyldum, t. d. þegar til þess kemur að reisa læknisbústað? Eiga þeir að fullnægja þeim að öllu leyti í báðum héruðunum eða aðeins til hálfs í hvoru? Ég vildi ekki láta vera vafa um þetta, að því er Seyðisfjörð snerti, og þess vegna komum við hv. 1. þm. N.-M. okkur saman um, að hann skyldi flytja um þetta brtt., og kemur það því ekki til greina þar, ef hún nær samþ. — Þetta er eitt af því, sem eftir er að taka afstöðu til og full þörf er á að athuga, ef gefa á hreppum rétt til tveggja læknishéraða, að þeir viti þá, hvaða skyldur fylgi þeim rétti.

Ég tel, að eins og þetta frv. er orðað, sé verið að sjóða saman tvær ólíkar stefnur: annars vegar að gera læknishéruðin svo stór, að þau geti staðið undir læknisbústöðum og spítölum, hins vegar að gera þau svo lítil, að aðstaðan sé þannig, að læknar geti lítið aðhafzt, þó að þeir fáist, og enginn aðgangur að sjúkrahúsum. Ég tel þannig búið um þetta, að ekki sé frambærilegt að samþ. það. Samkv. þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf, að hann ynni að því að koma upp læknisbústað á Fljótsdalshéraði, mun ég fylgja þeirri rökst. dagskrá, sem fram kom, en ég vænti þess, að það verði eitt af því, sem hv. n. athugar, hvernig eigi að deila skyldunum.

Helgi Jónasson: Ég mun ekki verða langorður, en mér þykir hart að fá ákúrur frá hv. þm. Snæf. fyrir það, að ég sé á móti fólkinu í dreifbýlinu. Ég vil segja honum, að ég er nú bráðum 50 ára og hef alltaf verið í dreifbýlinu og býst við, að ég þekki þarfir fólksins þar og hafi ekki gert minna til að sinna því en hann sjálfur.

Hann segir, að ég sé á móti stofnun læknishéraða. En eins og ég hef tekið fram, verða þetta brbl. aðeins á pappírnum, sem ekki verður hægt að framfylgja. Þess vegna vil ég, að öll málin séu tekin til athugunar af mþn., en ég vil taka fram, að ég skil vel þörfina til úrbóta. Ég álít, að tveir aðilar, sem eru Læknafélagið og landlæknir, eigi að vera með í ráðum um þetta. — Það er ekki vansalaust, að fjöldi fólks verður að vera án læknishjálpar eða þurfa að ná í hana með ærnum kostnaði. Um þetta eru allir sammála. En ég er ekki sammála hv. þm. Snæf. um, að það sé nóg að samþ. mörg læknishéruð án þess að gera ráðstafanir til, að í þau fáist menn. Ég veit, að það er nóg til af læknum í landinu, nóg af guðfræðingum og nóg af verkamönnum, og þó hefur fólkið í dreifbýlinu úti um land vantað þessa krafta. Það er ekki nóg, að við höfum nóg af læknum, það verður að finna ráð til að knýja þá með góðu eða illu út í dreifbýlið, og það er eitt, sem þessi n. verður að vinna að af fullri einlægni. Ég veit, að bæði Læknafélaginu og landlækni er ljóst, að þetta getur ekki svo til gengið til lengdar. Það er margt, sem kemur til greina, bæði launakjör og fleira, og ég held, að það sé engin goðgá, þó að það sé athugað og fólkið kynni sér kostnaðarhliðina. Það er ekki lengra síðan en í haust, að sett var fram till. um að stofna læknishéað með fimm hreppum, en svo var hætt við það og horfið að því að hafa hreppana ekki nema tvo og hálfan í þessu nýja héraði. Ég veit, að þessu fylgir mikill kostnaður. Ég er ekki að hafa á móti því, að fólkið fái lækna. Það hefur fulla þörf fyrir þá, en það verður að tryggja, að menn fáist í héruðin. Það er ekki nóg að semja l.

Nú liggur fyrir brtt. um tvö ný héruð, og ég býst við, að þau eigi eins rétt á sér og hin. En ég vil sem sagt leggja til, að engu sé slegið föstu nú, en n. athugi þetta gaumgæfilega og leggi fyrir Alþ. till. um, hvernig þessu verði bezt fyrir komið. Það er eins og ég hef sagt, að tilgangslaust er að hrúga upp l. Það leysir ekki úr vandræðunum að fá lækna, heldur verður að reyna með samkomulagi lækna, heilbrigðisstj. og Alþ. að gera viðunandi úrbætur. Það er öllum ljóst, að þetta ástand getur ekki gengið til lengdar.

Ég ætla ekki að hirða um þær hnútur, sem hv. þm. Snæf. sendi mér. Ég er búinn að vera læknir í dreifbýlinu í 22 ár, og ef allir væru eins, væri öllu betur borgið í þessu efni.

Einar Olgeirsson: Það virðast allir, sem talað hafa hér, vera sammála um, að þau héruð, sem hér um ræðir, hafi rétt til að hafa sinn lækni. Ég geri ekki mikið úr þeim mótbárum, að ekki sé hægt að fá lækna og ekki sé til neins að gefa fólki í dreifbýlinu löglegan rétt, af því að ekki sé hægt að fullnægja honum. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að nóg sé af læknum á Íslandi. En menn segja, að ekki sé hægt að fá þá út í afskekktu héruðin. Menn viðurkenna rétt fólksins til þess að fá að njóta læknisþjónustu og að landið hafi nægilega lækna til þess, að ekki þurfi að vera læknislaust í dreifbýlinu. Hvað vantar þá? Kerfið, sem fyrir er, „fúngerar" ekki. Læknaskipunin og heilbrigðiseftirlitið er ófært. Með því fyrirkomulagi, sem á því er, er ekki hægt að fullnægja sjálfsögðum kröfum fólksins. Þetta hefur komið fram hér á Alþ. áður. Ég held, að ég hafi talað einu sinni í hvert skipti, þegar þetta mál hefur verið til umr. hér fyrr á þingi, og kom ég þá með þetta atriði. Ég held, að það hafi fengið undirtektir ýmissa manna hér og líka ríkisstj. En það var látið við það sitja langalengi hér í þinginu að láta frv. um þetta efni fara á milli d. og velta vöngum út af því, hvort aðstoðarlæknar skyldu vera skyldaðir til að vera í þessum héruðum, sem vantaði lækna, með 300—400 kr. grunnlaunum á mánuði. Þá var látið sitja við það að fást við þetta smáatriði þessa stórmáls. En sjálft kerfið í heild var ekki tekið til meðferðar.

Það er ófært ástand í þjóðfélaginu, að haft sé nokkurs konar braskskipulag á því, hvort menn eigi að fá bót á sjúkdómum sínum eða ekki. Menn eiga að hafa aðgang að því að vitja læknis, sem hið opinbera sér þeim fyrir og kostar. Öll heilbrigðismál okkar þurfa að komast í það horf, en þessi braskstefna þarf að hverfa, — að því verður að stefna. Og í þessa átt þarf endurskoð-

un á heilbrigðislöggjöfinni að stefna. Það þýðir ekkert að færast undan þessu ár eftir ár. Fyrr eða síðar verða menn að horfast í augu við þetta. Það er óviðurkvæmilegt og til skammar, að það skuli geta komið fyrir, að sjúkdómar manna séu gerðir að féþúfu, og meðan slíkt skipulag er, þá er eðlilegt, að meira en helmingur lækna landsins sæki hingað til Reykjavíkur, þar sem þó er ekki nema einn þriðji hluti af landsfólkinu. Það er kerfið sjálft, sem verður að breyta.

Það er verið að segja, að ekki sé hægt að fá héraðslækna. Ég held, að þeir fái 4—5 þús. kr. í laun, og það er lægra en Dagsbrúnarverkamenn hafa hér í Reykjavík. Og svo afsaka menn sig með því, að ekki sé hægt að fá lækna í héruðin. En mönnum dettur ekki í hug að breyta kjörum læknanna. Hvaða tillit er hægt að taka til slíkra röksemda? Nei, heilbrigðisyfirvöldin eiga að hafa frumkvæðið að því, að þessu sé kippt í lag, og landlæknir hefði átt að hafa haft frumkvæði að því fyrir löngu. — En fyrst svo hefur ekki verið, þá er það Alþ. að hafa forgöngu um að breyta þessu. Og það frv., sem hér liggur fyrir, gengur of skammt í þessu. Það er sjálfsagt að taka heilbrigðismálakerfið í landinu svipuðum tökum og skólamálakerfið hefur verið tekið. En ég álít, að það, sem þetta frv. nær, stefni það í rétta átt, að tryggja mönnum, sem þess þurfa, lagalegan rétt til þess að hafa lækna hjá sér. Hins vegar, þó það sé samþ., þarf eins eftir sem áður að reka á eftir heilbrigðisyfirvöldunum að taka allt heilbrigðismálakerfið til rækilegrar endurskoðunar. Og ég álít rétt, að Alþ. reki í þessu efni á eftir heilbrigðiseftirlitinu.

Af því, sem ég hef sagt, vil ég greiða atkv. með því að samþ. þetta frv., eins og það kom frá Ed. Og þó að ég álíti brtt. við frv. út af fyrir sig réttmætar, mun ég greiða atkv. á móti þeim til þess að stuðla að því, að frv. þurfi ekki að hrekjast meira á milli deilda, en mundi fyrir mitt leyti vera fús til að samþ. efni brtt. í haust. Og ég vildi síðan, að róttækar aðgerðir verði gerðar til þess, ekki aðeins að breyta læknaskipuninni í landinu, heldur einnig allri heilbrigðismála- og læknaskipun í landinu í heild.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Í tilefni af yfirlýsingum tveggja hv. þm. Austurlands út af rökst. dagskrá, sem fram er komin í þessu máli, vil ég segja það, að þessar yfirlýsingar komu mér mjög á óvart, með tilliti til þess, hvernig þetta mál liggur fyrir.

Hv. 2. þm. S.-M. gat þess í ræðu sinni, að höfuðástæðan til þess, að þetta frv. hefði komið fram hér í þinginu, væri það sérstaka tilfelli, sem skeði á Austurlandi, að læknisbústaðurinn á Brekku í Fljótsdal brann, og sá vilji, sem er á Austurlandi fyrir því að sameina tvö læknishéruð, sem hafa verið á Fljótsdalshéraði, í eitt stórt læknishérað, og hin óhjákvæmilega endurbygging læknisbústaðar handa Héraðinu. Það er rétt, að þetta er höfuðástæðan fyrir því, að þetta frv. kom fram, en fleira liggur þar til grundvallar.

Það hefur verið rætt á Austurlandi í alllangan tíma að breyta læknaskipulaginu í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir. Og Héraðsbúar hafa ekki alltaf verið á einu máli um, hvernig þessu væri bezt fyrir komið. Mikill meiri hluti íbúa þessara tveggja læknishéraða hefur áreiðanlega verið þeirrar skoðunar, að heppilegast mundi, að læknisbústaðurinn handa báðum héruðunum væri nálægt Egilsstöðum og væntanlegu þorpi á Fljótsdalshéraði. En hins vegar hefur glögglega komið fram hjá íbúum þeirra tveggja hreppa, sem læknisbústað höfðu áður, íbúanna í Fljótsdalshreppi og Hjaltastaðaþinghá, að þeir eru algerlega andvígir þessari breyt. á skipun læknishéraða þarna. Og það er kunnugt, að nær allir íbúarnir í Fljótsdalshreppi, þar sem læknisbústaðurinn á Brekku var, hafa þegar sent mótmæli hingað til Alþ. gegn því, að þessi breyt. verði gerð, og krafizt þess, að læknisbústaðurinn yrði endurreistur á Brekku. Það er því alveg gefið mál, að ekki er mögulegt að framkvæma þá breyt., sem er nauðsynleg að dómi meiri hl. manna í læknishéruðunum, sem sagt að sameina hin fyrri tvö læknishéruð í eitt með læknisbústað að Egilsstöðum, nema með því að samþ. l. um sameiningu þessara tveggja læknishéraða með læknisbústað á þessum stað. Og vegna þess þóttu mér yfirlýsingar hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) og hv. 2. þm. N.-M. (PZ) næsta merkilegar, þegar þeir vilja, — svo mikið nauðsynjamál sem þeir hafa talað um, að þetta mál væri, — vísa málinu frá með rökst. dagskrá og láta málið standa eftir sem áður jafnóleyst. Því að önnur leið yrði þá ekki fyrir ríkisstj. en gefa út brbl., sem ég skil ekki, hvaða ástæða ætti að vera til að láta þurfa að koma til, eins og hér stendur á. Og mér þykir ekki ótrúlegt, að ríkisstj. mundi hika við að gera það, þegar slík óánægja er vitanleg fyrir hendi um sameiningu héraðanna, a. m. k. í tveim hreppum þarna eystra. En ég álít, að stefnt sé í rétta átt með því að sameina þessi tvö læknishéruð í eitt með læknisbústað á Egilsstöðum, og því vil ég fá það samþ., eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Um önnur atriði þessa frv., sem menn greinir á um, skal ég ekki vera margorður. Ég get fyllilega játað, að ýmislegt í þessu frv. hefði ég kosið á annan veg og það allmikið öðruvísi. En ég álít hins vegar, að ýmsar þessar breyt., sem hér er gert ráð fyrir, eigi mikinn rétt á sér og að engin þeirra sé á nokkurn hátt saknæm. Og ég álít, að það sé svo mikil nauðsyn á því að samþ. ákvæði þessa frv. um breyt. á skipun læknishéraða fyrir austan, að ekki sé hikandi við að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Og mig undrar stórkostlega, að tveir hv. þm. af Austurlandi skuli leggja til, að málið standi áfram óleyst og í sömu vandræðunum og það stendur nú, því að ég tel eðlilegt, ef það verður ekki samþ. fyrir Austurland nú, sem farið er fram á hér í frv., að einhver dráttur verði á því hjá framkvæmdavaldinu að fara að reisa læknisbústað, sem alls ekki hefur verið ákveðið með l. frá Alþ.

Þá vil ég einnig minnast á atriði, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. N.-M. og undraði mig allmikið. Hann vildi færa það fram sem eina höfuðástæðu til þess að standa á móti frv. eins og það nú er orðið, að hér væri hrært saman mjög mismunandi stefnum. Annars vegar væri sú stefna að stækka læknishéruð og hins vegar sú að skipta eldri læknishéruðum og stofna þar með önnur minni. Það er eins og hv. þm. telji það sérstaklega ákjósanlegt, að saman sé steypt tveim læknishéruðum, eins og ákveðið er á Austurlandi, með sérstöku tilliti til þess, að aðeins einn læknir

verði þar, sem tveir áttu að vera samkv. l. En ég er viss um, að Austfirðingar hafa ekki ætlazt til þessa, heldur er ég viss um, að menn þar gera sér fastlega vonir um, að í héraðinu verði tveir læknar, en ekki einn. En hins vegar hefur ekki fengizt hér fram vilji til þess að ákveða það alveg skýlaust, að í þessu stóra héraði þarna austur frá ættu að vera tveir héraðslæknar. Ég hef ekki séð mér fært að flytja um þetta brtt. Hins vegar hef ég nokkuð beitt mér fyrir því, að ákvæði væru sett í frv., sem tryggðu það betur en gert var í upphaflega frv., að þó að í þessu héraði væri ákveðinn einn héraðslæknir, þá væri ákveðið í l., að það sæti fyrir um að fá að njóta væntanlegs aðstoðarlæknis. En ég geri mér ljóst, að það er hætta á því, að héraðslæknir noti sér ekki þá aðstöðu að fá sér aðstoðarlækni, og eins er hætta á hinu, að enginn aðstoðarlæknir fáist.

Ég mótmæli því, að það hafi verið meiningin með sameiningu þessara tveggja héraða á Austurlandi í eitt, með einum læknisbústað, að hafa þar aðeins einn lækni í þessu umdæmi, þar sem áður áttu að vera tveir læknar samkvæmt l. Ég tel mig alls ekki fulldómbæran um það, hversu réttlátar séu aðrar breyt. í þessu frv. um skiptingu einstakra læknishéraða, en sýnist þó, að ýmis veigamikil rök standi að þeim breyt., sem ráðgerðar eru. En ég tel fullkomlega þörf á að samþ. frv. eins og það er nú til þess að fá það fram, sem ég tel mikilvægast í frv., að ákveða læknisbústað fyrir austan, svo að hægt sé að hefja framkvæmdir um bygging hans nú þegar í sumar. Auk þess er svo hitt, að hér er fram komin þáltill., sem stefnir í þá átt, að fram eigi að fara athugun á læknishéraðaskipulaginu í heild, og býst ég við — ef það sýndi sig, að einhverjar þær breyt., sem hér væru samþ., á einhvern hátt kynnu að koma í bág við hagsmuni héraða, — að breytt yrði til aftur. En ég segi fyrir mig, að ég hræðist það ekki á nokkurn hátt, þó að þessar breyt. á frv. væru samþ.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Ég hef nú verið nokkuð undrandi yfir sumum þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar í kvöld út af þessu máli. Mér virðist þetta frv., eins og það nú er orðið, stefna ákveðið í þá átt að auðvelda því fólki að fá læknishjálp, sem í strjálbýlinu er og örðugast á með að ná til læknis. Og þá rísa menn upp hér, hver á fætur öðrum, sem þó vilja láta kalla sig fulltrúa sveitanna, og vilja nú koma þessu máli fyrir kattarnef. Það hefur verið stefnan hjá okkur, að embættum hefur verið fjölgað sí og æ og opinberum starfsmönnum í þéttbýlinu, bæði í Reykjavík og annars staðar, en fækkað sem allra mest úti á landsbyggðinni. Þetta hefur jafnan gengið í þá átt að gera þeim örðugra fyrir um að geta notið sín, sem úti á landsbyggðinni starfa. Og þeir hafa yfirleitt verið launaðir verr en hinir, sem starfa í þéttbýlinu.

Þetta frv., sem hér um ræðir, er flutt af hæstv. ríkisstj., að vísu í annarri mynd en það er nú. Það er búið að ganga á Alþ. gegnum sex umr. og taka mjög mikinn tíma. Ég tel það þess vegna vera undarleg vinnubrögð, — þrátt fyrir það að ekki hafi verið til þess ætlazt að afgreiða mörg önnur mál en þau, sem voru tilefni þess, að þing var nú kallað saman, — að fara að vísa þessu máli frá til þess að taka upp aftur á framhaldsþinginu í haust alla þá deilu, sem búin er nú að vera um málið í báðum d. þingsins.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. S.-M. var að tala um, að frv. hefði verið flutt eingöngu vegna héraðs á Austurlandi af hæstv. ríkisstj., er það að segja, að í því er annað ákvæði frá hendi stj., sem sé um að færa til læknissetur í fjölmennu héraði í Árnessýslu. Og mér þykir ekkert undarlegt, þó að íbúarnir þar í tveimur fjölmennum kauptúnum óski eftir að fá að halda lækni sínum, en lagt sé til að bæta öðrum við, sem þá starfaði fyrir sjö hreppa.

Varðandi breyt., sem hv. þm. Snæf. hefur borizt fyrir, er það að segja, að hún er ekki ný, heldur hefur verið flutt áður á hæstv. Alþ. Þar á Snæfellsnesi sunnanverðu er um örðugar samgöngur að ræða, og þarf því engan að undra, þó að hv. þm. Snæf. sæki fast að fá þá brtt. samþ., úr því að hér er frv. á Alþ. um breyt. á læknaskipun landsins að ýmsu leyti.

Síðasta till., sem sett hefur verið fram við þetta frv., um sérstakt læknishérað á Borðeyri, er sjálfsagt vafasömust af þeim till., sem hér er um að ræða. Það kann að vera, að þær brtt., sem hér liggja fyrir við frv., eigi nokkurn rétt á sér. En ég fyrir mitt leyti tel varhugavert að samþ. á síðustu stundu nýjar brtt. við þetta frv. og senda frv. til hv. Ed., en réttara, að þær till. séu látnar bíða. En hér kemur fram eins og oft áður þessi mikla trú margra hv. þm. á nefndaskipun, svo að þeir vilja nú fara að setja nýja n. til þess að gera ákvarðanir og till. og leggja svo fyrir Alþ. um þetta deilumál. Og svo skilst mér, að taka eigi alla deiluna upp um þetta mál aftur á þingsetutímanum í haust, ekki aðeins um þau héruð, sem hér er um að ræða, heldur og önnur héruð, þar eð um hefur verið rætt og deilt, að þörf sé á fleiri læknum sums staðar annars staðar á landinu, ef miða ætti við þá reglu, sem hér er farið eftir. En það er þá til athugunar fyrir þau héruð og fulltrúa þeirra, sem hlut eiga að máli. Ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að ganga frá þessu máli eins og það liggur nú hér fyrir.

Þá er það eitt atriði, sem orðið hefur til ásteytingar hv. 1. þm. Rang. (HelgJ), sú ádeila, sem hv. þm. Snæf. gerði á skoðanir og framkomu hans. Þykir mér mjög undarlegt, að hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Rang. skuli hafa snúið þeim ádeilum svo mjög öfugt sem þeir hafa gert, því að það er fullkomlega rangt, að hv. þm. Snæf. hafi á nokkurn hátt verið hér að finna að störfum hv. 1. þm. Rang. sem læknis í héraði. Ég hef ekki heyrt hv. þm. Snæf. finna að störfum hv. 1. þm. Rang. á því sviði. Starfssaga hans á því sviði er sjálfsagt mjög merkileg og góð eins og margra annarra héraðslækna þessa lands. Hitt er annað mál, hvort þær skoðanir, sem hv. 1. þm. Rang. hefur á skipun læknishéraða og læknaskipun að öðru leyti, eru heilbrigðar. Og um það voru ádeilur eða athugasemdir hv. þm. Snæf. í garð þessa hv. þm., en ekki um starf hans sem læknis í héraði sínu.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Það er búið að ræða þetta frv. mikið og breyta því nokkuð, að nokkru leyti í hv. Ed. og að nokkru leyti hér í hv. d. En mér þykir það undarleg aðferð hér á hæstv. Alþ., ef eftir allar þessar deilur á nú að vísa frv. frá á síðustu stundu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég skal nú ekki þreyta mikið umr. um þetta mál almennt. En aðeins út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að með því að samþ. þessar breyt. á frv., sem fyrir liggja till. um, væri aukin læknisþjónusta í dreifbýlinu, þá vil ég taka fram, að ég tel þessa fullyrðingu vægast sagt orka mjög tvímælis, eins og nú er háttað í læknamálum landsins. Meðan hvorki heilbrigðisstj. né þingi hefur reynzt kleift að fá lækna í öll þau læknishéruð, sem til eru eftir l. og hafa ber lækna í, þá tel ég, að vel geti svo farið, að sú aðferð að búta eldri læknishéruðin niður í smærri héruð verði til þess, að sum læknishéruð, sem áður eru til staðar og þar sem fólk á allra örðugast með að ná til læknis og að fá lækni í héruðin, verði læknislaus, vegna þess að læknar, sem þar væru, færu í sum af þessum nýju héruðum, sem nú yrðu stofnuð, ef svo verður gert, — þannig að verr væri farið en heima setið með því að samþ. nú, eins og á stendur, að skipta læknishéruðum í smærri héruð.

En fyrir mér er þetta ekki röksemd fyrir því, að ekki beri að fjölga læknishéruðum, heldur röksemd fyrir því, að jafnhliða því sem læknishéruðum væri fjölgað, verði þingið að gera ráðstafanir til þess, að menn fáist til þess að þjóna sem héraðslæknar í þessum nýju héruðum, sem stofnuð yrðu, því að annars gæti svo farið, eins og ég gat um áðan, að það yrði ekki til þess að gera fólkinu í dreifbýlinu léttara fyrir en áður um læknisþjónustu. — Ef t. d. stofnað yrði nýtt læknishérað í Árnessýslu, þar sem þó stutt er til læknis nú þegar, og það yrði til þess, að læknir færi úr strjálbýlu héraði úti á landi í það nýja hérað og enginn læknir fengist aftur í það strjálbýla hérað, þá yrði það til þess að setja menn í mikinn vanda í þessu efni — og það þar, sem sízt skyldi. En ég tek greinilega fram, að þetta er ekki röksemd af minni hálfu fyrir því, að ekki þurfi að endurskoða læknaskipunina í landinu og stofna ný læknishéruð. En ef þau verða stofnuð, þá verður jafnframt að gera ráðstafanir til þess, að það verði ekki til þess, að önnur héruð verði læknislaus einmitt af þeim ástæðum.

Ég vil alveg sérstaklega taka fram, að ég átti hlut að því að koma á framfæri við hv. fjvn. till., sem hún tók til greina, um að veita milli 40 og 50 þús. kr. til þess að bæta upp laun héraðslækna í þeim héruðum, þar sem fólk er fæst og verst er að fá lækna til þess að taka að sér læknisþjónustu. Og ég vona, að það geti komið að einhverju verulegu haldi.

Út af því, sem hv. 6. landsk. þm. (LJós) sagði, vil ég segja þetta: Mér hefur aldrei dottið í hug — og ekki heldur neinum, sem hér hafa talað af Austurlandi, — að það ætti að setja aðeins einn lækni í Fljótsdalshérað og fækka þannig skipuðum læknum landsins um einn, heldur hefur verið tekið greinilega fram af öllum, að til þess sé ætlazt, að í þessu héraði verði tveir læknar, einn héraðslæknir og einn aðstoðarlæknir. En því hefur verið haldið fram, að hentast væri, að þeir væru báðir settir í mitt héraðið.

Þá sagði hv. 6. landsk., að honum sýndist sem ekki mundi verða hægt að koma í framkvæmd byggingu læknisbústaðar í miðju Fljótsdalshéraði nema með því, að þetta frv. yrði nú samþ., vegna þess að íbúarnir í tveimur hreppum í því væntanlega læknishéraði væru mótfallnir breyt. — Ég hef hugsað mér, hvernig heilbrigðisstj. hagaði þessu, og dreg það af því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, og af framkomu hans að öðru leyti. Ég geri ráð fyrir, að heilbrigðisstj. mundi bjóða þeim hreppum, sem hér eiga hlut að máli, framlag af ríkisins hálfu í læknisbústað og byrjunarsjúkraskýli. Og ég geri nú ráð fyrir því, að allir hreppar nir, nema kannske þessir tveir, muni tjá sig reiðubúna að samþ. þetta til undirbúnings lögfestingar á læknishéraðinu. Má vera, að heilbrigðisstj. setji það ekki fyrir sig, þó að samþykki þessara tveggja hreppa vantaði, heldur setti þetta af stað og legði fram fé til þessarar framkvæmdar, þegar út í það væri komið. En ef til framkvæmda væri komið um byggingu læknisbústaðar og heilbrigðisstj. þætti ekki þann veg á þessu haldið sem skyldi og ekki íbúum sumra hreppanna heima fyrir, þá hugsa ég mér, að ríkisstj. mundi setja brbl. Ég efast ekkert um, að hún gerði það til þess að koma málinu fram, bæði vegna þess, að hér er sérstakt neyðarástand fyrir hendi og einnig mjög almennur vilji þeirra íbúa, sem hér eiga hlut að máli, og alveg tvímælalaust einróma þingvilji, sem hæstv. ríkisstj. mundi hafa fyrir þessari lagasetningu, — þannig að hér væri allt til staðar til þess að gera brbl. í þessu efni eðlileg og sjálfsögð. Mér dettur því ekki í hug, að þessu máli yrði teflt í nokkra hættu, þó að sú leið yrði farin, sem ég hef lagt til. Og ég sé því ekki hina sömu nauðsyn á því að drífa nú fram þetta frv. um verulegar breyt. á læknaskipun í landinu út af þessu atriði, og þá sérstaklega vegna þess, að ég tel sumar þessar breyt., sem till. hafa komið fram um og eru í frv., orka tvímælis og það sé þá mjög vafasamt að skilja eftir óafgreiddar aðrar breyt., sem komið geta til mála á læknaskipuninni.

Hv. 6. landsk. þm. sagðist ekki telja sig dómbæran um það, hvort samþ. ætti þau héruð, sem hér hafa komið fram till. um að stofna, og hann bætti svo við, að hann teldi það ekki skipta svo miklu máli, hvort rétt og skynsamlegt væri að stofna þrjú ný læknishéruð. Það hefur verið venjulegast hér á Alþ., að menn hafa verið tregir til þess að stofna til nýrra embætta, a. m. k. áður fyrr, og vildu, að nauðsyn væri fyrir hendi, ef þeir ættu hlut að því. Og ég get ekki skilið afstöðu hv. 6. landsk. þm., að hann sé svo hirðulaus um afstöðu sína í þessu máli, þegar fyrir liggur, að hægt er að leysa þessa nauðsyn, sem hann ber fyrir brjósti, og sýni slíkt hirðuleysi, sem hann upplýsir, að hann sé reiðubúinn að sýna um alla meðferð málsins. — Þar með vil ég ekki, að það sé á nokkurn hátt misskilið, að ég er ekki með afstöðu minni að leggja nokkurn dóm á það, að þessi héruð skuli ekki stofna, heldur bendi ég aðeins á, að þessi mál þurfa í heild sinni gaumgæfilegrar athugunar við.

Ég skil vel áhuga hv. þm. Snæf. á að fá læknishérað stofnað á Snæfellsnesi, og eins áhuga umboðsmanna Árnessýslu. En mér virðist, að menn ættu að geta orðið sammála um að taka út úr þetta mál, sem mest nauðsyn er á, og samþ. það, fyrir Fljótsdalshérað, en svo verði reynt að undirbúa með athugun lausn vandamála hinna héraðanna í haust. Verði þá reynt að leysa læknaskipunarvandamálið í heild betur en okkur hefur tekizt fram að þessu.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Það er ekki farið leynt með það hér í þessum umr., að þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., feli í sér mikla umhyggju fyrir fólkinu í hinum dreifðu byggðum landsins. Og hv. þm. A-Húnv. kvað nokkuð fast að orði um það, að lítil umhyggja fyrir þessu fólki í dreifðu byggðunum kæmi fram hjá þeim þm., sem vildu gera lítið úr ákvæðunum um fjölgun læknishéraða, sem ráð er fyrir gert í frv. því, sem hér liggur fyrir til umr. Og vel má vera, — af því að ég hef ekki fylgzt svo nákvæmlega með umr., — að orð hafi fallið á líka lund hjá fleirum en þessum hv. þm. En annaðhvort er, að þeir menn, sem þannig tala, meina ekki nokkurn skapaðan hlut með því, eða þeir gera sér ekki ljóst ástandið í þessu efni í sveitum landsins. En ég held, að réttara sé að orða það svo, eins og málið horfir nú við, að þeir meini ekkert með þessu tali sínu, því að þeim hlýtur að vera það ljóst, að án annarra og frekari aðgerða felur fjölgun læknishéraða út af fyrir sig ekki í sér neina lausn á þessu.

Eins og sakir standa nú, — og þannig hefur það verið um nokkurt skeið, — hafa nokkur læknishéruð staðið auð, af því að enginn læknir fæst til þess að gegna þar læknisþjónustu. Og fólkið þar er engu betur á vegi statt, þegar slys og heilsubrest ber að garði, þó að þar hafi verið ákveðið á pappírnum að stofna nýtt læknishérað, — því að það er ekki prentsvertan á síðum stjórnartíðindanna, — þó að þar sé ákveðið, að þessi eða hinn staðurinn skuli vera „sérstakt læknishérað", — sem getur bjargað fólkinu í sjúkdómstilfellum, heldur hitt, að læknir sé til staðar til þess að hjálpa fólkinu, þegar veikindi ber að höndum. Nú eru ýmis héruð, sem enginn læknir er í. Og ef nú á að bæta hér við nokkrum læknishéruðum enn, þrem eða fjórum, eins og verið hefur í ráði, — þau voru a. m. k. fjögur í gær, en eitt var fellt niður í hv. Ed., — hvaða gagn er þá að því, ef fólkið er eftir sem áður jafnlæknislaust? Ekki nokkurt. Hér þarf róttækari aðgerða við. Brýn þörf er á að bæta úr þessari vöntun lækna í dreifbýlinu, en það er engin úrbót að stofna ný læknishéruð til þess að láta þau standa auð og tóm. Það, sem hér á og verður að gera samkv. þeirri reynslu, sem fengin er í þessu efni, er að gera þær ráðstafanir, að læknar fáist í þau héruð, sem nú eru óskipuð, og í þau héruð, sem ráð er fyrir gert að bæta við eða stofna. Og það er sýnilegt, að þetta verður ekki gert með öðru móti en því, að ákveðið verði í lögum, að það sé skilyrði fyrir því, að þeir menn, sem nema læknavísindi hér í þessu landi, inni af hendi þjónustu um ákveðinn tíma úti í hinum dreifðu byggðum landsins, í þeim læknishéruðum, sem að öðrum kosti standa auð og menn fást ekki fúslega til að gegna læknisþjónustu í. En til þess þarf, eins og áður er greint, að setja löggjöf, sem að haldi kemur í þessu efni. Hitt er að byrja algerlega á öfugum enda, að fara að fjölga læknishéruðum án slíkra nauðsynlegra ráðstafana, því að þess ber að gæta, að það er ekki af neinum læknaskorti í landinu yfirleitt, að lækna vantar í sum héruð landsins, heldur af því, að læknarnir hrúgast í þéttbýlið — og það svo, að ýmsir telja, að þeir séu að verða þar að hreinustu plágu fyrir það fólk, sem þar býr.

Fyrirkomulagið í heilbrigðismálum okkar er svona rammöfugt og snúið. Fólkið úti á landsbyggðinni verður að deyja drottni sínum, vegna þess að það getur ekki náð til læknis, en læknarnir eru að verða hornótt byrði á fólkinu í þéttbýlinu. Þetta tal um að bæta við nýjum læknishéruðum til þess að tryggja fólkinu lækna er því ekki nema slagorð, ef ekkert er aðhafzt annað og meira. Og það tal verður dæmt og léttvægt fundið af fólkinu úti í dreifbýlinu, sem bíður eftir því að fá til sín lækna. Og að leggja til að stofna ný læknishéruð, án þess að neitt annað sé að gert, er því heldur ekkert annað en skrautfjaðrir, sem menn eru að reyna að setja í hattinn sinn, en minnsti goluþytur feykir burt, svo að þar sér ekki örmul eftir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð.

Ég vil taka fram, í tilefni af ræðu hv. 2. þm. S.-M. og þeim aths., sem hann gerði við ræðu mína, að þó að hann láti sér nægja að gera sér aðeins vonir um, að brbl. verði sett af ríkisstj. um sameiningu læknishéraðanna austur á Héraði, þá sætti ég mig ekki við það, eins og málið liggur hér fyrir. Ég kýs miklu heldur, að málið verði afgr. á eðlilegan hátt með lagasamþykkt, svo að ekki sé hægt að bera við neinum aukaatriðum, þegar til framkvæmda á að taka.

Þá vil ég einnig taka fram, út af þeim ummælum sama hv. þm., að hann furði á því hirðuleysi, sem ég sýni með því, að ég vilji ekki ásamt honum standa gegn öðrum breyt. á læknaskipuninni, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, — ég vil taka fram, að þessi ummæli hans féllu auðvitað dauð, um leið og hann sagði þau, vegna þess að hann hafði varla lokið þessum ummælum sínum, þegar hann tók fram, að hann vildi ekki leggja neinn dóm á það, hvort réttmætt væri að gera þessar breyt., sem hér er um að ræða, eða ekki. Hann vildi aðeins láta það bíða. Það, sem ég hafði sagt í þessu efni, var aðeins þetta: Ég er ekki nógu kunnugur staðháttum í öllum tilfellum, sem þarna koma til greina, til þess að vita gerla um, hversu réttmætar þessar breyt. eru, og blanda mér ekki í deilu um réttmæti þessara till. Mér sýnist þó, að sumar þeirra séu til bóta, en get ekki fundið, að nein þeirra sé svo saknæm, að þeirra vegna eigi að fella frv., sem felur í sér mjög mikilvæga breyt., er þarf að komast í l. nú þegar. Afstaða mín er því mjög svipuð því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði fyrir sitt leyti, að væri afstaða sín gagnvart stofnun nýrra héraða, að því er kemur til að dæma um réttmæti þess að stofna þau. Ef því um hirðuleysi er að ræða í því efni hjá mér, þá er það sömuleiðis hjá honum.

En þessu frv. er ekki ætlað að taka gildi fyrr en í ársbyrjun 1945, skilst mér. Hins vegar má búast við, að samþ. verði þáltill. hér um athugun á læknaskipun í landinu í framtíðinni. Eru allar líkur til þess, að þeirri athugun verði lokið, þegar þetta frv. raunverulega tekur gildi, svo að jafnvel þótt eitthvað væri til í þeim draugasögum, sem hér hafa verið sagðar um, að hætta væri á ferðum, ef brtt. við frv. væru samþ., þá yrðu ákvæði þeirra ekki komin til framkvæmda, þegar þessari heildarathugun á læknishéraðaskipun og heilbrigðismálunum í landinu væri lokið. En ef þetta frv. verður samþ. nú, þá tel ég komið fram nauðsynjamáli með lögfestingu á samfærslu tveggja lækn is-

héraða á Austurlandi og lögfestingu á stað fyrir læknisbústað í væntanlegu einu héraði þar, sem óhjákvæmilega þarf að reisa á næsta sumri. Og það er ekki hægt að efna til þeirra framkvæmda, fyrr en búið er að setja þar l. um. — Þess vegna mun ég greiða atkv. með frv. nú, en gegn öllum brtt., sem ég álít, að geti stefnt því í hættu, ef samþ. yrðu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég þarf örfáu við það að bæta, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni.

Hv. þm. Borgf. fór hér af stað með nokkuð miklum goluþyt til þess að vara menn við því að stofna ný læknishéruð þar, sem fólkið hefur versta aðstöðu til þess að vitja læknis. Hann talaði um „slagorð" og að menn væru að reyna að setja „fjöður í hattinn sinn", sem minnsti goluþytur feykti svo burt. — Þetta virðist mér nokkuð undarlegt tal hjá hv. þm., þegar athugað er, að þessi sami hv. þm. greiddi atkv. með Grindavík sem nýju læknishéraði hér í hv. d. fyrir skemmstu. Hann kveður þá þann dóm upp yfir þeirri atkvgr. sinni, að það sé „slagorð", sem enginn taki mark á.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það, sem hann sagði hér. Það kemur nákvæmlega sami skilningur fram hjá honum og hv. 1. þm. Rang., að vegna þess að erfiðleikar hafa verið á að ná í lækna í viss héruð á landinu, þá eigi maður bara að miða við það ástand, þegar um er að ræða að ákveða læknishéruð fyrir framtíðina. En ég viðurkenni ekki réttmæti þessarar bölsýni. Við eigum lækna hér í landinu, sem eru fjórum eða fimm sinnum fleiri en öll læknishéruð landsins. Fjöldi stúdenta stundar hér læknisfræði, og fjöldi íslenzkra stúdenta er við læknisfræðinám í öðrum löndum og koma heim að námi loknu. Þess vegna er það, ef gerðar verða skynsamlegar ráðstafanir, að hægðarleikur er að fá lækna í öll læknishéruðin, sem fyrir eru nú, og alveg eins, þó að þetta frv. verði nú samþ. með þeim brtt., sem fram hafa komið um nauðsynlega skiptingu læknishéraða. — Hér hefur það því komið fram, að blandað er saman gersamlega óskyldum atriðum. Hv. þm. Borgf. og fleiri hafa því gert sig seka um hreina rökvillu í þessu efni, því að ég er sannfærður um, að með skynsamlegum ráðstöfunum má fá lækna í öll þessi héruð. Ef miða ætti löggjöf um fjölgun og skipun læknishéraða við það ástand, sem nú er um það að fá lækna í sum héruð á landinu, en ekkert að gera til þess að bæta úr því, þá hygg ég, að þetta ófremdarástand mundi haldast um aldir og eilífð.

Hv. 1. þm. Rang. hefur misskilið orð mín þannig, að ég væri að ásaka hann um, að hann rækti ekki læknisstörf sín með sóma. En því fer fjarri, að ég hafi ásakað hann um neitt slíkt. Ég lét aðeins svo um mælt, að mér hefði fundizt meiri ástæða fyrir hann að vinna að því í samtökum með eigin starfsbræðrum, að læknar fengjust í héruðin, heldur en vera að rísa hér upp á Alþ. á móti því að stofna læknishéruð þar, sem fólkið á við erfiðleika að búa um að vitja læknis. — Og með þessu ætla ég, að einnig sé svarað hv. 2. þm. S.-M., sem jafnframt reyndi að snúa út úr þessum orðum mínum á sömu lund og hv. 1. þm. Rang. gerði eða misskildi þau.

Hv. 2. þm. N.-M. spurði um það, hvort Miklaholtshreppur ætti að taka þátt í kostnaði við byggingu læknisbústaðar, þó að ákveðið sé í frv., að íbúar þess hrepps skuli eiga jöfnum höndum tilkall til læknisins í Stykkishólmshéraði. Ég hef gert ráð fyrir, að þeir taki þátt í þessum kostnaði ásamt Breiðavíkurhreppi og Staðarsveit.

Hv. 2. þm. N.-M. virðist andvígur þessu frv. eins og það er nú, vegna þess að þar sé búið að hræra eða sjóða saman tvær stefnur, aðra sem honum finnst rétt, að steypa saman læknishéruðum og koma upp góðum sjúkrahúsum, en hins vegar sé búið að blanda í þetta frv. ákvæðum, sem hann telur aðra og verri stefnu, að skipta læknishéruðum, þar sem slæm eru skilyrði um læknissókn. — Ef þessu tvennu hefur verið ruglað saman í meðferð málsins á Alþ., þá var það svo miklu meira gert í stjfrv., eins og það var, þegar það var lagt fyrir þingið, að þar var að vísu gert ráð fyrir að steypa tveimur héruðum saman í eitt, en þó að stofna læknishérað á bak við, sem mundi verða eitthvert fámennasta læknishérað á landinu. Og þessu var þessi hv. þm. samþ. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé á móti því að stofna þetta Bakkagerðishérað, heldur til þess eins að sýna fram á rökleysur hv. 2. þm. N.-M. í þessu efni.

Loks vil ég svo segja það, að náttúrlega kennir mjög einkennilegs skilnings, þegar því er haldið fram, að fyrst tekinn sé upp sá háttur að stofna nýtt læknishérað á Snæfellsnesi og á Borðeyri, þá eigi allar sveitir, sem eiga erfiða læknissókn, að fá nýjan lækni. Vitanlega sjá það allir, að í þessu efni verður að miða við fólksfjölda einnig. Það hefur verið talað um, að Öræfingar ættu slíkan rétt. Þar eru nú 200 manns. Og fleiri staðir hafa verið nefndir í þessu sambandi.

Hvað það snertir að setja þetta mál í n. og að okkur, sem berjumst fyrir breyt. á frv., mætti vera það sama, þó að svo yrði gert, þá hef ég svarað því nokkru. En ég vil endurtaka það, að stofnun nýs læknishéraðs á Suður-Snæfellsnesi hefur verið athuguð um langa stund. Um það mál var flutt frv. á hæstv. Alþ. fyrir ári, en því var vísað til heilbrigðisstjórnarinnar og landlæknis. Það mál hefur því verið athugað af landlækni og hann verið andvígur því. Héraðsbúar eru ekki samþykkir landlækni, og meiri hl. Alþ. hefur orðið sammála héraðsbúum. Þessi mþn., sem á að skipa, verður þriggja manna n., og landlæknir mundi sjálfsagt vera í henni. Ég hef enga trú á, að hann skipti um skoðun til batnaðar. Þess vegna sé ég ekki þörf á að fresta þessu máli og setja það í n. Það hefur þegar verið athugað.

Jón Pálmason: Það er nú einhvern veginn svo, að þau fáu orð, sem ég sagði áðan, hafa komið illa við hv. þm. Borgf., því að hann rauk upp með ofsa og skömmum, af því að ég benti á, að leiðin til að útvega fámennum héruðum læknishjálp lægi í þessu frv. og þeim breyt., sem þar er farið fram á. Í þessari ræðu hv. þm. Borgf. rak sig hvað á annars horn eins og oftar. Hann talaði um það m. a., að hér væri um „skrautfjaðrir" að ræða, eins og hann kallaði það, en hins vegar, að fólk dæi af læknisleysi í dreifbýlinu, en læknar syltu í kaupstöðunum. Af hverju er þetta svona? Af því að læknarnir treysta sér ekki til að vera í sveitunum nema á léttasta skeiði. Því held ég,

þótt það sé kannske ekki fullnægjandi að minnka héruðin, að það sé spor í áttina. Í stórum og dreifbýlum læknishéruðum þarf læknir oft að fara í löng og hættuleg ferðalög að vetri til o. s. frv., og það gerir það að verkum, að aðeins hraustustu menn treysta sér til þess að fara út í slík héruð. Tal hv. þm. Borgf. er því út í bláinn.

Það eina rétta, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf. var, að koma þarf því til leiðar, að læknar séu ekki „plága í þéttbýlinu". Það er rétt, að það þarf að koma því til leiðar, að læknar séu skyldaðir til að þjóna í dreifbýlinu fyrst, og þarf ég svo ekki að segja meira um það, annað en að hv. þm. gekk á milli og eggjaði menn á að fella frv.

Pétur Ottesen: Það er ekki undarlegt, þó að hv. þm. A-Húnv. finnist hann ekki þurfa að svara því, sem ég sagði, því að svarið er, að hann er sammála mér. Það er gersamlega þýðingarlaust að stofna ný héruð, ef ekki fást læknar í þau. Það sýnir sig, að meðan fullt er af héruðum, sem engir læknar fást til að þjóna, er ekki til neins að fjölga þeim.

Til hverra ráða hefur þá verið gripið? Það hefur einmitt verið gripið til þeirra ráða að fá læknana í nágrannahéruðunum til að bæta við sig þeim héruðum, þar sem enginn læknir hefur fengizt til að vera. Nei, reynslan sýnir, að eigi raunverulega bót að fást á ástandinu, verður að setja löggjöf, sem tryggir, að læknar fáist í þau héruð, sem nú eru, og í þau, sem stofnuð munu verða. Þangað til þetta er gert, er það, eins og ég sagði áðan, „skrautfjöður í hattinn" að vera að búa til ný læknishéruð. Enda er ég ánægður yfir því að hafa framkallað þessa viðurkenningu og vona, að við verðum samtaka á haustþinginu að bæta úr þessari vöntun. Þegar þar að kemur, skal ekki standa á mér. Það er e. t. v. það eina, sem hefst upp úr þessum umr., að augu manna opnist fyrir því, hvað þarf að gera. Og þá er þess að vænta, að umhyggja manna fyrir fólkinu í dreifbýlinu verði eins mikil og látið er í veðri vaka, að hún sé nú.

Garðar Þorsteinsson: Ég er þeirrar skoðunar, að löggjöfin sjálf verði aldrei mælikvarði á það, hvar lækna sé þörf. Umhverfið sjálft og viðhorf manna ræður því. Það er hægt að nefna svo mörg dæmi þess, að mannfjöldinn sjálfur ræður engu um það, hvort læknis er þörf. Það má nefna Hafnarfjörð og Reykjavík. Þar er mikill mannfjöldi, og þar eru nógir læknar. En aftur á móti eiga íbúar í Ólafsfirði og Þorgeirsfirði og Grímsey, þó að fáir séu, einstaklega erfiða aðstöðu. Er það nokkur, sem vill í alvöru segja, að þessar sveitir ættu að leggjast niður? Þarna lifa 146 manns. Í Grímsey hefur það komið fyrir, að maður veiktist og þurfti að senda eftir lækni. Símað var til Húsavíkur, en læknirinn þar sagðist ekki geta komið, af því að veður var svo vont. Það var loks fenginn læknir frá Siglufirði, og kostaði 1200 kr. að sækja hann þangað. Væri ekki nokkur ástæða til að athuga, hvort ekki væri rétt að setja löggjöf, sem viðurkenndi Grímsey líka rétt til læknis? Það er ekki mannfjöldinn einn, sem ræður, heldur aðstæður. Ég er viss um, þegar þess er gætt, að í Grímsey er hvorki læknir né yfirsetukona, að rétt er að athuga, hvort ekki ætti að hafa þar lækni, sem líka kann störf yfirsetukonu. Ég vil beina því til n., hvort það sé ekki atriði til athugunar.

Þegar verið er að tala um, að héraðið á Snæfellsnesi hafi 640 íbúa og Grindavík og Keflavík svo og svo marga, þá er það ekki aðalatriðið, heldur hvort héraðið út af fyrir sig, sem á og má lifa, fái kost á því að fá lækni, sem þar situr. Ég veit, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að hérað, sem að öðru leyti hefur möguleika til lífsins, en hefur ekki lækni, verði leyst upp. Það verður a. m. k. að hafa möguleika til þess að hafa samband við lækni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Það út af fyrir sig er rétt hjá hv. þm. Borgf., að þegnskylduvinna lækna getur komið til mála. Mér finnst það engin frágangssök, að læknisfræðinemar verði að vera t. d. þrjú ár í sveit til þess að fá viss réttindi. Þetta út af fyrir sig er rétt. En ég hef aldrei heyrt hann fyrr bera þetta svo fyrir brjósti. Þessi áhugi blossar upp hjá honum til þess að koma málinu fyrir kattarnef. Það verður ekki öðruvísi skilið. Það er eðlilegt, að sjóndeildarhringur hans nái ekki út fyrir Akranes.

Pétur Ottesen: Ég veit ekki, hvað yrði um sjóndeildarhring hv. þm. Snæf., ef miða ætti við afstöðu hans til sveitafólksins, eins og hún birtist í þessu máli. Ég er hræddur um hann yrði þá að teljast heldur þröngur.

Hv. þm. Snæf. sagði, að afstaða mín til brtt. hans væri í ósamræmi við fyrri afstöðu mína í þessu máli, því að ég hefði greitt atkv. með Grindavíkurhéraði. Það er ekki um neitt ósamræmi hér að ræða. Það er þéttbýli, sem læknar vilja vera í, þó að útilokað sé, að þeir fáist út í sveit. En þetta kemur fyrir í haust, og nú skulum við sjá, hverjir gera raunverulegar breyt. til batnaðar.

Ég gleymdi því, að hv. þm. A-Húnv. sagði, að ég hefði verið að ganga á milli manna til að fá þá til að fella frv. Ég hef ekki reynt það. Hafi hv. þm. séð mannaferðir í d., sem hann dró þá ályktun af, þá snertir það allt annað mál. En hann verður reyk í því, að ég hafi verið með nokkurn áróður í sambandi við þetta mál, öðruvísi en með því, sem ég hef sagt um það í þessum umr. Þar verður hann reyk, eins og með því að vilja hlaða upp læknishéruðum, á meðan aðrar ráðstafanir eru ekki gerðar til að bæta úr læknisleysinu.

Jón Pálmason: Áhugi hv. þm. Borgf. að koma þessu frv. fyrir kattarnef er auðsær. Fyrst þegar það kom hér fram, sagði hann: „Þetta verðum við að drepa". Hann sló því fram áðan, að ég hefði verið honum sammála. Það má svo sem allt segja, þó að það sé andstætt sannleikanum, sem blasir við augum allra manna.

Ég benti á, að ástæðan fyrir því, að læknar fengjust ekki sums staðar, væri sú, að það þyrfti að bæta aðstöðu þeirra. Sú aðstaða mundi víðast hvar batna, ef héruðin væru minni en þau eru. Það kom einmitt fram í ræðu hv. þm. Borgf., að þegar neyðin rekur að, þá leita menn til annarra lækna. Allt er sprottið af því sama, að aðstaða læknanna í dreifbýlinu er svo erfið.

Þá er nú þetta með skrautfjaðrirnar. Voru það ekki „skrautfjaðrir", að hann var með því

að stofna hérað í Grindavík, af því að þar væri þéttbýli, þó að hann væri rétt búinn að segja, að læknar væru „plága í þéttbýlinu"?

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Það er um orsakirnar til þess, að sum héruð eru læknislaus, sem ég vil gera grein fyrir frá mínu sjónarmiði séð. — Hv. þm. Snæf. heldur því fram, að það séu samgönguörðugleikarnir, sem aðallega liggi þar til grundvallar. En ef við athugum, hvaða héruð eru læknislaus, þá sjáum við, að það eru fámennu héruðin, þar sem læknar fá ekki aðstöðu til að veita þá læknishjálp, sem hægt er að veita þar, sem sjúkrahús eru, og telja sig bæði þess vegna og vegna þess, hve héruðin eru fámenn, ekki fá þá æfingu, sem þeir vilja fá til að fara fram í starfi sínu. Þetta eru héruðin, þar sem fólkið er fæst. Sum þeirra eru þannig, að auðvelt er að fara um þau. En læknarnir þykjast ekki fá þar þá æfingu, sem þarf, til þess að þeir trénist ekki upp og verði steingervingar. Þessum héruðum vill hv. þm. fjölga, — héruðum, sem eru svo fámenn, að enginn læknir, sem hefur áhuga á starfi sínu, vill vera þar.

Nú hefur Alþ. veitt á fjárl., 22. gr., 14. l., 50 þús. kr. uppbætur til lækna í héruðunum, sem læknar hafa ekki fengizt í. Þau eru 8—12. Þess vegna er þetta allveruleg viðbót, sem hér er um að ræða sem laun. Þegar svo er komið, þá yrðu þessir læknar hærra launaðir en margir aðrir. En þessi héruð veita mönnum engin tækifæri til framfara og til að fá betri héruð síðar. Því held ég, að sú stefna að hafa læknishéruðin svo stór, að læknir geti fengið aðstöðu til æfingar og spítala, sé heppilegust.

Ég skil það vel, að sósíalistar hafi þá stefnu, sem þeir hafa í þessu máli. Þeir vilja fá fólkið burt úr dreifbýlinu. Þetta er ágæt leið til þess. En með þessari till. um fjölgun læknishéraða eru líka menn, sem telja sig vinveitta sveitunum, en það er aðeins til að sýnast.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja umr. mikið.

Ég hef ekki blandað mér inn í umr. um þetta mál, sem eru nú orðnar heldur leiðinlegar og komnar langt frá efninu. Frv. hefur tekið miklum breyt., síðan það kom frá n., en um þær ætla ég ekki að fjölyrða. — Nú er svo komið, að ekki er hægt annað en samþ. rökst. dagskrána eða frv. óbreytt. Störfum er lokið í Ed. og því ekki hægt að sinna þeim brtt., sem fyrir liggja. Hugsum okkur, að sú leið yrði valin að samþ. rökst. dagskrána. Það væri gott og blessað, ef eitthvað væri upp úr henni að leggja. En þegar ég fór að lesa hana, þá varð ég þess vís, að hér er aðeins um að ræða þál. um að fela ríkisstj. málið.

Fram er komin till. um, að n. verði skipuð og hún eigi að gera till um lausn málsins. En sá er gallinn á þeirri till., að hún er ótímabundin. Það er engin trygging fyrir því, að n. hafi lokið störfum fyrir haustið, svo að hægt yrði að taka málið fyrir á haustþinginu. — En við þurfum fyrst og fremst að bjarga vandamálinu um Egilsstaðahérað. Það mál þolir enga bið, sem kunnugt er. Ég sé því ekki annað en það verði að samþ. frv. þrátt fyrir breyt., sem gerðar hafa verið, því að annars væri öllu málinu stofnað í voða.

Helgi Jónasson: Mér kom málflutningur hv. síðasta ræðumanns (SEH) mjög á óvart. Hann virðist mjög óánægður með frv. eftir þær breyt. sem gerðar hafa verið á því. En ég vil benda hv. þm. á, að á morgun væri hægt að skerpa þál. og fá á hana betra orðfæri, færa hana til betra máls, eftir því sem við ætti.

Garðar Þorsteinsson: Út af því, sem hv. þm. Borgf. og fleiri sögðu um það, hvort ætti að ráða *margmenni eða fámenni um skipun læknishéraða*, ætla ég að segja nokkur orð.

Mér finnst engin algild regla vera um það, en um þetta efni ættu að vera ákveðnar lagasetningar. Það er engan veginn sanngjarnt, að tveir læknar, annar í allstórum kaupstað, hinn í strjálbýlli sveit, hafi sömu grunnlaun. Það á að fara eftir þeirri reglu um launagreiðslu, að því erfiðari sem héruðin eru, því betur séu þau launuð.

Í sambandi við, að Grímsey verði sérstakt læknishérað, vænti ég, að hæstv. forsrh. hljóti að játa, að skipun læknis þar hlýtur að byggjast á öðrum forsendum en íbúafjöldanum. Íbúar eru ekki nema 140, og þessir menn hafa ekki rétt til að hafa lækni. Ég hef ekki borið fram kröfu um, að Grímsey verði sérstakt læknishérað, en ég álít það fullkomlega athugandi, hvort ekki ætti að rétta íbúum þessa hrepps hjálparhönd. Vænti ég þess, að heilbrigðisstjórnin sé fús til að vinna að því að gera þessum mönnum lífið vænlegt. Þeir hafa sýnt hið mesta þrek í lífsbaráttunni, þessir menn, sem eru ekki frumbyggjar landsins, heldur útverðir.

Vona ég, að hæstv. heilbrmrh. skoði þetta ekki sem árás, heldur ósk um betri og hagfelldari lausn á þessu máli.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Rang. felld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ.

nei: GTh, JakM, JPálm, JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, GSv, JörB.

IngJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (JS, GG) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Gísli Sveinsson: Ég vil samþ. frv. óbreytt, eins og það er fram komið, og ekki stofna því í frekari hættu og segi því nei.

Brtt. 218 (4 og 5) felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, JJós.

nei: LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, JörB.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Lúðvík Jósefsson: Einungis vegna þess, að ég álít málinu stefnt í fullkomið óefni, ef gerð verður sú breyt., sem hér um ræðir, og frv. þannig sent Ed., þá segi ég nei við þessari till.

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég álíti það rangt, sem fram kemur í þessu, að búa til „pappírs"-læknishéruð, sem engir læknar fást til að þjóna, þá hefur þó meiri hl. þingsins alveg gengið inn á þá stefnu, og þar sem mér finnst nóg að láta það standa, sem í frv. er, þá segi ég já.

Sigurður Bjarnason: Vegna þess, að ég tel málinu í heild stefnt í hættu með því að samþ. brtt. þessa, og í trausti þess, að mþn. sú, er skipuð verður til að fjalla um þetta mál, taki þetta atriði til athugunar, þá segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Þótt ég álíti þessa till. fyllilega réttlætanlega og rétt að samþ. hana í haust, þá álít ég óheppilegt að þvæla málinu nú milli n. og segi því nei.

Gunnar Thoroddsen: Eins og ég tók fram í umr. í gær, viðurkenndi ég fullkomlega, að þörf kynni að vera fyrir þessa breyt., sem hér um ræðir. En ég tel hins vegar málinu stefnt í tvísýnu með því að samþ. þessa breyt. nú á síðustu stundu, og enn fremur veit ég, að mestur þorri þeirra þm., sem greiða atkv. með þessari breyt., gerir það í því eina skyni að eyða því, og þess vegna segi ég nei.

Brtt. 218 (6) felld með 17:15 atkv.

Frv. samþ. með 19:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 223).

---

6. *Nýbygging fiskiskipa.*

Á 13. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa (stjfrv., A. 48).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Í 22. gr. fjárl. 1944 er ríkisstj. heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 5 millj. kr. til smíði fiskiskipa, en þetta skal gert samkv. reglum, sem Alþ. setur þar um. Samkv. þessari ályktun frá síðasta Alþ. er þetta frv. til l. borið fram.

Hv. sjútvn. hefur haft málið til athugunar, og er frv., sem hér er flutt, að mestu leyti sniðið eftir því, sem meiri hl. sjútvn. lagði til. Þó eru hér gerðar breyt. á. Lagt er til, að fé það, sem veitt yrði úr framkvæmdasjóðnum, yrði þegar lagt í sérstakan sjóð, sem nefndist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. En þetta var nokkuð öðruvísi hjá n. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður og úr honum verði veitt fé til styrktar ísl. mönnum til að auka fiskiskipaflota landsins. Þeir, sem fá styrk eða lán, verða í fyrsta lagi að láta smíða skip sitt eftir teikningu, sem atvmrh. hefur samþ., og kaupa vél í skipið að fengnu samþykki ráðun. Í öðru lagi er gerð krafa um, að þeir, sem óska hjálpar, verði að láta ráðun. í té upplýsingar um fjárhag, atvinnu síðustu tvö árin o. fl. Hér er enn fremur gert ráð fyrir, að beinn styrkur verði ekki hærri en 75 þús. kr. á skip og nemi ekki meira en 25% af kostnaði við smíði skipsins, en lán, sem aðeins eru veitt gegn 2. og 3. veðrétti, nemi ekki meira en 85% af smíðakostnaði eða í hæsta lagi 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust og greiðist upp á 10—15 árum. Þá er hér einnig till. um, að sá, sem hefur fengið umgetinn styrk eða lán, geti ekki selt skip sitt nema að fengnu samþ. atvmrn., og reglur um, hvernig styrkir séu endurkræfir, ef skipið er selt. Fara þær eftir því, hvort tap er á sölunni frá upphaflegu verði skipsins eða ekki. Einnig er það tekið fram, að ef eigandi skipsins hættir að nota skipið að staðaldri til fiskveiða, sé réttur til að endurkrefja að fullu styrk eða lán. Gert er ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður Íslands taki við lánsfjárhæð, sem veitt kann að verða, og sjái um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og innheimtu afborgana. Loks er þess krafizt, að þeir, sem njóta styrks eða lána samkv. l. þessum, skuli láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipsins í því formi, sem krafizt yrði af henni, og enn fremur, að það sé á valdi framkvæmdavaldsins, hvort veita eigi lán eða beinan styrk í hverju tilfelli. Er það gert með það fyrir augum að binda það ekki nú þegar, hvora leiðina skuli farið, en það fer eftir því, hve skipin, sem styrkt verða af því opinbera, verða dýr og hversu miklu dýrari nú en gera má ráð fyrir í náinni framtíð.

Í sambandi við þetta get ég upplýst það um þær athuganir, sem farið hafa fram í Svíþjóð fyrir milligöngu ríkisstj. um smíðakostnað skipa, að verðið, sem fyrst var áætlað, nál. 5000 kr. á smálest, getur orðið töluvert lægra, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það, fyrr en uppdrættir eru komnir til Svíþjóðar af þeim skipum, sem á að fá tilboð í. Með þetta fyrir augum taldi ríkisstj., að réttara væri og eðlilegra, að ekki væri lögfest, hvenær styrkur skyldi veittur og hvenær lán, en haga framkvæmdum eftir því, sem réttara þætti, þegar fullar upplýsingar lægju fyrir um kjör, verð og væntanlegt framtíðarverð skipa.

Í 12. gr. þessa frv. er till. um, að ákvæði 6., 7. og 10. gr., sem fjalla um það, hvenær styrkir eða lán séu endurkræf, verði einnig látin ná til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkv. l., sem samþ. voru á sl. ári, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Að síðustu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til sjútvn., og beini því til n., hvort það gæti ekki orðið til að flýta afgreiðslu málsins, að samstarf yrði um það hjá sjútvn. þessarar hv. d. og Ed.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Mþn. í sjávarútvegsmálum hefur haft mál það, sem hér liggur fyrir, til athugunar, en þar sem nm. gátu ekki eftir alllangt starf orðið sammála, skiluðu meiri og minni hl. áliti til ríkisstj. hvor í sínu lagi. Frv. það, sem hér er lagt fram af ríkisstj., er, eins og áður hefur verið tekið fram, að mestu leyti samhljóða till. meiri hl. n.

Meginágreiningsatriðin milli meiri og minni hl. n. voru tvö. Í fyrsta lagi töldum við, sem minni

hl, skipuðum, að misráðið væri að veita mönnum beina styrki til kaupa eða smíða fiskiskipa, og teljum við lánveitingar miklu heppilegri. Annað atriðið í ákvæðum meiri hl., sem við gátum ekki samþ., er, að einn maður, atvmrh., hafi að kalla óbundnar hendur um ráðstöfun fjárins og eigi einn að úthluta 5 millj. kr. Þessi atriði töldum við sem sagt svo veigamikil, að þau ollu því, að við vildum ekki skila áliti með meiri hl. n.

Aðalatriðin í till. okkar voru þau, að skipuð yrði sérstök fimm manna n., sem hefði með ráðstöfun fjárins að gera. Þetta ætti að verða n. þeirra aðila, sem hér eiga einkum hlut að máli. Við lögðum til, að fulltrúar í n. yrðu valdir þannig: einn af Fiskifélagi Íslands, einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Fiskveiðasjóði Íslands og einn af atvmrh. — Ég geri ráð fyrir, að það sé óumdeilt, að þessir aðilar eigi hér mestan hlut að málum og eigi því eðlilegastan rétt til að ráða nokkru um þetta.

Þá gerum við einnig ráð fyrir, að þetta fé yrði fyrst og fremst notað til að kaupa fiskiskip til landsins og þau yrðu seld sjómönnum og útgerðarmönnum á fullu verði, en um leið veitt heimild til að veita þeim umsækjendum lán, sem fimm manna n. teldi hæfasta og sýnt væri, að þyrftu á aukaláni að halda til að geta eignazt fiskiskip. Í till. okkar er aftur á móti ekki gert ráð fyrir beinum, óafturkræfum styrkjum. Við álítum, að því fylgi sá stóri ókostur, sem alltaf fylgir styrkjapólitíkinni, hætta á misnotkun styrkjanna, og eins hitt, að með beinum styrkveitingum eyðist fé innan skamms, en ef lán væru veitt, mundi það endast til frambúðar.

Aðalvandkvæði á að eignast skip nú eru, að menn vantar nægilegt fé til að komast yfir skip, þar sem fáir hafa fé handbært og erfitt er að fá nægilega há lán. Hins vegar tel ég það víst, að ef útgerðar- og sjómenn fengju hagkvæm ríkislán, mundu margir ráðast í kaupin þrátt fyrir hið háa verð, sem nú er á skipum.

Nú er þess vænzt, að hægt verði að kaupa fiskibáta frá Svíþjóð fyrir helmingi lægra verð en hér er, og það kom fram, að fjöldi útvegsmanna í landinu sækir um að fá aðstoð til að kaupa ódýrari báta, miðað við þá, sem smíðaðir hafa verið að undanförnu. Og fjöldi þessara manna er miklu meiri en svo, að nokkrar líkur séu til, að hægt sé að sinna þeim öllum. Ef svo, auk þess sem velja þarf úr nokkra menn, sem eiga að fá að verða aðnjótandi aðstoðar við þessi bátakaup, ef einnig á að styrkja þá menn með fégjöfum, þá hygg ég, að þeim, sem ekki fá aðstoð til þess að kaupa bátana, þyki það allhart, að ekki skuli vera nóg, að þeir, sem valdir yrðu, fái aðstoð til að kaupa skipin, heldur fengju þeir einnig peninga að gjöf með skipunum. Það er þeirra skoðun, að hægt væri að selja flesta eða alla þá báta, sem líkur eru til, að við getum fengið frá Svíþjóð, á fullu verði hér innan lands, a. m. k. ef rýmkað væri svolítið um lánveitingu til þeirra, sem vildu kaupa skipin. En hér er farið inn á þá braut, sem að mínu áliti er fásinna nú, að bjóða mönnum og veita óafturkræfa styrki.

Atvmrh. hefur valið þá leið í samræmi við till. meiri hl. mþn. í sjávarútvegsmálum að leggja hér fram frv., sem inniheldur styrkjaleiðina. Hann hefur þó látið uppi við n., að hann teldi þá leið mjög hæpna, eins og nú standa sakir. Hann leggur til, að sjútvn. fái málið til meðferðar. Ég á sæti í þeirri n. og mun þar gera till. til breyt. á þessu frv. í þá átt, sem við höfum lagt til, að þetta frv. verði. Þetta mál hefur komið fram áður hér á þingi, og ekki fyrir ýkjalöngu var rætt um það, hvort heldur bæri að fara lána- eða styrkjaleiðina, þegar hvetja ætti menn til skipakaupa. Það varð ekki gott samkomulag um það, þegar síðast fór fram atkvgr. um það mál, og varð útkoman nokkuð blönduð. Var gert ráð fyrir bæði lánveitingum og styrkjum. En það kom fram þá strax á eftir, að aðalútgerðarfélögin lýstu yfir, að rétt væri að fara inn á lánaleiðina, en ekki styrkjaleiðina, svo að ég hygg, að útgerðarmenn séu á þeirri skoðun, að það, sem hér eigi fyrst og fremst að gera, sé að rýmka á lánveitingu, en ekki að styrkja þá. Hins vegar efa ég það ekki, ef gengið er frá frv. svipað því, sem hér er lagt til, að mönnum sé boðinn allt að 75 þús. kr. óafturkræfur styrkur samtímis því, sem boðið er upp á styrktarlán allt að 100 þús. kr., sem á að greiðast að fullu aftur, — að þá vitanlega vilji allir hinn óafturkræfa styrk.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni. En ég vil lýsa undrun minni á því, að hæstv. atvmrh. sjái sér ekki annað fært en fara inn á þá braut með þessu frv. að stuðla að því, að farin verði styrkjaleiðin. En það, sem hefur freistað hans í þessu máli, er að mínu áliti það, að það sé atvmrh. sjálfur, sem hafi með útdeilingu þessara styrkja að gera, og hann treysti sjálfum sér betur en öðrum til þess að framkvæma það.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): *Herra forseti.* — Ég tel rétt í tilefni af ræðu síðasta ræðumanns að benda á það, að eins og frv. er lagt hér fyrir og eins og ég ætlast til, að ljóst sé af því, sem ég tók fram hér áðan, þá er hér gert ráð fyrir, að hvort tveggja sé heimilt, að styrkja og lána. En það eru engin fyrirmæli um, að þessa styrki skuli veita, og það er eftir þessu frv. algerlega á valdi atvmrh., hver sem hann er, að ákveða, hvort veita skuli styrk eða lán.

Það er rétt tekið fram af hv. þm., að er ég talaði við hv. mþn., taldi ég ekki enn þá ástæðu til að veita mönnum styrki til að kaupa skip frá Svíþjóð, ef skipin væru með því verði, sem gefið hefur verið upp. Þessi skoðun mín er óbreytt og sýnir, að á meðan ég hef með mál þessi að gera, mun ég hegða mér eftir þeirri skoðun. En hins vegar taldi ég ekki rétt að útiloka, að hægt væri að verja einhverju af þessu fé til að styrkja menn til skipasmíða undir sérstökum kringumstæðum.

Afstaða mín er því óbreytt frá því, er ég talaði við hv. mþn. Og ég vildi gera þetta skýrt í tilefni af síðustu ræðu. — Mér sýnist ekki ástæða til að tala hér um það, að mönnum sé boðinn styrkur. Lögin heimila, að ríkisstj. geti veitt mönnum styrk, en hún hefur enga skyldu til að gera það. Og það er þá fyrst hægt að tala um, að mönnum sé boðinn styrkur, ef l. yrðu samþ. og ríkisstj. auglýsti, að menn skyldu senda beiðnir um styrki, en ekki lán. Þá fyrst væri hægt að tala um, að mönnum væru boðnir styrkir, en ekki fyrr.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki á þessu stigi fara mörgum orðum um þetta mál. En af þeirri deilu, sem orðið hefur um þetta, hvort heldur ætti að verja þessu fé sem styrkjum eða lánum, þá vil ég láta koma fram sem mína skoðun á því, sem hér um ræðir, að ég hafði litið þannig á, að þetta fé yrði veitt sem styrkir. Og það var með sérstöku tilliti til þess, að þessi fjárveiting var hugsuð sem hvöt og örvun til manna að ráðast nú þegar í aukningu skipaflotans. Og með tilliti til þess, að þetta væri gert, þá er það vitað, að það verð, sem verða kann á þeim skipum, sem nú á næstunni verða smíðuð, gæti orðið í mjög öfugu hlutfalli við það afurðaverð, sem standa ætti undir rekstri og útgerð skipanna. Þess vegna var þetta hugsað sem þátttaka frá ríkisins hálfu til þess að afskrifa þessa dýru báta, en hins vegar mjög brýn og aðkallandi þörf á því, að nú þegar væri undinn að því bráður bugur að auka fiskiskipaflotann. Þetta var það, sem vakti fyrir meiri hl. fjvn., sem stóð að því að bera fram þessa till. og þeita sér fyrir samþykkt hennar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í sambandi við þetta frv. og í sambandi við þá stefnu, sem komið hefur fram, að hér sé um að ræða að fara báðar þessar leiðir. Og það gefur mér líka enn meiri ástæðu til að láta þessa skoðun koma fram, að það mátti jafnvel skilja á ræðu hæstv. atvmrh., að hafi hann með framkvæmd þessa máls að gera, mundi hann frekar hallast að lánaleiðinni. Ég álít, að það sé ekki heldur heppilegt að hafa á þessu lánasnið og jafnvel undirskilið, að ekki þurfi að borga þessi lán aftur. Ég held, að það sé yfirleitt ekki heppilegt að vera að leiða þessi mál inn á þá braut að veita mönnum þessi óafturkræfu lán með það fyrir augum, að lánin skuli ekki verða endurgoldin. En aðalatriðið að áliti meiri hl. fjvn. var þetta, að við vildum ýta undir það, að nú þegar yrði gripið fyrsta tækifæri til þess að ráðast í skipasmíðar, þrátt fyrir það að þær yrðu allmiklu dýrari en ef lengur yrði beðið með slíkar framkvæmdir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins taka fram til viðbótar því, sem ég sagði áðan um þessar tvær mismunandi leiðir, að veita styrki eða hagkvæm lán, að það gefur að skilja, að það getur fullkomlega komið til greina að veita mönnum beina styrki til fiskiskipakaupa, ef það sýnir sig, að ekki er unnt að auka skipaflotann með öðru móti. En það hljóta allir að viðurkenna, að það er með öllu óeðlilegt að veita mönnum óafturkræfa styrki, ef það sýnir sig, að hægt er að efla skipaflotann án þess að fara styrkjaleiðina. Ef hægt er að efla skipaflotann með því að veita mönnum hagkvæm lán, ef hægt er með því að auka skipastólinn, þá er engin ástæða til að viðhalda áfram styrkjapólitíkinni.

Ég vildi aðeins taka þetta fram út af ummælum hv. þm. Borgf. Hann vildi túlka það þannig, að þessi 5 millj. kr. upphæð, sem verja ætti til eflingar bátaflotanum, hefði n. hugsað sér, að notuð væri sem styrkir til þess að kaupa eða smíða skip. En ég segi, að þannig lít ég á málið, að upphæðina eigi að nota þannig, að hún komi að sem allra mestum notum, til þess að við getum fengið sem allra fyrst ný skip í veiðiflotann. — Hitt er annað atriði, hvernig hið opinbera eigi að koma þeim til hjálpar, sem eiga of dýr framleiðslutæki, t. d. þessa stríðsgróðabáta, ef miðað er við rekstur komandi tíma. Það er úrlausnarefnið, hvernig hið opinbera komi þeim mönnum til hjálpar og afskrifi tækin í það, sem hæfilegt má teljast. En það, sem nú er rætt um, er þetta, hvaða ráðstafanir hægt er að gera til þess að auka flotann sem mest. Og allir sjá, að verði þessum 5 millj. kr. skipt niður á 40—50 menn, verður það til þess, að við bætum við okkur 40—50 skipum, og þá er sú upphæð þar með úr sögunni. En ef hún er notuð til lána, þá er hægt að nota hana til frekari lána, jafnóðum og lánin koma inn. Ég vil, að menn athugi þetta sérstaklega. Það er eitt atriði að afskrifa verð bátanna, en annað atriði, — og menn hljóta að viðurkenna, að til þess mun vera minni ástæða, — að veita styrki til þess að lækka stofnverð báta þeirra, sem eru og hafa verið smíðaðir í landinu og kostað tvöfalda þá upphæð, sem þessir bátar koma til með að kosta.

Hæstv. atvmrh. lýsti yfir því, að meðan hann færi með framkvæmd þessara mála, mundi hann í lengstu lög, að því er mér skildist, jafnvel í öllum tilfellum, nota sér heimildarákvæði l. þannig að veita lán, en færi ekki út í styrkveitingar, nema algerlega sýndist nauðsynlegt. Slík yfirlýsing frá honum er auðvitað góð að mínum dómi, en hún sýnir, að það, sem við í minni hl. höfum haldið fram, er mjög svipað því, sem hæstv. ráðh. hugsar í þessu máli: að eins og nú standa sakir, þá virðist honum ekki þörf að fara styrkjaleiðina, en vill þó gjarnan leyfa henni að standa í l. En það mundi leiða til þess, að hver og einn einasti mundi fara fram á styrk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 66 og 67).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ef til vill væri viðkunnanlegra, að hæstv. atvmrh. væri viðstaddur við þessar umr., en þar sem nauðsynlegt er að ljúka þessu, áður en Alþ. verður frestað, tel ég rétt að reyna að flýta því að koma málinu til 3. umr.

N., sem hafði málið til meðferðar, hefur klofnað, og skilaði hv. 6. landsk. sérstöku nál., og auk þess hafa tveir nm., hv. 7. þm. Reykv. og ég, gert sérstakan fyrirvara.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt. við 5. gr., að af vaxtalausum lánum, sem veitt kunni að verða, skuli innheimtu hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé eigi dregið út úr honum til annarra hluta. — Þessi brtt. er eins konar brú milli þeirra, sem vilja láta stuðninginn koma sem lán, og hinna, sem vilja láta hann vera styrk.

Hæstv. ríkisstj. hefur lagt til í upphaflega frv., að það yrði á valdi atvmrh., hvora leiðina yrði farið í hverju tilfelli, en hins vegar hefur minni hl. n. lagt til, að einungis verði veitt lán, engir

styrkir, og leggur fram sérstaka brtt. á þskj. 66, sem hann eflaust gerir grein fyrir.

Það er almennt viðurkennt, að nauðsynlegt sé að endurnýja skipastólinn, og einnig, að smáskipastóllinn verður ekki endurnýjaður, nema veittir verði til þess einhvers konar styrkir. Byggingarkostnaður hefur nú margfaldazt svo, frá því sem var fyrir stríð, að það er auðséð, að nauðsynlegt er að veita styrki í einhverri mynd. Um það voru allir nm. sammála. Ágreiningurinn í n. var fyrst og fremst um það, hvort veita ætti styrki eða lán. Við tveir nm., sem höfum gert sérstakan fyrirvara, teljum rétt að láta það vera á valdi þess, sem stuðninginn á að fá, en jafnframt teljum við, að svo sé framtíð sjávarútvegsins bezt tryggð, að styrkir verði yfirleitt veittir, þótt heimild sé til hvors tveggja.

Ég vil benda á, að jafnvel á friðartímum sjá nágrannaþjóðir okkar, Danir og Norðmenn, ástæðu til að efla skipastól sinn, bæði með hagkvæmum lánum og styrkveitingum til smíði fiskiskipa, þannig að nokkru fyrir ófriðinn voru smíðuð 500 vélskip í Noregi með ríkisstyrk, sem nam ¼ kostnaðar. Enn fremur eru styrkveitingar í samræmi við það, hvernig búið er að öðrum atvinnuvegum hér, t. d. styrkir til jarðræktar. Við 2 nm. viljum þó ekki gera mikinn ágreining um þetta, þótt við hefðum kosið, að styrkjaleiðin væri valin strax í byrjun.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta og óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Eins og hér hefur fram komið, gat n. ekki orðið sammála. Ég lýsti yfir því við 1. umr., að það væru tvö mikilvæg atriði, sem ég gæti ekki fallizt á og mundi leitast við að fá breytt. Þótt ég hafi þá gert grein fyrir þessum atriðum, held ég, að rétt sé að fara nokkrum orðum til viðbótar um þau.

Meiri hl. n. vill veita þeim, sem smíða eða kaupa fiskiskip, beina, óafturkræfa styrki, en ég hef lagt til, að veitt verði hagkvæm lán. Ástæðan til þess, að ég tel lánaleiðina heppilegri, er fyrst og fremst sú, að ég tel, að á þann hátt sé hægt að auka fiskiskipaflotann meira. Ef styrkir verða veittir, eru það 60—70 aðilar, sem smíða eða kaupa 60—70 skip og fá þessar 5 millj. kr., en verði veitt lán, geta miklu fleiri notið hlunnindanna.

Undanfarið hefur byggingarkostnaður á fiskiskipum verið mjög hár, talið, að hver smálest kosti hér 10—12 þús. kr., og hefur þá átt- til tífaldazt frá því fyrir stríð. Nú hefur verið mikið rætt um skipakaup frá Svíþjóð, og eru það einu fiskiskipakaupin, sem standa fyrir dyrum. Því er verið að setja þessar reglur í sambandi við þessi kaup. Talað er um, að þau skip muni kosta 3—4 þús. kr. á smálest, þriðjung þess, sem hér hefur verið að undanförnu. Ég tel fullvíst, — er reyndar kunnugt um það í sumum tilfellum, — að það eru ekki fáir, sem vilja leggja í að kaupa skip fyrir þetta verð án þess að vera hvattir sérstaklega til þess með beinum peningagjöfum. Ég held því, að þótt styrkjaleiðin yrði farin og 60—70 aðilum veittar þessar 5 millj. kr., fengjum við ekki fleiri skip til landsins en ef við veittum lánin. En sá er munurinn að mínum dómi, að upphæðin er þá úr leik og ekki hægt að nota hana framar til að auka við skipastólinn. En þá álít ég, að farið sé út fyrir þá braut, sem stefnt var að á sínum tíma.

Því hefur verið haldið fram af þeim, sem telja styrkjaleiðina rétta, að verðið á skipunum sé svo hátt miðað við venjulega tíma, að því sé nokkur þörf á að veita mönnum þennan styrk til skipakaupa sem nokkurs konar fyrirframafskrift á verði skipanna. En ég álít, að slík afskrift sé annað úrlausnarefni en hér liggur beint fyrir í bili, því að það er vitað, að fjölmörg atvinnufyrirtæki í landinu, skipasmíðastöðvar, bátar og verksmiðjur, standa í of háu verði, og það er sérstakt úrlausnarefni að koma því svo fyrir, að þau framleiðslutæki, sem til eru, geti risið undir þeim stofnkostnaði, sem á þeim hvílir. Þetta eru t. d. þeir bátar, sem á síðastliðnu ári voru smíðaðir hér á landi og kostuðu 10—12 þús. kr. hver smálest, sem geta verið komnir ofan í 4 þús. kr. hver smálest að stríðinu loknu. Það er því ekki ástæða að veita styrk til þessara skipakaupa frekar en til ýmissa hliðstæðra fyrirtækja í landinu. Auk þess hef ég bent á það, að ég tel mjög mikinn vanda að eiga að velja 50—60 aðila af 2—3 hundruðum manna, sem óska að kaupa þessi sænsku skip, og svo til viðbótar er það, að það á að færa þeim útvöldu, sem fá að kaupa skipin, veruleg fjárframlög með skipunum sem raunverulega gjöf. Ég sé ekki annað en þetta verði nokkuð vandasamt á sama tíma og menn bjóðast til að kaupa skipin fullu verði. Ég held sem sagt, ef þetta reynist svo sem allt bendir á, að sænsku fiskiskipin muni ekki kosta nema 3—4 þús. kr. hver smálest, að þá sé ekki þörf á að veita neinn beinan styrk til þessara skipakaupa. En hins vegar álít ég, að til séu ýmsir sjómenn og útgerðarmenn, sem nauðsynlegt er að veita nokkur viðbótarlán umfram það, er lánsstofnanir veita. Mér finnst því rétt að gera ráð fyrir því, að verja megi nokkurri upphæð í lán til slíkra manna, sem sýna, að þeir þurfi á þeim að halda og ættu að eignast skip að dómi þeirra manna, sem með þessi mál kunna að fara.

Ég hef líka bent á það, að rétt væri, að ríkið notaði þessar 5 millj. kr. til þess að láta smíða fyrir skip hér á landi og selja þau svo þeim, sem geta og vilja kaupa þau. Auk þess er það skoðun mín eins og margra fleiri, að styrkjaleiðin sé mjög hvimleið og að forðast beri þessa styrkjapólitík, sem rekin hefur verið hér undanfarið. Ég hef heyrt á mönnum úr öllum flokkum, að þeir vilja losna við þessa styrkjapólitík og stefna inn á þá braut. En svo hafa aðrir komið fram með þau rök, að vegna þess að hliðstæðir styrkir hafi verið veittir í öðrum tilfellum, þá sé rétt að veita þá hér líka. Með þessu finnst mér, að verið sé að festa sig í ógöngum í stað þess að hverfa frá þeim, áður en að sök kemur.

Ég hef líka bent á, að nokkur hætta væri á því, að ekki verði hægt að kaupa hina smærri báta frá Svíþjóð. En við notum allmikið 10—12 tonna báta, og það mun verða áframhald á því. En ólíklegt er, að þeir bátar, sem við fáum frá Svíþjóð, verði undir 30 smálestum. En ef það hins vegar blasir við þeim, sem þurfa að endurnýja þessar smáfleytur, að þessi endurnýjun kosti 10—12 þús. kr. á hverja smálest, þá getur vel komið til mála, að hið opinbera þurfi að skerast í leik með sér-

staka aðstoð. Það væri illa farið, ef þá væri búið að veita 5 millj. kr. að óþörfu í óafturkræfan styrk til aðila, sem kaupa stór og ódýr skip, án þess á nokkurn hátt að efla skipastól landsmanna fram yfir það, sem yrði, ef menn nytu lánskjara.

Þá er það annað atriði í frv., sem ég er óánægður með, en það er atriðið í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að atvmrh. veiti styrkinn. Mér finnst með öllu óeðlilegt, þegar um slíkan stuðning er að ræða eins og hér, 5 millj. kr. styrk úr ríkissjóði, að þá sé einn maður látinn hafa með þetta að gera eða svo til. Ég hefði helzt kosið, að sérstök n. hefði með þetta að gera, skipuð fulltrúum frá þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli. Þess vegna geri ég ráð fyrir því í till. minni, að sérstök fimm manna n. annist ráðstöfun fjárins samkvæmt því, sem l. leyfa, þannig að Alþýðusamband Íslands, sem eru skipulögð samtök sjómannastéttarinnar almennt, tilnefni einn fulltrúa, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sem er samtök yfirmanna á fiskiskipaflotanum, tilnefni einn mann og Fiskifélag Íslands tilnefni einn mann sem fulltrúa útgerðarmanna sjálfra. Fjórði maðurinn skal skipaður eftir tilnefningu frá Fiskveiðasjóði Íslands, sem er opinber stofnun og sér sérstaklega um þessi mál. Fimmta manninn skipar atvmrh. án tilnefningar. Með þessu álít ég, að þeir aðilar, sem ganga eiga fyrir um stuðning, sem sé sjómenn og útgerðarmenn, komi til með að hafa áhrif á það, hverjir njóta þessa stuðnings og komi þar til greina, eftir því sem Alþ. nánar ákveður. En hina leiðina, að aðeins atvmrh. sjái um þetta, að vísu eftir till. frá Fiskifélagi Íslands, get ég ekki fallizt á og tel hana óeðlilega.

Till. mínar miða fyrst og fremst að þessu tvennu, að hverfa frá styrkjapólitíkinni og breyta því ákvæði, að atvmrh. fari með þessi mál, en setja í staðinn sérstaka nefnd. En vegna þess, að þessi tvö atriði grípa inn í hverja einustu gr. frv., hef ég flutt brtt. við nálega allar gr. þess. Verði fyrsta brtt. mín felld, þá falla hinar reyndar af sjálfu sér, og þá mundi ég taka þær aftur, en reyna við 3. umr. að koma fram nokkrum breyt., ef menn geta ekki fallizt á þessar núna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég vil í tilefni af því nál., sem hér liggur fyrir, lýsa yfir fyrir mitt leyti, að ég tel þær tvær breyt., sem meiri hl. sjútvn. vill gera á frv., vera til bóta og er meðmæltur, að þær fái samþykki þessarar hv. d.

Um málið í heild, hvort það er æskilegt eða óheppilegt, að frv. verði að l., og hvort það geti komið til greina að fara bæði styrkja- og lánaleiðina, þá get ég að nokkru eða öllu leyti vísað til þess, sem ég sagði við framsögu þessa máls, og þarf ekki við það að bæta.

En í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem talaði mjög á móti því, að sú aðferð yrði höfð, sem þessi l. heimila, sem sé að fara bæði styrkja- og lánaleiðina, þá vil ég benda á það, að hann kom sjálfur að því nú í síðustu ræðu sinni, að örðugt mundi að fá smíðuð smærri skip í Svíþjóð en 10—20 smálesta. En smærri skip þarf að útvega og flytja til landsins, og gat hann þess réttilega, að hið opinbera þyrfti að láta í té nokkra aðstoð til þeirra, sem þurfa að láta smíða slík smáskip hér innan lands og yrðu nokkuð hart úti samanborið við þá, sem fá skip frá Svíþjóð. Það er einmitt þetta, sem ég tel vera meðmæli með því, sem hér er farið fram á, að framkvæmdavaldið eða ríkisstj. ákveði, hvort rétt sé að veita lán eða styrk, því að það hefur aldrei verið sagt, að þetta væri aðeins miðað við þau skip, sem nú er ráðgert að kaupa frá Svíþjóð. Þess vegna finnst mér, að í því frv., sem lagt er hér fram af ríkisstj., sé gert það, sem minni hl. telur vera æskilegt, sem sé, að hægt sé að veita aðstoð, þegar sérstaklega stendur á.

Um hina brtt. minni hl., að láta sérstaka n. úthluta þessum lánum eða styrkjum frekar en það yrði á valdi atvmrh. eða mál Fiskifélagsins, þá vil ég segja, að ég legg ekki mikið upp úr því, hvor aðferðin er höfð, en vil aðeins benda á, að það mun hafa verið svo og mun verða áfram, að vandamálum verður vísað til ríkisstj., og er hér ekki um neitt nýmæli að ræða.

Ég mæli með, að till. meiri hl. sjútvn. verði samþykkt.

Pétur Ottesen: Ég gat þess hér við fyrstu umr. þessa máls, að ég hefði talið það nær tilgangi þeirra, sem stóðu að þessari till., að veita ríkisstj. heimild til þess að verja 5 millj. kr. til skipasmíða, að fé þetta yrði veitt sem styrkur, en ekki sem lán. Gerði ég þá grein fyrir því og lagði á það áherzlu, að mikils væri um vert, að fé þetta yrði nú við fyrsta tækifæri notað til þess að örva menn til skipasmíða, og mætti búast við, að samfara því að nota fyrsta tækifæri til skipasmíða yrðu menn að mæta þungum kostnaði út af því, hvað skipin yrðu dýr. En til þess sem sagt að hvetja menn til að ráðast í að smíða ný skip, þá væri þannig með þessum fjárframlögum út rétt hönd ríkisvaldsins að taka nokkurn þátt í þeim fyrirsjáanlegu afskriftum, sem yrðu fram að fara á þessum skipum, þegar fara ætti að reka þau, eftir að annað verðlag er komið á afurðirnar en nú er.

Þegar frv. þetta kom hér fram, þá lét ég í ljós þá skoðun mína, að tilganginum yrði bezt náð með því, að fé þetta yrði veitt sem styrkur. Ég vildi, að málið hefði verið frá upphafi flutt á þeim grundvelli, og mér er ánægja að sjá, að tveir sjútvnmanna, þm. Ísaf. og 7. þm. Reykv., hafa einmitt tekið undir þessa skoðun og sett hana fram í nál. Ég vil skjóta því til þessara hv. þm., hvort þeir vilji ekki flytja brtt. við 3. umr. um, að tekið verði inn í þetta frv. ákvæði um það, að menn gætu valið á milli styrkja og lána með þeim hagkvæmu kjörum, sem gert er ráð fyrir í frv.

Mér skilst, að eins og frv. er orðað, þá sé gert ráð fyrir, að svo geti staðið á um efnahag manna, að ekki sé ástæða að veita þeim styrk, þó að þeir ráðist í skipakaup. Í öðrum tilfellum skilst mér, að nokkur ástæða geti verið til þess að gera greinarmun á því, hvað styrkurinn verður hár, en í frv., eins og það upphaflega er, er aðeins nefndur hámarksstyrkur.

Hv. 6. landsk. þm. hefur talað hér og sagt, að svo margir óskuðu eftir að fá smíðuð skip, að þar væri ekki yfir neinu að kvarta, og miðaði þá við þau skip, sem við væntanlega fáum smíðuð í

Svíþjóð. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að menn hafa skrifað ríkisstj. og sótzt eftir að geta notað þá möguleika, sem þar eru til skipasmíða. En ég býst við, að þessar umsóknir séu miðaðar við það, að gert sé ráð fyrir, að veittur verði styrkur til þessara skipasmíða. Það hefur áður verið farið inn á þá braut, því að Fiskveiðasjóði hefur verið heimilað að verja allt að 2 millj. kr. í styrk til bátaútvegsins, og er þegar farið að veita styrk samkv. heimild þeirra l. Ég veit ekki satt að segja, hvað þau skip, sem við fáum frá Svíþjóð, munu raunverulega kosta. Þar kemur margt til greina, sem upplýsingar vantar enn um. Þótt samið sé um, að skipin fullbúin kosti þetta eða hitt, þá getur vel svo farið, að það þurfi að geyma skipin í Svíþjóð, og sú geymsla getur kostað mikið fé. Það er vitað, að ekki dugir að láta skip, sem búið er að smíða, standa uppi á landi og gisna og rifna í sundur. Það verður að gera ráðstafanir til þess, að þau skemmist ekki við geymsluna. En það kostar stöðugt eftirlit, og auk þess er svo eftir að koma þeim hingað heim. Þetta mál er því ekki komið á það stig, að fullvíst sé, hvað skipin muni kosta komin hingað til landsins.

Það voru nokkur atriði í þessu frv., sem ég vildi minnast á, og vil ég beina þeim athugunum til hv. sjútvn., að hún taki það til athugunar fyrir 3. umr. málsins. — Það er þá í fyrsta lagi við 2. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir, að atvmrn. samþykki teikningar skipanna og Fiskifélag Íslands mæli með þeim. Hins vegar hefur mér skilizt, að að því er snertir vélar skipanna, þá eigi þetta að heyra undir atvmrh. einan, en Fiskifélagið hafi þar ekki tillögurétt, eftir því sem það er orðað í gr. En mér finnst ástæða til að krefja hér til kunnáttumann um það, hvernig haga skuli vélakaupum í þessu skyni. En þennan kunnáttumann hefur Fiskifélag Íslands á sínum vegum. Allir vita, að það er mikið mein hér á Íslandi, hvað margar vélategundir eru í bátunum okkar. Þetta veldur miklum kostnaði, og af þessu stafa mjög miklir örðugleikar, því að það er erfitt og dýrt að hafa alltaf varahluti í allan þennan fjölda véla. En þetta horfir öðruvísi við, ef um færri tegundir véla er að ræða. Ég álít þess vegna, að álits Fiskifélagsins ætti sérstaklega að leita um þetta atriði. Það þarf aðeins að breyta orðalagi gr. til þess að kippa þessu í lag.

Þá er það 3. og 4. gr. Í 3. gr. virðist mér ekki koma nægilega skýrt fram um íhlutun Fiskifélags Íslands, að því er styrkveitingar snertir, og þarf gr. því nokkurra umbóta við. Hins vegar er í 4. gr. gert ráð fyrir því, að ákvörðun um lánveitingar og styrkveitingar verði tekin með tilliti til efnahags umsækjanda. Mér finnst eðlilegt, að álits Fiskifélagsins sé líka leitað um það, hvort aðili komi til greina sem lánþegi eða styrkþegi, og um það, hversu hátt lán eða styrk hver einstakur maður skuli fá. Mér finnst, að Fiskifélagið ætti að fá að gera sínar till. þessu viðvíkjandi.

Þá er í 7. gr. talað um, að styrkir geti orðið endurkræfir, ef skip hættir fiskveiðum eða er tekið til annarra nota í meira en sex mánuði. Mér finnst, að hér ætti að skjóta inn í á eftir orðunum „til fiskveiða“ — „og fiskflutninga“, því að þetta er sama eðlis og nátengt hvort öðru.

Þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því, ef um lán sé að ræða, að afhenda skuli Fiskveiðasjóði Íslands lánsfjárhæðina og hann sjái þá um útgáfu skuldabréfa fyrir láninu og taki við greiðslu afborgana. Mér hefði fundizt eðlilegast að láta Fiskveiðasjóð hafa afgreiðslu á lánum og styrkjum og það því fremur sem Fiskveiðasjóður á að gera þetta án endurgjalds. En ef farið væri að fela þetta öðrum aðila, mundi leiða af því einhvern kostnað.

Loks er í 11. gr. svo ákveðið, að nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara geti ráðh. sett með reglugerð. — Það er náttúrlega sjálfsagt, að þar sé bætt við: „að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands“. Væri það í samræmi við l. um Fiskveiðasjóð, þar sem gert er ráð fyrir, að ráðh. setji með reglugerð ákvæði um nánari framkvæmdaratriði og um það eigi að leita álits Fiskifélags Íslands.

Ég vildi aðeins skjóta þessu til hv. sjútvn., að hún taki þessi atriði til athugunar, um leið og ég vil svo endurnýja tilmæli mín til hv. þm. Ísaf. og hv. 7. þm. Reykv. um það, að nokkuð væri betur um þetta búið, ef styrkjaleiðin yrði valin, en gert er í þessu frv. Og mér þykir alveg sérstök ástæða til að gera þetta frá sjónarmiði þeirra manna, sem álíta þetta hagkvæmara, af því að hæstv. atvmrh. lét orð um það falla við 1. umr. þessa máls, að sér væri lánaleiðin hugleiknari.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að setja einhverjar hömlur á, ef eigendaskipti verða á þessum bátum, og það er í samræmi við þá reglugerð, sem gerð var í sambandi við l. um Fiskveiðasjóð Íslands, að því er tekur til styrkveitinga úr sjóðnum. Þó ætla ég, að í þeirri reglugerð sé ákveðið, að þetta skuli aðeins gilda í fimm ár. Og þó að svo sé ákveðið, er náttúrlega hægt að framlengja það. En hér er í þessu frv. ekki sett neitt þannig lagað tímatakmark. Þess vegna er að sjálfsögðu, eins og líka vera ber, tekið ákvæði inn í þetta frv. um það, að ef verð skipanna, — miðað við þær kringumstæður, sem þá eru, þegar til slíks kæmi, — hefur fallið vegna verðfalls yfirleitt svo mikið, að styrkurinn væri horfinn af þeim ástæðum, þá komi ekki til, að krafizt verði neinnar endurgreiðslu. Enda hygg ég, að svo sé frá gengið í þessu frv., að öruggt sé, að ekki yrði farið inn á þá braut.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Atvmrh. hefur svarað hv. 6. landsk. nokkru viðvíkjandi þeim aths., sem hann gerði í sambandi við það, hvort heppilegra væri að veita þennan stuðning, er um ræðir í frv., sem lán eða styrk. Ég mun því ekki fara mikið út í það atriði, en undirstrika það, að það er ekki séð, hve mikið þessi sænsku skip munu kosta hingað komin, þó að allar líkur séu til, að þau yrðu ekki eins dýr og þau skip, sem smíða mætti hér á landi. Það er eftir kostnaður við að sigla þeim hingað til lands, eiga þau úti í Svíþjóð og margt annað, sem gæti orðið til þess, að þau yrðu allmiklu dýrari en gert er ráð fyrir. Þó að ríkisstj. hafi borizt allmargar umsóknir um þessi skip frá Svíþjóð, þá er þó ekki sagt, að menn treysti sér til að kaupa þau, ef þeir ofan á það að kaupa skip við margföldu verði við það, sem áður var, verða að velta þungum lánsbagga í stað þess, að þeir fengju skip, eins og látið hefur verið í veðri vaka á Alþ.

Í tilefni af ummælum hv. þm. Borgf. til okkar hv. 7. þm. Reykv. um að flytja brtt., þar sem frv. yrði breytt í þá átt, að einungis um styrki væri að

ræða, þá vil ég taka það fram, að við teljum okkur ekki fært að flytja slíka brtt., heldur fella brtt., ef fram kæmi. — Hv. þm. Borgf. benti á ýmis atriði í þessu frv., sem betur mættu fara, og sjútvn. mun reyna að taka þær aths. til athugunar milli umræðna.

Hv. 6. landsk. vakti máls á því, að styrkur, sem veittur væri úr ríkissjóði, gæti valdið spillingu. Það má vera, að eitthvað slíkt mætti um þetta segja. Þó hef ég ekki heyrt þess getið, að nein gagnrýni hafi komið fram um þá styrki, sem veittir voru eftir l. frá síðasta Alþ. Hafi það verið svo, að Norðmenn teldu nauðsynlegt að smíða 500 smá vélskip úr tré fyrir stríð með styrk að einum fjórða úr ríkissjóði, má nærri geta, hvílík nauðsyn rekur hér til að styrkja menn hér á landi til vélskipasmíða. Ég tel því, að allt mæli með, ef okkur er alvara með að undirbúa eitthvað þennan mikilvægasta atvinnuveg okkar, útgerðina, að við látum ekki á því standa að veita þetta fé sem styrk, en ekki sem lán, þar sem betur er séð fyrir framtíð útvegsins þá en annars.

Viðvíkjandi útlitinu á láni eða styrk taldi hv. 7. landsk. það varhugavert að leggja ákvörðun um slíkt í hendur ráðh. eftir þeim reglum, sem áður hafa gilt. Ef hv. 6. landsk. þætti það betra, þá mundi ég fyrir mitt leyti geta fallizt á brtt., þar sem ákveðið væri að leita til Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar. Þessar tvær stofnanir hafa gert till. um þá styrki, sem veittir hafa verið til skipakaupa, og um þær hefur orðið algert samkomulag milli þessara aðila og ráðuneytisins. Gera mætti ráð fyrir því sama, og ef hv. 6. landsk. þætti betur fara á því, gæti ég fallizt á þetta. Hins vegar tel ég ekki ástæðu til að taka úrskurðarvald um þetta úr hendi ráðh. og fela það sérstakri n. Mér finnst engin ástæða til að væna ráðh. um, að hann fari ekki eftir þeim till., sem koma frá þessum stofnunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, þar sem nauðsynlegt er, að þessari umr. ljúki sem allra fyrst.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Ég skal ekki vera fjölorður um þetta, því að nauðsynlegt er, að málið verði samþ. nú til 3. umr. Ég hef í raun-inni ekki mikið að segja umfram það, sem ég hef áður sagt. Ég hef lýst afstöðu minni til máls-ins, útskýrt, hvers vegna ég vil þær brtt., sem til-greindar eru á þskj. 66. En það voru fáein atriði í ræðu hæstv. atvmrh., sem ég vildi víkja að fáum orðum. Hann dró af ræðu minni þá ályktun, að ég ætti að geta verið samþykkur þeim atriðum frv., sem gera ráð fyrir bæði lánum og styrkjum, af því að ég hafi minnzt á, að komið gæti til mála að gera sérstakar ráðstafanir til styrkja handa smáskipum. En ég vil taka fram, að ég hef lýst yfir, að ákvæði þessa frv. eru fyrst og fremst sett vegna þeirra skipakaupa, sem nú standa fyrir dyrum, sem eru hin sænsku skip, og það ber því fyrst og fremst að miða þess-ar reglur, sem hér er verið að setja, við kaup á þeim skipum, en ekki skipum smíðuðum hér innan lands. Það er áreiðanlegt, að þótt ákvæðum þessa frv. yrði breytt til hins ýtrasta um beinan styrk þeirra, sem efna til smáskipasmíða innan lands, leysa þeir styrkir ekki á nokkurn hátt vanda þeirra, sem þurfa að smíða þannig. Það þarf því að taka það atriði sérstaklega til athug-unar, hvernig veita megi aðstoð þeim mönnum, sem ætla sér að smíða smáskip. En verði frv. samþ. eins og það er nú og gert er ráð fyrir styrkj-um, þá þýðir það það, að þeir sem kaupa hin sænsku skip, sækja allir um styrk og verður veitt-ur hann. Í frv. segir, að gert sé ráð fyrir, að menn geti valið um, en ég hélt, að það væri öllum mönn-um ljóst, að sé gert ráð fyrir því í frv., að menn geti fengið allt að 75 þús. kr. í styrk út á skip og á sama tíma boðið, að þeir geti fengið 100 þús. kr. lán, sækja auðvitað allir um lán, og það verður gengið fast eftir því að fá þessa styrki. En það þarf ekki að sanna það, að menn hefðu ekki ráð á skipakaupum án alls styrks, ef hann hefði ekki verið boðinn fram. Ég vil líka taka fram, að það gæti verið réttmætt að veita beinan styrk til skipasmíða, en aðeins undir þeim kring-umstæðum, að það lægi ljóst fyrir, að ekki veitti auðvelt að auka skipastólinn og mönnum reyndist ekki kleift að kaupa skipin, án þess að þeir væru styrktir til þeirra framkvæmda. En ég lít svo á, að það liggi ekki fyrir, að ýta þurfi að mönnum neinum peningagjöfum, til þess að skipastóllinn verði aukinn.

Ég vil undirstrika í sambandi við ræður hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ísaf., að enn þá er ekki fullvitað um verðið á sænsku skipunum. Þær upp-lýsingar liggja fyrir, að smálestin verði senni-lega um 4—5 þús. kr., en gæti e. t. v. orðið ódýrari. En þar sem ekki er fullvitað um verðið, er enn þá minni ástæða til þess að fara að ákveða, hvað eigi að veita mönnum háa styrki til kaupa á þessum skipum.

Það hefur verið minnzt á það hér, að Norð-menn hafi fundið ástæðu til að veita beinan styrk til fiskibátakaupa, en eftir því sem ég bezt veit, fylgja þeim styrkjum miklu strangari ákvæði en fylgja eiga þessum styrkjum, því að ríkið gat tekið skipið aftur, ef menn uppfylltu ekki ákveðin skilyrði. Líkist það því miklu meir láni en gjöf-um, eins og hér er um að ræða.

Ég hef litið svo á, að þessar 5 millj. kr. ætti að nota þannig, að þær kæmu að sem mestu gagni við aukningu skipastólsins, en ekki til þess að afskrifa þau skip, sem nú yrðu keypt á næstunni. Í þessu held ég, að meginmunurinn á meiri hl. og minni hl. sé fólginn.

Skúli Guðmundsson: Í 22. gr. fjárl. fyrir þetta ár er ríkisstj. heimilað að verja úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. til nýbyggingar fiskiskipa samkv. reglum, sem Alþ. setur. Það lítur út fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið þá ákvörðun að nota þessa heimild, og því hefur hún lagt fram þetta frv., sem hér liggur fyrir, um stuðning við ný-byggingu fiskiskipa. Þegar um það ræðir að ráð-stafa þessum 5 millj. kr., þá getur auðvitað verið um fleiri en eina eða tvær leiðir að ræða. Það getur verið um það að ræða, eins og lagt er til í þessu frv., að veita einstaklingum eða félögum og bæjar- eða sveitarfélögum hagkvæm lán eða styrki til skipakaupa eða skipasmíða. Líka gæti verið um það að ræða, að ríkið keypti eða léti smíða skip og ætti þau, annaðhvort til að gera þau út eða leigja þau öðrum, sem hafa útgerð með höndum.

Það er auðvitað ekki gott um það að segja

nú, hvaða fyrirkomulag verður á þessum rekstri í framtíðinni. Eins og kunnugt er, þá er starfandi hér mþn., sem á að gera áætlun og till. um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur, og hún á líka að gera till. um fyrirkomulag á stóratvinnurekstri. Þessi n. hefur ekki lokið störfum, enda er ekki mjög langt, síðan hún var skipuð, og verkefni hennar er stórt og umfangsmikið. Ég ætla engu að spá um það, hvaða till. muni koma frá þessari mþn. um þessi efni, en ekki þætti mér það ólíklegt, að útgerðin færðist í framtíðinni í það horf, að þar yrði um meiri félagsrekstur að ræða en verið hefur að undanförnu. Og mér þætti ekki ósennilegt heldur, að svo gæti farið, að það álitist heppilegt og jafnvel nauðsynlegt, að ríkið ætti eitthvað af skipum framvegis, ekki til þess að reka útgerð, því að það tel ég ekki, að mundi vera bezta leiðin, heldur til þess að leigja þau öðrum, sem vildu hafa reksturinn með höndum. Ríkið á nú margar jarðir, sem það leigir bændum, og á sama hátt tel ég það vel geta komið til mála, að ríkið ætti í framtíðinni að eiga eitthvað af skipum, sem það seldi á leigu sjómönnum og öðrum, er að útgerð starfa, með sanngjörnum kjörum. Yrði vitanlega að gera ráð fyrir því, að þeir, sem fengju þessi framleiðslutæki á leigu, greiddu hæfilega leigu og einnig hæfilegt fyrningargjald. Og m. a. yrði að tryggja, að ekki félli sjóveð á skipin, þannig að þau verðmæti, sem í þeim stæðu, eyddust á þann hátt. Það hafa oft verið nokkrar viðsjár með atvinnurekendum og verkamönnum, og er hætt við, að þannig geti einnig farið í framtíðinni. Ég held, að það gæti orðið vænlegast til þess að kveða slíkt niður og til þess, að friður héldist í þessum málum, að sjómennirnir og aðrir, sem að útgerðinni starfa, tækju reksturinn meira í sínar hendur en verið hefur að undanförnu. Ég get því vel búizt við því, að það þyki heppilegt, áður en langt líður, að ríkið leggi fram fé í því skyni að kaupa skip og leigja þau félögum sjómanna og verkamanna til útgerðar. Hin stærri skip eru og verða alltaf nokkuð dýr, og getur því verið örðugt fyrir þessa menn að ná eignarhaldi á þeim án þess að fá til þess einhverja aðstoð.

Ég ætla mér ekki að flytja neinar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir um ráðstöfun á þessum 5 millj. kr., en eigi að síður vildi ég láta þetta sjónarmið koma fram í umr. um málið.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég hef undirskrifað þetta nál. án sérstaks fyrirvara. Hitt er vitað, að tveir hv. nm. hafa látið þess getið í nál. og a. m. k. annar í ræðu, að þeir álíti, að þennan stuðning til skipasmíða, sem hér um ræðir, eigi að veita sem styrki, en eigi lán. Svo hefur einn hv. nm. sjútvn. flutt viðtækar brtt., sem eru nú eiginlega nýtt frv. í sjálfu sér, og hefur meiri hl. n., eins og kunnugt er, ekki getað fallizt á þær brtt. og telur réttast að samþ. frv. eins og það er. Þó vil ég segja það — og tek þar undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, — að vel má vera, að ýmislegt þurfi enn um að bæta í frv., sem meiri hl. hefur hingað til ekki fest sig svo mjög við, og að réttast sé, að afskipta og áhrifa Fiskifélagsins gæti þar meira en við höfum gert ráð fyrir. Ég vildi gjarnan vera með í því, ef tími væri til á milli umr., að athuga það með öðrum hv. nm. eða þm.

Ég skal svo segja það, að náttúrlega er ákaflega mikið vandaverk að kveða svo á um þetta fé, sem hér á að taka til að verja til stuðnings nýbyggingum og nýkaupum á skipum, svo að allir séu ánægðir með þær reglur, sem settar verða, — að ég nú ekki tali um framkvæmdina á þeim reglum, þegar fram í sækir. En ég er miklu nær skoðun hv. minni hl. n., hvað snertir „prinsipið" í þessu máli um lán eða styrki, heldur en skoðun meiri hl., þó að ég að öðru leyti geti ekki skrifað undir hinar mörgu brtt. minni hl. n. Það væri sjálfsagt hægt að deila um það lengi og eyða um það mörgum orðum frá báðum hliðum. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi stuðningur, sem hér á að veita, ætti frekar að vera í lánaformi. Mér finnst það viðkunnanlegra og í sjálfu sér réttlátara gagnvart hlutaðeigendum, og enn fremur eykur það ábyrgðartilfinningu þeirra, er hljóta, að það sé í lánaformi en beint framlag eða styrkur.

Hv. þm. V.-Húnv. lét hér uppi álit sitt lauslega um þessi mál, eins og eðlilegt er, og minntist á frumdrætti í stuðningi við nýbyggingu fiskiskipa. Ég er honum sammála um, að það sé oft — og oftast kannske — heppilegt, að útgerðin sé sameign eða þannig til hennar stofnað, að þeir, sem við hana fást, eigi þar hlut í. En hinu er tæplega hægt að neita, að á mörgum stöðum á landinu hefur þróunin samt sem áður ekki farið í þessa átt nú síðustu árin, og kunna til þess margar orsakir að vera. Og svo er það líka, þegar talað er um þróun í slíkum málum yfirleitt, að það sama á ekki við í hvaða veiðistöð, sem er. En að þróunin í stórum veiðistöðvum hefur víða orðið á annan veg en þann, sem hv. þm. V.-Húnv. taldi, að verða mundi heppilegur, að sameign og samvinna sjómanna væri á útgerðinni, það kann að orsakast af — og er í sjálfu sér nokkuð eðlileg afleiðing af — tilflutningi á vinnukrafti við útgerðina. Það er orðið algengt — og er raunar ekki neitt nýtt fyrirbrigði heldur —, að sjómenn t. d. af Norðurlandi og frá Austfjörðum og Vesturlandi ráða sig á báta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum til fiskveiða vissan tíma ársins og þá einkum á vetrarvertíð, og sami hópurinn fer svo á skip norðanlands, ýmist til fiskveiða eða síldveiða, aðra tíma ársins. Og fyrir þennan hóp manna verður það náttúrlega dálítið örðugt að vera við félagsútgerð, einkum sameignarútgerð, þó að það kunni að vera kleift í einstökum tilfellum, að þeir eigi sjálfir hluti í útgerðinni. En hugsun margra er nú samt orðin sú, að þeir vilja frekar ráða sig sem hlutarmenn — og þá sérstaklega, ef þeir geta fengið tryggingu fyrir vissu lágmarki kaups, eins og bólað hefur á. Það er í alla staði lofsvert, að ríkisvaldið stuðli að góðri afkomu þegnanna í þessu efni eins og öðrum.

Ég veit, að þegar hv. þm. V.-Húnv. bollaleggur um þessi mál, þá vitaskuld vill hann báðum aðilum allt hið bezta. En álit hans á því, að heppilegt mundi vera, að ríkið ætti báta og leigði þá út, get ég ekki fallizt á. Ég held, að það yrði ákaflega misbrestasamt í framkvæmd, því að það er nú fleira en skrokkarnir á bátunum, sem þarf að hafa í ferðina. Það eru ótal hlutir, sem fylgja hverju fari og fleytu. Og mér er sem ég sjái þær Hálfdánar-heimtur, sem yrðu á farviði og öðru slíku

á skipum, sem væru í opinberri eign og leigð einum hópi manna í dag og öðrum á morgun, eins og verkast vildi. Ég held, því miður, að slíkt fyrirkomulag yrði ekki heppilegt. Ég vil eins og hv. þm. V.-Húnv., að þessi skoðun komi fram. Og úr því að þessi skoðun kemur fram, vil ég gjarnan láta uppi álit mitt um það, að hér er brotið upp á fyrirkomulagi, sem að mínum dómi er ákaflega erfitt í framkvæmd, þannig að báðir gætu við unað, og á ég þá ekki síður við þann aðilann, sem væri eigandinn, hið opinbera, undir þeim kringumstæðum. Það mundi sennilega ekki skorta á, ef ríkið leigði þannig út skip, sem það ætti, og menn slægju sér saman um að taka þau á leigu fyrir eina vertíð, að þeir gerðu kröfur um það, sem þyrfti að fylgja skipunum. Og það er ærið margt, sem á að fylgja skipum, og þarf mikla aðgætni til þess að halda því öllu vel við. Og það er líka, þegar allt kemur til alls, líklega höfuðkosturinn við einkaeign á þessum skipum og einkarekstur á þeim, að við það færist ábyrgðin um viðhaldið á þeim hlutum, sem skipunum þurfa að fylgja, yfir á herðar eins manns eða kannske eins félags, oftast eins manns. Og ef það, að ábyrgðin á þessu sé á sem fæstum stöðum, er ekki driffjöðrin í því, að sómasamlega sé að öllum útbúnaði skipanna staðið og allrar sparneytni gætt og reynt að halda öllu til haga, sem fylgja ber skipunum, og að hafa þau í brúklegu standi frá ári til árs, þá verður þetta ekki frekar í lagi, ef ábyrgðin á þessu er mjög dreifð. Og í því falli, að hið opinbera ætti slík skip eða báta og leigði út Pétri og Páli, þá mætti segja, að ábyrgðin á þessum skipum væri að mestu horfin úr sögunni.

Ég geri ráð fyrir, að í þessu frv. sé, þótt það hafi sætt dálítilli athugun í sjútvn. þessarar hv. d., ýmislegt, sem enn þurfi að athuga, og er gott til þess að vita, að það á eftir að ganga gegnum aðra þd. og annan hreinsunareld, þegar það fer hér úr hv. d. En viðvíkjandi þessari meginreglu um styrki eða lán þá vildi ég, áður en málið fer til atkvæða, aðeins láta uppi skoðun mína, eins og ég hef nú gert.

ATKVGR.

Brtt. 66,1 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, PZ, SigfS, STh, ÁkJ, EOl.

nei: IngJ, JJós, JPálm, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, EystJ, FJ, GSv, JörB.

SB greiddi ekki atkv.

16 þm. (GTh, HelgJ, JakM, JS, ÓTh, SG, SEH, StJSt, SvbH, ÞG, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, GÞ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 66,2—11 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 67,a samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 16:2 atkv.

7.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 67,b (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 106).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Ég afhenti skrifstofu Alþingis fyrir hönd n. á tólfta tímanum í morgun skrifl. brtt., sem ég hygg, að sé hjá forseta. Vildi ég óska, að forseti vildi leyfa afbrigði, til þess að till. mætti koma fyrir.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt brtt. frá sjútvn. við þetta frv. Þar sem brtt. er of seint fram komin, þarf afbrigði, til þess að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 110) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hafði fund í morgun og tók til athugunar þær ábendingar, sem hv. þm. Borgf. hafði leitt athygli að á síðasta fundi við 2. umr. málsins. Höfum við tekið ábendingar þm. Borgf. til greina og lagt fram brtt., fyrst og fremst við 2. gr., þar sem við leggjum til, að orðalag gr. breytist þannig, að ótvírætt sé, að samþykki atvmrn. þurfi til vélakaupa í skip þau, er um ræðir í 1.

Önnur breyt. n. er við 3. gr., 2. málsgr., þar sem lagt er til, að gr. breytist þannig, að atvmrh. veiti fé úr sjóðnum að fengnum till. Fiskifélags Íslands. Ég skal geta þess í sambandi við þessa gr. sérstaklega, að koma mun fram brtt. frá einum nm. um það, að í stað þess, að atvmrh. veiti fé úr sjóðnum, þá verði það stjórn Fiskveiðasjóðs, sem veiti féð. Meiri hl. n. gat ekki fallizt á þessa till. Þar sem um er að ræða, að allmikið fé sé veitt úr ríkissjóði, þykir meiri hl. n. rétt, að ráðh. hafi úrskurðarvaldið, en ekki einstakar stofnanir, en að hann hins vegar leiti till. Fiskifélags Íslands, eins og nú er.

Næsta brtt. n. er við 7. gr., að við bætist í gr. „eða fiskflutninga" —, þannig að orðalagið verði: „eigi haldið út til fiskveiða eða fiskflutninga".

4. brtt. n. er við 9. gr., þar sem lagt er til, að Fiskveiðasjóður, auk þess að annast lánastarfsemina, annist einnig greiðslur þeirra styrkja, sem veittir yrðu eftir úrskurði ráðh.

5. brtt. er við 11. gr. og á þá leið, að leitað skuli till. Fiskifél. Íslands, áður en nánari reglugerð er sett um framkvæmd l. Væntir sjútvn. þess, að þessar brtt. fái samþykki hv. d.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég hef gerzt meðflm. með hv. 6. landsk. að tveim brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Breyt. þessar hníga í þá átt, að í stað þess, að sagt er í síðustu málsgr. 3. gr., að atvmrh. veiti styrki eða vaxtalaus lán, komi, að stjórn Fiskveiðasjóðs veiti styrkina, einnig að fengnum till. Fiskifélags Íslands.

Í samræmi við þetta er breyt. við 9. gr., þar sem komi, að Fiskveiðasjóður sjái um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og taki við afborgunum o. s. frv. Meginefni þessara till. er það, að í stað þess, að atvmrh., sem samkv. frv. er fengið úthlutunarvald þessara styrkja og lána, þá er þetta í brtt. okkar lagt undir stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Það þarf ekki mörgum orðum um þetta að fara. Þessar brtt. eru í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Ég vildi aðeins láta þau orð fylgja, að ég tel eðlilegt, að sú aðferð verði höfð, að þessi sjóðsstofnun hafi með úthlutun þessa fjár að gera. Einhver kann að segja, að þar sem ríkissjóður hafi lagt fram svo mikið fé, sé eðlilegt, að hann hafi til tryggingar áhrif á úthlutunina. Þessu er þar til að svara, að með þessu lagafrv. eru atvmrh. tryggð margvísleg afskipti og áhrif um það, hvernig úthlutun lánanna og styrkjanna er háttað, þannig að sæmilega vel virðist séð fyrir áhrifum ríkissjóðs í þeirri úthlutun, sem hér um ræðir.

Ég hef nú raunar ýmislegt fleira að athuga við þetta frv., en mun þó láta kyrrt liggja, en taldi rétt að verða samferða hv. minni hl. sjútvn., hv. 6. landsk., og tel, að með því að fara í þá átt sé meira samræmis gætt í þessu efni en samkv. því, sem meiri hl. sjútvn. og ríkisstj., sem bar fram þetta frv., leggja til. — Vil svo fara þess á leit, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir því, að þessi skriflega brtt. megi koma fyrir, þótt ekki sé búið að prenta hana enn þá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 111) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 110,a samþ. með 26 shlj. atkv.

— 111,1 felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞG, ÁkJ, EOl, GTh, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, STh.

nei: SkG, StJSt, SvbH, BG, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, IngJ, JJós, PZ, PÞ, PO, SK, JörB. GSv, JS greiddu ekki atkv.

8 þm. (SÞ, ÁÁ, BÁ, GÞ, GG, JakM, SG, SEH) fjarstaddir.

Brtt. 110,b samþ. með 21:2 atkv.

— 110,c samþ. með 22 shlj. atkv.

— 111,2 tekin aftur.

— 110,d samþ. með 22 shlj. atkv.

— 110,e samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 115).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Í 22. gr. fjárl. fyrir þetta ár er stj. veitt heimild til að verja úr framkvæmdasjóði allt að 5 millj. kr. til að styrkja smíði fiskiskipa samkv. frv., sem þ. samþ. þar um. Samkv. þessari heimild fjárl. er það, að stj. hefur lagt fram frv. það, sem hér er til 1. umr. í dag.

Áður en þetta frv. var lagt fyrir Nd., hafði stj. haft samráð við mþn. í sjávarútvegsmálum um þessar reglur og fengið frá n. tvö álit, því að n. klofnaði. Meiri hl. lagði til, að fénu yrði varið fyrst og fremst sem styrkjum, en ef til vill að nokkru leyti til lána, en minni hl. lagði á móti, að nokkru af fénu væri varið til styrkja, heldur eingöngu til lána. Stj. hefur valið þá leið að leggja til með þessu frv., að báðar leiðirnar verði opnar, og er gert ráð fyrir, að verja megi þessu fé til að styrkja menn til að koma sér upp nýjum fiskiskipum, annaðhvort með beinum styrkjum eða lánum. Tel ég fyrir mitt leyti heppilegt, að báðar leiðirnar séu opnar, vegna þess að um svo misjafna aðstöðu er að ræða.

Ég geri ráð fyrir, að samið verði um smíði allmargra fiskiskipa í Svíþjóð, og eftir því, sem nú liggur fyrir, er sennilegt, að verð þeirra verði svo hagkvæmt samanborið við það verð, sem nú er á skipasmíðum hér á landi og í Vesturheimi, að vart sé ástæða til að gera ráð fyrir, að verja þurfi þessu fé sem beinum styrkjum til að kaupa þar skip. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að hægt verði, a. m. k. ekki að þessu sinni, að hugsa til samninga um smíði lítilla skipa eða báta af stærðinni 10—30 tonn í Svíþjóð. Þá verður að smíða hér á landi og verða þá hlutfallslega dýrari en þau skip, sem ráðgert er að smíða erlendis. Af þessum ástæðum tel ég æskilegt, að báðar leiðirnar standi opnar, svo að veita megi lán, þar sem ekki virðist þörf á styrk, en styrkja hina, er erfiðari aðstöðuna hafa.

Frv. hefur verið breytt smávægilega í Nd., og eru þær breyt. flestar þess eðlis, að ég tel, að frv. hafi við það batnað, og því engin ástæða fyrir mig að mæla með frekari breyt. á frv. Ég leyfi mér því að mæla með því við hv. d., að hún geti fallizt á frv. með sem minnstum breyt. Sérstaklega vil ég beina því til hv. d., að mikil þörf er á, að þetta mál hljóti afgreiðslu, áður en þingstörfum lýkur að þessu sinni.

Ég legg til, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr., og vænti þess með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt, að n. geti orðið fljót að afgreiða málið frá sér til hv. d. aftur.

Gísli Jónsson: Ég tel rétt að hreyfa dálítið ummælum um málið á þessu stigi, einkum með tilliti til óska atvmrh. að flýta afgreiðslu málsins, áður en þingi sé slitið.

Ég hef kynnt mér þetta mál, og ég veit, að þótt þetta frv. verði samþ. óbreytt, þá verður það þrætuepli ávallt síðar og það verður sífellt verið að breyta því. Það verður óhjákvæmilegt að samrýma það ýmsum ákvæðum gildandi l., og ég tel, að varla muni fást samkomulag um það á því þ., sem nú er. Því vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann geti ekki sætt sig við, að þessar 5 millj. kr. séu látnar renna í Fiskveiðasjóð til afnota samkv. 6. gr. l. nr. 34 frá 2. apríl 1943. Þar var svo ákveðið, að það fé, sem lagt er þar inn, skyldi notað sem styrkur í þá átt, sem farið er fram á í þessu frv., en í a-lið greinir svo, hvernig veita skuli þau lán. Mér skilst, að með þessum hætti mundi nást sama takmarkið, deilulaust, nema ef Alþ. vildi síðar setja ákvæði um, hvað miklum hluta skyldi útbýtt samkv. a-lið og hvað miklu samkv. b-lið. Þess vegna vildi ég hreyfa þessu hér, áður en málið fer til n.

Ég sé, að mþn. í sjávarútvegsmálum hefur ekki orðið sammála um nein stórmál, og finnst mér þeim mun nauðsynlegra að fara varlega, þar sem n. hefur klofnað í þrennt. Sumir vilja, að fénu verði bara varið til lána. Ég fyrir mitt leyti er því fylgjandi. Það var deilt um, hvort gefa ætti þessar 2 millj. kr., og varð að samkomulagi að nota

ekki það fé framvegis sem gjafafé, en að þær 2 millj. kr., sem búið er að lána, verði notaðar til styrkja án eftirkröfu. Ég á erfitt með að skilja, ef nú á að taka þá stefnu að láta fé út sem gjöf, en ekki styrk, þvert ofan í ákvörðun síðasta þings. Ég álít það óhyggilegt af Alþ. að láta út svona mikið fé sem styrk án þess að setja um það nokkrar fastar reglur, ekki sízt á þessum árum, þegar útvegurinn er aðalundirstaðan að tekjum ríkissjóðs.

Þetta mál var nákvæmlega rætt hér sl. ár, og þarf ekki að endurtaka það, sem þá var sagt hér í hv. d. Mér finnst óviðeigandi, að Alþ. kasti frá sér að ákveða, hvort þetta fé sé veitt sem styrkur. Ef það vill halda báðum leiðum opnum til þess annaðhvort að fullnægja því sjónarmiði, sem kom fram í mþn., eða því, sem hér um ræðir, þá ætti að ákveða, hvað mikið er styrkur og hvað mikið lán. Mér finnst hér um of veigamikið atriði að ræða, til þess að Alþ. kasti frá sér að ákveða um það.

Eins og ég sagði áðan, þá vill meiri hl. eða tveir menn í mþn., að allt fé sé veitt sem styrkur, en oddamaðurinn segir ekki, hvorri stefnunni hann er fylgjandi. En mér skilst, að með því að hann hefur tjáð sig fylgjandi meiri hl., sem hallast að styrkveitingum, þá sé hann frekar á því, en þó ekki fastbundinn þeirri skoðun. Þetta vildi ég hafa tekið fram þegar á fyrsta stigi málsins.

Þá finnst mér í 5. gr. gæta misræmis og ekki sé hægt að framkvæma ákvæði hennar, svo að til gagns sé. Þar stendur, að það megi aðeins lána gegn 2. og 3. veðrétti, svo að auðséð er, að ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður láni áfram með 1. veðrétti. Fiskveiðasjóður má lána allt að 50—60% út á 1. veðrétt. Nú væri hægt að fá þannig 150 þús. kr. út á 1. veðrétt eða 1500 kr. á smálest á 10 smálesta bát. En samkv. þessu frv. má ekki lána úr framkvæmdasjóði meira en svo, að lánið verði — með lánum gegn 1. veðrétti — meira en 100 þús. kr. Það má því ekki láta l. verða svona, því að þau mundu verka þannig, að ekki yrði hægt fyrir nokkurn vélskipseiganda að taka lán hjá þessari nýju lánsstofnun. Það er bezt að ganga þannig frá því, að það geti náð tilgangi sínum, en þessar staðreyndir, sem ég hef bent á, stangist ekki á, eða m. ö. o. að veita þetta sem styrk, en ekki lán.

Í sambandi við 2. gr., þar sem sagt er, að stj. þurfi að samþ. val og kaup á vélum skipsins, þá tel ég það ákvæði hæpið. Við höfum fengið reynslu í því undanfarin ár, hversu erfitt er að sækja undir slíka aðila, sem veitt er það vald, sem stj. er veitt með þessu ákvæði. Þetta mundi skapa meira öngþveiti fyrir útveginn en svipað fyrirkomulag fyrir bílaeigendur gerði á sínum tíma. Það þarf ekki að segja mér, að þeir ráðh. í núv. stj., sem koma til með að fara með þessi mál og fylgja Framsfl., muni ekki hlúa að sínum mönnum á þessu sviði eins og öðrum. Ég tel óheppilegt að blanda pólitík í þessi mál. — Þá tel ég, að verði ákvæðin í 2. gr. látin halda sér, muni engar stofnanir vilja lána fé út á þessa báta nema sú stofnun, sem hér um ræðir.

Annað, sem ég tel óviðunandi, er það, að verði viðkomandi maður gjaldþrota, er ekki hægt að selja skipið nema með leyfi ráðh., sem setur upp, að ákveðin upphæð sé talin gildandi. — Þetta tel ég mjög varhugavert. Þessi ákvæði mundu hvorki gera skipið veðhæft né eigandi. Slíkt ákvæði er bókstaflega ógerlegt að eiga yfir höfði sér í rekstri skipsins, og sá tilgangur, sem l. hafa, mundi ekki nást.

Þá tel ég óheppilegt að skipta þessari hjálp í svo marga staði. Mér finnst eðlilegt að hafa allt fé hjá Fiskveiðasjóði. Menn, sem skulda slík lán, munu heldur vilja, að þau séu á sem fæstum stöðum.

Ég efa, að 12. gr. sé lögleg, en auk þess er óviðkunnanlegt, að með þessum l. sé gerð breyt. á öðrum l., án þess að tekið sé fram, að svo sé. En 12. gr. er breyt. á l. nr. 34 frá 1943 — og það svo stórvægileg, að ég efast um, að þær breyt. hefðu náð fram að ganga, ef þær hefðu verið bornar fram sem brtt. við þau l. Þessu hefur verið laumað hér inn, en e. t. v. án þess að viðkomandi menn hafi gert sér það ljóst.

Ég skil ekki, hvers vegna þeir, sem eiga eftir að taka lán, eiga að sæta miklu óhagstæðari kjörum en þeir, sem þegar hafa tekið sín lán. Það er þegar búið að veita 1300 þús. kr., en 700 þús. eru óveittar. Ég skil ekki, hvers vegna þeir, sem eiga eftir að taka þessar 700 þús. kr., eiga að sæta verri kjörum en hinir. Úr lánadeild er búið að lána aðeins 600 þús. kr., og sýnir þetta, að þriðji hver maður hefur heldur óskað að fá lán til lengri tíma en styrk. Þetta vil ég benda á þegar við 1. umr. í þessari hv. d. og vil, að hæstv. atvmrh. segi, hvort hann sjái sé ekki fært að mæla með því, að fénu verði veitt í Fiskveiðasjóð. En ég hygg, að það þurfi að athuga allar þessar reglur miklu betur en kemur fram hér í þessu frv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Barð. hefur spurzt fyrir um það, hvort ég vilji ekki fallast á, að ástæðulaust sé að vera með þetta frv., en veita heldur það fé, sem hér um ræðir, beint til Fiskveiðasjóðs. — Það segir sig sjálft, að við neitum. Þess vegna er þetta frv. borið fram, að við teljum heppilegra að hafa þessa meðferð á málunum en þá, sem hv. þm. bendir á. Samþykkt gerð á Alþ. í sl. des. sýnir, að hv. Alþ. ætlaðist ekki til, að sú meðferð væri höfð á þessu fé, sem hv. þm. stingur upp á, því að samþ. var, að þessu fé skyldi varið samkv. þeirri samþykkt, sem Alþ. gerði síðar. Hefði Alþ. verið þess fýsandi að fara þá leið, sem hv. þm. bendir á, þá hefði það gert það þá. Ég held því, að þetta frv. sé samkv. þeirri línu, sem Alþ. hefur sjálft markað, og vil því halda mér við það, sem ég sagði fyrr í dag, að mælast til, að hv. d. samþ. þetta frv. óbreytt.

Um það atriði, sem hv. þm. bryddi á, að hann væri á móti því, að nokkrar kvaðir væru lagðar á þá, sem vildu fá styrk, eða þeim sett nokkur skilyrði, vil ég segja þetta:

Mig undrar þetta nokkuð. Ég tel, að hv. þm. muni yfirleitt vera á því, að sjálfsagt sé, þegar ráðstafanir eru gerðar til hjálpar einhverjum, að einhverjar kvaðir séu lagðar á þann mann fram yfir þá, sem engan styrk fá. Ég held, að ákvæði 6., 7. og 10. gr. séu sjálfsögð, eins og er. En það, að 5. gr. heimili aðeins 100 þús. kr. lán samtals á skip, þá skil ég það ekki eins og hann. Ég skil það þannig, að lán samtals á 1., 2. og 3. veðrétt megi aldrei verða meiri en 85% af byggingarkostnaði og að lán úr þessum sjóði megi aldrei

vera meiri en 100 þús. kr. Þá gæti væntanlegur lántaki fengið 190 þús. kr., en ekki 100 þús. kr.

Í 2. gr., þar sem ákveðið er, að ekki megi veita lán nema til skipa, sem smíðuð eru samkv. uppdrætti, sem Fiskifélag Íslands hefur mælt með og ráðun. samþ., þá finnst mér það sjálfsagður hlutur, en að ekki komi til mála, að varið sé miklu fé til að hvetja menn til að fjölga fiskiskipum í landinu, nema tryggt sé, að smíði og vélar séu á þann hátt, að æskilegt sé að fá skipin í fiskiflotann. Ef hver mætti ráða sjálfur, þá gætu sum skipin verið svo, að ekki væri neinn fengur í þeim.

Þá leyfir hv. þm. sér á miður viðkunnanlegan hátt að dylgja um, að ég sem ráðh. muni misnota embætti mitt til framdráttar flokksbræðrum mínum. Ég veit mig ekki hafa gefið ástæðu til slíks og frábið mig slíkum dylgjum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af síðustu ummælum hæstv. atvmrh. vil ég segja, að ég hef hér ekki verið með neinar dylgjur til hans. Ég segi það ekki af neinum persónulegum kala til hans, að hvað langur sem ráðherradómur hans verður, þá standi hann ekki eins lengi og þau l., sem hér eru á ferðum. Hins vegar vil ég benda á, að í tíð ráðh. Framsfl. hér fyrr meir höfum við þá sorglegu reynslu, að viðskiptin voru þannig, að ekki var búandi við þau. Ég get bent á eitt sláandi dæmi. Árið 1935 voru sett l. um meðferð sláturfjárafurða. Ég veit ekki betur en að tilgangurinn með þeim hafi verið að tryggja allan innanlandsflutning fyrir SÍS. Enginn mátti slátra kind, nema hann væri í kerfisbundnum félagsskap, vitanlega kaupfélagi, en allir vita, að þau eru hluti af starfsemi Framsfl. (**BSt:** Þeir fengu það, ef þeir höfðu haft slátrunarleyfi fyrir 1933.) Síðan voru bændur þvingaðir til að fara inn í kaupfélögin til þess að fá að slátra kindum sínum. Síðan var innflutningi skipt eftir höfðatölu, og jók þetta auðvitað innflutning kaupfélaganna. Þessi dæmi sýna, að ekki er rétt að víkka þetta svið út og koma því þannig fyrir, að stj. ráði yfir því, hvort fiskimenn fái vélar í skip sín. (**BSt:** Ekki þó að sjálfstæðismenn væru í stjórn?) Það er það sama. Ég veit ekki til, að Bernharð Stefánsson væri svo ánægður með bílaeinkasöluna undir stjórn ráðh. Sjálfstfl., og það sýnir, hvernig fer, ef innflutningur er settur undir pólitíska ráðamenn, sem kunna að nota aðstöðu sína á pólitískan hátt.

Hvað viðvíkur því, að ekki megi setja kvaðir á menn, þá er það misskilningur, að ég hafi haldið því fram. Það er annað að setja kvaðir á menn eða setja þannig kvaðir á menn, að þeir geti ekki hagnýtt sér þau ákvæði, sem gilda í þeim l., sem eiga að vera þeim til hjálpar. Ef ráðh. ætlast til, að þetta sé skilið öðruvísi, þá á það að koma skýrt fram.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar við hæstv. ráðh. á þessu stigi, en mun síðar gera það, ef þörf krefur. Ég hef nú bent á mörg veigamikil atriði í þessu máli, sem vert er að veita athygli. T. d. ber að athuga það, að senn líður að þinglokum og þessu máli verður ekki lokið á einum eða tveimur dögum, þó að engar breyt. verði gerðar. En ekki verður hjá því komizt að gera breyt. á því. Það eru þegar komnar fram rökstuddar ábendingar um ýmis atriði í þessu máli, sem sanna, að margt í því rekst með öll horn og alla kanta á það, sem samþ. var á síðasta þingi.

Ég skil ekkert í hæstv. ráðh. að taka svona undir málið, nema það vaki fyrir honum að fá að valsa og galsa með þetta fé. En til þess fær hann aldrei mitt atkvæði. Ég mun gera allt annað en leyfa hæstv. ráðh. að fara með það eftir eigin geðþótta. Á það ber að líta, að þessi stj. hefur ekki nokkru sinni borið gæfu til að fá fylgi þm. til þess að fá leyfi til að sitja í þeim stólum, sem hún nú situr í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 166 og 178).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. um þetta mál hér í hv. d. gerði hæstv. atvmrh. ýtarlega grein fyrir tildrögum frv. og efni þess. Ég tel því óþarft að fara út í það nánar, nema því aðeins að sérstakt tilefni gefist, vil aðeins nú til að byrja með víkja að niðurstöðum sjútvn. um afgreiðslu málsins. Það fór þannig, eins og sjá má af nál., að sjútvn. klofnaði um málið, og leggur minni hl. til, að frv. sé gerbreytt og fénu ráðstafað á allt annan hátt en gert var ráð fyrir. Skal ég ekki ræða það frekar. Hv. frsm. minni hl. gefst kostur að gera grein fyrir því. En fyrir niðurstöðum meiri hl. skal ég gera örstutta grein.

Það mun verða að teljast óhjákvæmilegt, að áður en Alþ. er frestað, séu gerðar ákvarðanir um það, hvernig verja skuli því fé, sem heimilað er á fjárl. síðastliðins árs að verja til styrktar nýbyggingum fiskiskipa. Í þessu frv. er, eins og hv. dm. er kunnugt, gert ráð fyrir heimild til að verja þessu fé á tvennan hátt, fyrst og fremst til þess að veita lán gegn 2. og 3. veðrétti og þó áhættulaust að miklu leyti, lán, sem eru með mun aðgengilegri kjörum en nokkur lánsstofnun veitir, auk þess sem þau verða allmiklu hærri. En það atriðið, sem ágreiningur varð um í n., er það, að í frv. er gert ráð fyrir að veita styrki af þessu fé, sem eru að nokkru leyti óendurkræfir, ef lánin ganga til reksturs fiskiskipa. Um þetta atriði gat ekki orðið samkomulag í n. Minni hl. gat ekki fallizt á, að slík heimild væri lögfest. Ég skal játa, að mér og sennilega öllum er geðfelldari hin leiðin, áhættulánsleiðin. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að hæstv. atvmrh. hafi við umr. um málið í Nd. lýst yfir því viðvíkjandi þeim skipum og bátum, sem fyrirhugað er að kaupa frá Svíþjóð, að hann muni nota þá leið, áhættuleiðina, en alls ekki styrktarákvæðið. Ég er þessu fyllilega sammála, og ég hygg, að svo sé um meiri hl. sjútvn. allan. En við getum verið vissir um, að eftir þeim umsóknum, sem komið hafa um að fá að vera þátttakendur í kaupum á þessum bátaflota, sem hugsanlegt er, að við getum fengið frá Svíþjóð, að það er svo langt frá því, að skipasmíðaþörfinni verði fullnægt með því, sem

hægt er að búast við, að fáist frá Svíþjóð. Þess vegna finnst mér ekki annað fyrir hendi en hefja skipasmíðar í allstórum stíl hér innan lands.

Það er kunnugt öllum hv. þm., sem þekkja til sjávarútvegsins, að fiskiflotinn er af eðlilegum ástæðum svo úr sér genginn, að það verður að verja milljón ofan á milljón bæði frá einstaklingum og að einhverju leyti frá hinu opinbera til að koma honum í rétt horf og eðlilegt ástand, því að af völdum stríðsins hefur bæði fiskiskipum fækkað og við ekki haft tök á að framkvæma viðhald hans, svo að viðunanlegt væri. En við verðum að gera okkur ljóst, að ef við verðum að grípa til skipasmíða innan lands, þá verða þau skip allt að helmingi dýrari en skip þau, sem við gerum okkur vonir um að geta fengið frá Svíþjóð. Við verðum að horfast í augu við það ástand. Það má segja, að rétt væri að athuga, hvort ekki mætti leita lagfæringar á þessu á ýmsan hátt. Menn hafa heyrt raddir um, að mikið mætti bæta úr þessu með því að aflétta öllum tollum á efni til bátanna, og nokkru kann það að geta munað. Í öðru lagi hefur verið bent á, að farmgjöldin séu óeðlilega há. En ekki er rétt að horfa einvörðungu á þetta, því að við getum líka búizt við, að hráefnið, timbrið, hækki. Auk þess er vitað, að vinnulaun hér eru miklu hærri en í þeim löndum, sem við gætum haft viðskipti við, t. d. Svíþjóð. Ég er hræddur um, að erfitt verði að draga úr þeim lið og hann hljóti að verða hinn stærsti. Ég hugsa mér því, að það sé óhyggilegt að loka fyrir þennan möguleika og að rétt sé að veita beina styrki til bátasmíða hér innan lands, ef önnur sund kynnu að lokast, sem vel má búast við, að verði.

Þess vegna höfum við í meiri hl. ekki getað fallizt á að hverfa frá því, að þessi heimild væri til. Ég get vel ímyndað mér, að það sé ekki út í bláinn að ætla, að eftir stríðið verði töluvert af fólki hér á landi, sem nokkrir erfiðleikar verði á að útvega vinnu, en vafalaust verða allir sammála um, að úr því verði að leysa. Mér virðist að minnsta kosti, eins og málin horfa nú við, að jafnvel atvinnubótavinna við bátasmíðar gæti orðið arðsöm fyrir þjóðfélagið, og þess vegna tel ég mjög vafasamt að breyta þessu frv. nú þannig að útiloka þegar í byrjun þá leið að heimila að veita styrk til bátasmíða.

Ég geri ráð fyrir því, að reynslan sýni, að breyta þurfi þessum l., sem við setjum núna, eftir því viðhorfi, sem er á hverjum tíma í þessum efnum, því að það er alls ekki ólíklegt, að viðhorfið geti breytzt frá því, sem það er í dag.

Ég vil fyrir hönd meiri hl. sjútvn. mæla eindregið með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt, sérstaklega vegna þess, að ég tel, að fái frv. ekki afgreiðslu á þessu Alþ., þá geti tafizt, að gerðar verði þær ráðstafanir, sem mega ekki undir neinum kringumstæðum dragast og framkvæma þarf nú þegar á þessu ári. Á ég þar við skipakaupin frá Svíþjóð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, og ég mun fyrir mitt leyti reyna að stilla umr. í hóf hér eftir, ef málið gæti þá fengið skjótari afgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Það er ákaflega leiðinleg mynd af ábyrgðartilfinningu Alþ., að hér skuli vera að kalla auðir stólar, þegar verið er að ræða um það, hvernig ráðstafa eigi fimm millj. kr., og þegar verið er að skapa ákveðna reglu, sem verður til fordæmis síðar meir. Nál. minni hl. hefur nú verið útbýtt á þessum fundi, en ég er ekki viss um, að allir hv. dm. hafi gefið sér tíma til að kynna sér nál. eða haft ástæður til þess og þær miklu breyt., sem þar er farið fram á. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, hvort honum finnist ekki ástæða til að fresta umr. um þetta mál, þar til hv. alþm. hafa kynnt sér málið og þar til þeir geta borið ábyrgð á því, hvernig Alþ. ver fimm millj. kr. úr ríkissjóði. Á þessu getur oltið mikið um framtíð aðalatvinnuvegs Íslendinga, sjávarútvegsins, og finnst mér að þm. ættu að kynna sér þau rök, sem færð eru með og móti þessu máli. En hér virðist alveg gengið fram hjá því, og ef slík hefur verið meðferð málsins í Nd., þá getur þetta ekki leitt til blessunar fyrir þjóðina. Jafnvel hæstv. atvmrh. sér ekki ástæðu til þess að vera við og taka þátt í umr. eða segja álit sitt á þeim brtt., sem fram eru komnar. Ég vildi láta þetta koma fram nú í upphafi, því að ég tel ekki þýðingarlaust að koma hér með nokkrar athugasemdir, áður en málið er afgr. í þessari hv. d. Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að í öllum þeim n., sem hafa haft mál þetta til meðferðar, hefur ekki verið samkomulag um málið á neinn veg. Mér þykir því athyglisvert um mál eins og þetta, að það eigi þó að hraða því svo, að ekki sé tími til að brjóta það til mergjar og reyna að skapa um það samkomulag, sem ég álít, að hægt sé, ef menn vilja leggja sig fram til þess að leita að samkomulagsleiðum. Ég er ekki sammála hv. 1. þm. S.-M. um, að svo aðkallandi sé að afgreiða þetta mál nú á þessu Alþ., að ekki sé betra að fresta því, ef það fengist á því betri afgreiðsla á næsta Alþ.

Mþn. í sjávarútvegsmálum gat ekki orðið sammála um málið. Tveir af nm. vilja veita allt þetta fé sem styrk, en aðrir tveir vilja veita það allt sem lán. Loks virðist hv. 5. landsk. ekki enn hafa gert það upp við sig, hvort hann vill heldur fallast á styrkja- eða lánaleiðina, a. m. k. kom það ekki skýrt fram í n., en svo virðist, að í Nd. hafi það helzt verið afstaða hans til málsins, að atvmrh. mætti valsa og galsa með þetta fé eins og honum sýndist. Nú er það vitanlegt, að það má ekki undir neinum kringumstæðum gera það að aðalatriði þessa máls, hvort einn ráðh. fái leyfi til að úthluta fénu eða ekki, heldur hitt, hvort viturlegt er að nota það á þennan hátt eða einhvern annan. En það verður ekki séð, að þetta hafi vakað fyrir hv. þm. í Nd.

Það, sem vekur sérstaka athygli, er, að sá fulltrúi í mþn., sem kjörinn er af sjómönnum sjálfum eða a. m. k. af fulltrúum þeirra, sem valinn var eftir óskum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, — þótt það væri að vísu Sjálfstfl., sem valdi manninn, þá var það þó gert eftir ósk frá þessu félagi, — að hann hefur eindregið lagt til, að fé þetta verði ekki notað sem styrkur. Þessi maður hefur sérstaklega haft samband við fiskimennina sjálfa um þetta atriði, og ég fullyrði, að hann hefur haft ástæðu til þess að vera sjálfstæðari í skoðun á þessu máli en hinir nm., sem bundnir eru einhverjum persónulegum böndum eða flokksböndum með skoðun sína í þessu máli. Þess

vegna legg ég mjög mikið upp úr því, hvaða till. þessi maður leggur til þessa máls.

Það er hins vegar ekki rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að aðalágreiningurinn hefði verið um það, hvort veita ætti þetta fé sem styrk eða sem lán. Aðalágreiningurinn í n. var fyrst og fremst um það, hvort veita ætti þetta fé í lánadeild Fiskveiðasjóðs nú á þessu fyrsta stigi málsins og veita það aftur þaðan sem styrki eða lán. En andstaða hv. 1. þm. S.-M. var svo föst þegar á fyrsta stigi málsins, að hann þvertók fyrir að veita þessa upphæð í Fiskveiðasjóð til þess að veitast þaðan aftur sem styrkur eða lán. Hann vildi ekki og ekki heldur 9. landsk., að fé þetta rynni til Fiskveiðasjóðsins yfirleitt. Þegar búið var að gera út um þetta í sjútvn., þá kom það aldrei til greina, hve mikið af þessu fé skyldi veitt sem styrkur og hve mikið sem lán. Þetta veit hv. 1. þm. S.-M., að er rétt, og mig undrar þetta, af því að hann barðist fyrir því á síðasta Alþ., að slíkri upphæð yrði varið til Fiskveiðasjóðs, langmest til þess að lána út aftur.

Það varð samkomulag á Alþ. um það mál, að 2 millj. kr. skyldu settar í deild, sem sérstaklega var stofnuð við Fiskveiðasjóðinn, til þess síðar að veita styrk úr þeirri deild, en ⅓ af útflutningsgjaldinu skyldi um aldur og ævi verja í lánadeild þessa sama sjóðs, og skyldi fé þetta veitt á svipaðan hátt og nú er gert ráð fyrir, að fé þessu verði ráðstafað, nema hvað það er nú lagt í vald ráðh. Þess vegna fannst okkur, sem viljum fara lánaleiðina, að ekki væri ástæða til að stofna sérstakan annan fiskveiðasjóð til þess að gegna sama hlutverki og Fiskveiðasjóður Íslands eða réttara sagt lánadeild hans gegnir nú. Um þetta urðu aðalátökin í sjútvn., en ekki hitt, hvort veita ætti fé þetta sem styrk eða lán. Um hitt varð nokkur ágreiningur í n., en þó ekki mikill, hvort það væri Alþ., sem ætti að ákveða, að hve miklu leyti þessu fé skyldi varið sem styrkjum og að hve miklu leyti sem lánum. Að sjálfsögðu höfðu verið möguleikar til að ræða þetta í n. og ef til vill getað náðst samkomulag um málið þar. En það fékkst enginn samkomulagsgrundvöllur þar, vegna þess að meiri hl. í n. hélt því fast fram að samþykkja frv. óbreytt, svo að atvmrh. gæti farið með þetta fé eins og honum sýndist á hverjum tíma. Þetta gat minni hl. ekki beygt sig undir, og hann telur það engan sóma fyrir Alþ. að fara inn á þá braut.

Ég held, þótt þetta frv. nái ekki fram að ganga á þessu Alþ., að veitt sé heimild í fjárl. til að verja þessu fé til skipakaupa á þessu ári án nokkurrar frekari heimildar, og það hefur líka vakað fyrir hv. Alþ., þegar þetta fé var veitt til skipakaupa, að ríkisstj. hefði heimild til að kaupa ný skip inn í landið fyrir alla þessa upphæð. Ég hygg, að ekki þurfi að setja nein sérstök lagafyrirmæli, til þess að ríkisstj. geti gert slíka ráðstöfun, og þess vegna er ekki þörf nú á þessu Alþ. að setja frekari reglur um þetta atriði. En hitt er aftur eðlilegt, að áður en ríkisstj. selur þau skip, þá komi menn sér saman um einhverjar reglur, hvort heldur skuli selja skipin fyrir sama verð og fyrir þau var gefið eða lægra. Þetta eru atriði, sem setja mætti um reglur síðar og þarf ekki að hamla þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir að gera nú þegar.

Ég sé því ekki ástæðu til, að þetta mál verði afgr. nú á þessu Alþ. eða að það þyrfti neitt að tefja þær framkvæmdir, sem gera þarf í þessu máli, þótt afgreiðslu þess yrði frestað. Ég viðurkenni, að ég sem form. sjútvn. þessarar d. hefði getað notað þetta vald í n. til þess að leita umsagnar Fiskifélags Íslands, stéttarfélaga og annarra stofnana, sem hagsmuna eiga hér að gæta, en ég vildi ekki sem minni hl. í n. beita því valdi, sem ég hafði til að gera þetta, þótt ég hins vegar hefði getað gert það. En þá ber líka meiri hl., sem óskar, að þetta mál fái framgang, og vill ljúka því nú, ábyrgð á þeirri stefnu, sem tekin er í þessu máli.

Minni hl. leggur til, að á þessu stigi málsins verði ekki gert annað en það að breyta þessu í það horf, að allt fé verði veitt í Fiskveiðasjóð og síðan megi nota það samkv. ákvæðum l. nr. 34, 6. gr., a-liðar, frá síðasta Alþ. Ég verð að líta svo á, að ríkisstj. geti framkvæmt kaupin, eftir því sem henni þóknast, þegar Alþ. er búið að ráðstafa fénu þannig. Eftir till. Fiskifélags Íslands og annarra aðila getur ríkisstj. svo tryggt sér kaupendur að skipunum. Það má selja þau til þeirra aðila, sem óska að kaupa þau, með þeim lánskjörum, sem Fiskveiðasjóður má lána út á.

Ég er ekki sammála hv. 1. þm. S.-M., að hér sé ekki um styrk að ræða. Með þessu móti mætti lána allt að 85% af byggingarkostnaði skipanna. Ég tel, að þetta sé svo mikill styrkur fyrir menn, að vafasamt sé að ýta undir menn með að fara út í skipakaup, ef þeir geta ekki staðið undir 15% af andvirði skipanna. Breytist tímarnir svo, að enn meira þurfi að styrkja þessa menn, þá er heimilt að veita 3. veðréttar lán afborgunarlaust í fimm ár og vaxtalaust í tíu ár. Ég get ekki fallizt á, að hér sé ekki um stórkostlegan styrk að ræða. Hins vegar tel ég þá stefnu fjarstæðu að fara að mynda hér hreinan og beinan krepplánasjóð fyrir sjávarútveginn á þeim árum, sem hann er aðalauðlind ríkissjóðs. Slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. Ég veit ekki, hvar menn hugsa sér að taka tekjur í ríkissjóð, ef þessi skip geta ekki staðið undir þessum lánskjörum. Það þýðir þá að minnsta kosti ekki að hugsa sér að taka þær af sjávarútveginum, því að færi svo, væri hann stórkostleg byrði fyrir landið, en ekki hið berandi afl í landinu, eins og hann er núna.

Mig undrar mjög mikið, að hv. 1. þm. S.-M., sem barðist með þessari stefnu minni á síðasta Alþ., skuli nú ekki hafa þor eða skap í sér til að fylgja sannfæringu sinni, sem ég veit, að er óbreytt frá því, sem þá var.

Ég sé ekki ástæðu til að fara miklu nánar út í einstök atriði þessa máls. Ég hef lýst afstöðu minni hl. til þess, en ég vil aðeins að lokum taka það fram, að ég mun bera fram brtt. við frv. síðar, ef till. minni hl. verða felldar við þessa umr., og þá einkum og sér í lagi við 12. gr. þess, því að vitanlega er það engan veginn þinglegt að samþ. lagabreyt. á öðrum l. við lagagr. í þessu frv. Ég tel enga heimild yfirleitt fyrir því að fara svo með þetta mál að stórspilla með því l. um Fiskveiðasjóð, en þeirri löggjöf er stórspillt með 12. gr. þessara l. Ef endilega á að spilla löggjöfinni á þennan hátt, þá væri eðlilegra að bera fram beina brtt. við það frv., en ekki að klína

þessu hér við annað mál þessu óskylt. Ég vil í þessu sambandi minna á, að ráðun. hefur gefið út reglugerð við l. nr. 34 frá síðasta Alþ., og tel ég 10. gr. þessarar reglugerðar langt frá því að hafa stoð í þeim l., sem þar um ræðir. Finnst mér, að ráðun. ætti að endurskoða og breyta þeirri reglugerð.

Ég mun svo gera frekari grein fyrir þeim brtt., sem ég kann að flytja, við 3. umr. málsins, ef svo fer móti von minni, að till. minni hl. verða felldar, en ég tel, að þær komi þessu stórmáli í viðunandi horf, svo að það verði Alþ. ekki til vansa.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður, en tel þó, að ég verði að gera nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi er mér það ekki ljóst, hvað hv. frsm. minni hl. á við, þegar hann slær því föstu, að um þetta mál hafi ekkert samkomulag fengizt innan Alþ. Þetta mál hefur fengið sömu afgreiðslu í Nd. og öll önnur mál, og ég held, að það hafi verið afgr. sammála til Ed.

Mér skildist einnig á ræðu þessa sama hv. þm., að hann teldi, að sú brtt., sem minni hl. sjútvn. flytur, væri að hans dómi meira í samræmi við óskir og vilja Alþ. heldur en frv. eins og það var lagt fram í Nd. og er nú til 2. umr. í þessari hv. d. Hann virðist sem sé hafa þann skilning, að það hafi verið ætlun hv. Alþ., að fé það, sem um getur í 22. gr. núgildandi fjárl., færi til Fiskveiðasjóðs og annað ekki ráðlegt með það að gera. Ég benti á það við 1. umr., að ef þetta hefði verið vilji Alþ. í des., þegar fjárl. voru sett, þá mundi það hafa komið fram. En svo er ákveðið, að fé þessu skuli verja samkv. þeim reglum, er Alþ. setur. Ef það er vilji Alþ., að fé þetta renni í Fiskveiðasjóð, þá getur Alþ. ákveðið það. Í öðru lagi kom enginn hv. þm. í mþn. í sjávarútvegsmálum fram með þá till., að fé þetta skyldi renna í Fiskveiðasjóð, enda þótt þar yrði ekki samkomulag um þær reglur, sem um fé þetta skyldu gilda. Ég tek þetta fram af því, að það virðist ekki hafa komið fram þessi andi, fyrr en hv. þm. Barð. tók að tala um þessi mál.

Viðkomandi því, sem l. þm. S.-M., frsm. meiri hl., tók fram um það, hvað ég hefði sagt í Nd., þá tel ég rétt, að ég lýsi yfir, að verðlag á þessum skipum, sem nú eru líkur til, að við getum fengið í Svíþjóð, verður lágt samanborið við verðlag það, er verið hefur nú um stund hér á Íslandi. Ég tel því ekki ástæðu til að verja fé í beina styrki til kaupa á þeim skipum og mundi þar af leiðandi, að svo miklu leyti sem ég kynni að hafa með málið að gera, verða á móti því, að svo yrði gert, ef verðlag þeirra fæst á svipaðan hátt og nú er búizt við. Hins vegar tók ég það fram, að vegna öryggisreglna um siglingar yrði vart hægt að gera ráð fyrir því að sigla minni skipum en 30 rúmlesta frá Svíþjóð til Íslands og því yrði að búast við, að allir þeir, sem vildu og þyrftu að eignast minni skip en 30 smálesta, — t. d. 10, 15 eða 20 smálesta báta, sem eru hentugastir í allmörgum verstöðvum á þessu landi, — yrðu væntanlega fyrst um sinn að sæta því verði, sem er á bátum smíðuðum hér á landi. Og þá gæti komið til mála, — til þess að þeir, sem þá keyptu, væru ekki miklu verr settir en menn í hinum verstöðvunum, sem fengju skip frá Svíþjóð, — að veittir yrðu styrkir til smíði skipa innan lands. Þetta var ástæðan til þess, að ég sem atvmrh. hafði valið að leggja frv. fram eins og það er, að hafa hvora tveggja leiðina opna, um lán og beina styrki.

Ég lýsti því einnig í hv. Nd., að ég gerði það persónulega ekki að neinu kappsmáli, hvort það væri nefnd eða atvmrh., sem ætti að hafa úrskurðarvald í þessum málum, og að það væri að sjálfsögðu á valdi Alþ., hvað það vildi gera í því efni. En viðkomandi því atriði, að það sé nú orðið mikill tími til að gerbreyta frv., þá vil ég fyrir mitt leyti lýsa yfir, að ég lít svo á, að það sé alveg nauðsynlegt, áður en þingseta hættir nú, að þetta mál fái einhverja afgreiðslu, — því að ég er algerlega ósammála þeirri skoðun, sem kom fram hjá hv. þm. Barð., þar sem hann sagði, að vafalaust mætti kaupa skip nú fyrir þessa fjárhæð, án þess að nokkur samþykkt Alþ. kæmi til. Ákvæði í 22. gr. fjárl. segir, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 5 millj. kr. til smíði fiskiskipa samkv. reglum, sem Alþ. setur. Þetta orðalag virðist mér alveg skýrt, og ég verð að lýsa yfir, að ég teldi mér ekki fært, fyrr en Alþ. setur þessar reglur, að ráðstafa þessu fé. Ég tel, að það verði ekki hægt að nota þessa fjárupphæð til hjálpar eða styrktar eða hvatningar mönnum um kaup á þessum sænsku skipum, nema Alþ. setji reglur um það áður.

Um hitt atriðið, að kaupa skip fyrir þessa upphæð frá Svíþjóð, er það að segja, að það yrði ekki mikil framkvæmd, því að mér virðist, að það, sem kaupa mætti fyrir þessa upphæð eina, væru 10 eða 15 eða í mesta lagi 20 skip. Nú eru komnar til ráðun. yfir 250 óskir um skipakaup í Svíþjóð. Má búast við, að einhverjar af þeim pöntunum gangi úr, þegar farið verður að ganga eftir upplýsingum um ýmislegt, sem þessu viðkemur. En þessi tala bendir þó til, að mikill áhugi sé á því að geta komið til greina um kaup á sænskum skipum. Við höfum þegar fengið leyfi um 45 skip til innflutnings hjá stjórn Svíþjóðar og höfum sótt um að fá þá tölu hækkaða verulega. Og án þess að svar sé endanlegt komið um það, þá geri ég mér vonir um, að tala skipanna fáist hækkuð töluvert.

Með tilliti til þess, sem ég hef sagt, vil ég eindregið mæla með því, að þessi hv. d. afgreiði þetta mál á einhvern þann hátt, að svo gæti orðið, að áður en hv. alþm. hverfa heim frá þingsetu nú, hafi Alþ. sett reglur um meðferð fjárins, sem ætlað er á fjárl. yfirstandandi árs til stuðnings nýbyggingar fiskiskipa, svo að hægt verði að nota það.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Hæstv. atvmrh. var hér ekki við, þegar ég hóf mál mitt. Ég lagði þá áherzlu á, að ekkert samkomulag hefði orðið í mþn., sem fjallaði um þetta mál. En mér er fullljóst, að í hv. Nd. var samkomulag um að afgreiða málið á þann hátt, sem það var sent til þessarar hv. deildar, þrátt fyrir það, að ekkert heildarsamkomulag næðist um það í sjútvn. Nd. Og mþn. var þríklofin í málinu, eins og ég hef áður skýrt frá, svo að ekkert samkomulag er um þetta mál, þótt það hins vegar hafi fengið þinglega afgreiðslu. Þetta veit ég, að hæstv. atvmrh. viðurkennir.

Hæstv. atvmrh. segir, að sá skilningur hafi ekki

komið fram hjá Alþ. fyrr en nú, að þetta fé hafi átt að fara í Fiskveiðasjóð. Það er rétt. Það var ekki farið að ræða það út af fyrir sig, hvaða reglur ætti að setja um þetta. En þegar ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að taka upp í meginatriðum neinar aðrar reglur um úthlutun á þessu fé en þær, sem settar voru í fyrra um það fé, sem þá var látið ganga til lánadeildar Fiskveiðasjóðs, tel ég það ekkert óeðlilegt eða neina goðgá, þó að um það komi fram till. að láta féð ganga þá leið, þar sem það gerir sama gagn með minni kostnaði og það gerir, þótt frv. það, sem nú liggur hér fyrir, verði að lögum. Ég sé engin skynsamleg rök fyrir því, né heldur hafa þau komið fram, hvorki frá hæstv. atvmrh. né frá meiri hl. Alþ., að rétt sé að stofna sérstakan sjóð til þess að hafa með höndum nákvæmlega sama verkefni og vinna það að kalla nákvæmlega eftir sömu reglum og þeim, er settar hafa verið lánadeild Fiskveiðasjóðsins. Auk þess er það ódýrast að reka lánastarfsemina á þessu fé í einni og sömu stofnun, úr því að lánastarfsemin er byggð að heita má á nákvæmlega sams konar reglum. Þess vegna er það, að fram hefur komið till. frá minni hl. um að láta þetta fé, sem hér er um að ræða, ganga til lánadeildar Fiskveiðasjóðsins.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. segir, að þessar 5 millj. kr. muni ekki duga til að kaupa nema svo sem 10 skip eða milli 10 og 20 skip, eftir stærð þeirra og dýrleika, þá vildi ég fá upplýst eftirfarandi: Hvernig er það hugsað af hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur fengið heimild samkv. þessum l., ef frv. verður samþ., til þess að styrkja þessa menn og þá um leið, geri ég ráð fyrir, heimild til að gera alveg jákvæðar ráðstafanir til að kaupa skip frá Svíþjóð, sem mér skilst, að eigi að kaupa, ef frv. verður að l., að tryggja allt það, sem á vantar frá sérhverjum aðila, þegar lán eða styrkur hefur verið veittur af því fé, sem hér um ræðir? Er það hugsað þannig, að þessir menn, sem bátana fá keypta eða vilja kaupa, leggi fram fulla tryggingu fyrir því, að þeir hafi allt það fé, sem á vantar fyrir þessi skip, þegar þau koma? Eða hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að kaupa skip fyrir þessar 5 millj. kr. að viðbættum þeim hluta kaupverðs, sem kaupendur skipa geta venjulega fengið lánað í Fiskveiðasjóði, og því fé, sem þeir geta lagt fram sjálfir? Eða ætlar stj. sér aðeins að kaupa skip fyrir þessar 5 millj. kr., — og til þess tel ég hæstv. ríkisstj. hafa heimild samkv. fjárveitingu á fjárl., — og selja þau svo aftur til landsmanna eftir þeim reglum, sem Alþ. á sínum tíma samþykkir? Ef sú leið er valin, og hún er raunverulega sú eina, sem fær er, eins og málið stendur í dag, þá hrökkva þessar 5 millj. skammt til, og þá er ekki alveg víst, að málið sé leyst, þrátt fyrir það að við eigum kost á að fá þessi 45 skip í Svíþjóð, sem mér skilst, eftir upplýsingum hæstv. atvmrh., að ríkisstj. eigi kost á. Ég er ekki viss um, að hæstv. ríkisstj. sé örugg um það, að allir þeir menn, sem beðið hafa um skip frá Svíþjóð, hafi 75% af kaupverðsupphæð skipanna í handbæru fé, þegar ríkisstj. þarf á því að halda til þess að greiða skipin út. Og eins og málum er komið nú, sé ég ekki annað en það sé óhjákvæmilegt, ef þessi brtt. verður felld, að koma með brtt. um að fyrirskipa ríkisstj. að kaupa skip fyrir þessar 5 millj. kr. og selja þau síðan til landsmanna með þeim lánakjörum, sem fáanleg eru hjá Fiskveiðasjóði Íslands að viðbættum þeim styrkjum, sem frv. þetta heimilar, og nota síðan það fé, sem þannig kemur inn, til áframhaldandi skipakaupa á sama grundvelli, þar til styrkjaupphæðin er notuð að fullu. Ef fara á inn á þá leið, að þeir, sem vilja fá skipin keypt, annaðhvort allur sá hópur eða einhver hluti hans, setji fram tryggingu fyrir því, að kaupendur, hver um sig, geti greitt 75% kaupverðsins, þegar skipin koma til landsins, þá verður aldrei neitt skip keypt. Enginn veit, hvað stríðið kann að standa lengi. Og ef maður ætlar að kaupa t. d. eitt af þessum skipum, sem fást frá Svíþjóð, fyrir segjum 300 þús. kr., þá er það ekki lítil áhætta, ef hann á að tryggja 75% þess verðs alllöngu fyrir fram, leggja t. d. féð inn í peningastofnun, þar sem ríkissjóður getur gengið að því. Ég efast um, að margir geti gert það eða vilji gera það, því að það eru ekki margir milljónamæringar eða stóreignamenn á listanum yfir þá menn, sem bíða eftir svari um, hvort þeir geti fengið keypt eitthvað af þessum skipum.

Ég tek það aftur fram, að ég tel, að ríkisstj. þurfi ekki frekari heimild í l. til þess að nota þetta fé, sem hér er um að ræða, til kaupa á skipum og að fyrir þær ástæður sé ekki heldur þörf á að flýta málinu, sem hér liggur fyrir, á þeim hluta þings, sem nú stendur yfir, heldur sé miklu eðlilegra og skynsamlegra að athuga þessi mál öll mjög gaumgæfilega og finna síðan þær niðurstöður, sem meira samkomulag gæti orðið um í þinginu en sjáanlegt er, að verður um þetta mál á því stigi, sem það er á nú.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Barð. sló því hér fram, að ég mundi ekki hafa heyrt mál hans að nokkru leyti, af því að ég hefði ekki verið í deildinni. En það er ekki rétt, því að ég hef setið hér í salnum allan fundartímann og heyrt allt mál hv. þm. Barð.

Að sjálfsögðu lít ég svo á, að hver kaupandi skips frá Svíþjóð verði að tryggja það, þegar er pöntun hans er tekin til greina, að hann geti staðið undir kaupunum, sumpart með peningaframlagi og sumpart með tryggingu fjár í lánsstofnunum, sem verði að ganga til þess að greiða andvirði skipsins að þeim hluta, sem kaupanda ber að sjá um greiðslu andvirðis þess, þ. e. að undantekinni þeirri fjárhæð, sem viðkomandi kaupandi fengi loforð fyrir úr þeim sjóði, sem kann að verða settur á stofn með þeim l., sem hér liggur fyrir frv. um. Ég hef litið svo á, að ekki kæmi til mála neitt annað en þetta.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Út af upplýsingum hæstv. atvmrh. verð ég að segja það, að mér finnst hér ekki vera um mjög mikla aðstoð til útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja að ræða eða fiskimanna yfirleitt, þó að frv. þetta verði samþ., ef farið er eftir þessum skilningi hæstv. ráðh. á nauðsyn tryggingar frá hendi kaupenda. Það er alveg vitanlegt, að sáralítill hluti af þeim mönnum eða aðilum, sem sótt hafa um að mega nota þessa aðstoð, er fær um að setja þessa tryggingu, sem hæstv. ráðh. lýsti hér. Og ég efa stórkostlega, að Fiskveiðasjóður taki sér það vald á þessu stigi málsins að

binda með loforðum svo og svo margar millj. kr. til lána fyrir þessi skip. Ég veit ekki heldur, hvort það væri rétt af sjóðnum að gera það og gera sig þannig að því leyti óhæfan til þess að lána á sama tíma fé til annarra manna, sem kynnu að fara aðrar leiðir um skipakaup. Ég hygg, að þetta mál hafi verið hugsað svo lítið, að alveg sé rétt á þessu stigi málsins að samþ. till. minni hl. n. um að láta fé þetta ganga í Fiskveiðasjóð, þangað til a. m. k. að fram hafa verið settar meiri og skynsamlegri og betri ástæður fyrir því, að yfirleitt sé mögulegt að framkvæma það, sem hér er gert ráð fyrir með þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 178,1 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já:..GJ, KA, ÞÞ, BBen, BrB, StgrA.
nei: EE, GÍG, HG, HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, BSt.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Ég er ekki ánægður með frv. eins og það er, en ég vil hins vegar ekki greiða atkv. með þessari brtt., vegna þess að það mun setja frv. í hættu, en lögð er áherzla á að fá það samþ. sem heimild til þess að ráðstafa þessum 5 millj. kr. Þess vegna segi ég nei við þessari brtt.

Aðrar brtt. á þskj. 178 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki halda hér langa ræðu að þessu sinni. Það er þegar búið að ræða þetta mál nokkuð. Ég lýsti yfir því við 2. umr. þessa máls, að yrði till. frá minni hl. sjútvn. felld, þá mundi ég koma fram með viðtækar brtt. við 3. umr.

Fyrsta brtt. mín er við 1. gr., að hún orðist þannig:

„Fé því, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa samkv. XX. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1944, skal ríkisstjórnin verja til þess að kaupa fyrir ný fiskiskip til landsins svo fljótt sem auðið er, eftir að fengizt hafa hagkvæm kauptilboð, eða verja því til að smíða ný skip innan lands, allt í samráði við Fiskifélag Íslands. Skal ríkissjóður síðan selja þau skip, er hann þannig kaupir eða lætur smíða, til landsmanna, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, með þeim lánskjörum, sem um getur í lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, ásamt þeim breytingum, sem gerðar eru á þeim lögum með lögum nr. 33 2. apríl 1943."

Ég tel, að þessi brtt., sem er meginbrtt. mín, nái því, sem til er ætlazt með því að ákveða, að 5 millj. kr. skuli verja úr framkvæmdasjóði ríkisins til þess að kaupa skip til landsins. Ef þessi brtt. nær samþykki, þá flyt ég ekki aðrar brtt., og vænti ég þess, að hv. dm. fylki sér utan um þessa lausn, því að hún er sú eina, sem Alþ. getur raunverulega verið þekkt fyrir að standa að á þessu stigi málsins.

Bregðist þetta, þá er samt ógerningur, að frv. verði samþ. óbreytt, og þá leyfi ég mér að flytja brtt. til vara. Kemur þá fyrst brtt. við 3. gr., 2. málsgr., að gr. orðist þannig:

„Þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, veitir mþn. í sjávarútvegsmálum, kosin samkv. ályktun Alþ. 9. febr. 1943, styrk eða vaxtalaust lán."

Ég tel það einmitt til stórbóta, að sú n., sem falið hefur verið að athuga allt þetta mál, — og hv. atvmrh. upplýsti, að frv. væri byggt á niðurstöðum hennar, — að einmitt hún ráði því, hvað mikið verður veitt af þessu fé sem styrkir og hvað mikið sem lán, en þetta heyri ekki undir atvmrn. á hverjum tíma. Eins og ég hef áður tekið fram, þá er þetta ekki vegna þess, að ég vantreysti núv. atvmrh. neitt sérstaklega til þess að hafa umsjón með þessu, frekar en t. d. öðrum ráðh. af hans flokki, — en hins vegar er það ekki mín persónulega ósk, að hann verði svo lengi ráðh. sem búast má við, að lög þessi gildi, — heldur er það af hinu, að ég tel það algerlega óverjandi að gefa fylgislausum ráðh. það vald að úthluta eftir eigin geðþótta 5 millj. kr.

Enn fremur er brtt. við 5 gr. Þessi gr. er ekki ljóslega orðuð, og má frekar skilja hana svo, að ekki megi lána nema 100 þús. kr. samanlagt bæði úr þessum sjóði og öðrum sjóðum út á eitt og sama skipið. Því verður brtt. við 5. gr. þannig, að í stað orðanna „þó aldrei hærra en 100 þús. kr." í 2. málsgr. komi: „enda verði eigi veitt meira en 100 þús. kr. út á hvert skip gegn 2. og 3. veðrétti."

Þá vil ég enn fremur bera fram brtt. við 6. gr., og kveður hún á um það, að 1. mgr. þeirrar gr. falli niður, en gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt 1. þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast."

Ég tel enga sérstaka ástæðu til þess að hafa þetta ákvæði út af fyrir sig í l. og vil meðal annars benda á, að ef til þess kæmi, að bæjarfélagið, hvort heldur í Reykjavík eða annars staðar, kynni að kaupa svo mikið af þessum bátum, þá er spursmálið, hvort þau geti selt þessa báta eða skip aftur, nema því aðeins að endurgreiða allan styrkinn, þannig að þau geti ekki framselt þessi réttindi til hinna nýju kaupenda. En það mun hafa í för með sér, að bæjarfélögin mundu tæplega fást til þess að auka við fiskiflotann nema hafa fyrst tryggingu fyrir því, að þessu lagaákvæði yrði ekki beitt. Það er því sjálfsagt að afnema þetta ákvæði strax, svo að ekki verði hægt að beita því.

Þá legg ég og til, að 7. gr. verði felld í burtu, en gr. þessi fjallar um, að hafi skipi eigi verið haldið úti til fiskflutninga, fiskveiða eða það hafi verið tekið til annarra afnota meira en sex mánuði, skuli ráðun. hafa heimild til að krefjast að fullu endurgreiðslu á veittum styrk. Það þarf ekki annað en skip verði óstarfhæft af óviðráðanlegum orsökum, vél í því bili eða það strandi og væri

í viðgerð meira en sex mánuði til þess að missa við það öll réttindi til styrks og ráðun. fengi rétt til þess að mega krefja hann aftur. Mér finnst mjög óviðeigandi, að slíkt standi í l., að nokkuð ráðun. hafi eins víðtækt vald og því er gefið hér á þessu sviði.

Hið sama er að segja um 8. gr., að ég legg til, að hún verði felld niður. Þessi gr. mælir svo um, að styrk eða lán skuli ekki greiða fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn. Þetta eru miklu harðari kjör en sett voru um sams konar réttindi í fyrra, því að þá var ætlazt til, að greiðsla færi fram í þrjú skipti, a. m. k. ef skip væri smíðað hér innan lands. Fyrsta greiðsla skyldi fara fram, þegar kjölur væri lagður, önnur, þegar skipið væri tilbúið til að taka inn vélina, og hin þriðja, er skipið væri fullbúið. Samkvæmt þessum l. verður viðkomandi hins vegar að hafa tryggt sér annaðhvort allt fé eða lán út á þennan styrk, sem svo oft kann að bregðast. Þess vegna vil ég, að þessi gr. verði felld niður. Um hana má svo setja reglugerðarákvæði, ef ríkisstj. þykir ástæða til, og finnst mér sami grundvöllur mætti vera þar og er í hliðstæðum l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Þá ber ég einnig fram brtt. við 9. gr. um það, að Fiskveiðasjóður Íslands skuli sjá um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og taka við greiðslu afborgana. Það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að þetta sé allt undir þessari sömu stofnun, þar sem Fiskveiðasjóðurinn á að gera árlega skil fyrir innheimtum afborgunum og hefur eftirlit með öllum skuldum, sem kynnu að hvíla á þessu fyrirtæki.

Að síðustu ber ég fram þá brtt. við 12. gr., að sú gr. verði felld í burtu. Hún kveður á um, að ýmis ákvæði þessara l. skuli gilda fyrir allt önnur l. Þar með er þrengt mjög mikið kosti þeirra manna, sem gætu fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands, ef þeir mættu taka þau samkv. þeim ákvæðum, sem þau l. kveða á um. Með þessu eru lánin því gerð miklu óaðgengilegri en þau eru nú í þeim l. Ef ástæða er til að breyta þeim ákvæðum, finnst mér eðlilegast, að það sé gert með hreinum lagabreyt. á þeim l., og gæti þá komið til greina að breyta ýmsum öðrum ákvæðum að fenginni reynslu, eftir að þau hafa staðið í svo og svo langan tíma.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta, þar sem ég hef þegar lýst till. mínum, og leyfi mér hér með að afhenda þær forseta. Ég vil taka það fram, að verði 1. gr. samþ., verða allar hinar teknar aftur. Að öðrum kosti óska ég eftir, að till. verði bornar upp í þeirri röð, sem þær liggja fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 214) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er að vísu dálítið erfitt að ræða þessar till. hv. þm. Barð., þótt þær hafi verið lesnar upp skilmerkilega, því að þær eru svo margbrotnar, að erfitt er í fljótu bragði að átta sig á hinu raunverulega innihaldi þeirra. En það lætur að líkum, að ég, sem hef fylgt þessu frv. óbreyttu, mun ekki taka við slíkri grautargerð sem þessari með neinni lyst, og ég er hræddur um, að svo geti farið, að fleiri hv. dm. þyki grauturinn nokkuð snöggsoðinn. (**BrB:** Hafragrautur þarf ekki að sjóða nema í 3 mín.) Eitt er þó ljóst af þessum brtt., að verið er að gera tilraun til að gera málið að engu. Það kann vel að vera, að þessi tilraun sé óafvitandi gerð, en svo mikið er víst, að verði brtt. samþ., mun málið ekki ná fram að ganga á þessum hluta þings. Nægir mér að vitna til ummæla minna hér fyrr í dag, að ég teldi þetta atriði svo mikilsvarðandi, að ég vildi ekkert eiga á hættu um, að málið yrði ekki samþ. á þessum hluta þings, og mundi því ekkert gera til þess að tefja það.

Ég skal aðeins benda á eina brtt., sem ég man nokkurn veginn, þess efnis, að það er mþn. í sjávarútvegsmálum, sem á að úthluta styrknum, þegar ríkissjóður er búinn að kaupa skipin og á að fara að selja þau aftur. Mig furðar mjög á því, að þetta skuli koma frá hv. þm. Barð., eins og hann lýsti þessari n. í dag, að hún væri a. m. k. klofin í þrennt um þetta mál eða ef til vill í fimm hluta, og þó voru þessir partar ekki samstilltir, tveir og tveir héngu að vísu saman, en þó ekki að fullu sammála. Svo er það þessi n., sem hann vill, að úthluti þessum hlunnindum. Þetta út af fyrir sig gerir það að verkum, að ég get ekki fylgt neinni af brtt., því að þarna er flm. svo gersamlega í mótsögn við sjálfan sig eftir lýsingu hans í dag á þessari n. Annaðhvort er honum ekki ljóst, hvað hann er að fara, eða hann er að koma málinu fyrir kattarnef. Ég segi því rétt eins og er, að ég vænti þess, að hv. dm. taki þann kostinn að hafna öllum þessum brtt., því að sýnt er, að hver einasta brtt., sem samþ. verður, leiðir til þess, að málið verður að fara til n. Ég veit einnig, að allar þessar brtt. eru í fyllsta ósamræmi við vilja meiri hl. hv. Nd. Ég verð því að leggja til, að hv. dm. felli allar þessar brtt. og að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Hv. dm. verða því að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir vilja koma málinu fyrir kattarnef með þessum brtt. eða styðja gott málefni og láta frv. ná fram að ganga nú.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Barð., sem er fullur áhuga um að bæta sem bezt kjör sjávarútvegsins og stuðla sem mest að því, að hægt verði að kaupa sem fyrst skip til landsins, gerir hér till. við 1. gr., sem mér skilst, að sé meginbreyt. hans, og er hún þess efnis, að þessum 5 millj., sem ríkisstj. er heimilt að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skuli varið til þess að kaupa skip til landsins. Ég verð þar með að endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr. í dag, að eftir mínum skilningi þýðir þessi till., að hægt sé að kaupa 10—15 skip til landsins og ekki meira, og er ég næsta undrandi yfir því, að þessi hv. þm. skuli leggja þetta til, því að ég hélt, að hann hugsaði till. til miklu meiri framkvæmda en þetta.

Þegar till. hv. þm. Barð. var lesin upp, heyrði ég ekki, að gert væri ráð fyrir því, að ríkisstj. hefði neina heimild til þess að taka lán í sambandi við þessi skipakaup. En eftir því, sem ég heyrði, skildist mér, að ríkisstj. mætti kaupa skip fyrir 5 millj. kr. Verði frv. hins vegar samþ. eins og það var afgr. hér til 3. umr., er unnt að stuðla að því, að keypt verði 50 skip, ef veittur er hámarksstyrkur í öllum tilfellum, sem er 100 þús. kr., en þeim mun fleiri, ef styrkurinn er lægri fyrir hvert skip. Ég geri mér því vonir um, að

hv. þm. muni fallast á að taka till. sína til baka, þegar hann hefur áttað sig á því, hvað hún þýðir.

Um hinar brtt. hans mun ég verða stuttorður og vil almennt segja um þær það sama og ég sagði við 2. umr. hér í dag, að fái þetta mál ekki afgreiðslu, áður en þingi verður frestað, verða hendur ríkisstj. bundnar, og hún telur sig ekki geta notað heimildina í fjárl., fyrr en Alþ. hefur fallizt á að setja reglur um málið. Af þessum ástæðum vænti ég, að flm. þessara till. sjái sér fært að taka þær allar til baka, og ef svo er ekki, vænti ég, að hv. dm. taki til athugunar, hvað af því gæti leitt, ef þær yrðu samþ.

Um efni till. vil ég benda á það, að mér finnst það næsta óeðlilegt, ef á að nota þetta fé til skipakaupa, hvort heldur er með beinum styrkjum eða lánum, að engar kvaðir hvíli á þessum skipum umfram þau skip, sem engin aðstoð er veitt.

Um 12. gr. vil ég leyfa mér að benda á, að það er annaðhvort á misskilningi eða mishermi byggt hjá hv. þm. Barð., þegar hann var að tala um, að yrði gr. samþ. eins og hún er í frv., væri verið að setja kvaðir á lánveitingar Fiskveiðasjóðs. Ef hann les 12. gr., mun hann sjá, að ekki er talað um annað en styrkveitingar, og er því till. hans um, að 12. gr. falli niður, á misskilningi byggð. Ef í þessu frv. eru settar kvaðir á þau skip, sem fá styrk eða lán samkv. þessum l., finnst mér augljóst og réttmætt að setja sams konar kvaðir á þau skip, sem enn kunna að fá styrk úr Fiskveiðasjóði, því að það væri misrétti, ef svipuð eða sömu ákvæði væru ekki látin gilda um þau skip, sem fá styrk samkv. þessum l. Um heimild og réttmæti til þess að setja þessar kvaðir á þau skip, sem fá styrk hér eftir úr Fiskveiðasjóði, held ég, að sé enginn vafi. Mér skildist á hv. þm. við umr. fyrr í dag, að hann teldi það vafamál, hvort heimilt væri að grípa inn í meðferð fjár, sem veitt yrði samkv. öðrum l. Ég get fullvissað hv. þm. um, að áður en þessi gr. var sett inn í upprunalega lagafrv., var rætt um þetta sérstaka atriði við einn af þekktustu og viðurkenndustu lögfræðingum þessa lands, og eftir að hann hafði látið umsögn sína í té, var gr. höfð eins og hún er nú. Ég ætla því, að þetta sé trygging fyrir því, að hættulaust sé fyrir hv. dm. að samþ. gr.

Að lokum verð ég enn að nýju að taka það fram, að ég teldi mjög illa farið, ef d. færi svo með málið við 3. umr., að það fengi ekki afgreiðslu frá Alþ., áður en því verður frestað.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég þarf sjálfsagt ekki að fara að kenna hæstv. atvmrh. almenna viðskiptafræði, manni, sem setið hefur í mörg ár sem forstjóri fyrir stóru verzlunarfyrirtæki og bankastjóri fyrir þjóðbankanum, en þó vil ég benda honum á, að ef ríkissjóður getur selt aftur þessi skip og tryggt sér á annan hátt, að kaupendur leggi fé á borðið, eins og hæstv. ráðh. lýsti yfir hér í d. í dag, að hann mundi krefjast, þá er auðvitað hægt að kaupa miklu fleiri en 10—15 skip með þeirri aðstoð, sem ríkissjóður veitir samkv. frv. Það er engum meiri erfiðleikum bundið fyrir ráðh. að selja skipin, jafnóðum og þau eru smíðuð, heldur en fá menn til þess að kaupa þau, óðar en þau eru pöntuð, og setja alla tryggingu á borðið, eins og hæstv. atvmrh. lýsti yfir í dag. Ég er þess fullviss, að lítið verður úr þessum framkvæmdum, ef því verður þannig háttað, sem hæstv. atvmrh. hefur nú lýst, vegna þess að sárfáir aðilar munu treysta sér til þess að leggja allt fé fram á borðið við samningagerð eða fá viðkomandi lánsstofnanir til þess að ganga í ábyrgð fyrir því, að féð verði allt til staðar, þegar skipin kynnu að koma heim að stríðinu loknu.

Hæstv. atvmrh. hefur hótað d. því, að hann muni ekki gera neitt til að greiða úr þessu máli, ef nokkur breyt. verður gerð á l., og er gott að fá að vita, að hann ætlar sér að knýja fram mjög vanhugsuð lagaákvæði á þennan hátt, þótt það hins vegar megi teljast mjög óviðeigandi og á engan hátt viturlegt. Hann hefur ekki fært nein rök fyrir því, að þessi ákvæði séu nauðsynleg í frv., enda eru sum þeirra þannig, að engan veginn er hægt að samþ. frv. eins og það er, og sum þeirra beinlínis hindra, að nokkur maður vilji eða geti notfært sér þennan styrk á þann hátt, sem ætlazt var til.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. atvmrh. á, að ákvæði 12. gr. er sjálfsagt atriði, sem lengi má deila um, hvort heyri ekki alveg eins undir áhættulán í l. nr. 34 frá árinu 1943, því að 85% lán er sannarlega ekki svo lítill styrkur, einkum þegar það er vaxtalaust í 10—15 ár og afborgunarlaust í 5 ár. Það er því ekki alveg ljóst af gr., að hér sé eingöngu átt við það fé, sem er óafturkræft, og ef svo er, þá er nauðsynlegt að breyta þeirri gr. og bæta við: samkvæmt b-lið 6. gr. þessara l., — því að sá liður ákveður nákvæmlega um það, hvort styrkur eða lán er óafturkræft. Þess vegna er nauðsynlegt að gera breyt. á 12. gr., ef ekki á að fella hana alveg í burtu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar við hæstv. atvmrh. Við höfum báðir skýrt málið hvor frá sínu sjónarmiði, og læt ég svo d. um það, hvernig hún greiðir atkv. um málið.

Ég mun nú snúa mér að hv. 1. þm. S.-M. Mér þykir gott að ræða við hann um sjávarútvegsmál, því að hann er sá maður, sem hefur gott vit á þeim málum og getur fallizt á rök, þegar við hann er rætt og hægt er að draga hann út úr flokksbyrginu. — Fyrst og fremst vil ég benda honum á, að það er einmitt þessi þríklofna n., sem hann sagði, að ég hefði verið að tala um í dag, sem er undirstaðan undir þessari löggjöf og hæstv. atvmrh. hefur soðið þetta frv. upp úr. Mér finnst það því rökrétt áframhald, að þessi mþn. veiti þennan styrk. Ég hefði óskað, að þessi 5 manna n. hefði komið óklofin til hæstv. atvmrh. með till. sínar og geymt að skila þeim, þar til hún sameiginlega hefði fundið einhverja skynsamlega leið, og það hefði að sjálfsögðu verið auðvelt, ef ekki hefði komizt inn sú tilhneiging að efla vald atvmrh. með þessu fé. En til þess var ekki ætlazt af Alþ., þegar fjárveitingin var ákveðin. Hv. 1. þm. S.-M. áleit, að ég vildi koma ábyrgðinni hér á sérstakan aðila, sem ekki er viðurkenndur. En þessi aðili hefur verið viðurkenndur af atvmrh. Þegar ríkisstj. hefur keypt skipin, verður það n. að ákveða, hverjir skuli fá styrk og hverjir lán. Hún mun geta komið sér saman um það eftir þeim upplýsingum, sem hún fær, hvort verða muni heppilegra að fara styrkjaleiðina eða lánaleiðina.

Hv. 1. þm. S.-M. gat um það, að hann vildi styðja gott málefni og mundi hann því greiða

atkv. með l. eins og þau eru. Hann hafði aðstöðu í sjútvn. til þess að styðja gott málefni og koma þessu undir þá sömu stofnun, sem hann áður barðist fyrir og gegnir nú sama hlutverki og þessum sjóði er ætlað. En meiningin virðist hafa verið að styðja annað gott málefni, það að gefa ákveðnum ráðh. á hverjum tíma miklu meira vald til þess að valsa og galsa með þetta fé. Þetta tel ég ekki gott málefni. Ég tel hitt betra málefni, að veita þessu fé í þá stofnun, sem sett hefur verið á stofn fyrir sjávarútveginn, Fiskveiðasjóðinn, og ég veit, að hv. 1. þm. S.-M. hefur miklar mætur á. Ég á þess vegna ómögulegt með að skilja, hvers vegna hann bregzt því málefni að láta þetta fé fara þangað, sem það getur orðið útgerðinni til margvíslegrar blessunar í framtíðinni.

ATKVGR.
Brtt. 214,1 felld með 11:4 atkv.
— 214,2 samþ. með 9:7 atkv.
— 214,3 felld með 9:4 atkv.
— 214,4 felld með 10:2 atkv.
— 214,5 felld með 11:1 atkv.
— 214,6 felld með 10:1 atkv.
— 214,7 samþ. með 9:7 atkv.
— 214,8 felld með 12:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 215).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hæstv. atvmrh., sem er við 3. gr., að efni samhljóða fyrri brtt. Hún er of seint fram komin og skrifleg og þarf tvöföld afbrigði.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vildi biðja þess, ef hætt þykir við, að ekki fáist afbrigði fyrir þessari brtt., að séð verði um, að sem flestir dm. verði á fundi, því að á síðasta fundi kom í ljós, að það er fullkominn deildarvilji, að þau verði leyfð.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 220) leyfð og samþ. með 17:8 atkv.

Einar Olgeirsson: Ég vildi óska þess, að hæstv. forseti kvæði upp úrskurð um, samkv. hverju í þingsköpunum hann telur, að brtt. frá einhverjum ráðh. geti sloppið við að verða að fara eftir þingsköpum. Það er, að því er mér finnst, greinilega tekið fram í 64. gr. þingskapa, að um slíkt sé aðeins að ræða í sambandi við stjórnarfrv. eða að frv. sé flutt fyrir hönd stj. Ég vildi vænta þess, að hæstv. forseti kvæði upp úrskurð um, á hverju hann byggir þetta.

Forseti (JörB): Sá skilningur hefur frá fyrstu tíð verið lagður í þessi afbrigði, að hvort sem um væri að ræða málið í heild eða einstök málsatriði, þá gilti hið sama um hvort tveggja. Nú er þetta mál, sem hér liggur fyrir, stjórnarfrv. að upphafinu til, og síðan flytur hæstv. ráðh. brtt. við það, og hygg ég þá, að að öllu leyti sé fullnægt ákvæðum þingskapa um þetta efni.

Einar Olgeirsson: Út af þessum úrskurði hæstv. forseta vildi ég láta það koma í ljós, að hér hefur hæstv. atvmrh. sjálfur flutt brtt. um valdsvið atvmrh. sjálfs og yfirráð hans yfir alveg sérstaklega mikilvægu máli, og er hlaupið til þess að láta hann flytja slíkt, eftir að það er auðséð, að till. frá einstökum þm. og frá meiri hl. einnar n. gátu ekki komizt að. Ég álít þess vegna, að hér sé óeðlilega að farið, eins og ég hef áður haldið fram, og vil ég mótmæla úrskurði þeim, sem hæstv. forseti hefur gefið um þetta.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Ég ætla ekki að ræða úrskurð hæstv. forseta í þessu máli, þar sem það mun ekki vera venja að ræða forsetaúrskurði hér á Alþ. En það á kannske að koma hér fyrir ein óvenjan enn, áður en þessu þingi slítur.

Eins og ég tók fram áðan, var fullkominn vilji meiri hl. dm. fyrir breyt. í þá átt á frv., sem við fjórir þm. lögðum hér fram í upphafi þessarar umr. En þá *tóku nokkrir* þm. *sig til* og neyttu bolmagns til þess á síðustu stundu að reyna að fremja það ofbeldi að koma í veg fyrir, að þessi till. kæmi til umr. Það kemur í sjálfu sér ekki þessu máli svo mikið við, hvernig þessar till. eru, þegar verið er að veita undanþágu frá þingsköpum, því að það mun vera óvenjulegt, að minni hl. d. reyni að koma í veg fyrir, að mál séu rædd á Alþ. frá öllum hliðum. En það er ef til vill eitt í þeim nýja undirbúningi, sem þessir hv. þm. vilja láta verða að því lýðræðisskipulagi, sem á að ríkja í því nýja lýðveldi, sem væntanlega verður stofnað á Íslandi, að minni hl. reyni að kúga meiri hl. til hlýðni við sig.

Við, sem fluttum þessa brtt., áður en hæstv. atvmrh. tók hana að sér, lítum svo á, að það sé með öllu óverjandi, hver svo sem situr í ríkisstj. á Íslandi, að taka ríkisvaldið úr höndum stj. og setja það í hendur mþn., sem þó á að starfa aðeins stutta stund. Ég hygg, að ég mæli þetta fyrir hönd meiri hl. þeirrar mþn., sem hér á hlut að máli. Það var ætlazt til, að þessi mþn. hefði lokið störfum, áður en það þing kæmi saman, sem nú situr, og það er ætlazt til þess enn, að þessi n. verði sem mest búin að ljúka störfum innan eins mánaðar. En þrátt fyrir það kemur það undarlega fyrir, að hv. Ed. Alþ. tekur sig til og gerir samþykkt um það, að þessi mþn. eigi að taka við störfum, sem annars eiga að vera algerlega í höndum ríkisstj. Nú er það ekki svo, að ríkisstj. sé sett sjálfdæmi um úthlutun þessa fjár, eins og var í frv., þegar það fór úr Nd., heldur var ætlazt til þess og það ákveðið í frv., að ríkisstj. skyldi leita till. stj. Fiskifélags Íslands í því efni. Þó að það sé að vísu eigi ákveðið, að farið skuli eftir till. stj. Fiskifélagsins um úthlutun þessa fjár, er þó gert ráð fyrir, að n. muni fara eftir slíkum tillögum.

Ég fyrir mitt leyti tel, að með þeirri breyt., sem hv. Ed. hefur gert á þessu frv., sé farið inn á svo óvenjulega leið, að í rauninni sé öllu stjórnarfari á Íslandi stefnt í voða, ef taka ætti upp þessa leið og Alþ. gæti, þegar því bíður svo við að

horfa, falið einhverri n., sem á að starfa í þingmálum, að fara með framkvæmdavald, sem annars er eðlilegt og sjálfsagt, að sé í höndum ríkisstj. Ég er ekki með þessu að bera neinar brigður á hæfni mþn. til þess að vinna þessi störf, en ég tel, að í þessu felist svo mikið brot á öllum stjórnarfarslegum leiðum, að slíkt megi ekki svo til ganga.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Mér er vel kunnugt um það, að fyrir þeim till., sem hér eru lagðar fram af hæstv. atvmrh., var meiri hl. í þessari hv. d., þegar þær fóru til hv. Ed., og ég hygg, að svo sé enn. Þessar brtt., sem hér hafa verið lagðar fram, miða báðar að því sama, að færa frv. í það horf, sem það var í, þegar það fór frá hv. Nd., það form, sem hingað til hefur verið álitið bezt í samræmi við það stjórnarfar og þær reglur, sem gilt hafa um stjórnarathafnir á Íslandi.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv., eins og það nú er orðið. — Eins og kunnugt er, þá flutti ég ásamt hv. 6. landsk. þá brtt. við 3. gr. frv., þegar það var til 3. umr. í þessari hv. d., að í stað þess, að atvmrh. veitti þau lán og þann styrk, sem þar er gert ráð fyrir, yrði stjórn Fiskveiðasjóðs falið að hafa þetta hlutverk. Ég þarf ekki að endurtaka þær röksemdir, sem ég hafði þá fyrir því, að þetta væri það eðlilega í þessu efni.

Það fór svo um þessa till., að hún var felld hér í d., þó þannig, að meiri hl. var þar ekki svo ýkjamikill. Hún var felld með 15:10 atkv., að mig minnir. Af þessu er auðsætt, að nokkra hv. dm. hefur vantað til atkvgr. um þetta veigamikla atriði, og það er þess vegna alls ekki mjög upp úr því leggjandi, eins og hv. þm. Ísaf. gerði, að það hafi komið fram skýlaus vilji þessarar d. í þá átt, að þessi ákvæði skyldu vera svo sem deildin hafði ákveðið.

Nú var það svo, að í hv. Ed. kom fram till. eins og till. mín og hv. 6. landsk. um það, að stjórn Fiskveiðasjóðs úthlutaði þessu fé. En sú till. féll þar með ekki miklum atkvæðamun. Nú hefur hv. Ed. sett inn í 3. gr. frv. breyt. við 3. umr. frá því sem ráðgert var, er frv. fór úr þessari hv. d., þannig að lagt er til, að mþn. í sjávarútvegsmálum skuli úthluta þessu fé sem styrk. Ég verð að segja það, að ég hefði talið betur farið, að sú till., sem ég bar fram, hefði verið samþ. hér eða í hv. Ed., því að mér finnst nokkuð óviðeigandi, að mþn., sem um þessi mál fjallar, sé falið það hlutverk að sjá um úthlutun þessa fjár. En þegar svo er komið, að þetta frv. er komið frá hv. Ed. með þessari breyt., sem að vissu leyti miðar í þá átt, sem mín upprunalega till. gerði, tel ég ekki ástæðu til þess að fylgja þeirri brtt., sem er fram komin að nýju. Ég mun þess vegna sætta mig við þessa breyt., sem orðið hefur á frv. í hv. Ed., að því er þetta ákvæði áhrærir.

En ég lít á það, sem gerzt hefur, svo sem ein syndin bjóði annarri heim. Nd. hefur með því að neita að samþ. till. um, að höfuðstyrktar- og lánsstofnun sjávarútvegsins hafi á hendi úthlutun þessa fjár, boðið þessari synd heim.

Ég vil svo aðeins segja það, að enda þótt nokkur öfuguggaháttur sé á því að fela slíka úthlutun mþn. í einu máli, þá ætti það ekki að koma að sök, að mþn. gerði þetta, þar til öðruvísi verður ákveðið með l. Hins vegar er það vitað, að Alþ. muni koma saman til langrar setu snemma í haust, og þá er opin leið til þess að fá einhverjum eðlilegri aðila en þessari mþn. úthlutun þessa fjár í hendur, hvort sem um styrk eða lán væri að ræða.

Ég vil svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en í samræmi við fyrri afstöðu mína mun ég verða á móti brtt. atvmrh.

Einar Olgeirsson: Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að það væri ólýðræðislegt og ofbeldiskennt, ef það skyldi koma fyrir, að neitað væri um afbrigði. En ég vil benda honum á það, að við, hv. þm. Ísaf. og ég, höfum oft verið saman um að neita um afbrigði, og hefur hann þá ekki kallað það ofbeldi. En hér er aðeins um það að ræða, hvort þingdeild skuli fá lengri tíma en nokkra klukkutíma um nótt til þess að athuga jafnmikilvægt mál og þetta er. Það virðist frekar ofbeldi að ætla sér að knýja þetta mál fram á einni nóttu og gefa ekki þingheimi tækifæri til að athuga þetta mál til hlítar.

Meiri hl. þessarar d. hefur aldrei verið með þeirri skoðun, sem hv. þm. Ísaf. hefur á þessu máli. Í Ed. hafa verið bornar fram ýmsar till., og sú deild hefur viljað ræða frv. ýtarlega, og það er ekki nema eðlilegt, að þingið vilji hafa sitt. Það þýðir því ekki fyrir hv. þm. Ísaf. að vera með neinn rosta út af slíku. Þingið hefur sitt málfrelsi með það fyrir augum, að þm. geti haft rétt til þess að afgr. málin rólega.

Hv. þm. Ísaf. var svo reiður út af þessu, að hann talaði um, að það ætti að fara að brjóta niður allt lýðræði í landinu, og hann sagði, að lýðveldið, sem við værum nú að setja á stofn, mundi eiga að vera með álíka ofbeldisbrag og þessar aðfarir hér. Ég held nú, að skapið hafi nokkuð hlaupið í gönur með hann. Ég veit ekki til þess, að það sé sérstaklega ætlað ráðh. að úthluta ýmsum styrkjum í sambandi við atvinnumál okkar lands. Ég veit ekki betur en ýmsar aðrar stofnanir hafi haft slíkt með höndum. Ég er ekki eins kunnugur þessu og hv. þm. Ísaf., en mér er nær að halda, að það séu aðrar reglur, sem farið er eftir. Ég veit t. d. ekki til þess, að landbrh. úthluti styrk til landbúnaðarins. Ég hygg, að það hafi önnur stofnun gert, og hefur það aldrei þótt nein goðgá. Og ég er hræddur um, að hv. þm. Ísaf. hafi verið allra manna reiðastur út af því, ef farið hefur verið inn á þær brautir, að ráðh. hafi verið gefið leyfi til þess að borga fé úr ríkissjóði til atvinnuveganna, einmitt þannig að hv. þm. Ísaf. hefur alveg sérstaka ástæðu til þess að ráðast á það.

Ég man, að hv. þm. Ísaf. var hér í fyrra aðalflm. að einni mjög skynsamlegri till., sem fór fram á það, að þegar borgaðar væru uppbætur á landbúnaðarafurðir, þá væru teknar kvittanir fyrir það. Nú fór þetta fram með þeim sérstaka hætti, að þessu fé var ekki úthlutað af Búnaðarfélaginu, heldur átti að borga það frá ráðun. Og hv. þm. Ísaf. virtist telja það alveg sjálfsagða stjórnarfarsvenju, þannig að ef fara ætti að breyta til, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, þá ætti að fara að brjóta allar stjórnarfarsvenjur á Íslandi að hans dómi. En í fyrra,

þegar stj. borgaði þetta út, þá var þessi hv. þm. fremstur í flokki að ráðast á þessar aðfarir, og vil ég taka undir það með honum.

Ég álít meira en nóg komið, þegar ráðh. er farinn að hafa vald til þess að borga, svo að skiptir tugum milljóna úr ríkissjóði, til stofnana, sem við vitum ekki, hverjar eru, og fara eiga til manna, sem við vitum ekki, hvort fá þessa peninga, og ekki þurfa einu sinni að gefa kvittanir. Mér finnst nóg komið að veita ráðh. slíkt vald, þótt ekki sé farið að bæta ofan á það að gefa þeim rétt til þess að láta úti svo og svo mikla styrki. Það hefur verið skoðað sem verkefni annarra. Ég vildi þess vegna mótmæla því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að þetta væri brot á öllum stjórnarfarsvenjum. Ég álít, að það sé langt frá því. En ég held, að það hafi verið farið inn á óheppilega braut, þegar byrjað var á þessu í fyrra, og hann stóð að. Það, sem veldur því, að frv. er fram komið, er lagasamþykkt frá þinginu, þar sem það er ákveðið, að þessu fé, sem þarna er um að ræða, skuli úthlutað samkv. reglum, sem þingið setur. Ég skildi það nú svo, þegar þingið tók ákvörðun um það, að úthluta skyldi eftir reglum, sem þingið setur, að þingið vildi hafa þetta á sínu valdi, en ekki á valdi ríkisstj. Annars hefði ekki þurft að hafa þá millileið að láta leggja þetta frv. svona fyrir. Þá var eins hægt að fela ríkisstj. þetta frá upphafi, og fyrst ekki hefur fengizt samkomulag um það, sem hv. þm. N.-Ísf. talaði um áðan, að hefði verið æskilegt, þá álít ég vel unandi við það skipulag til bráðabirgða, að þessi mþn. hafi með þessa úthlutun að gera, ef hún álítur rétt að veita styrkinn á annað borð. Ég álít það í samræmi við það, sem mér virðist hafa vakað fyrir þinginu í sambandi við þetta. Þess vegna mun ég, þó að ég hefði kosið þetta frv. öðruvísi, greiða atkv. með frv. með þeim breyt., sem á því eru orðnar, því að ég álít málsins sjálfs vegna ógerlegt að ætla að fara að flækja því meir á milli deilda en orðið er.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Hv. þm. N.-Ísf. vildi draga í efa, að komið hefði í ljós við 3. umr. skýlaus vilji d. í þessu máli. En þar sem hv. þm. N.-Ísf. dró þetta nokkuð í efa, hvers vegna vildi hann þá ekki stuðla að því, að þessi skýlausi vilji kæmi í ljós, með því að greiða atkv. með afbrigðum fyrir þeirri brtt., sem hér liggur fyrir? Einmitt það, að þessi hv. þm. greiddi atkv. á móti afbrigðum, sýnir, að hann hefur verið í nokkrum vafa um, að sú stefna, sem hann aðhyllist svona til vara við sína aðaltill., væri sú, sem meiri hl. d. aðhylltist. Öðruvísi verður ekki skilin tregða hans um það sjálfsagða atriði að greiða atkv. með afbrigðum. Mér fyrir mitt leyti þykir það leitt um þennan unga, ágæta samþingsmann minn, að hann skuli gera sig beran að því að vilja beita ofbeldi hér á hæstv. Alþ. og leyfa mönnum ekki að greiða atkv. um breyt., sem fram koma, eins og þeir telja rétt og sanngjarnt.

Ég hef ekki viljað fallast á, að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands fengi úthlutunina í hendur, — tel ekki að öllu leyti heilbrigt, að aðallánsstofnun sjávarútvegsins hafi einnig með höndum úthlutun á styrkjum. Hins vegar lít ég svo á, að þetta sé þó heilbrigðara en fá úthlutunina mþn., sem á að starfa skamma stund, hversu góðir menn sem í þeirri n. sætu.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að málið væri sótt af miklu kappi. Mér finnst það sótt af kappi af hálfu þeirra manna, sem ekki vilja veita afbrigði til, að brtt. geti komið fram, fremur en hinna, sem vilja leyfa afbrigðin og ræða málið frá öllum hliðum. Hv. þm. talaði um, að reynt væri að kúska málið af á einni nóttu. Ég veit ekki betur en það hafi gengið í gegnum þrjár umr., áður en það kom hér til 4. umr., svo að það virðist enginn byltingarhraði.

Þessi sami hv. þm. tók það fram, að ég væri á móti því, að ríkisstj. veitti fé og gæfi Alþ. engar skýrslur um fjárgreiðslurnar. Þetta er rétt. Ég er á móti því. En hverjum dettur í hug, að slíkt verði viðhaft? Ekki stendur það í frv., heldur stendur, að Fiskveiðasjóður skuli gera árleg skil fyrir innheimtum afborgunum og það fé skuli greitt til baka í sjóðinn. Fé skal svo greitt út eftir fyrirmælum ríkisstj., og vitanlega mun hún gefa nákvæma skýrslu til Alþ. á sínum tíma.

Skv. fjárl. var gert ráð fyrir, að þingið hefði málið í sinni hendi með því að setja um það reglur. Ég tel, að það sé uppfyllt með því að setja um það þær reglur, sem gert er ráð fyrir skv. þessu frv., og tel það bezt uppfyllt með því að samþ. brtt., sem hæstv. atvmrh. hefur lagt hér fram og meiri hl. sjútvn. mælt með.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að meiri hl. sjútvn. hefur mælt með brtt. atvmrh. og mælist undan að taka að sér þá úthlutun, sem Ed. leggur henni á herðar, telur það utan verksviðs síns.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Hv. þm. Ísaf. tók það fram í fyrri ræðu sinni, að stjórnarfari landsins væri stefnt í hættu, ef hafa ætti aðrar reglur um ráðstöfun fjárins en fá ráðh. það vald, taldi það sjálfsagt, eðli málsins samkvæmt. Fyrir réttu ári lá fyrir þinginu mál svipað þessu, og þá var það hv. þm. Ísaf., sem barðist manna fastast fyrir því, að allt önnur skipun yrði höfð um úthlutun styrkja í sama skyni. Þá samþ. Alþ. að veita 2 millj. kr. í styrki til kaupa á fiskiskipum og ákvað, að stjórn Fiskveiðasjóðs sæi um þá úthlutun. Nú á að veita 5 millj. kr. í sama skyni, og þá er því haldið fram, að verið sé að glata dýrmætu, gömlu stjórnarfari, ef öðrum verði falin úthlutunin en ríkisstj. eða ráðh.

Ég vil taka það fram, að ég kýs fremur, að stjórn Fiskveiðasjóðs hafi með úthlutun að gera en mþn., en tel það þó miklu betra en að einn ráðh. hafi valdið. Yfir 300 aðilar sækja um fé til skipakaupa, en líkur eru til, að um 50 fái það. Það er vandasamt verk að velja úr þessa 50 menn, og ég treysti betur til þess fimm manna n. eða þriggja manna stjórn en einum manni.

Þá vil ég benda á, að ef nú á að samþ. þessa brtt., sem hér er lögð fram, og senda málið aftur til Ed., þá er því þar með stefnt í hættu. Ég tel, að atkvgr. í Ed. hafi sýnt, að mjög vafasamt sé, ef ekki ólíklegt, að hún fallist á að samþ. frv. í þessu formi. En hins vegar er allbrýn þörf fyrir, að reglur um notkun fjárins verði settar.

Hv. þm. Ísaf. hefur endurtekið það hér, að meiri hl. mþn. hafi mælzt undan að fara með úthlutun og sé atkvgr. Ed. andvígur. Það kann að

vera, að honum sé kunnugt um þetta. (**FJ**: Mér er kunnugt um það.) En ég veit ekki betur en brtt., sem var flutt í Ed., hafi verið í samráði við formann mþn., og ef svo er, þá vil ég draga þessi ummæli í efa.

Af þessum ástæðum vil ég greiða atkv. með frv. eins og það er og ekki auka á frekari hættu með því að senda það milli deilda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 215, 220).

ATKVGR.

Brtt. 220,1 samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, IngJ, JJós, PZ, PHerm, PÞ, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, JörB.

nei: ÁkJ, EOl, GÞ, GSv, GTh, JakM, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, STh, ÞG.

JS greiddi ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Þorsteinsson: Með því að ég vil ekki setja þetta mál í hættu með því að samþ. brtt. við það, segi ég nei.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Út af þessu fyrirkomulagsatriði, sem aðeins mun gilda til bráðabirgða, vil ég ekki stofna til þvælings á málinu, sem talið er nauðsynjamál, frekar en nú er orðið, og það nú á síðustu stundu. Ég tel því, að það eigi að samþ. frv. óbreytt, og segi því nei.

Brtt. 220,2 samþ. með 19:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A 222).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Eins og hæstv. forseta mun kunnugt, þá hafa verið stöðugir fundir, síðan þetta mál kom frá Nd. Því vil ég mælast til, að málið verði ekki tekið fyrir, fyrr en unnizt hefur tími til að athuga það nánar.

Jónas Jónsson: Ég vil taka það fram út af ummælum 6. þm. Reykv., að þetta mál var þaulrætt hér í gærkvöldi. Það hefur verið siður hér að veita afbrigði, þegar flýta hefur þurft málum, en þessi venja var freklega misnotuð hér í gærkvöld viðvíkjandi hinum skriflegu brtt., sem þm. Barð. bar hér fram. Nú vildi ég mælast til, að þeir menn, sem að því stóðu, verði ekki orsök þess, að málið verði frekar tafið.

Bjarni Benediktsson: Hv. þm. S.-Þ. virðist mælast til þess, að afbrigði verði ekki leyfð í þessu tilfelli. (**JJ**: Nei.) Ég held mér því áfram við þá ósk, að málinu verði frestað um stundarsakir.

Jónas Jónsson: Ég vænti, að 6. þm. Reykv. skilji, að ég átti við, að þm. mundi nú málið nægilega kunnugt, til þess að þeir gætu afgr. það.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki vera langorður, en þar sem vikið var hér að afskiptum mínum af þessu máli, þá gekk mér það eitt til að leggja fram hinar skrifl. till., að ég vildi flýta, en ekki tefja þetta nauðsynjamál. Ég tel því, að afskipti mín séu á allan hátt verjandi.

Forseti (StgrA): Tilmæli hafa komið fram um að fresta málinu, og mun ég verða við þeim. En eins og þm. mun kunnugt, þá er þetta síðasti dagur þings. Mun ég því reyna að taka málið fyrir síðar í dag eftir samkomulagi við forseta Sþ.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Eins og hv. þdm. er ljóst, þá hef ég aldrei verið sammála því, að þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir hér, og skal ég ekki mikið fara út í það atriði. Og með því að ég hygg, að málinu hefði verið stefnt í þó nokkra hættu, ef það ætti að ganga til atkv. óbreytt, þótti mér skylt að halda um það fund í sjútvn. þessarar hv. d. Þykir mér vænt um að geta sagt frá því, að samkomulag hefur orðið um, að bornar væru fram tvær brtt. við frv., eins og það liggur nú fyrir. Er þess því vænzt, að hv. d. samþ. þessar brtt. við frv. og að fullt samkomulag náist einnig um það síðan í sameinuðu þingi.

Brtt. eru skrifl., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þær hér upp.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

   Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er hefur á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skulu fjórir þeirra skipaðir samkv. tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður án tilnefningar.

   Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda nefndinni umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.
2. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana."

Til skýringar fyrri brtt. skal ég geta þess, að breyt., sem með henni er gerð, er ekki fólgin í öðru en því, að 2. mgr. 3. gr. er látin falla burt, en í stað hennar er látin koma grein um það, að atvmrh. skipi fimm manna n., er hafi á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, o. s. frv. — Afleiðing af þessari breyt., ef samþ. verður, er svo sú, að 9. gr. er breytt á þann veg, sem greint hefur verið.

Eins og ég gat um áðan, hefur sjútvn. öll í heild orðið sammála um að flytja þessa brtt., og leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta hana með tilmælum um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta atriði. Það er þegar þaulrætt. Vænti ég þess, að hv. þdm. geti á það fallizt að samþ. þessa brtt. sjútvn., og einnig þá hins, að nú verði hér hægt að afgreiða málið í þessu formi án frekari átaka eða umræðna.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt hér skrifl. brtt. frá hv. sjútvn., sem nú hefur verið lýst, og verður henni útbýtt skrifaðri, eftir því sem föng verða á. Fyrir brtt. þarf tvöföld afbrigði, vegna þess að hún er of seint fram komin og auk þess skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 231) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 231,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 231,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A 232).

Forseti leitaði afbrigða frá þingsköpum um að bæta málinu á dagskrá fundarins. Voru þau afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Var frv. síðan tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

---

7. Þjóðfáni Íslendinga.

Á 32. fundi í Sþ., 12. júní, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um þjóðfána Íslendinga (stjfrv., A. 249).

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þetta frv. er borið fram vegna fyrirmæla í samþykkt Alþingis frá í vetur, þar sem ríkisstj. var falið að leggja fyrir þingið frv. um þjóðfána.

Eins og tekið er fram í aths. við frv., hefur það legið fyrir þingunum 1941 og 1942. N. fjallaði um málið. Á þingi 1942 lagði allshn. til, að frv. yrði samþ. óbreytt í þeirri mynd, sem það hafði fengið 1941, en lengra komst málið þá ekki. Nú þótti stjórninni óvarlegt að fara að gera nokkrar breyt. á frv. frá því, sem tvær n. höfðu mælt með á tveimur þingum. Þó eru einstök atriði, sem gott kann að vera að taka til nánari athugunar.

Það má til að mynda benda á að athuga, hvort ekki svaraði betur annað orð en heiðblátt til þess, sem kallað er ultramarineblátt, hvort það sé ekki sæblátt (GSv: Rúmlega sæblátt). Það var lagt undir dóm litfróðra manna, hvort þessi litur fánans, eins og hann er í stjtíð. og hefur verið hafður, væri ekki ljósari, og þeir töldu hann ljósari en ultramarineblátt. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en athuga þarf það. Þá vil ég benda á s. málslið í 2. gr. frv. um tollfána og póstfána: „Merki þessi eru silfurlit og gyllt merki æðsta valdsmanns þjóðarinnar yfir.“ Meðan ekki er ráðið, hvernig það merki æðsta valdsmanns verður, er ekki hægt að segja svo í l., og þyrfti að ákveða um það merki um leið.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um, hvenær fána skuli draga að hún og hvenær ofan. Ég hygg réttara að þrengja nokkuð þau takmörk. Það mun ástæðulítið og óviðkunnanlegt að láta fána vera uppi til kl. 22, þótt bjart sé. Örðugt er að fylgja því tímaákvæði að draga fána ofan, þegar sól sezt, því að margir eru þeir dagar, sem sól sést ekki.

Vitanlega væru mörg ákvæði, sem taka mætti upp í frv., en í 13. gr. er ákveðið, að dómsmrn. geti sett nánari reglur og fyrirmæli. Tel ég mjög hyggilegt að halda því ákvæði. Ég legg til, að frv. gangi til allshn. að lokinni umr. og fer því ekki nánar út í lagfæringar, sem æskilegar eru á frv.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir flutning þessa frv. Eins og hæstv. forsrh. tók fram, hefur frv. legið fyrir þingunum 1941 og 1942 án fullnaðarafgreiðslu. Við fljótan yfirlestur hef ég fundið ýmislegt, sem ég tel þörf að breyta, en þar sem hæstv. ráðh. hefur minnzt á sumt af því, vil ég aðeins ræða tvö atriði: þyngingu refsinga fyrir svívirðilega meðferð fánans og ákvæði um fánadaga.

Í 12. gr. frv. hefur verið tekið fram, að enginn mætti óvirða þjóðfánann í orði né verki, og í 14. gr. eru lagðar 10—1000 kr. sektir við slíkum brotum, en engin frekari refsing. En í 95. gr. almennra hegningarl. segir svo eftir breyt. þeirra með l. nr. 47 frá 27. júní 1941, með leyfi hæstv. forseta: „Hver sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána eða annað viðurkennt þjóðmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.“

Það virðist sjálfsagt, að einnig séu upp tekin ákvæði um refsing fyrir óvirðing íslenzka fánans. Aðfarir gegn honum geta orðið svo svívirðilegar, að algerlega brjóti í bág við réttarmeðvitund þjóðarinnar, ef þær eru látnar óhegndar eða menn sleppa með tiltölulega væga sekt. Hugsum okkur, að við stofnun íslenzka lýðveldisins fremdi einhver þá óhæfu að rífa þjóðfánann niður. Þá yrði það alþjóðarvilji að beita mun harðari ákvæðum en eru í 14. gr. frv.

Í þál., sem samþ. var 10. marz sl., var ríkisstj. m. a. falið að gefa út tilskipun um ákveðna fánadaga. Ég hef ekki orðið var tilkynningar frá henni um það mál. Ég er alls ekki að álasa ríkisstj. fyrir það, því að varla er að ætlast til, að hún vilji eiga eindæmi um það mál. En það eru vissir hátíðisdagar, sem sjálfsagt er að ákveða, og ekki rétt að fresta því.

Málinu mun verða vísað til allshn., og skal ég ekki ræða fleira að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 15. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 253).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Allshn. hefur rætt þetta frv. og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess með þeim breyt., sem getur á þskj. 253. Flestar þessar breyt. eru orðalagsbreyt., en þó eru nokkrar efnisbreyt., sem eru ekki stórvægilegar. Vil ég skýra þær nokkrum orðum.

Fyrsta breyt. er sú, að úr 1. gr. falli niður orðin „ultramarineblár" og „hárauðum". — Við 1. umr. þessa máls skýrði hæstv. forsrh. frá því, að blái liturinn í fána þeim, sem prentaður var með frv., væri ekki nógu dökkur til að vera „ultramarineblár". Sá litur er enn þá dekkri og hefur aldrei verið notaður í fánanum, svo að kunnugt sé. Ef ætti að nota hann, mundi blái liturinn verða dekkri en menn yfirleitt óska, og telur n. því rétt að fella þetta orð niður.

Við 2. gr. eru þrjár breyt. Í upphafi 2. gr. segir, að ríkisstj. og opinberar stofnanir, svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skuli nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána. Nm. þótti rétt að nefna hér þá virðulegu stofnun, sem við sitjum nú í, og orða þetta þannig, að ríkisstjórn, Alþ. og aðrar opinberar stofnanir, svo og fulltrúar o. s. frv. skuli nota tjúgufánann. — Orðin „á alla vegu" í 3. málsgr. 2. gr. falli niður. Í póst- og símafánanum hefur þessu ekki verið fylgt af þeirri eðlilegu ástæðu, að vegna merkisins fyrir ofan hafa þessi leiftur ekki gengið upp á við, heldur til hliðar. Er þetta gert í samráði við póst- og símamálastjóra. — Þá leggur n. til, að felld séu niður síðustu orð 2. málsgr.: „og gyllt merki æðsta valdsmanns þjóðarinnar yfir" — og standi þar aðeins: Merki þessi eru silfurlit. — Þetta merki var kóróna, leifar frá konungdóminum og fellur nú burtu. Það er óráðið, hvernig bezt þykir að hafa það merki, sem forseti kynni að taka upp sem sitt einkenni, og hvort ástæða væri til að nota það á þessa fána. Er þetta í samræmi við ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. um þetta mál.

Við 4. gr. er gerð smá orðalagsbreyt.

Í 5. gr. eru ákvæði um notkun tjúgufánans. Þar eru talin upp þau hús, sem nota megi fánann á. N. þótti þetta óþarflega ýtarleg upptalning, enda er ekki hægt að miða þetta við eignarrétt húsanna sjálfra. Ef opinberar stofnanir eru í leiguhúsum, má að sjálfsögðu nota tjúgufánann. Það er ekki unnt að telja þetta upp mjög ýtarlega og bezt, að ríkisstj. setji reglur um það. 5. gr. orðist svo: Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana.

Við 6. gr. gerir n. brtt. um það, hvernig flaggi skuli komið fyrir á skipum eða bátum, til þess að gera ráð fyrir þeim möguleika, að skip sé þrímastrað. Enn fremur þótti n. rétt að setja ákvæði, þegar um smáskip eða báta er að ræða, sem hafa aðeins eitt siglutré, að þau megi draga fánann að hún á siglutrénu.

Í 7. gr. eru ákvæði um fánatímann, hvenær megi draga fánann fyrst að húni að morgni og hvenær skuli draga hann niður. Meiri hluta ársins mátti ekki draga hann að húni á landi fyrr en kl. 8 að morgni, og fjóra vetrarmánuðina ekki fyrr en kl. 9 að morgni. En það er ákveðið, að fáni skuli dreginn niður, er sól sezt, og þó ekki síðar en kl. 22, ef sól sezt síðar. Við athugun kemur í ljós, að þetta getur orðið óeðlilegt. Mönnum er það oft ekki ljóst, hvenær sólin sezt marga daga ársins. Sums staðar hér á landi er það kannske langur tími og erfitt að miða við það tímamark. Niðurstaðan varð því sú í n., að með forsetaúrskurði skuli kveðið á um, hve lengi fánum megi halda við húni, og um fánadaga.

Við 9. gr. hefur n. gert örlitlar breyt., — að sýnishorn skuli vera til á ýmsum stöðum og hjá öllum lögreglustjórum af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans. Hefur það ósjaldan hent, að litirnir og hlutföllin hafi ekki verið eins og þau eiga að vera, en slíkt ætti ekki að eiga sér stað.

Við 13. gr. er brtt. um, að niðurlag gr. falli niður. Dómsmrn. getur um þetta mál sett reglugerð til að skýra ákvæði laga þessara, og er þetta að sjálfsögðu rétt og nauðsynlegt. En í niðurlagi gr. er rn. heimilað að setja „ný fyrirmæli, sem þörf kann að vera á að dómi reynslunnar". Telur n. of langt gengið með þessu í þá átt að fela rn. löggjafarvald.

Við 14. gr. eru gerðar verulegar breyt. um refsiákvæðin. Í frv. er kveðið svo á, að brot gegn ákvæðum þessara laga varði sektum frá 10—1000 kr. Eru þar sérstök ákvæði um skipstjóra. Með sektum frá 500—5000 kr. eða fangelsi allt að 6 mánuðum skuli refsa skipstjóra, sem notar þjóðfánann ólöglega eða notar á sjó, þar sem íslenzkt vald nær til, nokkurn fána, sem hann á ekki rétt til að nota. Fyrir sum brot gegn l. þessum er ástæða til að beita þyngri refsingu en sektum, t. d. fyrir óvirðingu gagnvart fánanum. Þá gætu oft legið svo atvik til, að ástæða þætti til og nauðsynlegt að refsa með þyngra en sektum. Hins vegar virðist ekki sérstök ástæða til að hafa sérákvæði um skipstjóra, taka þá út úr og hóta þeim með þessum þungu refsingum. Raunar má það teljast alvarlegt brot, ef skipstjóri notar á skipi sínu t. d. erlendan fána, sem hann hefur ekki rétt til að nota, en ekki virðist ástæða til að hafa um það sérstaklega þyngri hegningarákvæði en um sum önnur brot, t. d. óvirðingu gagnvart fánanum. Niðurstaðan varð því sú að orða þessar refsireglur á þessa leið: „Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári". Í þessu eru talin þau brot, sem gætu talizt sérstaklega alvarleg, t. d. ef tjúgufáni er notaður ólöglega af þeim, sem hafa ekki heimild til hans, og ef fána er sýnd svívirðing. Önnur smærri brot skulu varða sektum, t. d. ef fánastöng er ekki smekklega fyrir komið, fáni notaður of lengi, upplitaður eða slitinn. Í slíkum tilfellum er ekki ástæða til að hafa heimild til að refsa með fangelsi.

Við 15. gr. er svo ákvæði um, að felldur skuli úr gildi konungsúrskurður nr. 23 frá 5. júlí 1920, um konungsfána, og ríkisstjóraúrskurður nr. 119 frá 9. des. 1941, um sérstakan fána ríkisstjóra. Um fána hins væntanlega forseta er ekki talin ástæða til að setja ákvæði í l. Um það verður auðvitað hinn væntanlegi forseti að hafa mest ráð og áhrif, og að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að með forsetaákvörðun mætti setja reglur um slíkan fána,

ef rétt þætti upp að taka. Þetta vildi ég taka fram til skýringar, ef einhverja kynni að undra, að ekki er sérstaklega rætt um forsetafánann.

Loks er bætt við síðast, að l. skuli þegar öðlast gildi. Í frv. er ekkert um þetta, og ættu þá l. ekki að öðlast gildi fyrr en þremur mánuðum eftir birtingu þeirra. N. telur æskilegt, að frv. verði staðfest 17. júní.

Ég vona, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta, og vænti þess, að ég hafi skýrt þær brtt., sem n. hefur gert. Undanfarið hefur farið vakningaralda um þjóðina að virða meira fánann en verið hefur, og það er von okkar, að sú vakning og virðingarauki megi haldast og festast við setningu hinna fyrstu íslenzku fánalaga.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Ég skal vera fáorður um þetta mál. Ég þarf ekki að víkja neitt að þeim breyt., sem hv. frsm. hefur gert grein fyrir af hálfu n. Ég er þeim samþykkur, og hann hefur gert svo glögga grein fyrir þeim, að ég þarf ekki frekar um það að ræða. En ég hef getið þess í nál., að ég hefði talið æskilegt, að gerð fánans, þegar hann yrði lögleiddur, væri gamli bláhvíti fáninn, sem er undanfari þjóðfánans, ef svo mætti segja. Þessi orð mín eru flutt af minni eigin hálfu. Ég ber algerlega sjálfur ábyrgð þeirrar skoðunar. Ég viðurkenni, að fyrst frv. um þetta efni er komið fram, þá sýnist mér ekki annað hlýða en það nái samþykki þingsins og verði afgreitt. Ef öðruvísi hefði staðið á, mundi ég hafa borið fram brtt. um gerð fánans, þá brtt., að horfið yrði að þeirri fyrri gerð, sem var á fánanum, áður en hinn var löggiltur.

Bláhvíti fáninn var á sinni tíð hjartfólginn þeirri æsku, sem þá var uppi. Hún hafði barizt fyrir honum og reynt að útbreiða þá skoðun meðal þjóðarinnar, að þjóðin ætti að hafa sérstakan fána og þá af þessari gerð. Hún gerði sér allt far um að afla honum fylgis, og það er áreiðanlegt, að sá félagsskapur átti rætur sínar í ástfóstri við bláhvíta fánann. Þær tilfinningar urðu ekki minni, þegar af erlendu valdi var gerð tilraun til að hnekkja þessari hreyfingu og koma í veg fyrir, að hún fengi notið sín, til þess að hreyfingin næði því marki, að við fengjum sérstakan fána. Ég get líka lýst yfir því fyrir mig, að mér þykir bláhvíti fáninn fallegri en þjóðfáninn, sem við höfum nú. En ég get fyllilega búizt við, að öðrum kunni að þykja hið gagnstæða. Mér finnst gerð bláhvíta fánans öll ákaflega fögur. Hún er einföld og litaskiptin fögur. Má vera, að það hafi einhver áhrif á mínar tilfinningar og skoðun um þetta efni, að ég sem ungur maður tók þátt í þeirri hreyfingu, sem hafin var um fánamálið á sinni tíð, og þá var það bláhvíti fáninn, sem barizt var fyrir. En nú mun vera svo ástatt, að vart verður ágreiningslaust, ef breyta ætti fánanum. Mér skilst, að sú breyting gæti ekki átt sér stað allt í einu, en þyrfti nokkurn aðdraganda til, til þess að hægt væri að nota fánann fyrst og fremst til siglinga. Ég ætla mér því ekki að flytja brtt. um gerð fánans. Eigi að síður get ég búizt við, að það málefni verði vakið upp síðar. En seinni tíminn verður þá að skera úr því, hvert fylgi það hefur meðal þjóðarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 253,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 253,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 253,3 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 253,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 253,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 253,6 (ný 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 253,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 253,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 253,9 (ný 14. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 253,10 (ný 15. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 253,11 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 255).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði búizt við, að þetta mál fengi hér þá þinglegu meðferð að fara til n. og yrði athugað þar. Með því að það er nú ekki, vildi ég benda á, að í 11. gr. virðist orðalagið vera þannig, að það þurfi breytingar við, en gr. hljóðar þannig: „Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa". Ég vildi því leggja fram brtt. þannig, að orðin: „til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en" — falli niður. Ég skal geta þess, að ég átti tal um þetta við formann

allshn. í Nd., sem féllst á, að þetta væri eðlileg breyt. N. hafði lítinn tíma til að athuga málið, enda þótt frv. hafi tekið miklum breyt. frá upphafi, eins og sést af þskj. 253, og bendir það til þess, að málið hafi fengið of lítinn undirbúning frá hæstv. ríkisstj. Ég hafði hugsað mér, að þetta gengi til n., en af því að það hefur ekki orðið, leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt.

Forseti (StgrA): Afbrigði þarf fyrir till., því að hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 260) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Í tilefni af brtt. hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að mér sýnist hún óþörf og varla þess verð að hrekja frv. milli deilda út af henni. Ég tel, að orðalag 11. gr. geti ekki á nokkurn hátt valdið misskilningi, og þó að ég skuli játa, að frv. hefði getað verið betur orðað, finnst mér ekki nauðsynlegt, að brtt. verði samþ., þar sem það mundi hafa í för með sér, að frv. yrði enn að fara milli deilda.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en ég er á móti þessari brtt., af því að hún eykur enn meira þessa afskiptasemi, sem mér þykir ganga fulllangt í þessu frv. um notkun þjóðfána okkar. Mér þykir skína út úr þessu frv., að þjóðinni sé ekki treyst til að þykja vænt um og vilja virða fánann. Mér finnst skína út úr því þessi nýgræðingsháttur, að við séum alls staðar að láta bera á því, að við eigum fána. Meðal þjóða, sem átt hafa sinn fána um langt skeið, er þetta öðruvísi. Ég man t. d., að í æsku sá ég enskt reyktóbaksbréf, sem hét „English Flag". Ég veit ekki, hvað Íslendingar segðu um slíkt. Þó held ég, að Englendingar virði fána sinn. Þetta er eins og um mann, sem eignast falleg föt einu sinni og þarf alls staðar að láta taka eftir þeim.

Í 12. gr. frv. er t. d. sagt: „Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni", og er þar sennilega einkum átt við það, að stjórnmálaflokkar megi ekki hafa fánann á bílum sínum á kosningadögum o. s. frv. Ég skal ekki fara frekar út í þetta, en mér finnst, að með þessari brtt. sé enn verið að auka á þessa afskiptasemi. Ég veit ekki, hvernig hægt er að hafa eftirlit með þessu, — með borðfánum og bréffánum, sem settir eru á jólatré. Ég hélt, að þetta frv. ætti að fjalla um þjóðfánann sjálfan og þess vegna kæmi þar ekki annað til greina en að ákveða hlutföll hans og annað slíkt. **(Forseti:** Samkvæmt gr. og brtt. á þetta ekki að ná til slíkra smáfána, því að orðið „ekki" á ekki að falla niður.) Þá finnst mér brtt. alveg óþörf, og get ég þá sparað mér frekari ræðuhöld. En ég vildi ekki láta auka á þessar takmarkanir um notkun fánans. Það er allt að því, að ekki sé óhætt að eiga fána, a. m. k. verður að viðhafa ýtrustu varfærni, svo að lögreglan geti ekki gert hann upptækan.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að svara hv. 1. þm. Reykv. Athugasemd hans var byggð á misskilningi. En hv. þm. Seyðf. hefur viðurkennt það, sem rétt er, að gr. hefði verið betur orðuð með því að gera þessa breyt. á henni, og hann bar ekki annað fyrir en það, að leitt væri að verða að hrekja frv. milli deilda. En þetta er engin afsökun. Hins vegar er það rétt, að 11. gr., eins og hún er nú, er algerlega óþörf að undanteknu því atriði, að l. taki ekki til borðfána, skrautfána og því um líkra fána. Það þarf ekki að setja neina gr. í frv. til að taka það fram, að l. nái til íslenzka þjóðfánans. Það er hugsunarvilla, og þess vegna þarf þessi brtt. að koma. Ég vænti þess, að hv. d. samþ. brtt. mína, eftir að hún hefur fengið þessa skýringu á málinu. Það þarf ekki að tefja málið, þó að það fari til Nd. aftur.

Hvað viðvíkur 12. gr., hefði ég óskað, að ýmislegt hefði verið nánar tiltekið þar, en ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki það fram á sínum tíma í reglugerð þar að lútandi, að ekki megi nota fánann fyrir snýtuklúta, illeppa eða bleiur, eins og gert hefur verið. Þessi l. eru til þess, að ekki sé hægt að nota fánann á alls konar varning, eins og fyrir hefur komið. Ég vænti þess, að till. verði samþ. Hún er til þess að bæta frv., en ekki skemma það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 260 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, GJ, StgrA.
nei: IngP, KA, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, EE.
6 þm. (GÍG, HG, HermJ, JJ, BBen, BrB) fjarstaddir.
11. gr. samþ. með 10:1 atkv.
12.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 262).

---

8. Laun forseta Íslands.

Á 29. fundi í Ed., 13. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um laun forseta Íslands (stjfrv., A. 250).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Eftir því sem fyrir er mælt í 9. gr. stjskr., skulu laun forseta lýðveldisins eða þeirra, sem fara með forsetavaldið, ákveðin með l., og þess vegna er þetta frv. nú fram komið. Það er í aðalatriðum sam-

hljóða ákvæðum um þetta efni í l. um ríkisstjóra Íslands frá 16. júní 1941 að öðru leyti en því, að hér eru launin ákveðin hærri en í þeim l. Í 7. gr. þeirra l. er fram tekið, að ríkisstjóra skuli greidd 30 þús. kr. á ári. Þessi laun hafa nú verið hækkuð fyrir nokkru og eru nú 60 þús. kr., enda var dýrtíðin ekki nærri því eins mikil og nú, þegar þessi l. voru samþ. Ríkisstj. hefur þótt sanngjarnt og rétt, að grunnlaunin yrðu ákveðin 50 þús. kr., en að öðru leyti færu þau eftir þeim l., sem gilda um laun embættismanna ríkisins, þannig að forseti fengi dýrtíðaruppbót á þessi laun, þar sem tekið væri tillit til þess, ef dýrtíðin breyttist. En þess er að gæta, að laun, sem eru eins há og þessi, taka tiltölulega litlum breytingum við dýrtíðarbreytingar. Eftir vísitölu framfærslukostnaðar nú mundu launin verða 68—69 þús. kr. Það er að vísu heldur hærra en laun ríkisstjóra nú, en ríkisstj. þótti hæfilegt, að grunnlaunin yrðu ákveðin eins og hér er tekið fram í l.

Ég tel svo ekki þörf að gera frekari grein fyrir þessu að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins spyrja hæstv. ráðh., hvort tekið hafi verið til athugunar, hvernig fer um fráfarandi forseta, og hvort hann á að fara frá án nokkurra biðlauna eða eftirlauna. Það er náttúrlega erfitt að hugsa sér, að svo tiginn maður fari úr slíku embætti og verði þegar í stað að leita sér algengrar atvinnu, því að þótt laun forseta þyki há eftir íslenzkum mælikvarða, verður ekki ætlað, að þeir fari auðugir úr embættinu. Ég vildi aðeins spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hefði athugað þetta.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ríkisstj. hefur að vísu athugað þetta atriði, en hún mun ekki bera fram brtt. í sambandi við þessi l. Hún álítur, að það eigi að fara eftir vilja Alþ. hvert sinn, hvernig það vill búa að þeim manni, er lætur af því embætti, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 15. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 256).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði *leyfð og samþ. með* 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Eins og nál. ber með sér, er n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Að vísu voru tveir nm. ekki á fundi, eins og greinir í nál.

Þótt n. leggi þetta til, þá er það ekki af því, að ekki sé sitthvað að athuga við frv., og er það ekki óeðlilegt, því að margt í því getur orkað tvímælis, og get ég t. d. bent á það, sem ég drap á við 1. umr. um eftirlaun eða biðlaun fyrir forseta. En eins og högum er nú háttað, þar sem þetta frv. þarf að verða að l. í dag, en vitað, að margar skoðanir og brtt. geta komið fram, ef farið verður að hrófla við frv., þá þótti n. rétt að láta álitamálin bíða betri tíma. Ég hygg, að varla verði annars kostur en að samþ. frv. óbreytt. Ég hef ekki heldur heyrt nein andmæli gegn nál. frá þeim nm., sem ekki mættu á fundi n. um málið.

Ég verð því að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 257).

Of skammt var liðið frá 1. umr. svo og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki búizt við, að þessu frv. yrði hraðað svo mjög gegnum deildina, og því ekki gefið mér nægilegt tóm til að athuga málið eins og ég hefði viljað. Ég verð að láta í ljós, að ég er ekki alls kostar ánægður með frv. Mér skilst, að launakjör forseta verði nokkuð óákveðin og erfitt að sjá eftir ákvæðum 2. og 3. gr., hve mikla upphæð um verði að ræða, en þó allháa. Í 1. málsl. 1. gr. er gert ráð fyrir 50 þús. kr. grunnlaunum á ári með verðlagsuppbót samkv. lögum. Ég býst við, að það þýði, að verðlagsuppbót eigi að greiðast af 7800 kr. af þeirri fúlgu. Síðan kemur 30% uppbót á fyrstu 2400 kr. og þar næst 25% uppbót á það, sem þar er fyrir ofan, upp í 10 þús., og verðlagsuppbót greiðist af þessu eftir sömu reglu og af grunnlaunum. Skilst mér þá launin nema nálægt 68 þús. kr. En grunnlaun ráðherra eru 10 þús. kr., sem gera með núv. verðlagsuppbótum 28 eða 29 þús. kr., svo að forsetalaun yrðu samkv. 1. gr. meiri en tvenn ráðherralaun, þótt 2. og 3. gr. séu ekki teknar með í reikninginn. Mín skoðun er, að forseta eigi að launa sómasamlega, og það yrðu sómasamleg laun, þó að ögn væru lægri.

Það er mín skoðun, að það sé ekki nema rétt að búa virðulega og á allan hátt sómasamlega að forseta, sem verður æðsti maður þjóðarinnar, en ég held, að hið fátæka íslenzka ríki megi samt

ekki reisa sér hurðarás um öxl í launagreiðslum. Þá er þess að minnast, að nú liggur fyrir endurskoðun launal., og það er skoðun mín, að þá muni koma í ljós, að við höfum spennt bogann of hátt í þessu falli, verði frv. samþ. óbreytt.

Nú er mér vel ljóst, að það er vandkvæðum bundið að breyta frv., en ég hygg þó, að á því séu full tök, þar sem þ. verður ekki frestað fyrr en eftir helgi, og mun því bera fram lítils háttar brtt., sem er á þann veg, að í 1. gr. komi 30 þús. kr. í stað 50 þús. og að við 3. gr. bætist: eftir því sem ákveðið er í fjárl. — Það finnst mér viðkunnanlegt, að fjárl. kveði á um greiðslu risnufjár. Enda þótt þessar breyt. væru gerðar, mundi forseti samt sem áður hafa hálfönnur ráðherralaun, auk þess, sem önnur ákvæði ákveða og ég ætla ekki að meta til fjár. Ég vil svo afhenda forseta þessa skrifl. brtt. og mælast til þess, að hún fái að koma til umr. í hv. d.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 261) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 261,1 felld með 22:1 atkv.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 261,2 felld með 17:5 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

9. Gjaldaviðauki 1945.

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka (stjfrv., A. 277).

Á 45. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Hér er um að ræða framlengingu á heimild, sem ríkisstj. hefur haft til þess að innheimta ýmsar tekjur ríkissjóðs með 40% viðauka. Ég mun ekki halda lengri ræðu um þetta, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 303).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 18. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Ed., 19. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 28. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 360).

Frsm. (Pétur Magnússon): Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og þar sem hún telur vafalaust, að ríkissjóður þurfi að halda á þeim tekjum, sem um er að ræða í frv., hefur hún orðið sammála um að mæla með framgangi þess. Ég vil vekja athygli á því, að ekki getur talizt heppilegt að framlengja mörg l. um sama efni á hverju ári. Heppilegra væri að framlengja l. til fleiri ára í einu, ef um framlengingu væri að ræða. Mér þykir rétt að vekja athygli á þessu, þó að enginn hæstv. ráðh. sé raunar viðstaddur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 5. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 400).

---

10. Brunabótafélag Íslands.

Á 43. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands (stjfrv., A. 317).

Á 44. fundi í Ed., 18. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Þau ákvæði, sem nú gilda í l. um Brunabótafélag Íslands og endurtryggingarskyldu félagsins, eru

ekki lengur nauðsynleg og ekki heldur samræmanleg við hag félagsins. Því er það, að með þessu stutta lagafrv. til breyt. á núgildandi l. um Brunabótafélag Íslands er lagt til eins og tillgr. gerir ráð fyrir. Það var á þessu ári, eftir beiðni atvmrh., að Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur athugaði þetta mál, og eftir hans niðurstöðu er tillgr. orðuð eins og hún er lögð hér fyrir. Það er gert ráð fyrir, að komast megi af með endurtryggingar félagsins í miklu smærri stíl en áður, og það þannig, að þær geti eins vel allar verið innlendar. Með því að samningur, sem Brunabótafélagið hefur við norskt endurtryggingarfélag, fellur úr gildi um miðjan næsta mánuð, væri mjög æskilegt, að hv. d. gæti fallizt á þá till., sem hér er gerð, og afgr. hana svo fljótt sem kostur er á. Vil ég mælast til þess, að frv. verði vísað til allshn. til athugunar, og endurtaka þau tilmæli mín, að málið verði þar og annars staðar afgr. svo fljótt sem frekast er hægt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 348).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Að aflokinni 1. umr. um þetta mál var því vísað til allshn. til athugunar. Frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj., og er í grg. frv. gerð ýtarleg grein fyrir tilganginum með því. En þegar n. var að athuga frv., barst henni bréf frá Brunabótafélagi Íslands, þar sem óskað var frekari breyt. á l. en í frv. er gert ráð fyrir. Óskaði félagið eftir, að aftan við 5. gr. l. bætist nokkrar málsgr., sem hv. þm. sjá í nál. Í bréfi sínu gerir Brunabótafélagið grein fyrir till. sinni til þessarar breyt. á l. Og þegar allshn. hafði athugað till. félagsins, var n. á einu máli um það, að það ætti að samþ. frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. að viðbættri þeirri breyt., sem Brunabótafélagið gerði till. um.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. nú. Það er gerð ýtarleg grein fyrir því frá hendi hæstv. ríkisstj. og líka fyrir brtt. Brunabótafél. í bréfi frá því félagi.

Fyrir hönd allshn. legg ég því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem upp var tekin á þskj. 348.

ATKVGR.
Brtt. 348 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
1.—2. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 361).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 408).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Þessu stjfrv. var vísað til allshn., þegar það kom hingað í d. úr Ed., og mælir n. með að samþ. það óbreytt. Frv. heimilar að láta fara fram athugun á vátryggingarverði húsa og færa það til samræmis við vísitölu húsbyggingarkostnaðar, eins og hann er eða verður framvegis, í öðru lagi að breyta 7. gr. l. frá 1942, þar sem tiltekin er upphæð sú, sem félagið mátti hafa í ábættu, en nú þykir réttara að hafa það ákveðna prósenttölu af vátryggingarupphæð. Með því móti er félagið frjálsara í samningum um endurtryggingu, en endurtryggingarsamning, sem rennur út 15. þ. m., þyrfti félagið að endurnýja fyrir þann dag, svo að þetta frv. þyrfti að verða að l. sem allra fyrst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

---

11. Ljósmæðralög.

Á 51. fundi í Ed., 28. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (stjfrv., A. 372).

Á 52. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Eins og tekið er fram í niðurlagi aths. við þetta frv., þá ber að skoða það sem till. til bráðabirgðaráðstafana, þangað til ljósmæðraskipunin í land-

inu verður tekin til endurskoðunar á ný. En frv. er fram komið vegna þess, að í ljósmæðrastéttinni, eins og í öðrum stéttum, þar sem þörf er kvenlegra vinnukrafta hér í landinu, hefur það sýnt sig, að mjög mikill skortur er á því, að til séu ljósmæður eins og þarf í mörgum héruðum á landinu. En sú er sök þessa, að ljósmæðraumdæmin eru svo lítil og aukatekjur fyrir ljósmóðurstörf þar því svo litlar, og í sumum árum engar, að það er alls ekki eftirsóknarvert fyrir konur, sem eru búnar góðum starfshæfileikum, að leggja sig eftir því starfi. Er í aths. frv. þess lítillega getið, hversu er háttað um þetta í strjálbýlum sveitum í landinu. Í sumum ljósmæðraumdæmunum fæðist ekki eitt einasta barn á ári og í öðrum kannske eitt til tvö börn. Ef hins vegar ljósmæðraumdæmum væri steypt saman, kannske tveimur, kannske þremur, í eitt ljósmóðurumdæmi, þar sem strjálbýlast er, þá væri kannske von til þess, að þar fengjust nýtar ljósmæður til að sækja um þennan starfa þar, ef þá jafnframt væri heimilað, að samanlögð grunnlaun þessara ljósmóðurumdæma, sem gerð væru í hverju tilfelli að einu, væru veitt einni konu, — og um þetta fjallar þetta frv. Ljósmæðraskipunin er nú yfirleitt þannig, að venjulegast er einn hreppur eitt ljósmóðurumdæmi. En hins vegar má fara nærri um það, að víða hagar svo til, að það er auðvelt fyrir sömu ljósmóður að gegna störfum, yfirferðarinnar vegna, í fleiri heldur en einu hreppsfélagi, og fer það auðvitað eftir því, hvað samgöngur eru greiðar.

Mér hefur verið tjáð, að ef þetta frv. fengi framgang, þá mundi á nokkrum stöðum vera von til þess, að það mætti fá ljósmæður til þess að sækja um starfið, ef launakjörin væru sett í samræmi við það, sem í frv. greinir.

Ég óska þess, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Og af því að frv. er mjög einfalt, þá vænti ég þess, að sú hv. n. muni skjótt komast að raun um, hvort frv. er að hennar áliti á rökum reist, og afgreiði það því með hraða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 406).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. leggur eindregið til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, vegna þess að eftir athugun málsins hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé um óhjákvæmilega nauðsyn að ræða.

Hins vegar er rétt að taka það fram, að þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem skapazt hefur af knýjandi nauðsyn, eins og tekið er fram í grg. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 372, n. 471).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir og heilbr.- og félmn. hefur haft til meðferðar, er komið frá hv. Ed. og undirbúið af landlækni.

Það hefur farið vaxandi, að erfitt er að fá ljósmæður út í sveitir landsins, sérstaklega hin minni umdæmi. Með þessu frv. er reynt að bæta nokkuð úr því á þann hátt, að heimilað verði landlækni, þar sem svo stendur á, að fela einni ljósmóður að annast tvö umdæmi og veita henni þá full laun fyrir þau bæði, þau sömu laun, sem tveimur hefðu annars verið veitt, ef ljósmæðir hefði verið í hvoru þeirra fyrir sig. Breyt., sem í þessu frv. felst, er ekki önnur. Og ef ein ljósmóðir getur annað slíku starfi, þá er álitið, að í bili megi bjargast við þetta.

Heilbr.- og félmn. er sammála um að mæla með frv. og telur, að það geti í mörgum tilfellum hjálpað og ekki sé nema sanngjarnt, að ljósmæðir, sem þarf að annast tvö umdæmi, hafi laun eins og tvær ljósmæður hefðu annars haft, sem hefðu verið sín í hvoru. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

12. Heilsuverndarstöðvar.

Á 29. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heilsuverndarstöðvar (stjfrv., A. 195).

Á 44. fundi í Nd., 5. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Með frv. þessu er lagt til, að lögfest verði skipulag, sem er þegar í raun og veru fyrir hendi og nú er starfað eftir. Í 3. gr. laganna um berklavarnir frá 1939, yngstu berklavarnalögunum, er gert ráð fyrir, að heilsuverndarstöðvar séu starfandi í kaupstöðum landsins, enda var það svo í þeim flestum og er enn. Þó eru til kaupstaðir nú, sem ekki hafa neina slíka stöð, t. d. Neskaupstaður og Akraneskaupstaður.

Þó að þetta skiplag hafi verið starfandi, hefur það ekki verið fest svo rækilega sem þörf virðist á, og þess vegna hefur þeim mönnum, sem bezt skyn bera á þessi mál, þ. e. landlækni, berklayfirlækni og tryggingaryfirlækni, komið saman um efni þessa frv., sem landlæknir hefur samið einn.

Það hefur verið svo, að í fjárl. hefur verið ákveðið um vissa fúlgu úr ríkissjóði, gegn ⅔ kostnaðar annars staðar að. Þessir ⅔ hafa komið frá bæjarfélögum eða sjúkrasamlögum. En það hefur komið fyrir, að það hefur verið dálítill reipdráttur um það, hver greiða skyldi vissa fúlgu, og því hefur verið talið bezta ráðið að skipa fyrir um þetta í lögum, og í þessu frv. er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn verði borinn í sömu hlutföllum, sem sé að ríkissjóður greiði styrk, sem nemi allt að ⅓ af eðlilegum kostnaði, eins og stendur í 4. gr.

Frv. hefur verið borið undir Tryggingarstofnun ríkisins, og hún hefur ekki haft neitt við það að athuga.

Það verður ekki sagt, að af lögfestingu frv. leiði kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en þó getur komið fyrir, að um kostnaðarauka verði að ræða, og það gæti jafnt orðið án lögfestingar, ef bæirnir setja upp heilsuverndarstöðvar, en svo er gert ráð fyrir, að verði í öllum kaupstöðum, nema veitt verði sérstök undanþága, ef heilsuverndarmálunum er komið fyrir á tryggan hátt á annan veg.

Það er gerð grein fyrir máli þessu í aths. við frv., og vil ég vísa til þeirra að öðru leyti.

Að þessari umr. lokinni óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 323).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. án breytinga. Frv. fylgir greinargerð, samin af landlækni, og hef ég litlu eða engu við hana að bæta.

Heilsuverndarstöðvar hafa verið reknar hér á landi, fyrst í Reykjavík árið 1919, og eftir 1938 komu hinir kaupstaðirnir og tóku þennan rekstur upp hjá sér. Ég skal ekki fara út í að rekja störf þessara stöðva. Gagnsemi þeirra verður ekki véfengd, og þær eiga almennum vinsældum að fagna hjá almenningi. Heilbrigðisstarfsemin hefur notið styrks frá ríkissjóði, og föst skipan hefur verið á þessum málum síðan 1936, að þessi starfsemi var tekin upp sem fastur liður á fjárl. Var þar krafizt um leið sem skilyrðis fyrir ríkissjóðsstyrknum, að bæjar- eða sveitarfélögin legðu tvo þriðju hluta á móti einum þriðja hluta, sem ríkið legði til.

Það hefur á nokkrum stöðum borið á því, að kalt hefur orðið um þessa greiðslu. Þó að það hafi aðeins á einum stað orðið til þess, að þessi starfsemi var lögð niður um stund, þá hafa aðrir staðir ekki farið varhluta af því. 4. gr. frv. miðar að því, að slíkt komi ekki fyrir aftur og skapa öryggi fyrir þessa starfsemi.

Með frv. þessu er því farið fram á að lögfesta skipan, sem þegar hefur verið komið á af frjálsu samkomulagi, en frv. fer að því leyti lengra, að það skyldar hvern einasta kaupstað til að reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá því.

Ég skal geta þess, að þetta frv. er samið af landlækni í samráði við berklayfirlækni og tryggingaryfirlækni og borið undir Tryggingarstofnun ríkisins, og telur hún sig fylgjandi málinu í öllum aðaldráttum, en gerir þó aths. við 4. gr. frv., þar sem svo er kveðið á, að ríkissjóður skuli greiða allt að þriðjungi af eðlilegum kostnaði að mati ráðherra. Finnst Tryggingarstofnun ríkisins þetta óþarft, þar sem ríkisvaldinu sé gefið aðhald um rekstur stofnunarinnar með því að tilnefna einn mann af þremur í stjórnina. N. hefur þó að öllu athuguðu fallizt á, að rétt væri að styðja þetta frv. í þessari mynd, sem það er í, og eins þessa 4. gr., þar sem n. telur, að slíkt aðhald á ráðherra verði til að brýna aðgæzlu um reksturinn.

N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 195, n. 481).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Frv. þetta er samið af landlækni í samráði við berklayfirlækni og tryggingaryfirlækni. Hefur frv. legið fyrir Nd., sem samþ. það óbreytt, eins og það var lagt fram þar. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. á nokkrum fundum og þótti rétt að leita umsagnar þeirra aðila, sem frv. snertir mest og unnt var að ná til á skömmum tíma, en það voru bæjarráð Reykjavíkur og Sjúkrasamlag Reykjavíkur, sem gert er ráð fyrir, að beri að verulegu leyti kostnaðinn af þessum ráðstöfunum, og enn fremur heilsuverndarstöðin Líkn, sem haft hefur þessa starfsemi með höndum hér í bænum og gert er ráð fyrir, að hafi hana framvegis. Þessir þrír aðilar hafa eindregið mælt með því, að frv. verði að l., enda hygg ég, að það sé nokkurn veginn samhuga álit allra þeirra, sem kynni hafa haft af starfsemi heilsuverndarstöðva, þar sem þær hafa starfað, að það sé fjarri öllu lagi að leggja slíka starfsemi niður. Segja má, að sú skoðun ryðji sér til rúms, að í heilbrigðismálum beri ekki sízt að leggja áherzlu á heilsuvernd og fylgjast með heilsufari barna strax frá fæðingu, til þess að hægt sé að gera nægilega snemma ráðstafanir til varna, sem nauðsynlegar þykja, en slíkt hefur einmitt verið aðalstarfsemi þessara heilsuverndarstöðva. Að vísu hefur starfsemin að mestu leyti verið í sambandi við berklavarnir, enda þörfin þar mest aðkallandi, þótt ýmsar þessara heilsuverndarstöðva hafi snúið sér að öðrum verkefnum í sambandi við sjúkrasamlög, og þá sérstaklega að heilsuvernd ungbarna. Í grg. telur landlæknir, að eitt af því, sem þurfi að gera í sambandi við að tryggja áframhaldandi starfsemi heilsuverndarstöðva, sé að setja fastar reglur um það, hverjum beri að inna af hendi greiðslur til starfseminnar. Yfirleitt hefur þessari starfsemi verið haldið uppi með fjárframlögum frá hlutaðeigandi bæjarfélögum og sjúkrasamlögum og með styrk úr ríkissjóði. Engin lagaskylda hefur hvílt á neinum þessara aðila til að leggja fram fé til starfseminnar, og vegna þess hefur því orðið nokkur ágreiningur um það, hverjum beri að leggja það fram. Nú er í frv. eins og það liggur fyrir kveðið svo á í 4. gr. þess, að ríkissjóður skuli greiða styrk til rekstrar heilsuverndarstöðva og megi hann nema allt að þriðjungi eðlilegs kostnaðar að mati ráðh. Kostnaður af rekstrinum að öðru leyti skal skiptast að jöfnu milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs og hlutaðeigandi sjúkrasamlags. N. telur, að þar sem ein meginástæðan fyrir því, að frv. er borið fram að dómi landlæknis, sé sú, að nauðsynlegt sé að setja fastar reglur um skiptingu rekstrarkostnaðar, þá sé eðlilegt, að svo sé gert í l. Það verður það hins vegar ekki, ef aðeins er heimild fyrir hlutaðeigandi ráðh. á hverjum tíma til að greiða allt að þriðjungi kostnaðar, vegna þess að af því leiðir, að hann getur minnkað fjárframlög úr ríkissjóði og gert hinum aðilunum að greiða meiri hlutann. Heilbr.- og félmn. hefur því orðið sammála um það að leggja til, að þessu verði breytt á þann veg, eins og segir í 2. brtt. á nál., um að 4. gr. frv. orðist svo:

„Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs."

Mér þykir rétt að vekja athygli á því, að í grg. frv. hefur landlæknir varað við því, að þessi leið yrði farin, og telur, að af því leiði nokkra hættu fyrir ríkissjóð, sem er í því fólgin, að leitazt verði við, meira en góðu hófi gegnir, að flytja á rekstrarkostnað heilsuverndarstöðvanna ýmislegt, sem ætti að flytja annars staðar. Ég hygg, að það sé ástæðulaust að gera frekar ráð fyrir þessu í þessu tilfelli heldur en í öðrum, þar sem ákveðið er, að rekstrarkostnaði sé skipt hlutfallslega á milli ríkissjóðs og annarra aðila, enda er einn maður í stjórn heilsuverndarstöðvarinnar, sem skipaður er af stj. samkv. till. berklayfirlæknis, og hefur hann eftirlit með því, að á engan hátt sé reynt að koma óeðlilegum kostnaði á rekstrarkostnað heilsuverndarstöðvanna til þess að þar fáist þátttaka úr ríkissjóði. — Aðrar breytingar sé ég ekki ástæðu til að skýra frekar. 1. brtt. er við 3. gr. frv., og fjallar hún um það, að auk þess sem almennt viðurkenndu líknarfélagi megi fela rekstur heilsuverndarstöðva, skuli einnig mega fela hann sjúkrasamlagi á staðnum. Í smærri kaupstöðum hygg ég, að það geti oft verið hentugra að hafa það fyrirkomulag, en hins vegar er það á valdi stjórnar heilsuverndarstöðvarinnar að ákveða, hvort svo er eða ekki. — 3. brtt. er við 5. gr., og er hún afleiðing af brtt. þeirri, sem lagt er til, að gerð verði við 4. gr., sem ég drap hér á áðan. — Einn nm. (BrB) hefur ritað undir nál. með fyrirvara, og er mér ekki fullkunnugt um, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Einn nm. (HermJ) mætti ekki á fundi n., þar sem hann var ekki staddur í bænum, er málið var afgr. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef greint frá hér að framan.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins gera þá fyrirspurn til hv. 3. landsk., hvort heilbr.- og félmn. vildi ekki taka til athugunar, þótt hún hafi nú skilað nál., að breyta 1. gr. þannig, að í staðinn fyrir „í kaupstað hverjum" komi: í hverju læknishéraði. — Mér finnst þetta eðlileg breyt., sérstaklega með tilliti til þess, að í gr. stendur: „nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu". Þá þyrfti einnig að breyta 5. gr. til samræmingar, en eins og málum nú er komið, finnst mér eðlilegt, að þessi skylda gangi jafnt yfir öll læknishéruð landsins.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Um þetta atriði hefur ekki verið rætt í heilbr.- og félmn., en ég minnist þess, að er frv. kom til meðferðar hjá tryggingarráði, þá var nokkuð um þetta rætt, og varð niðurstaðan sú, að að svo stöddu mundi tæplega gerlegt að ákveða að setja heilsuverndarstöð í hvert fyrirskipað læknishérað, þar sem á því væru ýmis tormerki, vegna þess hversu byggðin er dreifð og samgöngur erfiðar, en aftur á móti mundu þau héruð, sem næst liggja kaupstað, þar

sem í er heilsuverndarstöð, snúa sér til hennar. Ég vildi benda á, að í 5. gr. er heimild fyrir ráðh. að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í hvaða sveitarfélagi sem er, ef skilyrði eru þar fyrir hendi, að slík starfsemi geti náð tilætluðum árangri. Ég held því, að ekki sé ástæða til að lögbinda heilsuverndarstöðvar í hverju læknishéraði á þessu stigi málsins, frekar heldur en gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., en óski hv. þm. Barð. hins vegar eftir þessu, get ég grennslazt eftir því hjá nm., hvort þeir vilji koma með brtt. þetta varðandi.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér þykir rétt að gera grein fyrir fyrirvara, sem ég hef gert í nál. heilbr.- og félmn. Hann er í því fólginn, að ég hefði talið það æskilegra, að heilsuverndarstöðvarnar væru eingöngu kostaðar af bæjum og ríkissjóði. Ég tel, að á því sé nokkur vafi, hvort skylda beri sjúkrasamlög til að veita fé til slíkrar starfsemi, þar sem tilhneigingin hefur verið sú að velta af sér slíkum fjárframlögum á hendur sjúkrasamlaganna. Hins vegar er enginn vafi á því, að þetta frv. er til mikilla bóta frá því, sem nú er, og er ég einnig sammála, að þær brtt., sem heilbr.- og félmn. leggur til, séu til bóta, þar sem samkv. þeim er ákveðið, að ríkið skuli leggja til þriðjung kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva. Aftur á móti er gert ráð fyrir í frv., að styrkur ríkisins skuli nema allt að þriðjungi rekstrarkostnaðar, en vera á valdi Alþ. í hvert skipti, hve hár hann verður. Mér finnst þetta vera til bóta og get því mælt með samþykkt frv., þrátt fyrir það, að ég hef ritað undir nál. með fyrirvara.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Frv. þetta felur í sér nokkuð aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en á fullan rétt á sér, þar sem það miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma. Heilbr.- og félmn. gerði ráð fyrir, að frv. þessu yrði breytt að nokkuð verulegu leyti, hvað snertir 4. gr. þess. Eins og þegar hefur verið getið af frsm. n., var upphaflega gert ráð fyrir, að styrkurinn næmi allt að þriðjungi kostnaðar að mati ráðh., og einnig gert ráð fyrir, að stj. hefði ekki mikið að segja um rekstur heilsuverndarstöðvanna. Ég get fallizt á það, að hreinlega sé frá því gengið, að ríkissjóður taki að sér þriðjung rekstrarkostnaðar heilsuverndarstöðvanna, en annað mál er það, að varla er á nokkurn hátt gengið á rétt sveitarfélaga og sjúkrasamlaga eða til hindrunar heilsuverndarstöðvunum, þótt ákvæði sé um það í l., að ráðh. úrskurði reikninga heilsuverndarstöðva. Það er að vísu sagt í frv., að ætlazt sé til, að gefin verði út reglugerð um starfsemi heilsuverndarstöðvanna, og verði ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags, skuli ráðh. skera úr ágreiningnum, en hins vegar virðist þetta ekki ná til reikninga heilsuverndarstöðvanna að því leyti, sem ríkissjóð snertir. Ég held, að með dálitilli breytingu á þessari gr. sé hægt að ná þessu án þess að breyta nokkuð tilgangi landlæknis, og vildi ég leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við brtt. n. á þskj. 481, sem hljóðar þannig:

„Ráðherra úrskurðar reikninga heilsuverndarstöðva að fengnu áliti berklayfirlæknis og tryggingaryfirlæknis."

Hins vegar fellst ég á, að rétt sé að ákveða, að framlag ríkissjóðs sé þriðjungur rekstrarkostnaðar heilsuverndarstöðvanna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 504) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Í sambandi við það, sem hæstv. kennslumrh. sagði, skal ég viðurkenna, að hann hafði mikið til síns máls, sem sé að rekstrarkostnaður heilsuverndarstöðva ætti frekar að vera greiddur af hinu opinbera heldur en sjúkrasamlögum. En þótt þessi starfsemi hafi aukin gjöld í för með sér fyrir meðlimi sjúkrasamlaga, hlýtur heilsuvernd að koma í veg fyrir ýmsan kostnað, og er mér kunnugt um, að meginþorri sjúkrasamlaga í kaupstöðum er fylgjandi stefnu frv. í þessum efnum.

Ég sé ekkert á móti því, að hin skriflega brtt. hæstv. félags- og dómsmrh. sé samþ., þar sem hún gerir ekki neinn annan mun en þann, að hún gæti kannske komið í veg fyrir málaferli út af greiðslum, sem ágreiningur væri um, hvort ríkissjóði bæri að greiða eða ekki. Að sjálfsögðu á ég þess ekki kost að bera þetta undir nm. heilbr.- og félmn., og verða þeir því að taka afstöðu um þetta, hver fyrir sitt leyti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 481,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 504 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 481,2 (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 481,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 505).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

13. Nýbyggingarráð.

Á 63. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um nýbyggingarráð (stjfrv., A. 489).

Á 72. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ríkisstjórnin flytur þetta frv. til að staðfesta eitt af þeim fyrirheitum, sem gefin voru í málefnasamningi þeim, er ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar gerðu með sér, áður en ríkisstjórnin tók við völdum.

Í raun og veru get ég að mestu látið nægja að vísa til greinargerðar fyrir frv., en ég vil þó gefa lítilsháttar skýringar.

Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um, eins og getið er í 2. gr. frv., að nýbyggingarráð sé skipað 4 mönnum. Skal hlutverk þeirra vera að gera heildaráætlun, sem fyrst um sinn sé miðuð við 5 ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Þá segir í 3. gr. frv., að nýbyggingarráð hafi leyfi til að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína. Þykir mér líklegt, að enginn hafi við það að athuga, því að eðlilega getur nýbyggingarráð ekki aflað og unnið úr þeim gögnum, er það þarfnast. Þá er og gert ráð fyrir, að fela megi nýbyggingarráði störf milliþinganefnda, sem nú eru starfandi, ef ríkisstjórnin telur það heppilegt.

Ríkisstjórnin lítur svo á, að keppa beri að því að fækka en ekki fjölga opinberum nefndum, sem mörgum vinnst misjafnlega vel. Ber þó ekki að skilja þetta svo, að þær hafi ekki rækt sín störf, því að margar þeirra hafa afkastað miklu verki. En ríkisstjórnin telur, að betur geti farið á að fela nýbyggingarráði störf þessara nefnda, og vill hafa óbundnar hendur í því efni.

Ég held, að þau rök, sem liggja til flutnings þessa frv., séu svo greinileg, að óþarft sé að ræða það frekar að svo stöddu. Ég vænti þess, að frv. fái skjóta afgreiðslu, og legg til, að því verði síðan vísað til fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, gerði forsætisráðherra grein fyrir stefnuskrá stjórnarinnar. Þá var ekki ástæða né tækifæri til að ræða þessa stefnuskrá. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er áframhald þessarar yfirlýsingar, og mun ég nú ræða þetta nokkuð og áhrif þess á atvinnumál landsmanna.

Hæstv. forsrh. gat þess, að tvö meginverkefni þessarar stjórnar væru: Í fyrsta lagi að tryggja sjálfstæði landsins út á við og í öðru lagi nýsköpun atvinnuveganna. Fyrra atriðið ræði ég ekki að sinni, en vil taka hið síðara til athugunar.

Flestir munu nú óska þess, að fjármagn það, er safnazt hefur hin síðustu ár, mætti verða til þess að koma atvinnumálum þjóðarinnar í æskilegt horf, en til þessa þarf annað og meira en frómar óskir.

Það hefur valdið mönnum mjög áhyggju, hversu nú horfir í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, og þess er full þörf, að menn geri sér ljóst, hvert stefnir og hver skilyrði eru fyrir því, að nýsköpun atvinnulífs í landinu verði hafin.

Höfuðskilyrði þess, að slík nýsköpun sem hér um ræðir geti átt sér stað, er það, að útlit sé fyrir, að rekstrarhagnaður þeirra atvinnutækja, er kaupa skal, verði það mikill, að hann skapi eigendum sínum svipaða afkomu og lífsþægindi og öðrum landsmönnum. Eins og nú er, þá er fiskurinn seldur við geypiverði, en þó er ástandið þannig, að a. m. k. smáútvegurinn ber sig ekki nema mokafli sé. Ef afli bregzt, eins og vitanlega getur komið fyrir, þá mundi þessi atvinnuvegur dragast saman til óbætanlegs tjóns fyrir alla landsmenn. Með þessu er þó ekki nema hálfsögð sagan, því að eins og kunnugt er, hefur verðlagi innanlands verið haldið niðri með milljónagreiðslum úr ríkissjóði, og ef bændur hefðu ekki nú í haust slakað til frá sínum rétti, hefði öllu verið stefnt í fullkomið öngþveiti. Þetta ásamt fleiru orsakar, að menn eru nú ragari að ráðast í framkvæmdir eða kaup á atvinnutækjum. Um 300 umsóknir höfðu borizt um þá 45 mótorbáta, er útvega átti frá Svíþjóð, en síðar, þegar til kom, gáfu sig ekki fram nema 40 menn, sem vildu kaupa þessa báta. Stafar þetta sennilega nokkuð af því, hve bátarnir eru dýrir, en nokkru mun ráða, hversu nú horfir óglæsilega um þennan atvinnurekstur. Varla skrúfar maður svo frá útvarpinu, að maður heyri þar ekki auglýst atvinnutæki til sölu, og stafar þetta einnig af hinu sama, og ekki eru líkur til, að úr því rætist, meðan dýrtíðin er hin sama.

Í iðnaðinum er það svo, að varla er framleidd hér nokkur vara, sem er samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Að vísu er þetta e. t. v. ekki án undantekninga.

Um landbúnaðinn er það að segja, að sá hluti framleiðslunnar, sem seldur er á innlendum markaði, þarf ekki stuðning, — það er mjólkurframleiðslan, — og nú hafa bændur gefið eftir uppbætur, sem þeir áttu kröfu til. Um útflutninginn er það að segja, að greiða þarf verulegar uppbætur til að halda fólki við þessa framleiðslugrein. Þetta stafar af hinum óskaplega framleiðslukostnaði á þessum vörum.

Það hefði verið eðlilegt, að Alþingi hefði byrjað á því að gera raunhæfar ráðstafanir til að stöðva dýrtíðina, ekki með niðurborgunum, heldur með lækkun allra þeirra liða, sem áhrif hafa á verðlagið, svo sem verzlunarálagningu og kaupgjaldi. Ef þessi leið hefði verið farin, hefði nú ekki þurft að hækka launagreiðslur úr ríkissjóði, sem eru honum í rauninni algerlega ofviða. Í öðru lagi hefðu menn fundið, að hér var um að ræða raunhæfar ráðstafanir. Bjartsýnin hefði aukizt og trúin á áhrif slíkra aðgerða.

Þessi leið var hin eina, sem var fær og sæmileg fyrir Alþingi og ríkisstjórn. Þá hefði verið skapaður grundvöllur fyrir nýskipun atvinnuveganna, og landsfólkið hefði fengið trú á þeim framkvæmdum, sem hefja átti.

En í stað þess að fara þessa leið, sneru menn sér að bændum einhliða til að fá þá til að gefa eftir það, sem þeim bar, enda þótt mönnum hlyti að vera ljóst, að slíkt var neyðarúrræði.

En ástæðan til þess, að lengra varð ekki gengið, var alger mótstaða þeirra, sem telja sig fulltrúa launa- og kaupgjaldsstéttanna. Að myndun þess-

arar stjórnar standa sem kunnugt er 3 flokkar, og minnist ég ekki, að slíkur pilsaþytur hafi átt sér stað við myndun nokkurrar stjórnar. Þegar hún kom til valda, lýsir hún yfir, að nýsköpun atvinnuveganna væri annað höfuðmarkmið sitt.

Ég hef nú bent á, hvað var eðlilegt og samboðið þingi og stjórn, en hér var farið öfugt að, algerlega gagnstæð stefna var valin.

Hið fyrsta, sem ríkisstjórnin gerir, er að ganga á milli atvinnurekenda og fá þá til að hækka laun launahæstu iðnstéttanna, sem hafa miklu hærri laun og betri kjör heldur en þeir, er vinna að framleiðslunni. Hún hefur lofað nýjum launalögum og dýrum alþýðutryggingum, sem eru út af fyrir sig góðar, en hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð.

Allt, sem ríkisstjórnin hefur látið uppi um fyrirætlanir sínar, miðar að því, að framleiðslukostnaðurinn hækkar, en lækkar ekki. M. ö. o., allt það, sem hæstv. ríkisstjórn hefur látið uppi um fyrirætlanir sínar og ákveðið er, gengur í þá átt að hækka framleiðslukostnað í landinu, ofan á það ástand, sem fyrir var, og að hækka útgjöldin, enda þótt það lægi fyrir, þegar stjórnin tók við völdum, að tugmilljóna króna halli væri á fjárl. ríkisins. Það er talið, að það þurfi að bæta á fjárl. a. m. k. 40 millj. kr. útgjöldum til þess að þar komi allt með, sem hæstv. ríkisstjórn hefur fyrirhugað. Og sumir af talsmönnum núverandi stjórnarflokka slógu föstu við 1. umr. fjárl., að það vantaði 50—60 millj. kr. útgjöld á fjárl., og var þá ekki talið sumt, sem síðar kom á daginn, að stjórnin hefur í hyggju. — Það er þess vegna að mínum dómi fullkomlega furðulegt, hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur farið af stað að þessu leyti. Og mér virðist ekki hægt að sjá enn sem komið er nokkuð um það, að hæstv. ríkisstjórn hafi yfirleitt nokkra stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar, nema ef mætti segja, að þessi kaupgjaldsmál mörkuðu hennar stefnu, sem ég hef talið, en öll ganga í þá átt, að erfiðleikarnir verða meiri en þeir voru fyrir, og voru þeir áreiðanlega fullnógir áður. — Nú er vitanlega ekki nema gott um það að segja yfirleitt að bæta lífskjör manna, auka tryggingar og annað þess háttar. Og því færi betur, að grundvöllur atvinnulífsins hefði gefið raunverulega möguleika til allra þeirra hækkana, sem hafa farið fram á undanförnum árum. En það er ómögulegt að komast fram hjá því — hversu vel sem við viljum að þessu leyti —, að þegar svo er ástatt, að laun manna í landinu og tekjur þeirra, sem ekki stunda framleiðslu, eru miklu hærri en þeirra, sem stunda framleiðslustörf, getur það ekki staðizt til lengdar. Ég veit, að á einum myndarlegasta smábátaútgerðarstað á landinu áttu þeir, sem reru á bátunum á síðasta sumri, þess enga von að fá eins miklar tekjur og hinir, sem unnu í landi. Og niðurstaðan var, að eitthvað um 40 útlendir sjómenn voru fengnir á bátana, en Íslendingar unnu í landi, þar sem meira kaup var í boði. En á síðast liðnu hausti fór fram á þessum stað svokölluð samræming á kaupgjaldi, sem gekk í þá átt, að kaupið var enn hækkað, m. ö. o., að hlutur þeirra, sem í landi vinna, var dreginn fram, og þess vegna jókst enn bilið á milli þeirra, sem vinna í landi, og hinna, sem fara út á hafið. Og þetta var samræmingin, sem núverandi stjórnarflokkar áttu fullan hlut að, að gerð var, um það leyti sem stjórnin tók við völdum. — Þetta er lítið dæmi. Og þetta getur ekki staðizt, hversu sem menn vildu óska þess, að það gæti staðizt. Við vitum allir, að verðlag og kaupgjald í landinu er nú þegar orðið hærra en fiskverðið getur þolað. Þessu er svo ofurlítið haldið niðri, það er komið í veg fyrir, að það komi fram í fullum mæli. Menn stinga höfðinu ofan í sandinn með því að borga hluta af þessu úr ríkissjóði, sem brátt getur ekki greitt það. Og samt er framleiðslukostnaðurinn of hár, eins og þetta gífurlega ósamræmi í tekjum manna ber ljósan vott um, í sjóþorpum sérstaklega, og svo í tekjum sveitafólks miðað við það, sem er í kaupstöðunum. Það er ekki hægt að bera á móti þessari staðreynd.

Nú veit ég, að ef flokkarnir, sem standa að ríkisstj., hefðu viljað ráða bót á þessu, hefðu þeir getað það. En ég veit, að í þessum flokkum hefur algerlega skort skilning á því, að þörf væri á að gera þetta. Og þess vegna hefur ekkert verið gert í því. Og það er fullkomlega aðfinnsluvert.

En það, sem þó er aðfinnsluverðara en að láta þessar aðgerðir bíða, þar sem ríkisstjórnin gerir enga tilraun til þess að leysa erfiðleikana að þessu leyti á skynsamlegum og eðlilegum grundvelli fyrir framleiðsluna, — það, sem sérstaklega er ámælisvert hjá hæstv. ríkisstj., er, að hún skuli lýsa yfir, að það sé hennar markmið að vinna að nýsköpun atvinnuveganna, og að hún skuli lýsa yfir, að fara skuli fram gerbylting í þessu efni, þegar jafnframt er deginum ljósara stefnuleysi það, sem hún hefur látið viðgangast í þessu efni. Ég veit, að hæstv. núverandi ríkisstj. hefði getað ráðið verulega bót á ástandinu í þessu efni, ef hún hefði viljað. En hún hefur ekki viljað það. Og það er út af fyrir sig ámælisvert. En hitt er þó miklu ámælisverðara, að láta þetta óbærilega ástand haldast og gefa út um leið, að á þessum grundvelli eigi að fara fram nýsköpun atvinnuveganna.

Ég geri ráð fyrir því, að það sé svo um okkar hæstv. ráðherra og ríkisstj., að þeir vilji gjarnan sjá nýsköpun í okkar atvinnuvegum komast í framkvæmd — eins og aðrir landsmenn vilja — og að þeir vilji gera sitt til þess, að slíkt geti átt sér stað. En þeir hafa freistazt til þess að láta sínar fyrirætlanir um þetta í ljós á þann hátt, að það er fullkomlega gefið í skyn, að þeir hafi eygt einhver fullkomin úrræði til þess að koma þessu í framkvæmd. En ég efast um, að þeir hafi eygt þau, og byggi það á því, að þeir hafa alveg látið undir höfuð leggjast að laga grundvöllinn undir þá byggingu, sem þeir ætla að reisa.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég rifjaði það upp hér í gær, að þegar hæstv. núverandi ríkisstj. tók við völdum, lýsti hæstv. forsrh. yfir því, að það væri annar aðaltilgangurinn með myndun ríkisstjórnar þessarar að koma í framkvæmd fullkominni nýsköpun á atvinnuvegum þjóðarinnar. Ég benti einnig á það, að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hefur þessi ríkisstjórn verið mynduð án þess að um það væri samið milli stjórnarflokkanna, að nokkrar ráðstafanir yrðu gerðar til

þess að skapa þann nýja grundvöll fyrir atvinnurekstur landsmanna, sem gæfi hugmynd um það, að mönnum væri óhætt að ganga djarflega fram í því að vinna með stjórninni að þessu markmiði, og að þvert á móti gengju allar ákvarðanir, sem enn hafa komið fram frá hendi hæstv. ríkisstjórnar, í öfuga átt, — verkuðu allar til þess að draga úr mönnum kjark og minnka líkurnar fyrir því, að framleiðendur landsins sjái sér fært að ganga ötullega fram í þessu starfi. Skal ég ekki endurtaka nú þau rök, sem ég færði fram fyrir þessu.

Þá er spurningin: Hvað er þá í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar tekið fram um stefnu í atvinnumálum landsins? Og enn fremur er spurning um það, hvernig skuli koma í framkvæmd þeirri nýsköpun atvinnuveganna, sem ríkisstjórnin telur sig ætla að beita sér fyrir. Það er fram tekið í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að hún ætli að setja 300 millj. ísl. kr. í erlendum gjaldeyri á sérstakan reikning og ákveða, að ekki megi selja gjaldeyri af þessum reikningi til annarra framkvæmda en nýsköpunar atvinnulífsins. Þetta eru skynsamlegar ráðstafanir. Það er skynsamlegt fyrir landsmenn að leggja verulegan hluta af erlendum gjaldeyri á sérstakan reikning og ætla hann í þessu skyni. Og um þetta höfum við tveir þm. úr Framsfl. flutt sérstaka till., þar sem ráðgert er, að 460 millj. af um 550 millj. ísl. kr., sem við eigum nú í erlendum gjaldeyri, væru ætlaðar í þessu skyni. Þessi ráðstöfun er skynsamleg. En það, sem hv. stjórnarflokkum hefur orðið á í sambandi við þessa fyrirætlun þeirra, er, að þeir hafa fullkomlega gefið það í skyn — og það hefur allt að því verið sagt berum orðum stundum —, að það sé ákveðið með þessu móti, að þessu fé verði beinlínis varið til þess að kaupa fyrir atvinnutæki og aðrar nýjungar. M. ö. o., það er gefið í skyn, að ríkisstjórnin hafi ráð yfir úrræðum til að koma því í framkvæmd, að þessi innkaup eigi sér stað. Mér er kunnugt um það, að ýmsir menn, sem hlustað hafa á ræðu hæstv. forsrh. og einnig lesið það, sem frá stjórnarflokkunum hefur komið varðandi þetta mál, hafa litið svo á, að með þessu væru veittar 300 millj. kr. til þessara þarfa og stjórnin hefði það í hendi sér, að þetta gengi fram. Og það hefur alls ekki verið að tilefnislausu, að svona væri litið á, a. m. k. í fyrstu, vegna þess að beinlínis var látið í það skína. En eins og hv. þm. vita, er þetta hin mesta fjarstæða. Því að það, sem gerist, þegar þessi ráðstöfun er gerð, hvort sem okkar frv. er samþ. eða frv. hæstv. ríkisstjórnar, er ekkert annað en það, að þessi gjaldeyrir verður fáanlegur til kaups fyrir landsmenn, ef þeir vilja leggja fé fram til þess að kaupa ný atvinnutæki og standa að þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, eða þá til kaups fyrir ríkissjóð að því leyti sem hann ætlar sér að eiga þátt í uppbyggingu atvinnulífsins og nauðsynlegum framkvæmdum. — Það er ekkert annað, sem gerzt hefur, en að menn láta í löggjafarformi í ljós þann ásetning sinn að halda þessu fé þangað til eftir því er spurt í þessu skyni. Það er því langt frá því, að þetta út af fyrir sig tryggi nokkuð nauðsynlegar framkvæmdir í landinu. Enda vitum við, að ef svo hörmulega tækist til, að stórfelldur halli yrði á gjaldeyrisreikningi landsmanna á næstu árum, þá mundi löggjöf í þessu efni hafa nokkra aðvörunarþýðingu, en vitanlega mundu menn skerða fé á þessum reikningi til þess að kaupa sér mat og aðrar nauðsynjar fyrir, ef halli yrði á gjaldeyrisreikningnum svo mikill, að menn fengju ekki risið undir innkaupum slíkra nauðsynja með öðru móti. Það er skynsamlegt að setja sér markmið með löggjöf um þetta efni. En það er heldur ekki annað, sem gerist með því, sem stjórnin hefur gert í þessu efni.

Hæstv. ríkisstjórn hefur í stefnuyfirlýsingu sinni sundurliðað þessa fjárhæð með tilliti til þess, hve miklu hún ætlar að verja til hvers um sig af þeim framkvæmdum, sem þar eru nefndar. Og þetta hefur enn fremur orðið til þess að valda misskilningi, sem hæstv. ríkisstjórn sennilega hefur viljað láta eiga sér stað um þessi efni. — Náttúrlega er það vitanlegt, að menn hafa haft þau gögn í höndum, sem þarf til þess að sundurliða þetta, hvernig nota skuli gjaldeyrinn. Þess vegna er fáránlegt að fara út í það. Ég ætla aðeins að benda á þetta, en skal ekki fara út í það nánar.

Ef líta skal á önnur atriði í sambandi við atvinnumálin og áætlun hæstv. ríkisstjórnar, og þó menn lesi málefnasamning stjórnarinnar, þá eru menn litlu nær um stefnu hennar í atvinnumálum, því að þar er í raun og veru ekkert um það, hvernig hún skuli vera. Þar er sagt, að ríkisvaldið skuli hlutast til um, að tæki verði keypt utanlands svo fljótt sem auðið er, tæki, sem skynsamlegt þykir, að landsmenn eigi. En það er ekkert ráðgert um það nánar, með hverjum hætti það skuli eiga sér stað, hvort það eigi að verða með almennri hvatningu til landsmanna um það að verða sér úti um þessi tæki eða leggja í þessar framkvæmdir, eða hvort það skuli vera stuðningur af hendi ríkisvaldsins til þess að þetta megi komast í framkvæmd, eða hvort ríkisvaldið eigi að taka að sér slíkar framkvæmdir. Af þessu orðalagi í stefnuyfirlýsingu hæstv. stjórnar verður ekkert um þetta ráðið.

Það er enn fremur minnzt á það í stefnuyfirlýsingu hæstv. stjórnar, að félög skuli stofnuð að tilhlutun þess opinbera, ef þörf krefur, til þess að eiga þátt í þessum framkvæmdum. En hitt er ekki minnzt á þar, né heldur hefur það verið gert annars staðar þar, sem ég hef lesið eða heyrt um þetta málefni rætt, með hvaða hætti þessi tilhlutun hins opinbera um slíkar félagastofnanir skuli eiga sér stað, hvort þar eigi aðeins að verða um hvatningu að ræða til manna um að stofna slík félög eða hvort eigi að vera þátttaka ríkisins í slíkum félagastofnunum, — og þá er ekki tekið fram, hve mikil hún skuli vera, ef slíkt væri meiningin, — eða yfirleitt, hvað ríkisvaldið skuli láta til sín taka þessi mál. M. ö. o., það er ekki neitt hægt af málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar að vita um stefnu stjórnarinnar í þessum málum.

Það er rætt um það í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar, — eða sýnilega gert ráð fyrir því, — að ríkið sjái að einhverju leyti um innkaup á atvinnutækjum, aðstoði menn til að útvega sér slík tæki, og er ekki nema gott um það að segja. En það verður ekkert ráðið eftir því, sem í þessum samningi stendur, hvort ríkisvaldið eigi að kaupa slík tæki án þess fyllilega fyrirfram að vita, hvort landsmenn vilja eignast þau, og hvort ríkið

skuli þá búa sig undir að reka þau sjálft, ef aðrir gefa sig ekki fram til þess. Það er ekkert um þetta ákveðið, eins og allt annað í þessum samningi ríkisstj., sem á að vera grundvöllur undir nýsköpun atvinnulífsins. Og það verður ekki af honum ráðið með nokkurri vissu, hver stefna hæstv. ríkisstj. er í atvinnumálum. Og í raun og veru er allt það, sem stendur í þessum málefnasamningi, ekkert annað en stefnulaust fálm. Að vísu má segja, að margt, sem þar kemur fram, er skynsamlega athugað, og menn ættu að geta skrifað undir það. En það markar enga stefnu, eins og stefnuyfirlýsing á þó að gera. Það verður að gera þá kröfu til ríkisstjórnar, sem ætlar að beita sér fyrir nýsköpun atvinnulífsins, að hún geri grein fyrir því, hvernig hún ætlar að framkvæma þessa fyrirætlun, og geri grein fyrir stefnu sinni í atvinnumálunum. En það er ekki hægt að finna neina ákveðna stefnu út úr þeim yfirlýsingum, sem hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn.

Þegar hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þingfundum yrði frestað hálfan mánuð, gerðu menn ráð fyrir, að sá tími yrði notaður til að útfæra nánar stefnu stj. og hún mundi leggja fram ákveðnar till. varðandi þessa nýsköpun atvinnumálanna, er þingið kæmi saman aftur, að minnsta kosti yrði svo langt komið athugunum hjá hæstv. rikisstj., að menn gætu greint nokkru nánar en áður, hvað fyrir henni vekti. Það var lágmarkskrafan, því að það, sem komið hafði fram af hendi hennar áður í þessum efnum, var svo loðið og sagði svo lítið, að það gat þýtt allt frá því að gera svo sem ekki neitt í þessu máli og upp í það að þjóðnýta allan atvinnurekstur landsmanna. Nú er þessi hálfi mánuður liðinn, og hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram till. um þessi mál, sem eru í frv. því, sem hér er til umr. á þskj. 489. Það er um þetta frv. að segja, að það er erfitt að skilja, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa þurft að fresta störfum Alþ. í hálfan mánuð til að búa út þetta plagg, því að í því er ekkert að finna annað en nokkrar setningar úr ræðu þeirri, sem hæstv. forsrh. flutti hér sama daginn og stj. hans tók við völdum, engin nánari ákvæði um áform stj. en komu fram í þeirri stefnulýsingu, sem þá var flutt, og frv. er, eins og ég sagði áðan, upprentaðar nokkrar setningar úr þeirri ræðu. Skal ég nú minnast með örfáum orðum á efni þessa frv.

Það er þá fyrst, að leggja skal til hliðar 300 millj. kr. af inneignum Landsbanka Íslands erlendis á sérstakan reikning, og skal eingöngu verja fjárhæð þessari til kaupa á framleiðslutækjum og annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar samkvæmt nánari ákvörðun nýbyggingarráðs. Ég hef áður minnzt á, hverja þýðingu ég tel það hafa að leggja til hliðar ákveðna fjárhæð í þessu skyni, en ég tel það stórkostlega villandi orðalag, þar sem segir í 1. gr., að verja skuli þessari fjárhæð til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar. Það er eins og þetta orðalag sé beint framhald þess áróðurs, sem uppi hefur verið haldið af þessum mönnum, og telja eigi landsmönnum trú um, að fyrir öllu sé séð með þessari ráðstöfun einni, að leggja til hliðar fyrr nefnda upphæð. Það, sem hér er um að ræða, er, að þeir menn, sem eiga inneignir, geti fengið keyptan erlendan gjaldeyri af gjaldeyrisbirgðum bankanna, ef þeir vilja verja fé sínu til kaupa á framleiðslutækjum. Ég tel rétt að setja sér það mark að leggja til hliðar 450 millj. kr., ef tryggt væri, að því yrði ráðstafað fyrir landsmenn til nýrra framkvæmda. En þetta orðalag felur ekki í sér neina tryggingu.

Þá skil ég ekki orðalag 1. gr. frv., þar sem stendur, að lagðar skuli til hliðar „að minnsta kosti 300 millj. ísl. króna“. Hver á að ákveða upphæðina, ef lagt verður meira fram? Auðvitað verður að taka fram, að það sé löggjafarvaldið sjálft. En þetta „að minnsta kosti“ er villandi og út í hött.

Þá er 2. gr. frv., þar sem ákveðið er að skipa sérstaka fjögurra manna n., sem nefnist nýbyggingarráð, og tekið fram, hvert skuli vera hlutverk þessarar n., en það er að búa til heildaráætlun um það, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis o. s. frv. Nú vil ég minnast á það, að fyrir rúmu ári átti ég frumkvæði að því, að Alþ. skipaði sérstaka n. til athugunar um, að gerðar yrðu verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina. Mér var það ljóst, að það mundi þurfa að hefjast handa um slíkar framkvæmdir og því væri tímabært að stofna þessa n. Henni var ekki ætlað að verulegu leyti ólíkt hlutverk því, sem þessari n. er ætlað, að gera till. um, hvernig mundi heppilegast fyrir komið tilhögun á stórrekstri í landinu, og að öðrum þræði að gera till. um verklegar framkvæmdir að styrjöld lokinni. Þessi n. hefur starfað síðan. Mér er ekki vel kunnugt um, hve miklu hún hefur áorkað, en ég veit, að hún hefur lagt mikla vinnu í ýmiss konar rannsóknir. Þessi till. hæstv. ríkisstj. um skipun n. er því engin nýjung. Ég skal taka fram, að þó að ég beitti mér fyrir því, að fyrr nefnd n. var skipuð, þá er mér ekki fast í hendi, að hún haldi áfram störfum eða ég vilji fyrir þá sök snúast á móti till. hæstv. ríkisstj., að þessi nefndarskipun eigi sér stað. En það er annað mál, hvort skipa skal þá n. með þeim hætti, sem hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, og verður það eflaust athugað í þeirri þingn., sem fær málið til meðferðar. Það, sem mig furðar sérstaklega á í sambandi við frv., er, að það skuli ekki bóla neitt á því, hvernig hæstv. stj. hefur hugsað sér, að þessi nýsköpun atvinnumálanna komist fram og eftir hvaða leiðum farið verður eða hver stefna hæstv. stj. sé. Það bólar ekkert á því í þessu frv., svo að skilið verði. Það mætti ímynda sér af 4. málsgr. 2. gr., að það ætti að benda mönnum eitthvað í þessa átt, en af því verður þó varla skilið, hvað fyrir hæstv. stj. vakir. Eins og ég gat um áðan, er nauðsynlegt að áætla verklegar framkvæmdir á næstunni, og verði þetta frv. samþ. og þessi n. skipuð, legg ég áherzlu á, að sú n. notfæri sér að fullu það starf, sem sú n., er nú starfar, hefur unnið að undirbúningi ýmissa mála í sama tilgangi, svo að ekki verði farið að tvívinna sömu verkin, þannig að niðurstöður fáist engar. Það, sem auðkennir þetta frv. eins og stefnuyfirlýsingu stj., er það, að ekkert verður af því ráðið um það, hver eigi að verða afskipti ríkisvaldsins af þessari fyrirhuguðu nýsköpun atvinnulífsins eða hvaða hlutverk einstaklingum og félögum er ætlað eða hver eigi að vera fjárhagsgrundvöllur hinna nýju fyrirtækja, sem fyrirhuguð eru. Á þetta er

ekki minnzt einu orði. Mér virðist, að það sé nauðsynlegt að umsteypa þetta frv. og ætla þessari n. mun meira verkefni en henni er ætlað í till. hæstv. ríkisstj. Og ég er satt að segja hálfundrandi yfir því, að hæstv. stj. skuli ekki hafa sett í frv. þau ákvæði, sem mér sýnist óhjákvæmileg, að nýbyggingarráð skuli gera áætlanir um, hvernig þessu verði komið fram á sem heppilegastan hátt, og ég álít, að það verði að fela þessari n. að gera till. um, hver skuli vera afskipti ríkisvaldsins af þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, og hver skuli vera þáttur einstaklinga og félaga. Það er óhjákvæmilegt annað en menn geri upp við sig, hver skuli vera stuðningur ríkisvaldsins við atvinnuvegina og hver skylda skuli lögð þeim á herðar, sem á undanförnum árum hafa fengið margs konar hlunnindi og aðstöðu til að efnast, til að standa undir þessari nýsköpun. Og þá sýnist mér enn fremur nauðsynlegt, ef þetta á ekki að vera sams konar fálm af hendi hæstv. ríkisstj. og hingað til, að fela þessu ráði að íhuga og gera till. um ráðstafanir til innkaupa á nýjum tækjum, er þurfa muni, til þess að aðalatvinnurekstur landsmanna hafi einhverjar líkur fyrir því að verða samkeppnisfær við framleiðslu annarra þjóða. Það getur verið gott og nauðsynlegt að gera áætlun um það, sem þarf að framkvæma, en það er ekki nægilegt. Það er engu líkara en hæstv. stj. hafi ætlað að láta það nægja að setja upp óskalista fyrir þjóðina, án þess að benda á leiðir til að uppfylla þær óskir. Ég undrast, að hæstv. ríkisstj. eftir 14 daga frest skuli leggja það eitt til, að skipuð verði n., sem raunar hefur það sama hlutverk og sú n., sem fyrir er. Mér finnst óhjákvæmilegt annað en n. verði falið að gera till. um, hvaða stefnu Ísland skuli hafa í atvinnumálum næstu missiri og ár. Annars er engu líkara en hæstv. stj. hafi ætlað sér að láta við það sitja, að saminn yrði óskalisti af hálfu n., sem þá um leið yrði óskalisti ríkisstj. sjálfrar, og stj. sýndi svo þau hyggindi að bíða eftir því, að hún kæmist undir regnbogann og notaði þá tækifærið til að fá í einu vetfangi allar þessar óskir uppfylltar, án þess að hafa meira fyrir því. Það er vitað mál, að það er miklum erfiðleikum bundið að koma upp þeim fyrirtækjum, sem upp þarf að koma í styrjaldarlok, og það verður að taka öðruvísi á þeim málum en hæstv. ríkisstj. hefur gert að undanförnu, ef menn eiga að geta vonazt eftir, að það verði annað en orðin tóm.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en vil, áður en ég lýk máli mínu, beina fyrirspurn til hæstv. forsrh.

Í 4. málsgr. 2. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands, svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.“ Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh., hvað við sé átt með orðunum „hlutast til um“. Hversu mikil íhlutun er n. heimiluð samkvæmt þessu orðalagi? Hvað felst í þessu orðalagi? Það er ekki svo auðvelt að gera sér grein fyrir, hvað með þessu er meint.

Niðurstaðan á því, sem ég sagði hér varðandi frv. sjálft, er sú, að ég álít rétt að samþ. það með verulegum breytingum og að n. sú, sem hér á að koma á fót, skuli gera meira en semja lista um allar þær framkvæmdir, er teljast skuli heppilegar og æskilegar. Ég álít, að eins og nú er komið, þegar ætlazt er til, að hafizt sé handa um nýsköpun atvinnuveganna, þá sé nauðsynlegt að fela n. að gera áætlanir um, hvernig þessum áætlunum verði komið fram.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég verð að láta í ljós undun mína yfir þeirri löngu ræðu, sem hv. formaður Framsfl. hefur flutt hér við 1. umr. þessa máls, og það því fremur, að ræðan er efnislega þannig, að menn skyldu halda, að hann hefði ekki komið nærri þessum málum, fyrr en hann sem saklaus aðili sér framan í þetta hræðilega frv., þegar það er lagt fyrir hv. d. Þetta er nokkuð undarlegt um mann, sem undanfarna tvo eða þrjá mánuði hefur setið á fundum daglega eða að minnsta kosti þrisvar og fjórum sinnum í viku ásamt fulltrúum annarra flokka þingsins til þess að ræða þetta mál, sem hann er nú að gagnrýna hér, og gera um það sínar till. bæði munnlegar og skriflegar, sem betur fer. Ég segi sem betur fer, vegna þess að sú gagnrýni, sem nú á elleftu stundu eða raunar eftir elleftu stund kemur fram, bitnar á honum sjálfum sannanlega vegna þess, að till. hans eru skriflegar, og skal ég síðar að því koma. En varðandi það, sem er megin þessa máls, hvort það, sem vakir fyrir stj., á rétt á sér eða ekki, vil ég segja þetta: Framsfl. hefur stungið upp á ýmsum leiðum í þessu máli. Hann hefur stungið upp á samvinnu við Sjálfstfl. einan og gert um þá samvinnu þá uppástungu, að ríkisstj. yrði sem allra veikust og málefnagrundvöllurinn sem allra fátæklegastur, og má segja, að vel fari á því á sem allra hættulegustum tímum. Hv. þm. hefur áður lýst þessum uppástungum í grein, sem hann skrifaði í blaðið „Tímann“, en hann segir þar svo ranglega frá, að ég verð að leiðrétta það hér. Þegar uppástunga kom frá Framsfl. 3. okt. milli kl. 6 og 7 um kvöldið, þá voru aðeins nefnd tvö mál, sem samstarfið átti að byggjast á. Annað málið var að tryggja samþykkt jarðræktarl., sem nú liggja fyrir Alþ., en hitt var raforkumálið, en fiskveiðasjóðurinn var alls ekki nefndur, og var því atriði bætt inn í síðar, því að samanborið við þá fjölskrúðugu stefnuskrá, sem Framsfl. virtist hafa áhuga fyrir, meðan verið var að ræða um fjögurra flokka stj., hefur honum líklega fundizt þetta nokkuð fátæklegt. Þegar Framsfl. var spurður þess, hvað hann meinti með raforkumálunum, þá varð honum svarafátt, sem að vonum var, vegna þess að hvorki hann né aðrir flokkar hafa mér vitanlega á þessu stigi málsins fengið nein gögn frá þeim milliþn., sem um þessi mál fjalla, og við gátum ekki fengið nein skýr svör um það, hvað fyrir Framsfl. vekti. Þannig var málefnasamningurinn, sem Framsfl. bauð samvinnu um, í raun og veru aðeins eitt mál: jarðræktarfrv., sem fyrir þinginu liggur og er flutt af tveim sjálfstæðismönnum og einum framsóknarmanni. Þetta var önnur leiðin, að hafa sem veikasta ríkisstj. og fátæklegastan málefnasamning, á þeim tímum, er mest var í húfi. Hin leiðin var sú, sem Framsfl. átti þátt í að ræða frá júníbyrjun s. l. nær óslitið fram til 2. okt., er formaður Framsfl. taldi sig ekki vilja taka þátt í áframhaldandi viðtölum, sú leið, sem markast af hinum víðtæka málefnasamningi, er ríkisstj. hefur nú komið sér saman um. Þriðja leiðin, sem Framsfl.

er nú að tæpa á og vill láta telja skynsamlega, er ekkert annað en rammasta afturhald og liggur alls ekki fyrir. Það þarf enginn að halda, að Framsfl. eða öðrum haldist uppi að segja við verkalýðinn í landinu: Þið fáið engin ný framleiðslutæki, fyrr en þið lækkið kaupið. Það þarf enginn að halda, að almenningur í landinu láti bjóða sér, að löggjafarvaldið segi: Fyrr en þið hafið fallizt á þær kauplækkanir, sem við ákveðum, verður ekki komið með nein ný framleiðslutæki. Slíkt hefði ekki haft í för með sér annað en stríð upp á líf og dauða milli þeirra, sem vilja halda dauðahaldi í þau sérréttindi, er þeir hafa fengið, og hinna, sem vilja halda í þau lífskjör, er hinar breyttu kringumstæður hafa boðið þeim.[1])

Hvers vegna? Vegna þess að við höfum fengið tæki, sem kunna að vera orðin úrelt hjá hernum. Mér dettur ekki í hug að halda, að það sama verði upp á teningnum á öllum sviðum atvinnulífsins, og almenningur segir: Fyrr en búið er að ganga úr skugga um, að peningarnir geti komið fram úr rottuholunum, verður ekki um það að ræða, að tekið verður af okkur. Mér er vel ljóst, að það getur enginn sagt um það í dag, að hvað miklu leyti verður að heyja þessa baráttu, og mér er það alveg ljóst, að það verður að heyja þessa baráttu áður en komið er til almennings og fyrirskipað er að lækka kaupið. Ég vil meðal annars benda þessum hv. þm. á það, að það er ekki víst, að hann sé einfær um að gefa út þá skipun, og mér finnst ástæðulaust að fara út í slíkt, fyrr en tilraun hefur verið gerð í þá átt að hefja margumræddu nýsköpun. En ef þetta mislukkast, þá skal ég vera fremstur í þeirra hópi, sem telja, að það kunni ekki góðri lukku að stýra fyrir Íslendinga, að þeir reki framleiðslutækin með tapi. En þá er líka hægt að segja, að allt hafi verið gert, sem hægt var, til þess að halda uppi lífsafkomu almennings. Hv. þm. má ekki halda, að stj. hafi ekki svipaða þekkingu og hann á atvinnulífi þjóðarinnar, og ég hefði að því leyti eins vel getað haldið fyrri partinn af hans ræðu, að mér er það alveg ljóst, að atvinnulíf landsmanna þarf að bera sig. En hv. þm. á eftir að svara því, hvernig hann ætlar að tryggja þetta og hvað það er, sem fram á að fara áður en ríkisstj. Íslands má reyna að stuðla að því að fá ný tæki til þess að endurskapa atvinnulífið á þeim tímum, þegar hver þjóð er annars vegar að reyna að afla sér nýtízku tækja og hins vegar að reyna að afla sér markaða til þess að hægt sé að hagnýta tækin. Hv. þm. á eftir að svara því, sem ég taldi saman, og meðan hann hefur ekki svarað þessu með fullri skynsemi og skilningi, má hann eiga von á því að liggja undir grun um það, að þessi ræðuhöld hans verði talin flutt af manni, sem hefur orðið af sporvagninum.

Eysteinn Jónsson: Ég geri ráð fyrir því, að margir séu mér sammála um það, að lítið væri hægt að vita um það, hvert stj. stefnir með framkvæmdir sínar, áður en hæstv. forsrh. tók til máls, og ég held, að menn séu engu nær eftir ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. kom víða við, en ég mun þó minnast á sumt af því, sem hann fór með. Hann sagði, að Framsfl. hefði gert sig líklegan til að vilja eiga þátt í stjórnarmyndun, að því er mér skildist með þrennu móti, og hefði hann þá viljað mynda stj., sem hefði verið, eins og hann sagði, miklu veikari heldur en sú stj., sem nú situr að völdum, stj., sem hefði lítinn eða engan málefnasamning við að styðjast, og mun hann þar eiga við það, að Framsfl. stakk upp á myndun stj. með Sjálfstfl., og væri forsrh. hlutlaus. Ég er ekki á sama máli og hæstv. forsrh. um það, að núverandi stj. sé sterk stj., þó að hún hafi stuðning 32 þm. Ég held, að sú stj., sem hann hefur nú myndað, sé sú veikasta stj., sem nokkurn tíma hefur setið í þessu landi, að undanskildri einni stj., sem þessi sami forsrh. stóð að og starfaði á árinu 1942 og var undir forsæti þessa sama manns. Ég fullyrði það, að þó að það kynni að hafa orðið minna af skrumi í kringum þá stj., sem hann minntist á, og hún hefði orðið veikari að hans dómi, þá hefði hún aldrei orðið veikari heldur en sú stj., sem nú hefur verið sett á laggirnar. En reyndin mun eiga eftir að sanna þetta glögglega. Hæstv. forsrh. sagði, að við hefðum aðeins nefnt tvö mál í sambandi við þá uppástungu, sem við gerðum um stjórnarmyndun með Sjálfstfl. Þetta er algerlega rangt. Við framsóknarmenn settum fram þá kröfu, að það yrði séð fyrir tekjuöflun til þess að hægt væri að afgr. fjárl. tekjuhallalítið, og þetta var út af fyrir sig ákveðin stefnuyfirlýsing af okkar hálfu. Enn fremur stungum við upp á því, að samþ. yrði á þinginu jarðræktarfrv. það, sem nú liggur fyrir því. Enn fremur lögðum við til, að stefna mþn. í raforkumálum yrði upp tekin, sem sé að ríkið tæki að sér að reisa stærstu orkuverin og leggja aðalorkulínurnar. En hæstv. forsrh. vildi láta skína í annað. Þegar við afhentum uppástungur okkar skriflega, bættum við við eflingu fiskveiðasjóðs. Hér var stungið upp á ákveðnum leiðum, hér var ekki um almennar leiðir að tala, ekki almennt hjal. Hér var stungið upp á ákveðnum leiðum til þess að koma á ræktun við landbúnaðinn, svo sem með því að auka véltæknina o. s. frv. Hér var stungið upp á ákveðinni stefnu. En þótt leitað væri með logandi ljósi í gegnum allt það, sem komið hefur frá stj. um það, sem hún vill gera í atvinnumálum landsins, bólar þar ekki á till. um neitt tiltekið úrræði í neinu máli. Þar er ekkert sagt um það, hvernig eigi að framkvæma nokkurt mál, og hæstv. forsrh. gerði ekki minnstu tilraun til þess að benda á, að ég hefði haft rangt fyrir mér, þegar ég sagði, að ekkert væri ákveðið um það í stjórnarsamningnum, hvernig ætti að framkvæma stefnu stj. í atvinnumálum þjóðarinnar. Þá sagði hæstv. forsrh., að það væru undur mikil að heyra það, að ég væri hér á Alþ. að gagnrýna stj. fyrir það, að hún hefði ekki ákveðið stefnuna í atvinnumálum, þar sem við framsóknarmenn í samninganefndinni um myndun fjögurra flokka stj. hefðum lagt fram till. um atvinnumálin, sem væru alveg samhljóða yfirlýsingu stj., og hæstv. forsrh. sagði, að þetta hefðu verið okkar till. í málinu, eins og hann orðaði það, og þessi mál hefðu verið svo þrautrædd á milli flokkanna í þessari n., að það hefði verið vitað, að það, sem lagt var fram af hálfu hvers flokks um sig, hefði verið það endanlega, sem frá honum ætti að koma. Ég verð að segja það, að

1) Hér í vantar kafla, sem innanþingsskrifari hefur ekki skilað og mun hafa glatazt.

þessi málflutningur frá hendi hæstv. forsrh. kemur mér ekki á óvart. Ég þekki það, hvernig hæstv. forsrh. fer með mál af þessu tagi og þau viðtöl, sem við hann er átt vegna þessara hluta. Hið sanna er, að allt það, sem flokkarnir lögðu fram í 12 manna n. um atvinnumálin, og allt það, sem flokkarnir vildu láta ræða í n., það var alls ekki rætt í n., og hæstv. forsrh. veit það vel, að þessi málefni hafa nærri ekkert verið rædd í þessari 12 manna n. Það var síðan sett á laggirnar undirnefnd 4 manna, sem átti að ræða nánar um úrræði í atvinnumálum og fleiri mál, og hæstv. forsrh. átti að stjórna þeirri undirnefnd, og hæstv. forsrh. veit það vel, að við ræddum aðeins um utanríkismál og verzlunarmál, en atvinnumál og fjármál voru alls ekki rædd, og hann stöðvaði sjálfur þær umr. og sagði, að það þýddi ekki að ræða þessi mál fyrr en séð væri, hvort strandaði á dýrtíðarmálunum. Þess vegna var það svo, að þessar uppástungur voru þannig, að það þurfti af allra hálfu að ræða þær miklu nánar heldur en hægt var að gera í þessari 4 manna n., ef það átti að vera hægt að byggja á því löggjöf eða stórframkvæmdir. Eitt af því, sem hæstv. forsrh. las upp í þessu sambandi, var uppástunga frá okkur um það, að fjáröflun færi fram með þeim hætti, að skattleggja skyldi sérstaklega þá aðila, sem hefðu safnað auði á undanförnum árum, sem sé að auðjöfnun yrði komið á. Með auðjöfnun áttum við við eignaraukaskattinn. Í þessum umr. var ekkert vitað um afdrif mála í 12 manna n. Við tókum nú fyrst uppástungu, sem kom frá Sjálfstfl., umorðuðum þar viss atriði og tókum ýmislegt upp í okkar till., sem ekki var í till. Sjálfstfl., t. d. eins og það, að (eyða í handr.). En við tókum það fram, að þó áð við tækjum þetta þarna upp, þá hefðum við ekki átt kost á því að gera grein fyrir því, hvort þetta væri framkvæmanlegt, en það var fjarri því, að þessar till. væru okkar síðasta orð í þessum málum. En svo segir hæstv. forsrh., að þetta plagg hafi verið það endanlega orð í atvinnumálum og fjármálum. Þetta er náttúrlega óviðeigandi af hæstv. forsrh., og skal nú upplýst, hvernig á þessu stendur. En setjum nú svo, að við hefðum gengið inn á hugsanagang hæstv. forsrh. í þessu og litum þannig á, að þetta hafi verið það, sem Framsfl. hefði viljað leggja fram í sambandi við myndun 4 flokka stj. Setjum nú svo, að þetta hefði verið gert, sem ég álít, að hefði verið ómögulegt, ef það hefði verið ætlunin að gera sér grein fyrir þessu máli áður en stj. hefði komið. Hefði þá ekki komið að því, að stj., sem fengin var, með almennu orðalagi hlyti að útfæra þessa stefnu nánar, áður en langt um liði, og hlaut þá að koma að því, að hún legði fram sínar till. um það, hvaða leið ætti að fara í hverju hinna stærri málefna. En þetta er það, sem núverandi stj. hefur látið undir höfuð leggjast enn sem komið er. Hún hefur aðeins látið frá sér fara almenn orð, sem ekkert segja um neinar framkvæmdir, og stj. hefur tekið sér hálfsmánaðar frí til þess að gera frekari till., og ekkert kemur nema eitt lítið frv. um að athuga þetta allt nánar. Og þessi stj. hefur gefið í skyn, að hún ætlaði að hefja nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar. Hæstv. forsrh. gekk svo langt að halda því fram, að Framsfl. hefði verið engu betri, og það gekk svo langt, að hann sagði, að þegar rætt hefði verið um væntanlega stjórnarmyndun, hefði ekki verið spurt um það, hvar ætti að taka peningana til þess að jafna fjárlögin og borga tryggingarnar. En þetta er rangt hjá hæstv. forsrh. Við tókum það fram, að við vildum reyna að koma því til leiðar, að flokkarnir sæju fótum sínum forráð í þessum efnum, og höfðum ævinlega stungið upp á því, en þetta máttu fulltrúar sósíalista og hæstv. forsrh. ekki heyra nefnt, og mun það ekki sízt hafa stafað af því, að hæstv. forsrh. hafi óttazt, að ef farið væri að rannsaka þetta og athuga, þá mundi fljótlega koma að því, að hann yrði að opna sína pyngju.

Þá kem ég að því, sem hæstv. forsrh. kallaði þriðju leiðina, sem framsóknarmenn hefðu getað hugsað sér, það sem hann kallar hið rammafturhaldssama sjónarmið, sem sé að því skuli vera haldið fram, að það hafi verið orðið þannig ástand í landinu, að nauðsyn bæri til að þoka niður kaupgjaldinu. Þetta er það, sem hæstv. forsrh. kallar hið rammafturhaldssamasta sjónarmið, og er fróðlegt að heyra þetta frá formanni Sjálfstfl. hér á Alþ. Og hann sagði, að það væri alls ekki von, að menn gætu léð máls á þessu, fyrr en þeir auðugu hefðu tekið eitthvað af sínum fjármunum. Ég vil fyrst benda á það, að Framsfl. hefur aldrei dottið í hug að fara fram á lækkun á kaupgjaldi nema því aðeins, að þeir auðugu legðu fram eitthvað af sinni hálfu í gagnlega hluti, svo sem til nýsköpunar atvinnuveganna, þannig að slíkar framkvæmdir hafa ekki staðið á þessu í því sambandi.

En þá sagði hæstv. forsrh. annað, sem ekki var síður eftirtektarvert. Hann sagði, að það væri engin von til þess, að menn vildu ljá máls á því að stöðva kauphækkunarkröfur, hvað þá að færa kaupið niður, fyrr en búið væri að ganga úr skugga um það, hvort atvinnuvegirnir bæru það kaupgjald, hvort það væri þörf á því, að slík lækkun ætti sér stað að dómi hæstv. forsrh. Með öðrum orðum, nú stendur málið þannig, að það er óhætt að hafa þetta eins og það er, það er ekki að tala um að hnika því neitt til frá því, sem það er í dag, og sjá svo, hvað nýju atvinnutækin geta borið, og það væri gott, ef því væri til að dreifa. Hvernig er svo ástandið? Hæstv. forsrh. sagði það þannig vaxið, að það væri engin þörf á tilslökun. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að hann hefði eins getað haldið fyrri hlutann af minni ræðu áðan að efninu til, hann sagði, að þar hefðu komið fram sams konar sjónarmið. En um hvað fjallaði fyrri hluti minnar ræðu? Hann fjallaði um það, að nú þegar væri svo komið framleiðslukostnaði í landinu, að mikill hluti framleiðslunnar gæti alls ekki staðið undir kostnaðinum að óbreyttu ástandi, eins og það væri nú. Ég sýndi fram á með rökum, sem hæstv. forsrh. getur ekki hrakið, að sjávarútvegur og landbúnaður bendir á annað eftirtektarvert fyrir hæstv. forsrh. Það bendir til þess, að allur framleiðslukostnaður, eins og hann er nú, — og þó eru greiddar úr ríkissjóði á næsta ári 16—18 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir, að framleiðslukostnaðurinn komi fram að fullu —, er þannig vaxinn, að ég held, að það verði ekkert skemmtilegt að koma saman fjárl. með þessu frv. og með öllum þeim frv., sem stj. ætlar að hengja á fjárl. Það er því auðsætt, að þetta getur ekki staðizt til lengdar,

þó að menn hafi viljað eiga þátt í því að fleyta þessu áfram, en það er ekki vegna þess, að við sæjum ekki, að þetta getur ekki staðizt, heldur gerum við það til þess að reyna að fleyta því áfram enn um nokkurn tíma. Við höfum aldrei reynt að mynda stj., sem við sáum fyrirfram, hvað var rotin. Við höfum ekki getað fengið okkur til að bera fram þá þjóðlygi, að við höfum vissa hæfni til að stýra þúsund ára ríkinu. Það, sem hér skilur á milli, er það, að við höfum talið nauðsynlegt, að fram færi leiðrétting og lagfæring á ýmsum sviðum, áður en ráðizt væri í svo stóra hluti, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil minna hæstv. forsrh. á eitt í sambandi við það, þegar hann talaði um rammafturhaldssamt sjónarmið þeirra, sem hefðu getað hugsað sér það, að verkalýðurinn slakaði eitthvað til, og það er þetta: Hæstv. forsrh. hefur verið fremstur í flokki þeirra manna, sem skoraði á íslenzka bændur að slaka til. Hann skoraði á bændur að lækka sínar tekjur, sitt afurðaverð frá því, sem þeir áttu að fá samkvæmt dómi, sem upp var settur af hæstv. Alþ. Hæstv. forsrh. hefur verið fremstur í flokki þeirra manna, sem hafa kallað það rammafturhaldssamt sjónarmið að fara fram á, að launastéttirnar slökuðu til frá því, sem þeim var tildæmt. Hver nauðsyn rak nú hæstv. forsrh. til þess að leggja það til, að þetta yrði gert af hálfu bænda, og hverja nauðsyn bar til þess, ef öllu var jafnóhætt eins og hæstv. forsrh. vill vera láta, eða er það svo, að stj. sé orðið ljóst, hversu tæpt þetta allt stendur, og að hér hafi verið svo hátt spilað, að ef bændur hefðu ekki sýnt þann þegnskap að falla frá sínum réttmætu kröfum um afurðaverðið, hefði dýrtíðin nú þegar verið komin upp í 300 stig eða þar yfir og atvinnureksturinn verið farinn að dragast saman og engin von hafi verið til þess að halda þessu lengur við stundinni lengur? En hafi það verið rammafturhaldssamt að láta sér detta í hug, að allir ættu að láta eitthvað af mörkum vegna þess að komið væri of langt, hvernig stendur þá á því, að hæstv. forsrh. skyldi láta sér detta í hug að fara fram á slíka lækkun einvörðungu hjá bændastéttinni? Hæstv. forsrh. getur ekki talið það nein réttlætisrök, þó að það hafi verið hægt að halda fyrir bændum réttlátum útflutningsuppbótum, ef þeir ekki slökuðu til. Þau rök er aðeins hægt að nota, þegar menn gera það upp við sig, hvort hafi verið betra fyrir bændur að taka það, sem þeir áttu tilkall til, og verða þess valdandi, að dýrtíðin héldi áfram að vaxa, eða að taka þann kostinn, sem þeir tóku. Þessi hæstv. forsrh., sem þannig talar, hafði átt mikinn þátt í því að fara fram á það við bændur, að þeir slökuðu til vegna þess, hvernig komið var og hversu öllu var teflt á fremsta hlunn. Þessi sami hæstv. forsrh. sér aftur á móti ekkert athugavert við það, þó að hann hafi reynt að fá atvinnurekendur í Reykjavík til þess að hækka kaupgjaldið, á meðan bændur voru fengnir til þess að slaka til vegna þess, hvernig komið var.

Ég spurði hæstv. forsrh. að því, hvernig skilja bæri 4. málsl. 2. gr., ákvæðið um það, að nýbyggingarnefnd hlutist til um, að slík tæki verði tryggð utanlands. Hann sagði, að ég mundi vita, hvað þetta þýddi, því að það væri hið sama orðalag og við hefðum notað í því, sem lagt var fyrir 12 manna n. En það, sem við lögðum fyrir n., voru aðeins drög að því, er ræða átti, en var svo aldrei rætt, og kemur því ekki til mála að vitna í það í þessu sambandi. Ég vil enn fremur benda á, hvað það er broslegt að ætla, að það geti gilt sem skýring á lagagrein, hvaða orðalag ég eða einhver annar hefur haft í einhverju plaggi.

Mér skilst, að nýbyggingarráð eigi að hjálpa til að útvega atvinnutæki og greiða götu einstaklinga til að nálgast þau. En ef hæstv. ríkisstj. meinar eitthvað annað, þá tel ég, að hún eigi að gera grein fyrir því, og ég tel, að þau svör, er hæstv. forsrh. hefur gefið, séu ósæmileg og óviðeigandi.

Ég skal svara spurningu hæstv. forsrh. um það, hvenær ég teldi óhætt að kaupa atvinnutæki, eftir því sem föng eru á í fljótu bragði.

Mér hefur aldrei komið til hugar að stemma stigu fyrir þeim, sem vilja kaupa framleiðslutæki, heldur greiða götu þeirra. Þetta er mitt svar.

Hann spyr og, hvenær megi styðja þá, er vilja afla sér tækja. Það má nú þegar. Það má hvenær sem er. Það er ekki rétt, að stjórnarandstæðingar hafi spillt fyrir því, að atvinnutækin yrðu keypt, en það hefur aftur á móti ríkisstjórnin sjálf gert. Gerðir hennar hafa án efa dregið kjark úr mörgum. Það má vera, að einhverjir láti þetta ekki á sig fá, og ég vona, að þeir verði sem flestir. En það, sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert, að hækka útgjöld langt fram yfir það, sem gætnir menn telja ráðlegt, er ekki líklegt til að gefa mönnum kjark til athafna.

Ég tel, að ríkisstjórnin hafi flaskað alvarlega á því að auglýsa svo mjög það, sem hún ætlaði að gera. Ég hef áður bent á það, hver áhrif það getur haft að vekja vonir manna langt fram yfir það, sem efni standa til, að hægt sé að uppfylla. Menn hugsa sem svo: Stjórnin hefur tekið þetta að sér. Ég þarf ekki að hugsa þar um eða leggja að mér. En þegar svo reynslan sýnir, að þetta er ekki þannig, þá koma vonbrigðin og afturkastið.

Ég veit ósköp vel, hvernig þessu er varið og með hverjum silkihönzkum hefur verið tekið á þessum málum af ríkisstjórninni. Það hefði verið hyggilegra og heppilegra fyrir hana að leggja meiri áherzlu á, að einstaklingarnir tækju nú höndum saman við ríkisstjórnina, en segja ekki að hún ætlaði að gera þetta allt saman.

Ég læt nú þetta nægja að sinni, enda ekki ástæða til að ræða þetta miklu frekar en orðið er.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Það er ekki margt, sem ég þarf að svara, nema þá að vísa í fyrri umræður um þetta mál.

Hv. 2. þm. S.-M. vill gera mikinn greinarmun á því, hvernig málefnasamningur sá, er Framsfl. lagði fram, var og hvernig hann hefði orðið.

Ég geri ráð fyrir, að allir flokkar hafi ætlazt til, að gerðar yrðu orðabreytingar á till. þeirra. En Framsfl. getur ekki lagt fram slíkar till. án þess að í þeim felist einhver stefna. Það er óhugsandi eftir svo langar samningaumleitanir, að heill þingflokkur komi með till., sem engin stefna felst í. Þá vil ég spyrja hv. 2. þm. S.-M.: Um hvað var verið að ræða allan þennan tíma, ef aldrei var rætt um atvinnumál og fjármál? Ég held, að hann geti varla vænzt þess, að hann fái þingmenn til að trúa því, að ég sé sá eigin-

hagsmunapúki og svo voldugur og áhrifamikill, að ég hafi getað meinað þeim, er sæti áttu með mér í n., að bera fram og ræða sínar skoðanir, og ótrúlegast mun þó þykja, að ég hafi haft svo mikil áhrif á hann sjálfan, sem var einn af nefndarmönnum. Hann sagði eina setningu í ræðu sinni, sem er mjög merkileg, ef hann hefur meint hana, og gæti orðið til þess, að samvinna tækist okkar á milli. Hann sagði, að Framsfl. teldi ekki þörf launalækkunar fyrr en sýnt væri, að þess væri nauðsyn. Ég hef haldið, að þetta væri eitt aðalatriðið, sem á milli hefur borið. Ég hef talið eðlilegt og sanngjarnt, að þeir menn, sem eignazt hafa mikið af peningum, legðu þá í atvinnutæki, án þess að arður af þeim væri fyrirfram tryggður, en þetta hefur mér skilizt, að væri ekki skoðun hans flokksbræðra. Við viljum ekki lækka kaupgjaldið fyrr en í síðustu lög. Ég er hv. þm. sammála um það, að atvinnuvegirnir verða að bera sig. En ég er honum ekki sammála um þá svartsýni, að það muni þeir ekki gera. Sjávarútvegurinn getur borið sig eins og er, og það er engum greiði gerður með því að vera stöðugt að hrópa „úlfur, úlfur.“ Slíkt er einungis til að veikja trú almennings. Það getur komið að því, að biðja verði verkalýðinn að lækka kaupið, og þá skal ég verða til þess fyrstur manna, þegar sýnt er, að annað er ekki hægt.

Hann sagði enn fremur, að Framsfl. bæri ekki fram þá „þjóðlygi“, að hægt væri að mynda stjórn án þess að lækka kaupgjald. (**EystJ**: Þetta er eitthvað einkennilega eftir haft.) En Framsfl. hefur þó um lengri tíma staðið í samningum um að mynda slíka stjórn. Hann kveður mig hafa lagt til, að bændur fórnuðu því, er þeir áttu kröfu til. Ég hvatti bændur til að gera hagkvæma samninga, og ég hef skýrt með skrifum mínum í Ísafold og Morgunblaðinu, hvers vegna ég hvetti þá til þessa. Það eru fullkomin ósannindi, að ég hafi gengið á milli atvinnurekenda hér í Reykjavík, til að fá þá til að hækka kaupið. Það gerðu þeir af frjálsum vilja. En þegar talað er um laun manna, þá er alls óþarft að aumka stöðugt bændur. Þar má alveg eins nefna sjómenn og fleiri stéttir, sem ekki eru betur launaðar. Bændur eru hvorki ölmusumenn né aumingjar, sem stöðugt þarf að vorkenna.

Það var ekki ætlun mín að vera hér með neinn skæting. En mér virðist, að í frv. sjálfu sé full skýring á því, sem um var spurt. „Að hlutast til um“ er orðalag, sem ég hélt, að allir skildu, og hv. þm. hefur meira að segja sjálfur notað þetta orðalag. Nánari skýringar á þessu er einnig að finna í 2. og 3. gr. frv. Þar er augljóst, til hvers þetta ráð er skipað. Það á að hjálpa félögum og einstaklingum að fá tækin, þeir verða þó sjálfir að annast útvegun á gjaldeyri, enda geti þeir sannað, að hann eigi að fara til slíkra kaupa.

Ákvæðið um, að ríkið hlutist til um framkvæmdir í þessu efni, er sett vegna þess, að ef einstaklingar vilja ekki hætta fé sínu, þá verður ríkið að taka þetta að sér, og fyrir því ætla hinir þrír flokkar að beita sér. Ég vona, að það komi ekki til þessa. En annars ætlum við að gera það sama og Framsfl. ætlaði að gera. Það ætti að nægja til að skýra stefnuskrána, því að líklega hefur hann vitað, hvað fyrir honum sjálfum vakti. Ef til þess kemur, getur ríkisstjórnin ekki lagt fram milljónir króna úr ríkissjóði, nema Alþ. heimili það, og þeirrar heimildar verður þá leitað á sínum tíma. En hvaða ástæða er til þess nú, þegar ekki er búið að fá tækin eða séð, hvort einstaklingar vilja kaupa þau? Hvaða ástæða er þá nú til þess að setja l. um, að ríkið taki lán eða að skylda einstaklinga til að taka þátt í þessum framkvæmdum? Til þess er ekki ástæða fyrr en séð er, hvort við getum fengið þessi tæki og hvort einstaklingar eru fyrir hendi, sem vilja afla þessara tækja.

Öll gagnrýni þessa hv. þm. snerist um það, sem hann kallaði óákveðið orðalag á frv. ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. sagði, að sér hefði aldrei dottið í hug, að ekki ætti nú þegar að greiða fyrir öllum þeim, sem ætla að kaupa tæki inn í landið. En ef það á að gera þetta nú þegar, hvað er þá athugavert við þetta mál?

Mér hefur skilizt af öllu, sem skrifað hefur verið í flokksblað hv. þm., að allt hafi miðað að því, að ekkert vit væri í því að kaupa nokkur tæki inn í landið, fyrr en búið væri að lækka kaupgjald í landinu. Er þetta ekki rauði þráðurinn í öllu því, sem Framsfl. hefur haldið fram í þessum málum?

Hv. þm. sagði að lokum, að það væri ekki Framsfl., sem væri að draga úr möguleikunum fyrir nýsköpun, það væri ríkisstjórnin sjálf, sem gerði það með yfirlýsingu sinni og með sinni tilstuðlan að kauphækkunum í landinu. En ríkisstjórnin hefur ekki átt nokkurn þátt í þeim kauphækkunum, sem orðið hafa. Hins vegar hefur ríkisstjórnin, með því að vera þess megnug að koma á ríkisstjórn á svo traustum grundvelli, lyft hugum landsmanna upp úr því vonleysi, sem í var komið um, að nokkur skapaður hlutur yrði gerður. Með þessu hafa hugir landsmanna lyfzt, og löngun til nýs framtaks hefur vaknað. En ræða hv. 2. þm. S.-M. er gerð til þess að reyna að kæfa þá hrifningu, sem gripið hefur alþjóð manna, bæði atvinnurekendur og verkamenn, yfir fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar.

Ég var í gær að lesa grein í „Times“ þar sem nýsköpunarmálaráðherrann brezki og Anthony Eden segja frá fyrirætlunum þeim, sem brezka stjórnin hefur í huga, og þar var mjög margt, sem minnir á þær fyrirætlanir, sem við nú ráðgerum hér. En Woolton tekur það sérstaklega fram, að mikið velti á, að takast megi að fá þann samhug, sem nauðsynlegur er innan þjóðarinnar, til þess að þetta megi takast. En það er barátta gegn þessum samhug, sem Framsfl. og þessi hv. þm. hefur hafið og fengið í lið með sér nokkra aðra menn, eins og sjá má af dagblaðinu Vísi.

Ég hefði gaman af því, ef þessi hv. þm. vildi koma hér upp og berja ríkisstjórnina með stálsvipum, ef hann telur það slyngast. Hann hefur verið illa haldinn af óþolinmæði, síðan hann sá ríkisstjórnina, um að gera henni út á við alla þá bölvun og ógagn, sem hann hefur getað. Hann hefur meðal annars reikað um allt landið til þess að bera ríkisstjórnina óhróðri. Eftir það var svo borið fram vantraust á ríkisstjórnina af manni úr hans flokki, og enn fremur hafa blöð hans gert það, sem þau hafa getað, til þess að draga úr bjartsýni manna og auka svartsýni þeirra, og svo nú að lokum, með ræðu sinni áðan, hefur hann reynt að halda sömu stefnu og gert það, sem í

hans valdi stendur. En það er nú lítið, sem Framsfl. er orðinn megnugur um að gera illt af sér í þessu efni. Framsfl. hefur oft verið voldugri en hann er nú, svo er guði fyrir að þakka.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að það gætti nokkurrar öfundar yfir því, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir stórvægilegri stjórnarathöfnum en nokkur önnur ríkisstjórn hefur áður framkvæmt í landinu. Ég leyfi mér að draga í efa, að þetta sé ætlun hæstv. ríkisstjórnar, hvað þá að þetta verði svo í reyndinni. Ég leyfi mér að líta svo á, að auglýsing sú, sem ríkisstj. lét gefa út, sé svo lélega undirbúin, að það muni mjög fljótlega koma á daginn, þegar hún tekur að útfæra stefnuna. Þetta sést líka á því, að fyrsta frv., sem þessi ríkisstjórn leggur fyrir Alþ., er um það að setja n. til þess að athuga málin.

Hæstv. forsrh. sagði, að sér hefði skilizt, að það, sem aðallega bæri á milli hans og Framsfl., væri það, að framsóknarmenn hefðu hugsað sér, að fram færu niðurfærslur verðlags og kaupgjalds í landinu, án þess að framleiðendur legðu nokkuð til af sinni hálfu. Mér þykir undarlegt að heyra þetta frá hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. veit, að tillögum framsóknarmanna hafa alltaf fylgt fjárframlög til þess að hefja nýsköpun atvinnuveganna. Hitt er annað mál, að núverandi forsrh. hefur verið allra manna tregastur til þess að ljá slíkum till. fylgi sitt. Aðeins eitt sinn náðist gott tak á hæstv. forsrh., og það var 1942, en það var ekki fyrir það, að hann þá í raun og veru vildi leggja mikið af mörkum.

Hæstv. forsrh. svaraði lítið því, sem ég hef tekið fram varðandi fullyrðingar hans um, að öllu sé óhætt enn þá. Hann hefur aldrei minnzt á þau dæmi, sem ég færði fram að þessu leyti, um það, hvernig komið er fyrir sjávarútveginum, hlutarsjómönnunum og smábátaútveginum, sem er þannig, að ef ekki er mokafli, þá getur sá rekstur ekki borið sig. Á þetta hefur hæstv. forsrh. ekki drepið í sinni ræðu, en aðeins lýst því yfir, að allt væri í lagi að þessu leyti. Hann sér ekki annað en togaraútgerðina. Hans sjóndeildarhringur er ekki víðari en það, að hann sér, að það er hægt að bjarga þessari atvinnugrein, og þá er allt í lagi.

Hæstv. forsrh. sagðist hafa litið svo á, að málamiðlun bænda hafi verið heppilegust fyrir þá sjálfa. Hæstv. forsrh. veit, að bændur áttu síðferðilegan rétt til þess að fá þær uppbætur, sem sexmannanefndin dæmdi þeim. Þeir féllu frá því að fá þá hækkun, sem um var að ræða á innlendum markaði, vegna þess að þeir féllust á hin almennu rök í þessu máli, og til þess að stöðva ekki atvinnuvegina, þótt þeir hefðu getað haft stundarhagsmuni af þessari hækkun. Það mælti því engin sanngirni með því, að bændur féllu frá þessari hækkun, og ef bændur hefðu haldið á þessu máli eins og verkfallsmenn, þá væru atvinnuvegirnir nú þegar stöðvaðir. En samt telur hæstv. forsrh. sér sæma að hreyta skætingi til Framsfl. og bænda, sem áttu hlut að þessu máli. En mundi stjórnin ekki vilja gera sams konar samning við atvinnurekendur?

Hæstv. forsrh. sagði, að ríkisstjórnin hefði ekki átt neinn þátt í því, að atvinnurekendur gengu að kröfum verkamanna um kauphækkun. Gaman væri að vita, hvað lagsbræður hans í stjórninni segja sínum lagsmönnum um þetta. Hitt veit ég, af því að ég er þeim málum kunnugur, að ríkisstjórnin lagði fyrir atvinnurekendur að gera tilboð af sinni hálfu móti því, sem verkamenn höfðu farið fram á. Einu sinni gerði stjórn Félags ísl. prentsmiðjueigenda tilboð til móts við Prentarafélagið og óskaði eftir því, að það boð yrði lagt fyrir fund Prentarafélagsins. Þá fór stjórn Prentarafélagsins á fund ríkisstj. og kvartaði undan því, að ekki væri nógu langt gengið í þessu tilboði, og þá tók ríkisstjórnin upp till. í þessu máli, og kom því aldrei til ágreinings, vegna þess að ríkisstj. yfirbauð Fél. ísl. prentsmiðjueigenda, og endirinn varð sá, að kaupið hækkaði. Og svo leyfir hæstv. forsrh. sér að koma hér fram og berja sér á brjóst og segja, að ríkisstj. hafi engan þátt átt í því að hækka kaupið. Það eru þessi vinnubrögð, sem hafa skilið á milli afstöðu framsóknarmanna í þessu máli og þess hluta Sjálfstfl., sem lýtur forustu hæstv. forsrh. Við töldum það ekki sæma að vera með í ríkisstjórn bara með því að bændur slökuðu til, ef aðrar stéttir gerðu það ekki, og svo eykst ósamræmið með nýjum kauphækkunum.

Hæstv. forsrh. sagði, að sífellt væri verið að tala um hæst launuðu stéttirnar og stórtekjumennina. En hvað heldur hæstv. forsrh., að margir bændur hafi 20 þús. kr. í árstekjur og þar yfir? Hvort heldur hann, að sé algengara, að bændur hafi yfir eða undir 20 þús. kr. í árstekjur? Hæstv. forsrh. veit vel, að tekjur bónda, miðað við meðalbú, voru áætlaðar um 15 þús. kr. í fyrra og að þetta var síðar hækkað upp í 16500 kr. og síðan aftur lækkað niður í 15 þús. á sama tíma, sem aðrir menn, sem hafa yfir 20 þús. kr. tekjur, knýja fram kauphækkun. Þannig var líka ástatt í einni verstöð á síðustu vertíð, að á mótorbátunum voru fjörutíu útlendingar, vegna þess að innlendir menn vildu heldur vinna önnur störf í landi, sem betur borguðu sig.

Hæstv. forsrh. hefur stungið höfðinu ofan í sandinn. En skyldi hann ekki þurfa að taka hausinn upp til þess að anda og koma þá auga á þetta?

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði sagt, að það væri þjóðlygi, að nokkurt vit væri í því að mynda stjórn, án þess að fram færi kauplækkun í landinu. Ég sagði þetta aldrei. Ég sagði, að þjóðlygin væri falin í því að reyna að telja mönnum trú um, að hægt væri að nýskapa atvinnuvegina á þeim grundvelli, sem nú á að byggja á. Þetta sagði ég, að væri þjóðlygi, og ég vil endurtaka það, að þetta er þjóðlygi.

Hæstv. forsrh. vill komast hjá því að útskýra, hvað hann á við með 2. málsgr. 4. gr. En það, sem ég vildi fá að vita, er það, hvaða skilning hann leggur í þessa gr. Hvað mikið telur hann ríkisstj. heimilt að gera samkvæmt þessari gr.? Er ríkisstj. t. d. heimilt að ráðast í nýsköpun framleiðslutækjanna, ef þau seljast ekki fyrir fram? Ég tel það ekki heimilt. En telur hann það heimilt? Mér skildist nú síðast á honum, að hann teldi það ekki heimilt, þar sem hann sagði, að ríkisstj. yrði að koma til Alþ., ef hún vildi fá þetta fram. Ég vil biðja hæstv. forsrh. að upplýsa, hvort þetta er misskilningur. Þessi íhlutun getur ekki átt við annað en að greiða fyrir því, að menn fái þau tæki, sem þeir vilja kaupa, og hvetja menn á ýmsar lundir til þess að ráðast í framkvæmdir.

Hæstv. forseti er nú orðinn mjög óþolinmóður, og ég skal nú fara að ljúka máli mínu, en ég átti nokkuð eftir af því, sem vildi drepa á.

Ég held, að hæstv. forsrh. ætti ekki að minnast á Breta í þessu sambandi. Ég veit ekki, hvort hann hefur lesið svokallaða hvíta bók frá brezku nýsköpunarnefndinni. Þar er það tekið fram, að undirstaðan undir því, að nýsköpun geti átt sér stað, sé, að menn geti treyst á stöðugt verðlag og kaupgjald í landinu. Þess vegna ætti hann ekki að minnast á nýsköpunina brezku í sambandi við þessa pólitísku auglýsingu um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. talaði um bjartsýni og svartsýni og að þessar umræður mundu spilla bjartsýni manna. Ég verð nú að segja það, að mér finnst óhugsandi annað en að þær röksemdir, sem ég hef komið með, hljóti að skjóta upp kollinum í huga hvers einasta manns, sem hugsar um þessi málefni.

Hæstv. forsrh. ætti að vera þakklátur fyrir þessa gagnrýni, því sé hún að ófyrirsynju, þá ætti hún að vera kærkomið tilefni fyrir hæstv. forsrh. til að nota tækifærið og hrekja þessar röksemdir og skýra fyrirætlanir ríkisstj. betur fyrir mönnum heldur en hann hefur hingað til gert.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að ríkisstj. hefði lyft hugum landsmanna. Hann sagði nú fyrst, að hrifning hefði gripið ríkisstjórnina, en allir eiga nú leiðréttingu orða sinna. Ég veit ekki, hversu hátt hæstv. forsrh. hefur lyft hugum landsmanna, en ég held, að hann ætti að varast að lyfta hugum landsmanna hærra en það, að hann gæti haldið þeim þar, sem þeir stöðvast á uppleið, því að fallið gæti annars orðið óþyrmilega sárt.

Ég get ekki neitað því, að allt, sem fram kemur frá hæstv. forsrh., bendir til þess, að hann viti ekki sitt rjúkandi ráð, en þykist hafa fundið púðrið, og það er ef til vill það allra hættulegasta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég skal nú gera það, sem ég get, til þess að greiða fyrir því, að málið megi komast í n. Þetta er nú orðið veigalítið hjá hv. 2. þm. S.-M. Hann endurtók hér áðan fyrri staðhæfingar sínar, sem búið er að hrekja, og reyndi að teygja tímann með því að gera sér mat úr mismælum, og er þá lítið orðið eftir, þegar svo er komið.

Þessi hv. þm. gaf það í skyn, að ég hefði reynzt öðrum mönnum óhollari í að greiða mína skatta. Ég dreg það í efa, að hann hafi verið fúsari að greiða sína skatta og framlög heldur en ég hef verið.

Varðandi þá staðhæfingu hans, að ég virðist ekki þekkja nema það, sem ég er kunnugastur, sjávarútveginn, þá má það vera, að mér sé hann kunnastur og togaraútgerðin, en ég held, að ég sé fullkomlega fær um að bera mig saman við þennan unga þm., og ég tel mig hafa fullt eins góða þekkingu á íslenzkum atvinnuvegum, að engum undanskildum, og hann sjálfur. Ég veit, að útvegsmenn hafa borið miklu minna úr býtum heldur en bændur. En hann hefur ekkert gert fyrir þá í sínu kjördæmi. Aftur á móti hefur annar hv. þm. gert mikið til þess að bæta afkomu þeirra í hans eigin kjördæmi. Núverandi ríkisstj. mun taka til athugunar, hvaða ráðum megi beita til þess að rétta við hag hlutarsjómanna. Það er ekki til heilla að láta sjómannastéttina bera minni hlut frá borði en bændur landsins. Þetta getur gengið stuttan tíma, en ekki til lengdar.

Hv. þm. sagði, að ég hefði staðhæft, að það hafi verið heppilegt fyrir bændur að gera þennan samning um afurðaverðið. Ég spyr þennan hv. þm., hvað form. Framsfl. hefur sagt. Hann sagði nákvæmlega það sama og ég sagði, að bændur hafi gert þennan samning vegna þess, að hann var til hagsbóta fyrir þá sjálfa.

Mér fannst gæta nokkuð mikils hita hjá þessum rólega þm., þegar hann minntist á það, að ég hefði talið mér sæma að mynda stjórn með þeim, sem ekki stóðu að þessu samkomulagi. Hv. þm. veit, að ég gerði allt, sem ég gat, til þess að tryggja þátttöku Framsfl. í ríkisstjórninni, en það tókst ekki, og það er ekki rétt að ásaka mig fyrir það.

Hv. þm. sagði, að ég ætti að tala sem minnst um Breta og endursköpun þeirra. En ég tala um þetta af fullri einurð, hvað sem þessum hv. þm. finnst, og ríkisstj. hyggst að ýmsu leyti að beita hér svipuðum ráðum og Bretar. Þennan tilgang okkar reynir svo hv. þm. að sverta, eftir því sem hann getur.

Það er rétt skilið hjá honum, að ef til fjárútláta kemur úr ríkissjóði, þá getur ríkisstj. ekki leikið sér með milljónir ríkissjóðs, án þess að leita til Alþ., og reyndar hvort sem þau útgjöld verða smá eða stór. En hvort leitað verður fyrst til Alþ. eða miðstjórna flokkanna, veit ég ekki enn, en það verður leitað til Alþ.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að sú þjóðlygi, sem hann hefði talað um, lægi í því að telja mönnum trú um, að hægt væri að reisa nýsköpun með núverandi ástandi í hlutfallinu á milli tilkostnaðar og afraksturs atvinnuveganna. En einmitt þetta felst í till. Framsfl., sem ég las áðan. Framsfl. leggur þar til, að ríkið hlutist til um að kaupa þessi tæki og að aflað verði fjár með lántökum, jafnvel skyldulánum og skyldulántökum, á þessum sama grundvelli. Því að um kaupgjald gerði Framsfl. ekki till., nema þá, að kaupi væri breytt til lagfæringar og samræmingar, — og allar þær breytingar áttu að verða til hækkunar, en ekki lækkunar. — Það er of seint að koma nú og kalla þetta þjóðlygi, sem hv. 2. þm. S.-M. talar svo um, þegar ég segi það, en sannleika, þegar hann segir það.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að rökræður spilla ekkert í þessu efni fremur en öðrum. Þær eru til bóta. En svona ræður eins og hv. 2. þm. S.-M. hefur viðhaft hér, — þar sem hvað eftir annað er staðhæfð sama firran, þó búið sé að hrekja hana, — eru gerðar í því skyni að draga úr bjartsýni manna og auka svartsýni, enda munu sigurvonir í þessum efnum velta mjög mikið á því, hvort þjóðin tekur á móti till. um nýsköpun með hugdirfð og bjartsýni eða hins vegar með deyfð og svartsýni. — Ég hef aldrei þekkt svona ungan mann svona svartsýnan eins og þessi hv. þm. nú er.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Aðeins örstutt aths., sem er leiðrétting. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri einkennilegt af mér að kalla það þjóðlygi, sem haldið væri fram um, að hægt væri að byggja stórfellda nýsköpun upp á þeim grundvelli, sem nú væri með tilliti til framleiðslukostn-

aðarins í landinu, — þetta væri einkennilegt af mér, þar sem Framsfl. hefði lagt til í þeim samningaumleitunum, sem hefðu átt sér stað, að ýmsar framkvæmdir væru gerðar í atvinnumálum, án þess að gera kröfu um lækkun kaupgjalds. — Hæstv. forsrh. hefði átt að minnast þess, að í öndverðum þessum samningatilraunum hélt Framsfl. því fram, að réttast væri, að fram færi allsherjar lækkun á öllum þeim liðum, sem mynduðu framleiðslukostnaðinn. Þetta fékk nú engan byr og var þess vegna úr sögunni.

Það er rétt, að Framsfl. gat hugsað sér að taka þátt í stjórn, þótt þessu skilyrði væri ekki fullnægt, en þó með því eina skilyrði, að kauphækkanir í landinu yrðu stöðvaðar, það yrði hætt að hækka kaupið, ef bændur ættu að hætta að hækka verðlagið á framleiðsluvörum þeirra. Framsfl. hefði tekið þátt í ríkisstjórn, þótt þessu hefði ekki verið til að dreifa. Og hann hefði gjarnan viljað hafa í þeim stjórnarsamvinnusamningi ákvæði um það, að stuðlað yrði að nýsköpun atvinnuveganna og gerðar um það áætlanir. En Framsfl. hefði aldrei gengið inn á — þótt stjórnarmyndun hefði átt sér stað með hans þátttöku — að líta fram hjá því, hvernig nú er ástatt um fjárhagsmál þjóðarinnar og afkomu, og aldrei slegið af því, og þótt hann vildi mynda stjórn til bráðabirgða, þá hefði hann ekki trú á því, að það gæti tekizt með neinu afli, nema leiðréttingar færu fram í sambandi við framleiðslukostnaðinn. Þannig lítum við á þessi mál, og þannig lítum við á þau enn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég vil skjalfesta þetta, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að Framsfl. var reiðubúinn til að taka þátt í ríkisstjórn, enda þótt hann hefði ekki neina trú á, að stefnuskrá stjórnarinnar væri framkvæmanleg. Það er verra hlutskipti heldur en að vera *of bjartsýnn*. — *Það getur verið, að við séum of* bjartsýnir. Ég er reiðubúinn til að taka því, sem að höndum ber. Það þarf þá engum að koma að óvörum, þótt menn hafi kannske reynzt of bjartsýnir. En við höfum sagt: Þessa tilraun verður að gera. Og svo tökum við því, sem kemur, þegar þar að kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að nál. um þetta mál frá minni hl. er í prentun. Vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki ekki málið fyrir, fyrr en nál. minni hl. ásamt brtt., sem því fylgja, er komið fyrir augu hv. þm. og þeir hafa haft tækifæri til að kynna sér það.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil beina því til hv. minni hl. og hæstv. forseta, hvort ekki mætti afgr. málið frá 2. umr. nú, en þær tillöguumræður, sem væntanlegar eru, verði látnar bíða til 3. umr.

Forseti (JörB): Það hefur láðst að geta þess á dagskrá, að afbrigði þurfti til að málið gæti komið *til meðferðar*. Ég vil, áður en ég vík nánar að málinu, gjarnan heyra álit hv. þm. V.-Húnv. um þá meðferð málsins, sem hv. þm. V.-Ísf. stingur upp á.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil byrja á að vekja athygli á því, að mál þetta kemur frá þeirri n., sem því var vísað til, svo fljótt sem hægt var að vænta, að það yrði afgr. þaðan, því að það eru ekki nema fáir dagar, síðan það var til 1. umr. í þessari d. Frv. var fyrst tekið fyrir á fundi í n. í fyrradag, s. l. laugardag, og var afgr. þaðan á þeim sama fundi. Síðan hefur liðið *aðeins einn dagur, sem nm. hafa notað* til að semja sín nál. og brtt., og þessi dagur er sunnudagur. Nál. minni hl. og brtt., sem hann ber fram, var afhent skrifstofunni í gærkvöld og er í prentun nú. Hér er því ekki um neinn óeðlilegan drátt að ræða frá n., heldur mjög hraða afgreiðslu. Þess vegna vil ég bera fram þá ósk við hæstv. forseta eða endurtaka þá ósk mína, að málið verði ekki tekið til 2. umr., fyrr en hv. þdm. hafa átt þess kost að sjá nál. beggja nefndarhluta og brtt. Það er föst venja, að nál. séu tekin fyrir við 2. umr., og þar sem ekki er um neinn óeðlilegan drátt að ræða, heldur þvert á móti málinu hraðað eins og unnt er, þá vænti ég, að málið verði afgr. á venjulegan þinglegan hátt.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. ríkisstj. leggur nokkra áherzlu á, að þetta mál geti gengið fljótt gegnum þingið. Málið er einnig þannig vaxið, að það virðist ekki þurfa langan þingtíma til afgreiðslu. En fyrst hv. þm. V.-Húnv. óskar þess eindregið, að 2. umr. fari ekki fram, fyrr en nál. minni hl. er fram komið, þá vil ég ekki halda till. minni til streitu, en vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, að ef 2. umr. fer fram á morgun, hvort ekki sé hægt að taka þá 3. umr. einnig á morgun á síðdegisfundi.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins beina þeirri ósk til hæstv. forseta að setja okkur, sem fylgjum minni hl., ekki í þann vanda að greiða atkv. um afbrigði, áður en nál. liggur fyrir. Við höfum enga löngun til að tefja málið á nokkurn hátt og mundum áreiðanlega verða með, að 3. umr. yrði tekin með afbrigðum, ef það þykir henta.

Forseti (JörB): Ég hygg, eftir því sem fram er komið, að það verði bezta meðferð þessa máls, að 2. umr. verði frestað að þessu sinni, svo að þær brtt., sem gerðar hafa verið og eru nú í prentun, geti legið fyrir, þegar umr. og atkvgr. fer fram. Ég mun þá láta 2. umr. fara fram á morgun og svo einnig 3. umr., svo að það þurfi ekki að tefja afgreiðslu málsins, þó að 2. umr. verði frestað nú. Er það þá á valdi d., hvort hún heimilar svo skjóta afgreiðslu, en ég vænti, að þannig geti tekizt til.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 489, n. 524 og 525).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef ekki miklu við það að bæta af hálfu meiri hlutans,

sem fram hefur komið bæði í grg. frv. og ummælum hæstv. forsrh. við 1. umr. þessa máls. Ég vil þó aðeins minnast á það, að meiri hl. telur ekki ástæðu til að breyta því ákvæði 1. gr. frv., sem leggur til, að af inneignum Landsbanka Íslands erlendis skuli að minnsta kosti 300 millj. ísl. kr. leggjast á sérstakan reikning. Það kom til tals í fjhn., hvort ástæða væri til að nefna Útvegsbanka Íslands h/f, en meiri hl. taldi það ekki vera að svo stöddu, ekki vegna þess, að ástæða væri til að hlífa Útvegsbankanum, heldur vegna hins, að gjaldeyriskaupum bankanna hefur verið þannig hagað, að gjaldeyririnn hefur eingöngu legið hjá Landsbanka Íslands. Samkomulag hefur verið um gjaldeyriskaup bankanna, enda lögbundið s. l. 2 ár, að Útvegsbankinn fái þriðjung af þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir útfluttar vörur. Sá gjaldeyrir, sem fæst fyrir útfluttar vörur hefur hingað til allur farið í innfluttar vörur, þannig að sá hluti, sem Útvegsbankinn fær, fer fyrir daglegar þarfir í útflutning og innflutning og hefur því aðeins verið tæplega matvinnungur nú á síðustu tímum. Þetta kemur betur fram í því, að hjá Útvegsbankanum liggur ekki meira í dollurum heldur en sem nemur fyrir skuldbindingum bankans fyrir væntanlegum innflutningi. Þetta leiðir af sjálfu sér, þar sem fyrirkomulagið hefur verið þannig, að sá banki, sem fer með seðlaútgáfuna, verður að liggja með þann gjaldeyri, sem er umfram árlegar þarfir. Það er því greinilegt, að þessar 300 millj. ísl. kr., sem hér er um að ræða, þarf að taka af forða Landsbankans, enda hér miðað við að taka af þeim gjaldeyri, sem þegar er til orðinn. En verði þessi kvöð síðar hækkuð umfram 300 millj. kr. og ástæður breyttu gjaldeyrisinneign bankanna, yrði engin ástæða til hlífa Útvegsbankanum við þessum skyldum. Þess ber þó að gæta, að Landsbankanum er engin vorkunn, því að hér eru ekki lagðar neinar kvaðir á bankann, sem ekki hafa verið lagðar á hann áður, því að hvorugum bankanna er heimilt að selja gjaldeyri nema með leyfi stjórnarvaldanna. Hér eru því aðeins gerðar hliðstæðar ráðstafanir og útdeilt nokkrum hluta gjaldeyriseignarinnar, í rauninni tekið undan Viðskiptaráði og fært yfir á nýtt ráð, sem á að sjá um nýskipun íslenzkra atvinnuvega. Engin kvörtun hefur komið fram um þetta frá Landsbankanum og því síður Útvegsbankanum, en hvenær sem aðstæður leyfa, að Útvegsbankinn geti tekið þátt í þessu, er sjálfsagt að leggja á hann sömu kvaðir og Landsbankann, en eins og málum nú er háttað, er ekki ástæða til að gera breytingu. Það kom einnig til tals í n. hvort ekki ætti að hækka þessar 300 millj. kr., og vildi einn nm. hækka þessa fjárhæð um 50%, en meiri hl. var því mótfallinn. Gjaldeyrisinneign landsmanna erlendis er þannig háttað, að 300 millj. ísl. kr. liggja í dollurum, en 250—300 millj. kr. í pundum.

Nú er það svo, að sá peningaforði, sem hér um ræðir, þarf aðallega að takast af dollaraeigninni, því að dollarinn er eini gjaldeyririnn, sem gildir á við gull í viðskiptum þjóða á milli.

Það er ástæða til að ætla, að þörf sé á að leggja til hliðar meira en 300 milljónir króna, sem hér er lagt til, að varið verði til eflingar atvinnuvegunum. Þótt þessi upphæð sé ætluð til eflingar atvinnuvegum landsins, eru margar þarfir eftir, sem hafa fullan rétt á sér og ástæða er til að fullnægja, þótt það skapi óhagstæðan greiðslujöfnuð, t. d. húsabyggingar, sem ekki eru hér með, og rafmagnsvélar, sem mikil þörf er á til heimilisiðnaðar.

Ég skil þessa stefnu svo, að þetta sé fyrsta sporið, fleira fari á eftir. Fyrsti liðurinn má því ekki gleypa allt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frumvarpsins frekar, en vil þó benda á, að samþykkt, sem birt er í greinargerðinni um einstaka atvinnuvegi, er ekki bindandi og ekki heldur tekin upp í lögin, heldur er til leiðbeiningar fyrir væntanlegt nýbyggingarráð.

Það er sagt, að lögin séu ógreinileg, og það má kannske segja, að svo sé. En það er höfuðatriði að hafa grundvöllinn nógu víðtækan, og ég hygg, að hann sé það.

Það hefur verið minnzt á orðin „hlutast til um", þau þýða, að nýbyggingarráð á að hafa forustuna. Nýbyggingarráð hefur engin fjárráð. Um það atriði verður að leita til ríkisstj. og hún aftur til Alþ.

Ég hygg svo, að ekki sé ástæða til að nefna fleiri atriði. Ég vík ekki að brtt. fyrr en þær hafa verið lagðar fyrir deildina af minni hl.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef gefið út sérstakt nál. um þetta frv. á þskj. 524, og þar eru einnig till. um breyt., sem ég vil gera á því.

Frv. er um tvö atriði. Hið fyrra er, að færa skuli á sérstakan reikning hluta af inneign Landsbanka Íslands erlendis, og verði þeirri upphæð varið til kaupa á framleiðslutækjum. Hið síðara er um skipun n., sem nefnast skal nýbyggingarráð. 1. gr. frv. fjallar um fyrra atriðið. Samkvæmt henni á að leggja á sérstakan reikning a. m. k. 300 millj. kr. af inneign Landsbanka Íslands erlendis í því skyni, að sú upphæð verði notuð til kaupa á atvinnutækjum.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 524 er um það, að þessi fjárhæð verði hækkuð, þannig að í stað a. m. k. 300 komi 450 millj. og að báðum bönkunum, sem eiga erlendan gjaldeyri, verði gert að skyldu að leggja fé til hliðar á þann hátt, sem áður er um getið. Það er að vísu svo, að meiri hluti af gjaldeyriseign þjóðarinnar er hjá Landsbankanum, en aðeins lítill hluti hjá Útvegsbankanum, en þó tel ég rétt, að báðir bankarnir verði látnir leggja fé til hliðar, hvor eftir sinni gjaldeyriseign.

Viðvíkjandi upphæðinni vil ég benda á, að ef þessi ráðstöfun er á annað borð gerð, er rétt að leggja meira til hliðar en ákveðið er í frv. Má í því sambandi benda á, að Alþingi hefur nýlega borizt ályktun frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þess efnis, að eigi minna en 300 millj. kr. verði ætlaðar til eflingar sjávarútveginum. En auk þess þarf að verja miklu fé til kaupa á framleiðslutækjum í þarfir landbúnaðarins og til kaupa á efni í rafstöðvar og rafveitur á næstu árum. Ég vil enn fremur benda á, að þótt mín brtt. verði samþ., verður samt eftir álitleg upphæð, sem ekki er sérstaklega ráðstafað, þar sem gjaldeyriseign bankanna mun nú nema um 550 milljónum íslenzkra króna. Óráðstafað verður þá um 100 millj. kr., sem, a. m. k. til skamms

tíma, þótti mikið fé, enda er það allt að því helmingi meira en fékkst fyrir allar útflutningsvörur okkar árlega fyrir stríðið.

Frsm. meiri hl. taldi dollaraeignina nema um 300 milljónum króna og að þetta væri eini gjaldeyririnn, sem við hefðum til frjálsrar úthlutunar. En væntanlega verðum við brátt frjálsir að fara með allan okkar erlenda gjaldeyri að eigin vild. Ég tel enga ástæðu til að óttast, að við getum ekki haft fullt gagn af innstæðunum í Bretlandi eins og dollaraeigninni. Ég vil geta þess, að við hv. 2. þm. S.-M. höfum flutt á þessu þingi frv. um gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum, en samkomulag náðist ekki í fjhn. um að mæla með frumvarpinu. Þess vegna flyt ég brtt. við þetta frv., sem gengur mjög í sömu átt.

Orðin „að minnsta kosti" í 1. gr. frv. virðast mér þýðingarlítil. Þótt það orðalag sé, mun tæplega hægt að krefjast af bankanum, að hann láti á sérstakan reikning meira en hina nefndu fjárhæð. Tel ég því réttara að hafa upphæðina ákveðna.

Ég tel þessa ráðstöfun rétta, en þó engan veginn fulltryggt með þessu, að allur þessi gjaldeyrir verði notaður til kaupa á framleiðslutækjum. Það er ekki vitað, hve fúsir menn verða að leggja fé sitt í atvinnurekstur og í kaup á gjaldeyri í því skyni. Verði taprekstur hjá atvinnuvegunum, má búast við, að því fylgi samdráttur í útflutningsframleiðslunni og þar með greiðsluhalli í viðskiptum við útlönd. Ef svo illa fer, að þjóðin hættir að vinna fyrir sínu daglega brauði og kaupir inn í landið meira af vörum til venjulegrar neyzlu en hægt er að borga af þjóðartekjunum, hlýtur svo að fara að núverandi gjaldeyriseign rýrni eða að skuldir myndist utan lands. Það þarf að stýra framhjá þessari hættu. En þótt þessi ráðstöfun, að færa meginhlutann af gjaldeyriseign bankanna á sérstaka reikninga, í því skyni að selja gjaldeyrinn þeim, sem vilja kaupa fyrir hann framleiðslutæki, sé þannig ekki út af fyrir sig örugg trygging í þessu efni, þá tel ég þó rétt að gera þetta, þar sem það er spor í þá átt að tryggja, að svo miklu leyti sem unnt er, að gjaldeyririnn verði notaður til kaupa á framleiðslutækjum og á annan hátt til styrktar atvinnulífinu. Kem ég þá að öðru aðalatriði frumvarpsins, sem er um skipun nefndar, er nefnist nýbyggingarráð. Um það fjallar 2. og 3. gr. frv. Frv. gerir ráð fyrir, að ríkisstj. skipi þessa fjögurra manna n. Mér hefði þótt eðlilegra, að Alþ. kysi n., en flyt þó ekki brtt. um það.

Nefndin á skv. frv. að gera áætlanir og tillögur um það, sem þar er nefnt nýsköpun í atvinnulífinu. Einnig að hafa milligöngu við útvegun framleiðslutækja fyrir þá, er þess óska.

Hins vegar hefur nýbyggingarráð sjálft, skv. frv., ekki ráð á neinu fé til framkvæmda. Ef talið verður eftir að athuganir hafa verið gerðar á þessum málum, að heppilegt sé eða nauðsynlegt, að ríkið leggi fram eitthvert fé til stuðnings þessum fyrirhuguðu framkvæmdum á einhvern hátt, verður því að leita heimildar Alþ. til slíkra fjárframlaga síðar, þegar þar að kemur. Engin slík heimild er í þessu frv. Um þetta virðist mér allir fjárhagsn.menn vera sammála, enda kom það fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf., þar sem hann lýsti yfir þeim skilningi á orðunum „hlutast til um", að þau veittu enga heimild til fjárframlaga úr ríkissjóði.

Í frv. eru talin verkefni nýbyggingarráðs, og fyrst svo er á annað borð, tel ég nauðsynlegt, að sú upptalning verði gerð nokkru fyllri og að ráðinu verði falin athugun á vissum atriðum varðandi atvinnulífið, sem ekki eru nefnd í frv., en eru svo nátengd þeim viðfangsefnum, sem þar er getið, að eigi er síður nauðsynlegt, að athugun á þeim fari fram og það jafnsnemma. Um þetta er 2. brtt. mín, og vil ég fara um hana nokkrum orðum.

Í 2. málsgr. 2. gr. frv. eru talin helztu verkefni ráðsins. Ég legg til í a.-lið brtt. minnar, að sú málsgr. verði orðuð um og gerð nokkru yfirgripsmeiri. T. d. verði ráðinu falið að athuga, á hvern hátt þeim nýjungum, sem það á að gera áætlanir um, verði komið í framkvæmd á heppilegastan hátt. Skv. frvgr. á ráðið að gera áætlanir um, „hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum", og er það út af fyrir sig gagnlegt, en í sambandi við það legg ég til í 2. brtt. minni, a-lið, að ráðinu verði falið að athuga, hvort eða að hve miklu leyti sé hægt að fá framleiðslutæki gerð innanlands fyrir eigi hærra verð en greiða verður fyrir þau, séu þau fengin frá öðrum löndum. Í frvgr., eins og hún nú er orðuð, er aðeins gert ráð fyrir innflutningi slíkra tækja.

Í staflið b. í 2. brtt. minni legg ég til, að tveimur málsgr. verði bætt inn í 2. gr. frv. Hin fyrri er um það, að nýbyggingarráði skuli falið að athuga, hverjar aðrar ráðstafanir en að kaupa ný framleiðslutæki þurfi að gera til þess að atvinnuvegir okkar verði samkeppnisfærir og geti framleitt vörur, seljanlegar við hliðina á framleiðslu annarra þjóða, sem við þurfum að keppa við á mörkuðum, þegar viðskiptin færast í frjálsara horf, sem væntanlega verður áður en langt líður.

Hin síðari er um það að fela ráðinu athuganir á því, hvernig stóratvinnurekstri í landinu verði bezt fyrir komið, og sérstaklega, hvernig bezt verði stuðlað að því, að þeir, sem við hann vinna, hafi beinna hagsmuna að gæta um rekstrarniðurstöðuna. Með stóratvinnurekstri á ég við þau atvinnufyrirtæki, sem hafa það mikinn rekstur og þess eðlis, að þar er þörf margra verkamanna. Ég tel þýðingarmikið, að slíkum rekstri verði fundið svo heppilegt form sem kostur er á, til þess að árangurinn verði sem beztur. Er sérstaklega ástæða til að athuga, á hvern hátt er hægt að stuðla að því, að áhugi allra, sem þar að starfa, og viðleitni þeirra beinist að sama marki, að ná sem beztri niðurstöðu af rekstri fyrirtækjanna. Í þessu sambandi legg ég einnig til í brtt. minni, að ráðinu verði falið að athuga möguleika til að koma á ákvæðisvinnu í sem flestum atvinnugreinum. Eins og vikið er að í nál. mínu, er það form á launagreiðslum til verkamanna mjög notað í Rússlandi, svo að þar er miklu algengara, að menn fái greidd laun eftir afköstum heldur en ákveðin daglaun eða tímakaup, — jafnvel dæmi þess, að ákvæðisvinna hefur þar verið tekin upp við skrifstofustörf.

Ég tel sjálfsagt, að athugað verði gaumgæfilega, hvort eigi muni hagkvæmt og framkvæmanlegt að taka þetta upp í atvinnurekstri hér á landi.

Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á þessa brtt., þótt hv. meðnefndarmenn mínir í fjhn. færðust undan því að gera nokkrar breyt. á frv. Það liggur í augum uppi, að þótt nauðsynlegt sé að athuga, hvernig bezt verði bætt úr þörf þjóðarinnar fyrir ný framleiðslutæki, þá er ekki síður þarflegt að reyna að gera sér ljóst um leið, hvernig atvinnurekstrinum á að vera fyrir komið til þess að sem beztur árangur náist og hin nýju tæki verði arðberandi fyrir þjóðina. Ég tel, að fyrirmæli um athugun á þessu megi alls ekki vanta í frv., fyrst þar eru á annað borð talin verkefni ráðsins. Verði nýbyggingarráði falin gaumgæfileg athugun á þessu, er það bending um, að Alþ. hafi fullan skilning á því, að atvinnuvegurinn þurfi að vera rekinn á heilbrigðum grundvelli, svo að þeir beri sig, og að þingið vilji vinna að því, að svo verði. Þetta gæti orðið hvöt fyrir menn til þess að leggja fram fé til framfara í atvinnulífinu. Verði hins vegar þessi brtt. mín felld og frv. afgr. eins og það nú er, án þess að þar sé með einu orði að því vikið, að athugaðar verði, hverjar aðrar ráðstafanir en að kaupa ný tæki þurfi að gera til þess, að aðalatvinnuvegir okkar verði reknir á heilbrigðum grundvelli, þá má draga þá ályktun af þeirri afgreiðslu, að meiri hl. Alþ. telji þetta atriði svo þýðingarlítið, að ekki sé ómaksins vert að taka það til athugunar. Sú yfirlýsing frá þinginu, sem felst í slíkri afgreiðslu málsins, gæti vel orðið til þess að minnka líkurnar fyrir því, að menn vilji leggja fram fé og vinnu til þessarar uppbyggingar atvinnuveganna, sem þjóðin hefur þörf fyrir.

Það ætti líka öllum að vera ljóst, að einmitt þetta, athugun á möguleikum til að gera framleiðslutækin arðberandi, er svo nátengt hinu, útvegun tækjanna, að þetta tvennt verður ekki aðskilið, ef vel á að vera. Ef nýbyggingarráð vill sinna verkefnum sínum af alvöru og láta þau verða að sem mestu gagni fyrir þjóðina, hlýtur það einnig að athuga, hvaða leið er bezt til að nota tækin, svo að gagn verði að þeim. Fram hjá þessu verður ekki horft að skaðlausu, því að takmarkið, sem á að stefna að, er aukin framleiðslustarfsemi á heilbrigðum grundvelli.

Síðasta brtt. mín er við síðari hluta 3. gr. frv. og snertir þær mþn., sem nú eru starfandi. Í frv. er ákvæði um, að fela megi nýbyggingarráði starf þeirra mþn., sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og í raforkumálum, ef ríkisstjórnin álítur það hentugra, svo að starfið vinnist fljótar og betur, og skulu þá n. þessar lagðar niður, jafnóðum og nýbyggingarráð tekur við störfum þeirra. Ég tel heppilegra, að þessum n. verði gefinn kostur á að ljúka störfum og skila áliti. Virðist mér, að þá megi vænta meira gagns af starfi þeirra en ef þær eru látnar hætta jafnvel við hálfunnið verk og láta það í hendur ókunnugra manna. Hins vegar tel ég sjálfsagt, að nýbyggingarráði sé gefinn kostur á að kynna sér allt, sem n. þessar hafa unnið að undanförnu. Ég legg því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem felast í till. á þskj. 524.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og fram kemur af ræðu hv. síðasta ræðumanns, er ekki ágreiningurinn um frv. eða tilgang þess. Ágreiningurinn virðist vera eingöngu um minni háttar atriði, hvort eigi að gera frv. víðtækara og fela nýbyggingarráði ýmis óskyldari verkefni, svo sem að gera áætlun um atvinnuhætti og útvegun vinnutækja.

Ég hef áður minnzt á, af hverju við í meiri hl. gátum ekki fallizt á að auka þann gjaldeyri, sem lagður er til hliðar, upp úr 300 millj. kr. Það má vera, að það sé hægt, en þá má gera það síðar með löggjöf eða stjórnarráðstöfunum, því að ríkisstj. ræður yfir sölu þessa gjaldeyris á hverjum tíma og hefur það allt í hendi sér.

Það er ekki till. frá minni hl., að nýbyggingarráð verði kosið af þinginu, en minni hl. telur það eðlilegra. Við, sem erum í meiri hl., teljum, að óeðlilegra sé, að ráðið sé kosið af Alþ., því að það er nokkurs konar framkvæmdaráð á einu höfuðatriði í þeirri starfsskrá, sem stj. hefur sett sér. Það er ekki venjuleg mþn., heldur nokkurs konar framkvæmdaráð eins höfuðatriðis í stjórnarsamningunum. Hafi verið rétt að fela síðustu stj. að skipa viðskiptaráð án íhlutunar þingsins, þá er það enn sjálfsagðara, að skipun þessa ráðs verði í höndum núverandi stj.

Þá er hér till. um, að ekki megi kaupa tæki innan lands eða láta smíða þau hér á landi, ef það kostar eitthvað meira en ef þau væru keypt frá útlöndum. Þetta lítur að sjálfsögðu vel út, en þó tel ég óheppilegt að taka þetta ákvæði inn í frv., því að það mundi leiða til ákaflega víðtækra ráðstafana, ef þetta ætti að ná yfir alla okkar pólitík, og það mundi leiða miklu lengra en hv. flm. gerir sér grein fyrir. Við sjáum t. d., að það er sannanlegt, að hægt er að fá erlent smjör fyrir miklu lægra verð en hægt er að framleiða það fyrir hér innan lands, og ef ætti að framkvæma þessa reglu, þá væri ekki hægt annað en að láta hana ná út yfir allt. Þeir, sem nú kaupa smjör og kjöt hærra verði en hægt væri að fá það fyrir frá útlöndum, geta sagt sem svo: Við skulum vinna fyrir jafnlágt verð og aðrir, en lofið okkur þá að flytja þessi matvæli inn, — og venjulega er það, að dýr vinna á rætur sínar að rekja til þess, að maturinn er dýr. Það er ómögulegt að framkvæma þessa stefnu að hafa dýran mat og ódýra vinnu. Það hefur verið reynt lengi, en ekki tekizt. Við kaupum nú alla landbúnaðarframleiðslu miklu dýrara verði en hægt væri að fá sömu vörur fyrir frá útlöndum, og m. a. þess vegna er óviðkunnanlegt að sjá í l. svona ákvæði, að ekki megi kaupa af innlendum smiðum, nema þeir séu samkeppnisfærir, þó að á allan hátt sé verr að þeim búið. Það gildir ekki eingöngu um mat þessara manna, heldur líka um föt, húsnæði o. fl. o. fl. Ég er ekki að segja, að ekki þurfi að koma á verðjöfnun smátt og smátt milli okkar og annarra landa, en það verður ekki gert með því að víkja sér að verkamönnunum einum, það eru fleiri atvinnugreinar um það og jafnvel ríkisvaldið sjálft.

Þá er einnig nefnt í þessu sambandi, að koma þurfi á ákvæðisvinnu. Hvað sem því líður, þá tel ég ekki ástæðu til, að slíkt sé sett inn í þetta frv. Það væri þá nær að bera fram sérstakt frv. eða till. um slíka vinnuhætti. En það er ekkert, sem bannar ákvæðisvinnu hér í þessu landi frekar en í öðrum löndum, en nú sem stendur er þetta mál, sem atvinnurekendur eiga við starfsmennina án afskipta ríkisvaldsins. Þetta á ekki undir nein-

um kringumstæðum heima í þessu frv., en ætti að flytjast sem sérstakt mál, ef ríkið á að hafa afskipti af þessum hlutum.

Þá segir hv. frsm. minni hl., að ekki megi vanta í frv. ákvæði um, hvernig fyrirkomulag skuli verða á þessum atvinnufyrirtækjum, sem eiga að taka við þessum tækjum. Það er erfitt að hafa bindandi ákvæði um slíka hluti, því að þetta fer allt eftir því, sem mönnum finnst skynsamlegast í hverju tilfelli. Ef ríkisvaldið þarf sérstaklega að skipta sér af þessu, þá þarf að koma um það sérstakt frv., og ég efast ekki um, að það eigi eftir að koma fyrir þetta þing till. og frv., sem eigi rætur sínar að rekja til þessara ráðstafana, en nákvæmar till. er ekki hægt að gera í þessu frv. Það er nóg í þessu efni, sem segir í 3. gr., að stj. geti tekið undir þetta ráð starf þriggja mþn., og alveg eins og sú n., sem átti að gera till. um fyrirkomulag stóratvinnurekstrar í landinu og afskipti ríkisvaldsins af þeim málum og leggja áherzlu á, að skipulag atvinnurekstrarins tryggi sem bezt, að stórfyrirtækin séu rekin með almenningshag fyrir augum og að þeir, sem að honum vinna, beri úr býtum endurgjald fyrir störf sín í samráði við afkomu atvinnurekstrarins, þá mun nýbyggingarráð, ef starf þessarar n. verður lagt undir það, gera till. til stj. um öll þessi atriði. Það er því alveg óþarft að taka slík ákvæði upp í frv. sjálft.

Þá segir hv. frsm. minni hl., að atvinnuvegirnir, sem upp eru byggðir samkvæmt þessu frv., verði að bera sig. Það er ákaflega lítil nýjung, að atvinnuvegirnir verði að bera sig, þegar til lengdar lætur a. m. k. Það hefur verið háð barátta fyrir því í þinginu á undanförnum árum að halda niðri dýrtíðinni, og maður heyrir það í sambandi við þetta frv., að það viðfangsefni verði að klára fyrst, áður en tekið er til annarra úrræða. Þessa viðleitni hafa stj. sett sér fyrir hendur hver eftir aðra, sérstaklega síðasta stj., sem gerði það að sínu höfuðmáli, en samt hefur dýrtíðin alltaf frekar hækkað, stundum stórum skrefum. Ef nú mætti ekkert taka til bragðs og ekkert styðja atvinnuvegina, fyrr en búið væri að ljúka því verkefni, sem allar stj. hafa reynt sig við, en orðið að hætta við, þá er hætt við, að seint yrði tekið til við að skapa nýja atvinnuvegi eða endurnýja þá að styrjöldinni lokinni.

Ég get tekið undir það, að skapa þurfi jafnvægi milli framleiðslukostnaðar okkar og okkar viðskiptalanda, en það væri of mikið að ætla að fela þessu ráði að rannsaka og gera till. um, hvernig þetta jafnvægi skuli skapa; það er of mikið og óskylt verkefni. Það er verkefni, sem þarf að leysa með einhverjum hætti, en að koma og segja, að þetta eigi eingöngu að leysa með því að færa niður kaup, er ákaflega einhæf lausn, sú lausn, sem menn hafa hingað til viljað nota eina og þess vegna alltaf beðið ósigur.

Þegar spurt er, hvað sé hægt að gera til þess að atvinnuvegirnir geti borið sig, þá er svarið það, að það er m. a. þetta, sem farið er fram á í þessu frv., að endurbyggja atvinnulífið. Það er eitt af því, sem hægt er að gera, til þess að atvinnuvegirnir geti borið sig. Mér dettur ekki í hug að fullyrða, þótt allir fengju ný tæki í sínar hendur, að þar með væri fengið þetta fulla jafnvægi, en það er vafalaust, að það er eitt af því stórfelldasta, sem hægt er að gera til þess að koma á þessu jafnvægi. Það er mikið vitnað til þess, að þetta jafnvægi er ekki skapað fyrir fram. Nú er þetta jafnvægi sem stendur, en búast má við, að það breytist, þegar tímar líða, og gerir það vafalaust, þegar stríðinu lýkur. En það er ekki hægt að koma og segja eins og hv. síðasti ræðumaður, að ef þetta framtíðaröryggi er ekki skapað fyrir fram, megi ekki leggja í þessa nýsköpun, því að þá kemur fjármagnið ekki til þessarar nýsköpunar. Það má náttúrlega búast við, að talsvert af þessu fjármagni, sem myndazt hefur í landinu, sé í höndum manna, sem hafa ekki staðið undir atvinnulífi landsmanna. En bændur, sjómenn og útgerðarmenn sitja fastir í sínu starfi, þeir hverfa ekki þaðan, þótt erfiðlega líti út og illa gangi, og ég hef ekki enn þá séð vott þess, að menn hafi viljað draga sig út úr útgerðinni, þó að útlitið sé ekki eins glæsilegt og það hefur verið fimm síðustu árin. En ef það fjármagn, sem getur ráðið sér sjálft, getur ekki komið með liðsinni þessarar stefnu, þá getur verið, að það uppgötvi, að það er ekki alls ráðandi í landinu. Og ef það fjármagn, sem nú er í höndum einstakra manna í landinu og skiptir hundruðum milljóna, heimtar að fá að vera laust áfram og auka sig og margfalda, þá er ekki víst, að sá mismunur, sem er á gildi íslenzku krónunnar innan lands og erlendis, verði fenginn í hendur þessu fjármagni í ofanálag á sjálfan stríðsgróðann. Það er geysilega mikill munur á gildi krónunnar innan lands og erlendis, og til þess að það fjármagn, sem laust er heima, fái eitthvað af þeim mismun, þarf það að rækja eitthvað af skyldum sínum við þjóðfélagið. Það er svo með þessa nýsköpun, að ég býst við, að í flestum löndum sé hún á undan kauplækkun, og þráfaldlega hefur hún komið í staðinn fyrir kauplækkun. Það er alþekkt, að í þeim löndum, þar sem kaupið hefur verið hæst, þar er nýting vinnuaflsins komin lengst. Nú eru Ameríkumenn komnir lengra í vinnuafköstum en þekkist í flestum öðrum löndum, og það er mikið af því, að mannsaflið er dýrt og því þörf á að nota það sem bezt, til þess að atvinnuvegirnir geti borið sig. Kínverjinn, sem getur lifað á einum hrísgrjónahnefa, er ódýrari en vélarnar, og þess vegna er þar kyrrstaða í vinnuaðferðum. Sumir vilja fá fyrst kauplækkun og síðan önnur gæði, en víðast hefur það gengið öfugt, og þar sem vinnuaflið er dýrt, þar hefur mest verið gert til að fá atvinnuvegina til að bera sig.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Mér finnst ástæða til að segja fáein orð út af síðari ræðu hv. frsm. meiri hl.

Hann segir, að ágreiningur sé aðeins um minni háttar atriði í þessu máli. Það getur vel verið, að hv. þm. telji það minni háttar atriði varðandi atvinnuvegina, hvernig rekstri þeirra er fyrir komið og hvort þeir eru reknir á heilbrigðum grundvelli, en ég tel, að það sé alls ekki smáatriði.

Hann segir, að ég vilji fela nýbyggingarráði verkefni, sem séu alls ekki skyld þeim, sem um ræðir í frv. Á þetta get ég ekki fallizt. Við val á nýjum framleiðslutækjum, sem nýbyggingarráð á að gera till. um, verður alls ekki fram hjá því gengið að athuga um leið möguleika á að reka þessi tæki arðvænlega. Þjóðin lifir ekki á því

í framtíðinni, þótt svo og svo mörg góð skip verði keypt og fleira af gagnlegum hlutum, ef ekki er hægt að reka þessi tæki á heilbrigðum grundvelli, svo að þjóðin geti haft lífsuppeldi af. Þetta er svo nátengt hvort öðru, að það verður ekki að skaðlausu slitið í sundur.

Hv. þm. segir, að það sé eðlilegt, að stj. skipi þetta ráð eins og gert sé ráð fyrir í frv., þar sem þetta sé nokkurs konar framkvæmdarráð til að annast framkvæmd á vissum hlutum, sem stjórnarflokkarnir hafi samið um. Þetta finnst mér nokkuð stangast á við fyrri ummæli hans, þar sem hann réttilega benti á, að þetta ráð hefði engin fjárráð til framkvæmda. Þetta er því ekki fyrst og fremst framkvæmdanefnd, heldur rannsóknanefnd og ráðgefandi nefnd, en ekki ætluð til framkvæmda. Annars þarf ég ekki að taka upp neinar deilur við hv. þm. um það atriði, því að eins og ég áður sagði, þá hef ég ekki lagt til, að sú breyt. verði gerð, að þingið kjósi þessa n., þó að ég teldi það að ýmsu leyti eðlilegt, þar sem það er venjulegt um slíkar n.

Þá talaði hann allmikið um það, að ég vildi setja inn í frv., að ekki megi kaupa tæki innan lands nema þau fáist fyrir eigi óhagstæðara verð en annars staðar. Þetta er algerð rangfærsla, en ég geri ráð fyrir, að hún sé af misskilningi sprottin, en ekki öðrum ástæðum. Í minni till. er ekki með einu orði að því vikið, að ekki megi kaupa tæki innan lands fyrir hærra verð en annars staðar, en ég vil láta rannsaka og athuga, að hve miklu leyti hægt er að fá slík tæki gerð innan lands fyrir eigi óhagstæðara verð, og það er allt annað. Þetta veit ég, að hann sér, ef hann les brtt. Hann fór um þetta allmörgum orðum og minntist á smjör og aðra góða hluti, en af því að þetta var allt á sama misskilningnum byggt, sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum. En ég vil benda á, að í frvgr. er aðeins gert ráð fyrir þeim möguleika, að tækin séu flutt inn. Í 2. málsgr. 2. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðað við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins.“ — Hvað getur verið á móti því, að um leið sé tekið skýrt fram, að einnig skuli athuga möguleika á að fá þessi tæki gerð innan lands? Ég sé ekkert á móti því.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um það, sem ég vík að í 2. brtt. minni um ákvæðisvinnu. Hann segir, að það eigi hér alls ekki heima, en það sé réttara að flytja um þetta sérstakt frv. eða till. Er það þá meining hv. þm. að skipa nýja n. til að athuga þetta atriði? Hvað sagði hæstv. forsrh. um fjölgun og fækkun n., þegar hann lagði málið fyrir? Mér virtist hann leggja áherzlu á, að n. væri frekar fækkað en fjölgað, og í 3. gr. er gert ráð fyrir að fela ráðinu starf þriggja mþn., sem starfað hafa að undanförnu. Hv. þm. V.-Ísf. segir, að það sé verkefni einnar af þessum n. að athuga fyrirkomulag á atvinnurekstrinum. Þetta er rétt, en í frv. er gert ráð fyrir að leggja þá n. niður. Og hvað getur verið á móti því, að tekið sé fram á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í minni brtt., að ráðið skuli sérstaklega athuga þetta þýðingarmikla atriði? Í þeirri þál., sem þessi n. starfar eftir, er ekki með einu orði að því vikið, að athuga beri, hvort heppilegt sé, að ákvæðisvinna sé tekin upp í atvinnurekstri, en það er eitt af því, sem ég vil láta nýbyggingarráð athuga.

Hv. þm. ræddi um, að ýmsir menn vildu lækna erfiðleika atvinnuveganna eingöngu með kauplækkun. Ég vil benda á, að hvergi í mínum till. er að því vikið eða neitt slíkt lagt til, og getur hv. þm. því að þessu sinni sparað sér umr. um það. Vitanlega getur þess orðið þörf, áður en langt um líður, en fleira mætti koma þar til athugunar, sem gæti orðið til styrktar atvinnuvegunum. Mér finnst, að allra sízt ætti sá flokkur, sem hv. þm. V.-Ísf. er fulltrúi fyrir hér, að hafa á móti því, að fleiri möguleikar væru athugaðir til að koma atvinnurekstrinum á þann grundvöll, að hann gæfi þjóðinni sem bezta lífsmöguleika.

Hann segir, að sumir haldi því fram, að ekki þýði að hugsa um nýbyggingar, nema fyrir fram sé tryggt, að reksturinn beri sig. Það væri vitanlega gott, ef hægt væri að tryggja það fullkomlega fyrir fram, en því miður hef ég ekki á reiðum höndum úrræði í mínum till., sem tryggi þetta. En ég vil láta athuga sem vandlegast, hvaða leiðir eru til að ná því marki. Og hvers vegna má ekki athuga það í sambandi við framfarir í atvinnurekstrinum? Það er, eins og ég hef áður vikið að, svo nátengt hinu verkefninu, að útvega tækin, að það verður ekki að skaðlausu slitið í sundur. Og hvers vegna má ekki orða það í frv., að reksturinn þurfi að vera á heilbrigðum grundvelli, þannig að hann beri sig? Hvers vegna má ekki orða, að þetta eigi að koma til athugunar? Ég fæ ekki skilið, hvað er á móti því. Eru einhver öfl í stuðningsliði stj., sem ekki mega sjá það atriði orðað, að atvinnuvegirnir eigi að vera reknir á heilbrigðum grundvelli? Ég fæ ekki skilið, hvað er á móti því, að þessar þýðingarmiklu hliðar málsins séu athugaðar.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef sannarlega ekki á móti því, að atvinnureksturinn geti borið sig. Það eina, sem ég hef á móti, er, að verið sé að samþ. óþarfa brtt. Það stendur í frv. sjálfu, að athuga skuli, hvaða atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, og ég sé ekki, að þurfi að endurtaka það með mörgum setningum.

Ég vil halda fram, að það, sem ber hér á milli, séu minni háttar atriði. Hv. þm. spyr, hvort það séu minni háttar atriði, hvernig fyrirkomulag sé á atvinnurekstrinum. Nei, en athugun á þessu kemur til með að falla undir nýbyggingarráð, því að um leið og starf n. þeirrar, sem endurskoða á skipulag stóratvinnurekstrar í landinu, er falið nýbyggingarráði, þá fellur allt hennar verkefni undir ráðið. Það eru mannaskipti, en viðfangsefnin eru þau sömu eftir sem áður. Ég get því ekki gert mikið úr þessu atriði.

Hv. frsm. minni hl. segir, að við val á þessum tækjum þurfi að gera sér grein fyrir, hvort við-

komandi atvinnugrein sé arðvænleg eða ekki. Eins og ég hef þegar bent á, þá fær ráðið þetta verkefni, alveg eins þótt hans brtt. sé ekki samþ., því að í frv. stendur, að vinna skuli að því, að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.

Hann segir, að ég hafi rangfært og misskilið það, sem hann sagði, að innlend framleiðsla megi ekki kosta meira en sú erlenda. Ég held, að mér sé það vorkunn, vegna þess að í hans brtt. stendur, að sérstaklega skuli athuga, hvort hægt sé að fá ný framleiðslutæki gerð innan lands fyrir eigi hærra verð en greiða þurfi fyrir þau, er keypt séu frá öðrum löndum. Ég hef vitanlega ekkert á móti því, að þetta sé athugað, og geng út frá því sem sjálfsögðu, þó að þetta orðalag verði ekki samþ., að nýbyggingarráð beri saman verðlag á því, sem hægt er að fá innan lands, og því, sem keypt er frá útlöndum. En við yfirlit á þessari brtt., sem ég sá ekki fyrr en í byrjun þessa fundar, þá gat ég ekki annað séð en að það væri meiningin með þessari brtt., að innlend tæki skyldi því aðeins kaupa, að þau væru ekki dýrari en útlend, og því datt mér í hug sá samanburður, sem ég gerði. En ef það er ekki tilgangurinn, heldur aðeins að menn geri sér ljóst, hver verðmunurinn kynni að vera á þeim erlendu og innlendu tækjum, þá getum við verið sammála um þetta atriði. En það verður eins athugað, þó að brtt. hans verði ekki samþ., því að í 2. gr. stendur, að nýbyggingarráð hlutist til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands, enda þótt hv. þm. segi, að í frv. sé eingöngu gert ráð fyrir, að þau verði keypt frá útlöndum. Þar hefur honum því skjátlazt, og getum við þá verið kvittir um það atriði.

Hv. þm. spyr, hvort ég ætlist til, að stofnuð verði ný n. til að athuga möguleika til að koma á ákvæðisvinnu. Ég ætla mér ekki að taka að mér að undirbúa það mál fyrir hann, því að þetta er atriði, sem er frjálst öllum landslýð, en ef hann vill, að ríkisvaldið hlutist til um það, verður hann að bera fram um það frv.

Ég ætla ekki lengra út í þá sálma, en vil aðeins undirstrika enn frekar það, sem ég átti við áðan, að þó að talað sé um að kaup hér sé dýrt, þá held ég, þegar gætt er að, að tekjur verkamanna í lífsgæðum séu ekki meiri hérna en í öðrum löndum, og þegar talað er um, að kaupið sé hærra eða lægra, þá misskilja menn oft svo, að eingöngu sé um peninga að ræða. Ég efast ekki um, að verkamönnum og öðrum, sem taka laun fyrir sitt starf, stæði á sama og væru aðeins þakklátir, ef þessi lífsgæði, sem þeir þurfa að kaupa, lækkuðu í verði um helming og vísitalan að sama skapi. Ekki mundu þeir amast við því, og það, sem er á stefnuskrá núverandi stjórnar viðvíkjandi kaupinu, er þetta, að reyna að halda í núverandi lífsskilyrði almennings eins lengi og hægt er, og það gerir ekkert til, þó að þetta breytist að krónutali. En það má helzt ekki breytast með þau lífsgæði eða þær þarfir, sem nauðsynlegt er að fá fyrir þetta kaup. Sá stóreignamaður, sem á að taka þátt í að endurskapa atvinnuvegi landsmanna, hefur engan rétt til að segja: Þið skuluð fara með kaupið niður um helming áður en ég hreyfi mig, hvað sem dýrtíðinni líður. Og ef það verður úr, að menn hagi sér þannig með sína fjármuni, þá er það athugunarefni fyrir ríkisvaldið og fyrir þá hv. þm., sem fyrir 2 árum héldu því fram, að ríkið ætti alla þessa peninga, en ekki einstaklingarnir.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð til viðbótar um þetta. Hv. frsm. meiri hl. vill ekki láta samþykkja óþarfa brtt. Okkur greinir á, hvað sé þarft og hvað óþarft í þessu máli. Hann segir, að minni hl. beri ekki fram ákveðnar till. um fyrirkomulag atvinnurekstrarins. Það er rétt. Ég geri það ekki, enda er þetta frv. yfirleitt um rannsóknir og athuganir og að fundið sé það heppilegasta út úr þeim rannsóknum. Hann telur, að viðfangsefnið sé í þál. um mþn. til athugunar á atvinnuháttum eftir styrjöldina. Það er það að nokkru leyti, en ekki svipað því að öllu leyti, t. d. fyrri málsgrein í b-lið brtt. minnar um, hvaða aðrar ráðstafanir þurfi að gera en kaupa ný atvinnutæki, til þess að þjóðin geti í framtíðinni haft viðurværi sitt af atvinnuvegum, reknum á heilbrigðum grundvelli. Það atriði er ekki fram tekið í þessari ályktun um mþn. Þar er heldur ekkert minnzt á ákvæðisvinnu, sem ég tel rannsóknarefni, ekki þýðingarlítið. Hv. þm. segir að vísu, að það sé frjálst öllum landslýð að taka upp þetta fyrirkomulag, ákvæðisvinnuna. Það má á sama hátt segja: þetta allt er algerlega óþarft, því öllum er frjálst að kaupa ný framleiðslutæki, og hvað á ríkið að skipta sér af því?

Eg tel eðlilegt, að ríkið aðstoði félög og einstaklinga með því að láta fara fram rannsókn og ýtarlega athugun á, hvernig heppilegast sé að afla nýrra tækja og ekki síður, hvernig eigi að reka þau.

Nýbyggingarráð mun að sjálfsögðu athuga þetta eða hitt, segir hv. þm. V.-Ísf., þótt ekkert sé um það fram tekið í frv. — En fyrst á annað borð er fram tekið í frv., hvað ráðið eigi að gera, þá tel ég nauðsynlegt, að sú upptalning sé svo yfirgripsmikil, að hún nái yfir það verksvið, sem menn vilja láta n. starfa á. Um þetta er ágreiningurinn fyrst og fremst.

Það, sem hv. þm. sagði um kauplækkunina í sinni síðustu ræðu, hef ég ekki gefið tilefni til, hvorki í minni framsöguræðu né þeim till., sem ég ber fram. Í till. minum er aðeins farið fram á vandlega athugun á þessu máli í heild.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, þar sem ég geri ráð fyrir, að öllum þingdeildarmönnum sé ljóst, hvað um er að ræða og hvað á milli ber.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins leyfa mér, áður en umræðu lýkur, að þakka hv. n. fyrir afgr. málsins og hv. frsm. meiri hl. fyrir ágæta málsvörn, og sé ég ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem hann hefur sagt um málið.

ATKVGR.

Brtt. 524,1 felld með 17:8 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, SkG.

SvbH, GSv, HelgJ, IngJ, JS, PZ, PÞ, PO, SÞ, JörB greiddu ekki atkv.

4 þm. (GG, GTh, JakM, ÞG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sveinbjörn Högnason: Þar sem fyrir hv. d. liggur frv. um svipað ákvæði og er í þessari gr. og gengur þó nokkuð lengra í þessu efni en hér er farið fram á, þá greiði ég ekki atkv. að þessu sinni.

Skúli Guðmundsson: Ég er ekki ánægður með greinina, en þar sem horfur eru á, að ekki sé hægt að fá hana betri, segi ég já.

Brtt. 524,2.a—b felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, HelgJ, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, JörB.

nei: BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS.

GSv, IngJ, JS, PO greiddu ekki atkv.

4 þm. (GG, GTh, JakM, ÞG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 524,3 felld með 16:9 atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. *vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.*

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 489).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Frv. þessu, sem flutt er af ríkisstj., og í dag hefur verið afgreitt frá hv. Nd., er ætlað að lögfesta eitt ákvæði í þeim samningum, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér, áður en stjórnin var mynduð. — Ég get í aðalatriðum, varðandi rök fyrir málinu, látið nægja að vísa til þeirrar grg., sem frv. fylgir og tekin er úr nefndum málefnasamningi.

Eins og frv. ber með sér, er ætlazt til þess, að 300 millj. kr. af inneignum Landsbankans erlendis séu lagðar á sérstakan reikning og að eingöngu megi verja þeirri fjárhæð til þess að kaupa framleiðslutæki og annað varðandi nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar, samkvæmt nánari ákvæðum nýbyggingarráðs, eins og ákveðið er í 1. gr. frv. — Í 2. gr. er svo gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin skipi 4 manna nefnd, sem nefnist nýbyggingarráð, og er í 2. gr. ákveðið um verkefni nýbyggingarráðs. — Í 3. gr. er svo fyrir mælt, að ríkisstj. ákveði með reglugerð nánar um starf nýbyggingarráðsins. Og í þeirri gr. segir enn fremur, að ef henta þykir að dómi ríkisstjórnarinnar, sé heimilt að fela nýbyggingarráði störf nokkurra mþn., sem þar eru nánar tilgreindar. Það er viðurkennt af öllum, að það séu kannske úr hófi fram margar mþn. starfandi. Og eins og ég hygg að ég hafi tekið fram í umr. málsins í hv. Nd., er það ekki tilgangur ríkisstjórnarinnar, þegar hún nefnir þessar ákveðnu mþn., sem greindar eru í 3. gr., á nokkurn hátt með því að vilja gefa í skyn, hvað þá meira, að þær nefndir hafi ekki unnið sín verk með samvizkusemi og góðum árangri. En tilgangurinn er einungis sá að heimila ríkisstj., ef í ljós kemur, þegar nýbyggingarráð tekur til starfa, að það flýti fyrir gangi mála, að fela nýbyggingarráðinu þau störf, að kveða þá svo á.

Á þessu stigi málsins sé ég svo ekki ástæðu til að fylgja frv. úr hlaði með fleiri orðum, vegna þess að málið liggur skýrt fyrir. Og ég held, að það sé óþarft vegna hv. þm. Þeir munu nú þegar allir hafa á því mikinn kunnugleika. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég get nú fallizt á það, að það sé óþarft að hafa um þetta mál langar umr. Það hefur komið skýrt fram í sambandi við yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og í umr. um málið í hv. Nd., hver afstaða Framsfl. er til þessa máls. Og jafnframt er sú afstaða alveg skýr hjá hæstv. ríkisstj. og þeim, sem hana styðja, að ekki skuli breyta frv. frá því formi, sem það nú liggur fyrir í, eins og það hefur verið lagt fram í upphafi. — Það er því í raun og veru ákaflega þýðingarlítið — og ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar — að nota tímann hér á hæstv. Alþ. til þess að endurtaka hvað eftir annað þau rök, sem borin eru fram gegn málinu, sérstaklega þegar augljóst er, að það er ætlunin að samþ. frv. eins og ríkisstjórnin hefur borið það fram.

Ég mun þess vegna ekki tefja fyrir þessu máli á neinn hátt með því að endurtaka þær umr., sem fram hafa farið um það í hv. Nd. Ég hef — eins og aðrir framsóknarmenn — ákaflega litla trú á því, að þessi nýsköpun takist á þeim grundvelli, sem hér er fyrirhugað að framkvæma hana á. Og ég get í raun og veru tekið undir það, sem eitt blað hæstv. ríkisstj. hefur sagt um þetta mál, að það er hver dagurinn dýr. Ég álít, að það sé hver dagurinn dýr, sem líður, án þess að þessi nýsköpun fái að sýna sig í framkvæmd. Og þá reynslu þarf þjóðin nauðsynlega að fá, hvort þessi nýsköpun verður framkvæmanleg á þeim grundvelli, sem hæstv. ríkisstj. ætlast til. Ég held því, að þetta eigi að koma sem fyrst til framkvæmda, úr því sem komið er, til þess að reynslan um það sýni sig sem fyrst.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Str. í því, að það sé ástæða til að láta mál þetta fara með lítilli athugun og litlum umr. gegnum þessa hv. þd., þó að það séu kannske nokkuð miklar líkur til þess, að það sé ásetningur einhvers þingmeirihluta, að það eigi svo að fara. Til þess er þessi hv. d. og hv. þingdeildir, að þær athugi málin án tillits til þess, að niðurstaðan er sú, að stjfrv. ganga oftast fram. Og það er venja að láta þau frv. fá allmikla athugun á hæstv. Alþ., og því meiri ástæða er til þess sem frv. eru nýstárlegri.

Þegar ég vissi, að það átti að taka þetta mál til umr. nú í dag hér í hv. d., svo skyndilega eftir afgreiðslu þess í hv. Nd., þá varð mér á að líta í

gamla bók eftir einn af okkar frægustu sagnfræðingum, þar sem sagt er frá einum fornkappa í Noregi, sem að mörgu leyti hafði þar í landi ekki ólíka aðstöðu og hæstv. forsrh. hefur hér nú. Það er sagt frá því í Snorra, að þegar Haraldur konungur hárfagri hafði lagt undir sig lönd og lýði og stóð á hátindi veldis síns, ekki ólíkt og hæstv. forsrh. (ÓTh) nú, eftir þá miklu sigra, sem hann hefur unnið í sambandi við stjórnarmyndunina, svo að ekki séu taldir eldri sigrar, þá er það einn daginn, að konungur gengur út fyrir eina borgina, og þegar hann kemur að lítilli brekku, kemur þar á móti honum fögur kona, Snæfríður að nafni, er virðist hafa verið austræn og með þá austrænu kunnáttu, sem Norðmenn þóttust verða varir við í ferðum sínum í austurveg. Eins og Snorri lýsir því, fer eldhiti um sál konungs við þessa sjón, sem Snorri svo útskýrir nokkru nánar, og er skemmst frá því að segja, að konungur vill giftast þessum kvenmanni strax. Og eftir hæfilegt umstang tekst honum það. Svo líður nokkuð og á þann hátt, að það verða til nokkur afkvæmi — sem ekki er í frásögur færandi — upp úr þessu svona hastarlega stofnaða hjónabandi. — En það, sem verra er, er það, að konungur sinnir ekki verkum sínum. Hann er svo upptekinn af þessu nýja sambandi, að hann gleymir alveg að stjórna landinu. Og helztu menn landsins — eins og hér mætti tala um helztu menn flokksins — töldu þetta óhæfu mikla og vildu fá konung til þess að gæta betur sinna daglegu starfa. En það verður ekki strax, og þeir vita ekki, hvert stefnir. En þá vill svo vel til — fyrir landinu — sem ég vil ekki draga líkingu af hér upp á nokkurn pólitískan flokk — að Snæfríður deyr; hún fölnar og er eins fögur í sænginni eins og áður var hún lifandi. Konungur horfir á hana og gleymir enn öllu, sem hann á að gera, þangað til læknir kemur og segir, að það dugi ekki að horfa alltaf á líkið, það sé ekki honum sæmandi. Og drottningu sé ekki sæmandi annað en að hreyfa hana eitthvað til í rúminu. En þegar það var gert, lízt konungi ekkert á, því að þetta var þá ekkert annað en ormar og pöddur. Og þá sættir konungur sig við, að með þá dánu sé farið að venjulegum hætti. — Kom þá fram, að þar höfðu verið galdrar nokkrir í, eins og um allt samband konungs við þessa konu. — En eftir þetta lagði konungur nokkra fæð á þau börn, sem hann hafði átt með Snæfríði, þannig að það var ekki vel viðkunnanlegt. Og þá bendir einn vinur hans honum á, að þetta eigi hann ekki að gera, því að það sé ekki börnunum að kenna, þótt eitthvað sé að þeim. Hann hefði getað tryggt þeim betra móðerni. Og við það sat.

Ég vildi leyfa mér að heimfæra þessa sögu nokkuð upp á sambandið milli Sjálfstfl. og Kommúnistafl. sérstaklega. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, virðist mér eitt af afkvæmum þeim, sem hæstv. forsrh. e. t. v. hefði getað útvegað sér hentugra móðerni að, ef svo mætti að orði kveða í líkingamáli.

Það, sem liggur fyrir í þessu frv., sem hér er til umr., er hvorki meira né minna en það, eftir bókstafsins hljóðan, að það á að gerast alger bylting í íslenzku atvinnulífi og stjórnarháttum. Og það er ekki aðeins það, heldur hefur Sjálfstfl. með forsrh. sínum í þessu efni algerlega gengið frá öllum atriðum sinnar stefnu og ekki miður en Haraldur hárfagri gekk frá sinni stjórnarstefnu, þegar hann gætti ekki skyldu sinnar fyrir hinum austrænu áhrifum. — Ég var nýlega að lesa grein, sem ég rakst á af tilviljun, eftir núverandi útvarpsstjóra, sem hann skrifaði um mannfund, sem hæstv. forsrh. og fleiri, þar á meðal ég, tóku þátt í austur í Skaftafellssýslu fyrir nokkrum árum. Þar lýsti núverandi forsrh. og Jón heitinn Þorláksson stefnu sjálfstæðismanna þannig, að ef henni væri fylgt enn þá, mundi ekki einn stafur standa eftir af frv. því, sem hér liggur fyrir. Í þessum ræðum austur í Skaftafellssýslu lögðu þessir forkólfar Sjálfstfl. höfuðáherzlu á, að stefna flokksins væri að láta einkaframtakið ráða. Þeir reyndu þá og að sýna fram á það í þingræðum og allri meðferð mála, að ekkert væri á annað að treysta, það væri farsælast. Hitt, að fjötra einkaframtakið, væri sama og að lama þjóðlífið og í raun og veru að tortíma þjóðinni.

Nú býzt ég við, að hæstv. forsrh. og félagar hans muni alls ekki mæla á móti því, að þetta hafi verið þeirra stefna til mjög skamms tíma. Og þá kemur spurningin: Hvað hefur komið fyrir, sem gerir það að verkum, að meginhluti Sjálfstfl. og ekki sízt leiðtogi hans, Ólafur Thors, hefur gersamlega snúið frá sinni fyrri stefnu og tekið upp málsmeðferð, sem er algerlega jafnframandi fyrir þeirra flokk og þeirra fortíð eins og þessi ráðahagur Haraldar hárfagra var fyrir hann sem Norðmann og konung?

Það er gert ráð fyrir því hér í þessu frv. að setja upp nefnd manna, sem eigi að hafa vald, eða það virðist vera gefið í skyn, að hún eigi að hafa vald til að umsnúa atvinnulífi þjóðarinnar og breyta úr einkarekstri í þjóðarrekstur. Og þetta er gert án þess að um það hafi áður farið fram nokkrar opinberar umr. Ég hef fylgzt það með blöðum sjálfstæðismanna og því, sem gerzt hefur á almennum fundum, að ég fullyrði, að þar hafa aldrei komið fram ályktanir eða annað, sem réttlæti það að snúa svo skyndilega frá hinni gömlu stefnu Sjálfstfl., sem er líka stefna Framsfl. og hefur verið stefna allra Íslendinga fram til skamms tíma, að gera ráð fyrir, að atvinnurekstrinn sé í höndum einstaklinga, en ekki í höndum þjóðfélagsins. — Ef ég reyni að skýra það fyrir mér, verður mér fyrst að líta á þennan bæ, Reykjavík, þar sem búa nú eitthvað yfir 40 þús. manns og þar sem er mikill hluti af leiðandi mönnum Sjálfstfl., margir þm. hans o. s. frv. Og það er einmitt þessi bær, sem að öllum líkindum á að njóta sérstaklega þeirrar blessunar, sem hér er farið fram á með ráðstöfunum þessa frv. En hér í bæ er ekki sýnilegt neitt, sem bendi á það, að hér sé allt í einu orðið svo dáðlaust fólk, atvinnurekendur og aðrir menn, að þeir geti ekki rekið neina atvinnu, en verði að vera eins konar niðursetningar á þjóðarbúinu. Ef gengið er um bæinn, sést mikið af fögrum húsum, sem eru íbúðarhús þessara manna í hundraðatali. Ýmsar stórbyggingar eru og hér, sem hefur verið komið upp og þær notaðar fyrir iðnaðinn. Og ef litið er á bankana, standa þar inneignir, sem að vísu eru aðallega eign almennings, en ekki nokkurra stórlaxa. En þær eru það mikið fjármagn, að það er ekki ástæða til að halda, að allt í einu þurfi eigendur þessa fjármagns að segja: Við erum ómagar og við verðum að gefast upp. Eg sé ekki, að nokkur

hlutur bendi til þess, að atvinnulífið sé þannig, að það þurfi að fara að umsnúa því. Það eru ekki sýnileg úrkynjunarmerki á fólkinu, og það er ekki hægt að tala um fátækt. Þetta virðist því alveg vera ófyrirsynju umhyggja hjá hæstv. ríkisstj. að ætla nú allt í einu að fara að umturna atvinnufyrirkomulaginu í landinu eins og hér virðist gert ráð fyrir í frv.

Eg kem svo að öðru, sem í raun og veru virðist liggja hér á bak við línurnar í þessu frv., og það er það, að svo mikill munur á nú, samkv. þessum reglum, að vera á milli sveitanna annars vegar og Reykjavíkur hins vegar. Því það er gert ráð fyrir, að ⅛ hluti af því fjármagni, sem hér er um að ræða og á að taka á þann hátt, sem mér finnst ekki skemmtilegur, eigi að ganga til nýsköpunar í sveitunum, en ⅞ hlutar annað. Og ef að líkindum ræður, þar sem aðstreymið er svo mjög til Reykjavíkur, þá hlýtur þetta að enda þannig, ef stefna frv. er framkvæmd, að þessir stóru hlutir gerast aðeins í Reykjavík. Mér er tjáð, að úr stærstu kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur, frá Akureyri, Vestmannaeyjum og Ísafirði, liggi straumurinn þaðan og hingað til Reykjavíkur. Ég hef rekizt á ungt fólk, sem segir: Við getum ekki verið á þessum stöðum, þeir eru svo leiðinlegir. Og ef litið er á þennan straum, þá er víst, að það þarf að byggja yfir mikinn hluta af Íslendingum hér í Reykjavík og kannske þá að Hafnarfirði meðtöldum. Og þar sem tvennt er að verki, annars vegar þessi fólksstraumur til Reykjavíkur, sem hefur orðið vart við, kannske í sambandi við setuliðið, sem hefur dregið fólk hingað, án þess að séð verði, að það eigi hingað erindi, og svo eru hins vegar þær framkvæmdir, sem talað er um, ef hér á að byggja mörg hundruð íbúðarhús á ári og hvergi annars staðar, og ef fjárframlög verða lögð í ný atvinnufyrirtæki hér, — þegar þetta tvennt er athugað, þá er bókstaflega ekki hægt fyrir Íslendinga annað en að fara hingað til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort hann viti nokkuð um skipun á þessum málum í öðrum löndum, þannig að af því tilefni álíti hann heppilegt að vera að soga ekki aðeins fólkið úr sveitunum hingað til Reykjavíkur, heldur líka úr minni kaupstöðunum úti um landið, og svo eigi með þjóðnýtingu og þjóðarrekstri að framfæra það hér eða skapa því einhverja atvinnu hér. Ég veit ekki til þess, að leiðandi menn í nokkru landi blessi þetta, og mín skoðun er, að slíkt væri böl. Í Kaupmannahöfn veit ég ekki betur en að ýmsir menn mjög mikilhæfir álíti þetta alveg óeðlilegt, að fólkið sogist svo mjög til stærstu staðanna. Ég talaði um þetta við nokkra merka menn danska fyrir stríð. — Ef það er svo, að Reykvíkingar geti ekki með frumkvæði einstaklinga skapað atvinnu fyrir fólkið, sem er hér, þá eru það í sjálfu sér mjög vafasamar velgerðir við þjóðfélagið að soga fólkið hingað í raun og veru á ábyrgð alls landsins. Því að auðvitað stendur þjóðin öll að þessu verki, sem hér er um að ræða, og það er hún, sem verður svo að líða fyrir afleiðingarnar. Og ef á að byggja mörg hundruð íbúðir á ári, þá er það ekki af því, að svo fáar íbúðir séu til á landinu, vegna þess að í mörgum sveitum og kauptúnum er ákaflega mikið af íbúðarrúmi í húsum autt, af því að það vantar fólk í húsin. Húsin eru þar oft svo köld og óvistleg fyrir það, að þau eru ekki notuð. — Þetta á, sem sagt, eftir því sem fram virðist koma hjá hæstv. ríkisstjórn, að ganga þannig: Við eigum að byggja yfir fólkið hér í Reykjavík, og svo, þegar það er búið, þá eigum við að búa til handa því atvinnu, sem ekki er þó víst, hversu lánast.

Ég vildi um leið spyrja hæstv. ráðh., af því að það kemur nokkuð nærri þessu spursmáli, hvað ríkisstjórnin meini með því að láta taka út úr fjárl. nokkra upphæð, sem ætluð var til áburðarverksmiðju. Það stóð í fjárl. upphæð til þessa áður, og ef svo hefði verið gert um 1—2 ár, þá væru möguleikar fyrir því, að ríkið tæki þann hluta í sínar hendur. Og þótt ég sé ekki hrifinn af allsherjar þjóðnýtingu, þá virðist mér ekki geta komið til mála, að ríkið heykist á því fyrirtæki, af því að það er ekki fyrir sveitamenn eina. Að hafa hér áburðarverksmiðju og tryggja þar með, að við þurfum ekki að kaupa allt of dýran áburð, er í raun og veru ein hin mesta trygging fyrir því, að fólkið geti lifað úti í sveitum landsins, og í raun og veru bæjarfólkið líka og ekki síður. En ef það er svo, að hæstv. ríkisstj. ætlar að víkja frá þessum grundvelli að leggja til hliðar á fjárl. fé í slíka verksmiðju og fara út á einhvern ímyndaðan vonagrundvöll, þá er það slæmt merki, því að í bezta tilfelli yrði slík verksmiðja þá reist með lánsfé.

Ég tek þetta fram, af því að mér finnst þetta geta bent á, að hæstv. stj. ætli sér að þrengja að kosti sveitanna með þessum hætti.

Ég kem þá að því, sem er eðlilegt að talað sé um hér í Reykjavík, af því að þessi nýsköpun yrði að mestu leyti hér. Það er þá fyrst gert ráð fyrir, að þjóðbankinn fái nýja yfirbankastjórn, sem taki af honum yfirráðin yfir meginhlutanum af því fé, sem hann hefur yfir að ráða. Það hefur verið gengið svo frá því, að allir flokkar og stéttir ættu þar fulltrúa, og það hefur ekki sízt verið gert með samþykki hæstv. núverandi forsrh., að þessi stofnun væri undir stjórn fulltrúa frá öllum flokkum. Þess vegna er það undarleg afstaða af hans hálfu að koma með einhverja menn utan úr bæ, eins og sagt er, sem eiga að taka þarna æðstu yfirráð. Það getur vel verið, að það verði menn, sem hafa ekki minnstu eðlilega aðstöðu til að verða þarna yfirbankastjórar, sem eiga að ráðstafa mörgum hundruð millj. kr. Þetta er þá fyrsta atriðið, að taka af bankanum meginhlutann af fé hans og setja það undir stjórn annarra manna. Þá er það, hvort Landsbankinn hafi brotið af sér gagnvart þjóðinni með sérstakri ógætni eða hvort ólíklegt er, að hann geti ráðstafað þessu fé eins og öðru, sem honum er trúað fyrir.

Þá kem ég að öðru, sem er enn þá meiri kjarni í málinu, og það er, að þessi nýja bankastjórn á aðallega að annast yfirfærslur. Þegar farið er að kaupa þessi nýju atvinnutæki frá útlöndum, þá getur þessi nýja bankastjórn að svo stöddu ekki gert mikið annað en að segja: Þið fáið leyfi til að nota þessa peninga erlendis. Þetta er mikið vald, en það er þó ekki nóg, því að til þess að geta fengið þessa peninga erlendis, sem er sama og sparifé landsmanna, verður að fá það í íslenzkum krónum. Og þá er það sennilega ekki alltaf, sem einstakir menn, sem eiga inni í bank-

anum, segja: Við viljum lána t. d. 4 millj. í þetta skip. Það getur orðið erfitt að fá þetta leyfi, og ef það fæst ekki, þá er spursmálið: Ef á að taka þetta í íslenzkum krónum, verður þá ekki að þrýsta á bankann? (**Fjmrh.**: Hefur það verið vani að spyrja eigendurna?) Það hefur aldrei verið til slík n. eins og hér er gert ráð fyrir, og það hefur aldrei fyrr dottið nokkrum þm. í hug að taka fé með þessum hætti undan ráðstöfunarrétti bankans, og þess vegna geri ég ráð fyrir, að hæstv. stj. verði að taka féð og jafnvel beita þvingunarráðstöfunum. Og að þessi hugsun liggur ekki fjarri hæstv. ríkisstj., sést á því, að samkvæmt málefnasamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir, að til mála geti komið að beita þvingunarráðstöfunum til að fá menn til að leggja fé í þessi fyrirtæki. Þetta hefur aldrei áður verið gert hér á landi, svo að ég viti. Það var gert í Þýzkalandi og einnig í Rússlandi, en með öðru móti. Í Þýzkalandi sendi nazistastjórnin inn á skrifstofurnar til mannanna, sem þar unnu, og við þá var sagt: Þér hafið ekkert lagt í ríkisskuldabréf, þér eigið peninga, það er ætlazt til, að þér leggið þetta fé fram. Þessi partur í prógrammi hæstv. stj. hefur vakið nokkra undrun hjá landsmönnum, af því að með þessu virðist, að við séum komnir inn á annan grundvöll en þann, sem okkar þjóðskipulag er byggt á. Það lítur að vísu út fyrir, að þeir séu nú ekki allfáir, sem láta sér þetta vel líka, og það hefur mikið borið á þessum mönnum, og þeirra hrifning hefur mjög verið auglýst af hæstv. stj. bæði í útvarpinu og annars staðar. En samt getur orðið vafasamt, hvort þessi vinátta og ánægja muni verða nóg til að koma til leiðar þessum framkvæmdum, ef fólkið í landinu, sem á féð og á að búa við þessi fyrirtæki, treystir ekki þessum fyrirtækjum. Hvers vegna eru hér nú ekki nema fáir mótorbátar? Ég held, að „Jón Þorlákssón" sé af einhverri virðingu örlaganna gerður út frá Reykjavík til minningar um þennan mikla forkólf samkeppnisstefnunnar, en annars hafa þeir flestir horfið, togurunum fækkað sömuleiðis og línubátunum líka. Af hverju? Fólkið hefur streymt til Reykjavíkur, því hefur þótt skemmtilegt að vera hérna, það hefur fengið atvinnu hér, en atvinnurekendurnir hafa farið héðan. Hvers vegna? Af því að það er ekki eins gott fyrir atvinnurekendurna að vera hér eins og okkur hina. Þeir hafa farið héðan, af því að dýrtíðin í bænum hefur gert þeim hartnær ómögulegt að starfa hér. Hæstv. forsrh. veit vel, að ekki aðeins hans fyrirtæki, heldur einnig mörg fleiri, hafa á öllu tímabilinu 1930—1940 verið að sligast undir þunganum við framleiðsluna. Það var sama, hvernig framleiðendurnir hafa farið að, það hefur ekki verið hægt að ná endum saman. Reykjavík hefur verið of dýr bær, þess vegna hefur framleiðslan flúið héðan burt, líka á síðustu árum, þegar hér hefur þó verið nokkur fölsk velgengni.

Því hefur verið haldið fram, m. a. af sjálfstæðisblaðinu Vísi, að þessar miklu framkvæmdir, sem hér eru hugsaðar, yrðu ekki að neinu, þeir, sem keyptu þessi atvinnutæki, mundu ekki geta rekið þau, af því að kostnaðurinn yrði svo mikill. Þetta er rökstuðningur fyrir því, sem ég segi, að útgerðarmönnum í Reykjavík er vel kunnugt, hvað það er að ætla að stunda framleiðslu í Reykjavík í þrássi við dýrtíðina. En þá hafa hinir mjögsiglandi og mörgu vinir hæstv. stj. sagt, að það geri ekkert til, þó að dýrtíðin sé mikil, af því að við ætlum að hafa svo góð framleiðslutæki, og þess vegna sé allt í lagi. Við skulum þá hugsa okkur fyrst og fremst skipin og allt, sem að þeim lýtur. Eftir stríðið er vitanlegt, að við eigum á fiskmarkaðinum tvo hættulega keppinauta, Norðmenn og Breta. Hvað bendir þá til, að við eftir stríðið höfum betri og fullkomnari skip en þeir? Við getum ekki byggt okkar skip sjálfir, en það geta þeir og hafa til þess margfalt betri aðstöðu en við. Við getum því ekki hugsað okkur lengra en að hafa jafngóð skip og þeir, og þá er eftir munurinn á dýrtíðinni. Eitt dagsverk, sem kostar nú hjá okkur 50 kr., kostar í Englandi 15 kr. og í Svíþjóð 20 kr. Við vitum ekki um Noreg, en það er engin ástæða til að ætla, að þeir láti stinga sig út með dýrtíð, sem leggja þar í atvinnurekstur. Þeir byrja neðst niðri eftir þá eyðileggingu, sem þar hefur orðið. Við getum ekki gengið lengra en að segja, að við munum hafa jafngóð skip og þeir, enn eigum við eftir að mæta okkar dýrtíð, sem leggst á okkar framleiðslu með þeim þunga, sem ég er búinn að benda á, og þá er komið að atriði, sem erfitt er að ráða fram úr, að við með svona aðstöðu hljótum að lenda í samkeppni við aðrar þjóðir, sem eru okkur að ýmsu leyti voldugri, sérstaklega önnur, sem hefur markaði heima í sínu eigin landi. Þetta er atriði, sem verður ekki leyst, nema við getum ráðið bót á okkar dýrtíð. Sjálfstfl. er nokkuð skiptur um þetta mál. Annað aðalblað flokksins heldur því fram, að hægt sé að jafna þennan mun, en hitt heldur fram, að það verði að lækka dýrtíðina, og virðist mér, að rök þess blaðs séu sterkari.

Þar sem hæstv. forsrh. varð að víkja af fundi til annarra starfa, leyfi ég mér að beina máli mínu til hæstv. fjmrh., flokksbróður hans, um þetta atriði. Ég óska, að hann reyni að gera skiljanlegt fyrir mér og kannske einhverjum öðrum, sem ekki hafa áttað sig betur á þessu, hvernig á því stendur, að Sjálfstfl. er allt í einu horfinn frá þessari stefnu að treysta á atvinnurekendurna sjálfa, og hvort þessi flokkur og leiðtogar hans eru ekkert hræddir við þessa aðsókn til Reykjavíkur, heldur vilja hjálpa straumnum hingað, því að það hefur einmitt komið í ljós við burtflutning atvinnutækjanna frá Reykjavík, að þessi bær hefur ekki heppilega framleiðsluaðstöðu nema með breytingum, sem hafa ekki verið framkvæmdar. Ég vil ekki draga dul á það við hæstv. fjmrh., að ég tel, að útlitið geti orðið mjög óskyggilegt í sambandi við þessar ráðagerðir, jafnvel þó að góður vilji sé á bak við hjá forráðamönnunum. Ég sé ekki útlit fyrir annað en að á þessum fyrirtækjum muni verða stórkostlegur tekjuhallarekstur eftir stríðið, þegar dýrtíð minnkar annars staðar og framleiðsluvörur falla í verði. Eimskipafélag Íslands, þetta gamla og trausta félag, gerir ráð fyrir, að ef ekki minnkar dýrtíðin, verði félagið að leggja öllum sínum skipum og leigja erlend skip. Og ef þetta félag, sem er tiltölulega vel stætt, verður að gera það, þá sjá allir, hvernig það verður með önnur fyrirtæki, sem veikari eru.

Þá er það landbúnaðurinn. Hann á nú ákaflega erfitt og mun eiga erfitt með að keppa við hið

óeðlilega háa kaup við sjóinn. Alltaf heyrist kvartað og að sumu leyti réttilega um vöntun á mjólk, skyri og smjöri. Þetta er rétt, en af hverju? Af því að dýrtíðin og fólksstraumurinn er þannig, að ekki er hægt að fá fólk til að vinna að þessum hlutum. Ég vil sérstaklega skjóta þessu til hæstv. fjmrh., því að hans flokkur hér í bæ hefur staðið fyrir því, að Reykjavíkurbær keypti stærsta býli á Íslandi, Korpúlfsstaðina, og hafði því tækifæri til að sjá um, að þessir óánægðu Reykvíkingar fengju þessa nauðsynlegu vöru. Þar eru mikil húsakynni og stór tún, og þar var mikill bústofn. En hvað gerist? Eftir að mögueikar eru komnir á að þjóðnýta þetta, þá er ástandið þannig, að fyrir skömmu taldi ferðamaður 100 hross á túninu þar. (**BBen:** Þetta er ósatt.) Það er gaman að heyra það hjá borgarstjóranum. En hvernig er það með Korpúlfsstaði? Ég leyfi mér að fullyrða, að búrekstur þar sé alls ekki á því stigi, að hægt sé að gera sér góðar vonir um, að Sjálfstfl. bæti úr mjólkurskortinum og smjörskortinum með þeim atvinnurekstri. Það er líka mjög skiljanlegt. Ástæðan til þess er sú, að þeir hafa þar rekið sig á alveg sömu erfiðleika og bændur landsins hafa við að stríða, að fólkinu þykir þessi vinna leiðinleg og erfið og vill heldur vinna við einhver þjóðnýtingarplön í Reykjavík.

Ef það verður að ráði að setja yfirbankastjórn í landinu, þar sem ráðin eru tekin af þjóðbankanum, hver verður þá niðurstaðan, ef þessu er fylgt eftir með þvingunarráðstöfunum, þar sem menn eru skyldaðir til að leggja í fyrirtæki, sem þeir vilja ekki leggja í og sýnilegt, að ekki bera sig? Þá kemur sá óhugur, sem jafnan skapast af slíkum ráðstöfunum, að kapítalið leitar út úr landinu og reynir að forðast þessa klípitöng, og þá um leið skapast þau vandræði á fjármálasviðinu, sem eru ekki æskileg fyrir hæstv. stj. Þá mun enn fremur verða haldið að hæstv. stj., að hún eigi að kaupa framleiðslutæki frá útlöndum fyrir þessa peninga, sem verður að taka með harðri hendi, kannske með valdi. Og þá kemur eitt atriði, sem ég hygg, að hæstv. stj. hafi ekki athugað, en það er það, að líklegt er, að fá verði sjómenn frá útlöndum, ef á að vera hægt að láta ganga nokkuð sem heitir af þessum nýju tækjum fram yfir það, sem nú er. Ef maður athugar skýrslur yfir, hvað margir hafi unnið á sjónum, þá sést, að þeim fer ört fækkandi og það svo að skiptir hundruðum. Ég þori að fullyrða, að bæði í Vestmannaeyjum og eins fyrir norðan mun það verða svo, þegar Svíþjóðarbátarnir koma, sem eru ekki nema um 50 fyrir utan þessa nýsköpun, þá muni standa aðgerðalausir margir af þeim bátum, sem nú eru til. Þetta hygg ég, að verði fullerfitt færustu útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum. Það getur verið ávinningur fyrir sjómenn að fá nýja báta, en það er samt sem áður ekki víst, hvort það er þjóðarnauðsyn, ef ekki eru til menn til að halda jafnframt úti þeim bátum, sem fyrir eru, þegar þessir Svíþjóðarbátar koma. Og þá fer að verða vafasamt, hvernig gengur, ef tugir og jafnvel hundruð skipa og báta koma í viðbót við það. Mig grunar, að ekkert af þessu hafi verið athugað af þeim, sem hafa barizt fyrir þessu, heldur komi það yfir þá eins og óþægileg vitund, þegar kemur í ljós, að ekki eru til menn til að stunda þetta. Það þarf ekki annað en að athuga umr. í Sþ. nú nýlega til að sannfæra sig um, að vinnuaflið er nú svo önnum kafið, að ekki er hægt að fá fólk til að stunda sjúklinga á Kleppi, þegar liggur við borð, að verði að loka spítalanum vegna fólksfæðar, Þessi þáttur er alveg órannsakaður, og hefði þó varla verið úr vegi að skoða eitthvað þessa hlið, áður en þessi nýsköpun hefst.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., sem er leiðandi maður í sínum flokki, þeim flokki, sem á öllum pappírum lætur skrá sig sem verndara eignarréttar einstaklingsins, hvernig hann hugsi sér, að allt verði hér, þegar þannig er komið, að ríkisvaldið er búið að taka þjóðbankann og peninga hans til þessara ráðstafana og tekur að sér að útvega öllum atvinnu, án þess að vald sé til að færa menn til, þjóðfélag, sem er svo vanmáttugt, að það getur ekki einu sinni fengið nokkra starfsmenn til að gæta sjúklinga á Kleppi. Verður þá ekki það, að hver maður segi: Ég vil vera þarna og gera þetta, og ríkið á að leggja mér til atvinnutæki, atvinnu og lífsframfæri. Mér finnst ekki ósennilegt, að þessi gleði muni þá hverfa, þegar sjálfstæðismenn athuga og sjá, hvað það er, sem kemur á eftir þessum húrrahrópum, og erfiðleikarnir fyrir atvinnurekendurna verði eins miklir þá og þeir eru nú fyrir hæstv. stj. að sjá um, að fólk fáist til að hjúkra sjúklingunum á Kleppi. En þegar búið er með pólitískum yfirboðum að eyðileggja framtak einstaklingsins í þjóðfélaginu, búið að draga saman fólkið í Reykjavík og halda því þar uppi á taprekstri, þegar búið er að soga fólkið úr sveitum og smákaupstöðum hingað í þessa aðstöðu, þá má spyrja: Hvað átti að gera? Þá segi ég, að það sé ekkert hægt að gera, en ef rétt hefði verið að farið, hefði margt verið hægt að gera og miklu meira en venjulega. Nú eru menn almennt búnir að borga skuldir sínar, og hér er mikið til af skynsömum og ráðdeildarsömum mönnum. Við eigum að geta lifað hér góðu lífi, ef frumkvæði einstaklingsins fær að njóta sín og menn fá að skapa sér atvinnu í frjálsum félagsskap. Það mundi vera hygginna manna háttur að taka vandamálin til athugunar á sama hátt og einn skynsamur bæjarfulltrúi á Seyðisfirði, sem hefur nýlega skrifað blaðagrein um aðstreymið til Reykjavíkur frá hinum smærri kaupstöðum landsins, reyna að skapa mönnum lífvænlegan atvinnurekstur víðs vegar um land á grundvelli núverandi þjóðskipulags. Setuliðið gerði hér eitt illa, óbeinlínis þó. Það hefur að vísu borgað mörgum mönnum mikið fé, og það er síður en svo, að við getum verið vanþakklátir, ef framkoma þess er borin saman við það, sem herir gera í öðrum löndum. En það varð til þess að draga saman vinnuaflið, mest til Reykjavíkur, og svo þegar því finnst ekki heppilegt að nota það lengur, þá á að halda öllu þessu fólki uppi á taprekstri. Ég vil skjóta því til Sjálfstfl., sem er vörður hins frjálsa frumkvæðis, að það getur farið fyrir honum eins og einum frægum norskum konungi, þegar hann gekk frá öllu því, sem skynsamlegt var, það getur farið fyrir þessum flokki eins og Haraldi hárfagra, að þeir muni undrast, þegar þar vella út ormar og alls konar illyrmi, sem betur hefðu aldrei þar komið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Það er tvennt, sem kom augljóslega fram í ræðu hv.

þm. S.-Þ. Annað er það, að hann hefur lesið hið fagra söguverk Snorra, Heimskringlu, af miklum skilningi og dregið þar út af eina mjög skáldlega líkingu. Hitt er það, að það hefur orðið honum algert ofurefli að skilja þetta litla frv., sem er ekki nema ein blaðsíða og ekki að efni til nema lítið af hinu mikla verki Snorra. Ég hafði ekki ætlað mér að taka hér til máls. En þegar hæstv. forsrh. varð að víkja af fundi, hljóp ég í skarðið fyrir hann.

Ég ætla ekki að svara hv. þm. S.-Þ. orði til orðs, heldur drepa á ræðu hans örfáum orðum. — Hv. þm. S.-Þ. vitnaði í fundi, sem hann sat á austur í Skaftafellssýslu 1928. Ég var þar ekki, og ég veit ekki vel, hvað þar fór fram. En ég hef heyrt af þessum fundum. Hv. þm. S.-Þ. lagði á það mikla áherzlu, hvað núverandi forsrh. og þáverandi formaður Íhaldsflokksins, Jón sál. Þorlákssón, hefðu þar talað um einkaframtakið og gullvægi þess. Það getur nú verið, að hv. þm. S.-Þ. hafi verið þeim alveg samþykkur þá. En ég er ekki viss um, að svo hafi verið. Mig minnir, að einhver ágreiningur hafi verið á þessum fundum, og kannske ekki sízt um þetta atriði. Þótt Sjálfstfl. hefði hvikað eitthvað til í stefnumálum hvað alræði einkaframtaksins viðvíkur, þá væri ekki óhugsandi, að einhverjir fleiri hefðu farið út af sinni línu. Og ef hv. þm. S.-Þ. hefði nú hent sama slysið eins og Sjálfstfl. að þessu leyti, veit ég, að hann á hægara með að setja sig í hans spor og muni því ekki kasta jafnþungum steini á hann fyrir þau straumhvörf. En þessi straumhvörf eru ekki á þann veg, sem hv. þm. S.-Þ. vill vera láta, þótt ég neiti ekki, að Sjálfstfl. eins og aðrir flokkar, sem vilja gera skyldu sína við þjóðfélagið, verði að laga sig eftir ástæðunum í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Það er ekki heppilegt fyrir flokk að bíta sig mjög fastan í prinsip; hann verður stundum að líta burt frá prinsipum sínum og gera það, sem er eftir ástæðunum í þjóðfélaginu.

En það, sem var þungamiðjan í ræðu hv. þm. S.-Þ. um frv. og stefnu stjórnarinnar, að svo miklu leyti sem þetta frv. snertir hana, var fólgið í því sama, sem komið hefur fram áður og hefur verið þungamiðja allrar gagnrýni, sem komið hefur fram gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum atriðum, sem sé það, að litlar líkur væru til þess, þó að ný atvinnutæki væru keypt, að þau gætu borið sig. Það er lögð áherzla á það af stjórnarandstæðingum, að það verði að lækka dýrtíðina fyrst, skapa möguleikana fyrir atvinnutækin, áður en þau eru keypt. Nú vil ég spyrja hv. þm. S.-Þ., hvort hann þekki nokkur dæmi þess, hvort sem er hér á landi eða annars staðar, að kauplækkun hafi farið fram á meðan atvinnuvegirnir yfirleitt bera sig. En þannig er það þó ómótmælanlega enn þá hjá okkur, að atvinnuvegirnir, bæði landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, hafa fram að þessu borið sig sæmilega vel, og í ýmsum tilfellum jafnvel skilað mjög laglegum afgangi. Um þetta verður ekki deilt. — Það er náttúrlega ágætt að tala um það, að kauplækkun ætti að vera undanfari innkaupa nýrra atvinnutækja, af því að líkur séu til þess, að aðstæður breytist í framtíðinni að þessu leyti. En ég held, að hv. þm. hljóti að sjá það, ef hann hugsar rólega um þessi mál, að það er engin von um að fá kauplækkun, meðan atvinnuvegirnir bera sig.

Nú ætla ég ekki að vera með neina spádóma um það, hvort þetta verður í framtíðinni. Ég er vissulega þeirrar skoðunar — og reyndar held ég, að allir hljóti að samþykkja það —, að til þess að nokkur atvinnurekstur geti verið rekinn til lengdar, þá verði hann ekki aðeins að geta borið sig, heldur skila einhverjum afgangi. Því að a. m. k. meðan reksturinn er í höndum einstaklinga, verður kapítalið líka að fá sitt.

Það er síður en svo, að ég ætli að gerast talsmaður taprekstrar. En ég er undir það búinn, að þeir tímar séu kannske ekki langt fram undan, að atvinnuvegir landsmanna þoli ekki þann tilkostnað, sem nú er. En ég segi það, að einasta vonin til þess að koma því á réttan kjöl er sú, að það mikil atvinnutæki séu til í landinu, að allir einstaklingar, sem geta og vilja vinna, fái tækifæri til þess. — Hv. þm. vitnaði sjálfur í það, hvernig ástandið hefði verið hér árin 1930—1939, á hinum miklu hörmunartímum íslenzks atvinnurekstrar. Mætti minna á það, að ekki voru það sjálfstæðismenn og kommúnistar, sem stjórnuðu á þeim árum. En hvernig gekk það þá, þrátt fyrir stórkostlegan taprekstur hjá aðalatvinnurekstrinum til sjávar og sveita? Hvernig gekk það þá að þrýsta kaupinu niður? Mig minnir, að erfiðleikar væru á því. Og hver var ástæðan? Hún var ekki sú, að fjöldi verkamanna skildi ekki í raun og veru, að atvinnuvegirnir gátu ekki borið þann tilkostnað, sem við þá var. Verkamenn eru náttúrlega upp og ofan, eins og aðrir menn, sumir skilningsglöggir og sumir skilningslitlir. En ástæðan var sú, að verkamenn fengu ekki nema kannske 2 eða 3 daga vinnu yfir vikuna, og þá gátu þeir, ef þeir áttu að geta séð sér og fjölskyldum sínum fyrir lífsframfæri, ekki lækkað tímakaupið. Ef hægt hefði verið að bjóða mönnum á þessum árum vinnu í 6 virka daga yfir vikuna, þá álít ég, að hefði ekki verið eins erfitt með að fá menn til þess að lækka kaupið.

Þeir menn, sem mest gagnrýna stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, ættu að hafa opin augu fyrir þessu og mæta því einmitt á þann hátt að vera með því að fá ný atvinnutæki inn í landið, til þess með því að skapa möguleika fyrir því, að atvinnurekstur geti borið sig í framtíðinni. Við megum eiga það alveg víst, að ef ekki verður brugðið fljótt við í þessum efnum, líður ekki langt þangað til atvinnuleysið dynur yfir okkur að nýju. Og ég hygg, að hv. þm. S.-Þ. sjái, að aðstaðan verður ekki betri til þess að fá fram kauplækkun og til þess að fá þá, sem yfir fjármagninu ráða, til þess að leggja fram fé í ný atvinnutæki, þegar þannig er komið. Möguleikarnir til þess eru einmitt meðan þó atvinnuvegirnir bera sig.

Þetta er nú í raun og veru þungamiðjan í þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram bæði hjá hv. þm. S.-Þ. og öðrum, sem gagnrýnt hafa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Sumt af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði að öðru leyti, mun hann hafa sagt meira að gamni sínu heldur en í alvöru. Og sumt sagði hann af misskilningi, þar sem hann hefur gersamlega misskilið það, sem hér er að gerast, og svo undarlega, að ég skil satt að segja ekkert í því. Hann var að tala um, að frv. væri ætlað að gera byltingu í íslenzku atvinnulífi. En hann gerði reyndar ákaflega litlar tilraunir til þess að sýna fram á,

í hverju þessar byltingar væru fólgnar. Hann var að tala um það, en án þess að finna orðum sínum stað, að það ætti að hverfa frá einkarekstrinum og velta öllu yfir á ríkið. Hvernig getur hann lesið þetta út úr frv.? Ég skil það ekki. Það er vitað af þeim, sem álíta, að ríkið eigi að ganga langt í því að taka atvinnurekstur í sínar hendur, að frv. þessu er einmitt ætlað að hjálpa einkaframtakinu, en ekki að leggja einstaklingsreksturinn í rústir. Það er sem sé gert ráð fyrir því í þessu frv., að atvinnureksturinn verði rekinn á sama grundvelli eins og hingað til. Og þessari nefnd, sem hv. þm. S.-Þ. kallaði yfirstjórn Landsbankans, er ætlað að vera til aðstoðar einkaframtakinu, til þess að ná í atvinnutæki og búa svo að atvinnurekstrinum, að hægt sé að reka atvinnutækin. Allt það byltingaskraf hjá hv. þm. S.-Þ. um þetta efni og hjá öðrum, sem sungið hafa þennan sama söng, er því alveg út í loftið.

En ef einkaframtakið bregzt skyldu sinni, ef það neitaði að gera skyldu sína og leggja fram fjármagn það, sem það ræður yfir, til þess að auka atvinnutæki í landinu, þá er ekki gott að sjá, hvernig það getur farið. Því að hvort sem menn vilja leggja fé sitt í atvinnutæki eða ekki, þá verður þjóðin að lifa. Og ef einstaklingarnir vilja ekki leggja fram fé sitt í atvinnutæki, getur það endað með því, að ríkið verði að gera það. Þetta er ljóst. En í þessu frv. er engin ráðagerð um það.

Þá lagði hv. þm. S.-Þ. mikla áherzlu á það, að með þessum ákvæðum frv. um, að 300 millj. króna skuli lagðar á sérstakan reikning og að þeirri fjárhæð megi verja eingöngu til þess að kaupa fyrir framleiðslutæki og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar, sé í raun og veru verið að taka öll ráð af þjóðbankanum og væri miklu hreinlegra að setja stjórn Landsbankans af og láta þetta nýja ráð taka við öllum völdum þar. — Ég á nú erfitt með að skilja, hvernig hv. þm. S.-Þ. hefur lesið byltingaáform út úr frv., en mér er enn óskiljanlegra, hvernig hann getur fundið þetta út úr því. Ég hélt sem sé, að hv. þm. S.-Þ. vissi það manna bezt, að það er ekkert nýstárlegt, að stjórnir bankanna, sem gjaldeyrisverzlun reka, séu ekki alveg einráðar um það, hvernig gjaldeyrinum er varið. Ég veit ekki betur en að það sé svo þann dag í dag og hafi verið síðustu 10 árin, ef ekki lengur, — ég man ekki, hvenær gjaldeyrishömlurnar byrjuðu fyrst fyrir alvöru hér —, að það er ekki leyfilegt að selja 10 eða 25 kr. ávísun á erlendan gjaldeyri óðruvísi en að leyfi annarra stjórnarvalda komi til en bankanna. Það er því ekki eins og það sé verið að taka nein völd af bönkunum, sem þeir hafi haft áður. Gjaldeyrishömlum erum við svo vanir, að við ættum ekki að kippa okkur upp af því, að þeim sé komið á aðrar hendur að nokkru leyti en þær hafa verið. Það má segja, að þessi sjóðsstjórn út af fyrir sig sé formsatriði. Þungamiðjan er þetta, að leggja skuli 300 millj. kr. af innstæðum bankanna erlendis á sérstakan reikning, sem ekki megi verja í öðru augnamiði en til þess að kaupa atvinnutæki inn í landið. Ég hef talað við hv. þm. S.-Þ. um þetta atriði, og okkur hefur komið vel saman um það. Við höfum kannske verið nokkuð íhaldssamir, — og það er gott að hafa dálítið af íhaldssemi með —, og ég veit ekki annað en við höfum verið sammála um það, að það væri þjóðinni nauðsynlegast af öllu, að þeir fjársjóðir, sem þjóðin á erlendis nú, verði ekki eyðslufé, heldur notaðir til arðbærra fyrirtækja. Þess vegna þykir mér undarlegt, þegar hv. þm. S.-Þ. snýst svo við því, þegar tilraun er gerð til þess að uppfylla þessar óskir, sem við báðir höfðum og ég fyrir mitt leyti hef enn þá. Hitt er svo allt annað mál, hvernig það gengur að fá fé í nýskipan þá, sem fram undan kann að vera. Og það er mér ljóst, að getur oltið á því, hvert útlit er fyrir, að atvinnutækin beri sig í framtíðinni. En í þessu frv. er ekki verið að leggja neina lánaskyldu á bankana. Þeir hafa alveg sömu völd yfir fé því, sem í þeim er, eins og þeir hafa haft. Og það er ekki gerð tilraun í frv. til þess að breyta þessu. Það eina, sem má segja, að sé nýmæli í þessu máli, er ekki beint í frv., heldur tekið fram í grg. þess og málefnasamningnum milli flokkanna. En í grg. frv. stendur m. a. þetta: „Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e. t. v. skyldulánum.“ Það má segja, að þarna sé nýmæli um að ræða. En þeir, sem ár eftir ár hafa borið fram frv. um að gera upptækan svo og svo mikinn hluta af samanspöruðu fjármagni þjóðarinnar, — ég tala það ekki til hv. þm. S.-Þ. —, ættu ekki að hlaupa á fjöll, þótt nefnd séu skyldulán. Því að eigendum fjárins mundi þykja munur á því, hvort þeir væru skyldaðir til þess að leggja fram fé sem lán eða hins vegar sem skatt án endurgjalds sem framlag í atvinnutæki. Á því er þó alltaf talsverður munur. Og ég held, að hv. þm. S.-Þ. hljóti að vera mér sammála um það, að ekki sé eins nærri gengið einstaklingsframtakinu með þessu eins og ýmsu, sem þeir, sem staðið hafa honum nærri, hafa beitt sér fyrir.

Þá var hv. þm. S.-Þ. að tala um það, að ef þetta frv. ætti að verða að l., þá mundi það leiða til þess, að fólksstraumurinn til Reykjavíkur mundi verða miklu meiri heldur en hann þó hefur verið. Lýsti hann því, og að mörgu leyti alveg rétt, hve óheppilegt væri, að fólkið streymdi eins mikið á einn stað eins og raun hefur á orðið á síðari árum. Þessi straumur ætti kannske að vera okkur áminning um það, að eitthvað verður að að gera. Því að það er ekki tilviljun, að fólkið hefur streymt í þéttbýlið eins og raun hefur á orðið. Hitt er svo annað mál, í hvaða áttir það stefnir og hver ráð væru til þess að koma straumhvörfum á aftur. En ég hef ekki enn þá getað fundið það út, á hverju hv. þm. S.-Þ. byggir það, að þetta frv., ef að l. yrði, mundi sérstaklega verða til þess að draga fólkið til Reykjavíkur. Í frv. eru engar ráðagerðir um það, að Reykjavík fremur en aðrir staðir á landinu eigi að vera aðsetur hinna nýju atvinnutækja. Þvert á móti er það hlutverk nýbyggingarráðs að staðsetja hin nýju atvinnutæki. Það er ætlazt til þess, að nýbyggingarráð rannsaki og reyni að gera sér sem ljósasta grein fyrir því, hvar heppilegast muni að koma hinum nýju atvinnutækjum fyrir. Og þetta er með tilliti til þess, að heppilegast væri að dreifa byggðinni meira en raun hefur á orðið á hinum síðari árum. Hv. þm. S.-Þ. má eiga það alveg víst, að ef við eigum að stöðva strauminn til Reykjavíkur, sem ég álít mjög æskilegt að gera, því að það er a. m. k. mjög áhættusamt, að svo mikill hluti landsmanna

lifi á sama stað eins og raun er á viðkomandi Reykjavík, það getur blessazt meðan allt leikur í lyndi, en áhættan er allt of mikil, ef eitthvað ber út af, og erfiðleikarnir verða þá miklu stórfelldari, ef hrörnun kemur í atvinnulífið, þegar fólkinu er svo mjög þjappað saman á einn stað eins og nú er, — hv. þm. S.-Þ. má eiga víst, að ef á að fá breytingu á þessu, verður að skapa eitthvað svipuð skilyrði til atvinnu annars staðar en í Reykjavík. Því að meðan fólkið lítur svo á, að atvinnuskilyrði séu heppilegri hér í Reykjavík en annars staðar á landinu, hvort sem er við sveit eða sjó, heldur aðstreymið áfram, hvernig sem menn berjast á móti því.

Hv. þm. S.-Þ. var einnig að tala um það, að þetta frv. mundi auka á erfiðleikana fyrir landbúnaðinn um að keppa við sjávarútveginn. Hvernig stendur á því, að frv. á að geta aukið þá erfiðleika? Er ekki einmitt gert ráð fyrir því í frv., að reynt verði að breyta landbúnaðinum í sama horf og sjávarútvegurinn hefur verið rekinn, sem sé, að vélanotkun sé tekin í sambandi við landbúnaðinn í miklu stærri stíl en verið hefur? Er ekki gert ráð fyrir því, að töluverður hluti þess fjár, sem ætlazt er til, að varið verði til nýsköpunar atvinnulífsins, verði notaður til þess að breyta landbúnaðinum í vélarekstur? Ég veit ekki betur, og frv. er því ekki til þess að þyngja landbúnaðinum samkeppnina. Það er ætlazt til þess, að þessar ráðstafanir verði til þess að létta landbúnaðinum samkeppnina, en ekki til þess að þyngja hana. Ef það tækist að koma á vélayrkju í sveitinni, þá eru vonir um það, að lífskjör fólksins yrðu léttari á ýmsa lund heldur en þau hafa verið, og þá líka um leið meiri von um það, að fólkið vilji dvelja áfram við landbúnað fremur en raun hefur á orðið á síðustu áratugum.

Þá var hv. þm. S.-Þ. loks að spyrja um það, hvaða gagn væri að því að kaupa ný atvinnutæki, ef ekki væri unnt að fá fólk til þess að vinna við þau, og vitnaði í því sambandi í það, að erfiðleikar hefðu verið á því að fá sjómenn hér á undanförnum árum, enda erfitt að fá bæði karlmenn og konur til annarrar nauðsynlegrar vinnu í landinu. Það er sjálfsagt nokkur sannleikur í þessu. En þetta sýnir ekki annað en það, að kjör viss hluta sjómanna hafa ekki verið það góð, að þau hafi þolað samanburð við ýmsa vinnu í landi. Og hv. þm. S.-Þ. veit, að það er stundarfyrirbrigði, hin mikla setuliðsvinna, sem gert hefur það að verkum, að fólk hefur dregizt meir og meir frá öðrum atvinnurekstri og heldur kosið þessa vinnu, sem hefur þótt jafnari og kannske líka þótt gefa betri arð en vinna við framleiðslu í landinu. — Hitt er svo alveg ljóst, eða maður vonar það, að hér verði ekki nema um stundarfyrirbrigði að ræða, og almennt er gengið út frá því, að þessi vinna sé að fjara út eða a. m. k. hefur dregið mjög úr henni. Þegar lífið kemur í eðlilega rás aftur, hygg ég, að ekki verði hörgull á því að ná í verkamenn til þess að vinna að nauðsynlegri framleiðslu. Yfirleitt hefur verið sótt heldur eftir sjómannsstörfum, af þeim eðlilegu ástæðum, að sjómenn hafa yfirleitt borið meira úr býtum heldur en aðrir verkamenn. Og mér þykir fyrir mitt leyti ákaflega líklegt, að þróunin verði aftur í þessa sömu átt áður en mjög langt líður.

Hv. þm. S.-Þ. var í þessu sambandi að tala um Svíþjóðar-bátana, sem keyptir hafa verið. Ég skildi ekkert í því, að hann minntist ekkert á byltingu eða þjóðnýtingu í sambandi við þá. Ef þau ráðgerðu kaup á atvinnutækjum, sem þetta frv. er um, er bylting eða þjóðnýting, þá eru kaupin á bátunum frá Svíþjóð, sem ríkisstjórnin hefur haft milligöngu með, á sama hátt þjóðnýting eða bylting, því að það er það sama, sem á að gera eftir frv., að ríkið á að hafa milligöngu fyrir einkafyrirtæki á nokkrum sviðum. Það er tryggt, a. m. k. að mestu leyti, að einkafyrirtæki taki við þessum atvinnutækjum, og það hefði verið heppilegra fyrir hv. þm. S.-Þ. að leiða þessa Svíþjóðarbáta fram hjá sér í sambandi við þessar umr., því að þar verða röksemdirnar á móti honum, en ekki með.

Hv. þm. S.-Þ. endaði svo ræðu sína með því að spyrja, hvernig ég héldi, að lífið mundi verða, þegar bankinn hefði verið tekinn og ríkið ætti að skapa öllum atvinnu. Hvað bankann snertir hef ég svarað, að það er ekki nein ráðagerð um að taka hann eða breyta á nokkurn hátt fyrirkomulagi hans. En að öðru leyti get ég svarað þeirri spurningu því, að svo framarlega sem tilgangur þessa frv. næst, að fólkið geti fengið vinnu við nýtízku atvinnutæki og geti fengið stöðuga atvinnu, þá held ég, að lífið verði langtum skemmtilegra og betra í landinu heldur en það hefur verið á undanförnum árum.

Jónas Jónsson: Ég vil leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir við málið nú, þótt margt hafi borið á góma og hægt sé að gera grein fyrir ýmsu við síðari umræður.

Hæstv. fjmrh. taldi, að ég hefði misskilið frv., en hann treysti sér ekki til að leiða það í ljós. Hæstv. ráðherra ræddi um þann mikla þátt, sem ríkisvaldinu er ætlaður í hinni víðtæku atvinnulegu nýsköpun. En hann kom ekki nálægt því, hver munur væri á Sjálfstfl. nú og Sjálfstfl. eins og hann var, þegar Jón heitinn Þorláksson mótaði stefnu hans. Því að hér er ekki um neina stundar stefnubreytingu að ræða, heldur algert fráhvarf frá stefnusjónarmiðum. Og þótt okkur Jón Þorlákssyni hafi greint á um þjóðnýtingu á fundi fyrir 16 árum austur í Skaftafellssýslu, þá er það alveg víst, að ég hef aldrei beitt mér fyrir aukinni þjóðnýtingu og Framsfl. ekki heldur, mér vitanlega, fram á síðustu tíma. Sem dæmi vil ég nefna það, að þegar síldarverksmiðjurnar á Siglufirði voru reistar á sínum tíma, var það einmitt Framsfl., sem beitti sér fyrir því, að þær væru reknar á samvinnugrundvelli, en það voru einmitt stuðningsflokkar hæstv. núverandi ríkisstjórnar, sem komu í veg fyrir það og beittu sér hreinlega fyrir þeim algera ríkisrekstri, sem þær eru reknar með núna og er öllum til skaða. Annað dæmi er það, þegar Ísfirðingar fóru fram á aðstoð til kaupa á bátum 1928. Þá gerði Framsfl. það að beinu skilyrði fyrir veittri aðstoð, að um samvinnufyrirtæki væri að ræða, en ekki bæjarrekstur. Og það er þetta fyrirtæki, sem borið hefur góðan ávöxt fyrir Ísafjörð, vegna þess að það var reist á þeim heilbrigða grundvelli. Sama máli gegnir einnig um síldarverksmiðjurnar, þær væru betur komnar, hefði þeim fyrst og fremst verið stjórnað af þeim

og fyrir þá, sem að þeim standa. Ég læt þetta nægja til að sýna, að ég hef ekki beitt mér fyrir aukinni þjóðnýtingu.

Þá hélt hæstv. ráðherra því fram, að atvinnuvegirnir bæru sig nú. Eins kom hann inn á það, að ég héldi því fram, að lækka ætti kaup á undan öllu öðru. Þetta er ekki rétt með farið. Það, sem samtök bændanna lögðu sinn skerf til og fyrrv. fjmrh. og ýmsir aðrir hafa haldið fram, er ekki það að þvinga eigi fram einhverja sérstaka lækkun á verkakaupi, heldur eigi framleiðsluvörur einnig að lækka og laun embættismanna að sama skapi, þar sem við á. Allt þarf að lækka, ekki til þess að skerða lífskjör manna, heldur er lífsnauðsyn að lækka dýrtíðina í landinu og gera aðstöðu okkar hagstæðari út á við, því framleiðsla okkar er þegar orðin óeðlilega dýr, miðað við aðrar þjóðir.

Hæstv. ráðherra segir, að atvinnuvegirnir geti borið þetta kaupgjald. En annar stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar hefur verið rekinn með stórum halla. Álit 6 manna nefndarinnar, sem Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri og Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri áttu sæti í og aðalblað Sjálfstfl., Morgunblaðið, hældi fyrir vandvirkni og vísindalega nákvæmni, dæmdi, að á s. l. ári þyrfti að færa yfir til bænda 25 millj. króna, til þess að landbúnaðurinn bæri sig. Og ef standa á við álit 6 manna nefndarinnar, ætti að færa yfir til landbúnaðarins 35 millj. núna.

Ég hef það frá einum þekktum bónda, sem annast mjólkurframleiðslu, að bændur framleiði með tekjuhalla, þar sem þeir fá ekki 9,4% hækkunina, sem þeir áttu þó kröfu til. Þetta mun síðar koma beinlínis í ljós við athugun á verzlunarreikningum bænda, skattframtölum o. fl. En þessi tilfærsla er bændum mesta kvöl, og þeim er ljóst, að fá verður aðra frambúðarlausn. Þá er það sjávarútvegurinn. Hvenær sem eitthvað bjátar á með verð á ísfiski eða með flutninga til Englands, bíður hans ekkert nema tap. Síðustu styrjaldaratburðir benda til, að verðlækkun kunni nú að vera nær en nokkur veit, og eftir fáa mánuði verður ekkert, sem réttlætir bjartsýni ráðherra á þessu máli. Ef trúað er á tækin eingöngu, getur það leitt til blindni. Hæstv. ráðherra reyndi ekki að færa rök fyrir því, að góðu tækin kæmu okkur að fullum notum í samkeppni við þjóðir, sem hefðu sömu tæki og auk þess heimamarkað, sem þær geta varið með tollum. Enda er það engin von, að ný tæki ein geti bætt aðstöðu okkar í þeim efnum, ef ekki kemur annað til.

Þá reyndi hæstv. ráðherra að vitna í tímabilið 1930—1940 sem eitthvert eymdartímabil. Það er skemmst af því að segja, að eftir 1934, eftir að gerðar höfðu verið ráðstafanir viðkomandi landbúnaðinum, átti hann ekki við neina verulega erfiðleika að etja og bar sig mjög sæmilega allt fram að stríði. En sjávarútvegurinn stóð verr að vígi, þar sem hann var ekki rekinn með eðlilegri skipulagningu, sérstaklega hvað snerti sameiginleg innkaup á vörum. Það var alls ekki vegna þess að kaupið væri of hátt; að útvegurinn bar sig ekki, eins og ráðherrann tók fram, heldur vegna hins, að dýrtíðin í Reykjavík og Hafnarfirði var þá þegar orðin svo mikil, að þótt kaupið væri lágt, þá dugði það ekki til. Fyrir stríð stóðst Eimskipafélagið ekki samkeppni við Norðmenn um millilandasiglingar, vegna þess að Norðmenn höfðu minni dýrtíð og því ódýrari rekstur sinna skipa. Og það geta allir séð, að til öngþveitis hlýtur að draga, þegar dýrtíðin, sem fyrir stríð var svo mikil, að hún lamaði stórlega atvinnuvegina og einkum sjávarútveginn, er orðin það, sem hún er nú og sýnilega verður í náinni framtíð.

Einn kunnasti rithöfundur landsins og stuðningsmaður núverandi stjórnar, Halldór Kiljan Laxness, hefur í mjög skilmerkilegri grein í einu stjórnarblaðinu lýst yfir því, sem mér finnst alveg rétt og hreinskilnislega sagt frá sjónarmiði hans flokksmanna. Við höfum, segir hann, með þessu samkomulagi við fulltrúa atvinnurekenda komið í veg fyrir það, að í Reykjavík þurfi að hlaða götuvígi og setja þar upp byssur í stríðslokin. Einna næst þessu komst í fyrra, þegar verkamenn fóru fram á kauphækkun, en atvinnurekendur vildu ekki hækka kaupið. Þá tilkynntu verkalýðsfél. í bænum, að þau hefðu tilbúinn liðsafla, ef á þyrfti að halda. Og mannfélagið lét þá undan, eins og nú. Halldór Kiljan hefur lýst yfir því, að ekki þurfi að hlaða götuvígi lengur, því að verkalýðurinn hafi sigrað atvinnurekendur. Ég sé ekki betur en Halldór Kiljan hafi á réttu að standa. Hann sagði það engan veginn vera vilja verkalýðsins að óska eftir bardögum. Það væri miklu betra að ná takmarkinu á friðsaman hátt, eins og nú.

Hæstv. ráðherra vék að gjaldeyrishömlum. Hvenær byrjuðu þær? Með kreppunni eftir 1930, og hún stafaði sérstaklega hér á landi af erfiðleikum sjávarútvegsins. Ástæðan til þess, að ríkið blandaði sér þannig í gjaldeyrismálin, var, að vaka þurfti yfir hverjum eyri. Slíkt getur aldrei orðið nema neyðarúrræði, gert vegna fátæktar. Á stríðstímunum var fátæktin horfin, en hömlunum haldið, til þess að ekki yrði flutt inn fyrirferðarmikið skran, eins og gömul húsgögn og annar óþarfi, með hinum takmarkaða skipakosti okkar. Núna, þegar við væntum þess að fá tímabil, þegar sæmilegur skipakostur er til og ekki gjaldeyrislaust, ætti að vera hægt að láta þjóðbankann ráða, hvernig gjaldeyririnn er notaður. Ég hefði treyst núverandi hæstv. ráðherra að fara með þetta vald sem bankastjóri, og ég treysti eftirmönnum hans.

Hæstv. ráðherra fann, að þessi ákvæði um skyldulán eru nokkuð nýstárleg. Hann mun vart geta fundið hliðstætt dæmi um það í nokkrum íslenzkum lögum. Hann veik að eignaraukaskattinum, sem talið er, að hefði getað orðið 9—10 millj. kr. Það var ekkert rán og ekki líklegt til að valda fjárflótta úr landi. — Hann taldi Sjóbátarbátana hafa sérstöðu í þessum ráðagerðum stjórnarinnar. Ég var nú ekki við það mál riðinn. Nú eru þau kaup orðin nokkuð uppboðskennd og deilt um það í blöðum verklýðsfl., hvorir geti meir hrósað sér af því. Meðan Vilhjálmur Þór var atvmrh. bauð hann bátana til kaups, eftir því sem efni stóðu til. Fáir vildu kaupa, því að þeim hefur sýnzt óefnilegt með þessum markaðshorfum að kaupa báta með kostnaðarverði. En núverandi atvinnumálaráðherra kvað hafa selt bátana strax, auðvitað með því móti, að landið tæki á sig fjárhagsbyrði í því sambandi. Hæstv. fjmrh. getur séð það í frv., að þar er ákveðið, að ríkið eigi að sjá öllum fyrir vinnu. Hann veit, að ríkið getur ekki fengið fólk til nauðsynlegra hjúkrunarstarfa,

því að fólkið verður að ráða sjálft, hvað því þóknast að gera. Það verður alveg á valdi einstaklinganna, hvar þeir vilja vinna. Það er ekki hægt að hindra þá í að safnast á þá staði, þar sem þeim þykir skemmtilegast. Dæmið um hjúkrunarfólkið, sem ekki fæst að Kleppi, sýnir okkur, að þjóðfélagið er algerlega háð duttlungum manna. Og samkv. prógrammi stjórnarinnar hafa menn rétt til að krefjast vinnu í Reykjavík t. d. og neita atvinnu, sem býðst annars staðar. Bændur geta ekki framleitt mjólk, sem nægir mannfjölda höfuðstaðarins, en á sveitaheimilunum eru það víða hjónin ein, sem stunda búin. Þau geta aldrei átt frí. Þau vinna baki brotnu, til þess að höfuðstaðurinn fái mjólk. Er ekki von, að húsmóðirin hugsi: Hví þarf ég að vera að þræla hér? Ég fer til Reykjavíkur og verð þar. Þar verður reist hús yfir mig. Það gerir Sigfús Sigurhjartarson, sem byggir 600 íbúðir á ári. Og stjórnin lætur ekki vanta atvinnu. — Ef það vantar núna 5000 lítra af mjólk, en 20 þús. koma, munu þá ekki fást nema 5000, ef allir hugsuðu svona. Það hefði verið eins gott að segja við fólkið: Þið hafið grætt, eigið í sjóði. Bjargið ykkur sjálf. Og síðan hefði verið reynt að koma atvinnulífi landsins á heilbrigðan grundvöll með lækkun dýrtíðar. Hvers vegna þarf þjóðfélagið að grípa inn í, meðan fullt er af atvinnu? Ef það væri skynsamlegt af Íslendingum að lifa allir á mölinni við „margarín" og kjöt frá Suður-Ameríku, þá væri vit í tiltektum stjórnarinnar. Það er haft eftir einum af yngri þm. í stuðningsliði stj., að hann hafi sagt í fyrra, að hann væri á móti því að leggja rafmagn um sveitirnar, því að það hindraði hina nauðsynlegu samfærslu byggðarinnar, sem hann dreymdi um. Hæstv. ráðh. verður að játa, að þetta virðist ekki fjarri stefnu stj., svo sem t. d. má sjá af því, að af 300 millj. gjaldeyri á aðeins einn sjötti að koma í sveitirnar, en fimm sjöttu við sjóinn. Við höfum nokkuð stóra höfuðborg og fáeina bæi, sem virðast standa sæmilega undir sér atvinnulega, t. d. Vestmannaeyjar, Ísafjörð og Akureyri, og sveitir, þar sem ekki hefur enn farið í eyði nema sáralítið af bæjum. Hefði hæstv. ráðh. ekki þótt það æskilegri stefna að láta ekkert sveitabýli fara í eyði meir og efla þorpin, þar sem þau hafa skilyrði, í stað þess að allt lendi í höfuðborginni? Ég efast ekki um, hvernig hann hefði svarað, meðan hann var bankastjóri, því bankinn var ekki bundinn neinni trúlofun. Þá var ekki búið að gifta Harald konung og Snæfríði. Nú er stjórnarstefnan komin á það stig, sem ekkert gott kann af að leiða.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki teygja þessar umr. lengur, en get ekki látið hjá líða að mótmæla fullyrðingum hv. þm. S.-Þ. Ég geri ráð fyrir, að hann segi satt í þessum umr. og fari í engu út af þeirri línu. Hann hélt því fram, að við hefðum aldrei verið samkeppnisfærir við Norðmenn, en ég vil benda á, að einmitt á árunum 1933 til 1940 var tekin upp nokkurs konar nýsköpun, til þess að hægt væri að keppa við Norðmenn. Tókst það svo vel, þótt við þyrftum að greiða sjómönnum okkar hærri laun en Norðmenn gera og skapa þeim betri lífskjör, að nú eiga Íslendingar betri skip en Norðmenn áttu og greiða þess vegna betri laun.

Eitt af þeim atriðum, sem farið hefur verið inn á, er að kaupa betri atvinnutæki en við höfum haft áður. Í öðru lagi er baráttan við það skattabrjálæði Framsfl., sem á þeim tíma lagði þau fyrirtæki að velli og hirti allt, bæði stofnfé og afrakstur. — Hv. þm. talaði einnig um blessun samvinnuútgerðarinnar á þeim tímum. Ég vil leyfa mér að benda honum á, þar sem hann sjálfur situr í bankaráði og sat þá einnig, að enginn banki vildi koma nálægt að styðja samvinnuútgerðina á hinum erfiðustu tímum. Allir bankar gerðu að skilyrði, að fyrirtækin hyrfu frá samvinnuútgerð.

Þegar hv. þm. S.-Þ. vill segja satt, þá ætti hann eingöngu að fara inn á hluti, sem hann þekkir, en ekki inn á það, sem hann þekkir ekkert til. Hann uppástóð, að fyrirtækin í bæjunum flýðu frá dýrtíðinni þar. Ég þekki útgerðarfyrirtæki, sem hafa farið héðan, en alls ekki flúið, því þessi fyrirtæki verða að bera þyngri byrðar annars staðar en í Reykjavík, vegna þess að Reykjavík hefur þegar búið betur að útgerðinni en aðrir staðir á landinu hafa getað gert. Þetta er nákvæmlega sama og hæstv. ríkisstj. gerir hér. Hún ætlar að búa betur að þjóðinni, svo að atvinnufyrirtækin geti borið sig og þjóðin fengið betri afkomu. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. S.-Þ. á, að þessi ófriður, sem nú geisar í veröldinni, verður ekki unninn nema með vélum. Friðurinn á Íslandi verður heldur ekki unninn nema með vélum. Það verður enginn friður hér um atvinnufyrirtæki í framtíðinni, nema hægt sé að hætta við gömlu aðferðirnar og koma á nýsköpun, sem gerir að verkum, að mennirnir afkasti minnu og vélarnar meiru. Við höfum dæmi frá erfiðu árunum 1926, þegar stríðið stóð um kaup á togurum út af lífrinni og við gátum ekki lengur greitt það, sem sjómennirnir þurftu að fá, ef við neyddumst til að hætta við gömlu tækin, bræða lifrina og gera úr henni verðmæta vöru fyrir menn úti um heim. Við gerðum það og sköpuðum sjómönnunum betri lífskjör fyrir þá nýbreytni. Það var nákvæmlega sama, þegar deilan var um kaupgjaldið vegna þess að frystihúsin fóru inn á að gera verðmæti úr þunnildum í stað þess að fleygja þeim. Það jók laun fólksins og afkomu útgerðarmanna um 20%. Slíkir hlutir verða að gerast. Það sjá allir menn, sem ekki eru enn í þúfnahugsunarhætti gömlu tímanna. Við verðum að skapa nýtt viðhorf fyrir fólkið, en hugsa ekki alltaf um, að það eigi að vera dæmt til að lifa í sömu fátæktinni og síðastliðin tvö hundruð ár.

Hermann Jónasson: Ég gat þess áðan, þegar ég sagði nokkur orð um þetta frv., að ég mundi ekki lengja umr. um þetta mál, en hins vegar hefur komið fram atriði frá hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar, sem gefur tilefni til að sögð séu um þetta nokkur orð hér í þessari hv. d.

Það var verið að tala um skattana. Það er að vísu alveg rétt, að þeir voru hærri í tíð þeirrar stjórnar, sem sat við völd 1934 til 1942. Þeir voru þó hæstir, að ég hygg, í lokin, þegar skattalögunum var breytt. Ég vil vænta þess, þar sem hv. þm. Barð. minntist á, að æskilegt væri, að menn færu rétt með, að menn gætu treyst því, að skattarnir hækkuðu ekki á næstu árum, þar sem hann telur, að skattarnir hafi verið sérstaklega háir í tíð þeirrar stjórnar, sem ég veitti forstöðu. Ég veit að vísu, að einstaka atvinnurekstur þolir það,

að skattarnir hækki, en ég hygg, að sá atvinnurekstur, sem þessi hv. þm. ætti að þekkja bezt, þoli ekki mikla skatta.

Enn fremur kemur það fram hér aftur og aftur, og er alltaf verið að staglast á því, að friðurinn á Íslandi verði ekki unninn nema með vélum og þeir, sem eru á móti þessu frv., eins og það er flutt hér, séu andvígir því, að reyndar séu nýjar leiðir og ný tæki. Þessu er kastað fram algerlega út í bláinn, og ég vil segja, að það hlýtur að vera af lítilli þekkingu, ef það er ekki gert gegn betri vitund. Ef við tökum t. d. landbúnaðinn, hver hefur meiri skilning á því en bændur sjálfir? Veit þessi hv. þm., að það er þrisvar sinnum meiri eftirspurn frá bændum um vélar en hægt er að fullnægja? Að minnsta kosti hefur sendiherra Íslands í Bandaríkjunum lagt sig fram að fyrirlagi ríkisstj. til að fá þessar vélar, og það hefur ekki tekizt. Ég hygg, að einn þriðja af þeim vélum sé hægt að fá. Af þeirri tegund, sem mest er spurt eftir og stórvirkust er, hygg ég, að fáist ekki neitt. Vegagerð okkar hefur spurt eftir fjölda tækja, og ég held, að svörin hafi verið eitthvað svipuð þar. Má takast vel, ef hún getur fengið einhverjar af vélunum, sem hún hefur spurt eftir síðustu mánuðina. Ég geri ráð fyrir, að sú hin nýja n. mundi gera mikið til að ná í vélarnar, en ég efa þó, að henni takist einu sinni að fullnægja þeirri eftirspurn, sem er hjá íslenzkum bændum eftir vélum, hvað þá að um neinar nýjungar verði að ræða á því sviði. Nema þessari n. takist betur en sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, sem ég efast ekki um, að hafi gert það sem hann gat viðvíkjandi þeim kröfum, sem hafa borizt héðan að heiman, um vélakaup.

Ég verð að segja, að viðvíkjandi öðrum nýjum tækjum er fyrst og fremst að ræða um skip, og það væri óskandi, að hæstv. ríkisstj. tækist betur að fá þau tæki en landbúnaðarvélarnar. Þó sjá menn að vísu í flestum erlendum tímaritum, þar sem skipasmíðastöðvarnar auglýsa, að þær auglýsa með því skilyrði, að þær svari pöntunum eftir styrjöldina.

Ég hef ekkert á móti því, að unnið sé að þessari svo kölluðu nýskipan — síður en svo. Ég álít, að það sé tímabært og meira en tímabært að gera það, sem er í valdi íslenzku ríkisstj. og Alþ. til að útvega tæki. Ég efast þó um, að þau komi mjög mörg í tíð þessarar ríkisstj. nema hún verði því langlífari. En það, sem við þurfum að athuga, er, hvernig þetta er gert. Það er að vísu alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að það er ekki gott að segja, hvernig þessum málum verði hagað í framkvæmdinni. Það er minna af fyrirmælum en óbeinum loforðum í greinargerðinni. Þess vegna er ekki hægt að fara inn á það mál, því að menn vita ekki enn þá, hvernig því verður háttað. En benda má á, að ef menn fást til að kaupa þessi atvinnutæki og þau ekki bera sig, hvað ætlar ríkisstj. þá að gera? Á þá að láta bæinn eða ríkið reka þau? Það eru margar spurningar, sem rísa. Hvernig fer með gömlu framleiðsluna með sínum tækjum? Við skulum segja, að stór atvinnurekandi á Akureyri stöðvi vinnu, vegna þess að tækin beri sig ekki. Hvað á að gera við hann, og hvað á að gera við aðra? Við álítum, að það grundvallaratriði, sem leysa þarf, sé óleyst.

Það fór ekki dult um þessi mál í 12 manna nefndinni. Allir gengu út frá því sem jafnmikilli fjarstæðu að láta sér til hugar koma að mynda ríkisstj., án þess að menn væru sammála um að stöðva dýrtíðina. Nú er nýrri dýrtíðaröldu hleypt af stað. Enginn lætur sér til hugar koma, að ekki komi önnur á eftir. Í 12 manna n. voru menn sammála um, að það væri jafnfráleitt að mynda ríkisstj., án þess að stöðva dýrtíðina, eins og að stökkva upp í bát, sem rekur niður fljót og kominn er á fossbrúnina, án þess að vita, hvernig stöðva eigi bátinn.

Í raun og veru þýðir ekki að halda fram hér í áheyrn neins einstaks þm., að atvinnuvegirnir í landinu beri sig núna. Hvers vegna greiðir ríkissjóður 25 millj. kr. til landbúnaðarins? Hvers vegna eru greiddar 8—10 millj. króna í útflutningsuppbætur og 10—12 millj. til að greiða vöruna niður? Ef sett væri það verð á landbúnaðarvörurnar, sem þarf, til þess að hægt sé að greiða framleiðslukostnaðinn við hana, þá mundi enginn bátaútvegur eða frystihús starfa lengur. M. ö. o., megnið af sjávarútveginum mundi stöðvast, ef ríkið eyddi ekki 20 til 25 millj. króna til að halda verðinu niðri, vegna þess hvernig ástatt er með landbúnaðinn. Enginn talar neitt um afkomu bátaútvegsins, en ég þekki töluvert til hans, vegna þess að í mínu kjördæmi eru menn, sem stunda þann atvinnuveg. Það þarf enginn að segja mér, að sá atvinnuvegur beri sig, vegna þess að í þorskfiski við meðalafla hafa sjómenn ekki þær tekjur, sem landmenn hafa með því landkaupi, sem nú er. Þetta er ástæðan til þess, að m. a. í sumum kaupstöðum austur á fjörðum í sumar fengust ekki Íslendingar á bátana, og voru Færeyingar fengnir í staðinn í mörgum þeim plássum, þar sem bátar voru. Ég er viss um, að óhætt er að fullyrða, að ekki hefur orðið eins mikið verðfall á neinu eins og bátum síðastliðna 6 mánuði. Það getur hver maður sagt sér, þegar svo mikið framboð skapast, að 3 til 4 bátar eru auglýstir í útvarpinu á viku, að verðfall er komið á vöruna.

Með því að skapa jafnvægi milli framleiðslukostnaðarins í landinu og verðsins, sem fæst fyrir útflutningsvöruna — með því einu skapast heilbrigt ástand í landinu, og engu öðru móti. Grundvallaratriðið undir öllu þessu er, að kostnaðurinn sé ekki meiri við framleiðsluna en fæst fyrir vöruna við sölu. Að vísu er ákaflega oft hætt við og eðlilegt, að þessi regla sé brotin á verðfallstímum, en það getur aldrei orðið til lengdar, og við álítum óþarft að halda uppi taprekstri núna, þegar vörur eru í sérstaklega háu verði, bæði landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Við þurfum aðeins að skapa jafnvægi í þessum hlutum. Lausnin á þessu atriði er málið allt. Hitt er að mínu áliti hismi eitt. Ef þetta atriði er leyst, að verðlagsvísitalan eða framleiðsluvísitalan sé í samræmi við verð útflutningsvörunnar, þá er málið leyst af sjálfu sér. Það er hægt að gera, án þess að verkamenn bíði nokkurt tjón við það.

Þetta er raunverulega meginatriðið í því, tekið fram í stuttu máli, sem við höfum út á þetta mál að setja. Við höfum ekki trú á því, að einstaklingar komi með fjármagn sitt til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu, meðan þetta grundvallaratriði er ekki lagfært, og okkur virðast auglýsingarnar, m. a. á bátunum, og flótti fólks frá framleiðslunni benda ótvírætt til þess.

Það er ekki gott að segja, hvort fást betri tæki, en því miður eru ekki miklar líkur til þess nú. Það var beinlínis tekið fram af hæstv. fjmrh., að það væri ætlunin að fá þessi tæki, að mér skildist, svo að fyrirbyggt yrði atvinnuleysi. Eins og ég sagði áðan, þá er ég því samþykkur, að við bætum framleiðsluhætti okkar, en ég er bara ákaflega hræddur um, að tækin verði ekki keypt núna nema með ákaflega háu verði, og svo verði verðfall eftir styrjöldina, og þá væri ekki sérstaklega vel farið.

Ég sé, að Svíar gera ráð fyrir að koma atvinnulífi sínu í fast horf í styrjaldarlok. Öðruvísi hafa þeir farið að, m. a. vegna þess að þeir hafa lækkað kaupið. Þeir gera ekki ráð fyrir að kaupa ný tæki. Það eru meiri líkur til þess, að frekar sé hægt að eignast tæki, ef kaupgjaldið er lækkað, því að það eru meiri líkur til að hægt sé að fá efnivið í skipin, ef við vinnum sjálfir að þeim, en skipin sjálf. En til þess þyrftu menn að vera búnir að laga það í hendi sér, án fórnarlundar verkalýðsins, og skapa möguleika, ekki aðeins til að eignast tækin, heldur hafa nægilega vinnu meðan verið er að búa tækin til.

Svíar gera enn fremur ráð fyrir stórfelldri ræktun kringum öll þorp og nýbýli. Þetta verður sett í gang um leið og styrjöldin endar og þegar komið er það tímabil, sem þeir álíta erfiðast í sinni atvinnusögu. Ég álít, að það væri ekki óhyggilegt af okkur að fara eins að. Það er margt ógert af höfnum og mikið af óræktuðu landi kringum þorp og mikið óbyggt af bátum. Við ættum að reyna að lækka tilkostnaðinn við þetta og skapa okkur einmitt atvinnu við það, um leið og við búum í haginn fyrir framleiðsluna, bæði með tækjum, höfnum og nýbýlarækt.

Í grg. er talað um að kaupa tæki og mynda félög. Ég veit ekki, hvernig á að gera það. Ég er hræddur um, að ekki myndi t. d. takast að koma mér og hv. þm. Barð. í sama félagsskap. (GJ: Ef þm. Str. stjórnaði því, er ekki hætt við, að hann vildi ekki komast í félagsskapinn.) Ef einstaklingar rækju ekki tækin, hver á þá að reka þau? Það er ekki hægt að koma fram með einstakar aðfinnslur, þegar maður veit ekki, hvernig á að framkvæma þetta. Ég er enn fremur nokkuð hræddur um, að það geti orðið okkur nokkuð erfitt í framkvæmdinni, þó að frá sé tekinn gjaldeyrir, og hef ég ekki nema gott um það að segja, en á það má benda, að við eigum nú að vísu 256 millj. ísl. kr. í dollurum, en um pundin veit maður ekki hvað verður hægt að kaupa fyrir á næstu árum og engar vörur er hægt að fá frá Englandi nú. Við höfum keypt nokkuð af vörum frá Sviss og Svíþjóð, en það fæst minnst af þessum vörum, að ég hygg, fyrir dollara. Þess vegna getur þetta vitanlega orðið nokkuð erfitt í framkvæmdinni, þótt gott sé að setja sér þetta mark, ef ekki er séð fyrir því jafnhliða, að framleiðslan gangi þannig, að hún svari kostnaði, og þetta getur einnig orðið erfitt í framkvæmdinni, þar sem vitað er, að við flytjum inn vörur fyrir 250 millj. kr. á ári. Ég vil ekki á nokkurn hátt finna að því, að hæstv. ríkisstj. taki þessa peninga frá og setji sér þetta mark. En einasta tryggingin fyrir því, að þetta verði ekki eyðslueyrir, er að framleiðsla þjóðarinnar geti gengið og svarað kostnaði. Ef ég á 30 þús. kr., þá þýðir ekki að taka frá 20 þús. kr. og leggja inn í bankabók og segja: „Þetta tek ég frá og þetta ætla ég mér til öryggis.“ Það verður hvorki mér né öðrum til öryggis, ef við getum ekki unnið fyrir daglegu brauði. Mér virðist þess vegna, og þykir mér leitt að þurfa að spá því, að engar líkur séu til þess, að þessi nýsköpun atvinnuveganna geti tekizt vel á þeim grundvelli og röksemdum, sem hún er reist. Og það er augljóst mál, eins og hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa báðir gert ráð fyrir, að það eru eins mikil líkindi til þess, að þetta reki allt í strand. Hæstv. forsrh. sagði á Varðarfundi í gær, að menn mættu ekki líta svo á, að stj. hefði mistekizt, þótt hún yrði að gera kröfur til þess, að lækka yrði kaup og kjör landsmanna, ef tímar breyttust. En hann sagði hér áðan: „Atvinnufyrirtækin bera sig nú“. Ég held hins vegar, að þau beri sig ekki, og ef þau bera sig ekki, hlýtur það að hafa í för með sér kauplækkanir. Ég held því, að með þessu áframhaldi, þar sem nú er kominn kyrkingur í framleiðsluna og reynslan hefur sýnt, að „inflation“ fer vaxandi, að ekki takist að svara til útgjaldaþarfar ríkissjóðs, ef okkur tekst ekki að færa dýrtíðina niður, því að með hækkandi dýrtíð vex stöðugt útgjaldaþörf ríkissjóðs, og jafnframt minnka tekjumöguleikar ríkissjóðs við það. Atvinnulífið hlýtur þá að ganga saman og á því verða hallarekstur vegna hækkandi dýrtíðar, og kæmi mér ekki á óvart, þótt þetta yrði fram komið, áður en þessi tæki eru hingað komin, sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa byggt von sína á um þessi mál. Ég álít, að það sé miklu betra fyrir verkalýðinn og þjóðina yfirleitt að horfast í augu við þessa erfiðleika strax, lagfæra grundvöllinn og tryggja, að atvinnulífið geti haldið áfram, því að ef illa fer, er bersýnilegt, að við verðum að grípa til þeirra peninga, sem til eru. Ég veit, að það stendur að sjálfsögðu ekki á því, að sumar stéttir taki vel í að leggja fram sinn stuðning, og ef til vill hefur hæstv. ríkisstj. tryggt sér það, að verði hallarekstur meiri en hann nú raunverulega er, þá verði launastéttirnar fúsar til þess að hlaupa undir bagga og færa niður kaupið. Ef samningar ná svo langt, er óneitanlega vel farið, en sé svo ekki, þá er aðeins verið að fresta því um stundarsakir, sem miklu betra væri að gera í dag, og með því að gera það ekki í dag versnar enn hagur ríkissjóðs og atvinnulífsins, og ef samningar eru ekki tryggðir við verkalýðinn, verður ástandið miklu verra en það var á síðastliðnu hausti, þegar við vorum í mestu vandræðunum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég veit, að komið er fram yfir venjuleg fundarlok og hafði ekki ætlað mér að taka nú til máls, en finnst þó rétt að svara ræðu hv. þm. Str. örfáum orðum. Ég skal þó áður geta þess, að ég heyrði ekki nema nokkurn hluta af ræðu hv. þm. S.-Þ., en henni mun hafa verið svarað af hæstv. fjmrh. Ég var neyddur til að hverfa af þessum fundi, vegna þess að ég þurfti að fara á annan fund, en mér virðist, ef borin eru saman ummæli þessa hv. þm. við ummæli hv. þm. Str., að þá væri það út af fyrir sig ærið yrkisefni í langa ræðu, en þess er nú ekki kostur, þar sem komið er að fundarlokum. Þó vil ég aðeins segja það varðandi ummæli hv. þm. S.-Þ., að hjá honum gætti algers

misskilnings, er hann staðhæfði í sambandi við þetta mál, að það sé ákveðið, að ekki megi verja þessum 300 millj. kr., sem taka á af inneign landsmanna erlendis, nema í vissum tilgangi. Þessi hv. þm. hefur sjálfur verið fús á að samþ. lög um viðskiptaráðið og raunar löngu áður verið með í sams konar löggjöf eða svipaðri og þessari, sem ákveður, að enginn eyrir af þeim erlenda gjaldeyri, sem þjóðinni félli til, megi verja nema með samþ. þeirra banka, sem á hverjum tíma eru taldir eigendur gjaldeyrisins.

Ég get ekki nema að örlitlu leyti vikið að ræðu hv. þm. Str., en mér þótti hún bera vott um mjög takmarkaðan skilning á því máli, sem hér er til umr., og að ætla sér að rekja lið fyrir lið öll þau rök, sem hann fullyrti um þetta mál, mundi taka of langan tíma. Ég hygg, að það skýri bezt þann mismun, sem ber á milli um sjónarmið okkar, sem að ríkisstj. stöndum, og þeirra, sem standa í stjórnarandstöðu, er hv. þm. Str. sagði öðrum þræði: Það er tilgangslaust að vera að tala um nýsköpun blátt áfram af því, að þið fáið engin tæki. — Hann lét jafnframt skína í það að þessi nýsköpun væri goðgá, sem færði böl yfir þjóðina. Sem betur fer er þessu ekki þannig háttað, heldur stendur málið þannig, að ég geri mér miklar vonir um, að ef hendur standa fram úr ermum, séu nú tækifæri og þeir tímar til þess að fá ýmis tæki, sem ég dreg í efa, að annars verði hægt að fá fyrr en allmörgum árum eftir styrjaldarlok. Ríkisstj. hefur nú í höndum skilríki, sem henni hafa verið send, um það að hún geti nú fengið mörg skip. En verði það látið dragast til ófriðarloka að ákveða að gera pantanir, er hætta á, að aðstaðan breytist, því að þá verða aðrir setztir að þeim eldi. Ég skal ekki fara lengra út í þetta, þar sem ég veit, að sumir hv. dm. vita, hvað við er átt, en vil þó endurtaka, að mikil líkindi eru til þess, að nú á næstu vikum muni takast að gera samninga um mjög mörg skip. Og ég staðhæfi enn fremur, að enda þótt ég dragi ekki í efa, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafi gert það, sem í hennar valdi stóð, fyrir milligöngu sendiherra okkar í Washington, til þess að útvega landbúnaðartæki, þá sé það engin sönnun fyrir því, að ekki verði hægt að fá slík tæki nú innan næstu 1—3 mánaða, og heldur ekki sönnun fyrir því, að hægt verði að fá þau eftir 2 ár, ef við látum nú undir höfuð leggjast að kaupa þau, meðan hægt er. — Það, sem skilur milli stefnu stjórnarandstöðunnar og okkar, er að ríkisstj. stöndum, er það, að stjórnarandstæðingar segja öðrum þræði: Það verður að færa niður tilkostnaðinn við framleiðslurekstrinn áður en hafizt er handa um að kaupa tækin. — Við segjum hins vegar: Það verður fyrst og fremst að afla þessara tækja til þess að fá með hinni nýju tækni úrskurð um, hvort nauðsynlegt verður að gera kröfur á hendur þeim almenningi, sem lengst af hefur búið við skort, en býr nú við sæmilega afkomu, um það að falla frá þessum bættu skilyrðum eða ekki. Við, sem að ríkisstj. stöndum, vonum, að hin nýja og bætta tækni forði okkur frá að þurfa að bera þessa kröfu fram. Hins vegar viðurkenni ég, að verði ekki hægt að reka framleiðsluna þannig, að hún beri sig eða hægt verði að rísa undir kaupinu, þótt viðhöfð sé hin nýjasta og bezta tækni, þá er ekki um annað að gera en að fara fram á það jafnt við alla, að þeir geri nauðsynlegar tilslakanir. Þetta er meginmunurinn á stjórnarandstöðunni og okkur, sem að ríkisstj. stöndum. — Ég veit vel, að dýrtíðin hér skapar örðugleika, en ég veit þó um lönd, þar sem dýrtíðin er 600—800 stig, miðað við fyrir stríð, og ég veit líka, að í nokkurra áratuga framfarasögu íslenzks atvinnulífs finnast þess mörg dæmi, að ný og bezta tækni hefur skapað möguleika til þess að veita hinni starfandi hönd margar kauphækkanir á styttri tíma heldur en nú er gert ráð fyrir að kynnu að skapast með hinni nýju tækni. Ég játa, að ég geri mér ekki vonir um, að hin nýja tækni skapi sams konar framfarir eins og þegar togarinn kom í stað árabátsins og þilskipsins, en hins vegar veit ég, að á mörgum sviðum verður hægt að halda uppi sama kaupi í framleiðslu landsmanna, þótt afurðaverð falli eitthvað, sem þó engin veit um. Ég hef fengið fregnir af nýrri tegund togara, sem eru miklu minni og ódýrari í rekstri heldur en okkar togarar eru og fara eins vel eða betur í sjó og hafa jafnmikið burðarmagn fyrir afla eins og stærri skip hafa nú, og margt annað þessu líkt getur komið á daginn, þegar þar að kemur. En svo vil ég spyrja hv. þm. Str., sem var að tala um, hvað gert hafi verið í hans stjórnartíð, og sagði, að vandinn væri ekki annar en sá að færa niður bæði kaupgjaldið og afurðaverðið: Hvers vegna beitti hann ekki þessu heilræði, meðan hann hafði stjórnarforstöðu, úr því að þetta á að vera svo auðvelt fyrir okkur eins og hann vill vera láta, en samt fór vísitalan í hans stjórnartíð úr 100 upp í 182? — Hv. þm. Str. spurði, hvernig ætti að þvinga menn til þess að leggja fram fé í þessi nýju fyrirtæki. Ég vil benda á, að þegar Sjálfstfl. skrifaði öllum flokkunum bréf þann 14. sept. s.l. og gerði till. um málefnasamning, þá svaraði Framsfl. og féllst í öllum atriðum á efni þessa frv., og án þess að í þessu frv. væru nokkur ákvæði um kauplækkanir, og var það vitað af öllum meðlimum 12 manna n., að Framsfl. gerði ekki kröfur um annað en að stöðva dýrtíðina, og þó átti það ekki að vera til fyrirstöðu. En ef það er nú orðin slík áhætta að kaupa nú hin nýju tæki, án þess að kaupgjaldið lækki, hvernig ætlar þá hv. þm. Str. að verja gerðir Framsfl. meðan við andstæðingar hans vorum ekki komnir í stjórnina og meðan til stóð, að Framsfl. tæki þátt í stjórnarmyndun og hefði jafnvel forustuna? — Það má vel vera, að á meðan við eigum þessar 250 millj. dollara, beri okkur að halda varlega á þeim, en ég held, að sterlingspundin hafi ekki síður verðgildi. Hv. þm. Str. sagði, að það væri áhætta að taka af þessum dollurum á meðan ekki væri tryggt, að framleiðslan bæri sig. Ég vil minna á það, að Framsfl. hefur lagt það til, að 450 millj. ísl. kr. séu teknar frá í þessu sama skyni, en ekki 300 millj., eins og í frv. er gert ráð fyrir. Hvernig ætlar Framsfl. að tryggja, að þau tæki, sem kaupa á fyrir hans 450 millj., komi til með að bera sig? Fyrir því er ekki hægt að gefa neina tryggingu. Hv. þm. spáði því, að það mundi fara illa fyrir þessari nýskipun og mundi allt reka í strand. En það rekur eins í strand, ef horfið verður að till. Framsfl., sem vill verja 450 millj. kr. til þess að kaupa fyrir hin nýju tæki. Ég vona, að ekki komi til með að þurfi að gera kröfur á hendur almenningi í landinu um kauplækkanir, en ef

til slíks kæmi, væri það engin sönnun þess, að hér hafi verið skakkt að farið. Ef við hefðum ekki hnigið að þessu ráði, heldur hallað okkur að ráði Framsfl., eins og það er nú, hefði hafizt hér mögnuð atvinnustyrjöld, sem enginn veit hvaða endalok hefði fengið, nema þau, að hún hefði leitt stórkostlegar fjárfórnir yfir atvinnuvegi landsins og þjóðina yfirleitt, meðan við bærumst á banaspjót um skiptingu arðsins, þannig að framleiðslutækin væru orðin óarðbær og kostuðu stórkostlegt fé. Jafnvel þótt eitthvað þyrfti að draga úr kaupinu, eftir að búið er að reyna hina nýju og fullkomnu tækni, þá væri margfalt betur af stað farið en heima setið með þeim tilraunum, sem nú á að gera. Einnig vil ég segja það við hv. þm. Str., að ef svo skyldi fara, að hrakspár hans sannist, þannig að við yrðum neyddir til að lækka kaupgjaldið, áður en hin nýju tæki kæmu, þá vænti ég, að með samstarfi yrði unnt, án atvinnustyrjaldar, að hækka kaupið aftur í landinu, vegna bættrar tækni. En ef það hins vegar rætist, sem nú eru nokkrar horfur á, að við getum fljótt fengið þessi atvinnutæki, þá vona ég, að til slíks þyrfti ekki að koma. En hvað sem hins vegar verður upp á teningnum, þá er undir öllum kringumstæðum allt annað að koma til fólksins og segja: Við kölluðum á fjármuni og notuðum þá til kaupa á nýjum tækjum til þess að láta einskis ófreistað til að halda uppi atvinnuvegunum í landinu; það hefur tekizt, þó ekki eins fullkomlega eins og búizt var við, og nú komum við til ykkar, ekki aðeins sjómanna og verkamanna, heldur allra landsmanna, því að þá eru meiri líkindi til, að þessu verði við bjargað. Allt var gert, sem hægt var, til þess að þurfa aldrei að biðja um þetta.

Að lokum vil ég svo segja það, að ef ég vildi gagnrýna stefnu Framsfl. eins og mér virðist hann vilja gagnrýna stefnu ríkisstj., þá gæti ég spurt: Hvort er stefna Framsfl. sú að kaupa engin tæki meðan hægt er að fá þau, en draga það, þangað til aðrar þjóðir eru búnar að panta þau, eða sú að kaupa engin tæki, meðan við höfum nóg fé til þess, heldur að láta kaupin dragast nógu lengi, þangað til þeir fjármunir, sem við eigum nú, hafa haft nægan tíma til þess að renna út í sandinn?

Hermann Jónasson: Það er mjög líklegt, að það verði fleiri þjóðir en við Íslendingar, sem vilja eignast þessa nýtízku togara, sem hæstv. forsrh. var að tala um, og þess vegna er hætta á, að þær þjóðir, sem framleiða þessa togara, láti okkur ekki beinlínis sitja fyrir þeim, heldur hugsi fyrst og fremst um að koma þeim upp fyrir sjálfar sig. Það liggur líka í augum uppi, hvort við getum keppt við þjóðir, sem hafa hálfu lægri framleiðslukostnað en við, en stunda veiðar á sömu miðum.

Viðvíkjandi stefnu Framsfl. verð ég að segja það, að ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að verða svona mikið um það, þótt stjórnarandstaðan sé að benda á einhverjar veilur, því að sterkur málstaður verður sterkari við að rökræða hann.

Varðandi afstöðu Framsfl. í dýrtíðarmálunum, þá hefur hún alltaf verið sú sama síðan á árunum 1941—'42 og sú sama nú í samningan. s. l. haust, og ég held, að hæstv. forsrh. muni þá tíð, er hann lýsti því yfir við sósíalista, að hann gengi ekki inn á neina kauphækkun nema við Iðju. Ég býst líka við, að hann muni eftir því, að hann lýsti yfir, er prentarar og járnsmiðir heimtuðu kauphækkun: Ef kauphækkun verður hjá þeim hæst launuðu, þá ríður dýrtíðaraldan yfir allt land, vegna þess að þeir, sem minna kaup hafa, vilja einnig fá hækkun. Nú er komin kauphækkun hjá þessum stéttum, svo að nú gilda sömu rökin, að þegar þeir, sem mest hafa í kaup, hafa fengið kauphækkun, þá ríður dýrtíðaraldan yfir allt land. Þá ættum við að vera búnir að læra nóg af því til þess að geta staðið að stöðvun dýrtíðarinnar á réttan hátt.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvernig við ætluðum að tryggja, að þessar 460 millj. kæmu að þeim notum, sem við legðum til — hann talaði nú um 450 millj., en þar var um að ræða 460 millj. Það er tekið fram í grg. tillögunnar. Við álítum, að eina tryggingin fyrir því, að peningar verði geymdir, sé sú, að framleiðslan geti gengið og við getum flutt út sem svarar því, sem við þurfum að eyða til lífsframfærslu. Það er það, sem skilur á milli.

Hæstv. ráðh. segir, að það megi lýsa þessari stefnu Framsfl. þannig, að við viljum ekki kaupa atvinnutækin meðan hægt er að fá tækin. Við höfum aldrei haft á móti því, að keypt verði atvinnutæki, síður en svo. En við viljum, að jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess að hægt verði að reka þessi tæki, en þau standi ekki ónotuð og þá um leið verðlítil. — Enn fremur sagði hæstv. ráðh., að það væri alveg ólíkt ástand nú eða hefði stundum áður verið, nú væri atvinnufriður, en annars hefði verið áður atvinnustyrjöld í landinu. Jú, það var þannig, að ekki minna frjálslynd stjórn en sú, sem stjórnar Englandi, stóð á móti kauphækkunum í kolanámum og skipasmíðastöðvum, til þess að hleypa ekki inflammation að. Er það af fjandskap við verkalýðinn? Eða er það af fjandskap við verkalýðinn, að svipað hefur stjórnin í Svíþjóð gert og að Roosevelt hefur staðið í styrjöld til þess að koma í veg fyrir inflammation, vegna þess að almenningi gengur verr að skilja þá hluti en sérfræðingum, sem vita, hvar það lendir, ef ekki er komið í veg fyrir slíkt?

Ég sagði, að mér þætti leitt að vera með hrakspár, en rökin lægju þannig fyrir mér, að ég gæti ekki séð, að heppilega væri af stað farið í þessum efnum.

Og þegar hæstv. forsrh. var að tala um atvinnustyrjöld, sem hefði hlotið að koma nú, ef reynt hefði verið að stöðva dýrtíðina og síðar að lækka hana, — sem ég tel alltaf, að þurfi að vera fyrsta skrefið í áttina til nýsköpunar, og þess vegna lagði ég til við bændur, að þeir samþ. lækkun á afurðum sínum — þá vildi ég óska þess, að þegar þar að kemur, að þarf að fara að tala við bændur á ný um verð á framleiðslu þeirra, þá verði ekki sú sama atvinnustyrjöld eins og mundi hafa orðið nú, ef bændur hefðu ekki tekið á málum eins og þeir gerðu, en ríkissjóður hefði þá orðið nokkrum tugum millj. kr. fátækari og atvinnulífið enn þá verr statt en það er í dag. Því lengur sem það dregst, að við leiðréttum þann grundvöll, sem atvinnulífið verður að hafa, því verri verða árekstrarnir, því fátækari verður þjóðin. Því fyrr sem við lagfærum þennan grundvöll, því

meiri von er um, að við getum bjargað atvinnulífi okkar, og ég óska þess, að hæstv. forsrh. eigi ekki það fram undan, sem hann er að tala um, að hefði þurft að leggja út í, ef ekki hefði verið gert það samkomulag, sem hann hefur gert um ríkisstjórn, og ég vona, að hann sé búinn að tryggja sér það, að til þess þurfi ekki að koma.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég vil aðeins leiðrétta það, sem mér hefur ekki þótt rétt hermt viðkomandi minni ræðu. Ég viðurkenni ekki, að ég hafi rætt við hv. þm. Str. um, að það ætti eingöngu að hækka kaup hjá Iðju-fólki, en engum öðrum. Við ræddum um, að það yrði fyrst og fremst að taka þær vinnustéttir, sem hefðu átt í löngum verkföllum, alveg sér, og reyna að sætta þær á sérgrundvelli, en þegar búið væri að sætta þær, reyndum við að stöðva kauphækkanir að öðru leyti en því, að heimilaðar væru hækkanir til lagfæringar og samræmingar, enda orkuðu þær ekki á vísitöluna svo að neinu næmi. Þetta var það, sem um var talað.

Ég vil svo aðeins segja hv. þm. Str. það, að í Nd. bar Framsfl. fram í brtt.formi till. um, að teknar væru frá 450 millj. kr. í staðinn fyrir 300 millj., sem við gerum till. um. (**HermJ:** Ég hef ekkert út á það að setja, að það verði tryggt, að þeim verði ekki eytt til óþarfa.) En hv. þm. vill, að þær séu teknar frá þessar 450 millj., með því móti að alveg sé víst áður en þær eru brúkaðar, að framleiðslan beri sig. — Frá því að ég kom til vits og ára er ég búinn að vera við framleiðsluna, og ég hef aldrei vitað, að hægt væri að tryggja svona örugglega fyrir fram, að atvinnufyrirtækin beri sig. Og það er þess vegna, sem við atvinnurekendurnir erum annan daginn á hausnum, en hinn daginn sæmilega stæðir, af því að við getum aldrei fyrir fram tryggt, að framleiðslan geti borið sig. Og ég vil, að hv. þm. Str. geri okkur grein fyrir því, hvernig á að tryggja þetta. Ég vil feginn tryggja þetta. Og ég viðurkenni hans búmannshyggindi, sem koma fram í því, að hann vill tryggja þetta (**HermJ:** Á sumum tímum er ekki hægt að tryggja þetta, en á þessum tíma, sem við nú lifum á, er hægt að tryggja það). Nei, það er kannske aldrei erfiðara að vita, hvað þarf að færa niður, en nú, til þess að þetta sé tryggt. Skal ég svo ekki lengur deila um það. — Ég þakka hv. þm. Str. fyrir hans góðu óskir um, að ekkert illt verði á vegi mínum. Ég óska honum alls góðs og vona, að þær óskir rætist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 489, n. 551 og 552).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt með stærri málum, sem legið hafa fyrir Alþ., kannske bæði fyrr og síðar, hvort sem snertir þá fjárhæð, sem um ræðir í frv., eða þær ráðstafanir og framkvæmdir, sem þar eru ráðgerðar. Samt sem áður hefur fjhn. ekki þurft að eyða löngum tíma til að athuga málið, vegna þess að þetta frv. er, eins og grg. þess ber sér, í samræmi við málefnasamning þann, er gerður var milli þriggja stjórnmálaflokka og leiddi til stjórnarmyndunar. Um efni þess hefur því verið þaulrætt og um það samið utan þings, áður en það kom hér fram. Mér virðist einnig, eftir meðferð málsins í hv. Nd. að dæma, að sá flokkur, sem ekki tók þátt í þessum samningi um samvinnu og stjórnarmyndun, sem sé Framsfl., sé í grundvallaratriðum heldur ekki á móti efni þessa frv. Þótt ég ætli ekki að fara að tala fyrir hönd þess flokks, virðist mér, að einu brtt., sem fram komu í hv. Nd., beri þess vitni. Önnur breytingin miðar aðeins að því að ganga enn lengra inn á þær brautir, sem frv. bendir á, en brtt. við 2. gr. frv. eru frekar um fyrirkomulagsatriði og eru allar þannig vaxnar, að þær rúmast fullkomlega innan umgerðar frv., þótt þar sé mun nákvæmar til tekið.

Meiri hl. fjhn. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Að vísu hefðum við viljað breyta orðalagi lítils háttar, aðeins til lagfæringar á málinu, þar sem við kunnum ekki vel við orðatiltæki 2. gr. frv., þar sem segir: „Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun ...“ Okkur finnst, að farið hefði betur á að segja: „... að gera áætlun um heildaráætlun, ...“. Þar sem þetta er hins vegar síðari deildin, sem frv. kemur til, er óþarfi að vera að þvæla málinu milli d. vegna slíkra smáatriða. — Ég skal einnig geta þess, af því að minnsta kosti ein rödd hefur komið fram um það í fjhn. og óskað, að þess yrði getið, að í raun og veru hefði verið rétt að orða 3. gr. frv. á dálítið svipaðan hátt og í brtt., sem kom fram í hv. Nd. um það, að mþn. þeim, sem nú eru starfandi, skuli setja ákveðið tímatakmark til að ljúka störfum. Hins vegar finnst okkur ekki ástæða til að gera breyt. út af þessu, þar sem samkv. 3. gr. er heimilað að hafa þá aðferð að fela nýbyggingarráði störf þessara mþn. og þær svo lagðar niður jafnóðum og nýbyggingarráð tekur við störfum þeirra, en eftir því orðalagi er heimilt að setja þeim ákveðinn frest til að ljúka störfum og þær síðan jafnóðum lagðar niður. Ég vil svo aðeins geta þess, að ég minntist á þetta, þar sem þess var óskað, að þetta kæmi fram hér við umr. Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar f. h. meiri hl., en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Ég verð að taka það fram, að mér finnst öll meðferð þessa máls nokkuð einkennileg, þótt ef til vill séu dæmi til um svipaða meðferð mála, sem hafa mikla þýðingu. Þetta mál er keyrt í gegnum tvær umr. á einum degi í Nd. eins og menn muna. Þegar það kemur til 1. umr. hér, er því að vísu vísað til n., en orð féllu þá frá hæstv. ráðh., sem virtust benda til, að í raun og veru væri málið útrætt og breyt. mundu ekki koma til greina; með öðrum orðum, að samið hefur verið um afgreiðslu málsins utan þings og það útrætt, og nú hefur hv. frsm. meiri hl. játað, að svo sé.

Ég er ekki vanur að kveðja mér hljóðs hér í hv. d. nema ég þykist hafa sérstakt erindi að flytja, en ég minnist þess, að ég var að hugsa um að kveðja mér hljóðs við 1. umr. og spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvers vegna hann legði til, að

málinu yrði vísað til n., þegar svona væri í pottinn búið, en hann hvarf úr d. einmitt um það leyti. Þegar í n. kom, fékk ég staðfestingu á því, að þessu var þannig farið, að þetta var fyrir fram ákveðið mál og að yfirleitt þýddi ekki að ræða um breyt. í málinu, því að liðsmenn hæstv. ríkisstj., sem allir nm. eru nema ég, afgr. málið þegar í stað án verulegrar athugunar og samþ. að mæla með, að frv. yrði samþ. óbreytt. Ég er ekki bundinn af neinum slíkum samningum, sem kunna að hafa farið fram um þetta mál, og mér finnst því, að eðlilegt sé, að ég taki ekki beint tillit til þeirra, og geri því þær till. í málinu, sem mér þykja réttar. Ég get ekki beygt mig fyrir þeim vinnubrögðum, sem hér hafa verið ákveðin, og tel mig hafa fullan þingmannsrétt til þess að gera þær till., sem mér þykja réttar, þrátt fyrir þessa samninga. Einu sinni var því haldið fram af flokki, sem hér var í stjórnarandstöðu, en nú á fulltrúa í hæstv. ríkisstj. og hefur tekið þátt í þessum samningum og afgr. um þetta mál, að það væri stjórnarskrárbrot að gera slíka samninga utan þings milli flokka, og ákveða þannig afgr. mála. Ég viðurkenni ekki, að það sé stjórnarskrárbrot að ákveða þannig afgr. mála, en hinu vil ég slá föstu, að sá hluti Alþ., sem ekki stendur að slíkum samningum, hefur auðvitað fullan rétt til þess að koma fram með sínar tillögur.

Ég verð að segja það nú þegar í upphafi sem mína skoðun, að mér virðist þetta frv., sem hér er fram borið og fylgt er fram með miklu kappi, vera fremur þýðingarlítið og þó sérstaklega, að ég sé ekkert í því, sem svo bráðlega liggur á, að margföld afbrigði frá þingsköpum þurfi til þess að keyra það í gegn. Ég las að vísu í einu af stjórnarblöðunum í sambandi við þetta mál, að hver dagurinn væri dýr, sem dregið væri að afgr. það. Það er auðvitað, að hver dagurinn, sem líður, er dýr fyrir vora þjóð, án þess að hún geti unnið sér til gagns, en ég get ekki séð annað en að hver dagurinn sé jafndýr, hvort sem þetta frv. er samþ. eða ekki, eða hvort heldur það er samþ. einum degi fyrr eða síðar. Ég get ekki séð, að í þessu frv. sé mikið um raunhæfar aðgerðir eftir styrjöldina eða meðan á henni stendur, og sé ég ekki aðrar ráðagerðir í því en þær, sem hæstv. ríkisstj. gæti í raun og veru gert án sérstakrar lagasetningar og fyrrverandi ríkisstj. vann að ýmsu leyti að, eins og t. d. bátakaup frá Svíþjóð og annað slíkt. Mér virðist því, að í þessu frv. kenni nokkurrar auglýsingastarfsemi hjá hæstv. ríkisstj., og að þessi lagasmíð sé ef til vill ekki svo lítið höfð í áróðursskyni, og kannske engu síður það en til raunhæfra aðgerða, enda þótt það þurfi ekki að vera sérstaklega skaðlegt af þeim ástæðum.

Frv. inniheldur tvö meginatriði. Hið fyrra miðar að því að leggja til hliðar jafngildi 300 millj. ísl. kr. af inneign Landsbanka Íslands í erlendum gjaldeyri og selja ekki þann gjaldeyri til annars en til kaupa á framleiðslutækjum og öðru slíku, sem tilgreint er í frv. Í öðru lagi er um það að ræða að skipa fjögurra manna n., er nefnist nýbyggingarráð, til þess að gera till. um ýmis mál, sem sumpart eru til athugunar í mþn. og hafa verið á döfinni hér á Alþ., eins konar stjórnskipaða mþn., sem mætti nefna yfirmþn. — Ég skal taka það fram, enda kom það fram hjá flokksbræðrum mínum í hv. Nd., að ég tel fyrra atriðið skynsamlegt, sem sé að leggja til hliðar af þeim inneignum, sem landið á erlendis, og hafa eftirlit með því, að því sé varið til gagnlegra hluta, enda lagði hv. þm. V.-Húnv. (SkG) það til í hv. Nd. f. h. Framsfl., að hið umrædda fé yrði hækkað frá því, sem í frv. er, upp í 450 millj. kr., og einnig lagði hann til, að þessi kvöð viðvíkjandi hinum erlenda gjaldeyri yrði lögð á Útvegsbanka Íslands h/f eins og Landsbanka Íslands. Aðalástæðan fyrir því, að hann bar þessa till. fram, var sú, eins og hv. dm. vita, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands samþ. á þingi sínu áskorun um það til Alþ., að 300 millj. ísl. kr. verði lagðar til hliðar til kaupa á tækjum varðandi sjávarútveginn, og ef þessari samþ. yrði framfylgt, yrði ekkert eftir til annarra hluta. En þótt sjávarútvegurinn sé nauðsynlegur og sumir kalli hann nú aðalatvinnuveg landsmanna, þá er samt ýmislegt fleira nauðsynlegt, og ekki væri þá rétt að láta allt þetta fé ganga til sjávarútvegsins. En hvað sem þessu líður, er ekki fært að flytja sömu till. um þetta hér í þessari hv. d. eins og í hv. Nd., því að till. um þetta var felld þar með miklum meiri hluta atkv., og því eru engin líkindi til þess, að till., sem gengju í sömu átt, næðu samþ. hv. Alþ. En svo ber fleira til, sem ég hygg, að ekki hafi verið mikið rætt um í sambandi við þetta mál hér á Alþ.

Síðan styrjöldin hófst, hefur seðlaútgáfa Landsbankans margfaldazt, tífaldazt eða tólffaldazt. Ég veit, að ýmsir eru nokkuð hugsandi um gildi þessara seðla, og hefur reynslan verið svo, bæði hér á Íslandi og hjá öðrum þjóðum, að þegar seðlaveltan margfaldast í umferð, hefur það einatt gengisfall í för með sér. Hér hefur okkur verið sagt, að erlendar innistæður standi bak við seðlana og væru þær trygging fyrir þeim. Mér virðist því persónulega ekki veita af því að festa einhvern gjaldeyri erlendis, með það fyrir augum að tryggja seðlaútgáfuna, og að ekki mætti eyða honum, fyrr en jafnóðum og seðlarnir væru dregnir inn. En þótt ég játi, að þær ráðstafanir, sem í þessu felast, geti verið gagnlegar, þá ber þess að geta, að ég veit ekki, hversu haldgóðar þær reyndust, ef í harðbakka slæst. — Ég hygg, að það sé aðalatriðið í þessum málum, að þjóðin vinni fyrir jafnmiklu og hún eyðir, að þetta sé lögmál, sem gildi jafnt um þjóðina í heild og hvern einstakling, því að með því að eyða meiru en maður aflar, hlýtur að leiða til gjaldþrots fyrr eða síðar, hvernig sem að er farið, og eins gildir um þjóðina. Ég dreg það mjög í efa, að þessu ákvæði yrði framfylgt, ef svo færi, að aftur færi að verða halli á þjóðarbúskapnum, kannske ár eftir ár, sem ég vona, að ekki verði, en ég sé ekkert vit í því, að annars vegar ætti þjóðin inni peninga, en hins vegar bætti hún við sig nýjum og nýjum eyðsluskuldum. Ég hygg því, að aðalatriðið sé það, að atvinnugreinar þjóðarinnar beri sig og að verzlunarjöfnuður þjóðarinnar haldist sömuleiðis hagkvæmur.

Þá vík ég að síðara atriðinu, sem frv. inniheldur, og það er skipun þeirrar n., sem kölluð er nýbyggingarráð, og störf hennar, en þar skiptir allt öðru máli en um hitt atriðið. Þótt að einhverju leyti yrði breytt til orðalagi um það atriði, þá fæ ég ekki séð, að það raski grundvelli frv. á nokkurn hátt, enda þótt ákvæðin um störf n. séu gerð skýrari en þau eru í frv. Það er því í raun og

veru ekki annað en yfirgangur þeirra, sem nýlega eru komnir til valda og stígur upphefðin til höfuðs, að geta ekki einu sinni hlustað á uppástungur og röksemdir um það, að eitt eða annað geti betur farið. — Mér virðist, að ákvæðin um þetta í frv. séu fremur losaraleg, og ég segi ekki, að mínar till. bæti ákaflega mikið um, en yfirleitt geta þessi ákvæði þýtt allt og ekkert, allt eftir því, hvernig á þessu er haldið. Ég hef þó leyft mér að bera fram sömu brtt. við 2. og 3. gr. frv. eins og bornar voru fram af hendi Framsfl. í Nd. Það er gerð grein fyrir þessum brtt. í nál. hv. þm. V.-Húnv. (SkG) á þskj. 524, og sé ég því ekki ástæðu til að fara langt út í rökstuðning, þar sem þetta nál. liggur fyrir og þar eru einmitt þessar till. rökstuddar.

Viðvíkjandi a-lið fyrri brtt. minnar legg ég einkum áherzlu á að fá þessi framleiðslutæki innanlands, en í frv. er ekki gert ráð fyrir öðru en að kaupa þau frá útlöndum. Það hefur hina mestu þjóðhagslegu þýðingu, að við getum búið sem mest að okkar eigin vinnu og getu, og hvað þetta snertir má minna á það, að komið hefur verið hér upp *skipasmíðastöð, sem virðist vera í þróun*, og fram hjá þessu atriði ber ekki að ganga. Ég geri ekki ráð fyrir því, að með þessu frv. sé sett bann við því að kaupa skip innanlands, ef þess er kostur, en þó finnst mér það nokkuð undarlegt, að amazt sé við því, að þetta standi í frv. — Með b-lið sömu till. er lagt til, að n. leitist við að athuga, hvort möguleikar séu á því, að atvinnurekstrinn beri sig og sé samkeppnisfær við sams konar framleiðslu annarra þjóða. Ég skil ekki í því, að forboðið sé að tala um, að **atvinnurekstur eigi að bera sig og** að taprekstur geti gengið um stundarsakir, þótt hann geti ekki gengið lengi. Þess vegna finnst mér það ætti að vera útlátalaust fyrir alla aðila, þótt þessi ákvæði yrðu samþ. Í þessum lið er einnig farið fram á, að athugað sé, að hve miklu leyti væri hægt að koma við ákvæðisvinnu við atvinnurekstur hér á landi, og er í nál. minni hl. fjhn. í hv. Nd. í þessu máli vísað til þess, að sú tilraun hafi reynzt mjög vel hjá einu stórveldanna, og held ég því, að það gerði ekkert til, þótt um það stæði í l., að þetta skyldi athugað.

Ákvæði 3. gr. frv. get ég ekki skilið á annan hátt en þann, að ríkisstj. geti, ef henni sýnist svo, lagt niður þær mþn., sem Alþ. hefur kosið og nú eru að störfum. Það hefur oft verið talað um þessar mþn., og þykja þær bæði margar og dýrar, og hafa ráðandi flokkar vanalega fengið ádeilur fyrir þetta, þannig að ef til vill hefur hæstv. núverandi ríkisstj. lagt þetta til með það fyrir augum að reka þennan orðróm af sér. Ég get vel tekið undir það, að rétt sé að hafa þessar mþn. færri, en það er nú svo, að hverja einstaka af þessum n. hefur Alþ. samþykkt. Það er eitt atriði í sambandi við þetta, sem mér finnst athugunarvert, ef hæstv. ríkisstj. á að leggja niður þessar mþn., sem hafa lagt fram mikla vinnu og komnar eru langt í störfum sínum, og það er, að það er ekki nokkur vafi á því, að þeim fjármunum, sem í þær hefur verið varið, og þeirri vinnu, er miklu betur varið þannig, að n. fái að ljúka störfum sínum, heldur en að þær séu fyrirvaralaust lagðar niður.

Í þessu sambandi dettur mér raforkunefnd í hug. Hún er búin að leggja fram álit sitt, og svipað getur verið ástatt um fleiri nefndir. Það getur verið, að þær séu í þann veginn að leggja fram álit sitt.

Hv. frsm. meiri hl. játaði, að eitt og annað hefði getað farið betur í frv., þar á meðal er eitt orðatiltæki, sem hann segir, að sé málvilla. Þrátt fyrir þessa viðurkenningu má engu breyta. Nei, það verður að gera frv. að l. þegar í stað.

Það hefur ekki heyrzt, hvort eigi að knýja frv. fram í dag og gera það að lögum, en maður gæti ætlað, að það væri tilgangurinn. En ég sé ekki, að það þurfi að tefja frv. óhæfilega mikið, þótt brtt., sem viðurkennt er, að eru til bóta, væru teknar til greina. En það er nú orðið ljóst, að eins og allt er í pottinn búið, þýðir ekki að koma með till. til umbóta, við þeim er ekki litið. Það er þegar sýnt, hversu fara muni um frumvarpið.

Ég mun ekki beita málþófi og skal nú ljúka máli mínu, en ég taldi rétt að gera grein fyrir afstöðu minni, vegna þess að ég er í nefnd þeirri, sem átti að fjalla um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, hvers vegna nefndin hefði getað hraðað svo mjög störfum. Það var vegna þess, að þetta var einn hluti málefnasamningsins, sem gerður var vegna stjórnarmyndunarinnar.

Ég skil ekki, hvernig hv. 1. þm. Eyf. getur hugsað sér, að slíkur samningur sé gerður. Það verður auðvitað að gera hann áður en stjórnin tekur við völdum. Þessi samningur var gerður utan þings. Við höfum ekki þá trú, að þingmenn öðlist neina náðargáfu við að sitja á þingi, þeir hafa jafna aðstöðu til að mynda sér skoðanir utan þings sem innan. Mál þetta fær síðan sína þinglegu meðferð, þótt um það hafi verið samið utan veggja þingsins. Það skiptir engu, hvort heldur það er með afbrigðum eða ekki. En það er augljóst, að flokkar geta ekki gert með sér samning, án þess að það sé gert utan þings. Það er ekki annað en leikaraskapur að ræða slíkt á þingi. Þetta er þegar yfirlýst, að samningur hafi verið gerður. Aðra aðferð var ekki hægt að viðhafa, og ekkert hefur verið gert, sem ekki er fullkomlega þinglegt. Ég veit ekki, hvers vegna málinu er hraðað svona mikið, það var aðeins óskað eftir því af ríkisstj., enda sé ég enga ástæðu til að draga það.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ekki hefði þýtt að koma með brtt. Það er ekki alls kostar rétt. En ég taldi, að heppilegra mundi að afgreiða málið hér án þess að tefja það með brtt. Alþ. hefur alveg nóg að gera, ef það ætlar að ljúka störfum á sómasamlegum tíma.

Því var lýst yfir, að frjálst væri að koma með brtt., ef okkur þætti það þess virði að tefja málið. En það er bara engin ástæða til þess. Það er t. d. engin málvilla, sem hv. 1. þm. Eyf. talaði um, og það er ekki ástæða til að þvæla málinu milli deilda fyrir slíkar sakir.

Ég sé engan leikaraskap við það, þótt málinu væri vísað til nefndar, það var ekki tekið fyrir fyrr en degi síðar en það kom til nefndar. Hv. minni hl. hefði sjálfsagt haft tíma til að láta prenta sínar breytingartillögur. Það hefur oft verið hafður drjúgum meiri hraði á málum en þetta. Andstæðingarnir hafa ekki verið sviptir neinum rétti. Þeir greiddu atkv. með afbrigðum. Það er

heldur ekkert undarlegt, því að þeir vita eins vel og við, að full ástæða er til að hraða málinu, úr því að þess er óskað.

Mér brá dálítið, þegar hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þetta væri efnislaust eða gagnslaust frv. Ég veit ekki, hvað mörg frv., sem hér koma fram, eru efnisrík, ef þetta á að vera efnislaust frv. Ég gat þess, að þetta væri eitt hið mesta frv., sem fram hefur komið, þar ræðir um ráðstöfun á 300 millj. króna. Ég hefði gaman af að sjá þá stj., sem hefði gert þetta án þess að leita samþykkis þingsins.

Það kostaði ekkert lítinn tíma að fá þetta samkomulag í gegn og koma sér niður á að leggja til hliðar 300 millj. kr. Skipulagning nýsköpunar atvinnuveganna er svo stórt atriði, að það þarfnast mikils undirbúnings og nákvæmrar athugunar.

Ég skal ekki fara út í það, að atvinnuvegirnir verði að bera sig. Mér er dálítil spurn, hvernig andstæðingarnir hugsa sér að fara að, ef á að tryggja fyrir fram, að t. d. útgerð togara beri sig, áður en í nokkuð er ráðizt.

Það má segja, að það ætti að vera búið að tryggja verðlagið innanlands. En ekki hefur Alþ. haldið út að færa þetta í lag, og býst ég við, að það væri erfitt fyrir allar ríkisstjórnir að fá kaupgjald lækkað. Og ef beðið væri eftir því, býst ég við, að þær væru farnar að skerðast milljónirnar okkar utan lands.

Ég held, að framleiðsla með þeim beztu tækjum, sem hægt er að fá, hljóti alltaf að bera sig. Fiskveiðar á beztu fiskimiðum heims með hinum beztu fáanlegu tækjum hljóta alltaf að bera sig. Hitt er stórkostlegt atriði, að láta tækin bera sig í höndum þeirra, sem með þau fara í það og það skiptið. En vafi er ekki á, að slíkt borgar sig, að hafa sem bezt og fullkomnust tæki. Við verðum að treysta því, að allir, sem hlut eiga hér að máli, skipti réttlátlega og að þeir, sem með tækin fara, geti haldið þeim áfram.

Þessar brtt. eru að vissu leyti nánari útfærsla á því, sem í frv. stendur, en að öðru leyti eru þær þrengri. Ég held, að það sé um að gera að hafa umgerðina nógu víða. Ríkisstj. á með reglugerð að ákveða starfssvið nýbyggingarráðs. Ég held það sé heppilegast að hafa nokkurn veginn rúmt. Í brtt. er talið fleira upp en í frv. er nefnt, en ég sé ekki annað en að það falli allt undir það, sem þar er nefnt. Það getur verið nauðsynlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að kaupa tækin innanlands, eftir því sem við verður komið, þótt þau kunni að verða nokkuð dýrari en ef þau eru keypt erlendis. En ég lít svo á, að ef nokkuð á að ganga, verði að kaupa þau að mestu leyti utanlands.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem hv. 1. þm. Eyf. taldi mjög klóka, fór inn á þá braut að kaupa skip utanlands, í stað þess að láta byggja þau hér heima. Ef við ætlum að bíða eftir því að verða fullkomlega samkeppnisfærir á þessu sviði, gæti farið illa.

Hv. 1. þm. Eyf. var hræddur um, að lagðar yrðu niður mþn., sem eigi hafa lokið störfum, og að á þann hátt yrði eyðilagt mikið starf. Í frv. segir, að þegar þær hafi lokið störfum, eigi að leggja þær niður jafnóðum. Eins og er, þá er það algerlega frjálst, hve margar nefndir eru lagðar niður og hvenær.

Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þessa brtt. Ég held, að þetta sé svo víðtækt mál, sem við erum að leggja út í, að reynslan verði að skera úr um, hvað heppilegast er að gera. Við verðum að treysta því, að þeir, sem með þessi mál fara, fari skynsamlega með þau og vilji prófa sig áfram, eftir því sem viðhorfið er á hverjum tíma.

Ég held því, að réttast sé að samþ. frv. óbreytt og tefja framgang þess ekki frekar.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Mér þykir hv. forseti haga sér einkennilega, þar sem hann heldur fundi áfram, þótt komið sé fram yfir venjulegan fundartíma, og það því fremur, sem hv. 1. þm. Reykv. lýsti yfir, að hér væri um að ræða stærsta mál þingsins. Það hefði því mátt ætla, að afgreiðslu þess yrði ekki flaustrað svo mjög sem raun er á. En sýnt er, að hverju stefnir, og skal ég því vera stuttorður, en get þó ekki komizt hjá að svara ýmsu, sem fram hefur komið. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að málið hefði sætt eðlilegri og þinglegri meðferð, þar sem þetta væri eitt atriði málefnasamningsins og því verið fyrir fram ákveðið. Ég sagði aðeins, að ég hefði ekki getað verið með í slíkri afgreiðslu, þar sem ég átti aðeins kost á að segja já eða nei. Ég veit ekki til, að í nokkru máli hafi verið samið svo gagngert um hvern stafkrók fyrir fram, að engar athugasemdir gætu komizt að.

Mér skilst, að það hafi áður verið samið um meginstefnu ríkisstj., sem sett hefur verið á laggirnar, en ekki það, að það mætti ekki breyta orðalagi í lagafrv., sem allir viðurkenna, bæði stuðningsmenn og andstæðingar hæstv. ríkisstj., að betur mætti fara.

Hv. frsm. var að tala um það, að málið fengi þinglega meðferð þrátt fyrir þetta, það væri hér fylgt öllum formum. Þetta er rétt, að nafninu til er fylgt formum. En það var nú um minna samið fyrir fram stundum hér áður, þegar hæstv. kennslumrh. þótti það vera brot á þingræði og jafnvel á stjórnskipulagi, og það allmikið brot.

Hv. þm. sagði, að það hefði ekki verið ástæða til þess að draga þetta mál á langinn eða tefja það. Ég kannast ekki við það, að ég hafi hér á Alþ. reynt að tefja mál eða draga þau. Og ég er vel til með það, þótt ég sé ekki stjórnarstuðningsmaður, að styðja ríkisstj. í því, að þessu þingi gæti orðið lokið fyrir jól, eins og sjálfsagt er.

En út af þessum mikla dugnaði, sem sýndur hefur verið þessu máli, vil ég spyrja hv. formann og frsm. fjhn.: Hvaða tíma átti ég að hafa til þess að skila nál. sem minni hl. n.? Það er ekki mikið að skrifa nál., sem segir aðeins: „Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt," eins og meiri hl. hefur gert.

Ég var á fundi í fjhn. til kl. 7 í gærkveldi, settist þá niður og skrifaði nál., og þegar ég var búinn að skrifa nál., var búið að loka hjá skjalaverði og skrifstofunni, svo að ég gat ekki komið með það fyrr en í morgun. Ég álít, að það hefðu verið alveg forsvaranleg vinnubrögð hjá mér, þó að ég hefði ekki skilað nál. fyrr en í dag. En málið hefði verið tekið á dagskrá í dag, þó að nál. frá mér vantaði. Frsm. sagði, að n. hefði viljað ræða till., sem ég lagði fram. Ég lagði fram till. í n., en þær voru ekki ræddar. En formaður n. sagði, að ef ég vildi bera fram aðrar till., mætti líta á þær. Og orð hv. frsm. sýna, til hvers hefði verið fyrir mig að koma með nýjar till. Jafnvel þó að

þeir hlytu að fallast á, að þetta væri leiðrétting, sem nauðsynleg væri, gætu þeir ekki tekið hana til greina, vegna þess að það er samningur að samþ. frv. óbreytt. Það má engu breyta.

Hv. frsm. gerði mikið úr því, hve mikið efni væri í þessu frv., það væri hvorki meira né minna en að ráðstafa 300 millj. kr. Ég held það sé vafasamt, að þetta sé ráðstöfun á 300 millj. kr. Mér skilst, að það eigi ekki að ráðstafa þeim, heldur, eins og frv. segir, að leggja þessar millj. til hliðar, og menn eiga að geta fengið þær keyptar, ef þeir hafa peninga til þess. Og hvað nýbyggingarráð snertir, þá hef ég nú leitað að því eins og saumnál í frv., hvað það geti eiginlega framkvæmt samkvæmt því, og ég get ekki séð, að það geti framkvæmt mikið. Þær till., sem þessi nefnd getur gert, eru svipaðar og hjá hverri annarri mþn., og flest það, sem þessi n. eða ráð á að fjalla um, hefur verið unnið í mþn.

Já, hv. frsm. var að tala um það, út af till. mínum, að það væri ekki hægt að tryggja hallalausan rekstur, og hvaða gagn væri þá að því að setja ákvæði um það í frv. En ég vil þá spyrja: Hvaða gagn væri þá að því að leggja peninga til hliðar af innstæðum okkar erlendis, ef hér væri jafnaðarlega tekjuhallarekstur og þjóðarbúið rekið með tekjuhalla? Þá mundi koma að því, sem ég hef sagt í fyrri ræðu minni, að það yrðu teknar þessar innstæður til eyðslu.

Það væri efni í langt mál orð frsm. um, að það borgaði sig alltaf að afla verðmæta. Það getur verið, að það hafi alltaf einhverjir hag af því, að verðmæta sé aflað, en það getur verið mjög takmarkaður hagnaður og fé og starfsorku betur varið til að afla annarra verðmæta en þeirra, sem áður hefur verið aflað. Þess vegna þarf að rannsaka þau mál. Aðrar þjóðir geta og í bili haft hag af taprekstri okkar. Kannske hv. þm. hafi hugsað svo vítt. Sjóndeildarhringur hans er þá víðari en talað var um hér í fyrra af flokksbróður hans. Ef till. mínar eru aðeins nákvæmari útfærsla á frv., þá er mér spurn: Hvernig geta þær þá verið skaðlegar? Hvers vegna má þá ekki samþ. þær? Hv. frsm. hefur ekki talað um, að þær væru á neinn hátt til skaða, heldur aðeins, að þær væru þýðingarlitlar, og að það mætti gera þetta, þó að þær væru ekki samþykktar. Þetta ber allt að sama brunni, þetta er auðvitað vegna þeirra samninga, sem fram hafa farið, að það má engu breyta. Og það kann að vera nokkuð til í því, sem hv. frsm. sagði í lok ræðu sinnar, að allt þetta byggist á því í raun og veru, hvort menn treysta hv. núverandi ríkisstj. eða hvort menn treysta henni ekki. Það er vegna þess, að frv. er þannig úr garði gert, að það má framkvæma það á þann hátt, að úr þessu verði ekki neitt nema ráðagerðir einar, eða e. t. v. framkvæma það þannig, að einhverjar framkvæmdir hljótist af. Þó sé ég ekki, að um neinar heimildir sé að ræða í þessum l. Þegar sleppt er ákvæði 1. gr. um að leggja gjaldeyrinn til hliðar, er það eiginlega ekki hægt nema afla nýrra heimilda. Það eru till., sem nýbyggingarráð getur gert, en það eru ekki framkvæmdir, sem það getur unnið. Og í því mikla trausti, sem hv. frsm. ber til stjórnarinnar og aðrir stuðningsmenn hennar, leggja þeir nú til, að hæstv. ríkisstj. fái þetta frv. í hendur sem l. og vænta mikils af fyrir þjóðina. Ég aftur á móti skal játa, að ég ber ekkert traust til ríkisstj., eins og hún er samansett, þótt ég hins vegar geti borið traust til einstakra ráðh. sem manna. Það er allt annað mál, og þar af leiðandi er það ákaflega eðlilegt, að mér þyki þetta ekki mikils virði.

Nú hef ég aldrei haldið því fram, að ég teldi, að þetta frv. væri skaðlegt, þó að það yrði samþ. óbreytt, enda mun ég ekki greiða atkv. á móti því.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að þetta frv. gerði ráð fyrir því að gera ráðstafanir til þess að kaupa framleiðslutæki innanlands eða utan. En það er ekki nefnt um það, að nokkuð eigi að rannsaka þá hlið málsins, að innanlands vinna og framleiðslutæki geti fengizt með svipuðum kjörum og hin erlendu. Það er ákaflega mikil kvörtun um það, ef t. d. um viðgerð á skipum er að ræða, hvað skipasmíði og allt slíkt sé miklum mun dýrara hér á landi en annars staðar. Það er kannske mjög erfitt að fá þessu kippt í lag fyrir litla þjóð, því að það er eðlilegt, að eins lítil þjóð og Íslendingar hafi smærri stöðvar til slíkra hluta en stærri þjóðir. Það fer sjálfsagt mikið eftir því, hvað þær stöðvar eru stórar, sem tækju slíkt að sér. En þetta er atriði, sem mér finnst rétt að athuga, hvort hægt væri að finna einhverjar leiðir til þess, að við Íslendingar, a. m. k. á einhverju sviði gætum staðið jafnfætis öðrum þjóðum í þessu efni. Það má vera, að heimilt sé samkvæmt frv. að gera þetta, ég neita því ekki. Ef hæstv. ríkisstj. vill, hefur hún heimild til þess að leggja slíkt fyrir nýbyggingarráð, en það er a. m. k. ekki boðið í frv. Og mér finnst alveg eins mikil ástæða til þess að ákveða það eins og ýmislegt annað, sem þar er ákveðið.

Hv. frsm. virtist leggja orð mín um taprekstur þannig út, um það atriði, hvernig við gætum orðið samkeppnisfærir við aðrar þjóðir, að við ættum að bíða þangað til við gætum orðið samkeppnisfærir. Það er ekki meiningin, að við eigum að setja fiskiflota okkar á land og hætta að heyja og þ. u. l., þangað til sýnt sé, að við séum orðnir samkeppnisfærir við aðrar þjóðir. En mér finnst full ástæða til þess að athuga möguleika á því, að við getum orðið það. Og ég verð að segja það alveg eins og það er, að ég kvíði nú þeim tíma, sem fer í hönd okkar Íslendinga, þegar aðrar þjóðir fá aðgang að því aftur að fara að veiða fisk og selja hann á heimsmarkaðinum. Það er náttúrlega af öðrum ástæðum óskandi, að þeir tímar renni sem fyrst upp. En ákaflega er ég hræddur um, að einmitt þá geti þrengzt fyrir dyrum hjá okkur Íslendingum. Og ég sé ekki, hvað ætti að vera skaðlegt við það, þótt nýbyggingarráð tæki það til athugunar, hvernig helzt mundi vera hægt að komast hjá illum afleiðingum af því fyrir okkur.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég held það sé ekki nein þörf að halda lengra áfram þeim umr., sem hér hafa farið fram.

Ég er sammála hv. frsm. fjhn., að hér sé um stórmál að ræða, og væri þess vegna í alla staði eðlilegt, að talsverðar umr. yrðu um slíkt stórmál sem þetta. Það er að segja, að rætt væri um kjarna málsins og hinn raunverulega tilgang þessa frv. Og ég mundi ekki sjá eftir þeim tíma, sem í það færi, enda þótt það liggi mjög mikið á, að málið verði afgreitt. Hins vegar er það svo, að

þessar umr., sem fram hafa farið, hafa að mestu leyti verið um formsatriði, og það þykir mér illa farið, að það sé eytt löngum tíma í það, því að eins og tekið hefur verið fram hér í umr., þá er hver dagurinn dýr, sem líður, án þess að tekið sé til starfa að þeim verkefnum, sem ætlazt er til að framkvæmd verði samkvæmt þessu frv.

Hv. frsm. minni hl. gat um það, að því hefði áður verið haldið fram af stjórnarandstæðingum og sérstaklega mér, að í raun og veru væri það stjórnarskrárbrot að semja um mál utan þingfunda, og koma svo síðan á þingfund og samþ. það óbreytt. Það er rétt, að það er a. m. k. nærri, að það sé stjórnarskrárbrot, ef farið er með mál í stjórnmálaflokkana, greidd þar atkv. um málið og þm. skipað með flokkssamþ. að greiða atkv. með málinu óbreyttu, hvað sem sannfæringu þeirra líður. Því að samkvæmt stjórnarskránni hefur hver þm. ekki sinn rétt, heldur skyldu til þess að greiða atkv. samkvæmt sannfæringu sinni. Og ég ætla ekki að leyfa mér að efast neitt um það, að hv. þm. Framsfl., stjórnarandstöðuþm., hafi gert það líka. Þetta mál hefur verið rætt mjög mikið í öllum flokkum, og mér er ekki kunnugt um einn einasta þm., eftir allar þær umr., sem ekki greiddu atkv. í þessu máli samkvæmt sannfæringu sinni.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði í fyrri ræðu sinni og raunar líka í hinni síðari, að þetta frv. væri fyrst og fremst auglýsing og áróður. En þá mætti kannske spyrja, um hvað frv. Framsfl. um sama efni væri, þar sem lagt er til, að tekið sé frá miklu meira fé af innstæðu manna erlendis, nokkurn veginn í sama skyni, til þess að kaupa fyrir það framleiðslutæki, líkt og þetta frv. leggur til. Er þetta frv. framsóknarmanna auglýsing eða áróður? Það er í raun og veru ekki hægt að segja eða fullyrða neitt um slíkt, hver tilgangur flm. sé með slíku frv. eins og þeir hafa flutt, fyrr en reynslan sker úr um það. Mér virðist satt að segja, að reynslan hafi þegar skorið úr um það, að frv. framsóknarmanna hafi ekki verið annað en auglýsing og áróður, því að hvað gengur þessum hv. þm. til að vera með málþóf gegn þessu frv. og andstöðu gegn því? (**IngP**: Er þetta málþóf? Þetta er ósvífni, frsm. minni hl. er ekki búinn að nota sinn þingmannsrétt.) Ég bara skil ekki tilganginn með þessu. (**IngP**: Mér finnst, að hæstv. forseti ætti að víta slíkar fullyrðingar.) Ég bara skil ekki tilganginn hjá hv. þm., og mér fannst þetta ekki geta haft annan tilgang en að þæfa málið. Vitaskuld getur maður aldrei fullyrt um það, hver sé tilgangur með gerðum manna, til þess yrði maður að vita hug manna. Það er hægt að viðhafa málþóf án þess að brjóta þingsköp, og í raun og veru er ekki hægt að ganga lengra í málþófi en þingsköp leyfa.

Nú virðist mér samt sem áður framkoma framsóknarmanna í þessu máli sanna það, að frv. þeirra hafi ekki verið annað en auglýsing og áróður, því að ef þessi hv. Framsfl. hefði haft hug á því, að mikið fé af innistæðu landsmanna erlendis, og það meira fé en lagt er til með þessu frv., yrði tekið frá til þess að byggja upp atvinnuvegi landsmanna, ættu þeir að hafa jafnmikinn hug á því og stjórnarflokkarnir, að þetta frv. næði fram að ganga og það sem fyrst. Við þetta bætist svo, að hv. þm. hefur lýst því yfir, að í raun og veru væri ágreiningurinn um þetta frv. í því fólginn, að Framsfl. hefði ekki traust á ríkisstj., en ágreiningurinn væri ekki svo mikill um málið sjálft, enda er ekki hægt að halda því fram, þegar Framsfl. flytur till., sem ganga algerlega í sömu átt. Ágreiningurinn er um það, hvort ríkisstj. er treyst til þess að framkvæma þessi verkefni, sem gert er ráð fyrir í frv. að framkvæma, eða ekki.

Það er vitanlega tilgangslaust að bera fram frv. um stórframkvæmdir, sem ríkisstj. á að framkvæma, sem tillm. ekki treysta, það er vitanlega alveg tilgangslaust nema í áróðurs skyni. Þegar ágreiningurinn er að mestu í því fólginn, hvort ríkisstj. sé treyst eða ekki, þá virðist mér ekki nein ástæða til þess að lengja þessar umr. mikið. Ég geri ráð fyrir því, að við þyrftum að tala hér í nokkra daga áður en við sannfærum hver annan um það, hvort ríkisstj. bæri traust eða ekki traust. Og þegar slík játning hefur komið fram, virðist mér, að í raun og veru sé ekki ástæða til þess að ræða einstök atriði, nema þá því aðeins, að farið væri út í nokkurs konar eldhúsdag, en til þess höfum við nú tækifæri seinna.

Ég skal þá aðeins minnast á brtt. á þskj. 552, frá hv. minni hl. fjhn. Fyrri brtt. er fyrst og fremst í því fólgin, eftir því sem hv. flm. segir, að það skuli taka fram í frv., að ekki skuli aðeins kaupa framleiðslutæki erlendis, heldur skuli nýbyggingarráð hlutast til um það, að þau verði gerð innanlands.

Þá er það brtt. á þskj. 552,a. Hún er, eins og þegar hefur verið tekið fram, alveg óþörf, vegna þess að gert er ráð fyrir þessu í frv. Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að það sé ekki tekið fram í frv., að leitazt skuli við að fá þessi tæki innanlands með sömu kjörum og hægt væri að fá þau frá útlöndum. Það er rétt. En hvers konar menn heldur hv. þm., að verði í þessari nefnd? Dettur hv. þm. í hug, að þegar þeir eiga að sjá um kaup á ýmsum vinnutækjum, innanlands eða utan, að þeir muni ekki leita fyrir sér um lægstu tilboð? Er nauðsynlegt að taka þetta fram í frv.? Ég álít, að ekki verði valdir þeir hvítvoðungar í þetta ráð, að nauðsyn sé á svo nákvæmum lagabókstaf. Ég hygg, að þetta ráð yrði lítils virði, ef slíkir menn yrðu í það valdir.

En ég get upplýst hv. þm. um það, að það fer nú þegar fram athugun á því, hvaða ráðstafanir verði hægt að gera til þess að hægt verði að gera við skip og smíða skip hér innanlands, þannig að skipasmíðakostnaðurinn hér verði samkeppnisfær við erlendar skipasmíðastöðvar. Það verður vitanlega eitt verkefni þessa ráðs.

Í brtt. á þskj. 552, b-lið, fer hv. þm. fram á, með leyfi hæstv. forseta: Enn fremur skal nýbyggingarráð athuga, hverjar aðrar ráðstafanir þurfi að gera, til þess að atvinnuvegir landsmanna geti framleitt vörur, sem unnt er að selja í samkeppni við framleiðslu annarra þjóða.

Það er gert ráð fyrir, að nýbyggingarráð athugi möguleika á að breyta fyrirkomulagi kaupgreiðslna í landinu, sérstaklega að koma á ákvæðisvinnu. Sömuleiðis á það að vera verkefni ráðsins að gera till. um fyrirkomulag þjóðarbúskaparins. Það er því ekkert smáræðis verkefni, sem hv. þm. með þessari till. ætlar þessu nýbyggingarráði, sem sé í fyrsta lagi að vera samningan. um kaup og kjör milli atvinnurekenda og verkamanna, og í

öðru lagi að vera samninganefnd milli flokka um gerólíkar skoðanir um, á hvern hátt þjóðarbúskapnum verði bezt fyrir komið, hvaða þjóðskipulag henti bezt á Íslandi í framtíðinni. Það er ekkert smáræðis hlass, sem þessu ráði er ætlað að velta. Spursmálið um ákvæðisvinnu í ýmsum atvinnugreinum er fyrst og fremst mál, sem varðar atvinnurekendur og verkamenn og þeir eiga sjálfir að semja um. Það er fjarri því, að verkalýðsfélögin álíti ekki, að ákvæðisvinna geti komið til greina. Það fyrsta í því máli er, að atvinnurekendur telji sínum atvinnurekstri betur borgið með því fyrirkomulagi, og síðan á að fara til verkalýðsins og semja við hann. Ef ákvæðisvinnan verður til þess, að verkamenn fái betri kjör og beri meira úr býtum, er augljóst, að verkalýðsfélögin setja sig ekki á móti því. En ef á að nota ákvæðisvinnuna beinlínis í þeim tilgangi að þrýsta út úr verkamönnum meiri vinnu með minni tilkostnaði, þá segir það sig sjálft, að ákvæðisvinnan getur orðið mikið deiluefni milli aðila.

Hvað hitt snertir, að athuga, hvernig bezt verði fyrir komið stóratvinnurekstri í landinu, þá höfum við yfirleitt í þessu landi verið að deila um það, hvernig atvinnurekstrinum yrði bezt fyrir komið á þann hátt, að þeir, sem við hann vinna, beri sem mest úr býtum og afkoma atvinnurekstrarins verði sem bezt, og samkvæmt hinum mismunandi skoðunum í þessu efni skiptumst við í stjórnmálaflokka. Það var tekið fram í ræðu hæstv. forsrh., frumræðu hans, þegar stj. var sett á laggirnar, að þessir flokkar hefðu ákveðið að taka höndum saman um lausn ákveðinna viðfangsefna, sem talin voru upp í málefnasamningi flokkanna, þrátt fyrir þann ágreining, sem er milli þeirra um skipulagsmál þjóðfélagsins. Nú leggur þessi hv. þm. til, að eitt af verkefnum nýbyggingarráðs eigi að vera að finna út, hvernig skipulag þjóðfélagsins eigi að vera í framtíðinni, beinlínis hvort við eigum að hafa það eins og það er í Rússlandi. (**BSt**: Er nokkuð hneykslanlegt, að það verði gert?) Nei, og það verður vissulega gert í framtíðinni. Hins vegar er það fásinna að ætla nýbyggingarráði að rannsaka slíkt nú, og meiningin hjá þessum hv. þm. er bara að spilla starfi þessara manna og fá þá til að eyða starfi sínu í annað en það, sem þeir hafa sett sér.

Þá kem ég að því, sem lagt er til í annarri brtt. hv. þm. á þskj. 552. Þar er lagt til, að n. þær, sem ef til vill er gert ráð fyrir að verði lagðar niður, skili störfum, áður en nýbyggingarráði verður falið starf þeirra. Það hefur þegar verið tekið fram, að þetta er meiningin, og hefur það verið rætt í stj., að þær verði ekki lagðar niður, fyrr en þær hafa skilað starfi. Raforkumálan. hefur þegar skilað starfi, og mér er sagt, að n. um skipulagsmál atvinnurekstrarins sé mjög langt komin með sín störf og megi ætla, að hún skili bráðlega af sér. Það er því algerlega óþarft að taka þetta fram, þegar það liggur í hlutarins eðli og hefur þegar verið ákveðið. Það gerði að vísu ekkert til, þó að þetta stæði í frv., en það yrði aðeins til að tefja málið og þess vegna óþarft að taka það upp.

Annars get ég sagt hv. þm., að það hefur engin samþykkt verið gerð um, að ekki mætti breyta stafkrók í frv. Mér er ekki kunnugt um neina slíka samþykkt, enda hefði hún verið algerlega óviðeigandi. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að það verði gert, vegna þess að þeir, sem að þessu frv. standa, munu vera sammála um, að þess geríst ekki þörf. A. m. k. hafa engar till. komið fram í þessari d., sem séu það mikilvægar, að nauðsynlegt væri að taka þær inn í frv., en hins vegar yrðu þær til að tefja málið um nokkra daga. Þeir telja það meira vert en smáleiðréttingar á máli, að málið verði afgr. sem fyrst, svo að hægt verði að taka til starfa.

Hv. þm. sagði í lok ræðu sinnar, að það gæti verið, að til væri atvinnurekstur,, sem ekki borgaði sig fyrir íslenzku þjóðina að reka. Ég er honum alveg sammála um, að slíkur atvinnurekstur geti verið til, og ég álít, að slíkur atvinnurekstur sé stundaður á Íslandi. Það væri t. d. hægt að nefna íslenzkan iðnað, sem ekki borgaði sig fyrir íslenzku þjóðina að reka. Enn fremur get ég bent á, að ég tel, að ýmislegur rekstur sé í landbúskap Íslendinga, sem borgi sig ekki að reka. Það borgar sig t. d. ekki að framleiða kjöt fyrir erlendan markað með tvö- til þrefalt hærri framleiðslukostnaði en gerist erlendis, svo að borga verður stórfé úr ríkissjóði til að greiða þann halla, sem á slíkum rekstri er, en það er einmitt verkefni þessarar n., sem hér um ræðir, að gera áætlun um arðbæran atvinnurekstur.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Ég vil byrja á að mótmæla því mjög ákveðið, að ég hafi verið hér með málþóf og óþarfa tafir eins og hæstv. kennslumrh. ber á mig. Ég býst við, að það sé upphaf þessa nýja tíma, sem hér er að hefjast, að þeir þm., sem styðja ekki hæstv. stj., megi ekki segja skoðun sína á málum. Ég er frsm. nefndarhluta, og stjórnarliðið kallar þetta mál stærsta mál þingsins, og ég hef ekki enn eytt svipað því klukkutíma í að ræða um þetta mál Það er eitthvað alveg nýtt í þingsögunni að telja slíkt málþóf, að frsm. í stórmáli, sem þeir segja, að þetta sé, eyði þeim tíma í að gera grein fyrir afstöðu sinni.

Hæstv. ráðh. vék að því, að ég minnti á, að hann hefði stundum talið það stappa nærri stjórnarskrárbroti, að búið væri að einhverju leyti að semja um mál, áður en það kæmi inn í þingið. Hann vill nú telja það stjórnarskrárbrot að neyða þm. að greiða atkv. á móti sannfæringu sinni. Nú sór hann og krossaði sig, að nú greiddu allir stjórnarþingmenn atkv. samkvæmt sannfæringu sinni. Ég er ekki hjartnanna og nýrnanna rannsakari og skal ekki leggja dóm á sannfæringu manna. Hinu skal ég slá föstu, að undarleg stakkaskipti hafa átt sér stað hjá ýmsum hv. þm., ef þeir greiða nú atkv. samkv. sannfæringu sinni með þessu máli. Fyrir tíu árum var sett n. til að athuga ýmisleg þjóðþrifamál. Hún hafði ekki með öllu ósvipað verkefni og þetta ráð, nema ekki svipað því eins vítt starfssvið og nýbyggingarráði er ætlað að hafa samkvæmt þessu frv. Þá höfðu sumir hv. þm., sem nú fylgja þessu máli, ekki þá skoðun, sem nú kemur fram, og þá sannfæringu, sem þeir eiga nú að hafa um, að þetta eigi að samþ. Þá var það óskaplegur bolsevismi að samþ. þá n. Hún var kölluð Rauðka, og allt, sem frá henni kom, var blóðrauður bolsevismi og ekki um neitt annað að gera en að vera á

móti þessari n. og öllu, sem frá henni kom. Ég skal ekki segja, hvort þessir menn hafa öðlazt nýja og betri þekkingu, svo að sannfæring þeirra sé nú allt önnur en þá var.

Hæstv. ráðh. segir, að þeim tíma sé ekki illa varið, sem sé varið til að ræða kjarna málsins. Ég þóttist nokkuð vikja að kjarna málsins, a. m. k. 2. og 3. gr. þess, en þar ætti hann helzt að vera. En að vísu er hinn rétti kjarni sá, að þessi stj. er sett á laggirnar með brauki og bramli og ákaflega rauð og radiköl ræða haldin, um leið og stj. er stofnuð, um að allt mögulegt eigi að gera, og síðan er það tvisvar sinnum spilað af plötu í útvarpið. Kjarni málsins er að gera þessa tilraun til að sýna þjóðinni, að eitthvað hafi verið meint með þessari háfleygu stefnuskrá, sem hæstv. stj. lagði fram í byrjun. Það er m. ö. o. auglýsing fyrir hæstv. stj. og áróður. Út af þessu segir hæstv. ráðh., að frv. framsóknarmanna í Nd. um gjaldeyrisráðstafanir hafi miklu fremur verið auglýsing og áróður. Það frv. var þó um sama atriði og það atriði þessa frv., sem hefur þó einhverja raunhæfa þýðingu, eins og ég tók fyllilega fram í fyrstu ræðu minni.

Þá skildist mér á hæstv ráðh., að þýðingarlaust væri að bera fram lagafrv. og till. fyrir þá, sem hefðu ekki traust á starfi stj., því að þeir treystu stj. ekki til að framkvæma það. Það getur verið nokkuð til í því, að það hafi ekki ýkjamikla þýðingu út af fyrir sig að bera fram till., en þó getur maður haldið, að lítilfjörlegar leiðréttingar á frv., sem stj. ber sjálf fram, gætu þar komið til greina. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. út frá þessum rökum hans: Hvers vegna bar hann fram stór lagafrv. og brtt. og allar mögulegar till., meðan hann var í stjórnarandstöðu og hafði ekkert traust á stj., sem hann ætlaðist til, að framkvæmdi þessar till.? Mér finnst þetta koma nokkuð í bága hvort við annað hjá hæstv. ráðherra.

Hann upplýsir, að sumt af því, sem nýbyggingarráði er ætlað að gera, sé þegar til athugunar hjá stj. Þetta eru upplýsingar, sem eru nýjar fyrir mig, að þessi athugun hafi þegar getað farið fram án stofnunar þessa ráðs, og sýnir þetta þá, að eitthvað kynni að vera hægt að gera án þess að stofna það.

Mér þótti hæstv. ráðh. fyrst takast upp, þegar hann sagði, að till. mín um að athuga, hvort ekki væri hægt að koma fyrir ákvæðisvinnu á ýmsum sviðum, væri sama og að gera hér þjóðfélagsbyltingu, sama og að taka upp þjóðskipulag sovétríkjanna. Þetta skil ég ekki vel. Ég veit ekki betur en að nú þegar sé til ákvæðisvinna. T. d. í vegavinnu hefur hún farið vaxandi, og veit ég þó ekki til, að það sé neitt sóvétþjóðfélag á Íslandi. Annars legg ég ekki til í minni till., að nýbyggingarráði sé fyrirskipað neitt í þessu efni, heldur aðeins, að rannsakaðir séu möguleikar og gefnar nauðsynlegar bendingar um þetta efni. Hér var ekki verið að leggja til að setja neinn gerðardóm á atvinnurekendur og verkamenn, og ég held, að till. mín hafi verið lesin eins og viss persóna les biblíuna, ef það er fundið út úr henni.

Þá fór hæstv. ráðh. mjög fjálglegum orðum um, að nú hefðu þeir tekið höndum saman, sem hefðu mjög ólíkar skoðanir á þessu, en mér virðist öll stjórnarstefnan vera á þann veg, að mjög sé farið að færast í eina átt með stefnu þessara flokka í þessum málum, og það þá átt, sem hæstv. kennslumrh. má að vísu vel við una.

Þá upplýsti hæstv. ráðh. það, sem mér þykir vænt um að heyra, að mþn. yrðu ekki lagðar niður þrátt fyrir ákvæði frv., fyrr en þær væru búnar að ljúka störfum. Það má segja, eftir þessum upplýsingum hæstv. stj., að brtt. mín sé óþörf, en þessi yfirlýsing lá ekki fyrir, þegar ég gerði mína brtt. Hæstv. ráðh. verður því að virða mér það til vorkunnar, þó að ég bæri fram brtt. við frv. eins og það lá fyrir, því að ég gat ekki vitað um fyrirætlanir hæstv. stj. í einu eða öðru, hvernig hún ætlaði sér að framkvæma þetta.

Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að það geti verið einn eða annar atvinnurekstur hér á landi, sem ekki borgar sig fyrir þjóðina að reka. Hann nefndi ýmsan iðnað, og ég býst við, að það eigi eftir að sýna sig eftir stríð, að hann borgi sig hvorki fyrir einstaklingana né þjóðina. Þá sagði hæstv ráðh., að ekki borgaði sig að framleiða kjöt til útflutnings. Ég álít reynsluna eiga eftir að skera úr um það. Það borgaði sig fram að stríði að framleiða kjöt fyrir útlendan markað, og yfirleitt var sá atvinnuvegur þá ekki stundaður með neinum styrkjum. Í stríðinu hefur það ekki borgað sig af ástæðum, sem við þekkjum. En reynslan á eftir að skera úr um, hvort það borgi sig eftir stríð, þegar nýir markaðir opnast, og álít ég sjálfsagt að athuga það mál gaumgæfilega, hvernig breyta eigi landbúnaðinum í það horf, að hann sé lífvænlegur atvinnuvegur og sem gagnlegastur þjóðinni. En það er of snemmt, meðan stríðið stendur, að kveða upp þann endanlega dóm, að það borgi sig ekki í framtíðinni að framleiða kjöt fyrir erlendan markað.

Þá hef ég með fáum orðum í hvert skipti nákvæmlega notað minn framsögumannsrétt og býst ekki við að biðja um aukaaths., nema sérstakt tilefni gefist til, og kalli svo hæstv. stj. og fylgismenn hennar, að ég hafi hér beitt málþófi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 552,1.a—b felld með 10:4 atkv
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 552,2 felld með 9:4 atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það hefur eins og ég tók fram, þegar byrjað var að ræða þetta frv. hér í hv. þd., náttúrlega ekki mikla þýðingu um mál, sem samið hefur verið um afgreiðslu á, að halda uppi löngum umr. um það hér á hæstv. Alþ., þar sem aðeins fáir menn hlusta á mál manna. Það er, að mínu áliti, mest að eyða tíma. Þetta mál er náttúrlega fyrst og fremst rætt á opinberum vettvangi annars staðar, bæði á mannfundum og í blöðum. — Ég ætla þess vegna ekki að víkja frá þeim sið, sem ég álít, að sé eðlilegastur, að lengja ekki umr. um þetta mál hér,

en vildi þó aðeins taka þetta fram. — Ég álít, að eftir að þau atriði hafa verið felld, sem fara fram á það, að athugað sé, hvernig læknuð skuli sú meinsemd, sem framleiðslan í landinu á við að stríða, hvort sem er framleiðsla til lands eða sjávar — eftir að það er fellt, að slík athugun fari fram á því, sem ég álít höfuðmeinsemd, sem eigi að skera burt, álít ég frv. ekki skipta miklu máli. Það er þannig nú, þótt maður voni, að það fari að ganga betur hér eftir en hingað til, að ekki fæst nú fluttur til landsins nema ⅓ eða ¼ þeirra landbúnaðarvéla, sem beðið hefur verið um, enda þótt sendimenn okkar erlendis hafi unnið kostgæfilega að því að fá þær fluttar til landsins. Og járnskip hefur einnig verið erfitt að fá, þrátt fyrir sömu tilraunir okkar manna í því efni. Við skulum vona, að þetta verði auðveldara á næstunni en það hefur verið hingað til, og er þá sjálfsagt, að stjórnin mun gera, eins og ríkisstj. hefur gert hingað til, gagnvart innflutningi á landbúnaðarvélum og kaupum báta frá Svíþjóð, allt, sem hún getur, til þess að hjálpa mönnum, sem vilja leggja peninga í það að kaupa atvinnutæki og styrkja með því framleiðsluna, til þess að geta fengið flutt atvinnutæki inn í landið.

En hvort ríkisstj. skipar þessa nefnd, sem hér er um að ræða, tel ég að muni sýna sig, að ekki skipti mestu máli, þegar meinsemdin, sem burt þurfti að taka, er ekki skorin burt. — Hins vegar er rétt, að stjórnin vinni að þessu.

Ég álít frv. því ekki skipta miklu máli. Það er aðeins, að mér skilst, um það, hvaða vinnubrögð eigi að hafa um útvegun tækja, sem menn vilja kaupa. Og atvinnutæki hafa verið keypt hingað til inn í landið með tilstuðlan ríkisvaldsins. Sé ég því ekki ástæðu til að greiða atkv. um málið, þar sem mér virðist það skipta ákaflega litlu, eftir að fellt hefur verið, að í því skuli vera ákvæði um það aðalverkefni, sem við munum eiga við að stríða á næstu árum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 558).

14. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.

Á 29. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands (stjfrv., A. 196).

Á 44. fundi í Nd., 5. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Með l. nr. 13 frá 1932 var í fyrsta sinni af löggjafarvaldinu lagður grundvöllur að því að koma á fót sérstöku hjúkrunarnámi. Með þessum l. frá 1932 var stofnaður Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli Íslands, sem átti að reka og hefur verið rekinn í sambandi við Landsspítalann. En nú hefur viljað svo til, að þessi skólastofnun hefur að nokkru leyti — þ. e. a. s. hjúkrunarkvennaskólinn — ekki náð því takmarki, sem stefnt var að, og hér koma til greina þær sérstöku og óvenjulegu ástæður, sem ríkt hafa hér undanfarin rúm 4 ár og haft leitt það af sér, að orðið hefur mikill hörgull á kvenlegum vinnukrafti í landinu. Fyrir stríð voru líkur til, að það fengjust góðar stúlkur og nógu margar til þess að nema hjúkrunarfræði, en eftir að eftirspurnin eftir vinnukrafti jókst, mæddi það svo mjög á þessari skólastofnun, að hún hefur um allt þetta skeið verið í hálfgerðum molum.

Þetta hafa heilbrigðisyfirvöldin talið, að mætti ekki svo fram ganga, og því er frv. þetta fram borið. Það, sem er aðalatriði málsins, er að laða góðar og greindar konur til að stunda þessi fræði, eða eins og landlæknir segir, að láta úrvalskonum verða það keppikefli að komast í þessa stétt. En það verður aðeins gert með því að koma á fót stofnun, sem býður svo góð skilyrði, að slíkir kvenkostir gefi kost á sér. Og það verður því aðeins gert með því að skólinn sé heimavistarskóli og að hann sé rekinn sem sérstök stofnun með sérstökum starfskröftum. Þess vegna er það þungamiðjan í þessu máli, að frv. nái fram að ganga og að fjárveitingavaldið sé þess albúið að leggja fram nóg fé til þessa heimavistarskóla. Landlæknir kveður svo djúpt að orði, að ef heimavistarskóli sé ekki stofnaður, verði lögin dauður bókstafur.

Ég tek þetta fram til þess að ljóst sé, að með samþykkt frv. fylgja nokkuð mikil útgjöld, en það dugar ekki að horfa í það, því að það er ekki á neinu sviði eins mikill hörgull á starfskröftum, og ástandið er svo herfilegt, að það væri blettur fyrir landið að opinbera það, hve mikið er lagt á þær hjúkrunarkonur, sem fyrir eru.

Auk þess, sem gert er ráð fyrir sérstöku heimavistarhúsi, er ætlazt til, að kennslan verði tekin fastari tökum en hingað til og að aðalaðstoðarlæknum við Landsspítalann verði gert að skyldu að kenna við hann.

Við frv. eru nokkrar rækilegar aths., sem ég vil biðja hv. þm. að kynna sér vel, því að þar er drepið á öll höfuðnýmæli í frv.

Ég skal geta þess, að frv. hefur verið borið undir yfirlækna Landsspítalans, og þeir hafa ekkert haft við það að athuga, en það vil ég leggja út svo sem þeir séu því samþykkir.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 9. okt, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 196, n. 398).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv., og eins og sést á nál., mælir hún með samþykkt þess með breyt. við 5. gr., sem þar er tilfærð. Enn fremur hefur n. komið sér saman um að fylgja brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta skriflega, og mun ég gera grein fyrir henni á eftir. Frv. þetta kemur

í staðinn fyrir ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, þau ákvæði, er varða sérstakl. hjúkrunarkvennafræðsluna. Í frv. er svo fyrir mælt, að ríkið haldi uppi heimavistarskóla, er hafi það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands hefur verið rekinn í sambandi við Landsspítalann síðan hann var stofnaður, og er þetta frv. flutt til þess aðallega að koma fastri skipan á kennsluna þar, og eins ætlazt til þess, að rekið sé á eftir, að hafizt verði handa um byggingu nauðsynlegrar vistarveru fyrir skólann. Hingað til hefur stjórnarnefnd ríkisspítalanna annazt rekstur skólans, en lítið eða ekkert látið sig varða annað en fjárreiður hans. Í frv. er ætlazt til, að hún hafi þær áfram á hendi, en að öðru leyti séu málefni skólans falin sérstakri fimm manna skólanefnd, sem tilgreind er í frv. — Hingað til hefur forstöðukona Landsspítalans haft á hendi forstöðu skólans, en s. l. tvö ár hefur henni verið fengin til aðstoðar sérstök kennsluhjúkrunarkona, og samkv. 3. gr. frv. er ákveðið, að þessi kennsluhjúkrunarkona verði skólastýra, svo að þetta skapar engin aukin fjárútlát. Þá er enn fremur í 3. gr. kveðið svo á, að kennslu skólans skuli hafa á hendi, auk skólastýru, yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, sem að vísu hafa hingað til verið kennarar við skólann, en er nú skylt að hafa þessa kennslu á hendi og launaðir með tilliti til þess, og ætti þetta þá að vera komið í fast horf. — Námstíminn er ekki lengdur í frv., en þó er heimild til forskólahalds aukin úr allt að 6 vikum upp í 8—12 vikna námstíma. Í þessari grein frv. segir, að eigi síðar en eftir 6 vikna reynslutíma skuli úr því skorið af skólanefnd eftir till. skólastýru, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram. Nú hefur sagt mér landlæknir og eins yfirhjúkrunarkona Landsspítalans, að hér muni vera um misgáning að ræða. Í stað 6 vikna eigi að koma 6 mánuðir, enda sé nú miðað við þann tíma, og hér mun því vera hreinni ritvillu um að kenna. Hefur því heilbr.- og félmn. orðið sammála um að flytja brtt. þess efnis, að í stað þessara orða, 6 vikna, komi: 6 mánuðir.

Þá kem ég að brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur við 5. gr. frv. Í þessari gr. er kveðið svo á, að um kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið fari eftir því, sem um semst milli skólanefndar og hlutaðeigandi sjúkrahúsa. Okkur nefndarmönnum þótti óviðkunnanlegt, að hjúkrunarnemar hefðu hér engan forsvarsaðila, og varð niðurstaðan sú, að þetta skyldi orðað á þann veg, að kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið skyldi ákveðið af skólanefnd, hlutaðeigandi sjúkrahúsum og Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna.

Þá er tekið fram í 6. gr. frv., að reglugerð skólans megi setja reglur um almennt framhaldsnám hjúkrunarkvenna, svo að þær geti menntað sig í sérgreinum, og er það vel farið.

Í 7. gr. er nýmæli, þar sem í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á. m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum. Mér fyrir mitt leyti finnst heldur öfugt að setja þetta í lög, að ljósmæður geti, með því að taka þátt í stuttu námskeiði, fengið á sig stimpil hjúkrunarkvenna, sem þó er af heimtað 3—4 ára nám. Teldi eðlilegra, að heimtað væri, að ljósmóðurfræðslan væri sérgrein innan hjúkrunarfræðslunnar, þannig að ljósmóðir gæti sú ein orðið, er áður hefði lokið hjúkrunarnámi, en ég tel þó ekki ástæðu til að bera fram brtt. um þetta. Ég lít á þetta sem bráðabirgðaákvæði vegna núverandi ástands, en eins og nú er ástatt, er mjög lítið um verkefni fyrir ljósmæður víða í sveitum, og hefur gengið illa að fá ljósmæður til að setjast þar að vegna þess, enda væri ekki vanþörf á að bæta svo úr kjörum þeirra, að þau geti talizt viðunandi. Þetta frv. er borið fram, eins og ég gat um, til þess að koma fastri skipun á hjúkrunarfræðsluna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikill skortur er á hjúkrunarkonum, og ef þetta frv. gæti orðið til þess, að úr því yrði bætt, þá er það vel farið. Það er auðvitað fyrsta skilyrði fyrir því að fá góðar hjúkrunarkonur, að skóli sé til fyrir þær og að skólinn sé miðaður við húsnæðisþarfir fræðslunnar. Hingað til hefur aðbúð skólans verið mjög léleg, og aðsókn að honum hefur farið minnkandi. Má ætla, að það hafi stafað af illri aðbúð skólans. Ég tel þó, að hitt muni þyngra á metunum, hve illa hjúkrunarkonur hafa verið launaðar. Skal ég svo ekki frekar fjölyrða um þetta, en legg til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ. með breyt. þeim, er ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 415) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 415 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 398 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 416).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 416, n. 611).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er flutt af fyrrv. hæstv. ríkisstj., en samið af landlækni. Og eins og segir í grg., þá hefur landlæknir samið það í samráði við það fólk, sem helzt hefur forustu í slíkum málum, þar á meðal formann félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, forstöðukonu Landsspítalans, sem hefur jafnframt því starfi veitt hjúkrunarkvennaskólanum forstöðu, og enn fremur í samráði við aðstoðarlækna Landsspítalans. Og landlæknir segir í grg. sinni, að á milli sín og þessara aðila sé enginn ágreiningur um efni frv. eins og hann hefur flutt það. Sömuleiðis kveðst landlæknir hafa borið frv. undir yfirlækna Landsspítalans, og þeir hafa heldur ekki neitt við frumvarpið að athuga.

Í grg. frv. talar landlæknir um, sem einnig er alkunnugt mál, að það sé mjög mikill skortur á hjúkrunarkonum í landinu, og það svo, að til vandræða horfir með rekstur ýmissa sjúkrahúsa og annars staðar þar, sem þörf er á lærðum hjúkrunarkonum.

Í grg. frv. birtir landlæknir skýrslu, er sýnir, að af 196 hjúkrunarkonum, sem félagar eru í Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna, séu 93 hjúkrunarkonur, sem sinni ekki hjúkrunarstörfum hér á landi, þannig að það eru aðeins 103 af þessum 196 hjúkrunarkonum, sem eru í Félagi ísl. hjúkrunarkvenna, sem eru starfandi við hjúkrun hér á landi nú.

Enn fremur bendir landlæknir á, að samfara þessari fækkun á lærðum hjúkrunarkonum dragi til muna úr aðsókn að skólanum, sem starfræktur hefur verið. Það virðist þess vegna alveg vera augljóst mál, að það þurfi að gera einhverjar ráðstafanir til þess að fá aukið hjúkrunarlið í landinu. Og tilgangur þessa frv. á fyrst og fremst að vera sá að glæða aðsókn að hjúkrunarkvennaskólanum og efla þannig hjúkrunarkvennastéttina í landinu með því að treysta skipulag skólans og sjá honum fyrir forstöðu, er hafi það að aðalstarfi að sinna skólanum og þörfum hans. En eins og kunnugt er, hefur yfirhjúkrunarkona Landsspítalans haft forstöðu hans sem aukastarf og skólinn verið rekinn beinlínis í sambandi við Landsspítalann.

Viðkomandi skipulagi skólans, eins og gert er ráð fyrir í frv., er það atriði í fyrsta lagi, að þar er gert ráð fyrir forskóla í 8—12 vikur, og er ætlazt til þess, að á því tímabili komi þá í ljós, hvort þeir nemendur, sem þennan forskóla sækja, séu búnir þeim hæfileikum og áhuga fyrir hjúkrunarstarfinu, að ástæða sé fyrir þá að hefja hið reglulega hjúkrunarnám. Að þeim forskóla liðnum, hefst svo sjálfur skólinn, og þar er gert ráð fyrir, að hefjist hjúkrunarnámið. En í byrjun þess tíma skulu fyrstu 6 mánuðirnir verða taldir reynslutími, þannig að í síðasta lagi þegar þeir eru liðnir skal skorið úr því, hvort nemendur séu nægilega vel til námsins fallnir og til þess að halda áfram náminu. En þeir, sem halda áfram, eiga að vera 3 ár að ljúka náminu. Að þeim tíma liðnum er ætlazt til, að nemendur séu fullfærir til þess að taka að sér venjuleg hjúkrunarstörf við sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir.

Auk þessa er svo gert ráð fyrir því, að skólinn geti veitt sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum, svo sem geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að skólinn geti veitt ljósmæðrum, ef þær óska þess, kennslu í almennum hjúkrunarfræðum, til þess að þeim væri unnt, utan ljósmóðurstarfsins, að sinna almennum hjúkrunarstörfum í héraði sínu. Landlæknir taldi, að slíkt mundi geta orðið hagkvæmt að sameina þetta tvennt til þess að hægt sé að veita ljósmæðrum þau laun, sem þær geti unað við og lifað af. En eins og kunnugt er, hefur oft verið erfitt að fá ljósmæður í ýmis héruð, vegna þess að starfið hefur ekki verið það mikið, að unnt sé að lifa af launum þess.

En um sérnámið í hvaða grein sem er er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð, en ekki höfð sérstök ákvæði um það í frv. önnur heldur en þau, að um slíkt yrði sett ákvæði, hvernig þessu skyldi hagað.

Í frv. er þessi hjúkrunarkvennaskóli kallaður heimavistarskóli. Og það er ætlazt til þess, að hann verði það. En grundvallarskilyrði fyrir því, að svo geti orðið, er, að fyrir skólann verði reist sérstakt hús, þannig að hann geti haft sérstaka kennslu út af fyrir sig. Nú er það húsnæði ekki til enn. En landlæknir sagði í grg. sinni, að sótt hefði verið um það til Alþ. að reisa slíkt hús. En ég get ekki séð, að það hafi verið tekið neitt upp í fjárlagafrv. til þessara framkvæmda, og ég held, að hv. fjvn. hafi ekki tekið það upp heldur í brtt. sínum. En þetta er mál, sem liggur þá til athugunar og verður bætt úr áður en mjög langt líður, hvort sem þær ráðstafanir verða gerðar á þessu þingi eða ekki. Og í sjálfu frv. felst ekkert annað en að skólinn sjálfur skuli vera heimavistarskóli.

Um stjórn skólans felast þau ákvæði í frv., að undir yfirstjórn ráðherra skuli vera 5 manna skólan., skipuð þannig: landlæknir, sem er formaður n., yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðh. skipar, einn samkvæmt till. Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt till. þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

Um kennslukrafta eru þau fyrirmæli í frv., að það skuli vera sérstök skólastýra, sem skipuð sé af ráðh. samkvæmt till. skólan. Auk þess skuli aðalkennarar skólans vera yfirhjúkrunarkona og aðstoðarlæknar Landsspítalans. Og enn fremur er í frv. ákvæði um það, að þetta fólk skuli vera ráðið sérstaklega til þess að kenna og þá launakjör þess miðuð við það. Undanfarið hafa læknar Landsspítalans dregið í efa, að þeim hefði verið falin þau kennslustörf.

Um kostnað við skólann liggur ekki fyrir nein áætlun í grg. fyrir frv. og ekki heldur fyrir nefndinni. Það er gert ráð fyrir því, að nemendur greiði skólagjald fyrir forskólann, þessar 8—12 vikur, sem svo kallast. En í sjálfum skólanum sé kennsla og mér skilst uppihald ókeypis. Hins vegar er gert ráð fyrir, að nemendur, jafnframt því sem þeir stunda námið í hjúkrunarkvennaskólanum, stundi einnig hjúkrunarstörf við Landsspítalann, þannig að kostnaður af uppihaldi við skólann verði í raun og veru ekki svo mikill umfram það, sem greiða þarf sérstaklega til þess að hafa kennslukraftana.

Enn fremur er talað um það, að fyrir störf í Landsspítalanum sé nemendum greitt kaup, sem ákveðið sé af skólanefnd og félagi hjúkrunarkvenna. Eins og ég sagði, liggur ekki fyrir nein áætlun um það, hvern aukinn kostnað muni leiða af þessari breyt., hún mundi að sjálfsögðu hafa einhvern aukakostnað í för með sér, en ég geri þó ráð fyrir, að hann verði ekki tilfinnanlegur, vegna þess að aðalhjúkrunarstörfin við skólann, annað en forstöðukonustarfið, annast starfsfólk Landsspítalans. Forstöðukonan og læknar Landsspítalans eiga að hafa aðalkennsluna á hendi. Þessi aukakostnaður fer til þess að auka námið og stuðla að því, að hjúkrunarkvennastéttin verði fjölmenn, sem er orðin hin brýnasta nauðsyn. Heilbr.- og félmn. er því sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur nú hér fyrir. Ég skal geta þess, að einn nm., hv. 6. þm. Reykv., var ekki á nefndarfundi, þegar málið var afgr., svo að mér er ekki kunnugt um afstöðu hans, en aðrir nm. mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vildi, um leið og ég þakka hv. heilbr.- og félmn. góðar undirtektir undir þetta mál, lýsa því yfir, að þegar búið verður að samþ. þetta frv., þá verður þegar hafinn undirbúningur að þessari byggingu. Það er að vísu ekki sennilegt, að hún verði framkvæmd á þessu ári, þó að væntanlega verði byrjað á hinni fyrirhuguðu fæðingardeild við Landsspítalann. En samhliða því, að hún kemst upp, þarf hjúkrunarkvennaskólinn að komast í framkvæmd, og þó að ekki sé á fjárl. tekin upp sérstök fjárveiting til þessa, þá liggur fyrir till. um að auka fjárveitingu til viðbótarbyggingar við sjúkrahús ríkisins úr 1 millj. upp í 2 millj., og það er meðal annars gert til þess, að mögulegt væri á næsta ári að koma þessu eitthvað áleiðis. Það eru hér síðar á dagskránni tvö mál, sem hafa verið lögð fyrir þessa hv. d., og vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að afgr. þau úr d. til hv. Nd. Það er full ástæða til þess, að þessi mál yrðu afgr. á þessu þingi, og því vildi ég biðja hæstv. forseta að afgr. þau á aukafundi á eftir þessum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 684).

---

15. Fjárlög 1945.

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Það er fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Ég hef nú búizt við því á hverjum degi undanfarið, að lagt yrði fram fjárlfrv. Það var að vísu á fyrri hluta þings lagt fram málamyndafrv., til að uppfylla ákvæði þingskapa, eins og allir vissu, og ráð var þá fyrir gert, að frv. til fjárl. yrði lagt fyrir, þegar þing kæmi saman í haust. En þetta nýja frv. er ekki komið enn, mér til mikillar undrunar, og vil ég láta í ljós óánægju yfir því. Því að nú er þingið búið að sitja hér hálfan mánuð og fjvn. hefur setið aðgerðarlaus. Veit ég ekki, hvort hér kann að blandast inn í óvissan um, hvort ríkisstj. situr áfram. En það er þá ófyrirsynju, því að það kemur þessu máli ekkert við. Fjárlfrv. á að liggja fyrir, hvað sem slíku líður, og vil ég spyrja fjmrh., hvort ekki sé von á, að fjárlfrv. komi nú allra næstu daga. Það er augljóst, að fjárhagsástæður allar eru gleggri fyrir mönnum eftir að fjárlfrv. hefur verið fram lagt með grg. af hálfu ráðherra.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég viðurkenni, að þetta fjárlfrv. hefði átt að vera þegar lagt fram. En til þessa dráttar liggja nokkrar ástæður. Frv. er að vísu svo gott sem tilbúið, en bæði hefur það nú dregizt lengur en gert var ráð fyrir, af því að örðugra virðist að koma endunum saman en oft hefur áður verið. Það, sem gerzt hefur síðustu dagana, hefur einnig valdið frekari drætti. Þar sem mér þótti sýnt, að núverandi ríkisstj. mundi biðjast lausnar, þá leit ég svo á, að betur mundi henta, að sá maður, sem við tæki, bæri frv. fram, og þá með þeim breyt., sem hann vildi vera láta. Ég færði þetta hins vegar í tal við fjvn. í gærmorgun ætla ég, og lét hún í ljós, að hún vildi gjarnan, að frv. yrði sett fram, hvað sem stjórnarskiptunum liði. Og það er unnið að því að leggja síðustu hönd að því. Geri ég því ráð fyrir, að ekki líði á löngu, þangað til það verður lagt fyrir.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi aðeins segja í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að framkoma fjárlfrv. hefði m. a. dregizt af því, að erfitt er að koma endunum saman, að því örðugra sem það reynist, því nauðsynlegra er, að frv. komi fram sem fyrst, svo að þingið viti, hvernig ástatt er í þessum efnum. Er slæmt að vera hér þennan tíma án þess að hafa yfirlit um þau mál, sem snerta svo mjög allt annað, sem í þinginu er talað um. Og ég vil lýsa yfir að gefnu tilefni, að ég er fjvn. algerlega sammála í því, að fjárlagafrv. á að koma án tillits til þess, hvort stjórnarskipti verða eða ekki. Málin verða að ganga sinn gang, og hver ráðherra verður að sinna sínum skyldum fram í rauðan dauðann. Það er hægurinn hjá fyrir þingmeirihl. að breyta fjárl. í meðferð þingsins.

Pétur Ottesen: Mér þykir rétt, úr því að farið er að ræða þetta mál hér, að láta það koma fram, að strax eftir að þing kom saman, fór ég fyrir

hönd fjvn. að grennslast eftir því hjá ríkisstj. og þeim skrifstofustjórum, sem hafa sérstaklega með þetta mál að gera, hvað liði undirbúningi fjárlfrv. Hæstv. fjmrh. hefur nú skýrt frá, hversu ástatt er um þetta, að nokkur dráttur hefur orðið á því að ganga endanlega frá fjárlfrv. Hitt var og rétt, að þegar fjmrh. átti tal við n., lagði hún mjög fast að ráðh., að gefnu tilefni frá hans hendi, að hika ekki við að láta fjárlfrv. koma fram, þó að stj. hefði lýst yfir, að hún mundi segja af sér á tilteknum tíma. N. lítur svo á, að allra hluta vegna sé nauðsynlegt, að fjárlfrv. komi sem fyrst fram, svo að n. gæti farið að vinna að málinu og þm. yfirleitt að átta sig á viðhorfinu í fjármálunum.

Á deildafundum 25. sept. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 (stjfrv., A. 359).

Á 51. fundi í Sþ., 4. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.)

Forseti (GSv): Þessari útvarpsumr. verður hagað skv. ákvæðum 51. gr. þingskapa, þar sem segir, að útvarpa skuli framsöguræðu fjmrh. um frv. til fjárl. og, — ef óskað er, — hálfrar stundar ræðum af hálfu annarra þingflokka, enda hefur fjmrh. þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Þetta verður látið fara fram og einnig, þegar fjmrh. hefur lokið fyrri ræðu sinni, munu verða nokkrar umr. af hálfu þingflokkanna, eftir því sem tilkynnt hefur verið.

Þá tekur til máls hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Undanfarin tvö ár hafa umr. um fjárlfrv. farið fram með nokkuð öðrum hætti en venja hefur verið. Hefur hinni árlegu grg. um rekstur og fjárhagshorfur ríkisins verið skipt í tvennt með því að gera grein fyrir afkomu síðasta árs á vetrarþingi, en leggja fram fjárl. fyrir haustþing með þeirri grg., sem þeim verður að fylgja. Hefur þetta orsakazt af ástæðum, sem öllum eru ljósar.

Hinn 3. marz í vetur gerði ég grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1943, og mun ég því ekki víkja að því efni nú. Ég mun hins vegar ræða um fjárlfrv. fyrir 1945, sem nú liggur fyrir, og í því sambandi drepa á ýmis atriði í afkomu yfirstandandi árs.

Aðeins þrír mánuðir eru nú eftir af því ári, sem nú er að líða. Flestir búast nú við, að áður en það er á enda, muni styrjöldinni lokið í Norðurálfu og miklar breytingar hefjast í verðlagi og viðskiptum. Vegna útlits um skjót úrslit styrjaldarinnar eru margar þjóðir þegar farnar að hefja undirbúning friðsamlegra starfa. Engum getur dulizt, að straumbreyting er þegar byrjuð hér á landi, þótt þess gæti ekki mikið enn þá vegna hins mikla fjár, sem enn er í umferð og stafar af hinum miklu fjárráðum almennings í landinu. Tekjur þjóðarinnar af ófriðarástandinu hér innan lands eru óðum að fjara út, og áhrif styrjaldarinnar til bættrar afkomu fyrir atvinnuvegina eru þverrandi og geta horfið, fyrr en varir.

Fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er talandi vottur um þá breyt., sem er að gerast og í vændum er. Það er í rauninni fyrsta aðvörunarmerkið um það, að aldan hafi risið til fulls og sé nú byrjuð að hníga aftur. Þessi merki koma fram í því, að aðaltekjurnar rýrna jafnhliða því, sem gjöldin yfirleitt halda áfram að vaxa. Tveir stærstu tekjuliðirnir, skattar og tollar, eru eins og loftvog, sem fer eftir veðrabrigðum atvinnulífsins í landinu. Þeir sýna betur en flest annað hið raunverulega árferði og í hvaða átt hin almenna afkoma stefnir.

Ég skal nú gera grein fyrir tekjubálki frumvarpsins.

Tekju- og eignarskattur er áætlaður 21 millj. kr. og hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti 4 millj. kr. eða skattar samtals 25 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum, sem nú liggja fyrir, nemur álagður tekju- og eignarskattur á þessu ári 24.254.781 kr. og stríðsgróðaskattur samtals 9.520.042 kr. eða hluti ríkissjóðs 4.760.021 kr. Samtals er þá talið, að tekjur ríkissjóðs af þessum sköttum nemi 29.014.802 kr. En samkvæmt venju lækka skattarnir nokkuð í meðferð æðri skattanefnda, og má væntanlega áætla, að tekjur af þessum sköttum á árinu nemi um 28 millj. kr. móti áætluðum þessum tekjum næsta ár 25 millj. kr.

Ég hef gert ráð fyrir því, að afkoma landsmanna á þessu ári yrði ekki öllu lakari en hún var 1943, og þess vegna hættulaust að áætla, að álagning þessara skatta nemi 1945 líkt og er á þessu ári. En það væri óverjandi að gera ráð fyrir, að öll sú fjárhæð fáist greidd á næsta ári, sem álagningin nemur, og er til þess mjög veigamikil ástæða. Ef ófriðurinn hættir bráðlega og verðbólgan minnkar mjög verulega á næsta ári, er sýnilegt, að allir skattþegnar í landinu munu fá laun sín greidd með miklu færri krónum en nú er. Á sama hátt mundi hagnaður fyrirtækja rýrna að krónutölu. Hins vegar væru skattar álagðir í samræmi við hina háu krónutölu tekna á þessu ári. Þegar svo stendur á, er hætt við, að margir, sem lítið eða ekkert hafa lagt fyrir af tekjum sínum á þessu ári, muni eiga erfitt með að standa í skilum með skattgreiðslur, og því mætti búast við talsverðum vanhöldum, þegar laun verða aftur greidd með færri krónum vegna minnkandi verðbólgu.

Stríðsgróðaskattur var áætlaður á þessu ári samtals 12 millj. kr., en verður, eins og áður er sagt, rúmar 9 millj. kr. eða um 3 millj. lægri en áætlað var. Af skattinum kemur helmingur í hlut ríkissjóðs. Síðustu árin hefur stríðsgróðaskatturinn numið svo sem hér segir:

1941	2.887	þús. kr.	
1942	12.772	—	—
1943	13.504	—	—
1944	9.520	—	— (álagt)

Af þessu sést, að stríðsgróðatekjur hafa náð hámarki á árinu 1942. (Skatturinn er lagður á ári eftir, að teknanna er aflað.)

Stærsti tekjuliðurinn er nú eins og undanfarið beinu tollarnir.

Vörmagnstollurinn er áætlaður eins og í fjárl. yfirstandandi árs 8 millj. kr. Fyrstu sex mánuði þessa árs hefur tollurinn reynzt 5.266 þús. kr., og mætti því búast við, með sama framhaldi, að hann næmi á þessu ári um 10 millj. kr.

Verðtollurinn er í gildandi fjárl. áætlaður 30 millj. kr. Hann hefur orðið fyrstu sex mánuði árs-

ins 15.579 þús. kr., og mætti því búast við, að hann gæti numið fyrir allt árið um 30—31 millj. kr., ef engin stórbreyt. verður á innflutningnum. Fyrri hluta ársins leit út fyrir, að verðtollstekjur mundu reynast talsvert lægri en áætlað hafði verið, og margt benti til þess, að innflutningurinn mundi dragast saman. En með ýmsum ráðstöfunum um útvegun vara, sem erfiðleikar hafa verið að kaupa, hefur tekizt að halda innflutningnum í horfinu. Má þakka þetta góðu starfi viðskiptaráðs, íslenzkra embættismanna í Bandaríkjunum og dugnaði innflytjenda. Þótt þetta hafi farið betur en á horfðist á þessu ári, hef ég ekki talið verjandi að áætla tekjur af verðtolli næsta ár hærri en 25 millj. kr.

Innflutningur stríðsáranna hefur verið sem hér segir:

		Innflutningur.	Verðtollur.
1940		74.210 þús. kr.	6.422 þús. kr.
1941		131.129 — —	16.699 — —
1942		247.747 — —	39.384 — —
1943		251.301 — —	33.933 — —
1944	(áætlað)	230.000 — —	31.000 — —

Af þessu má sjá, að hámarki innflutningsins var raunverulega náð 1942. Hækkunin á innflutningi 1943 stafar eingöngu af hækkuðum flutningsgjöldum, en ekki auknu vörumagni. Flutningsgjöldin voru lækkuð í byrjun þessa árs, eins og kunnugt er. Verðtollur var ekki innheimtur af hinum hækkuðu farmgjöldum á árinu 1943. Þegar stríðinu er lokið, hlýtur verðmæti innflutningsins enn að minnka. Þótt búast megi við, að talsverð viðskipti hefjist við ýmis lönd, strax og leiðir opnast, og margt þurfi að kaupa, sem nú skortir, verður að gera ráð fyrir, að farmgjöld lækki mikið og einnig verð á ýmsum vörum. Slíkt mundi hafa mikil áhrif á umræddan tekjustofn, verðtollinn, og mæla því engin skynsamleg rök með því að áætla þessar tekjur eins og útlit er fyrir, að þær reynist á þessu ári.

Munurinn á áætlun frv. og núgildandi fjárl. um beina skatta og tolla er sá, að frv. áætlar tekjurnar af sköttum 1 millj. kr. lægri og af tollum 4.900.000 kr. lægri. Alls er þá um lækkun að ræða á þessum tekjum, er nemur 5.900 þús. kr. Til þess að varast misskilning skal ég geta þess, að í gildandi fjárl. er allur stríðsgróðaskattur talinn með tekjum, einnig sá, er gengur til bæjar- og sveitarfélaga. En í frv. er aðeins tilfærður hluti ríkissjóðs. Framangreindar tölur eru að sjálfsögðu tekjur ríkissjóðs eingöngu.

Breyt. á öðrum tekjuliðum í 2. gr. frv. eru mjög litlar, og samtals er áætlunin mjög svipuð því, sem er í gildandi fjárl. Er áætlunin gerð í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur af innheimtu þessara tekjuliða á líðandi ári.

Tekjur af ríkisstofnunum eru áætlaðar á næsta ári 20.668.076 kr., og er það 4.101.002 kr. hærra en á þessu ári. Hækkunin stafar af því, að tekjur af áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni hafa á þessu ári orðið hærri en gert var ráð fyrir vegna þeirrar verðhækkunar á víni og tóbaki, sem ríkisstj. ákvað síðastl. haust. Gera má ráð fyrir, ef framleiðsla þjóðarinnar helzt í horfinu, að þessar tekjur haldist að verulegu leyti fram eftir næsta ári.

Hagnaður af áfengisverzluninni er áætlaður 13 millj. 346 þús. kr. Það er að vísu talsvert lægra en útlit er fyrir, að hagnaðurinn nemi á þessu ári, því að eins og nú horfir, má búast við, að hann verði yfir 20 millj. kr. Þessi mikli hagnaður byggist á geipilega háu verði á flestum vintegundum og miklum peningaráðum almennings. En þess er að gæta, að þessi tekjustofn verður að teljast mjög ótryggur í þeim mæli, sem nú er. Um leið og peningaflóðið fjarar út að verulegu leyti, verður ekki hægt að selja vínin með því verði, sem nú er, og tekjustofninn hrynur. Líklegt er, að á síðari hluta næsta árs verði miklar breyt. til lækkunar á tekjum áfengisverzlunarinnar frá því, sem nú er. Þessi tekjustofn hefur gert kleift að halda uppi þetta ár fjárframlögum úr ríkissjóði til lækkunar á verðlagi innan lands. Hinar miklu tekjur á þessum lið eru eitt af fyrirbrigðum ófriðarástandsins. Þótt þessar tekjur hafi komið í góðar þarfir, eins og á stendur, er nauðsynlegt að gera sér ljóst, að það er hvorki æskilegt né heilladrjúgt til lengdar að láta áfengissölu ríkisins vera aðaluppistöðuna í fjáröflun til opinberra þarfa.

Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölunnar er áætlaður 885 þús. kr. hærri en í gildandi fjárl. eða samtals 6.585.901 kr., og er ástæða til að ætla, eftir afkomu þessa árs að dæma, að sú áætlun fái staðizt.

Hagnaður af rekstri landssímans er áætlaður 616.900 kr., og er það lítið eitt hærra en í gildandi fjárl. Tap á rekstri póstsins er 346 þús kr., og er það svipað því, sem áður hefur tíðkazt. Gert er ráð fyrir eignaaukningu landssímans, er nemi 1700 þús. kr. Framlag ríkissjóðs til pósts og síma verður því samkv. frv. um hálf önnur millj. kr. á næsta ári.

Aðrar ríkisstofnanir, svo sem útvarpið og ríkisprentsmiðjan, hafa að vísu nokkurn tekjuafgang, en hann rennur allur til viðhalds og endurbyggingar þessara stofnana.

Heildarrekstrartekjur ríkissjóðs næsta ár eru áætlaðar 86.810 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að í fjárl. þessa árs eru tekjurnar 88.306 þús. kr., þegar frá er dreginn hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti. Tekjur þessa árs fara væntanlega mikið fram úr áætlun. En þess er engin von, að svo verði um tekjur næsta árs, þótt allt gangi skaplega.

Gjöldin eru áætluð samtals 88.868.996 kr., og eru þá meðtalin gjöld á sjóðsyfirliti. Heildarútgjöld gildandi fjárl. eru 95.950.548 kr., en aðgætandi er, að í þeim er talinn til gjalda hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti, 6 millj. kr. Sambærileg tala væri því 89.950.548 kr. En þótt heildarútgjaldatalan sé lítið eitt lægri í frv., orsakast það ekki af því, að rekstrarkostnaður ríkisins hafi lækkað. Þvert á móti, — hann hefur hækkað mjög verulega, og það er eitt af þeim hættumerkjum, sem gefa verður gaum nú, þegar útfallið fer að hefjast í tekjum ríkissjóðs. Það er eins um ríkissjóðinn og einstaklinginn: Hann má helzt ekki eyða meira en hann aflar, ef vel á að fara, og því eru takmörk sett, hversu lengi hann getur haldið uppi hallarekstri. En slíkur rekstur er að líkindum skammt fram undan, og má búast við, að hann standi, meðan atvinnulíf landsmanna leitar jafnvægis eftir styrjaldarástandið, nema betur takist um samræmingu framleiðslukostnaðar og afurðaverðs en nú horfir.

Á 16. gr. gildandi fjárlaga eru ætlaðar 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Þessi liður er felldur burt úr frv., fyrst og fremst vegna þess, að áætlun tekna leyfði ekki, að slík fjárhæð væri tekin með, og enn fremur vegna þess, að það verður að teljast hlutverk Alþingis að ákveða um slík útgjöld. Ef þessi fjárhæð er dregin frá fjárl. og síðan gerður samanburður á þeim og frv., kemur í ljós, að heildarhækkun á útgjöldunum nemur um 9 millj. kr. Hækkun er í því nær öllum greinum, og þrátt fyrir mjög nákvæma athugun fjmrn. á hinum hækkuðu liðum, hefur ekki reynzt unnt að standa á móti þeim hækkunaráætlunum, sem gerðar hafa verið, nema að litlu leyti, ef forðast ætti að blekkja sjálfan sig. Þótt illt sé að þurfa að láta gjöldin hækka, eru það þó lítil hyggindi að setja þau lægra en líklegt er, að þau verði. Slíkt hefnir sín síðar, og er jafnan skammgóður vermir að þess konar sjálfsblekking.

Ég skal þá gera grein fyrir þeirri útgjaldaaukningu, er máli skiptir.

Alþingiskostnaður hækkar um 660 þús. kr. Er farið eftir till. frá skrifstofu Alþingis, sem telur rétt að áætla þingkostnaðinn eins og í frv. greinir, með tilliti til þess, hvernig háttað hefur verið þingsetu undanfarið.

Fjárframlög til ríkisstj. (10 gr.) hækkar um 400 þús. kr. Af því er hækkun á ýmsum kostnaði ráðuneytanna 85 þús. kr., sem áætlaður er samkv. reynslu ársins 1943, og auknar kaupgreiðslur ráðuneytanna, er nema 107 þús. kr., og er um helmingur þess vegna aukningar á starfsliði endurskoðunardeildar fjmrn., sem skorti mjög starfskrafta, og endurskoðunin þess vegna mjög seinvirk. Þessu er nú verið að kippa í lag. Kostnaður við utanríkisþjónustu hefur hækkað um 173 þús. kr., og stafar það aðallega af stofnun sendiráðs í Moskvu á þessu ári.

Dómgæzla og lögreglustjórn (11. gr.) hækkar um 1.7 millj. kr.

Kostnaður við landhelgisgæzlu er áætlaður 750 þús. kr. hærri, vegna þess að reynsla þessa árs sýnir, að þessi kostnaður hefur verið allt of lágt áætlaður í fjárl. Um það verður ekki sagt, hvort 2 millj. kr. fjárveiting nægir. Það verður að sjálfsögðu mikið undir því komið, hvernig hagað verður rekstri landhelgisgæzlunnar. — Nokkur hækkun hefur orðið hjá þeim embættum, sem fara með dómgæzlu og lögreglustjórn. Lögmannsembættinu hefur verið skipt í tvö ný embætti, og hefur það að sjálfsögðu nokkurn kostnað í för með sér. Af þessum embættum er kostnaður orðinn mestur við sakadómaraembættið, og hækkar hann nú um 60 þús. kr. Kostnaður við lögreglu hækkar um 180 þús. kr. Kostnaður vegna innheimtu tolla hækkar um 366 þús. kr. Útgjöld vegna skattanefnda og skattstofu Reykjavíkur vaxa um 150 þús. kr. Á þessu ári voru stofnuð þrjú skattstjóraembætti, og laun skattanefnda voru hækkuð nokkuð, enda voru þau talin lítt viðunandi vegna ört vaxandi dýrtíðar. Öll þessi útgjöld eru af greindum embættum og stofnunum talin óumflýjanleg. Erfitt er að bera brigður á slíkt án rannsóknar á öllum rekstri þeirra. En tími virðist nú kominn til að gera heildarathugun á embættum og stofnunum ríkisins, og kem ég að því síðar.

Rekstur sjúkrahúsa er enn hækkandi. Á þessu ári er ætlað til ríkisspítala samtals 2.138.203 kr. Þessi liður er því áætlaður 210 þús. kr. hærri en á þessu ári. Hækkun er aðallega á rekstri geðveikrahælisins og heilsuhælanna tveggja, Vífilsstaða og Kristneshælis. Kostnaðurinn er áætlaður eins og hann hefur reynzt undanfarið. Reikningshald og yfirlit um reksturinn sýnist vera í bezta lagi, en að sjálfsögðu er það að mestu undir forstöðumönnum stofnananna komið, hversu hagkvæmur reksturinn er. Venjuleg endurskoðun getur lítilli gagnrýni beitt í því efni.

Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli hefur verið hækkaður um hálfa millj. kr., upp í 750 þús. Þörfin er mikil í þessu efni víða um land, og því miður er ekki hægt að bæta úr henni eins og skyldi. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana er ætluð ein millj. kr. á 22. gr., og er það 200 þúsund kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

Samgöngumálin (13. gr.) eru að líkindum viðkvæmasti kafli fjárl. Þennan kafla nefna margir öðru nafni verklegar framkvæmdir, og hygg ég, að sjaldan sé svo lagt fram fjárlagafrv., að flestum þyki ekki of lítið lagt til hinna verklegu framkvæmda. Ég hef þegar fengið að heyra, að í frv. sé gerður stórfelldur niðurskurður á þessum framkvæmdum, og það er sagt á þann hátt, eins og allt atvinnulíf landsins sé í veði. Mér kemur ekki til hugar að neita því, að þeir þrír aðalkaflar, vegamál, samgöngur á sjó, vitamál og hafnargerðir, sem koma undir þessa grein fjárl., séu afar mikilsvarðandi og mikið undir því komið, að þeir skipi þann sess í fjárl., sem nauðsyn krefur og efnin leyfa. En ég tel með öllu ástæðulaust að æðrast í þessu efni, þótt nýbyggingar vega og hafnarmannvirkja séu ekki á toppi, eins og sakir standa, meðan lítið fæst fyrir hverja krónu og nægileg atvinna er í landinu.

Í frv. er gert ráð fyrir heildarfjárveitingu til vegamála, er nemur 13.972.947 kr. á móti 14.213. 120 kr. á þessu ári eða lækkun, sem nemur aðeins 1—1½%. Nokkur hækkun er á fjárveitingu til stjórnar og undirbúnings vegagerða, til þess að hægt sé að fjölga verkfræðingum til aðstoðar vegamálastjóra. Tæknileg aðstoð hefur undanfarið verið af mjög skornum skammti við mjög víðtækar mælingar, athuganir og útreikninga, sem vegamálaskrifstofan hefur jafnan með höndum. Væntanlega verður nú úr því bætt.

Fjárveiting til nýrra akvega hefur verið lækkuð um 2.893 þús. kr., en viðhald og endurbætur þjóðvega hefur verið hækkað um 2.500 þús. kr., upp í 7 millj. kr. Á síðasta ári var varið til vegaviðhalds yfir 10 millj. kr., en af því var um helmingur greiddur af setuliðinu fyrir það slit, sem orsakast af ökutækjum hersins. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að viðhaldið verði um 7,5 millj. kr., og af því er áætlað, að setuliðið greiði 1.6 millj. kr. Á næsta ári má búast við, að viðhaldskostnaður verði ekki minni en nú, en hins vegar verður engu spáð um það, hver þátttaka setuliðsins verður um viðgerð veganna.

Framkvæmdum ríkisins um nýbyggingar og viðhald þjóðvega eru að sjálfsögðu takmörk sett af fjárhagslegum ástæðum ríkissjóðs hverju sinni. Af áætluðum heildarrekstrartekjum samkvæmt frv., 86.8 millj. kr., er gert ráð fyrir, að 9.750 þús. kr. fari til nýlagningar og viðhalds vega, eða

11.23%. Ef gerður er samanburður á tveimur síðustu fjárl., kemur þetta út:

1944 er varið 11.47% af heildarrekstrartekjum
1943 — — 11.50% — —

Verður því ekki með sanngirni sagt, að hinum verklegu framkvæmdum í þessu efni sé skorinn þrengri stakkur í samanburði við afkomu ríkissjóðs en Alþ. hefur sjálft gert undanfarin tvö ár.

Til brúargerða er áætlað 1.5 millj. kr., og er það 300 þús. kr. hærra en á gildandi fjárl. Af þessu er ein millj. ætluð til smíði Ölfusárbrúar. Áætlað er, að brúin muni kosta 2 millj. kr., og verður ekki hjá því komizt að smíða hana á næsta sumri. En þrátt fyrir það taldi ég rétt, að kostnaðinum yrði skipt á tvö ár, og hef því tekið helming kostnaðarins í frv., en geri ráð fyrir, að hinn helmingurinn verði tekinn í fjárl. fyrir árið 1946. Ég tel ekki líklegt, að ríkissjóður þurfi að stofna til skuldar vegna smíðinnar, þótt kostnaðinum verði skipt á tvö ár.

Til strandferða ríkissjóðs eru áætlaðar 2.730.000 kr., og er það rúmlega einni millj. kr. hærra en nú er í fjárl. Þetta stafar af því, að í ljós hefur komið, að áætlun gildandi fjárl. er allt of lág, og verður ekki hjá því komizt að taka til greina hið raunverulega tap á strandferðunum og ætla fyrir því í fjárlögum.

Undirbúning þyrfti að hefja nú þegar um gerbreyting á strandferðum ríkisins eftir stríð. Ég tel lítinn vafa á því, að reka mætti þær hagkvæmar fyrir ríkissjóð og til meira hagræðis fyrir landsmenn, ef önnur skipun væri á þeim gerð. Nauðsynlegt er að fá ný og heppileg skip. Það sýnir sig nú, að rekstur þess eina skips, sem nýtt er og hentugt til þess hlutverks, sem því er ætlað, sýnir langhagkvæmasta útkomu.

Ég get ekki skilizt svo við þessa gr. frv., að ég minnist ekki á framlag til hafnarmannvirkja. Er það áætlað 2 millj. kr. eða rúmlega 200 þús. kr. lægra en nú er í fjárl. Þessi liður er ósundurliðaður, enda er venja, að Alþingi sjálft ákveði, hvernig fénu skuli skipt. Í hinni áætluðu fjárhæð er innifalið tillag til hafnarbótasjóðs, 300 þús. kr. Þessi sjóður er nú 3 millj. kr. og er ætlað hlutverk eins og nafn hans bendir til. Þessi fjárhæð hefur nú verið tekin úr ríkissjóði og lögð í sérstakan reikning í Landsbankanum og verður væntanlega geymd þar, þangað til að sjóðurinn tekur til starfa.

Kirkju- og kennslumál (14. gr.). Breyt. til hækkunar eru um 1 millj. kr. Til byggingar gagnfræðaskóla eru veittar 550 þús. kr., og er það hækkun um 220 þús. kr. með tilliti til þess, að lokið verði byggingu gagnfræðaskólahúsanna í Reykjavík og á Akureyri.

Til húsabóta á prestssetrum eru veittar 500 þús. kr. Er það 400 þús. kr. hærra en nú er í fjárl. Þörfin á þessum húsabótum er nú talin svo brýn, að ekki verður hjá því komizt að hefjast handa í þessu efni.

Stundakennslukaup við æðri skóla hefur verið hækkað um 50%, sökum þess að talið er, að kennslukaup það, sem verið hefur, sé óviðunandi og ekki sambærilegt við kaup, sem greitt er föstum kennurum fyrir sama verk. Nokkur hækkun er á launagreiðslum vegna almennrar barnafræðslu, og stafar hún af því, að nokkur fjölgun hefur orðið á kennaraliði í barnaskólum.

Til atvinnumála (16. gr.). Nokkur hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði Búnaðarfél. Íslands og Fiskifélags Íslands. Nýr liður er tekinn inn í þessa grein, sem áður hefur verið á heimildargrein, það er 300 þús. kr. byggingarstyrkur til nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík. Enn fremur eru áætlaðar 2 millj. kr. til áburðarverksmiðju, og hafa þá samtals verið ætlaðar 4 millj. kr. til þeirrar framkvæmdar.

Nokkuð hefur verið dregið úr kostnaði vegna sauðfjársjúkdóma. Kann sumum að finnast of lítið fram lagt. Þessi útgjöld hafa nú staðið frá ári til árs um langan tíma, og líklegt er, að erfitt verði að halda uppi þessum framlögum, þegar aftur þrengist í búi. Væri nauðsynlegt að taka allt þetta mál til gagngerðrar athugunar, því að vera mætti, að ný sjónarmið kæmu fram við gaumgæfilega endurskoðun.

Sjúkratryggingar (17. gr.). Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í l. frá 30. des. 1943 átti að fara fram á þessu ári atkvæðagreiðsla um stofnun sjúkrasamlaga um land allt, þar sem sjúkrasamlög eru ekki þegar komin á fót. Félagatala samlaganna var 43 þús. á síðasta ári, en á öllu landinu er tala tryggingarskylds fólks um 77 þús., auk um 8000 gamalmenna, sem rétt hafa til trygginga. Virðist því líklegt, að með nýjum samlögum geti fjölgun meðlima orðið 30—40 þús. Samþykkt hefur verið þegar að stofna ný sjúkrasamlög í 50 hreppum. Áætlað er, að tillög hinna nýju samlaga verði til jafnaðar um 4 kr. á mánuði eða 48 kr. á ári. Yrði þá framlag ríkissjóðs 33⅓% eða 16 kr. á félagsmann, samtals 560—640 þús. kr. Tryggingastofnunin vill telja, að ekki sé varlegt að áætla framlag ríkissjóðs undir hámarki eða 640 þús. kr.

Ríkissjóður greiddi áður 25% af greiddum iðgjöldum til samlaganna. En samkvæmt l. frá 30. des. 1943 var framlag ríkissjóðs hækkað upp í 33⅓%. Kostnaður vegna þessara breyt. er áætlaður 105 þús. kr.

Samtals er áætlað, að framlag til sjúkratrygginga hækki um 970 þús. kr. á næsta ári frá því, sem fjárl. 1944 áætla.

Ellilaun og örorkubætur. Með l. frá 30. des. 1943 var ákveðið, að ríkissjóður legði fram (auk 200 þús. kr. framlags) það, sem á skortir, að framlag Lífeyrissjóðs Íslands nægi til að greiða 50% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta, en áður var framlag ríkissjóðs og Tryggingastofnunarinnar 50% til I. flokks, en 30% til II. flokks. Flokkaskiptingin fellur niður, en lágmark upphæða, sem framlag kemur á móti, var ákveðið 120 kr. auk verðlagsuppbótar.

Ellilauna og örorkubóta njóta nú yfir 6000 manns, og er heildargreiðslan 4½ millj. kr. Af því greiðir nú ríkissjóður og Tryggingastofnunin 1.4 millj. kr. En af breyt. þeirri, er ég nú nefndi, er talið, að leiði það, að framlagið, sem ríkissjóður þarf að greiða, hækkar um rúmlega 100% frá gildandi fjárl. eða úr 1180 þús. kr. upp í 2550 þús. kr. Samtals nemur þá hækkun til alþýðutryggginga 2.465.000 kr., sem að mestu stafar af lagasetningu á síðasta ári.

Eftirlaun (18. gr.) hækka um 750 þús. kr. vegna framlags ríkissjóðs til lífeyrissjóðs samkvæmt l. frá 1943. Er þetta í fyrsta skipti, sem þessi útgjaldaliður er tekinn í fjárlög.

Ég hef þá getið flestra þeirra hækkana og breytinga, sem nokkru máli skipta í útgjaldabálki frv.

Vísitala frv. Öll gjöld frv. til dýrtíðaruppbóta eru byggð á vísitölu 250. Er það sami grundvöllur og hafður var við samning núgildandi fjárl. Þetta er að vísu lægri vísitala en nú er gildandi. En þegar þetta frv. var samið, var ógerlegt að spá nokkru um það, hvaða stefnu dýrtíðarmálin mundu taka, hvort dýrtíðin lækkaði eða hvort verðbólgan mundi vaxa öllu atvinnulífi landsmanna yfir höfuð. Útgjöld frumvarpsins, þau er dýrtíðaruppbót taka, voru því, meðan svo stóð, engu nær sanni, þótt til grundvallar væri lögð vísitalan 272. Hins vegar er auðvelt að áætla hækkun eða lækkun í þessu efni, eftir því sem útlit er fyrir, að stefni í dýrtíðarmálunum, þegar þingið leggur síðustu hönd á fjárl. Áætlað er, að hvert stig til hækkunar eða lækkunar gildi ríkissjóð 150—160 þús. kr. Meðalvísitala síðasta árs var 256. Áætlun um tekjuskattinn er byggð á afkomu síðasta árs. Ef meðalvísitala þessa árs sýnist ætla að verða hærri, mundi það orsaka nokkru hærri tekjuskatt á móti.

Ég geri ráð fyrir, að á það muni verða bent, að frv. sé með þessu móti ekki látið sýna hina raunverulegu útgjaldafjárhæð. Ég býst enn fremur við, að einhverjir muni telja það sérstaka goðgá, að frv. var ekki lagt fyrir þingið, þegar er það kom saman í byrjun september. Því er til að svara, að hina raunverulegu útgjaldafjárhæð er fyrst hægt að ákveða, þegar þingið hefur komið dýrtíðarmálunum á fastan grundvöll. Í öðru lagi vil ég kalla frv. of snemma, en ekki of seint fram komið. Ástæðan til þess, að fjárlfrv. var ekki afgreitt á vetrarþingi, eins og lög standa til, var sú, að enginn treystist til að áætla afkomu ársins 1945 svo löngu fyrir fram. Dýrtíðarmálin voru óleyst, og ráðgátan um gang styrjaldarinnar sömuleiðis. Enn þá eru dýrtíðarmálin óleyst og því nær í fullri óvissu. Meðan svo stendur, er hvert fjárlfrv., sem fram er lagt, byggt á sandi, hversu vandlega og samvizkusamlega sem það er undirbúið.

Dýrtíðarráðstafanir. Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum framlögum til dýrtíðarráðstafana af þeirri einföldu ástæðu, að ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að slík fjárframlög frá ríkissjóði verði að falla niður frá næstu áramótum. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt frv. ber það með sér, að ekki er lengur hægt að standa undir slíkum greiðslum, svo að tugmillj. króna skiptir, nema nýjum, stórfelldum tekjuskatti yrði bætt á þjóðina. Stj. taldi ekki fært að bera fram slíkar tillögur, eins og nú standa sakir. Hún álítur, að verðlagið og kaupgjaldið verði að lækka frá næstu áramótum, án þess að uppbætur úr ríkissjóði komi til. Vegna þeirrar sannfæringar bar hún fram frv. sitt til dýrtíðarráðstafana, sem nú liggur fyrir þinginu, frv., sem þingflokkarnir og blöð þeirra hafa talið óalandi og óferjandi. Tíminn á eftir að leiða í ljós, að stefna stj. er rétt í þessu efni og líklega sú eina, sem framkvæmanleg er.

Tollalækkun og vísitala. Í sambandi við baráttuna við dýrtíðina hefur því verið haldið fram af sumum, að ódýrast væri að lækka hana með afnámi tolla, og talið, að gera mætti þetta með helmingi lægra framlagi en nú er gert. Nú er áætlað, að það kosti ríkissjóð um 900 þús. kr. á ári að greiða niður hvert vísitölustig. Gerð hefur verið áætlun í viðskmrn. um, hvað hvert vísitölustig kosti ríkissjóð með afnámi tolla á þeim vörum erlendum, sem ganga inn í vísitöluna. Niðurstaðan af þeirri athugun er sú, að bein áhrif af afnámi tollanna mundi verða 10—12 stig og að hvert stig mundi kosta um 1.3 millj. kr. Slík athugun sem þessi er miklum vandkvæðum bundin, og verður því að taka niðurstöðurnar með nokkurri varúð. En ég hygg, að þessar tölur fari nokkuð nærri sanni. Bendir þá þessi athugun til þess, að það kosti ríkissjóð talsvert meira að lækka vísitöluna með afnámi tolla en með beinu fjárframlagi.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu ári. Ef athuguð er afkoma ríkissjóðs það, sem af er þessu ári, er ástæða til að búast við, að tekjurnar geti orðið um eða yfir 100 millj. kr. Samkvæmt fjárl. eru raunveruleg útgjöld um 89 millj. kr. Við það bætist framlag til dýrtíðarráðstafana vegna verðlækkunar, sem ekki stendur í fjárl. og er að líkindum 11—12 millj. kr., ef framlagið hækkar ekki frá því, sem verið hefur. Vitanlegt er, að einhverjir liðir fara fram úr áætlun, svo sem landhelgisgæzla. Með talsverðri bjartsýni mætti hugsa sér, að tekjur og gjöld ríkisins komi til að standa í járnum á þessu ári. En það er enn þá of snemmt að mynda sér skoðun í þessu efni, sem örugg mætti teljast.

Lántaka. Á þessu ári hefur verið tekið lán að fjárhæð 10 millj. kr. samkv. heimild í l. frá 30. des. 1943. Lánið greiðist á mislöngum tíma eins og hér segir:

4 millj. kr. til 7 ára
3 — - - 10 -
3 — - - 20 -

Vextir af láninu eru 3½ %, og eru það lægstu vextir, sem ríkissjóður hefur greitt til þessa. Nokkuð af láninu var boðið út opinberlega af Landsbanka Íslands, en hitt var selt Tryggingastofnun ríkisins og Landsbankanum, og verða bréfin afhent fyrir áramótin.

Á þessu ári hefur verið greitt brezkt lán frá 1921, að fjárhæð 6.187.668 kr. Þar af var hluti ríkissjóðs 3.511.917 kr. Öðru brezku láni, frá 1935, verður sagt upp til greiðslu á næsta ári. Hluti ríkissjóðs í því láni nemur 8.282.819 kr. Þegar það er greitt, skuldar ríkissjóður erlendis aðeins í Danmörku, og nemur sú skuld nú um 11.400.000 kr. Af því eru þegar fallnar í gjalddaga um 4 millj. kr. ísl.

Innan lands skuldar ríkissjóður í handhafaskuldabréfum 21.409.000 kr., þegar út hafa verið gefin þau skuldabréf, er að ofan greinir.

Framlag vegna alþjóðasamvinnu. Með skömmu millibili hefur Íslandi verið boðin þátttaka í tveimur mikilvægum ráðstefnum um alþjóðasamvinnu eftir stríð. Fyrri ráðstefnan fjallaði um endurreisnar- og hjálparstarfsemi hinna sameinuðu þjóða, sem Íslendingar hafa gerzt þátttakendur að, og nemur tillagið 1% af áætluðum þjóðartekjum. Í 22. gr. gildandi fjárl. er ríkisstj. heimilað að greiða þátttökugjald Íslands í samræmi við aðra þátttakendur. Fjmrn. hefur nú lagt til hliðar á sérstakan reikning 3 millj. kr. í þessu skyni, því að búast má við, að til útborgunar komi mjög bráðlega.

Hin ráðstefnan fjallaði um fjárhags- og við-

skiptamál, hin svokallaða Bretton Woods ráðstefna. Þar var ákveðið að stofna alþjóðabanka og gjaldeyrissjóð með þeim fyrirvara, að það næði samþykki hjá þingi og stjórn hvers lands. Tillag til þessara stofnana er greitt á tvennan hátt, með greiðslu í gulli eða frjálsum gjaldeyri og með greiðslu eða tryggingu í innlendum gjaldeyri í banka hér.

Framlag Íslands til alþjóðabankans er áætlað 1 millj. dollara og sama fjárhæð til gjaldeyrissjóðsins. Af þessu á að greiða til sjóðsins 250 þús. dollara í gulli eða gullgildum gjaldeyri og til bankans 20 þús. dollara. Afganginn á að greiða í íslenzkum krónum með því að færa þær fjárhæðir þessum stofnunum til tekna í þjóðbankanum við inngöngu eða þegar kallað er eftir.

Vegna þess að margir álíta, að hér sé um að ræða 13 millj. kr. bein útgjöld fyrir ríkissjóð, vil ég taka fram, að svo er ekki. Þótt framlag það, sem ég hef nú nefnt, geti ekki talizt með öllu áhættulaust, er engin ástæða til að ætla annað en höfuðstóllinn sé vel tryggður. Ég hef því hugsað mér, að hægt sé að fullnægja væntanlegum skuldbindingum í þessu efni án nokkurra beinna fjárframlaga frá ríkissjóði, heldur með samvinnu við þjóðbankann og hina bankana með notkun þess gulls, sem hér liggur nú vaxtalaust, og með tryggingum. Kostnaður af þessu ætti helzt enginn að vera fyrir ríkissjóð. Nauðsynlegt kann að vera að skipa þessu með l. í sambandi við væntanlega samþykkt Alþingis um, að Ísland gerist þátttakandi í áðurnefndum stofnunum.

Með þetta fyrir augum hef ég talið rétt að taka ekki í fjárlfrv. greiðslu vegna vaxtataps vegna gjaldeyrisvarasjóðs samkvæmt l. nr. 50 27. júní 1941, en það eru 150.000 kr. á fjárl. þessa árs. Þessum l. verður að breyta, eins og nú er komið.

Þau hlunnindi, sem áðurgreindar stofnanir veita beinlínis, eru innhlaup hjá sjóðnum til gjaldeyriskaupa fyrir íslenzka mynt, er nemur 13 millj. kr., og lánsmöguleikar hjá bankanum, ef nauðsyn krefur. En ég tel þó hin óbeinu hlunnindi mikilvægari fyrir viðskipti þjóðarinnar út á við.

Endurskoðun á rekstri ríkisins. Eins og þetta fjárlfrv. ber með sér, er rekstur ríkisbúsins orðinn mikið bákn. Af rekstrarútgjöldunum, sem talin eru 81.6 millj. kr., eru nálega ⅘ hlutar föst útgjöld, sem bundin eru með l. eða óhagganleg á annan hátt. Það eru útgjaldaliðir, sem flestir eru ómissandi þættir í þjóðfélagsbúskap nútímans. En þótt þessir þættir séu ómissandi, er ekki þar með sagt, að þeir séu starfræktir á þann hátt, er haganlegastan mætti kalla. Í litlu þjóðfélagi, sem vill lifa menningarlífi, getur oft orðið erfitt að láta endana ná saman, nema gætt sé hinnar ýtrustu hagsýni og gaumgæfni í opinberum rekstri. Því færri sem bökin eru, sem byrðarnar bera, því meiri nauðsyn er að hafa vakandi auga á því, að þeim séu ekki bundnir of þungir baggar.

Þann stutta tíma, sem ég hef haft tækifæri til að fylgjast með ýmsum rekstri ríkisins, hef ég oft séð, að margt mætti betur fara og margt mætti reka á hagkvæmari hátt en nú er. En þótt einhverju sé kippt í lag á stöku stað, skiptir það litlu máli fyrir reksturinn í heild. Til þess að ná árangri, sem um munar, þarf að endurskoða allan rekstur ríkisins í heild með það fyrir augum að fella niður það, sem óþarft er, breyta því, sem aflaga fer, færa saman það, sem ofaukið er, og skera burt það, sem rotið er. Slík endurskoðun er mjög nauðsynleg einmitt nú eftir hina miklu þenslu ófriðarástandsins. Til hennar þarf að stofna strax, og til hennar þarf að vanda, svo að hún geri það gagn, sem að væri stefnt.

Ástand og horfur. Fáum getur dulizt, að ríkissjóður á harða varnarbaráttu fyrir höndum, meðan atvinnulíf landsins er að ná jafnvægi eftir röskun styrjaldarinnar. Ef ekki fer flest betur en á horfist, er líklegt, að tekjustofnarnir bresti, áður en gjaldaliðirnir sýni nokkur veruleg merki til lækkunar. Eina vonin til þess, að hægt verði að forðast þung áföll, er sú, að atvinnuvegirnir og þá sérstaklega útflutningsframleiðslan geti starfað af fullum krafti og án hindrunar. Ef vinnustöðvanir verða af einhverjum ástæðum, sem rýra atvinnutekjur landsmanna að verulegum mun, getur svo farið, að afkomu ríkissjóðs verði mikil hætta búin. Það, sem nú þarf að forðast umfram allt, er, að ríkissjóður safni skuldum vegna rekstrarins.

Öll þjóðin og um leið ríkissjóður á mikið í húfi, hvernig tekst um að færa framleiðslukostnaðinn til samræmis við söluverð afurðanna á hverjum tíma. Ef framleiðslan er rekin á heilbrigðan hátt án rekstrarhalla og án innbyrðis baráttu, þá mun ekki á skorta, að inneignir landsmanna erlendis verði notaðar til kaupa á nýjum atvinnutækjum. En ef deilur sjóða hlekki um hönd framleiðslunnar og hallarekstur nagar rætur hennar, þá missa menn trú á henni, og þá er hætt við, að hún verði yfirgefin eins og skip, sem orðið er lekt.

Forseti (GSv): Þá hefur hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, lokið máli sínu, og hefst þá umræðutími þingflokkanna. Fyrstur tekur til máls hv. 3. landsk., HG, er talar af hálfu Alþfl., og talar hann í allt að ½ klst.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. — Það eru aðeins þrjú atriði í ræðu hæstv. fjmrh., er hann flutti hér áðan, sem ég sé sérstaka ástæðu til að víkja nokkrum orðum að. Í fyrsta lagi vildi ég minnast á frv. það, sem stj. lagði fram til lækkunar á dýrtíðinni eða um breyt. á dýrtíðarl. og hæstv. fjmrh. talaði um. Ég vil aðeins minna hann á það, að jafnvel þótt frv. verði samþ., yrði ómögulegt að halda jafnvel núverandi vísitölu óbreyttri án verulegra fjárframlaga úr ríkissjóði, auk þess sem á því eru þeir ágallar, að ekki er unnt að samþ. það. Hins vegar er ég sammála hæstv. fjmrh. um það, að ekki sé unnt að ganga frá fjárl., meðan Alþ. hefur ekkert ákveðið um það, hvað gert verði til varna vaxandi dýrtíð, en harma, að hann skuli ekki hafa bent á fleiri leiðir til úrbóta en hann hefur gert til þessa. — Þá vildi ég einnig minnast á það, sem hæstv. fjmrh. drap réttilega á, að nauðsynlegt væri að taka til endurskoðunar rekstur þjóðarbúsins. Um þetta er ég honum sammála, en ég harma það, að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa opnað augun fyrir þessu atriði fyrr en svo seint, eins og ég harma það, að þessi stj. skuli ekki hafa einmitt vegna aðstöðu sinnar tekið mjög aðkallandi mál til meðferðar, sem sé endurskoðun skattalöggjafarinnar, þar sem það er ópólitískt atriði, með

það fyrir augum fyrst og fremst að tryggja betur en nú er skýr og rétt framtöl og setja reglur um, hvernig tekjur eigi að koma til skatts. Ef stj. hefði tekið að sér að leysa slík verkefni og tekizt að leysa þau, hefði hún áreiðanlega getið sér góðan orðstír.

Hæstv. ríkisstj. lýsti yfir því, er hún tók við völdum fyrir tæpum 2 árum, að hún væri til þess mynduð að lækka dýrtíðina og koma þannig atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll. Þetta skyldi vera hennar eina hlutverk auk venjulegra ópólitískra afgreiðslustarfa. Fyrrv. stjórnir, stj. Ólafs Thors og samstj. Framsfl. og Sjálfstfl., höfðu áður gefið svipuð fyrirheit, en með þeim árangri, að dýrtíðin hafði stöðugt aukizt. Nú skyldu verða umskipti, dýrtíðin tekin þeim tökum, sem að haldi kæmu. Hefur stj. tekizt að vinna bug á dýrtíðinni? Eru atvinnuvegirnir á traustum og heilbrigðum grundvelli? Vísitala framfærslukostnaðar var 272 stig, þegar stj. tók við fyrir 23 mánuðum. Hún er nú 272 stig eða nákvæmlega jafnhá. En sagan er ekki öll sögð með því. Hin raunverulega dýrtíð er langtum meiri en vísitalan segir til um. Tugir millj. hafa verið greiddir hvort þessara tveggja æviára stj. til þess að halda niðri verði landbúnaðarafurða. Væru þessar greiðslur felldar niður, yrði vísitalan allt að 330 stigum eða um 60 stigum hærri en þegar stj. tók við, að óbreyttu gildi ályktunar sex manna n. og samkv. áætlun kjötverðlagsn. — Undanfarið hefur verið greitt úr ríkissjóði nálægt 2 millj. kr. á mánuði til jafnaðar til verðuppbóta á landbúnaðarafurðir. Ef lækkun samkv. sex manna n. álitinu kæmi til framkvæmda, mundi þessi upphæð þurfa að hækka upp í nálega 3 millj. kr. á mánuði eða 35 millj. kr. á ári til þess að halda vísitölunni óbreyttri. Það er augljóst mál, að slíkt er ríkissjóði ofvaxið. Upphæð þessi samsvarar ⅔ eða 40% af öllum tekjum ríkissjóðs á næsta ári samkv. frv. hæstv. fjmrh. Hitt er ekki síður ljóst, að ef vísitalan hækkar upp í 330 stig, þá hlýtur mestur hluti útvegsins að stöðvast, jafnvel þótt það verð, sem hann nýtur nú, haldist óbreytt.

Hæstv. ríkisstj. lagði fram snemma á þessu þingi frv. um breyt. á dýrtíðarl. Jafnvel þótt það frv. hefði verið samþ., svo fráleitt sem það að ýmsu leyti var, hefði þurft að greiða úr ríkissjóði tugi millj. til þess að halda vísitölunni óbreyttri, og hvorki frv. um breyt. á dýrtíðarl. né frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir, gerði ráð fyrir fjáröflun til þess að gera ríkissjóði fært að inna þær greiðslur af hendi.

Þær staðreyndir, sem fyrir liggja, eru því þessar: Hæstv. ríkisstj. hefur gefizt upp í baráttunni við dýrtíðina. Hún hefur lagt árar í bát. Hún hefur hreinlega viðurkennt, að hún hafi ekki reynzt þeim vanda vaxin, sem hún færðist í fang, þegar hún tók við völdum. Viðurkenning hæstv. ríkisstj. sjálfrar á þessum staðreyndum liggur og fyrir. Hún hefur beðizt lausnar fyrir um þremur vikum og viljað vísa vandanum frá sér til Alþingis. Það er eins og hún sjái ekki dýrtíðina eða þann voða, sem af henni getur stafað.

Frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir, er samið af ríkisstj., sem ekki gerir ráð fyrir sjálf að lifa og stjórna í samræmi við það, heldur ætlar öðrum að stýra rekstri þjóðarbúsins skv. því. Fjárl. eru jafnan talin ein hin allra þýðingarmestu l., sem Alþingi setur. Þau snerta mjög hag hvers einasta manns í landinu og segja fyrir um, hversu sameiginlegum tekjum þjóðarinnar skuli varið, svo að alþjóð verði að sem mestum notum. Fjárlfrv. er því mat þess ráðherra, sem semur það og leggur fram, á þörf þjóðarinnar til sameiginlegra aðgerða og á fjárhagsgetu hennar. Það er mat hans á framtíðarhorfunum og möguleikum þjóðarinnar til þess að ráða einhverju um, hvernig framtíðin verður. Frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs verði nærfellt 87 millj. kr. árið 1945. Hrein rekstrargjöld eru áætluð um 82 millj., afborgun skulda um 3 millj. og greiðsluhalli um 300 þús. kr. En þrátt fyrir þessar háu upphæðir og bágbornu niðurstöðu er ekki einn eyrir ætlaður til dýrtíðarráðstafana, hvorki til að halda niðri verði innan lands né til þess að greiða verðuppbætur á útfluttar vörur.

Um útflutningsbætur skal ég ekki ræða margt nú. Fyrirframskuldbindingar um slíkar greiðslur til einstakra stétta, meðan allt er í óvissu um afkomu annarra stétta, fjárhag ríkissjóðs og hvað fyrir vörurnar fæst, tel ég með öllu óverjandi, að Alþingi taki á sig. Nokkuð öðru máli gegnir um framlög til að halda verðinu niðri innan lands. Það hefur nú verið gert í tvö ár og mundi því valda stórfelldu raski og erfiðleikum, ef þær greiðslur yrðu felldar niður, eins og nú er ástatt, og dýrtíðarvísitalan látin hækka sem því nemur. En eins og áður er sagt, er í frv. enginn eyrir ætlaður til slíkra ráðstafana. Þá er það ekki síður athyglisvert, að framlög til ýmissa verklegra framkvæmda hafa verið lækkuð mjög verulega og heimild til að verja 2 millj. kr. til atvinnuaukningar hefur verið felld niður. Eigi að skoða þetta sem mat hæstv. ráðh. á atvinnuhorfum og þörfum verkalýðsins á næsta ári, hika ég ekki við að segja, að þetta mat sé rangt og lít svo á, að einmitt á næsta ári sé fyllsta ástæða til að gera ráð fyrir, að þörf verði á að auka atvinnu við verklegar framkvæmdir og jafnvel grípa til sérstakra atvinnubótaframkvæmda.

Samkv. 16. gr. frv., sem fjallar um atvinnumál, er gert ráð fyrir, að varið verði til landbúnaðarmála um 7 millj. kr. auk tveggja millj. til áburðarverksmiðju eða samtals 9—10 millj. til landbúnaðar. Til sjávarútvegs er hins vegar aðeins gert ráð fyrir í sömu gr., að lagðar verði um 700 þús. kr. eða einn þrettándi hluti þess, sem ætlað er til landbúnaðar, að ótöldum uppbótum, og til iðnaðar aðeins 300 þús. kr. Ekki get ég neitað því, að mér virðist hæstv. ríkisstj. mislagðar hendur við skiptingu fjárins milli þessara þriggja höfuðatvinnuvega okkar. Mér finnst það gleymska hjá henni, að ekki er meira ætlað til sjávarútvegsins, sem þjóðin á þó mest undir, ef hún ætlar að halda uppi sambandi við aðrar þjóðir.

Loks vil ég benda á, að frv. gerir ráð fyrir og miðar útgjaldaáætlanirnar við, að framfærsluvísitalan verði á árinu 1945 um 250 stig. Nú er vísitalan 22 stigum hærri eða 272 stig, en dýrtíðin raunverulega miklu meiri, allt að því 330 stig, ef niðurstaða sex manna n. gildir áfram og áætlanir kjötverðlagsn. standast.

Fjárlfrv. staðfestir því það, sem áður er sagt, að ríkisstj. hefur lagt árar í bát, gefizt upp í baráttunni við dýrtíðina, lokað augunum fyrir staðreyndunum.

Það væri rangt að gefa hæstv. ríkisstj. einni sök á, að ekki hefur tekizt að stöðva dýrtíðina, hvað þá að lækka. Alþingi, einstakir flokkar þess, eiga þar og sína sök, og fleira kemur enn til. Hin gegndarlausa hækkun landbúnaðarvara haustið 1942, Ingólfsstyttan, hleypti skriðunni af stað. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að þær aðgerðir einar hefðu hækkað vísitöluna um 30 stig. Það hlutfall, er sex manna n. ákvað milli tekna bænda og verkamanna í sambandi við verðlag landbúnaðarafurða, varð til þess að hækka dýrtíðina verulega, þótt fagna beri þeirri ákvörðun svo langt sem hún nær. Hins vegar hefur Alþ. látið ríkisstj. í té mjög víðtækar heimildir til að halda dýrtíðinni niðri, bæði á vörum almennt og flutningsgjöldum, sem vænta hefði mátt árangurs af.

Ríkisstj. kennir Alþingi um margt og telur samvinnuna ekki eins góða og vera ætti. En á þessu sviði hefur hún haft frjálsar hendur. Hvernig hefur þá ríkisstj. tekizt í þessu efni? Þrátt fyrir verðlagseftirlitið virðist verzlunum, einkum heildverzlunum, fara stöðugt fjölgandi. Svo er að sjá, sem þær þurfi engan tilkostnað að spara. Hver af annarri setja þær upp dýrar skrifstofur í Bandaríkjunum, samtímis því sem svokallað innflytjendasamband tekur í sínar hendur kaup ákveðinna fleiri og fleiri vörutegunda og situr eitt að þeim innflutningi. Allt þetta verða neytendur að greiða í vöruverðinu. Skattskýrslur sýna geysigróða sumra verzlunarfyrirtækja, þrátt fyrir verðlagseftirlitið, svo sem olíufélaganna, og síðast, en ekki síst, er Eimskipafélag Íslands, sem hefur verið látið haldast uppi að græða yfir 2 tugi millj. á flutningi til landsins s. l. ár þrátt fyrir ótvíræðar heimildir ráðherrans til að ákveða flutningsgjöldin. Og allur þessi gróði er fenginn á leiguskipum, sem ríkisstj. hefur fengið fyrir vinsemd Bandaríkjamanna, sem hafa nóg að gera við öll sín skip. Ofan á þennan feiknagróða bætast svo tollar og álagning verzlana, og getur því hver maður séð, hversu gífurlega þetta hefur hlotið að hækka vöruverð og dýrtíð. Er ekki von, að trú manna á aðgerðir ríkisstj. í dýrtíðarmálunum minnki, þegar þetta viðgengst undir handarjaðri þess ráðherra, sem fór í stjórn eingöngu til þess að berjast gegn dýrtíðinni? Vissulega hefur oss Íslendingum áskotnazt mikið fé á undanförnum árum, en við höfum samt engin efni á að láta eitt félag græða 20—25 millj. á ári á flutningum til landsins og leggja síðan tolla og verzlunargróða á þessa fúlgu. Við höfum ekki heldur efni á að greiða 35 millj. kr. á landbúnaðarafurðir né að greiða kr. 18,82 fyrir 1 kg af kjöti, eins og kjötverðlagsn. telur, að rétt sé og nauðsynlegt, en það væri sama og að stöðva sauðfjárbúskap Íslendinga. Þetta er dregið fram til að sýna, hvernig ástatt er nú og hverju er að mæta á næstunni. Þetta sýnir ljóst, hvernig dýrtíðarmálunum er nú komið, þegar landsstjórnin kveður eftir tveggja ára setu. En fleiri eiga sök á þessu en hún, eins og ég hef áður tekið fram. Ég vildi aðeins festa þetta í minni hv. þm.

Núv. ríkisstj. er skipuð með sérstökum hætti. Hún nýtur ekki stuðnings meiri hl. Alþ. Hún var skipuð athafna- og fræðimönnum og óháð þingflokkunum. Þegar tilraunir til stjórnarmyndunar höfðu misheppnazt haustið 1942 innan þingsins, skipaði ríkisstjóri núv. ríkisstj., og tók hún við völdum í des. 1942. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að ríkisstj., sem ekki er skipuð af flokkunum og því óháð þeim, geti ekki gefizt vel, og efa ég þó ekki, að núv. ríkisstj. skipa duglegir menn. Það verður því að mynda stj. með þingræðislegum hætti með ákveðinn þingmeirihluta að baki sér. Ég hygg, að þetta hafi verið að skýrast, síðan þessi stj. tók við völdum. Undanfarið hefur verið unnið að myndun nýrrar stj., en slitnað upp úr þeim umleitunum.

Alþfl. hefur alltaf sett það skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj., að hann gæti sætt sig við málefnagrundvöll þann, sem byggt yrði á. Nú er svo ástatt, að annars vegar eru alveg sérstakir erfiðleikar innan lands um atvinnuhorfur vegna dýrtíðarinnar. Hins vegar er um meira fé að ræða, sem Alþ. getur tekið sér yfirráð yfir, en nokkru sinni áður. Það, sem nú liggur fyrir og mjög mikil nauðsyn ber til, er að stöðva dýrtíðina eða minnka hana, ef það er hægt. Það skal játað, að þetta er ekki karlmannlega mælt, en það er gert af ráðnum hug, þar sem það hefur ekki tekizt undanfarin ár.

Þá verður að festa verð á landbúnaðarafurðum og tryggja vinnufrið í landinu, koma á heilbrigðri samvinnu milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna í landinu. Innstæður erlendis yrði að festa og binda þeim ákvæðum, að þær yrðu aðeins notaðar á sérstakan hátt: til kaupa á skipum, til að reisa verksmiðjur, koma á fót rafveitum og fleira til tryggingar atvinnu í landinu. Það verður að nota innstæðurnar til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Deilur milli verkalýðsstéttarinnar og bænda um afurðaverð verður að jafna, því að samvinna þessara stétta er nauðsynleg til þess að tryggja framtíð beggja stéttanna. Ef það lánast að breyta erlendum innstæðum í verðmæti, sem verða til þess að tryggja í framtíðinni þessar stéttir þjóðarinnar, verkalýð og bændur, og gera atvinnutæki landsmanna afkastameiri, hlýtur samvinna þeirra að verða óhjákvæmileg, ef þessum verðmætum á að ráðstafa þannig, að báðum verði til hagsbóta í framtíðinni.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Fjárlfrv. það, sem hér liggur fyrir, er af mörgum ástæðum einstætt í sinni röð. Fyrst er það, að á slíkum peningaveltutímum sem nú verður að teljast meira en lítið ábyrgðarleysi, jafnvel af hinni ábyrgðarlausu ríkisstj., sem nú situr, að leggja fram fjárl. með stórkostlegum tekjuhalla.

Þá hlýtur það að vekja hina mestu undrun, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að sleppa útgjaldaliðum, sem ekki verður komizt hjá, hvernig sem allt veltist. Þetta er því furðulegra, þegar þess er gætt, að sumir hinna „gleymdu“ útgjaldaliða nema millj. og tugmillj. kr. Hvernig stendur á því, að ekki eru teknir með í útgjöldum fjárl. liðir eins og útgjöld íslenzka ríkisins í sambandi við alþjóða-hjálparstarfsemina? En þau koma til með að nema 18½ millj. kr., að því er nú er talið. Hvernig stendur á því, að verðuppbæturnar á landbúnaðarafurðir, sem talið er, að muni nema 25 millj. kr., eru ekki teknar með? Þótt þær séu ekki enn þá samþ. í þinginu, er á engan hátt hægt að afsaka sig með því, þar sem yfirgnæfandi meiri hl. þm. hefur lýst yfir fylgi sínu við málið. Og varla þarf að efa, að hæstv. ríkisstj. sé þeim till.

sammála, svo mjög eru þær í samræmi við hennar eigin till. Þá skortir mjög á, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið fullnægjandi skýringar á því hátterni sínu að reikna með 250 stiga vísitölu í frv. sínu, þegar vísitalan er 22 stigum hærri. Ekki er ólíklegt, að útgjöld ríkissjóðs verði nokkrum millj. kr. hærri en áætlað er vegna þessarar skekkju. Auk þessa er sleppt mörgum smærri útgjaldaliðum úr fjárlfrv. þessu, sem mjög ósanngjarnt er að fella niður, og verklegar framkvæmdir eru skornar niður stórkostlega.

Þá má ekki gleyma því, að nú liggja fyrir þinginu frv., sem hafa í för með sér milljóna kr. útgjöld, ef samþ. verða, eins og t. d. launalagafrv., sem flutt er í Ed. af mönnum úr öllum flokkum. Þá flytja Framsfl.menn og ýmsir nánustu samstarfsmenn þeirra í Sjálfstfl. frv. til l. um stórkostlega styrki úr ríkissjóði til ræktunar og byggingarframkvæmda í sveitum. Svo virðist sem hæstv. fjmrh. hefði átt að kynna sér, hvernig með þessi mál mundi verða farið. Aðstaða hans til þess að fá vitneskju um, hvernig mál þessi verða afgr. í þinginu, hlýtur að vera góð, þar sem hann mun sjálfur vera Sjálfstfl.-maður og nýtur nú mikils ástríkis hjá Framsfl. En ekki er tekið tillit til aukinna útgjalda þeirra vegna í fyrirliggjandi fjárlagafrv.

Að öllu þessu athuguðu er varlega að orði komizt, að fjárlagafrv. þetta sé hið furðulegasta plagg. Og þegar það er skoðað niður í kjölinn, kemur í ljós, að það er fullt af firrum og blekkingum. Raunverulegur tekjuhalli er a. m. k. 50 til 60 millj. kr. eftir því sem séð verður. Rauði þráðurinn í frv. er þröngsýni, afturhaldssemi og fjandskapur við meiri hl. þjóðarinnar, hið vinnandi fólk, og alger misskilningur á þeim tímum, sem nú eru.

Það er óforsvaranlegt með öllu að reyna að leyna þingið og þjóðina, hvernig ástandið er. Og það er háskaleg villa og smásmuguleg þröngsýni að halda, að nú dugi að skera niður framlög til vega- og brúargerða og annarra verklegra framkvæmda. Við slíkar ráðstafanir sparast ekki neinar stórfúlgur, en þær hafa skaðleg áhrif. Það, sem nú ber að gera fyrst og fremst, er að leggja grundvöll að varanlegri viðreisn atvinnuvega landsins og þá fyrst og fremst sjávarútvegsins, en fjárhagslega á þjóðin svo að segja allt undir afkomu hans.

Nú nýlega skýrði blað ríkisstj., Vísir, frá því, að Englendingar væru að útbúa nokkra togara á veiðar og sennilega mundi enskum veiðiskipum fjölga á næstunni. Enn fremur getur sama blað þess, að búast megi við, að þetta geti orðið til þess að lækka fiskverðið. En ef erfiðleikar eru í nánd, þá er ástæða til þess að byrja strax á ráðstöfunum gegn þeim. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki vera á sama máli um það, a. m. k. er ekki hægt að geta sér þess til við lestur þessa fjárlagafrv.

Allur frágangur frv. og stefna þess ber ríkisstj. greinilega vitni um yfirborðshátt, þröngsýni, frámunalegt dugleysi og takmarkalaust skilningsleysi á því, hvernig leysa beri aðsteðjandi vandamál.

Og þegar þetta fjármálaprógram hæstv. ríkisstj. loksins kemur fram, eru liðnar þrjár vikur af þingi, og mánuður er látinn líða, frá því að þing kom saman, þar til hæstv. fjmrh. lætur fjvn. í té fylgiskjöl og ýmis umbeðin gögn, til þess að n. geti tekið til starfa. Þannig eru þingstörfin tafin. Svo loks þegar frv. kemur, er það úr garði gert eins og ég hef drepið á. — Núv. ríkisstj. hefur frá byrjun talið það aðalhlutverk sitt að sporna við dýrtíðinni. Eins og kunnugt er hefur barátta hennar á því sviði heldur lítinn árangur borið, enda reyndist það svo frá byrjun, að ríkisstj. hafði lítinn áhuga á að lækka dýrtíðina, en gerði ýmislegt til þess að lækka vísitöluna og þar með kaupgjaldið. Læt ég nægja að benda í því sambandi á tilfæringar verðlags á ýmsum landbúnaðarvörum, kartöflum o. fl.

Ég vil minnast á eina af tilraunum hæstv. ríkisstj. til þess að lækka dýrtíðina eða verðbólguna. Ég geri þá tilraun sérstaklega að umtalsefni, vegna þess að hún er einkennandi fyrir stefnu ríkisstj. í þessum málum, og einnig vegna þess, að svo margra missagna hefur gætt um hana. Ríkisstj. fékk Alþýðusambandið og Búnaðarfélag Íslands til þess að skipa sína þrjá mennina hvort í n. til þess að athuga möguleika fyrir samkomulagi þessara aðila um að lækka kaupgjald og verðlag landbúnaðar eftir hlutföllum, er þeir kynnu að koma sér saman um. Þessi n. var almennt kölluð síðari sex manna n. Ég átti sæti í henni af hendi Alþýðusambandsins og er því málavöxtum nokkuð kunnugur. Nú er það vitanlegt, að dýrtíðina má minnka á margan hátt, en það er ekki hægt að gera það svo, að það komi ekki illa við einhverja. Ef tilmæli ríkisstj. um skipun þessarar n. eru tekin bókstaflega, er það ætlun hennar, að verkamenn og bændur eigi að bera kostnaðinn af lækkun dýrtíðarinnar og að sanngjarnast sé, að þeir, en ekki hátekjumenn og stóreignamenn, geri það. Þetta er auðvitað í fyllsta samræmi við allt starf og stefnu ríkisstj. í þessum málum.

Þótt mér væri ljóst, að ríkisstj. ætlaðist til þess, að tilmæli hennar væru tekin bókstaflega, þá datt mér aldrei í hug eða okkur fulltrúum Alþýðusamb. að taka sæti í n. þessari upp á þær spýtur. En okkur var það ljóst, að næði n., sem skipuð var fulltrúum frá svo fjölmennum samtökum í landinu eins og Alþýðusamb. og Búnaðarfél. Íslands, samkomulagi um lækkun á dýrtíðinni, voru nokkrar líkur til þess, að slíkar till. næðu samþ. Alþ., hvað svo sem ríkisstj. segði um þær.

Á fyrstu fundum lýstum við Alþýðusamb.-fulltrúarnir yfir því, að við teldum, að um tvær aðalleiðir væri að ræða um lækkun dýrtíðarinnar. Önnur leiðin væri að gera það á kostnað tekju- og stóreignamanna. Hin leiðin að gera það á kostnað launþega og annarra lágtekjumanna. Við lýstum strax yfir, að það væri hin fyrrtalda leið, sem við vildum fara. Í n. fóru umr. mjög vinsamlega fram, og virtust skoðanir Búnaðarfélagsfulltrúanna vera líkar skoðunum okkar í þessu efni, enda beinlínis tekið fram af formanni n., Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra, að hann væri einnig á þeirri skoðun, að kostnað við lækkun dýrtíðarinnar ættu þeir ríku að greiða. N. hélt marga fundi, og ýmislegt bar þar á góma, og loks komu nm. sér saman um, að þeir skyldu hver í sínu lagi tala við „sína menn", eins og það var orðað.

En það er kunnugt, hvernig fór. Fulltrúar Búnaðarfél. lögðu til, að n. beitti sér fyrir lækkun kaupgjalds og lækkun afurðaverðs til bænda. Á þetta vildum við ekki fallast og sáum þá, að þýðingarlaust mundi að gera till. um lækkun dýrtíðarinnar, sem væru eingöngu á kostnað hátekju- og stóreignamanna. Við lögðum þá til, að n. flytti till.

um afnám tolla á nauðsynjavörum. Við útreikninga, sem framkvæmdir voru í flýti, en hljóta þó að vera mjög nálægt hinu sanna, ef ekki alveg réttir, virtist svo sem afnám tolla á þeim vörum, sem vísitala kauplagsn. er reiknuð eftir, mundi lækka vísitöluna um a. m. k. 20 stig, en ekki kosta ríkissjóð nema 8½ millj. kr. í töpuðum tolltekjum. Til samanburðar má geta þess, að þá keypti ríkissjóður niður vísitöluna um 14 til 15 stig með niðurgreiðslum á verði kjöts og mjólkurafurða, og námu þær greiðslur sem svaraði 14 til 15 millj. kr. á ári. Með afnámi tolla á nauðsynjavörum kostaði það ríkissjóð innan við hálfa millj. kr. að lækka vísitöluna um hvert stig. Með niðurgreiðslum á kjöti og mjólkurvörum kostaði hvert vísitölustig ríkissjóðinn um 1 millj. kr.

Launþegar og bændur hefðu stórgrætt á því að afnema tolla á nauðsynjavörum. En heildsalar og ýmsir aðrir hefðu tapað á því. En fulltrúar Búnaðarfél. vildu ekki fallast á till. okkar, og n. klofnaði. Stefna ríkisstj. og Framsfl. hindraði það, að jákvæður árangur yrði af starfi n. Þegar ekki var hægt að nota n. til þess að flytja till. gegn hagsmunum bænda og verkamanna, en ríkisstj. vissi auðvitað, að n. þyrfti öll að standa að till., ef þær ættu að koma að notum fyrir áform hennar, þá var það næsta að kljúfa n.

Hæstv. ríkisstj. hefur þótzt ætla að hafa hemil á dýrtíðinni með ströngu verðlagseftirliti. Í stuttu máli er árangurinn af því sá, að nokkrir smákaupmenn hafa verið eltir og sektaðir um tvö til þrjú hundruð kr. fyrir að selja 25 eða 50 aurum of dýrt einhverja vörutegund. Á sama tíma hafa hinir raunverulegu okrarar rakað saman óhófslegum stórgróða undir vernd og umvafðir föðurlegri umhyggju hæstv. fjmrh., en greinilegasta dæmið um það er Eimskipafélagshneykslið. Á s. l. ári líðst þessu félagi, sem nýtur skattfrelsis og margháttaðra ívilnana, að okra svo óhóflega á þjóðinni, að gróði þess er á þessu eina ári milli 20 og 30 millj. kr. Til þess eins að kóróna svívirðinguna skýrir stj. Eimskipafél. svo frá, að gróðinn sé ekki á skipum félagsins, heldur sé hann á leiguskipum, sem ríkisstj. fékk félaginu í hendur. Það má segja um þetta athæfi ríkisstj., að það eitt ætti að nægja til þess, að hún hefði ekki verið þoluð lengur. Annars er þetta auðvitað í fullu samræmi við stefnu hennar og allt starf. Henni hefur mistekizt við allt, sem hún hefur þótzt ætla að gera að gagni. Dýrtíðin vex, og fjárhagsafkoma ríkissjóðs versnar, og lítur helzt út fyrir óhjákvæmilegt gjaldþrot, ef ekki er tekið í taumana.

Oft hafa setið afturhaldssamar ríkisstj. á Íslandi, en tæpast nokkur eins og þessi. Oft hafa setið þröngsýnar og athafnalausar ríkisstj., sem stóðu eins og glópar andspænis hverju vandamáli. Núv. ríkisstj. slær þó öll slík met, enda er svo komið, að hún á engan áhanganda nema afturhaldssömustu mennina í afturhaldssamasta flokknum, Framsfl.

Meðan núv. ríkisstj. hefur ríkt — með þeim endemum, sem ég hef verið að gera tilraun til að lýsa, — hefur blað hennar, Vísir, dag eftir dag rægt Alþ. við þjóðina og afflutt gerðir þess. Blaðið hefur látizt harma það, að þingið gæti ekki myndað stjórn, og ýmist talið nauðsynlegt, að allir flokkar sameinuðust um lausn vandamálanna, eða hamazt gegn Sósfl. með sömu röksemdum og Hitler og nazistar um allan heim gera gegn verkalýðshreyfingunni, lýðræði og sósíalisma. Það eru meira að segja notuð sömu kjörorðin og nazistar nota. Þegar svo hefur litið eitthvað betur út fyrir, að samkomulag næðist milli flokkanna á Alþ., hefur blað ríkisstj. reynt eftir megni að spilla fyrir, að samkomulag næðist, og er nærtækt dæmi um þetta. Hæstv. núv. ríkisstj. ætti fyrir löngu að vera farin frá völdum. Ef til vill afsakar hún sig með því, að hún hafi þegar beðizt lausnar, en það verður varla tekið nema sem herbragð, úr því að hún situr áfram. Því var yfirlýst, að við sósíalistar mundum flytja vantraustsyfirlýsingu á stj., og það voru miklar líkur til, að hún yrði samþ. Þótt ríkisstj. hafi tekið við hverju, sem að henni hefur verið rétt, með mestu lítilþægð, hefði hún orðið að fara, hefði vantraust verið samþ. Þetta var ríkisstj. ljóst, og hún hlýtur að liggja undir þeim grun, að lausnarbeiðni hennar hafi verið fram borin í trausti þess, að hún yrði beðin að sitja áfram, þar til tækist að mynda aðra ríkisstj., en það yrði ekki að sinni og henni yrði því mögulegt að lafa svolítið lengur.

Þinginu hefur ekki tekizt að mynda ríkisstj., og hefur þar lengst af strandað á tvískinnungshætti og óheilindum Framsfl., sem hefur þó alltaf þótzt vilja stjórnarsamvinnu, en sett fram afarkosti gagnvart öðrum flokkum, þegar á hefur átt að herða. Fyrst þóttist þessi flokkur vilja þriggja flokka vinstri stjórn og bauð Sósfl. og Alþfl. samstarf um það, að þeir svikju kjósendur sína í tryggðum, lækkuðu kaup verkamanna og hlíttu stjórn og umsjá Framsfl. Þegar Sósfl. vildi ekki ganga að slíkum afarkostum, en bauð upp á samvinnu um róttæka umbótastefnuskrá til hagsbóta fyrir bændur, verkamenn og alla alþýðu, sagði Framsfl., að ómögulegt væri að semja við Sósfl. um stjórnarsamvinnu. Það eina, sem hægt var að semja við Framsfl. þá, var, að hann ætti einn öllu að ráða, en samstarfsfl. að vera eins konar undirtyllur, sem þökkuðu fyrir að fá að vera með, eða með öðrum orðum svipað samstarf eins og í sínum tíma var haft við Alþfl. og leiddi hann út á þá braut svika og niðurlægingar, sem er nú að kosta hann tilveruna.

Það hafa farið fram langar samningsumleitanir um myndun fjögurra flokka stjórnar, en engan árangur borið. Óhætt er að fullyrða, að í þeim samningum hefur Framsfl. verið erfiðastur og á honum strandað fyrst og fremst. Enda er það löngu alkunnugt, að Framsfl. vill ekki taka þátt í stjórn með Sósfl., og er höfuðástæðan fyrir því hræðsla forystumanna flokksins við sinn gamla formann, Jónas Jónsson, sem eins og kunnugt er, aðhyllist mjög skoðanir nazista upp á síðkastið og heldur uppi æsingum gegn sósíalistum og verkalýðshreyfingunni að dæmi þeirra. Þá veldur það og miklu, hve foringjar þessa flokks eru afturhaldssamir og einstrengingslegir gagnvart öllum málum kaupstaðanna og sjávarútvegsins. Í þeim samningsumleitunum, sem farið hafa fram milli flokkanna um myndun ríkisstj., hefur oft verið vel tekið í þær stórfelldu till. okkar um kaup á nýtízku fiskiskipum og öðrum framleiðslutækjum, sem við berjumst fyrir og nú þegar hafa hlotið miklar vinsældir hjá þjóðinni. En Framsfl.-mennirnir og raunar fleiri hafa sífellt verið að klifa á því, að ekki þýði að kaupa skip og önnur framleiðslu-

tæki, nema dýrtíðarflóðið væri stöðvað, og þá alla jafnan borið fyrir sig þá firru, að kaupgjaldið væri orsök dýrtíðarinnar. Stjórnarblaðið Vísir komst svo að orði, að það væri beinlínis glæpur að kaupa ný framleiðslutæki undir þessum skilyrðum.

Síðan 1940 hefur grunnkaup verkamanna lítið hækkað. Sú grunnkaupshækkun hefur haft mjög lítil áhrif í þá átt að hækka vísitöluna, þótt hinu gagnstæða sé sí og æ haldið fram af andstæðingum launþega. Nokkur verkalýðsfélög sögðu upp samningum og kröfðust kauphækkunar seinni part sumars og nú í haust, og var þó aðallega að ræða um samræmingu á kaupgjaldi milli félaga og milli einstakra launaflokka. Hér var því síður en svo um nokkrar stórfelldar launahækkanir að ræða. En blöð afturhaldsins, Tíminn og Vísir, hófu slíkar æsingar, að sjaldan hefur sézt annað eins, þótt það sé vani þessara blaða í kaupdeilum að ganga fram fyrir skjöldu annarra með rógi, ósannindum og blekkingum um samtök og forystumenn verkamanna. Morgunblaðið tók undir sönginn, en þó af ólíkt meiri stillingu. Og svo var nú Alþýðublaðið. Það er mjög athyglisvert fyrir verkamenn um land allt, hvernig Alþýðublaðið hefur verið skrifað undanfarna mánuði. Yfirleitt hafa blöð allra flokka undanfarna mánuði lýst flokkunum afar vel. Í raun og veru er það skylda hvers einasta verkamanns um land allt að lesa blaðaskrifin um kaupdeilurnar í haust.

Við næstu kosningar munu stjórnmálaflokkarnir allir halda því fram, að hver um sig sé í rauninni hollastur verkamönnum. Þegar veiða á atkvæði verkamanna, þá er ekki margt að þeim, en þá ættu verkamenn ekki fyrst og fremst að hlusta á hin fögru orð, heldur renna huganum til þeirra stunda, þegar eitthvað bjátaði á, þegar þeim og samtökum þeirra lá á stuðningi, því að sá einn er vinur, sem í raun reynist. Blað Sósfl., Þjóðviljinn, hefur eitt allra blaða stutt verkalýðsfél. í baráttu þeirra undanfarið, og hefur það reynzt, eins og ætíð endranær, þegar á reyndi hjá verkamönnum og alþýðunni, hinn skeleggi forsvari.

Alþýðublaðið kennir sig við alþýðuna, en í kaupdeilum alþýðunnar í haust hefur það hamazt gegn hagsmunum alþýðunnar og keppzt við Vísi og Tímann í æsingum gegn verkalýðsfélögunum, sem í deilum stóðu. Í Iðjudeilunni, sem stóð lengst og var að ýmsu leyti harðvítugasta deilan, gekk Alþýðublaðið lengst allra blaða í fjandskap gegn félaginu og krafðist þess, að það yrði leyst upp. Þessi opinberi fjandskapur blaðs, sem telur sig og er af ýmsum talið málssvari verkalýðsins, stappaði stálinu í atvinnurekendur, og er það tvímælalaust, að Iðjudeilan stóð miklu lengur fyrir þessar aðgerðir blaðsins og Alþfl.

Verkafólkið í Iðju stóð sig vel og lét ekki blekkjast eða tvístra samtökum sínum. Gegn því félagi beindi forysta Vinnuveitendafél. mestum ofsa og óbilgirni. Með hjálp Alþfl. og blaðs hans átti að berja Iðju niður og brjóta þannig skarð í múr verkalýðssamtakanna, er síðan gæfi hagstæð skilyrði til almennra kauplækkana. Þetta áform Vinnuveitendafél Ísl. hefur Iðja gert að engu, og standa öll launþegasamtök landsins í þakklætisskuld við Iðju fyrir þetta verk. Verkfalli Iðju er nú lokið með nokkrum kauphækkunum. Alþýðubl. á fyrst og fremst sök á því, að kauphækkanir urðu ekki meiri. Þótt blaðið sé að verðleikum fyrirlitið, þá nægði þó lóð þess á metaskálina með atvinnurekendum í þessari harðvítugu deilu til þess að koma í veg fyrir meiri hækkun.

Í þessum kaupdeilum, sem hér hafa verið og eru háðar, er ekki krafizt nema mjög lítilvægra hækkana og þá aðallega hjá launalægstu flokkum, eins og t. d. hjá prenturum, en kröfur þeirra eru aðallega fyrir nema og lægst launuðu stúlkurnar. Yfirleitt hafa atvinnurekendur og launþegar getað komið sér saman um lausn á þessum deilum. En stjórn Vinnuveitendafél. Ísl. hefur gert það, sem hún hefur getað, til þess að hindra sættir, og stundum ekki leyft atvinnurekendum að semja, fyrr en við sjálft lá, að gremja þeirra yrði svo mikil yfir því að vera þannig sviptir sjálfsforræði, að þeir gengju úr Vinnuveitendafél. og gerðu samninga í trássi við hina freku stjórn þess, þrátt fyrir það að þeir áttu yfir höfði sér ofsóknir og fjársektir Claessens og stjórnar Vinnuveitendafélagsins.

Uppblástur blaðanna út af þessum tiltölulega smávægilegum deilum, þar sem úlfaldi hefur verið gerður úr mýflugunni, hefur auðvitað átt sinn þátt í að hindra lausn þeirra. Ekki hvað sízt hafa æsingaskrif Alþýðublaðsins gegn verkalýðsfélögunum orðið til þess, því að þau hafa komið stjórn Vinnuveitendafél. til að trúa því, að verkamenn mundu vera ósammála um kaupkröfurnar, og því von til, að takast mætti að tvístra fylkingum þeirra.

Þessar tiltölulega smávægilegu kaupdeilur, sem litla þýðingu hafa fyrir atvinnulífið í heild, hefur Framsfl. reynt að nota til þess að hindra samkomulag flokkanna um stjórnarmyndun. En forystumönnum verkalýðssamtakanna er ljóst, að það er hið mesta nauðsynjamál, ekki aðeins verkalýðnum, heldur og allri þjóðinni, að þingið geti myndað stj., sem með kaupum á framleiðslutækjum í stórum stíl og öðrum skynsamlegum ráðstöfunum hindri atvinnuleysi og fátækt á komandi tímum. Með þetta fyrir augum hefur stjórn Alþýðusambandsins boðið að beita sér fyrir því, að staðar verði numið með kauphækkanir næstu tvö ár að undanskildum smáhækkunum til samræmingar á kaupgjaldi.

Þetta var viturlega boðið af Alþýðusambandsstj., og það má ekki gleyma því, að þetta var gert, þegar verkalýðssamtökin eru sterk og vel samstillt og geta hæglega knúið fram kauphækkanir. Hins vegar er það auðvitað betra fyrir verkamenn að halda sama kaupi og fá einhverjar tryggingar fyrir atvinnu en hækka kaupið og eiga nokkurn veginn víst að fá yfir sig atvinnuleysi innan skamms. Með þessu sáttaboði sínu reyndu forystumenn verkamanna að greiða fyrir samkomulagi um myndun ábyrgrar, dugandi stjórnar.

En stjórnarblaðið Vísir og Tíminn vildu auðvitað ekki styðja slíka viðleitni og hafa afflutt tilboð verkamanna. Hins vegar var þeim framsóknarmönnum það ljóst, að almenningur myndi skilja og virða afstöðu verkamannasamtakanna, svo að eitthvað þurfti að gera til þess að blekkja almenning. Með þetta fyrir augum lét Framsfl. Búnaðarfél. halda búnaðarþing og bjóðast til þess að falla frá 9.4% hækkuninni, að vísu þó ekki án skilyrða, — aðeins gegn því lítilræði, að ríkissjóður greiddi uppbætur á útfluttar afurðir bænda, svo að þeir fengju sama verð fyrir þær og á innlendum markaði.

Það er dálítið fróðlegt að rifja upp í þessu sambandi umr. um þetta svokallaða sex manna n. samkomulag um afurðaverðið. Allan tímann hafa framsóknarmenn haldið því fram, að samkomulag sex manna n. hafi verið það, að bændur ættu einnig að fá hið útreiknaða verð landbúnaðarafurða fyrir það, sem seldist á erlendum markaði, og mismuninn á söluverði erlendis og hinu útreiknaða verði ætti að greiða úr ríkissjóði, — annað væri brigðmælgi og samningsbrot. Viku eftir viku og mánuð eftir mánuð hefur Tíminn notað þessar blekkingar til hatursfullra árása á sósíalista. En svo gerist það, að JJ heldur svokallaðan bændafund á Selfossi til þess að hræða EystJ og HermJ, lætur gera samþykkt um að mótmæla tilboði búnaðarþings og notfærir sér, að nokkuð er gengið á hluta mjólkurframleiðenda til hagsbóta fyrir kjötframleiðendur. Ef til vill hefur JJ óttazt, að EystJ og HermJ væru að linast í andstöðu sinni gegn stjórnarsamvinnu fjögurra flokka og betra væri að hræða þá svolítið. En hvað sem því líður, er hræðslan við JJ mikil, og 26. sept. skrifar HermJ langa varnargrein í Tímann, þar sem hann segir svo orðrétt: „Dýrtíðarlögin, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1943. Það hafa margir misskilið þessi lög. Þeir hafa álitið, að með þeim tæki ríkissjóður ábyrgð á því, að bændur fengju tiltekið verð fyrir afurðir sínar. Svo er ekki.“ Síðar í sömu grein segir: „Ef n. (sex m. n.) yrði sammála, skyldi álit hennar lagt til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða. Ríkið tekur hins vegar ekki ábyrgð á, að bændur fái þetta verð.“

Þegar Hermann er hér í hræðslu sinni við JJ að verja sig, játar hann allan sannleikann í þessu máli og játar um leið, að allar hinar hatursfullu árásir Tímans á sósíalista út af þessu máli vegna skilnings þeirra á sex manna n. samkomulaginu eru markleysa og þvaður. Við þessu er ekki annað að segja en það, að það er alltaf gott, þegar menn éta ofan í sig það, sem rangt hefur verið sagt.

Um tilboð búnaðarþings er það að segja, að auðvitað er þar ekki um neina fórn að ræða af bænda hálfu, nema þá helzt mjólkurframleiðenda, heldur búhyggindi, eins og ýmsir sniðugir menn hafa orðað það. Það virðist svo sem þetta tilboð búnaðarþings eigi vísan meiri hl. á Alþ., og verði gerðar stórfelldar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar um leið, — en að síðustu koma þessar 25 millj. kr., sem hinar umtöluðu uppbætur nema, niður á henni, — þá verður hægt að greiða þetta mikla fé. En hitt er jafnvíst, að verði allt látið fljóta áfram í sama fyrirhyggjuleysinu og nú er gert, getur þetta orðið vonarpeningur fyrir bændur.

Nú hefur Framsfl. endanlega kastað grímunni og slitið formlega samningsumleitunum um fjögurra flokka stj. og leggur allt kapp á að tryggja núv. ríkisstj. setu áfram og hindra allar framkvæmdir við sjávarsíðuna. Framsfl.-foringjarnir þrá það að geta eyðilagt Sósfl. og eflt Alþfl., sem svo oft hefur reynzt þeim þægur og eftirlátur. Nú fara fram kosningar í verkalýðsfélögunum víðs vegar um allt land á fulltrúum á Alþýðusambandsþing. Framsfl. og stjórnarblaðið Vísir hafa með lifandi áhuga fylgzt með þessum kosningum, enda fara kosningarnar víða þannig fram, að Alþýðuflokksmenn njóta skipulegs stuðnings atvinnurekenda og afturhalds. Sums staðar er sameiginleg fylking, skipulögð af forystu Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Hér í Rvík hafa atvinnurekendur smalað í bílum með Alþýðufl.-mönnum fólki á fundi verkalýðsfélaganna til þess að kjósa fulltrúa Alþfl. Þetta hefur þó lítinn árangur borið enn þá.

Á Húsavík voru nýlega kosnir í verkamannafélaginu þrír fulltrúar á Alþýðusambandsþing. Samfylking íhalds, framsóknarmanna og Alþfl. gekk berserksgang og smalaði á fundinn. Segja Húsvíkingar, að aldrei hafi slíkur hiti verið í kosningum á Húsavík. En verkamenn áttuðu sig á, hvað var að gerast og hin þokkalega afturhaldssamfylking fékk um 80 atkv. gegn 110 atkv. hinna róttæku verkamanna. Þannig svara hyggnir og stéttvísir verkamenn. Og þetta glæsilega fordæmi Húsvíkinga, sem ætið verður þeim til sóma, mun verða endurtekið næstu daga í mörgum verkalýðsfélögum. Í Iðju og prentarafélaginu kolféllu fulltrúar Alþfl., og svipaðar fregnir berast víða að, en því miður eru það mörg félög, sem hafa ekki verið á verði og látið andstæðingana ná fulltrúum, og þegar fregnir berast af slíku, hlakkar í Vísi og Tímanum. Það er sannarlega eftirtektarvert fyrir verkamenn, að blöð þau, sem mest og ofsalegast heimta kauplækkanir og níða niður verkalýðssamtökin, skuli gleðjast yfir kosningasigrum Alþfl. En margt bendir til þess, að afturhaldsöflin hrósi happi nokkuð snemma. Verkamennirnir eru víða vel á verði. Í stærsta félagi landsins, Dagsbrún, þorir afturhaldsfylkingin varla að stilla upp, og geri hún það, mun hún fara hina háðulegustu hrakför. Þannig er það víða. En þrátt fyrir það mega verkamenn ekki vera of bjartsýnir, ekki svo, að þeir verði andvaralausir.

Það er sannarlega mikið í húfi með stj. Alþýðusambandsins á næstu tveim árum. Fái Alþfl. stj. í sínar hendur, eru allir sigrar undanfarinna ára unnir fyrir gýg. Samtökin verða eyðilögð innan frá, en verkalýðurinn uppsker kauplækkanir og réttindaskerðingar, en sambandið gert að flokkstæki Alþfl., sem stjórnað verður með einstrengingsskap og ofstæki. Þetta verða verkamenn að skilja og muna, þegar kosið er á Alþýðusambandsþing. Alþýðusambandið er alþýðunni of dýrmætt til þess, að hún fleygi því í hendur mannanna, sem sömdu við afturhaldið 1939 um að lækka kaup verkamanna og taka mannréttindin af þeim, mannanna, sem kröfðust þess, að Iðja yrði leyst upp í nýafstaðinni deilu, mannanna, sem seldu sjálfum sér eignir verkalýðsfélaganna fyrir einn tíunda verðs, mannanna, sem hafa óskipta tiltrú verstu andstæðinga verkalýðsins.

Hinn 30. sept. segir Vísir: „Er sýnilegt, að verði ekki breyting á stjórninni á Alþýðusambandsþingi því, sem bráðlega kemur saman, er einskis annars að vænta en áframhaldandi trufluna á vinnufriði í landinu.“ — Það er þýðingarmikil stéttarskylda hvers verkamanns að standa vörð um hina dýrmætu eign alþýðunnar, Alþýðusambandið.

Hinn mikli skoðanamunur milli okkar sósíalista og framsóknarmanna liggur mikið í því, að við sósíalistar höldum fram, að landsmenn þurfi að byggja framtíðina á sjávarútvegi fyrst og fremst, enda hafa sjávarafurðir verið um 90% af útflutningi landsmanna síðustu ár, en landbúnað-

arafurðir aðeins um 10%. Þá er landbúnaðurinn þannig á vegi staddur, að á undanförnum þrem árum hefur hann notið nærfellt 100 millj. kr. styrks úr ríkissjóði auk hinna óbeinu styrkja almennings í hærra verðlagi en markaðsverð er. — Hins vegar er stefna Framsfl. skýrt mörkuð, og kemur hún fram í grg. fyrir þáltill. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar, sem flutt var á síðasta þingi af Sveinbirni Högnasyni, Eysteini Jónssyni og Páli Þorsteinssyni. Þar segir: „Landbúnaðurinn hefur þó verið og er enn sá atvinnuvegur, sem jafnan mun reynast traustastur á að byggja, hér eftir sem hingað til.“

Þingið þarf að gera sér ljóst, að það er fyrst og fremst sjórinn, sem landsmenn verða að byggja á, og að skortur á skilningi þessa augljósa máls hefur fyrr leitt yfir íslenzku þjóðina hungursneyð og eymd og mundi að öllum líkindum enn leiða fádæma eymd og fátækt yfir þjóðina.

Þingið þarf enn fremur að gera sér ljóst, að þjóðarinnar og sjálfs sín vegna verður það nú að leysa núv. ríkisstj. af og mynda dugandi, athafnasama ríkisstj., sem strax gerir ráðstafanir til að mæta eftirstríðstímum með aukningu fiskiflotans og annarra framleiðslutækja og gerir strax ráðstafanir til að tryggja markaði fyrir framleiðslu landsmanna. Ef einhver einn maður eða flokkur skerst úr leik, verða hinir að gera þetta.

Forseti (GSv): Þá hefur hv. 2. landsk. þm. (ÞG) lokið máli sínu. Hann talaði fyrir Sósíalistaflokkinn.

Næst tekur til máls hv. 2. þm. S.-M. (EystJ). Hann talar af hálfu Framsóknarflokksins allt að hálfri klukkustund.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Þegar þetta frv. var lagt fram, voru liðnar meira en þrjár vikur, frá því er Alþ. kom saman. Og ég hygg, að þau skjöl, sem fjvn. þarf að nota til þess að geta unnið að frv., hafi ekki verið lögð fram fyrr en í gær. Hæstv. fjmrh. reyndi að afsaka þetta sleifarlag með því að segja, að ekkert hafi legið á, það hafi verið svo óvíst, hve lengi stjórnin sæti, og mér skildist hann meina, að það hefði verið of snemmt að leggja fjárlfrv. fram fyrr en nú. Hæstv. fjmrh. ætti þó að vita, að meðferð fjárl. ákveður venjulega lengd þingtímans, þannig að eftir því sem seinna er byrjað á fjárl., eftir því verður þingið lengra. Þetta vita allir, sem til þekkja og kunnugir eru störfum á Alþ. Og það er ekkert annað en fyrirsláttur, að ekki sé hægt að vinna að fjárl., þótt ekki sé búið að ákveða til fulls stefnuna í dýrtíðarmálunum. Það er svo fjöldamargt, sem gera þarf, áður en gengið er frá till. um verklegar framkvæmdir og annað, sem mótar stefnu í fjárlagaafgreiðslunni yfirleitt. Þetta verður því til þess að lengja þinghaldið, og er full ástæða til að gagnrýna þetta mjög harðlega.

Útgjöld þessara fjárl. á rekstri eru um 81,5 millj. kr., en sambærileg gjöld á gildandi fjárl. eru um 74 millj. kr. Hækkun á venjulegum útgjöldum er því 7,5 millj. kr. Og þó er hækkun á almennum gjöldum miklu meiri en þetta, því að verklegar framkvæmdir eru skornar niður um margar milljónir. Hækkun á venjulegum útgjöldum er talsvert yfir 10 millj. kr. Hér við bætist svo það, að í frv. er reiknað með vísitölunni 250, en hún er raunverulega 272 stig, svo að hér við bætast nokkrar millj. við leiðréttingar á upphæðum frv. eftir vísitölunni. Og þá er þess enn að gæta, að eftir stefnu þeirri, sem tekin hefur verið, þarf að leggja fram a. m. k. 20 millj. kr. á ári og þó sennilega meira til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Þennan lið vantar alveg í fjárlfrv. Niðurstaðan er því sú, þegar litið er á málið fljótlega, að þótt ekkert bætist við rekstrargjöld fjárlfrv. annað en hreinar leiðréttingar, þá yrðu þau yfir 100 millj. kr. fyrir utan fjárveitingu til eignaaukningar, svo að heildarútgjöldin munu því nema a. m. k. 115 millj. kr. Væri þó með því ekki bætt úr um verklegar framkvæmdir frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv.

Nú er þess að gæta, að 115 millj. kr. eru fyllstu tekjuvonir ríkisins á þessu ári, sem er ár mestu háspennu, sem dæmi eru til í öllu fjármálalífi landsmanna. En hver veit um það, hverjar tekjur landsmanna verða á næsta ári? Áreiðanlega býst enginn við aukningu, fremur verulegri lækkun. Og þá er eftir að athuga allar verklegar framkvæmdir og öll þau framfaramál, sem lögð hafa verið fram á Alþ. og hæstv. fjmrh. hefur ekki gert ráð fyrir í frv. — Nýir vegir eru skornir niður um 3 millj. kr., og framlag til vélasjóðs landbúnaðarins, sem var hálf millj. kr., er alveg strikað út, og virðist það einkennileg ráðstöfun, þegar allir eru sammála um, að mikil þörf sé á aukinni ræktun með nýtízkuvélum. En — gætu sumir spurt, — hver er þörfin fyrir verklegar framkvæmdir og framfarir, og er nokkur ástæða til þess að ríkið þurfi að stíga stórt í verklegum framkvæmdum á næstunni? Hvar, sem við förum, heyrum við talað um það, sem á og þarf að gera til framfara á næstu árum. Við heyrum jafnframt sagt: Íslendingar eru ekki lengur fátækir; Íslendingar eru orðin rík þjóð. — Við efumst ekki um, að þörfin er fyrir hendi um framfarir og vilji er hjá þjóðinni um framfarir og getan er einnig fyrir hendi, þegar litið er á efnahag þjóðarinnar sem heildar.

Lítum svo á hina hlið málsins, möguleikana til þess, að vinnuafl verði fyrir hendi til þess að koma framförunum í framkvæmd og að þörf verði atvinnu. Atvinna hefur verið mikil í landinu undanfarið. Setuliðið hefur haft í þjónustu sinni fjölda fólks, en þó eru þeir miklu fleiri, sem óbeint hafa tekjur sínar af viðskiptum við herinn. Á síðustu tveimur árum hefur herinn borgað inn í landið allt að því jafnháar fjárhæðir hvort ár og Íslendingar hafa fengið fyrir allar útfluttar framleiðsluvörur sínar. Þessi viðskipti fara minnkandi og hverfa von bráðar. — Og hversu rösklega, sem gengið verður að því að afla nýrra framleiðslutækja og auka atvinnureksturinn í landinu og framleiðsluna, þá kemur tímabil, þegar þörf verður fyrir mjög miklar verklegar framkvæmdir í landinu, til þess að ekki skapist atvinnuleysi. Allir eru sammála um, að atvinnuleysi sé hið mesta tjón, ekki aðeins fyrir þá, sem fyrir því verða, heldur fyrir þjóðfélagið. Þess vegna verður að koma því svo fyrir, að vinnuafl þjóðarinnar nýtist að fullu. En það er ástæða til þess að taka fram í þessu sambandi, að ef fullnægja á því, þá verða greiðslur til manna fyrir unnin störf að vera í samræmi við þjóðartekjurnar; annars kemst allt í sjálfheldu von bráðar. Enn fremur verða menn

að gera sér ljóst, að þessu takmarki, að allir hafi atvinnu, getur ekki orðið náð með því, að hver einstaklingur vinni aðeins það, sem hann kýs helzt, heldur verða menn að starfa að því, sem nauðsynlegt er. Tökum dæmi um sveitaheimili. Hvernig færi á heimili, þar sem allt fólkið ætti að hafa nægilegt að starfa, ef allir segðu: Ég vil bara slá. — Eða ef allir segðu: Ég vil bara raka, — og enginn fengist til þess að slá eða sinna öðrum störfum? Slíkt heimili gæti ekki lengi staðizt. Ef halda á uppi atvinnu fyrir alla, verða menn að vinna að þeim verkefnum, sem mest nauðsyn er á að koma í framkvæmd. Það verður að hafa ráð á vinnuaflinu og beina því þangað, sem þörfin er mest. Annars er ekki hægt að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það er engum vafa undirorpið, að eigi vel að fara um atvinnu í landinu, þá þarf að brúa bilið frá því, að setuliðið fer, og þangað til tekizt hefur að auka atvinnurekstur í landinu stórlega frá því, sem nú er. Og það verður að haga fjármálastefnunni í samræmi við stefnu þá, sem ákveðin verður í atvinnumálunum.

Það hefur verið hrópað hátt um það úr sölum Alþ., að það sé ekki mikill vandi um öflun fjármuna, þar sem þjóðin eigi í erlendum innstæðum meira en 500 millj. kr. En það verður ekki lengi verið að éta upp þá fjárhæð, þótt há sé, ef framleiðslan í landinu stöðvast, og sést það bezt, þegar þess er gætt, að þjóðin kaupir frá öðrum löndum fyrir yfir 200 millj. kr. á ári. Það verður fljótt höggvið skarð í innstæður þessar, ef þjóðin eyðir meira en hún aflar, ef framleiðslan dregst saman. En hvað sem því líður, þá eru þessar inneignir stórkostlegur stuðningur við bakið um þær framkvæmdir, sem fram undan eru. En það sést bezt, þegar framtíðarverkefnin eru athuguð í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, að það þarf meira til en upphrópanir einar, ef framfarir næstu ára eiga að ganga jafnört og greiðlega og æskilegt væri. Við ætlumst auðvitað til þess allir, að einstaklingar hafi miklar framkvæmdir með höndum eftir styrjöldina og svo fljótt sem við verður komið verði náð í ný framleiðslutæki. Við verðum einnig að setja okkur það mark að láta ekki innstæðurnar ganga til venjulegrar eyðslu, heldur til þess að kaupa fyrir ný framleiðslutæki, sem geti orðið undirstaða undir framleiðslunni til frambúðar. Og við verðum auðvitað að gera það með því að hafa fullkomið eftirlit og vald á gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Það verður einnig að gera þetta með því að búa þannig að framleiðslunni í landinu, að menn vilji kaupa atvinnutæki og framleiðslutæki og sjái til einhvers að eignast þau, — því að verði allt sett í þá sjálfheldu, að enginn hafi von um sæmilega afkomu af framleiðslunni, þá verður ekki spurt eftir gjaldeyri til þess að kaupa fyrir hann framleiðslutæki. Þá mun svo fara, að innstæðurnar verða étnar upp og hverfa í taprekstur og ráðleysi. Aukning framleiðslutækjanna er því undir því komin, hvernig tekst að búa í haginn fyrir atvinnuvegina á næstu árum, þannig að innstæður eyðist ekki til þess að kaupa fyrir venjulegar neyzluvörur, heldur geti orðið notaðar til þess að kaupa fyrir þær ný atvinnutæki. — En þó að einstaklingar verði mikilvirkir, þá gera þeir ekki allar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru á næstunni, og fjölmörg verkefni eru þannig vaxin, að hið opinbera verður að styðja einstaklingana við framkvæmd þeirra. Er rétt að minna á nokkur þessi verkefni við þessa 1. umr. fjárl.

Við þm. Framsfl. höfum lagt fram sérstakt frv. um stórkostlegt átak í jarðræktarmálum landsins, og allir keppast við að lýsa yfir, að þeim sé ljóst, að þetta átak þurfi að gera. Og ekki verður komizt hjá því, að þetta kosti verulega aukin útgjöld fyrir ríkið. Það verður einnig að auka stórkostlega kaup á landbúnaðarvélum, og þau kaup verður að styðja.

Framsfl. hefur beitt sér fyrir athugun á sjávarútvegsmálum, og í því sambandi eru tekin til meðferðar þýðingarmikil nýmæli fyrir þá atvinnugrein. Það verður að efla Fiskimálasjóð verulega frá því, sem nú er, og verður að verja enn meiri fjárhæðum en búið er að veita til þess að stækka fiskiskipaflotann. Það verður að byggja fullkomnar fiskiskipahafnir á nokkrum stöðum á landinu, m. a. til að koma því þannig fyrir, að bátaflotinn nýtist mun betur en nú á sér stað. Þetta kostar fé.

Raforkumálin eru í undirbúningi. Við þurfum að framleiða miklu meiri raforku en nú er gert í landinu. Raforkan er undirstaða undir hvers konar framförum og lífsþægindum, og okkur dreymir varla um þau verðmæti, sem hægt er að framleiða hér á landi, ef nægileg raforka er fyrir hendi. En framkvæmd raforkumálanna kostar stórfé, sem verður ekki lagt fram af einstaklingum einvörðungu. Ríkið verður einnig að koma þar til.

Við þurfum að koma samgöngumálunum í mun betra horf en þau eru nú í. Við þurfum að eignast annað strandferðaskip á borð við Esju sem fyrst og fleiri strandferðabáta. Við þurfum að auka flugsamgöngur okkar, og til þess þurfum við að kaupa nýjar flugvélar. Sumpart má gera ráð fyrir, að einstaklingar leggi fé til flugmála, en ríkið verður einnig að koma til. Við þurfum að auka og efla landhelgisgæzluna, og til þess þurfum við fleiri varðbáta en nú eru. — Allt kostar þetta peninga. Öll sjúkrahús landsins eru of lítil, og víða vantar sjúkrahús. Flestir skólar í landinu eru of litlir, og margar sveitir vantar alveg skólahús. — Okkur vantar öflugar rannsóknarstofnanir í þágu atvinnuveganna.

Nú er svo komið, að tæplega er hægt að reka landbúnað né aðra framleiðslu til lands eða sjávar nema styðjast við síma og fullkomið vegasamband. Það þarf að hefja byggingar í sveitum og við sjó til þess að bæta það upp á næstu árum, sem vanrækt hefur verið í þessum efnum á stríðsárunum.

Þessi og mörg önnur eru áhugamál manna. En hvernig eru horfurnar um að hrinda þessu í framkvæmd, og hvar er hægt að taka fé til þess? Nú eru ástæður þannig, að ríkissjóður hefur í tekjur 115—120 millj. kr., en samt er hverjum einasta eyri eytt, og þó eru framkvæmdir í landinu fremur litlar. Þó að við gerum ekki annað en leiðrétta fjárlfrv., þá verða fjárl. svo há, að sérstaka tekjuöflun þarf til þess að halda ríkisbúskapnum gangandi á næsta ári, þótt peningaflóðið sjatni ekki frá því, sem nú er, — hvað þá, ef við bætum við einhverju af því, sem við þurfum að framkvæma, og bætum á fjárl. Hér við bætist, að bráðlega getur svo farið, að þjóðartekjurnar og þar með tekjur ríkissjóðs fari dagminnkandi, en þarfirnar fyrir athafnir ríkisins til framkvæmda dagvaxandi. Jafnvel þótt við búumst

við sama peningaflóði næsta ár og verið hefur, þá þurfum við að auka tekjur ríkisins, ef halda á niðri dýrtíðinni í samræmi við þá stefnu, sem mótuð er í frv. því, sem liggur nú fyrir þinginu um dýrtíðarráðstafanir, — ég tala nú ekki um, ef hægt á að verða að veita fé til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Sjóðir ríkisins eru svo smáir, að þeir hverfa sem dögg fyrir sólu, jafnskjótt og straumhvörf verða, — þegar tekjur ríkissjóðs taka að falla, jafnframt því, sem þörfin á því að halda uppi og auka verklegar framkvæmdir vex.

Þannig er nú ástatt um fjárhag ríkisins og horfur um fjárhagsafkomu ríkisins um þær mundir, sem öll þessi óleystu verkefni bíða fram undan, og um þær mundir, sem tekjur hans eru meira en fimmfaldar á við það, sem var fyrir stríð, um þær mundir, sem það mesta góðæri stendur yfir, sem sögur fara af. — Allt stafar þetta af því, að dýrtíðinni var gefinn laus taumurinn. Ef það hefði ekki verið gert, þá hefði ríkið haft tekjuafgang, svo að tugum milljóna skipti, þrátt fyrir lélega fjármálastjórn, og átt nú vænan skerf af þeim yfir 550 millj. kr., sem þjóðin hefur eignazt á stríðsárunum.

En senn er komið að skuldadögunum, og það mun hefna sín, hvernig að hefur verið farið á stríðsárunum. Fjárfrekar framkvæmdir krefjast úrlausnar. Þótt einstaklingarnir geri sitt til þess að verja fé í ný atvinnutæki, þá verður ríkið að annast og kosta stórfelld nývirki. Hvað verður þá til ráða? Hvar eru þessar 550 millj. kr.? Ekki á ríkissjóður þær.

Afleiðing þessarar ráðsmennsku í fjármálum þjóðarinnar verður því aðeins ein: Auknir skattar og álögur, sem koma, þegar verst gegnir. Framfarirnar hummar enginn fram af sér, og þær kosta mikið fé. Nú er svo komið, að það þarf mikinn og almennan skilning á þeim vandamálum, sem á næstunni verður að leysa í sambandi við fjáröflun til framfara í landinu, ef vel á að fara. En það er sízt til þess fallið að glæða skilning á þeim vanda, að leika sér að því eins og barn að reikna út, hvað hægt sé að kaupa fyrir allt reiðufé allra landsmanna. Það gera ekki aðrir en þeir, sem af einhverjum ástæðum vilja stinga höfðinu í sandinn og fá aðra til þess að gera hið sama.

Ég sagði áðan, að afleiðing þess, sem gert hefði verið, yrðu auknir skattar og álögur, þegar verst gegndi. Þar með er ekki sagt, að það verði með skattálagningu einni saman hægt í tæka tíð að draga saman það fé, sem ríkið þarf á að halda á næstu árum til þess að styðja þá stefnu í atvinnumálum, sem fylgja verður, og það þótt gripið verði til eignajöfnunar í einhverju formi í því sambandi til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Það verður vafalaust að grípa til þess einnig, að ríkið taki að láni nokkrar fjárhæðir innan lands, í stað þess, að þær fjárhæðir hefði átt að taka úr sjóðum þess eftir gróðaárin. En þó verður það að vera undirstaða fjármálastefnunnar á næstu árum, að lántökur eigi sér ekki stað nema til arðgæfra framkvæmda.

Á þessu Alþ. sýnist mér ekki munu verða lengra komizt í þessum efnum en fá samtök um afgreiðslu fjárl. og nýja tekjuöflun, sem líkleg sé til þess að tryggja framkvæmd dýrtíðarmálsins og nauðsynlegra verklegra framkvæmda, að ytri ástæðum lítið breyttum og þannig, að fjárl. séu afgreidd tekjuhallalaus. Verður slíkt ærinn vandi, eins og allt er í pottinn búið. Það er auðsætt orðið þeim, sem hér eru kunnugir, að á þessu þingi verður ekki lagður traustur grundvöllur að hagnýtum úrræðum í þeim vanda, sem auðsær ætti að vera flestum skyggnum mönnum, að fram undan er. Til þess eru hugmyndir sumra of draumkenndar. Sú úrlausn, sem fyrirhuguð er í dýrtíðarmálinu til bráðabirgða, sýnir þetta gleggra en nokkuð annað. En hún byggist á því, að bændur séu þeir einu, sem nokkuð leggi af mörkum til þess að stöðva þann hrunadans, sem aukning dýrtíðarinnar er, og ríkissjóður leggur fram 20 millj. kr. til þess að halda vísitölunni niðri, svo að útflutningsframleiðslan stöðvist ekki — á sama tíma sem fiskur er seldur við hæsta stríðsverði. Sjá allir, að þetta er ekki úrlausn til frambúðar. Þar með dreg ég ekkert úr því þakklæti, sem bændur landsins eiga skilið fyrir það að koma í veg fyrir algert hrun fjármálakerfisins þegar á þessu hausti. Það er sýnishorn af skilningi sumra manna hér á hæstv. Alþ. á þessum málum, að fulltrúi þriðja stærsta þingflokksins heldur hér hrókaræður um það sem lausn á dýrtíðarmálinu til frambúðar að afnema alla tolla á nauðsynjavörum. Allt útsöluverð erlendra vara gerir 50—60 stig í vísitölu, sem er 272 stig. Þó að tollarnir væru afnumdir, mundi það ekki muna nema 10—20 stigum á vísitölunni og ekki nægja einu sinni á móti þeirri niðurgreiðslu á dýrtíðinni með ríkisfé, sem nú er framkvæmd. Það er sýnishorn af því, hvernig menn stinga enn höfðinu í sandinn, að menn skuli leyfa sér að ræða málin þannig í áheyrn alþjóðar.

Það er mikið rætt í landinu um stjórnarmyndun. Um tvö ár hefur ekki tekizt að mynda þingræðisstjórn. Fyrst var gerð tilraun til að mynda þriggja flokka vinstri stjórn, ekki sízt vegna þess, að sósíalistar höfðu sagt fyrir kosningarnar næstu á undan, að þeir ætluðu sér þátttöku í slíkri stjórn. Þeir segja nú, að sú stjórn hafi átt að byggjast á kauplækkunum, það hafi verið skilyrði Framsfl. En þetta er ósatt, og sósíalistar vita það vel. Stjórnarmyndunin strandaði á því, að þeir settu hvert skilyrðið fyrir stjórnarmyndun öðru fáránlegra. Þeir settu það að skilyrði, að þingrofsvaldið væri í höndum hvers flokks út af fyrir sig og sett yrðu í vinnulöggjöfina ákvæði um, að pólitísk verkföll yrðu leyfð, og annað svipað settu þeir upp. Og þegar þeim síðan var boðin stjórnarmyndun um umbótastefnuskrá, sem birt var alþjóð, þá var lýst yfir því í Þjóðviljanum, að ekki væri hægt fyrir sósíalista að ganga til stjórnarmyndunar á öðrum grundvelli en þeim, að hinir flokkarnir féllust á stefnu Sósfl. Og Brynjólfur Bjarnason, formaður flokksins, lýsti yfir því í sérstöku riti, að það hefði gengið glæpi næst, ef sósíalistar hefðu léð máls á því að ganga þá að stjórnarsamvinnu. En sósíalistum er kunn sú aðuð, sem á þeim er fyrir að koma í veg fyrir þessa stjórnarmyndun, og síðan hafa þeir verið gersamlega flumósa og stöðugt staðið á gatnamótum og hrópað, að þeir vildu umfram allt vera með í myndun ríkisstj. Þeir áttu þátt í samtölum um stjórnarmyndun í þinginu, sem haldið var í vor s. l. um lausn lýðveldismálsins, og mun á sínum tíma verða sögð sagan af framkomu þeirra við þær umræður, sem var ekki síður söguleg en umr. voru á sínum tíma um þriggja flokka stjórn. Á

þessu þingi hafa einnig farið fram viðræður um myndun stjórnar allra þingflokkanna. Þessar umr. hafa engan árangur borið enn þá, hvorki í vor né nú í haust. Í haust voru þessar viðræður teknar upp á þeim grundvelli, að stöðva þyrfti dýrtíðina, og væri það frumskilyrði þess, að stjórn gæti orðið mynduð. Fljótlega kom þar málum, að til þess sýndust ekki aðrar leiðir færar en þær, að bændur landsins féllu frá því að hækka afurðaverð sitt og legðu þar með fram til úrlausnar málsins 9,4% af verði afurða sinna. Aðrir voru ófáanlegir til lækkunar og töldu sér ekki viðkomandi, hvað fram undan væri. Jafnframt var það rætt frá öndverðu, að samningar yrðu að nást milli allsherjarsamtaka verkamanna og atvinnurekenda um óbreytt kaupgjald nema á stöku stað, þar sem lægstu starfslaun yrðu færð til samræmis. Bændur á búnaðarþingi buðu lækkun á afurðaverðinu af sinni hálfu. Frá allsherjarsamtökum verkamanna hefur ekkert komið nema óákveðnar uppástungur um breyt. á kaupi víðs vegar, sem atvinnurekendur telja allsherjarkauphækkun, og hefur hvorki gengið né rekið um allsherjarsamninga, enda síður en svo verið nokkuð að því unnið af þeirra hálfu, sem hæst og mest tala um hina miklu þjóðarnauðsyn á samvinnu og samstarfi allra við alla og ráðin hafa nú í allsherjarsamtökum verkamanna. Þess í stað hafa þeir enn sem fyrr verið hinum fyrri þjóðkunnu starfsaðferðum sínum trúir og unnið að því af kappi að koma af stað og halda uppi kauphækkunarkröfum ýmissa þeirra starfsmannahópa, sem bezt eru launaðir.

Ég er alveg sannfærður um, að langflestir landsmanna gerðu fastlega ráð fyrir því og litu raunar á það sem sjálfsagðan hlut, að tilboði bændanna um lækkun verðlags yrði svarað með því a. m. k., að fallið yrði frá kröfum um kauphækkanir í landinu nema þá leiðréttingum á kaupi hinna lægst launuðu. — En fljótlega kom í ljós, að þessi var ekki tilætlun þeirra, sem hér ráða mestu nú í málum þessum. Sú hálf önnur vika, sem liðin er nú, frá því að bændur buðu sitt drengilega boð, hefur ekki verið notuð til þess að ganga til móts við þá. Þessir dagar hafa ekki verið notaðir til þess að aflýsa kauphækkunarkröfum og undirbúa allsherjarsamninga á þeim grundvelli, sem um hafði verið rætt frá öndverðu, heldur þvert á móti til þess að halda áfram deilum og leggja út í nýjar deilur, sem sízt eru til samræmingar tekjum bænda né daglaunamanna. Hér ráða þeir fyrir, sem fegurst hafa mælt um nauðsyn samstarfs og tjónið, sem af því hlytist, ef ekki væri hægt að koma slíku við. Með þessum starfsaðferðum hafa þeir haldið samningunum um fjögurra flokka stjórn í fullkominni sjálfheldu, og mér skilst ekki annað en allsherjarsamkomulag um kaupgjaldsmálin á þeim grundvelli, sem upphaflega var ræddur, sé jafnfjarri nú og nokkru sinni fyrr. — Er þessum mönnum ómögulegt að skilja það, að þeim mun skærara ljósi sem brugðið er yfir nauðsyn samstarfs og umbóta, þeim mun verri verður hlutur þeirra sjálfra, sem berir eru að því, bæði fyrr og síðar, að hafa komið í veg fyrir, að samstarf geti tekizt? Ef þeir meina nokkurn hlut með því að segja, að nauðsyn sé að koma á samstarfi, hvers vegna vinna þeir þá ekki að því, að tilboði bænda um lækkun á afurðaverði sé a. m. k. svarað með því að hætta að halda fram kröfum um hækkun á kaupi þeirra stétta, sem bezt eru launaðar í landinu? Hefur þessum mönnum ekki tekizt að skilja það, að það er of blygðunarlaust til þess að koma að nokkru gagni, að halda því fram, að þeir, sem hafa fyrst og fremst beitt sér fyrir því, að fram hefur komið boð frá bændum landsins um lækkun á verði landbúnaðarafurða, séu þeir, sem friðnum spilla og ekki vilja heilbrigt samstarf? Hvað hafa þeir gert á móti? — svarað eintómum vífilengjum því, sem að þeim hefur verið beint og varðar þátt þeirra á dýrtíðarmálinu, ráðizt á bændur með köpuryrðum á Alþ. út af boði þeirra um lækkun á afurðum og róið öllum árum að nýjum kröfum um kauphækkanir til handa ýmsum, sem hafa miklu hærri tekjur en meðaltekjur bænda hefðu orðið, þótt þeir hefðu fengið hina nýju hækkun heim, — og það þvert ofan í allt, sem um hefur verið rætt fyrr og síðar um stöðvun kaupgjalds og afurðaverðs.

Er nokkur svo skyni skroppinn, að hann ímyndi sér, að þetta séu vinnuaðferðir þeirra manna, sem fullir séu áhuga á því að koma á samstarfi, sem að nokkru minnsta gagni geti komið?

Ég hef lýst því hér á undan, að eftir fimm vikna viðræður nú í þessari síðustu lotu er allt jafnfjarri um grundvöllinn í kaupgjaldsmálum og í byrjun og þó raunar í enn meiri óvissu. Auk þess er allt í óvissu um önnur mál, — fjárhagsvandamálin varla verið rædd og allt í óvissu um afstöðu sumra flokkanna til úrlausnar í dýrtíðarmálinu. Skyldi nokkur undrast, þótt Framsfl. segði, þegar hér var komið sögu, að hann teldi þýðingarlaust að taka þátt í viðræðum áfram, nema afstaðan breyttist frá því, sem verið hafði, og eitthvað ákveðið lægi fyrir í 12 manna n., sem samið hefur um stjórnarmyndun?

Sósíalistar hafa talað mikið um það tjón, sem hlotizt hafi af því, að ekki hafi verið mynduð þingræðisstjórn. Það er rétt, að af því hefur hlotizt mikið tjón, og þau tækifæri, sem þar hafa glatazt, koma ekki aftur. En eftir því sem þeir tala meira um þetta og draga meira fram tjónið, sem af þessu hafi hlotizt, því verri verður hlutur þeirra. Og það verður ófagur reikningur, sem þeir fá frá alþýðu þessa lands fyrir framkomu sína þetta tímabil, sem þeir hafa setið tíu saman á þingi. Þá verður spurt, hverju þessi tiltölulega stóri þingflokkur hafi komið fram fyrir verkamenn, sem þeir telja sig ekki sízt umboðsmenn fyrir.

Ég gat um það áðan, að takast þyrftu á þessu Alþ. samtök um afgr. fjárhagsmálanna á þeim grundvelli til bráðabirgða, sem lagður er með frv. því til dýrtíðarl., sem meiri hl. fjhn. flytur og byggt er á boði bændastéttarinnar um framlög til úrlausnar dýrtíðarmálanna. Það ber því nauðsyn til, að á Alþ. verði mynduð þingræðisstj. til forstöðu þessum málum og til þess að tryggja framkvæmd þeirrar stefnu, sem ofan á verður, og jafnframt til þess að beita sér fyrir samþykkt þeirra umbótamála, sem mest eru aðkallandi og bezt undirbúin. Þetta verður að leitast við að gera jafnt fyrir því, þótt ekki reynist unnt að koma á nú samtökum þeirra, sem líklegastir eru til að eiga samleið um þá umbóta- og framfarastefnu, sem hér verður að framfylgja á næstu árum, ef vel á að fara.

Þá er nauðsynlegt, að þingræðisstj. hefji marg-

víslegan undirbúning að framtíðarverkefnum þjóðarinnar. Enn fremur verður að hefja samninga við önnur ríki sem skjótast um verzlunarviðskipti eftir stríðið, ekki síst með það fyrir augum að tryggja sölu á afurðum landsmanna og ná kaupum á atvinnutækjum og efni til nýrra framkvæmda.

Menn eru ýmsir óþolinmóðir út af því, að seint gangi um framkvæmdir í þessu efni, og skal ég ekki draga úr því, að menn þyrftu að vera viðbragðsfljótari. Hitt vil ég þó um leið benda á, að þeir, sem hlýða nú á þessar umr. um fjárhagsmálin, fá ofurlitla hugmynd um, hvers eðlis þau verkefni eru, sem við er að fást, og skilja þá ef til vill betur en áður, að ekki er áhlaupaverk að koma á samtökum um ákveðna stefnu, eins og nú er komið málum.

Jakob Möller: Ég verð að taka undir það með hæstv. fjmrh., að áætlunin um tekjubálk þessa fjárlfrv. megi teljast að verulegu leyti á sandi byggð.

Tekjuskatturinn og hluti ríkisins af stríðsgróðaskatti er á þessa árs fjárl. áætlaður 26 millj. kr., en á frv. 25 eða aðeins 1 millj. kr. lægri. Álagður tekjuskattur í ár hefur að vísu orðið 4¼ millj. kr. hærri en áætlað var, en bæði er þá það að athuga, að eins og tekið er fram í aths. við þetta frv., má gera ráð fyrir, að sú upphæð lækki í meðförum yfirskattan. og ríkisskattan., og svo er hitt, að samkvæmt því, sem tekið er fram í aths., hefur stríðsgróðaskattur orðið álagður 2½ millj. kr. lægri en áætlað var eða hluti ríkissjóðs 1¼ millj. lægri. Og um stríðsgróðaskattinn gildir að sjálfsögðu það sama eins og um tekjuskattinn, að gera má ráð fyrir lækkun á honum í meðförum yfirskattan. og ríkisskattan., svo að vafasamt er, að endanlega álagðir verði þessir skattar nokkru, sem nemi, hærri en nú er áætlað í frv. fyrir næsta ár. Og enn ber að athuga, að þó að ganga megi út frá, að afkoma atvinnuveganna í ár verði sæmileg, eins og komizt er að orði í aths., þá er sjálfsagt hæpið að gera ráð fyrir því, að hún verði eins góð og s. l. ár, og ef hátekjurnar lækka, sem nokkru nemur um skattinn af, þá er þess að gæta, að skatturinn lækkar þá einnig nokkuð ört. Og hvað verður svo um innheimtu skattsins á næsta ári, ef verulegur afturkippur kemur í atvinnureksturinn? Ég er hræddur um, að þá kunni enn að verða nokkur vanhöld á tekjum ríkissjóðs af þessum tekjustofni. Yfirleitt borga skattþegnarnir skattana ekki af þeim tekjum, sem þeir eru lagðir á, heldur eftir á af tekjum næsta árs, og ef þær tekjur eru rýrar, þá er hætt við, að mörgum skattþegninum veitist örðugt að greiða háa skatta frá fyrra ári. Ég verð því að álíta, að tekju- og stríðsgróðaskatturinn séu fremur óvarlega áætlaðir í frumvarpinu.

Um áætlun annarra tekjuliða — og þá einkum innflutningstolla og tekjur af rekstri ríkisstofnana — má segja, að mjög sé rennt blint í sjóinn. Ef Norðurálfuófriðnum lýkur á þessu ári, þá má að sjálfsögðu búast við lækkun á flutningsgjöldum og þar af leiðandi lækkun á verðlagi á verðtollavörum, eins og í aths. við frv. segir, og því varlegra að gera ráð fyrir lækkun á tekjum ríkissjóðs af þeim tekjustofni. Hins vegar varð eftir síðasta stríð stórkostleg hækkun á öllu verðlagi erlendis og það allt að því í tvö ár. Og eins er það, að ef kaupgeta okkar minnkaði ekki, þá mætti gera ráð fyrir auknum innflutningi sem svaraði verðlækkun, ef um slíkt yrði að ræða. Hins vegar kynni svo að fara, að kaupgeta okkar minnkaði mjög verulega, og ef verðlag erlendis stæði í stað eða hækkaði, þá yrði afleiðingin vafalaust minni innflutningur og minni verðtollur. Og sama hættan vofir þá yfir tekjunum af rekstri ríkisstofnana.

Það er m. ö. o. svo komið, að óvissan um tekjuöflun ríkissjóðs er nú orðin svo mikil, að full ástæða er til að fara sem allra varlegast í áætlunum um þær. Samkvæmt gildandi fjárl. eru rekstrartekjurnar áætlaðar 88,3 millj. kr. á yfirstandandi ári. En samkvæmt frv. eiga rekstrartekjur næsta árs að verða 86,8 millj. kr. eða aðeins 1½ millj. kr. lægri. Skattar og tollar eru áætlaðir 5,8 millj. kr. lægri. En tekjur af ríkisstofnunum eru svo áætlaðar 4 millj. kr. hærri og aðrar tekjur 0,3 millj. kr. Þó að tekjur yfirstandandi árs fari sjálfsagt talsvert fram úr áætlun, ef tekjuáætlunin samkv. gildandi fjárl. reynist þannig að hafa verið allmiklu lægri en reynslan sýnir, að hún hefði mátt vera, þá er hæpið að treysta því, að svo reynist einnig um áætlunina fyrir næsta ár.

En þó að svo væri, að gera mætti ráð fyrir nokkru meiri tekjum en áætlað er í frv., þá má hins vegar ekki síður gera ráð fyrir því, að gjöldin fari einnig fram úr áætlun. Um yfirstandandi ár verður það vafalaust svo, og sama mun verða reynslan á næsta ári. M. a. verður meðalverðlagsvísitalan vafalaust mun hærri á yfirstandandi ári en reiknað var með í fjárl. ársins. Og allar líkur eru til þess, að munurinn verði enn meiri á næsta ári, en eins og kunnugt er, þá er verðlagsuppbót af launum í þessu frv. miðuð við vísitölu 250 eins og í fjárl. yfirstandandi árs og undanfarinna ára. Meðalverðlagsvísitala ársins 1943 varð rúmlega 250. Í ár hefur vísitalan farið hækkandi jafnt og þétt og er nú komin upp í 272 stig, en meðalvísitalan verður vafalaust yfir 270 stig.

Hæstv. fjmrh. hefur orðið fyrir nokkru aðkasti fyrir það, að í fjárlfrv. er reiknað með vísitölu 250. Ég get ekki tekið undir það aðkast. Hæstv. ríkisstj. hefur viljað vinna að því að halda dýrtíðinni í skefjum, og hún hefur á þessu þingi lagt fram frv. um dýrtíðarráðstafanir, sem miðuðu að því, og ég get ekki fallizt á, að það sé vítavert, þó að hún hafi gert ráð fyrir því, að undir þær till. yrði tekið á annan veg en gert var. Aðeins skal þó játað, að betur hefði farið á því að geta þess í aths. við frv., samkv. hvaða vísitölu verðlagsuppbótin væri reiknuð. En svo er þá líka hitt staðreynd, að vísitalan er nú komin upp í 272 stig, og litlar líkur eru til þess, að hún lækki fyrst um sinn, og fyrir þá sök eru gjöldin samkv. frv. vafalaust 2—3 millj. kr. of lágt áætluð, ef gert er ráð fyrir, að vísitalan lækki ekki á árinu, frá því sem nú er, og hún er auðvitað mörgum millj. kr. of lágt áætluð, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hækkun hennar. En til þess verður ekki aðeins að halda áfram þeim greiðslum úr ríkissjóði, sem til þessa hafa verið inntar af hendi til þess að halda niðri verði á landbúnaðarafurðum innan lands og til þess að bæta upp verð á útfluttum landbúnaðarafurðum. En fyrir slíkum útgjöldum er ekkert áætlað í frv., og verður þó að sjálfsögðu að gera það, ef ekki

verða fundin önnur ráð til þess að hamla á móti dýrtíðinni.

Þó að allt sé í mikilli óvissu um tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári, þá er nokkuð öðru máli að gegna með útgjöldin. Við vitum, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs lækka ekki frá því, sem þau eru áætluð í frv., rekstrarkostnaðurinn er að mestu leyti bundinn. Og lögbundin útgjöld ríkissjóðs hafa farið síhækkandi ár frá ári, ekki aðeins vegna aukinnar dýrtíðar, heldur einnig vegna þess, að á ríkissjóð er alltaf verið að leggja nýjar og nýjar kvaðir, sem hafa í för með sér stórkostleg útgjöld. Og eins og nú er komið, er yfirleitt varla um það að ræða að lækka útgjaldabálkinn nema með því að skera niður verklegar framkv.

Gjaldabálkur fjárl. hefur farið síhækkandi undanfarin ár. Samkv. gildandi fjárl. eru rekstrarútgjöldin 89765 þús. kr., en þar með eru taldar 10 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, sem felldar eru niður í þessu frv. Samkv. frv. eru rekstrarútgjöld ársins 1945 áætluð 81.675.277 kr. eða nálega 2 millj. kr. hærri en samkv. fjárl. yfirstandandi árs að slepptum dýrtíðarráðstöfunum.

Fyrir stríð voru rekstrarútgjöld ríkissjóðs 16—17 millj. kr. samkv. fjárl., og 16.705.791 kr. voru þau árið 1938. Ef gert væri ráð fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs hefðu ekki þurft að hækka meira en svaraði hækkun verðlagsvísitölunnar og reiknað með vísitölunni 250, ætti að áætla þau nú 41.764.477 kr., en samkv. frv. verða þau um 40 millj. kr. hærri, og er það nálega 100% hækkun umfram verðlagsvísitölu. Nú var árið 1938 kreppuár og mjög þröngt um fjárhag ríkissjóðs, svo að ætla mætti, að þessi tvö ár séu varla sambærileg. Það er þá líka fróðlegt að bera saman, hvað fæst fyrir þessar feikna-fjárhæðir, sem nú eru greiddar úr ríkissjóði, samanborið við það, sem fékkst fyrir fé ríkissjóðs 1938. Eins og menn sjá, þá eru útgjöldin sem næst því að svara til fimmfaldra útgjalda ársins 1938. Og það mun líka láta nærri, að verklegar framkvæmdir séu sem því svarar dýrari nú. Og nú skulum við athuga einstakar fjárveitingar til verklegra framkvæmda samkv. þessu frv. og bera þær saman við fjárveitingar ársins 1938.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að verja til nýlagninga og viðhalds

	Árið 1945	Árið 1938
Þjóðvega	9150 þús. kr.	1193 þús. kr.
Brúargerða	1500 — —	70 — —
Sýsluvega	445 — —	92 — —
Malbikana	50 — —	20 — —
Samgangna á sjó ..	3380 — —	654 — —
Hafnargerða	2000 — —	301 — —
Nýbýla	360 — —	155 — —
Samkv. jarðræktarl.	995 — —	640 — —
Bygginga í sveitum	550 — —	325 — —
Sandgræðslu[1])	275 — —	30 — —
Skógræktar[1])	330 — —	28,5 — —
Samtals	19635	3608,5

Þegar það er nú athugað, sem ég sagði áðan, að verklegar framkvæmdir muni nú kosta um það bil fimmfalt á við það, sem þær kostuðu 1938, þá verður niðurstaðan, að þessar 19.635 þús. kr., sem gert er ráð fyrir samkv. frv., að veittar verði til framangreindra verklegra framkvæmda á árinu 1945, svara aðeins til þess, að á árinu 1938 hefðu verið veittar til þeirra 3.927 þús. kr., en þá voru veittar 3.608.5 þús. kr. til slíkra framkvæmda eða tæplega 10% minna. Og það var kreppuár. Það fer því að fara mesti ljóminn af tugmilljónafjárveitingunum og framkvæmdum þessara síðustu ára.

Ég vek athygli á því, að miðað við verðgildi árið 1938 er ráðgert að veita aðeins 1.950 þús. kr. til nýlagninga og viðhalds þjóðvega á árinu 1945, og er það að vísu sem næst 50% hærri fjárveiting en 1938, en að krónutölu er fjárveitingin 1945 7½-föld. Til sýsluvega er á árinu 1945 ráðgert að veita sem svarar verðgildi 89 þús. kr. árið 1938, en þá voru veittar 92 þús. kr., til hafnargerða 1945 sem svarar 400 þús. 1938, en þá voru veittar 301 þús. kr. og fjárveitingin 1945 að krónutölu hátt upp í það sjöföld. Til nýbýla er áætlað 45 þús. kr., sem svarar 72 þús. 1938, en þá voru veittar 155 þús. kr. Greiðslur samkvæmt jarðræktarl. eru áætlaðar árið 1945 sem svarar 199 þús. kr. 1938, en þá voru veittar 640 þús. kr., — til bygginga í sveitum 1945 sem svarar 110 þús. kr. 1938, en þá voru veittar 325 þús. kr. Já, og strandferðirnar. Til þeirra eru áætlaðar 3.380 þús. kr. og þykir gífurlegt, en skyldi það vera raunverulega miklu hærra en 676 þús. 1938, en það ár voru veittar 654 þús. eða aðeins 22 þús. kr. minna, og er ekki nokkuð vafasamt, að ferðirnar nú séu jafnvel þeim mun betri, hvað þá, að not þeirra séu ríflega fimmföld á við það, sem var 1938?

Ég veit það, að þó að þessar 19.635 þús. kr. af áætluðum fjárveitingum til verklegra framkvæmda á árinu 1945 hefðu þótt óskapleg upphæð 1938, enda nær 3 millj. kr. hærri en öll rekstrarútgjöld fjárl. þá, þá vex mönnum hún ekkert í augum nú og síður en svo. Mönnum þykir blátt áfram skömm til koma, og ég held, að það hafi mátt heyra það á ræðum hv. ræðumanna, sem hafa talað hér á undan mér, og það er nærri því að vonum, þegar þess er gætt, að það er raunverulega aðeins 10% meira en tilsvarandi fjárveitingar á kreppuárinu 1938.

Við erum m. ö. o. þrátt fyrir allt peningaflóðið í landinu og í ríkissjóðinn í rauninni að horfast í augu við krepputíma í verklegum framkvæmdum. Og þetta er sköpunarverk okkar sjálfra, — ekki þingsins sérstaklega, það verður að taka skýrt fram. Það er sköpunarverk fólksins í landinu, sem alltaf hefur viljað fá meira og meira af lífsins gæðum fyrir sama framlag af sinni hálfu. Það hefur fengið hærra kaup, hærra verð fyrir afraksturinn af atvinnurekstri sínum, en þessi hækkun hefur í heild verið aðeins á pappírnum. Tekjurnar hafa orðið hærri að krónutölu, en þeim mun rýrari að notagildi. Þessi ár hefðu getað orðið ágæt ár, ef fólkið hefði ekki verið haldið þeirri blindni að hugsa sér, að það geti slegið fimm krónupeninga úr sama efni, sem einn krónupeningur var sleginn úr áður. En maður rekur sig nú á það, einnig í sambandi við afgr. fjárl. á Alþingi, að þetta er ekki hægt, verðgildi peningsins vex ekkert við það, að hann er flattur út. Og þó er verið að streitast við að fletja út peninginn með áframhaldandi kauphækkunarkröfum.

Í þessu sambandi verð ég að minna hv. 3.

1) Föst laun dregin frá bæði árin.

landsk. þm. á það, að „Ingólfsstyttan" stendur ekki ein að því, í hvert óefni er komið. Það eru fleiri, sem eiga styttur sínar á þeirri leið en form. kjötverðlagsn., hvað sem nú um þá styttu má segja. Og víst voru það aðrir, sem lögðu gjörva hönd á byggingu undirstöðunnar undir þá styttu. Og úr því að ég vík máli mínu að hv. 3. landsk., þá verð ég að bæta því við, að þó að hann gerði grein fyrir ýmsum atriðum, sem á góma hefur borið í sambandi við umr. um stjórnarmyndun, hefur mér ekki skilizt, að Alþfl. sé fáanlegur til að taka þátt í myndun ríkisstj., — já, nærri því, hvað sem í boði er.

Nú eru uppi háværar raddir um það hér í þinginu, að óhjákvæmilegt sé að hækka framlag til verklegra framkvæmda frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hef heyrt talað um svona 8 millj. kr. Samkv. því ættu rekstrarútgjöldin að hækka upp í allt að 90 millj. kr. Svo bætist þar við a. m. k. 20 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana og ef til vill meira. Og hvaða ráð sjá menn til þess að afla tekna, sem þessu svarar, — allt að 30 millj. kr.? Verðum við ekki að fara að gera okkur það ljóst, að við erum að spenna bogann svo hátt, að hann hlýtur að bresta þá og þegar? Jafnvel þó að einhver ráð væru til þess að reyta saman tekjur handa ríkissjóði til þess að standast þessa útgjaldaaukningu, þá er alveg auðsætt, að við stöndum bara þeim mun verr að vígi á eftir. Það er engin leið til þess að afla þessara tekna nema með því móti, að við spillum aðstöðu okkar í framtíðinni að miklum mun.

Ég býst ekki við því, að nokkrum manni komi til hugar að hækka tolla í því skyni. Og hvað þá um beina skatta? Tekjuskattstiginn er kominn upp í 90% af hæstu tekjum. Þó er að vísu þess að gæta, að framleiðslufyrirtækjum er leyft að draga frá nokkurn hluta tekna sinna, áður en skattur er lagður á, með því skilyrði að binda það fé í því skyni, að því verði varið til að afla nýrra framleiðslutækja í stað útslitinna tækja, sem mjög er haft á orði, að vart geti talizt nothæf lengur. Það er ofarlega í huga sumra stjórnmálamanna að svipta fyrirtækin þessum fríðindum, en þess er þá ekki gætt, að með því er verið að veikja fjárhagsaðstöðu þjóðarbúsins í framtíðinni. Í rauninni er það alveg sambærilegt við það að nota höfuðstól sinn til daglegrar eyðslu — eða, eins og það er orðað í daglegu tali, að éta út eignir sínar. Það hefur líka verið talað um þessar 580 millj., sem bankarnir eru taldir eiga í inneignum erlendis, en í rauninni er geymslufé, sem þeir verða að svara til, þegar sparisjóðsinnstæður eru krafðar af þeim. Þá má að sjálfsögðu einnig tala um að leggja skatt á sparisjóðsinnstæðurnar! En hverjum dettur það í hug í alvöru, að farið verði að taka hluta af sparifé manna til þess að verja því til daglegra útgjalda ríkissjóðs? — En í rauninni er þetta tvennt alveg sambærilegt, að taka fé, sem ætlað er til að byggja upp frambúðar-fjárhagsaðstöðu þjóðarinnar, hvort sem það er sparifé einstaklinga eða varasjóðir eða varasjóðstekjur fyrirtækja, sem ætlaðar eru til endurnýjunar á framleiðslutækjum.

Við höfum nú dansað kringum ímyndaðan gullkálf um alllangt skeið. Við höfum stigið þann dans svo gálauslega, að okkur hefur láðst að gæta þess, að sá dans hefur smátt og smátt færzt út á hyldýpisbarm fjárhagsöngþveitis. Og gullkálfurinn hefur samtímis verið að breytast. Gullljóminn er að fölna. Gyllingin, sem okkur hefur orðið svo starsýnt á, er alltaf að þynnast og mást af. Við verðum að stöðva þennan dans, áður en við hröpum ofan í hyldýpið.

Forseti (GSv): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefur lokið máli sínu og talaði fyrir Sjálfstfl. Umferðartími þingflokkanna er þar með á enda.

Loks tekur til máls hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, og talar allt að fjórðungi stundar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður í svari, fyrst og fremst vegna þess, að umr. flokkanna hafa lítið snúizt um sjálft fjárlfrv. nema ræða hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem talaði af stillingu og hyggni um málið.

Hv. 3. landsk. (HG) sagði, að ríkisstj. hefði tekið að sér að vinna bug á dýrtíðinni, — en hvernig hefði það tekizt? — Hún hefði gefizt alveg upp. Já, það er svo. En hvað hefur hæstv. Alþ. gert sjálft? Sat það í helgum stein, meðan ríkisstj. háði sína baráttu? Hann sagði, að ríkisstj. hefði vísað vandanum til Alþ. Já, — hvílík goðgá að vísa vandanum til Alþ., það skyldi enga stjórn henda. En hitt er svo annað mál, hvort þjóðin lítur svo á, að Alþ. sé til þess að sneiða hjá því að leysa vandamálin.

Það virðist koma úr hörðustu átt, er sumir hv. þm. hlakka nú yfir því, að ríkisstj. hafi ekki tekizt að vinna bug á dýrtíðinni, eftir að hún hafði tekið við málunum, þegar dýrtíðinni hafði verið siglt í fullt óefni af fyrrv. ríkisstjórnum og eftir að Alþ. hafði staðið á móti allri viðleitni og tillögum stj. Alþ. eitt getur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, en samt koma hv. þm. og tala með miklum fjálgleik um það, að ríkisstj. hafi gefizt upp við dýrtíðina, þótt ríkisstj. verði að sækja allar heimildir til Alþ. og geti ekkert gert án þess samþykkis, sem allir vita, hvernig gengið hefur.

Ráðagerðir hv. 3. landsk. sjálfs um stöðvun dýrtíðarinnar virðist mér æði þokukenndar, og sýnist mér þær aðallega stefna að því að gera hærra boð en 2. þm. Reykv. (EOl) hefur nýlega gert um sæluríki hér á landi eftir stríðið. Hafði ég þó hugsað, að þessi hv. þm. væri of greindur og athugull til þess að halda sig fjarri staðreyndum og gefa sig á vald þeirri freistingu að sýna leikni hins æfða stjórnmálamanns frammi fyrir allri þjóðinni.

Hv. 2. landsk. (ÞG) talaði um, að ég hefði ekki gert grein fyrir framlagi til Viðreisnar- og hjálparstofnunarinnar, sem væri 18½ millj. kr. Hvaðan hv. þm. hefur fengið þessa fjárhæð, skil ég ekki. Hún er þrefalt hærri en hin rétta tala. Annars er málflutningur þessa hv. þm. venjulega ekki talinn svara verður. Hann hefur ekki brugðið vana sínum að þessu sinni, og mun ég því halda þeirri reglu, sem skapazt hefur, og láta stóryrði hans liggja milli hluta.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) mun þykjast geta úr flokki talað sem fyrrv. fjmrh. Gagnrýni hans snerist aðallega um það, að frv. hefði ekki verið lagt fram 2. sept., og kvað hann slíkt stórvítavert. Ég hef litlu við það að bæta, sem ég sagði um þetta atriði í framsöguræðu minni. En ég vil auk þess

benda hv. þm. á, að þingið var sjálft búið að samþ., að það kæmi ekki saman fyrr en 15. sept. Það var stj., sem ákvað, að þingið kæmi saman 2. sept. til þess að ráða fram úr dýrtíðarmálunum fyrir 15. sept. Ef farið hefði verið eftir ákvörðun þingsins, hefði það ekki komið saman fyrr en 15. og þá ekki tekið fjárl. til athugunar fyrr en eftir þann tíma. — Annars skilst mér, að þingið hafi haft nóg að starfa undanfarinn mánuð og hafi enn.

Hv. þm. ræddi mjög hávært um fjármálaóstjórn. Þykist ég af því skilja, að hann álíti, að glerhús það, sem hann býr í sem fyrrv. fjmrh., sé æði óbrotgjarnt. Finnst mér ekki mannúðlegt að hrófla við þeirri sjálfsblekking hv. þm.

Eins og við var að búast, hafa flokkarnir notað þessar umr. til þess að kveðja stj. með viðeigandi vinsemd og sanngirni í hennar garð. Verður helzt ekki annað skilið en létt sé af þinginu miklu fargi, engu líkara en nú sé létt af hernámi, sem framfylgt hafi verið með kúgun og illindum, og nú skuli gerðir upp reikningarnir.

Stj. mun ekki taka sér nærri þau svigurmæli, sem til hennar hefur verið beint í þessum umr. Ef þær eru vissum aðilum einhver hugsvölun, þá skal sú svölun ekki eftir talin. En ég get ekki varizt að benda hv. ræðumönnum á það, að stj. hefur oft lýst yfir því, að hún mundi fara frá á þeirri stundu, sem þingið myndaði stjórn. Stj. hefur beðið í nálega tvö ár eftir að þingið myndaði ríkisstj. Nú hefur hún sagt af sér, að því er skilið verður, til mikillar gleði öllum flokkum þingsins, en enn bíður hún eftir, að þingið myndi stjórn. Hin sameiginlega gleði yfir burtför stj. ætti að geta samstillt hugina svo, að nú verði hægt að taka á málunum af drengskap og heilindum. Mér finnst erfitt að sætta mig við þá hugsun, að mestallt, sem hér hefur verið sagt af hendi flokkanna, sé ábyrgðarlaust hjal og Pílatusarþvottur frammi fyrir allri þjóðinni í helgustu stofnun hennar. Þeir tímar, sem nú standa yfir, virðast þó krefjast annars hugarfars, ef flokkarnir á Alþingi Íslendinga ætla sér ekki að stýra málefnum þjóðarinnar að algerðu hruni.

Forseti (GSv): Hæstv. fjmrh., Björn Ólafsson, hefur nú lokið máli sínu, og er þar með þessari útvarpsumr. lokið. — Þessari 1. umr. um fjárlfrv. er frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr. um að vísa málinu til nefndar) frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 69. fundi í Sþ., 4. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Forseti (GSv): Hefst þá umræðutími þingflokkanna um frv. til fjárl. fyrir árið 1945. Fær hver þingflokkanna 45 mín. til umráða, og verður farin ein umferð.

Fyrst talar af hálfu Framsfl. Hermann Jónasson, en síðan tala fulltrúar þingflokkanna í þeirri röð, er hér segir:

a) Af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. í Sjálfstfl.
b) Af hálfu Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl.
c) Af hálfu Alþfl.

Hermann Jónasson: Herra forseti, góðir hlustendur. — Það er föst venja á Alþingi, að við framhald 1. umr. fjárl. séu eldhúsdagsumræður. Í þingsköpum Alþ. er ákveðið, að útvarpsumr. skuli þá fara fram, og þarf afbrigði frá þingsköpum til að víkja frá því.

Ástæðan til þessa er sú, að þau málin á Alþ., sem þjóðina skiptir mestu að fá glögga vitneskju um, eru að jafnaði fjármálin: hvernig tekna er aflað með álögum á þegnana, hvernig þeim er varið og fjármálastefna ríkisins að öðru leyti. Venjulega er þetta ljóst orðið við þessa umr. um fjárlfrv. Nú er það eigi svo. Enn þá vantar í fjárlfrv. útgjöld, er nema tugum millj. kr. Þingfundum var frestað, til þess að stj. gæti fengið næði til að sjá fyrir tekjuöflun. Enn þá hefur Alþ. ekki fengið að vita, hvaða álög verða á þegnana lögð til þess að jafna að minnsta kosti um 40 millj. fyrirsjáanlegan tekjuhalla á fjárl.

Af þessum sökum fór Framsfl. þess á leit við ríkisstj., að frávik yrði gert og þessi útvarpsumr. færi fram við 3. umr. Þá var hægt að gefa ljóst yfirlit yfir málið, sem þingsköp Alþ. vilja tryggja landsmönnum og þeir eiga kröfu til.

Ríkisstj. neitaði þessu. Hún vill umfram allt hafa þessar útvarpsumr., áður en meira af verkum hennar sér dagsins ljós.

En þótt svo sé, er þegar margt vitað um stefnu stj. þannig vaxið, að mönnum er nauðsynlegt að gera sér þess grein.

Mönnum verður skiljanlegri stefna núv. stj., ef þeir gera sér það ljóst, að hún er framhald af stj. þeirri (sem flestir nefna nú raunar óstjórn), er ríkti frá vordögum 1942 og þangað til seint á því ári. Stjórnarstefnan er hin sama og þá var og breyt. á stj. þær einar, að þeir, sem þeirri stj. veittu stuðning, hafa nú lagt til menn í ráðherrastólana, og stj. hefur lagt sér til dulargerfi, er hún kallar „nýsköpun“. Mun ég nú reyna að gera tilheyrendum mínum þetta ljóst.

Fjármál hverrar þjóðar skipta einatt miklu. Á styrjaldartímum er fjármálakerfið í alveg sérstakri hættu. Aukin dýrtíð í ýmsum þjóðlöndum í og eftir seinustu styrjöld sannaði mönnum, svo að minnisstætt varð, ógnir þess að láta dýrtíðina lausa. Sérhver þroskuð þjóð hefur nú í þessari styrjöld, svo sem skylt var, hagað fjármálum sínum samkv. þessari reynslu.

Við framsóknarmenn höfum miðað fjármálastefnu okkar við þetta. Þegar dýrtíðarl. fengust ekki framkvæmd 1941, bárum við fram frv. um stöðvun um haustið 1941 og vorum reiðubúnir til að vinna með þeim mönnum, sem því máli vildu fylgja. En hinir flokkarnir felldu frv. En þegar Sjálfstfl. um seinan vildi reyna stöðvun með gerðardómsl., vorum við og reiðubúnir til að vinna með Sjálfstfl. einum vegna þessa máls. Við gerðum okkur ljóst, að þetta var orðið erfitt og seint, en við vissum, að það var ekki hægt að stjórna fjármálum ríkisins nema með því að stöðva dýrtíðina.

En vorið 1942 gengur Sjálfstfl. á gerða samn-

inga, svo sem kunnugt er. Hann gerði þá samninga um stjórn við andstöðuflokka stöðvunarinnar. Sameiginleg framkvæmd þeirra flokka, er að stöðvuninni stóðu, Framsfl. og Sjálfstfl., var því aldrei reynd til þrautar.

Ég minnist þess, að þegar ég heyrði og sá endurtekið af núv. forsrh. við öll möguleg og ómöguleg tækifæri, að gerðardómsl. yrðu framkvæmd þrátt fyrir allt og dýrtíðinni haldið í skefjum, að ég þóttist vita, hvers kyns var.

Í fornsögum okkar er sumum mönnum og starfsaðferðum þeirra þannig lýst, að það væri til marks um þá, ef þeir mæltu vel, að þeir væru ráðnir til að gera illa. Höfundarnir gerðu sér þess grein, að þessi starfsaðferð var til. Í dag er hún algeng, og færi margt betur, ef almenningur skildi það. Menn, sem nota þessa vinnuaðferð, lofa því mjög áberandi og oft, sem þeir ætla sér ekki að halda. Háváðinn um nýsköpunina væri ekki eins og raun ber vitni, ef þeir, sem að henni standa, tryðu því sjálfir, að hún yrði framkvæmd, svo sem lofað er. Þakklætið er heimtað fyrir fram fyrir loforðin. Þeir vita, að það kemur aldrei fyrir verkin.

Hér er sama vinnuaðferðin endurtekin og um framkvæmd gerðardómsl. Sömu dagana og því var lofað, að þau yrðu framkvæmd og móttekið lof fyrir það, voru raunverulega gerðir samningar við kommúnista um afnám þeirra. Um þetta mál segir núv. forsrh. í febr. 1943 orðrétt: „Stuðningsflokkar stj. (þ. e. kommúnistar og Alþfl.) settu ríkisstj. þau beinu skilyrði fyrir að firra hana vantrausti, meðan nefndum málum (kjördæmamálinu) var siglt heilum í höfn, að hún vekti ekki ágreining og allra sízt í þeim málum, er viðkvæmust höfðu reynzt, dýrtíðarmálunum.“ — Hann endurtekur það hvað eftir annað, að hann hefði sem forsrh. orðið að gefa þetta loforð til þess að fá að sitja í stólnum. — Hér var örlagasporið stigið í íslenzkum fjármálum og atvinnumálum — og raunar stjórnmálum. Hvernig mundi landsmönnum hafa litizt á blikuna vorið 1942, hefði páv. forsrh., í stað þess að lofa hvað eftir annað framkvæmd gerðardómslaganna og stöðvun dýrtíðarinnar, sagt þeim, eins og var — og hann gerði eftir á, eins og ég hef orðrétt lesið? Hefði hann sagt: „Ég hef fengið stuðning kommúnista til að vera forsrh., meðan breytt er um kjördæmaskipun, gegn því, að þeir ráði dýrtíðarmálunum“. — Nú vita menn eftir á, að núv. forsrh. var, eins og hann sjálfur lýsir, ekki ráðh. nema að nafninu til. Hans var ríkið, — en hvorki mátturinn né dýrðin, eins og eitt sinn var sagt. — Aftur er nú 1944 setzt í ráðherrastólana með sömu skilyrðum um þetta mál og vorið 1942, svo sem síðar verður rakið.

Haustið 1942 var óstjórnin orðin svo gegndarlaus, að jafnaðarmenn og kommúnistar þorðu ekki að láta bendla sig við ríkisstj. Stj. sagði af sér og var síðan sett af, sem fáheyrt er. Höfðu kommúnistar þá tvöfaldað dýrtíðina á þessu tímabili með aðstoð núv. forsrh., sem ekki mátti gera ágreining, eins og hann sjálfur sagði. Það var þetta óstjórnartímabil, sem kom fjármálakerfi okkar í algert ósamræmi við fjármálakerfi þeirra þjóða, sem við skiptum við, og þar með í varanlegar ógöngur.

Ég ræði hér ekki um stjórn dr. Björns Þórðarsonar. Hún lagði stjórnarskútunni í dýrtíðarmálunum og skilaði dýrtíðinni í hendur núv. stjórnarformanns svipaðri og hún var, er hann var settur frá haustið 1942. Hann tekur því við sínu eigin verki eins og hann skildi við það og sjálfur bjó sér það í hendur.

Það er og stofnað til þessarar stjórnar á sama hátt og vorið 1942 að því leyti, að nýtt kjördæmamál er aðalatriðið. Þetta er eina málið eins og þá, sem stj. lofar að standa saman um, einnig eftir nýjar kosningar. Kosningarétturinn á að verða „jafn“. En um það segir í stjórnmálaályktun Alþfl. í Alþýðublaðinu 1. des. s. l.: „Jafn kosningaréttur verður ekki fulltryggður með því einu, að flokkarnir fái hver um sig þingmannafjölda í samræmi við atkvæðamagn“, — enn fremur: „Ein leiðin að því marki sé að gera landið að einu kjördæmi.“ — Það er ekki dult með það farið, hvert stefnt er í þessu máli. En um þau grundvallaratriði, sem marka þarf fyrst af öllu í stefnu hverrar stjórnar, ef ekki á illa að fara, er ekkert samkomulag í þessari stjórn frekar en 1942. Þar er nákvæmlega sama einkennið. Skulu nú leidd rök að því.

Þegar byrjað var á umr. um stjórnarmyndun fjögurra flokka í sept. s. l., bentum við framsóknarmenn á, að allt að 25 millj. kr. væru nú greiddar úr fjárþrota ríkissjóði til að halda dýrtíðinni niðri, svo að framleiðslan stöðvaðist ekki. Þó væru ýmsar framleiðslugreinar, svo sem bátaútvegurinn og frystihúsin, mjög aðþrengdar. Við lögðum fram þá spurningu í 12 manna n., hvort nokkur flokkur treysti sér til að mynda ríkisstj., nema dýrtíðin væri að minnsta kosti þegar stöðvuð. Skoðun okkar var sú, að þegar þyrfti að lækka hana, og létum það í ljós. Það treysti sér enginn í 12 manna n. til að mótmæla því, að stöðvun dýrtíðarinnar væri lágmark. Að mynda stjórn án þess að stöðva dýrtíðina væri sams konar fásinna og að hlaupa út í áralausan bát, sem væri að reka fram af fossbrún. Þessi líking gilti um ráðherrastólana. Ríkið og framleiðslan væri fjármálalega statt á barmi glötunar, ef dýrtíðin yrði ekki stöðvuð. Og menn spurðu: „Hvernig á að gera þetta?“ Svörin voru augljós. Það var verðlag landbúnaðarafurðanna og kaupgjaldið: Hvorugt mátti hækka.

Eftir nokkurt þóf um þetta atriði kemur Sjálfstfl. með þá skriflegu tillögu, „að samið verði um núgildandi kaupgjald óbreytt. Þó verði einstakar breytingar gerðar til samræmingar“. En bændur falli frá hækkuninni 9,4%. Á þessum grundvallaratriðum höfðu allar samningsumleitanir verið reistar. Engin hækkun á kaupgjaldi nema þar, sem var áberandi ósamræmi, svo sem í Iðju til samræmis við Dagsbrún.

Bændur samþ. að hækka ekki þrátt fyrir 6 manna nefndar álitið og beindu þeirri áskorun til verkamanna að gera hið sama. Framsóknarmenn gengu ríkt eftir þeim svörum í 12 manna n., hvort verkamannaflokkarnir vildu stöðva kaupgjaldskröfurnar með öllu. Sjálfstæðismenn virtust í fyrstu standa fast við hina skriflegu yfirlýsingu, er ég las áðan. Núv. forsrh. kom m. a. með þá till., að samið yrði um lítils háttar samræmingu á kaupi Iðjufélaga til samræmis við kaup Dagsbrúnarmanna, en öll önnur verkföll yrðu undantekningarlaust látin falla niður, án þess að kaupgjald hækkaði.

En kommúnistar drógu svörin á langinn, og það

virtist draga af Sjálfstfl. Við framsóknarmenn kröfðumst svars á þrem fundum hvað eftir annað. Svörin voru ýmist loðin eða neikvæð. Við framsóknarmenn lýstum þá yfir, að við tækjum ekki þátt í 12 manna n. að óbreyttu, þar sem verkamannaflokkarnir neituðu meira að segja að stíga það byrjunarskref að stöðva dýrtíðina með því að stöðva kauphækkun, eins og bændur höfðu stöðvað verðlagið.

Framsóknarfl. bauð svo Sjálfstfl. samstarf, eins og skýrt hefur verið frá, með hlutlausum forsrh. Gerðum við jafnframt að skilyrði, svo sem birt hefur verið, að samið yrði um fjárl. og tekjuöflun þannig, að fjárl. yrðu hallalaus. Enn fremur um nokkur undirbúin framfaramál. Þetta fékkst ekki rætt, með því að Sjálfstfl. sleit viðræðum á byrjunarstigi.

Endirinn varð sá, svo sem kunnugt er, að núv. forsrh. samdi við kommúnista og síðar við jafnaðarmenn. Það er mál Sjálfstfl. En hvernig samið er og um hvað ósamið, það er mál þjóðarinnar. Eftir að bændur höfðu lækkað verðlagið, semur hann um hækkun, svo að skiptir þúsundum, á kaupi hæstlaunuðu iðnaðarmannanna og þvingar atvinnurekendur, a. m. k. prentsmiðjueigendur, til að gera það. Allt er þetta gert ofan í yfirlýsingu Sjálfstfl. í 12 manna n. allan septembermánuð. Hér er gefizt upp eins og 1942.

Auðvitað var okkur framsóknarmönnum ljóst, að stöðvun var aðeins fyrsta skrefið, — næsta var niðurfærsla.

Það verður fyrst að stöðva óðan mann, sem er á leið til vatns til að drekkja sér eða ætlar að hlaupa fyrir björg. Næsta skrefið er að koma honum til baka. En þetta hefur nú ekki verið gert, heldur hið gagnstæða, og kommúnistum virðist vera það alveg sérstakt áhugamál, að svo megi verða.

Afleiðingarnar ættu að vera núv. stj. augljósar. Árið 1942, þegar prentarar og járnsmiðir gerðu kröfur til kauphækkunar, hélt núv. forsrh. ræðu 8. jan. og sagði orðrétt það, sem nú skal greina: „Þeir verkamenn, sem nú hafa gert verkfall (prentarar og járnsmiðir), bera það mikið úr býtum, að óhugsandi er, að þeir fái stórhækkað grunnkaup. Fái þeir kröfum sínum framgengt, munu allir aðrir fylgja í kjölfarið, þótt síðar sé. Gegn því getur enginn sanngjarn maður barizt. En afleiðingin er alveg óhjákvæmilega sú, að dýrtíðaraldan flæðir yfir landið."

Þessi rök eru jafngild nú. En eins og fyrr segir, hóf þessi stj. nú göngu sína með því að hækka kaup þessara manna. Afleiðingarnar eru ljósar samkv. rökum núv. forsrh.

Af þessu mætti það verða landsmönnum ljóst, að núv. ríkisstj. er einnig í þessu ekkert annað en óstjórnin frá 1942 afturgengin. Óstjórnin 1942 hljóp frá lausn dýrtíðarmálanna og lét kommúnista ráða, sem fyrr er sýnt. Nákvæmlega á sama hátt er til þessarar stj. stofnað. Af þessum ástæðum mistókst stj. 1942. Þessi stj. er dæmd til að fara sömu leiðina og af sömu ástæðum. Núv. stj. er fædd undir sama ólánsmerkinu: Undanhaldi og uppgjöf í kaupgjalds-, dýrtíðar- og fjármálum þjóðarinnar. Kvíði landsmanna nær langt inn í raðir stjórnarflokkanna. Blað Sjálfstfl. á Akureyri segir m. a.: „Og enn skal það játað, að kauphækkanir þær, sem orðið hafa nýlega í nokkrum iðnfélögum, eru síður en svo til samræmingar á kjörum launafólksins." — Víst er þetta rétt. Það er síður en svo til samræmingar. Það er þvert á móti til að skapa ósamræmi með þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa, svo sem núv. forsrh. benti á 1942.

En stjórnin segir: Nú höfum við nýsköpun á stefnuskrá okkar. Rétt er það, að ríkisstj. hefur reynt að fela stefnuleysi sitt í talsverðum hávaða og skrumauglýsingum, sem gert er vaxandi gys að, um svokallaða nýsköpun. En stefna stj. í dýrtíðar- og fjármálum vinnur sjálfkrafa gegn því, að þessi nýsköpun verði framkvæmd. Skulu nú leidd rök að því.

Nýsköpun atvinnulífsins með ýmsu móti er nauðsyn. Við verðum ásamt öðru að hafa opin augun fyrir nýrri tækni og notfæra hana. Að þessu ber sérhverri ríkisstj. að vinna og ekki sízt í lok styrjaldar, þegar framleiðslan hefur gengið úr sér og ýmis ný tækni kemur til sögunnar.

Framsfl. hefur flokka fyrstur gert sér þetta ljóst. Það var Framsfl., sem bar fram til sigurs þingsályktanir um það, að skipaðar yrðu nefndir til að rannsaka og gera tillögur um skipun atvinnumála og um stór og mörg framfaramál næstu ára. Þessar n. hafa starfað. Rafveitumálan. hefur þegar skilað merku áliti til ríkisstj. um rafmagnsmálin. — Framsfl. studdi að því allra flokka mest, að 45 nýir bátar voru keyptir frá Svíþjóð, og þeir hafa til þessa svarað til eftirspurnar. Járnskip hafa verið lítt fáanleg, en verða það sennilega alveg á næstunni. — Eftirspurn eftir jarðvinnsluvélum, landbúnaðarvélum ýmiss konar, vélum til vegagerðar o. fl. er þrisvar til fjórum sinnum meiri en við höfum getað fengið útflutningsleyfi fyrir hjá viðskiptaþjóðum okkar. Þó hafa sendiherrar okkar í Bandaríkjunum og Englandi unnið að þessum málum eftir fremstu getu, og fyrrv. atvmrh. sendi sérfróðan duglegan mann vestur um haf, til þess að allt væri gert, er í okkar valdi stóð. En lítið hefur orðið ágengt. Þetta kann að lagast innan skamms. En núv. ríkisstj. er ekki að uppgötva neitt spánnýtt, þótt hún láti greiða fyrir kaupum á atvinnutækjum.

En það er líka nauðsynlegt að hafa það í huga, vegna reynslu þeirra, er nota hin nýju tæki, sem nú eru keypt, að þetta er stríðsframleiðsla, seld með stríðsverði í ofanálag. Sumt af þeim skipum, sem framleidd eru í styrjöldinni og hafa skemmzt, er nú verið að rífa, vegna þess að það borgar sig ekki að gera við þau, sökum þess að þau eru svo léleg framleiðsla. Framleiðsla góðra vopna situr enn í fyrirrúmi með bezta efni og beztu starfskrafta. Ný tæki verður vissulega að kaupa, en með forsjá verður að gera það eins og annað.

En það er um þessa nýsköpun eins og allt annað hjá þessari hæstv. ríkisstj.: stefnuleysið. Um það er ekkert ákveðið í l. um nýsköpun, hvernig eigi að koma henni í framkvæmd, og af umræðum stjórnarliðsins verður það eitt ráðið, að um þetta ríki fullkominn glundroði. Við framsóknarmenn bárum fram þá brtt., að eitt af verkefnum nýbyggingarráðs yrði að athuga þetta og gera tillögur um það. Stjórnarliðið felldi það. Við framsóknarmenn gerðum og þá brtt. við frv. ríkisstj., að nýbyggingarráði yrði fyrst og fremst falið að rannsaka og gera till. um fjárhagsgrundvöll framleiðslunnar. Við það mátti ekki koma. Það var

fellt. Þó ætti það ekki að geta dulizt mönnum, að þetta tvennt er frumskilyrði þess, að eitthvað verði í málinu gert. — Eina leiðin til þess, að framleiðslutækin verði keypt og notuð, er, að unnt sé að reka framleiðsluna með sæmilegri fjárhagsafkomu.

Og nú er ástandið þó þannig, hvar sem stjórnarherrarnir leita fyrir sér: — á Ströndum, við Eyjafjörð, við Austurland, Suðurland og annars staðar, að mokafla þarf með því fiskverði, sem nú er, til þess að sjómenn hafi viðlíka kaup og landmenn. Það má ekkert út af bera um afla. Mjög víða hafa sjómenn ¾ og niður í ⅔ af kaupi landmanna. Óteljandi auglýsingar á bátum mánuð eftir mánuð segja sína sögu. Bátaeigandi hér sunnanlands bauð bezta formanni sínum bát til kaups nýlega. Bátsformaðurinn kvaðst ekki vilja þiggja hann með gjafverði, ef hann ætti að gera hann út. Gamall útgerðarmaður auglýsir nú skip sín að kalla á hverjum degi, síðan nýsköpunarl. voru samþ., og hefur þegar losað sig við mörg þeirra. Það selja fleiri skip en Kveldúlfur. — Þannig hugsa margir til nýsköpunar stj., eins og horfir.

Auðvitað segir stj., að með því að segja þennan sannleika séum við stjórnarandstæðingar að vinna illt verk, þeir séu hinir bjartsýnu menn, við hrakspámenn, — við séum að spilla fyrir nýsköpuninni og draga kjark úr mönnum. Þetta eru í senn fánýtar og barnalegar mótbárur. Við framsóknarmenn kvörtuðum aldrei undan því, þótt Sjálfstfl. beitti öllum ráðum og brögðum í andstöðu sinni gegn okkar málum: vökulögunum, verkamannabústöðunum, héraðsskólunum, mjólkurl., kjötl., síldarverksmiðjum ríkisins og óteljandi málum öðrum. — Öll þessi mál eru borin fram til fulls sigurs, urðu sterk og vinsæl við rökræður vegna þess, að þau voru í eðli sínu góð mál og rétt. Eins mundi fara um nýsköpun þá, sem byggð væri á traustum grunni — gagnstætt hinni, sem er hjóm eitt og skrum.

En sagan um afkomuhorfur framleiðslunnar er ekki öll sögð. Til þess að hið bágborna ástand, sem þar ríkir nú, verði ekki enn þá verra, verður að færa stórar fórnir. Bændur gefa eftir 9,4% af framleiðslu sinni í eitt ár, og greiddar eru 20—25 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að halda kaupgjaldinu og dýrtíðinni niðri, svo að framleiðslan stöðvist ekki. En þegar þessi 9,4% eftirgjöf hverfur og landbúnaðarvörurnar hækka í verði að hausti vegna vaxandi dýrtíðar og ef ríkissjóður getur ekki borgað niður dýrtíðina vegna fjárskorts, — þá er ástandið svo gerbreytt til hins verra fyrir framleiðsluna, að hún getur ekki staðizt með hæsta stríðsverði, hvað þá heldur, ef verðlækkun á sér stað.

Þetta gera framleiðendur sér ljóst. Það þarf ekki að orðlengja um það. Ég kem nánar að því síðar, að ríkissjóður er nú þegar að komast í algert þrot við það að halda dýrtíðardraugnum niðri.

Og svo stendur forsrh. upp hér á Alþ. talsvert hnakkakertur að vanda og segir: Framleiðslan getur borgað núverandi kaup. Sumt af henni getur borgað hærra kaup, — það skuli að minnsta kosti fyrst reynt til þrautar, áður en talað sé um að færa niður dýrtíðina. En ýmsum virðist nú ekki þurfa að prófa þetta frekar en orðið er, þegar ríkisstj. hefur setið árangurslaust í fleiri vikur til þess að reyna að skrapa saman um 40 millj. kr., er vantar í ríkissjóð, þar af 20—25 millj. kr. til þess að unnt sé að borga niður dýrtíðina, svo að komið verði í veg fyrir, að öll framleiðsla í landinu stöðvist vegna kaupgjalds og dýrtíðar, ef það fær að sýna sig eins og það raunverulega er.

Og hefur landsstj. athugað, hvers konar verk hún er að vinna með því að koma inn hjá landsmönnum þeirri fáránlegu villu og reyna að svæfa þjóðina með því, að ný tækni geti lagfært þetta allt? — Ætli aðrar þjóðir fái ekki svipaða tækni og við? Ég held, að hyggilegast sé fyrir okkur að ganga út frá því, að við fáum ekki neinn einkarétt á tækninni. Og hvernig eigum við þá að fiska á sömu fiskislóðum og nágrannaþjóðirnar, selja á sama markaði og þær fyrir sama verð og þær, en hafa þó tvöfaldan framleiðslukostnað á við þær? Og ætli það verði ekki eitthvað svipað um framleiðslu landbúnaðarafurðanna?

Sú nýsköpun, sem á svona grundvelli er reist, er fyrir fram dæmd. Og það er nú þegar kominn nokkur prófsteinn á hana á Alþ. Sú framkvæmd, sem hefur verið lengst og bezt undirbúin, er áburðarverksmiðja. Nákvæm rannsókn sérfræðings sýnir, að framleiðsla áburðar er hér fjárhagslega hagstæðari en flest annað. Málið er hið mesta áhuga- og nauðsynjamál bænda og íbúa kauptúna og kaupstaða, þar sem ræktun margs konar vex ört, en skortur er á góðum áburði. Stjórnarflokkarnir létu mikið yfir áhuga sínum á þessu máli og alveg sérstaklega Morgunblaðið. Þetta mál var tekið inn á nýsköpunarplötuna sem ein allra fyrsta framkvæmdin. Málið hefur verið í n. í þinginu. Stjórnarsinnar urðu vandræðalegri með hverjum fundi. Síðast var aðferðin ráðin. Málið var of vinsælt til að ganga beint til verks og fella það. En því var búin gröf. Því er vísað til ríkisstj. til frekari rannsókna — og frestað. Í umr. sögðu stjórnarsinnar, að rannsókn sýndi, að áburðarverksmiðja gæti ekki borið sig, — eins og komið væri. Hér eru þó skilyrði til framkvæmda einna bezt.

Það má með sanni segja um þessa svokölluðu „nýsköpun" stjórnarinnar: „Ill var þín fyrsta ganga".

Öll rök liggja til þess, svo sem ég hef sýnt, að framhaldið verði upphafinu líkt.

Og ekki verða vonirnar bjartari, ef framleiðslan og „nýsköpunin" yfirleitt lítur til ríkissjóðs sem öryggis fyrir afkomu sína, — sem að vísu getur aldrei orðið neitt öryggi til langframa. Allt bendir til þess, eins og farið hefur verið með fjárhag ríkissjóðs, að Alþ. verði að leggja þung álög á framleiðsluna í stað þess að styrkja hana.

Sjálfstfl. hefur nú stýrt fjárhag ríkisins síðan 1939. Aldrei hefur nokkur flokkur á Íslandi fengið annað eins tækifæri og Sjálfstfl. til að gera fjárhag ríkissjóðs glæsilegri en dæmi voru til áður og afkomu framleiðslunnar örugga. Aldrei hefur annað eins fjárhagslegt góðæri verið í landinu um lengri tíma. Og þjóðin setti sér það mark að greiða allar skuldir sínar. En stjórn Sjálfstfl. spilaði þessum möguleikum úr höndum sér og úr höndum þjóðarinnar með óstjórninni 1942. — Af tvöföldun dýrtíðarinnar leiddi það, að orðið hefur að greiða úr ríkissjóði miklar uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur og stórfé

til að halda niðri kaupgjaldi og dýrtíð til þess að halda framleiðslunni á floti. En samtímis gerist annað, sem fylgir aukinni dýrtíð eins og skuggi. Útgjaldahlið fjárl. eykst hraðar en framfærsluvísitalan. Hins vegar fóru tekjumöguleikar ríkissjóðs þverrandi sökum erfiðleika framleiðslunnar, sökum vaxandi dýrtíðar. Nú er svo komið fyrir þessar sakir, að þingmeirihluti sá, er Sjálfstfl. hefur forustu fyrir, er að heykjast á því að láta tekjurnar svara til nauðsynlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs og það í allra mesta góðæri. Fyrirsjáanlegt er og vitað, að þetta verður enn verra að ári og alveg óviðráðanlegt, þegar verðfallið kemur eftir styrjöldina, og það þótt ekkert sé ætlað til nýsköpunar. Ástandið er nú í góðærinu þegar þannig, að er fjárlfrv. kemur frá fjvn. og eftir að ráðherrarnir hafa hver fyrir sitt rn. óskað eftir hækkun, svo sem nál. greinir, eru útgjöldin komin talsvert yfir 100 millj., hallinn um 5½ millj. Tekjuáætlunin hefur þó verið hækkuð um 13 millj. frá því, sem var í frv. upphaflega, þar af hátt á 7. millj. fyrir áfengissölu. Útgjaldamegin vantar þó enn í frv. 4—6 millj. vegna hækkunar á launum embættismanna, er stj. hefur samið um. Enn fremur 20—30 millj. vegna dýrtíðarráðstafana, auk margra annarra greiðslna. Hallinn á fjárl. verður því, er öll kurl koma til grafar, ekki undir 40 millj. kr. — Er hallinn einn því meira en tvöfalt hærri en fjárl. fyrir stríð, þegar núv. forsrh. blés mest um það, hvað þau væru há. Fyrir stríðið, þegar útflutningsverzlun var einna minnst, voru fjárl. rúm 30% af útflutningsverzluninni, nú 66%, þótt miðað sé við hinn mikla útflutning síðasta ár, um 232 millj. kr.

Enn þó er ekki öll sagan sögð enn. Þeir Pétur Ottesen og Þorsteinn Þorsteinsson skrifa undir frv. með þeim fyrirvara, að þeir telji „fjárhag ríkissjóðs á næsta ári teflt í tvísýnu með hækkun á tekjuáætluninni." Helgi Jónasson og Jónas Jónsson skrifa og undir frv. allt með fyrirvara, eftir því m. a., hvernig ræðst um tekjuöflun. Þóroddur Guðmundsson, Lúðvík Jósefsson og Guðmundur Í. Guðmundsson skrifa undir frv. með þeim fyrirvara, að stj. verði að bera fram frv. um tekjuöflun handa ríkissjóði, og Guðm. tekur fram, að það verði að vera í samræmi við gerða samninga.

Það eru því aðeins tveir nm., sem skrifa undir frv. án fyrirvara. Og í raun og veru má lesa það milli línanna, að enginn vill bera ábyrgð á frv. Þar er allt rakið til ráðherranna. Á einni blaðsíðu er sex sinnum um það getið, að þetta og hitt sé hækkað eftir kröfu þessa ráðherra eða hins.

Eitt er ljóst af þessu nú þegar, og á því lék grunur áður. Þrátt fyrir gum stj. um samstarf hefur henni ekki tekizt það fyrsta og nauðsynlegasta, ef samkomulag á að geta tekizt um stjórn: samkomulag um fjármál ríkisins og framleiðslunnar. Stj. hafði ekki í byrjun og hefur ekki enn neina sameiginlega fjármálastefnu. Hún lætur reka. Það er ekki stefna, heldur stefnuleysi. Hér kemur enn fram nákvæmlega sama einkenni stj. og 1942.

Ég leyfi mér nú að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að afla þeirra 40 millj., er á skortir, að fjárl. verði hallalaus? Ég tel, að þjóðin eigi nokkra kröfu til þess að fá um það að vita sem fyrst, hvernig leggja á henni á herðar 40 millj. kr. ofan á öll þau gjöld, sem hún nú greiðir. Tekjuhalli á fjárl. þarf ekki að vera óeðlilegur í slæmu árferði eða þegar stórfé er lagt í arðbærar framkvæmdir. En hugsar stj. sér raunverulega að afgreiða fjárl. með tekjuhalla, án þess að lagt sé í óvenjulegar framkvæmdir, og í mesta góðæri? Auðsætt er, að afkoman verður verri að ári. Á þá enn að taka ný lán? Og öllum er ljóst, að erfiðleikar byrja þó fyrst fyrir alvöru, þegar verðfallið kemur eftir stríð. Hvað á þá að gera, ef við söfnum til tugmilljónaskulda í mesta góðæri?

Ég held, að það sé sízt of hart til orða tekið, þó að notuð séu orð Morgunblaðsins fyrir hálfum mánuði: Halli á fjárl. nú mundi „hefna sín grimmilega", er versnar í ári. „Hin grimmilega hefnd", sem Morgunblaðið kallar svo, væri fyrirsjáanlegt algert fjárhagslegt öngþveiti.

Ég hef nú leitt rök að því, að stefna núv. stj. er framhald stjórnarstefnunnar 1942: kjördæmamál enn á ný, undanhald í kaupgjaldsmálum, sama ráðleysi í dýrtíðarmálinu, algert stefnuleysi í fjármálum. Stj. með slíka stjórnarstefnu hindrar vitanlega alla nýsköpun atvinnulífsins eins rækilega og nokkur stj. getur gert. Stefnan sjálf hlítir því lögmáli að koma hér öllu í fjárhagslega sjálfheldu, áður en varir.

En einingin í stjórnarflokkunum er bágborin um fleira en fjármálastefnuna. Það er að vísu misklíð í öllum flokkum og nokkur metingur. Ég tel hér alls ekki þann meting og þær orðahnippingar, sem oft eiga sér stað milli flokksmanna, svo sem milli Björns Ólafssonar fyrrv. ráðh. og núv. forsrh. eða skrif Árna frá Múla um núv. forsrh., þó að þar sé af mörgu að taka. Það er ekki svo alvarlegt út af fyrir sig, þó að slíkt eigi sér stað í flokkum. — En ágreiningur, sem nú er í Sjálfstfl., er um mál, sem markar meginstefnu hvers flokks, stefnuna í fjármálum ríkisins og framleiðslunnar. Þetta eru málin, sem skipta mönnum í flokka. ¼ af Sjálfstfl. neitar að styðja stj., fimmmenningarnir. Ég get upplýst, að nokkrir af þeim hafa þegar sent dreifibréf út um kjördæmin, væntanlega vegna þess, að þeir eiga ekki of greiðan aðgang að málgögnum flokksins. Þeir skýra þar afstöðu sína til stjórnarmyndunarinnar. Þeir eru ekki myrkir í máli um það, sem er að gerast, og eru næsta harðorðir í áliti sínu á stjórnarsamvinnunni og stefnunni. Margt í bréfum þessum á sannarlega erindi til manna um land allt. Það verða síðar tækifæri til að skýra nánar frá þessum bréfum. Þau ganga nú manna á milli, það vitið þið, hlustendur, um öll þau héruð, sem þau hafa verið send í. Og Morgunblaðið sagði nýlega, að þetta væru greindustu og heiðarlegustu mennirnir í flokknum.

Sama er að segja um afstöðu annars sjálfstæðisblaðsins, Vísis. Þar er einnig djúptækur ágreiningur um meginstefnuna, og flytur blaðið að heita má daglega árásir á stefnu stjórnarinnar.

Og svo er það framkoma kommúnista og sjálfstæðismanna á þingi Alþýðusambandsins. Þingið hefst á því, að uppvíst verður um leynibréf formanns kommúnistaflokksstjórnar, Brynjólfs Bjarnasonar, til trúrra félagsmanna víðs vegar um land. Bréf þetta hefur vakið almenna undrun. Í samræmi við áætlun bréfsins neyta svo kommúnistar og sjálfstæðismenn meirihlutavalds til

að bægja nokkrum fulltrúum Alþfl. frá þátttöku í þinginu, þótt kosnir væru með sama hætti og fulltrúar, er kommúnistar vissu sér trúa. — Landsmenn rekur minni til, að 1937 hófst samstarf sjálfstæðismanna og kommúnista um stjórnarkosningu í verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði. Maður að nafni Hermann Guðmundsson var kosinn formaður þess. Hann var flokksbundinn sjálfstæðismaður, sem Alþýðublaðið sagði, að hefði verið í nazistadeild flokksins. Kommúnistar og sjálfstæðismenn ráku nú nokkra þekktustu verkamannaleiðtoga Alþfl. úr félaginu Hlíf til þess að tryggja sér meiri hl. Hermann Guðmundsson var svo sendur út af örkinni um allt land sem þólitískur verkamannaleiðtogi Sjálfstfl. Síðan segir Hermann Guðmundsson sig úr Sjálfstfl. Enginn veit, hvaða flokki hann tilheyrir. En staðreynd er það, að nú er Hermann Guðmundsson kosinn formaður Alþýðusambandsins með atkvæðum kommúnista og sjálfstæðismanna.

Kommúnistar og sjálfstæðismenn hlutu fjögurra atkvæða meiri hluta, eftir að þeir höfðu, eins og fyrr segir, neitað nokkrum löglega kosnum Alþýðuflokksmönnum um aðgang að þinginu. Þannig kusu þeir einlita kommúnistastjórn, 9 manna, fyrir Alþýðusambandið.

Alþýðublaðið 28. f. m. segir um þetta: „Þessi meiri hluti var fenginn með svikum og ofbeldi og stuðningi sjálfstæðismanna."

Það má svo sem nærri geta, með hvað miklum heilindum samstarfið er í ríkisstj. milli þessara manna um almenn mál ofan á stefnuleysið, sem áður er rakið.

Ég sný mér að lokum að nýju að fjármálunum. Ég tala til þeirra, fjær og nær, sem styðja þessa stjórn. Ég er undrandi yfir því, að ýmsir þm. í stjórnarflokkunum skuli ekki viðurkenna það nú þegar, hvernig fjárhag þjóðarinnar og framleiðslunnar er komið. Ég fullyrði, að mörgum þessara hv. þm. er það ljóst, að með því að láta meinsemdina halda áfram að grafa um sig er augljóst, að hún verður lítt læknandi, áður en varir. Þeir, sem að þessum stuðningi standa, taka á sig mikla ábyrgð.

Ég geri mér það ljóst, að það er nú þegar miklum annmörkum háð að ráða fram úr fjármálum íslenzka ríkisins og framleiðslunnar. En það er augljóst, að það fer enn ört versnandi, því lengur sem haldið er áfram á þessari braut. Ég hef enga trú á því, að fjármálaástandið verði lagfært nema með algerðri stöðvun og síðan niðurfærslu dýrtíðarinnar og að leiðréttar verði nokkrar af þeim yfirsjónum, sem gerðar voru aðallega 1942. Án þess verður á næstunni ekki unnt að semja fjárl. með viðunandi móti, og án þess er framleiðslan dauðadæmd, ef nokkuð ber út af, sem fyrirsjáanlegt er.

Ég efast mjög mikið um, að kjör verkamanna séu hér betri en þau voru 1941—1942. Hækkað verð til bænda hefur horfið í hækkað kaup og tilkostnað. Ég efast um, að verkamenn á Íslandi séu nokkuð betur settir en verkamenn í Englandi, Svíþjóð og öðrum löndum, þar sem þeir hafa þrisvar sinnum lægra kaup en hér. Dýrtíðarpólitík okkar hefur verið sú að láta undan áróðri, sem skapað hefur þá trú, að það væri betra að fá 10 kr. í kaup en 5 kr., þó að dýrtíðin vaxi þannig, að maður kaupi sömu nauðsynjar fyrir 10 krónur og greiddar voru með 5 kr. áður. En afleiðingarnar hafa orðið þær fyrir ríkissjóð, sem við nú sjáum, *og fyrir framleiðslu landsmanna*, en að lokum fyrir alla landsmenn.

Þegar hinar þroskuðu nágrannaþjóðir okkar ræða um nýskipun sinnar framleiðslu, sér maður fljótt, að það, sem þær hugsa um fyrst og fremst, er það, hvernig framleiðsla þeirra geti orðið samkeppnisfær við framleiðslu annarra þjóða. Við verðum að fara að hugsa fjármál okkar á svipaðan hátt, þótt seint sé. Í þessu landi eru óþrotlegir möguleikar. Hvar sem við lítum, er þörf fyrir nýtt framtak og nýjar framfarir. Þeir menn, sem taka á sig ábyrgðina á því að halda áfram fjármálastefnunni frá 1942, verða að gera sér það ljóst, að þeir taka jafnframt á sig þá ábyrgð að koma í veg fyrir þessar framfarir í bráð, og ef þessari fjármálastefnu verður haldið áfram enn um skeið, þá einnig í lengd.

Þessi fjármálastefna er að koma öllum þjóðarbúskapnum í algera sjálfheldu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti, háttvirtu hlustendur. Þá hafa menn hlýtt á sanngjarnan, rólegan og velviljaðan dóm stjórnarandstöðunnar.

Hv. þm. Str. kvartar yfir því, að stj. hafi verið ófáanleg til þess að fresta þessum umr., og taldi, að það væri vegna þess, að stj. vildi komast hjá því að ræða gerðir sínar, þegar þær væru kunnar orðnar. Við þessu er það að segja, að auðvitað getur Framsfl., hvenær sem hann óskar þess, látið fara fram útvarpsumr., en auk þess taldi stj., að Framsfl. mundi ekki verða skotaskuld úr því að ráðast á stj. nú, eftir að hún þó hefur setið í sex vikur, úr því að flokkurinn taldi sig þess megnugan að rjúka af þingi og út um byggðir landsins til þess að ófrægja stj. viku áður en hún var mynduð.

Hv. þm. spáði miklum hrakspám fyrir stj. Enginn, sem hann þekkir, undrast þessi ummæli. Í hans augum eru allar stj. feigar, sem hann sjálfur hefur ekki forsæti fyrir. Það er eins og fyrrv. formaður Framsfl. sagði í Ófeigi nýlega, að „fyrir atbeina og úrræði samflokksmanna sinna hefur Hermann Jónasson setið samfellt átta ár í stj. landsins. Þessi óvanalega langa stjórnarseta hefur haft áhrif á dómgreind þessa tiltölulega líttreynda manns. Hann hefur komizt á þá skoðun, að honum væri svo að segja áskapað að vera ráðherra á Íslandi." Í þessu ljósi verða menn að dæma þá ræðu, er hv. þm. Str. flutti áðan.

Við á Alþ. þekkjum þetta vel. Við skiljum hugarfar mannsins, sem gengið hefur milli okkar síðustu missirin og sagt okkur, að við gætum valið á milli þess að taka við honum sem forsrh. eða fullkomins hruns í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Það væri sjálfsagt óviðfelldið fyrir mann með hans sjálfstrausti, ef hvorugt skyldi verða, enda heyrðu menn óskir hans, spár og vonir um nýsköpunina, þ. e. a. s. velferð og heill Íslendinga.

Hv. þm. sagði, að ég hefði 1942 keypt völdin *því fyrirheiti, að stj. vekti ekki ágreining og allra sízt um dýrtíðarmálin*. Þess vegna hefðu gerðardómsl. orðið undir. Þetta sýnir vel baráttuaðferð Framsfl., því að hv. þm. sleppti því meginatriði, að stj. lýsti yfir því, að hún mundi halda uppi gerðardómsl., meðan þess væri nokkur kostur. Þetta

fyrirheit efndi hún, og það var ekki fyrr en sjálfur höfundur gerðardómsl., nefnilega þessi sami hv. þm., réðst aftan að sínu eigin afkvæmi í útvarpsræðu fyrir júlí-kosningarnar, að gerðardómsl. voru dauðadæmd.

Hv. þm. sagði, að fjármál ríkisins væru í öngþveiti vegna þess, að Sjálfstfl. hefði farið með þau frá 1939—1942. Það er nú öllum kunnugt, að fjárhagur ríkisins stóð með blóma í árslok 1942, en annars væri þessi dómur, ef sannur væri, þungur áfellisdómur um þann mann, sem stjórnarforystuna hafði lengst af þetta tímabil, en það var einmitt þessi hv. þm. sjálfur. Annars lýstu þessi ummæli, að ekki er af miklu að taka varðandi árásarefni á stj., og sama má segja, þegar hann var að leitast við að kenna núv. stj. um, hversu nú er komið um fjárhaginn. Allir hljóta þó að sjá, að stj., sem aðeins hefur setið í sex vikur, getur ekki borið á því neina ábyrgð, en að öðru leyti er það sannmæli, að þeir örðugleikar, sem nú verður við að etja, eru ef til vill meira að kenna þessum hv. þm. en nokkrum einstökum stjórnmálamanni þjóðarinnar.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. muni víkja nánar að fjármálunum, áður en þessum umr. lýkur. Ég læt því nægja að spyrja nú: Ef það er skoðun hv. þm. Str., að komið sé í annað eins ógurlegt öngþveiti og hann lýsti, hvernig í ósköpunum stendur þá á því, að hann hefur þagað gersamlega við þessu undanfarin tvö ár, meðan sú stj. fór með völd, sem hann raunverulega studdi?

Hv. þm. fjargviðraðist mikið yfir því sundurlyndi, er hann taldi ríkja í Sjálfstfl., og kvað hann þann ágreining mjög alvarlegan vegna þess, að hann væri um „málefni", eins og hann komst að orði.

Já, ágreiningur — og það um málefni — fannst þessum hv. þm. nokkuð óvenjulegt fyrirbrigði. En um hvað skyldi þá ágreiningurinn vera í Framsfl., úr því að hann er ekki um „málefni"? Er hann eingöngu um það, hver á að kallast formaður í flokknum, og annað því um líkt ytra form? Ég get svo sem vel svarað þeirri spurningu, því að sá ágreiningur er sannarlega málefnalegur. Hann er meira að segja svo málefnalegur, að skapari þessa flokks og raunar valdaferils hv. þm. Str. einnig er nú farinn að gefa út tímarit til þess að deila á stefnu hv. þm. Str. og samherja hans í Framsfl., sem hann telur vera hreina glæfra, sem stefna muni öllu atvinnulífi þjóðarinnar til gjaldþrots. Þegar því þessi hv. þm. talar um sundurlyndi og ágreining, held ég honum væri nær að líta sér nær. Það er þá líka vitað, að Framsfl. um land allt er gersamlega klofinn, og mun þessi þm. hafa sannprófað það nú nýverið, er hann var að hendast um landið til að ófrægja stjórnina.

Að öðru leyti vil ég í beinu tilefni af ræðu hv. þm. Str. og sem svar við henni nota þetta fyrsta tækifæri, sem mér hefur gefizt til þess að tala í áheyrn þjóðarinnar eftir myndun hinnar nýju stjórnar, til að rekja þau tvö höfuðatriði, sem stjórnarandstaðan hefur mest haldið á loft. Mun ég gera grein fyrir, hvernig á því stendur, að Framsfl. varð utan við stj., og einnig svara þeirri gagnrýni, er stefnt hefur verið að nýsköpunarfyrirrætlunum stjórnarflokkanna.

Þegar Sjálfstfl. vorið 1942 neyddist til að taka við stjórnartaumunum, vegna þess að allir aðrir skoruðust undan því, sat flokkurinn við völd, eingöngu meðan hann var að binda endi á þau mál, sem fyrir lágu og nauður rak til að koma áleiðis: kjördæmamálið, sem leitt var til farsælla lykta, og sjálfstæðismálið, sem komið var áleiðis um mjög merkan áfanga, raunar miklu merkari áfanga en flestir Íslendingar enn gera sér ljóst. En að þessu loknu tók Sjálfstæðisflokkurinn eðlilegri afleiðingu af því, að hann réð ekki við vaxandi dýrtíð í landinu, sem ekki var þá heldur að vænta, þegar andstæðingar hans tóku höndum saman um að berjast gegn föstu verðlagi. En Sjálfstfl. réð þá aðeins yfir 16 þm. (sá 17. var farinn af landi burt) — af 49 þm.

Eftir að Sjálfstfl. baðst lausnar, gerði hann þá till. við þáv. ríkisstjóra Íslands, að reynd yrði myndun fjögra flokka stjórnar í landinu í því skyni að koma á allsherjarsamstarfi með allri þjóðinni. Þessi tilraun stóð lengi yfir, sem kunnugt er. Sjálfstfl. fór þá á fremsta hlunn um tilboð í áttina til óska hinna, vegna þess, hversu honum var ljóst mikilvægi samstarfs til úrlausnar þeim verkefnum, sem þá lágu fram undan, — og þá fyrst og fremst lokasporið í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Þessar tilraunir mistókust, sem kunnugt er.

Þá tóku við tilraunir undir forystu Framsfl. við hina tvo þingflokkana, Alþfl. og Sósfl., til samstarfs milli þessara þriggja flokka. Þær tilraunir stóðu yfir í fimm mánuði, lauk hvatskeytslega með kveðjusendingum, sem stóðu yfir í aðra fimm mánuði og löngu eru alþjóð kunnar.

Á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var í júní 1943 á Þingvöllum, var samþ. eftirfarandi ályktun:

„Landsfundur sjálfstæðismanna, haldinn á Þingvöllum 18. og 19. júní 1943, lítur svo á, að þingflokkur sjálfstæðismanna hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að mynduð yrði þingræðisstjórn á síðastliðnu þingi.

Telur landsfundurinn æskilegt, að Sjálfstfl. vinni að því að koma á sem víðtækastri stjórnmálasamvinnu í landinu og að mynduð verði þingræðisstjórn, er njóti stuðnings meiri hluta Alþingis."

Þingflokkur og miðstjórn Sjálfstfl. hafa síðan sleitulaust unnið í samræmi við þessa ályktun. En þó taldi flokkurinn vonlaust að hreyfa málinu, fyrr en svo langt var dregið að stofnun lýðveldisins, að öllu Alþ. var orðið ljóst, að það var höfuðsmán, að þjóð, sem í nafni þingræðis og lýðræðis var að endurreisa fullt frelsi og endurreisa lýðveldi sitt, reyndist ófær um að inna af hendi frumskyldu slíkrar smáþjóðar, það er að segja að mynda þingræðisstjórn í landinu. Á grundvelli þessa skilnings, sem þannig var vakinn í huga allra — eða allflestra — þm., vogaði Sjálfstfl. sér að reyna að tengja saman hin sundurleitu öfl til stjórnarmyndunar, sem átti að verða með þeim hætti, að stj. yrði komið á í landinu um 20. júní, en þó þannig, að hægt væri að gefa þjóðinni það í morgungjöf lýðveldisins, að Alþ. hefði haft sig undan ámælinu og komið sér saman um stofnun allsherjarstjórnar. Þessi tilraun mistókst því miður, eins og allir menn vita.

Sjálfstfl. lét þá kyrrt liggja þar til seint í júlímánuði. Þá höfumst við handa, Jakob Möller, Bjarni Benediktsson og ég, eftir fyrirmælum flokks-

fundar í þingflokki sjálfstæðismanna um að halda áfram slíkum tilraunum.

Frá byrjun ágústmánaðar og fram í byrjun októbermánaðar voru fundir haldnir stundum daglega, stundum annan hvern dag milli allra fjögurra flokka þingsins. Þar voru málin þrautrædd fram og aftur. Þannig stóð, þar til Sjálfstfl. hinn 14. sept. s. l. tók af skarið og skrifaði hinum flokkunum bréf, þar sem hann dró upp mynd af ástandinu og horfunum fram undan og lagði til, að flokkarnir gengju til stjórnarmyndunar á grundvelli málefnasamnings, sem flokkurinn varpaði fram í þessu sama bréfi. Málefnasamningur þessi varð síðar megingrundvöllur þess tilboðs, sem ég gerði Alþfl. og Sósfl., eftir að forseti Íslands hafði falið mér að mynda stj. Þessu bréfi okkar var vel tekið af öllum flokkum, og fljótlega fengum við svör. Héldu svo umr. áfram þar til 2. okt. s. l., að formaður þingflokks framsóknarmanna, Eysteinn Jónsson, lýsti yfir á fundi í 12 manna n., þ. e. a. s. samninganefnd allra fjögurra þingflokka, að hann liti svo á, að þessum umr. væri lokið, og kvað Framsfl. ekki reiðubúinn til að taka frekari þátt í þeim að óbreyttum kringumstæðum.

Eftir að ríkisstj. Björns Þórðarsonar sagði af sér, hafði forseti Íslands kvatt formenn flokkanna á sinn fund og tekið af okkur skýrslur um horfur til stjórnarmyndunar. Honum var eins og öðrum kunnugt, að samningstilraunir stóðu yfir milli allra þingflokka. Á þeim fundi tók ég að mér samkv. beiðni forsetans að láta hann vita, hversu stæði um horfur í þessum samningsumleitunum. Og þegar nú formaður Framsfl. gaf þessa yfirlýsingu, tilkynnti ég forseta það og óskaði eftir, að forsetinn kallaði formenn flokkanna á nýjan fund til þess þar að fá staðfest ummæli formanns Framsfl. Forsetinn gerði þetta, og formennirnir komu á fund til hans 3. okt. s. l. kl. 11 f. h. Á þessum fundi staðfesti form. Framsfl. yfirlýsingu sína. Þar með var formlega lokið tilraunum til myndunar fjögurra flokka stjórnar. Eins og allir menn skilja, er ekki hægt að mynda fjögurra flokka stjórn með þremur flokkum. Einn hafði skýrt tekið fram, að hann teldi þeim umr. lokið.

Forseti Íslands bað mig að verða eftir, þegar formenn hinna flokkanna gengu af fundi. Mæltist hann til, að ég tæki að mér að gera tilraunir til stjórnarmyndunar. Ég svaraði því til, að ég myndi bera þessa ósk forseta undir þingflokk sjálfstæðismanna og gera annað tveggja að gera tilraunina sjálfur eða benda forsetanum á mann til þess. Á fundi Sjálfstfl. þennan sama dag kl. 5 e. h. var svo samþ. að fela mér að gera þessa tilraun, enda þótt ég sjálfur væri í nokkrum vafa um, hvort ekki væri réttara, að aðrir gerðu hana þá þegar. En hvort tveggja var, að þeir, er ég taldi líklegasta, færðust eindregið undan því við mig, sem og hitt, að flokknum þótti réttast að byrja með því, að formaður flokksins gerði tilraunina. Flokksfundi sjálfstæðismanna var lokið kl. 6 síðdegis þennan þriðjudag. Þá óskuðum við í samninganefnd Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, Jakob Möller og ég, eftir samtali við Framsfl. Samninganefnd kom þegar, þeir Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson og Sveinbjörn Högnason. En við þá Hermann og Eystein ásamt Steingrími Steinþórssyni, er fram að þessu var þriðji maður í samninganefnd Framsfl., höfðum við áður átt viðræður og stungið upp á, að Sjálfstfl. og Framsfl. mynduðu stj. einir, ef allt annað reyndist ómögulegt, fremur en una við það ástand, sem verið hefur undanfarin tvö ár. Á þessum fundi spurði ég framsóknarmennina, hvort Framsfl. vildi ganga til stjórnarmyndunar undir forystu Sjálfstfl., sem nú hefði verið falið að mynda stj. En ég vil taka skýrt fram og kem nánar að því síðar, að þó að mér bæri samkv. umboði, sem forseti Íslands hafði falið mér, að spyrja um, hvort framsóknarmenn vildu ganga í stj., sem Ólafur Thors myndaði, þá spurði ég ekki um það, heldur, hvort þeir vildu ganga inn í stj., sem Sjálfstfl. myndaði. Framsfl. svaraði skýrt og ákveðið neitandi. Hann gerði hins vegar aðra till., þá, að endurreist yrði stjórn Björns Þórðarsonar með því að gera hann að forsrh. Skyldi svo Framsfl. og Sjálfstfl. leggja tvo menn hvor í þá stj. Framsfl. orðaði það, þó að hann gerði það aldrei að skriflegu skilyrði, að annað ráðherraembættið yrði skipað fyrrv. utanrrh. Vilhjálmi Þór, þannig að tveir rh. úr stj. Björns Þórðarsonar yrðu áfram. Sjálfstfl. hafnaði þessu og hafði raunar áður gert það. Vík ég að því síðar.

Ég tilkynnti þá samningan. Framsfl., að ég mundi nú snúa mér til Alþfl. og Sósfl. a. m. k. jöfnum höndum, þar eð ég liti svo á, að æskilegt væri að ljúka þessu starfi hið skjótasta. Ætlaði ég mér að skila af mér strax daginn eftir og datt þá alls ekki í hug, að mér mundi takast að mynda stj. Hvort flokkurinn léti síðan aðra reyna, ætlaði ég að gera till. um, þegar ég sæi, hvað þessar umleitanir mínar leiddu í ljós, þ. e. a. s., hvort það kæmi fram, að aðrir innan flokksins væru líklegri til að geta myndað stjórn.

Daginn eftir sneri ég mér til Alþfl. og Sósfl. og lagði fyrir báða flokkana drög að málefnasamningi, sem ég taldi, að væru líkur til, að þeir af sjálfstæðismönnum, sem á annað borð vildu ganga til samstarfs við verkalýðsflokkana, vildu aðhyllast. En ég tók þá skýrt fram, eins og í öllum þessum samningum síðar, að allt, sem boðið var fram, var boðið fram af mér persónulega og þurfti að samþykkjast að lokum af mínum flokki, áður en ég gæti myndað stj. í nafni Sjálfstfl. á grundvelli þessara málefna. Ég sagði hins vegar umboðsmönnum þessara flokka, að þeir mættu treysta því, að yfirleitt mundi ég ekki bjóða annað en það sem ég teldi sterkar líkur fyrir að fá samþ. Sem kunnugt er, leiddu þessar samningsumleitanir til stjórnarmyndunar hinn 21. október s. l., og hygg ég, að fæstir hafi búizt við, að svo mundi fara.

Í rauninni gæti ég látið hér staðar numið. Þó vil ég að marggefnu tilefni víkja lítið eitt nánar að Framsfl. og sýna fram á, að ekki er við mig eða okkur sjálfstæðismenn að sakast út af því, að hann er utan við stjórnina.

Ég vil þá fyrst endurtaka, að það vorum við sjálfstæðismenn, sem frá öndverðu höfðum forystuna um tilraunir til myndunar fjögurra flokka stj. Við héldum þeim áfram svo lengi og með svo mikilli þrautseigju, að við lá, að framsóknarmenn hefðu okkur að athlægi fyrir. Og það vorum ekki við, sem þolinmæðina brast að lokum, heldur var það, eins og áður er greint, formaður þingflokks Framsfl., sem tilkynnti, að hann mundi ekki lengur taka þátt í þessum fundahöldum. Þegar hér

var komið og forseti Íslands hafði falið mér að mynda stj., þá sneri ég mér ekki, eins og ég gat áðan um, til Alþfl. og Sósfl. fyrst, sem þó var eðlilegt og þinglegt, vegna þess að það var Framsfl., sem hafði lýst yfir, að hann teldi ekki hægt að mynda fjögurra flokka stj. Ég sneri mér fyrst til Framsfl.

Vík ég þá aftur að því, er ég gat áður, að meðan stóð á fjögurra flokka tilraununum og svo óvænlega horfði, að okkur sjálfstæðismönnum sýndist sem útilokað mundi, að takast mætti fjögurra flokka samstarf, snerum við okkur til Framsfl. og spurðumst fyrir um, hvort hann væri reiðubúinn að ganga til samstarfs við Sjálfstfl. einan, ef allt um þryti, fremur en una því ástandi, er verið hefði. Tóku framsóknarmenn þessu fjarri í öndverðu og allt þar til hinn 27. sept., að þeir Eysteinn Jónsson og Hermann Jónasson tjáðu Bjarna Benediktssyni og mér, að þeir teldu, að eftir samstarf framsóknarmanna og sjálfstæðismanna á búnaðarþinginu væri eðlilegast, að þessir flokkar mynduðu stj. saman. Hétu þeir Hermann og Eysteinn að ræða það mál nánar við okkur daginn eftir. Eigi komu þeir þó til fundar á tilsettum tíma og eigi fyrr en 29. sept. Voru þeir nú horfnir frá fyrri skoðun sinni og vildu nú það eitt, að endurreist yrði stj. Björns Þórðarsonar, og skyldu Sjálfstfl. og Framsfl. leggja í þá stj. tvo menn hvor. Ekki töldum við Bjarni, að slík uppástunga mundi hljóta byr hjá sjálfstæðismönnum, enda litum við svo á, að eftir allt, sem sagt hafði verið um stj. Björns Þórðarsonar, — með fyllstu virðingu fyrir hinum einstaka heiðursmanni, Birni Þórðarsyni, persónulega, — væri alls ekki kleift að gera tilraun til að bjarga leifunum af æru þingsins með því að krjúpa aftur á kné og leita á náðardyr þeirrar stj., sem við fram að þessu höfum ekki talið viðunandi. Lauk svo þeim fundi. En einum eða tveimur dögum síðar var till. þessi borin upp á fundi í þingflokki sjálfstæðismanna og felld þar með atkvæðum allra 20 þm. flokksins. Var það tafarlaust tilkynnt Framsfl.

Þegar ég nú sneri mér til Framsfl. þriðjudaginn 3. okt. og ég gat áðan um, lagði Framsfl. fram skriflega yfirlýsingu. Þar segir m. a.:

„Fyrir því gerir Framsóknarflokkurinn það að tillögu sinni, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn standi saman um ríkisstjórn, er þannig sé mynduð, að núverandi forsætisráðherra, dr. Birni Þórðarsyni, sé falið forsæti í henni, ef hann er fáanlegur til þess, en flokkarnir tilnefni sína tvo ráðherrana hvor til viðbótar."

Af þessu sést, að Framsfl. neitaði að ganga í stj., sem Sjálfstfl. myndaði. Af þessu sést enn fremur, að eina sáttatilboðið, sem Framsfl. bar fram, var, að Sjálfstfl. renndi niður þessari till. framsóknarmanna, sem allir vissu, að hver einasti þm. Sjálfstfl. var nýbúinn að hafna. — Slíka kosti er kannske reynandi að setja gersigruðum mönnum, — öðrum ekki.

Í þessu sambandi vil ég alveg sérstaklega geta þess, að við sjálfstæðismenn vorum alls ekki óviðmælanlegir um utanþings-forsrh., — þvert á móti. Við stungum sjálfir upp á fleirum en einum. En framsóknarmenn höfnuðu öllum slíkum tillögum.

Ég tel nú ekki, að frekari vitna þurfi við varðandi viðleitni okkar sjálfstæðismanna til að ná samstarfi við Framsfl. Þó vil ég að gefnu tilefni bæta því við, að Framsfl. var af margítrekuðum ummælum mínum vel ljóst, að enda þótt ég teldi eðlilegt, að Sjálfstfl. hefði forystu slíkrar stj., kom mér ekki til hugar að ætla sjálfum mér þá stjórnarforystu. Frá þessu skýrði ég bæði samningan. flokksins og mörgum þm. hans. Ég sagði meira. Ég sagði, að ég kærði mig ekkert um að vera í stj. fremur en verkast vildi. Ég sagði meira: að mér væri nákvæmlega sama, þótt Eysteinn Jónsson væri í stjórninni, en ég ekki. Ég sagði meira. Ég lét berast til Hermanns Jónassonar, að mér væri nákvæmlega sama, þótt hann væri í stj., en ég ekki.

Ég viðurkenni fúslega, að ég var alltaf veiktrúaður á ágæti stj. Framsfl. og Sjálfstfl. einna. Ég óttaðist, að þótt hún hefði mikið þingfylgi, yrði hún svo veik út á við, að hún fengi við ekkert ráðið, með verkalýðsflokkana í harðvítugri andstöðu. Ég kaus þó fremur slíka stj. en þá, sem var, og reyndi því að koma henni á, þar sem ég var þá vonlaus um viðtækara samstarf. Eftir á fagna ég því, að Framsfl. taldi sér fært að setja svo þrönga kosti, að sú stjórnarmyndun fór út um þúfur.

En, — spyrja menn, — hvað var það þá, sem fyrir Framsfl. vakti? — Ég held, að sú gáta sé ekki mjög torráðin. Framsfl. ætlaði sér til lengstra laga að halda dauðahaldi í stj. Björns Þórðarsonar. Sú von bliknaði, þegar stj. Björns Þórðarsonar sagði af sér. Eftir það sóttist Framsfl. eftir sem blæminnstri stj. með sem allra veigaminnstum málefnasamningi. — En hvers vegna? Það var vegna þess, að þessi veika stjórn átti að standa til vorsins. Þá átti að kjósa. Þá átti að segja kjósendum: „Meðan við framsóknarmenn vorum stærsti flokkurinn, þá var landinu stjórnað. Þegar Sjálfstfl. er orðinn stærsti flokkurinn hefst stjórnleysið." Þetta er það, sem átti að segja. Síðan átti að berjast við okkur í kosningunum um mál, sem við vorum fúsir til að semja um nú, og biðja svo kjósendur um hreinan meiri hluta handa Framsfl. Ég græt þurrum tárum yfir, að þetta skyldi ekki takast. Hitt harma ég, að ekki tókst að skapa þann allsherjarfrið, sem þjóðin svo lengi hafði þráð. „En fátt er svo illt, að einugi dugi". Það er einn kostur á því, að Framsóknarhlekkurinn brást. Hann er sá, að nú er loks sýnt, — í fyrsta skipti í 17 ár —, að hægt er að koma á sterkri stj. í landinu, þótt Framsókn sé utan gátta. Og sjálfstæðismönnum til sjávar og sveita vil ég sérstaklega segja það, að þeir verða að gera sér ljóst, að Framsfl. er ævinlega reiðubúinn að ganga til samstarfs við verkalýðsflokkana eina án Sjálfstfl.

Þori Sjálfstfl. ekki að ganga til slíks samstarfs án Framsfl., hefur hann með því löghelgað þá stjórnarforystu Framsfl., sem sjálfstæðismenn um land allt hafa í nær tvo áratugi háð einbeitta og markvissa baráttu til að hnekkja.

Ég skal þá víkja að þeirri gagnrýni, er beint hefur verið gegn ríkisstj. og stefnu hennar.

Í ræðu þeirri, er ég flutti f. h. ríkisstj. hér á Alþ., er hún tók við völdum hinn 21. okt. s. l., las ég upp þann málefnasamning, er þeir flokkar, er að stj. standa, hafa gert með sér, og skýrði jafnframt stefnu stj. Í þeim samningi segir m. a.:

„Það er meginstefna stjórnarinnar að tryggja

það, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur. Þessu markmiði leitast stjórnin við að ná með þessu:

Af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum sé jafnvirði eigi minna en 300 millj. ísl. króna sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þessum gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtöldum framleiðslutækjum:" —

Er síðan gerð nánari grein fyrir, á hvers konar tækjum ætlunin sé að festa kaup til nýsköpunar atvinnulífsins.

Þennan meginþátt í málefnasamningi stj. skýrði ég síðan allnákvæmlega. Gat ég þess, að gjaldeyri þessum mætti eigi verja til annars en nýsköpunar atvinnulífsins, en hann væri öllum frjáls, er hann vildu kaupa til þeirra framkvæmda, er féllu undir nýsköpunina. Væri stj. fús til að greiða götu allra í þeim efnum, en ætlað væri, að einstaklingar og félög, þar með talin bæjar- og sveitarfélög, eignuðust framleiðslutæki. Þá gat ég þess, að kæmi til kasta ríkisins í þessum efnum, væri ætlað að afla þess fjár með lántökum. Til mála kæmi og að skylda menn til að taka þátt í þeim lánum eða jafnvel í þeim fyrirtækjum, er tækin keyptu og starfræktu.

Þessi ummæli lýsa vel því, er fyrir stj. vakir, og tel ég óþarft að skýra þau frekar.

Þegar er stj. tók við völdum, byrjaði hún fyrir sitt leyti að undirbúa, svo sem auðið er, framkvæmdir á þessu meginatriði í stefnuskrá sinni, og þegar eftir þinghléið bar hún fram það frv. um nýbyggingarráð, sem nú er orðið að lögum. Mun nýbyggingarráðið bráðlega hefja störf sín og þá að sjálfsögðu taka við málunum eins og þau standa nú í höndum ríkisstj.

Þótt undarlegt megi virðast, er það einmitt þessi þáttur í málefnasamningi stj., fyrirheitið um að breyta gömlum tækjum í ný og taka í þjónustu atvinnulífsins þau fullkomnustu tæki, sem völ er á, sem sætt hefur mestri gagnrýni, að ég segi ekki andúð, af hendi stjórnarandstöðunnar. Fyrst í stað var af sumum reynt að breiða út þann orðróm, að með þessu væri einkaframtakinu tekin gröf, þjóðnýtingin væri sett í öndvegið, ríki sósíalismans væri stofnsett á Íslandi. Róleg athugun almennings hefur nú löngu blásið burt þessum tyllirökum, og þjóðnýtingarskrafið er þagnað. En stjórnarandstaðan er ekki þögnuð. Hún heldur enn áfram leynt og ljóst að auðvirða fyrirætlanir stj. og reyna að vekja tortryggni í hennar garð og beitir í því skyni öllum vopnum, svo líklegum sem ólíklegum. Annan daginn eru haldnar um það ræður og skrifaðar blaðagreinar, að Íslendingar eigi þess alls engan kost að fá nein tæki keypt erlendis. Fyrirheit stj. séu því gaspur eitt, nýsköpunin sé „nýju fötin keisarans" og það sé áreiðanlegt, að stj. verði farin frá, löngu áður en nokkur nýsköpun hefjist. Hinn daginn kveður við allt annan tón frá sömu mönnum og blöðum. Þá er sagt, að fyrirætlanir stj. séu skelfilegt glæfrafyrirtæki; stj. sé að stefna ríkissjóði og fjármunum einstaklinga beint út í fen gjaldþrotsins, það sé glapræði hið mesta, ef nokkur láti ginnast til að afla nýrra tækja, fyrr en búið sé að stórlækka allt kaupgjald í landinu. Nú er hið nýja kjörorð: Allt á að bera sig. Fyrr en búið sé að draga þann fána stjórnarandstöðunnar við hún, — fyrr en búið sé að tryggja með stórfelldum kauplækkunum, að „allt beri sig", sé það ekkert nema „þjóðlygi" að ætla sér að hefja nýsköpun eða afla nokkurra nýrra tækja til landsins, eins og formaður þingflokks Framsfl. orðaði það hér á Alþ. á dögunum.

Þessum og þvílíkum rökum, ef rök skyldi kalla, er reynt að dreifa út meðal almennings með fundahöldum, blaðaskrifum og einkaviðtölum. Á þessum grundvelli hefur verið borið fram vantraust á ríkisstj., sem náði þó ekki samþ. Alþ., eins og kunnugt er. Ég verð nú að hryggja stjórnarandstöðuna með því að segja frá, að enda þótt enn hafi eigi tekizt að afla samþykkis brezkra stjórnarvalda til skipasmíða í Englandi, er síður en svo vonlaust um, að Íslendingum gefist kostur á að smíða þau skip, er þeir þurfa, annars staðar. Og enn fremur þykir mér rétt að segja frá því, að stj. hefur nokkra ástæðu til að vona, að áður en langt um líður, verði einnig mögulegt að afla landsmönnum margra þeirra tækja, er þá vanhagar um. Það er því varlegra fyrir stjórnarandstæðinga að herða róðurinn, ef þeir ætla að koma stj. fyrir kattarnef, áður en tækin koma til landsins.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál að undanförnu hér í höfuðstaðnum, utan þings og innan, hefur mér virzt sem heldur hafi reynzt skjóllítið síðasta virki stjórnarandstöðunnar, að „allt verði að bera sig". Ekki vegna þess, að nokkur maður vefengi, að þegar til lengdar lætur, verður atvinnurekstur landsmanna að bera sig, heldur af hinu, að stjórnarandstæðingum hefur orðið nokkuð stirt um að svara þeim spurningum, sem fyrir þá hafa verið lagðar, svo sem:

Hvort þeir telji líkur fyrir, að hin nýju tæki taki til starfa fyrr en eftir svo sem ár?

Hvort nokkur þeirra geti sagt, hve mikið þurfi að lækka kaupið nú til þess að tækin beri sig þá?

Hvort einhver þeirra viti kannske, hvað afurðaverðið muni þá verða?

Eða afkastaaukning tækjanna?

Hvernig yfirleitt sé hægt með kauplækkun í dag að tryggja hag af atvinnurekstrinum á árinu 1946?

Hvort íslenzkir atvinnurekendur hafi fram að þessu heimtað slíkar tryggingar, áður en þeir ákváðu að smíða skip eða reisa verksmiðju?

Eða hvernig þeir ætla að koma þessum kauplækkunum fram? — O. s. frv.

Skynsamleg svör við þessu hafa að vonum enn ekki heyrzt.

Stjórnarandstæðingar vita líka vel, að nú þegar er hafið kapphlaup um pantanir framleiðslutækja frá þeim, er þau selja. Af því leiðir, að ef við Íslendingar sætum ekki færi, heldur hikum og bíðum í von um kauplækkanir, svo að allt fari „að bera sig", er meira en líklegt, að þegar við loks ákveðum okkur, fáum við engin tæki, vegna þess að búið sé að selja öðrum þau.

Væri slíkt örlagaríkt sjálfskaparvíti.

Það er þá líka svo um Framsfl., a. m. k. að því er viðkemur báðum núv. formönnum flokksins, að það var ekki fyrr en eftir, að hin nýja stj. var mynduð, þ. e. a. s. eftir, að séð varð, að þeir áttu ekki sjálfir að vera í henni, að þeir gerðust leigjendur í hinu nýja vígi „allt á að bera sig", og skal ég síðar sanna það. En á þessu

stigi málsins vil ég leiða athygli hlustenda að því, að eins og málið liggur fyrir, er um tvær stefnur að ræða. Stjórnarandstaðan segir: „Við krefjumst stórfelldra kauplækkana. Ef verkalýðurinn hlýðir ekki þeirri kröfu, verða engin tæki keypt til landsins". Stjórnarliðar segja hins vegar: „Slík krafa er hvorki skynsamleg né sanngjörn. Að sönnu er það svo, að verkalýðurinn hefur borið talsvert úr býtum hin síðari ár og býr nú við betri kjör en nokkru sinni fyrr. Samt sem áður er það fásinna að ætla, að hann láti bjóða sér baráttulaust að skerða að verulegu leyti lífskjör sín, fyrr en búið er að þrautreyna allar eðlilegar leiðir, sem fyrir hendi kunna að verða og að því miða, að komizt verði hjá þessu óyndisúrræði."

Krafa stjórnarandstöðunnar nær því aldrei fram að ganga án mikillar, örlagaríkrar og óheillavænlegrar baráttu. Hvernig sú barátta endar, veit enginn fyrir fram. En hitt vita allir, að hún verður ekki háð án stórkostlegra fjárfórna, sem færðar verða á kostnað alls almennings í landinu. Þegar af þessum ástæðum er sýnt, að stjórnarandstaðan er á villigötum. — Við þetta bætist, að eins og öllum er ljóst, hafa á margar hendur safnazt miklir og óvæntir fjármunir og oft bæði skjótfengnir og auðfengnir. Það er fullkomlega réttmætt, að hið opinbera tryggi það eftir því, sem föng eru á, að þessum fjármunum verði varið til þess að afla þjóðinni nýrra og fullkominna tækja og það jafnvel þótt fyrir fram væri vitað, að með þessu móti væri lögð á eigendur þessara fjármuna nokkur áhætta á verðfalli framleiðslutækjanna, frá því að þau eru pöntuð og þar til að þau taka til starfa. Um þetta veit þó enginn, og það er a. m. k. hugsanlegt, að hið gagnstæða yrði ofan á, að þessi framleiðslutæki hækkuðu í verði, á meðan þau eru í smíðum. En hvað sem þessu líður, þá verður að viðurkenna, að það er engin sanngirni að ráðast á þá lægstlaunuðu og heimta, að þeir lækki kaup og kjör sín, meðan aðalframleiðsla þjóðarinnar ber sig sæmilega og áður en hin nýja tækni hefur tekið til starfa og reynslan hefur fellt um það sinn dóm, hvort með henni verði ekki auðið að halda uppi óbreyttu kaupi, enda þótt verðlag framleiðsluvörunnar falli. Krafan um kauplækkun, áður en hin nýja tækni er reynd, er fyrir það bæði ósanngjarnari og óskynsamlegri, að sú kynslóð, sem nú byggir Ísland, hefur sjálf hvað eftir annað reynt, að bætt tækni í framleiðsluháttum þjóðarinnar hefur reynzt fær um að gjalda verkalýðnum ekki aðeins hærra, heldur tvöfalt og jafnvel margfalt dagkaup. Hver einasti bóndi veit, að meðan kaupamaðurinn hjakkaði kargaþýfið með orfinu og ljánum, var afrakstur dagsverksins ekki nema lítill partur af því, sem nú er, þegar sláttuvélin fer yfir véltæk tún eða engi. Og alveg söm og enn mikilvirkari hefur breytingin orðið, hvað sjómanninn áhrærir, frá því er hann hélt um árina og dorgaði með handfærinu, þar til hann neytir orku sinnar og þekkingar á vélknúnum nýtízku fleytum með fullkomnustu veiðarfærum. Það er sjálfsagt of mikil bjartsýni að búast við einhverjum jafnmikilvirkum, nýjum gerbreytingum á atvinnulífi þjóðarinnar. En þess er þá ekki heldur þörf til þess að standa undir óbreyttu kaupi, þótt afurðaverðið falli eitthvað talsvert. Og hitt er engin goðgá að láta sér detta í hug, að mannsandinn hafi nú enn á ný unnið einhverja sigra á sviði þeirrar tækni, er við Íslendingar njótum góðs af í atvinnulífi okkar, og er raunar þegar vitað, að svo er. Skal ég ekki fara langt út í þá sálma, en þó benda á nærtækt dæmi frá okkur sjálfum.

Íslenzka ríkið hefur nýverið keypt af herstjórnum þeirra setuliða, sem hér dveljast, tæki, sem vel má vera, að séu nú orðin úrelt í þeirra augum, en fyrir okkur eru ný. Með þessum tækjum hafa afköst aukizt svo mikið í vegavinnunni, að nú vinnum við það verk fyrir 2 kr., er áður, meðan við höfðum eingöngu okkar gömlu verkfæri, kostaði okkur 12 til 15 kr. Þetta er lítill, en þó nokkuð talandi vottur um ágæti tækninnar. Og það er alveg áreiðanlegt, að svona verður ávöxtur hinnar nýju tækni á mörgum sviðum. Og fyrr en sannprófað er, hversu mikið framleiðslan eykst með henni frá því, sem nú er, þegar Íslendingar búa við gömul og úrelt tæki á flestum sviðum, verður ekki úr því skorið, hvað hægt verður að borga fyrir mannaflið. Það er eftir þeim úrskurði, sem við stjórnarliðar viljum bíða, áður en við gerum kröfur á hendur verkalýðnum um kauplækkun, því að fyrr er ekki heldur hægt að sjá, hvort yfirleitt er óhjákvæmilegt að gera slíkar kröfur.

Hitt er svo auðvitað stj. og stuðningsmönnum hennar ljóst eins og öllum öðrum, að ef dómur reynslunnar verður sá, að hin nýja tækni fái ekki risið undir óbreyttu kaupi, verður ekki hjá því komizt, að allir, — ekki bara þeir lágtlaunuðu, — heldur allir, sem framfæri hafa af framleiðslunni, verði að lækka kröfur sínar, því að til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur. En þá — og þá fyrst — er frambærilegt að gera þessa kröfu, og þá — og þá fyrst —, eftir að verkalýðurinn hefur séð, að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er, til þess að halda uppi lífskjörum hans, mun verkalýðurinn vera reiðubúinn til að hlusta á og fara eftir slíkum óskum. Þetta er jafnaugljós sannleikur sem hitt er augljós firra að vera nú að hefja illvígar deilur um kauplækkanir, meðan engin veit, hvort kaupið þarf að lækka, og þá enn síður, hversu mikil lækkunin þyrfti að vera.

Það eru þessar tvær stefnur, sem nú er barizt um. Stjórnarandstæðingar segja: Niður með kaupið, — stríð við verkalýðinn. Stjórnarliðar segja: Peningana í nýsköpunina, — frið við verkalýðinn. Stjórnarandstæðingar vilja berjast við verkalýðinn, stjórnarliðar vilja berjast fyrir verkalýðinn.

Ég vil ljúka hugleiðingum um þessa hlið málsins með því að segja, að enda þótt svo kynni að fara, að ekki reyndist kleift að halda uppi óbreyttum lífskjörum í landinu, þá má enginn af því ályktа, að stj. hafi fatazt tökin. Því fer mjög fjarri. Ef stefna stjórnarandstæðinganna hefði ráðið, hefðu hér, eins og ég sagði áður, hafizt illvígar deilur. Fjármunir þjóðarinnar hefðu þá eyðzt í þennan herkostnað. Hinir efnuðu yrðu snauðir, m. a. vegna þess, að ríkið mundi þá neyðast til að sjúga efni þeirra til sinna þarfa. Verkalýðurinn yrði lágt launaður við stopula vinnu.

Stefna stj. miðar hins vegar að því tvennu, að þegnum þjóðfélagsins haldist sem bezt á því, sem þeir hafa eignazt, og almenningi verði tryggð þau beztu lífskjör, sem auðið er með réttri hagnýtingu hins skjótfengna þjóðarauðs til nýsköpunar.

Stjórnarliðar vona, að með þessu takist að halda óbreyttum kjörum almennings. En þótt einhver afföll verði á þeim vonum, mun þjóðin vafalaust taka því með skynsemi. Og allir skilja, hversu þessi barátta stjórnarliða fyrir að halda uppi sem beztum kjörum almennings er miklu glæsilegri en baráttan, sem stjórnarandstæðingar vilja nú hefja við almenning og mun aðeins ryðja brautina fyrir fátækt og atvinnuleysi og þeim stórfelldu kauplækkunum, sem í það kjölfar sigla.

Hér í bænum er stefna stjórnarandstæðinganna manna á meðal oftast nefnd helstefna. Þetta er að sönnu ekki fagurt heiti, en þó sennilega því miður réttnefni, og er því gleðiefni, hversu fáa fylgjendur hún á. Hitt er einnig vitað, að hvað Framsfl. áhrærir, þá hefur hann villzt út á þá braut af nokkuð annarlegum ástæðum. Það er nefnilega ekki aðeins satt, heldur einnig sannanlegt, að til skamms tíma, þ. e. a. s., meðan Framsfl. gerði ráð fyrir að eiga sjálfur að taka þátt í stj. landsins, var hann á allt öðru máli. Þá var hann sannarlega framsækinn nýsköpunarflokkur og mjög ákafur að komast í það, sem hann nú kallar „keisarans nýju föt", og gerast þá þar með eftir hinni nýju Framsóknarkenningu fjárhættuspilari og glæframaður, svo að notuð séu þeirra eigin orð um nýsköpunina.

Ég skal nú færa þessum orðum mínum stað. Eftir að umboðsmenn allra þingflokkanna höfðu í margar vikur setið að samningum um málefnagrundvöll fyrir myndun nýrrar ríkisstj., skrifaði Sjálfstfl. hinn 14. sept. s. l. hinum flokkunum bréf. Var þar dregin upp mynd af ástandi og horfum í þjóðfélaginu og lögð fram frumdrög að málefnasamningi fyrir myndun slíkrar stj. Varðandi nýsköpunina er svo að orði kveðið:

„Kappkostað verði, að innistæður landsmanna erlendis verði notaðar til að byggja upp atvinnuvegina, en eigi sem eyðslueyrir. Ætlun skal gerð um, hver atvinnutæki þurfi að fá, til þess að allir landsmenn geti, á venjulegum tímum, haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur. Ríkisvaldið skal hlutast til um, að nauðsynleg atvinnutæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands svo fljótt sem fært þykir og með hliðsjón af því, að atvinnuleysi skapist ekki í landinu. Skulu tækin seld einstaklingum eða félögum, og skulu slík félög m. a. stofnuð að opinberri tilhlutun, ef þörf reynist. Að svo miklu leyti sem kostnaður við þessa ráðstöfun fæst ekki greiddur af venjulegum sköttum skal hann greiddur með lántökum, e. t. v. skuldulánum eða eftir atvikum skuldahluttöku í atvinnutækjum, miðað við fjáreign."

Hér eru eins og menn sjá, dregnir frumdrættir að nýsköpuninni, sem nú hefur verið lögfest með l. um nýbyggingarráð. Hér er mörkuð skýrt og ákveðið sú stefna, sem stj. er mynduð um og Framsfl. ræðst nú gegn. Það er því einkar fróðlegt að fá að vita, hvernig Framsfl. svaraði þessu, meðan hann ætlaði sjálfur í ríkisstj. Það svar kom viðstöðulítið og hljóðaði þannig:

„Gerð sé áætlun um, hvaða atvinnutæki þurfi að fá, til þess að sem flestir landsmanna geti á venjulegum tíma haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, og enn fremur, hvaða framkvæmdir aðrar skuli gerðar með hliðsjón af því, að atvinnuleysi skapist ekki í landinu.

Ríkisvaldið hlutist til um, að nauðsynleg atvinnutæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands svo fljótt sem fært þykir. Skulu atvinnutæki þessi seld einstaklingum, félögum eða rekin af ríkinu, ef starfsemi þeirra er þýðingarmikil fyrir þjóðarheildina eða mikinn hluta hennar. Skulu félög til þess að reka atvinnutækin stofnuð að tilhlutun hins opinbera, ef þörf reynist.

Að svo miklu leyti sem fjármagn til þeirra framkvæmda fæst ekki með venjulegum sköttum og eðlilegri eignajöfnun skal það fengið með lántökum, ef til vill skuldulánum eða eftir atvikum skuldahluttöku í atvinnutækjum."

Svo mörg eru þau orð, og geta menn nú reynt að átta sig á, hvað það er, sem ber á milli ríkisstj. og þess Framsfl., sem á þessum tíma ætlaði sér að vera þátttakandi í ríkisstj. Ég skal reyna að sjá um, að þessi ummæli komist á prent, svo að menn geti borið þetta saman. En ég held, að það sé glöggur maður, sem finnur nokkurn mun á þessu, enda tók Framsfl. víðast hvar upp orðrétt orðalag Sjálfstfl.

En nú er öldin önnur, enda eru nú góð ráð dýr, því að Framsfl. hefur orðið utan við stj. Nú er það kallað þjóðlygi, sem þá var þjóðráð, og fjárglæfrar, sem áður hét fyrirhyggja.

Að sjálfsögðu reynir Framsfl. að finna eitthvað til þess að hylja nekt sína, eftir að hann hefur klætt sig úr því, sem hann kallar nú „nýju fötin keisarans". En svo raunalega hefur tekizt fyrir Framsfl., að slæðan er nokkuð gagnsæ.

Vörn Framsfl. fyrir þessum snöggu, óvæntu og óverjandi sinnaskiptum er nú sú, að þó að nýsköpunin út af fyrir sig sé virðingarverð — og það meira að segja svo virðingarverð, að Framsfl. hefur verið að gera sig broslegan á þingi með því að reyna að gera yfirboð og heimta, að tafarlaust séu teknar nær 500 millj. kr. til nýsköpunarinnar í stað 300 millj., — þá sé þessi sama nýsköpun þó fjárhættuspil og glæfrar vegna þess, að ekki sé búið að tryggja nægilega kauplækkanir. En einnig í þessu efni rekur Framsfl. sig á óbilugan múrvegg sinnar eigin fortíðar. Í nefndu bréfi Sjálfstfl. segir nefnilega um kaupgjaldið:

„Unnið verði að því að koma á allsherjarsamningum um kaupgjaldið um land allt. Samið verði um núgildandi kaupgjald óbreytt. Þó verði einstakar breytingar gerðar til samræmingar, en þó hvergi svo, að vísitöluhækkun leiði þar af."

Við þetta hafði Framsfl. ekkert að athuga, enda veit hann eins og allir aðrir, sem að samningunum stóðu, að í allar þær vikur, sem samningsumleitanirnar stóðu yfir, krafðist hvorki Framsfl. né neinir aðrir kauplækkana, heldur aðeins vinnufriðar, sem átti að vera keyptur fyrir kauphækkanir. Eina skilyrðið, sem sett var af hendi Framsfl. og annarra, var, að þessar kauphækkanir yrðu ekki svo miklar, að af þeim leiddi vísitöluhækkun.

Ég hef nú leitazt við í sem fæstum orðum að gera tvennt í senn: skýra, hvað það er, sem fyrir stjórnarliðum vakir í þessum meginþætti málefnasamningsins, og jafnframt hrekja þær firrur, sem undir yfirskini gagnrýni hafa verið fram færðar til þess að reyna að telja kjarkinn úr þjóðinni og varpa skugga á stj. og stefnu hennar. Ég hef enn fremur sýnt fram á, að Framsfl. hefur skipt um stefnu í þessum mikilvægu málum, rétt

eins og rjúpa skiptir um lit. Hér í bæ hefur enginn getað komið auga á nokkra frambærilega skýringu þessara óvæntu óhappafyrirbrigða aðra en þá, að Framsfl. felli dóma um málefnin út frá því eina fátæklega sjónarmiði, hvort hann á sjálfur að setjast í valdastólana eða ekki. Þessi dómur kann að þykja harður, en hann er réttur. Það vita allir þeir hv. alþm., sem hlustuðu á umr. um nýbyggingarráðið og heyrðu hv. 2. þm. S.-M., formann þingflokks Framsfl., neyðast til að játa það, sem skjallega lá fyrir og ég hef nú drepið á, nefnilega að Framsfl. aðhylltist nýsköpun án kauplækkana og með kauphækkunum, meðan hann sjálfur ætlaði í stj., þótt hann fordæmdi þetta nú niður fyrir allar hellur. Að sönnu gaf þessi virðulegi þm. þá skýringu, að ef Framsfl. hefði tekið þátt í stj., mundi hann hafa aðvarað þjóðina, í stað þess að vekja bjartsýni hennar. Er slíkt ekki vörn fyrir Framsfl., heldur, eins og allir sjá, hið mesta hallmæli, því að þótt reyndin kynni að sanna, að stjórnarliðar séu of bjartsýnir, er hitt þó miklu verra, sem formaður Framsfl. lýsir yfir, að flokkur hans hafi verið reiðubúinn til að kaupa ráðherrasætin því verði að aðhyllast stjórnarstefnu, sem hann trúði ekki sjálfur á.

Ég skal svo ljúka þessum þætti með því að segja, að ætti ég að lýsa núverandi stefnu Framsfl. í þessum málum í örfáum orðum, mundi ég gera það þannig:

Íslendingar eiga ekki að festa kaup á tækjum erlendis, meðan þeir eiga þess kost.

Síðar, þegar engin tæki eru fáanleg, eiga þeir að kaupa mikið af þeim.

Íslendingar eiga engin tæki að kaupa, meðan þeir eiga gnægð fjár.

Síðar, þegar þeim hafa eyðzt fjármunirnir í illvígar deilur og þeir eru orðnir snauðir, eiga þeir að kaupa mikið af tækjum.

— Það er þetta, sem Reykvíkingar kalla helstefnuna.

Mig langar að lokum að segja þetta við sjálfstæðismenn: Við höfum gert allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma á allsherjarfriði í þjóðfélaginu í því skyni að sameina alla í baráttunni fyrir framtíð íslenzku þjóðarinnar. Það tókst ekki. Framsfl. skarst úr leik.

Við hörmum, að ekki tókst að sameina þjóðina. En úr því að svo fór og svo er komið sem komið er, er bezt við séum þess minnugir, að við höfum ekki alltaf verið alls kostar ánægðir með baráttuaðferð Framsfl. og valdbeitingu hans. Má og vera, að með því að vera áhrifalaus nú um skeið, öðlist Framsfl. nokkurn þann vísdóm, er hann hefur því meira vanhagað um sem lengra leið á valdaferil hans. Gæti það reynzt íslenzkri stjórnmálabaráttu á komandi árum mikill ávinningur.

Við sjálfstæðismenn höfum nú gert bandalag við verkalýðsflokkana. Ég veit, að stöku maður í herbúðum okkar vantreystir einlægni þeirra. Sjálfur hef ég enga ástæðu til að taka undir þá tortryggni. Mér hefur reynzt vel að trúa því betra, þar til ég reyni hið verra. Ég held, að það sé góð regla og hollt ráð flokksbræðrum mínum og systrum til handa að leitast við að fylgja henni. Og þeir sjálfstæðismenn, sem telja, að með stefnuskrá stj. sé úr hófi tekinn upp málstaður verkalýðsins, skulu minntir á það tvennt, að hvort tveggja er, að stefna stj. miðar að því að tryggja hag allra þjóðfélagsþegnanna, og hitt, að sjálfstæðismönnum á að vera það fagnaðarefni að geta sýnt, að margra ára yfirlýsingar um umhyggju flokksins fyrir verkalýðnum voru ekki innantóm orð, heldur einlægni og alvara. Við höfum oft sýnt og munum enn sanna, að við skiljum og virðum lífsbaráttu bændanna. Okkur gefst nú betra færi en nokkru sinni fyrr til að sanna, að við metum einnig og virðum starf handarinnar við sjávarsíðuna.

Ég bið sjálfstæðismenn að gerast ekki sekir um þá höfuðfirru að láta glepjast af óheilindum þeirra, sem reyna að smeygja því inn, að Sjálfstfl. sviki stefnu sína með baráttunni fyrir sem beztum lífskjörum verkalýðsins. Sjálfstfl. er flokkur allra stétta. Það er frumskylda slíks flokks að berjast fyrst og fremst fyrir hagsmunum einmitt þeirra, sem verst eru settir í lífsbaráttunni. Hinir geta miklu fremur séð fyrir sér sjálfir. En fyrir það mega eigna- og athafnamenn treysta Sjálfstfl. öllum öðrum flokkum betur, að það er kjarni sjálfstæðisstefnunnar, að hagsmunum verkalýðsins og allrar þjóðarinnar sé bezt borgið með því, að eignarréttur og athafnafrelsi verði sem allra minnst skert.

Vera má, að örlagastund einkaframtaksins sé nú upp runnin hér á landi og hér í álfu. En stefnuskrá ríkisstj. setur því sjálfsvald.

Vilji einkaframtakið vera að verki, er því það frjálst. Stj. býður aðstoð sína. Dragi það sig í hlé, verður ríkið að sama skapi neytt til að taka skylduna á sig, ella er atvinna og velgengni almennings í húfi. Ég skora á einkaframtakið að velja rétt. Ég treysti því, að atvinnurekendur og aðrir eignamenn sýni nú og sanni, að það er ekki fyrst og fremst peningarnir sjálfir, sem þeir sækjast eftir og meta, heldur sá máttur, sem þeim fylgir til þeirra athafna og nýsköpunar, sem hinum sanna athafnamanni er í blóð borin.

Með þessu móti gerir efnamaðurinn skyldu sína við þjóðfélagið.

Með þessu móti og með þessu móti einu verndar eignamaðurinn sína eigin fjármuni.

Forseti (GSv): Þá hefur hæstv. forsrh., Ólafur Thors, lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu stuðningsmanna stj. í Sjálfstfl.

Ég skal láta þess getið, að það, sem skakka kann á tíma milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstæðinga á þessu kvöldi, verður jafnað á næsta kvöldi þeim í hag, sem hallann hefur beðið.

Næstur tekur til máls hv. 4. landsk. (StgrA) og talar af hálfu Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti, góðir hlustendur. — Ræða sú, sem ég mun flytja hér, er samin af hæstv. atvmrh., Áka Jakobssyni, en vegna lasleika hans hef ég tekizt á hendur að flytja hana. —

Það er orðin venja að ræða stjórnmálaviðhorfið almennt í hinum svo nefndu eldhúsumr., en binda sig ekki sérstaklega við fjárl., þótt þau séu til umr. Ég mun í þessari ræðu fylgja venjunni, enda hafa viðhorf okkar sósíalista til stjórnarmyndunarinnar ekki verið rædd í útvarpi, frá því að núv. ríkisstj. tók við.

Það hefur nú loks tekizt — eftir nærri tveggja ára stjórnarkreppu — að mynda aftur stj. á

Íslandi, sem styðst við meiri hl. þings. Ekki þýðir að neita því, að almenningur áfellist mjög stjórnmálaflokkana fyrir það, að þeim skyldi ekki takast að mynda ríkisstj., og af þeim sökum hefur Alþingi beðið álitshnekki, en hefur nú rétt við álit sitt strax við myndun þessarar stj.

Undanfarin tvö ár hefur setið stj., sem naut ekki stuðnings Alþ. og skipuð í trássi við Alþ. Sú stj. hóf göngu sína með hátíðlegum yfirlýsingum um baráttu gegn dýrtíðinni, en það sýndi sig fljótt, að hún hafði enga möguleika til þess að geta dregið úr dýrtíðinni. Þegar fór að líða á valdatímabil fráfarandi stj., fór henni að verða ljóst getuleysi sitt, og setti hún þá allar vonir sínar á það, að hrun og atvinnuleysi mundi skella yfir. Fyrrv. stj. taldi hrun og atvinnuleysi æskilegt, enda sleppti hún engu tækifæri, er hún lét til sín heyra, að lofa almenningi þessu lostæti.

Á árunum 1942 og 1943 hafði verkalýðshreyfingin hækkað nokkuð grunnkaup verkalýðs í landinu og stytt vinnutímann í 8 stundir. Með þessum sigrum steig íslenzka þjóðin þýðingarmikið spor fram á við á menningarbraut sinni. Frá hendi afturhaldsins var þessari kauphækkun mætt með hinni mestu háreysti, þar sem verkafólki og flokki þess var borið það á brýn, að með þessum kjarabótum væri verið að rífa niður þjóðfélagið og stofna til atvinnuhruns. Fráfarandi stj. lét einna mest að sér kveða í þessum hávaða, enda verður ekki séð, að hún hafi talið, að nokkur önnur ástæða gæti legið til dýrtíðaraukningar á Íslandi en þessar kauphækkanir. Það var aðaláhugamál fráfarandi ríkisstj. að lækka kaupið, og hún gerði allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að siga atvinnurekendum og verkamönnum saman í kaupstreitur. Það var ekki henni að þakka, að þjóðin skyldi ekki lenda nú í illvígum innbyrðisdeilum og gleyma sjálfri sér og frelsi sínu. Það voru atvinnurekendurnir sjálfir, sem höfðu vit fyrir henni, en það meðal annars leiddi til myndunar núv. stj. Allri þjóðinni var orðið ljóst getuleysi fyrrv. stj. til þess að leysa vandamál þjóðarinnar, en allt benti þó til þess, að henni ætlaði að takast að kalla yfir þjóðina hrun og atvinnuleysi með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi. Það var því ekki nema eðlilegt, að þjóðinni létti, er Alþ. tókst að mynda stj., sem setti sér það mark að koma í veg fyrir fjárhagshrun og atvinnuleysi og hefja stórfellda nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar.

Þau tvö ár, sem fyrrv. stj. sat, var unnið mikið að því að skapa þingræðisstj. Fyrsta tilraunin var gerð fyrri part árs 1943, er nefndir frá Framsfl., Alþfl. og Sósfl. ræddust við. Sú tilraun varð árangurslaus, fyrst og fremst vegna þess, að það var skýlaus krafa Framsfl., að lögþvinguð kauplækkun yrði framkvæmd. Ekki er útlit fyrir, að Framsókn hafi enn fallið frá þessu skilyrði. Annars hafa öll afskipti Framsfl. af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til stjórnarmyndunar, mótazt af fylgi hans við fyrrv. ríkisstj. Áhrifamesti maður þeirrar stj., Vilhjálmur Þór, er sem kunnugt er, meðlimur miðstj. Framsfl., og þótt stj. teldist ekki studd af flokknum, fylgdi hún í öllum verulegum atriðum þeirri stefnu, sem Framsfl. gat fellt sig við. Þetta varð greinilegra eftir því, sem leið á stjórnartímabilið, enda er ekki nokkur vafi á því, að undir það síðasta var Framsfl. farinn að vinna að því beinlínis að hindra stjórnarmyndun, sem Framsfl. hefði ekki forsæti í. En þessar fyrirætlanir Framsfl. fóru herfilega út um þúfur, eins og nú er fram komið.

Grundvöllur sá, sem núv. ríkisstj. er byggð á, er samkomulag tveggja höfuðstétta þjóðfélagsins, verkalýðs og atvinnurekenda, þar sem verkalýðssamtökin skuldbinda sig til þess að gera ekki kröfur um kauphækkanir fram til 1. janúar 1946 nema til samræmingar, en atvinnurekendur skuldbinda sig til að fara ekki fram á kauplækkanir á sama tíma. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendafélagið hafa gefið yfirlýsingar um þetta, en brátt verður gengið til heildarsamninga um kaup og kjör í landinu.

Með þessu er því slegið föstu, að vandamálin skuli ekki leyst á kostnað hinna vinnandi stétta. Núv. ríkisstj. ætlar sér að leysa vandamál íslenzks atvinnulífs án þess að skerða lífskjör almennings. Hún ætlar að leitast við að auka atvinnuna svo, að allir geti haft óslitna vinnu. Þetta er það nýstárlega við þessa ríkisstj. Fyrrv. ríkisstj. sá enga aðra lausn á vandamálum okkar en kauplækkun, og stjórnarandstaðan, Framsfl., heldur því fram, að það sé hreint ábyrgðarleysi að ráðast ekki fyrst í að lækka kaupið, áður en nýbyggingarframkvæmdir séu hafnar. Fyrirætlanir stj. eru djarfar, og andstæðingar hennar spara ekki heldur hrakspár sínar.

Höfuðatriðið í stefnu ríkisstj. er uppbygging atvinnulífs á Íslandi, einkum sjávarútvegsins, og að hagnýta til þess verulegan hluta af innistæðum þjóðarinnar erlendis eða fyrst um sinn jafngildi 300 millj. ísl. kr. Megninu af þessu fé er ætlað að verja til skipakaupa, til kaupa á togurum og öðrum fiskiskipum, sem henta landsmönnum. Undirstaðan undir sjávarútveginum er stór og fullkominn skipastóll. Það hefur ekki verið ákveðið, hve mörg skip skuli keypt af hverri tegund, en augljóst er, að við þurfum að margfalda fiskiskipastól okkar, ef takast á að hafa næga atvinnu fyrir alla.

Skipastóll okkar er í hörmulegu ástandi. Togararnir eru yfirleitt gamlir ryðkláfar, sem heldur litlar líkur eru til, að geti borið sig í samkeppninni við ný skip að stríðinu loknu. Meginið af mótorskipum okkar er líka gömul og lítt hæf til samkeppni við ný skip vegna óeðlilega mikils viðhaldskostnaðar.

Á árunum fyrir stríð streittust stjórnarvöldin, þau sem með gjaldeyris- og innflutningsmál fóru, gegn því, að ný skip fengjust flutt inn. Fyrir harðfylgi nokkurra manna fengust nokkur skip flutt inn, en það voru gömul aflógaskip og verða tæpast til að bæta fiskiskipaflotann. Á árum gjaldeyrisfargansins lét ráðamaður þeirra mála, núv. hv. 2. þm. S.-M., reikna út alls konar vísindalega kvóta um hinar ýmsu vörur, sem hann taldi þjóðinni nauðsynlegt að fá. Sérstakur kvóti var hafður fyrir hinar ýmsu tegundir varnings, fyrir sælgæti alls konar og gosdrykki, silkisokka og fleira þess háttar, en það var enginn kvóti ætlaður fyrir skip. Skip voru ekki nauðsynjavarningur fyrir íslenzku þjóðina. Einn þekktur útgerðarmaður, sem nú er nýlátinn, var sektaður um 100 kr. fyrir að flytja inn ca. 100 tonna skip. Hann hafði brotið gjaldeyris- og innflutningskvóta Eysteins. Skip þetta hefur nú fært milljónir króna í þjóðarbúið. Vegna þessarar stjórnarstefnu var skipastóll okk-

ar sérstaklega illa á sig kominn, þegar stríðið skall á. Nú er stríðið búið að standa í fimm ár, svo að skip okkar hafa elzt um þau árin, auk þess sem við höfum tapað úr flotanum ýmsum beztu skipunum, sem hafa verið skotin niður eða tapazt á stríðsárunum.

Þegar allt þetta er athugað, verður það ljóst, að íslenzku þjóðinni er það höfuðnauðsyn að afla sér nýrra fiskiskipa og það í miklu stærri stíl en áður hefur átt sér stað. Það er ekki ástæða til að nefna tölur, en það er ljóst, að því fleiri fiskiskip sem við getum gert út frá Íslandi, því meiri líkur eru til þess, að hægt sé að láta alla hafa atvinnu. Þessi nýju fiskiskip þurfa að vera fullkomlega sambærileg við beztu fiskiskip í heimi. Fram til þessa hafa fiskimenn okkar orðið að keppa við fiskimenn annarra þjóða á verri skipum en hinir höfðu, og þeir hafa staðið sig í samkeppninni framar öllum vonum. Nú verður að hætta þessu. Það verður að láta íslenzku fiskimennina fá fullkomin skip, því að undir afkomu fiskveiðanna á þjóðin alla tilveru sína.

Auk skipa þarf þjóðin að afla sér alls konar atvinnutækja til þess að vinna úr sjávarafurðum sínum. Við þörfnumst síldarverksmiðja í mjög stórum stíl, hraðfrystihúsa, niðursuðuverksmiðja, niðurlagningarverksmiðja, fiskimjöls- og beinamjölsverksmiðja og ýmissa fleiri atvinnutækja svipaðs eðlis. Það þarf að miða allar framkvæmdir í þessum efnum við það, að við getum komizt upp á að flytja út sjávarafurðir okkar fullunnar. Þetta er mikið verkefni og tekur mörg ár, en þetta verður íslenzku þjóðinni að takast.

Sú ríkisstj., sem nú situr, er sammála um, að sjávarútvegurinn sé aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og þjóðin eigi tilveru sína sem menningarþjóð undir því, að sjávarútveginum sé gert kleift að leysa hlutverk sitt af hendi. Það þarf svo sem ekki neinn fræðimann til þess að sjá jafneinfaldan hlut sem þennan, en þrátt fyrir það er núv. stj. sú fyrsta, sem gerir sér þetta fullljóst og er ákveðin að haga stjórnarframkvæmdum í samræmi við það. Það bezta, sem fyrrv. stjórnir hafa gert gagnvart sjávarútveginum, hefur verið að láta hann í friði, lofa honum að þróast af sjálfum sér. En oft hefur orðið misbrestur á, að það gæti orðið. Um stuðning frá hendi hins opinbera eða örvun á einn eða annan hátt hefur ekki verið að ræða — og það á sama tíma sem stórfelldum framlögum af almannafé hefur verið beint í annan atvinnuveg þjóðarinnar, sem miklu minni þýðingu hefur. Núv. ríkisstj. er ákveðin í því, að beina höfuðathygli sinni að sjávarútveginum. Það verður yfirleitt ekki farið inn á þær brautir að styrkja þennan atvinnuveg af almannafé. Þess á ekki heldur að þurfa. En í öllum stjórnarframkvæmdum verður það haft hugfast, hvað íslenzka þjóðin á mikið undir því, að sjávarútvegurinn blómgist.

Uppbyggingaráform ríkisstj. verða framkvæmd á grundvelli núv. þjóðskipulags. Með þeim er á engan hátt verið að framkvæma sósíalisma eða kommúnisma. Hið eina, sem stj. hyggst að gera, er að auka hraða atvinnuþróunarinnar umfram það, sem verða mundi, ef atvinnuvegirnir væru látnir afskiptalausir. Atvinnurekendur, verkafólk og millistéttir hafa hver um sig beinan hag af því, og þjóðinni í heild sinni er það lífsnauðsyn að tryggja sjálfstæði sitt, gera sig sem óháðasta erlendu fjármagni.

En það er ekki nóg að kaupa skip og verksmiðjur. Það verður líka að gera skipin út og starfrækja verksmiðjurnar. Gert er ráð fyrir, að þau skip, sem inn yrðu keypt, verði seld einstaklingum, hlutafélögum, samvinnufélögum, bæjar- og hreppsfélögum og séu jafnvel gerð út af ríkinu sjálfu, sérstaklega ef ekki fengjust aðrir til þess að taka reksturinn að sér. Sama má segja um verksmiðjur og önnur atvinnutæki, sem aflað kann að verða. Þetta þýðir, að við þurfum að fá miklu stærri hluta þjóðarinnar en nú er til þess að snúa sér að sjávarútvegi. Þeir, sem peninga hafa, verða að leggja þá í skip, ef vel á að takast. Af efnamönnum þessa lands eru tiltölulega sárfáir, sem hafa áhuga á að leggja peninga sína í skip og sjávarútveg yfirleitt, eins og nú er. Meginið af þessum mönnum vill frekar leggja peninga sína í heildverzlun eða í framleiðslu á einhverjum hégóma, sem er þjóðinni gagnslaus. Það er þjóðarböl á Íslandi, að efnamenn skuli frekar vilja leggja peninga sína í coca-cola-verksmiðju t. d. en að kaupa togara. Ef þeir menn, sem peninga eiga á Íslandi, fást ekki til að leggja verulegan hluta fjármuna sinna í skip og útgerð, þá eru fyrirætlanir stj. dæmdar til að mistakast. Fari svo, þá getum við líka verið viss um, að yfir skellur fjárhagshrun með tilheyrandi atvinnuleysi, en þegar svo er komið, þá fara líka coca-cola-verksmiðjurnar að gefa minna af sér.

Ríkisstj. væntir þess, að þjóðin skilji mikilvægi sjávarútvegsins og hún reynist fús á að leggja fé sitt í þann atvinnuveg í mjög ríkum mæli, en fari svo, að þeir menn, sem féð eiga, vilji ekki leggja það fram, þá er óhjákvæmilegt, að það verði gert með opinberum ráðstöfunum. Þá verður að veita fénu í sjávarútveginn með vaxtalágum lánum til þeirra félagssamtaka eða einstaklinga, sem eru svo þjóðhollir að vilja leggja út í atvinnurekstur jafnáhættusaman og sjávarútvegurinn er.

Í fjöldamörg undanfarin ár hefur verzlunin verið arðbærasti atvinnuvegurinn á Íslandi. Eftir að stríðið byrjaði, hefur kaupgeta almennings vaxið og heildverzlunin orðið langarðbærasta atvinnugreinin, m. a. vegna þess, að hún veitir meiri möguleika til undanbragða frá skattgreiðslum en ýmsir aðrir atvinnuvegir, enda hafa heildverzlanir sprottið upp eins og gorkúlur á mykjuhaugi. Þessi útþensla verzlunarinnar er óeðlileg. Það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að hindra þennan sífellda vöxt verzlunarinnar og beina fjármagninu að þeim atvinnuvegi, sem þjóðfélag okkar byggist á, sjávarútveginum. Það er óeðlilegt, að verzlunin skuli vera arðbærasti atvinnuvegurinn á Íslandi. Það er sjávarútvegurinn, sem þarf að vera sá atvinnuvegurinn, sem mest gefur í aðra hönd. Það er þjóðinni fyrir beztu.

Ég býst við, að hver einasti verzlunarmaður geri sér ljósa hina óeðlilegu útþenslu verzlunarinnar og viðurkenni nauðsyn þess, að fjármagnið renni meira til sjávarútvegsins. En það er óvíst, að þeir verði hver um sig jafnfúsir til þess að breyta um. En við skulum þó í því sambandi gera okkur ljóst, að vegna hinnar miklu útþenslu verzlunarinnar og óþarfaiðnaðarins er vel hugsanlegt, að yfir þessa atvinnuvegi dynji hrun og

vandræði, sem ekki þyrfti að snerta aðra atvinnuvegi nema að mjög litlu leyti. Það er rétt fyrir þá menn, sem hafa fjármuni sína eingöngu í þessum atvinnuvegum, að gera sér þetta ljóst, og það væri ekki óhyggilegt af þeim að gera sjálfir ráðstafanir í tæka tíð.

Takist það að fá keypt fiskiskip og báta, þá er fyrirsjáanlegur skortur á ungum og hraustum mönnum, sem vilja fara út á skipin. Ef sænsku bátarnir, 45 að tölu, koma hingað á næsta ári, eins og samningar standa til, ef stríðinu verður lokið, þá verður strax skortur á vélstjórum og jafnvel á mönnum í hásetapláss. Sjómannsstarfið er ekkert eftirsóknarvert, það hefur sýnt sig. Þeir eru fáir, sem ekki vilja fremur vinna í landi, jafnvel fyrir lægra kaup. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt, því að hversu góð sem skipin eru, er aðbúðin aldrei sambærileg við það að geta búið í landi og eytt frítíma sínum eftir vild sinni. Ofan á það bætist, að óhjákvæmileg hætta fylgir sjómannsstarfinu, margfalt meiri en við flest störf í landi. Ég er ekkert að lá mönnum það, þótt þeir kjósi heldur að vera í landi, ef um sömu laun er að ræða. En þjóðinni er óhjákvæmileg nauðsyn að því, að menn fáist til að stunda sjóinn. Starf sjómannanna okkar er undirstöðustarf í þjóðfélaginu. Það eru sjómennirnir okkar, sem hafa fært á land þann auð, sem við höfum gert hlutina með á undanförnum áratugum, og við getum alveg lagt árar í bát, ef sjómennirnir vilja ekki halda áfram starfi sínu.

Það er talið, að á Íslandi séu nú um 5000 sjómenn. Þessir 5000 menn skapa því nær allan okkar gjaldeyri. Þeir skapa meginið af þjóðartekjunum. Meginið af lífsnauðsynjum Íslendinga er keypt fyrir verðmæti, sem fimm þúsundir sjómanna flytja á land. Og þó er svo komið nú, að okkur veitist erfitt að fá menn til þess að fylla þessi sæti. Ef okkur skyldi auðnast að fá skip þau, sem fyrirhugað er, þá þarf að tvöfalda, kannske þrefalda tölu sjómanna á Íslandi. Það liggur því fyrir til úrlausnar mikið verkefni á þessu sviði að fá fleiri Íslendinga til að leggja fyrir sig sjómennsku.

Hvað þarf að gera til þess, að nægilega margir menn fáist til að stunda sjóinn? Það, sem gera þarf, er þetta: Þjóðfélagið þarf að viðurkenna þýðingu sjómannsstarfsins með því að launa það hærra en svipuð störf í landi. Sjómannsstörfin þurfa að verða bezt launuðu störfin í þjóðfélaginu. Þegar svo er komið, þá getum við gert okkur vonir um, að stöðugt streymi í sjómannastéttina ungir og hraustir menn til þess að leysa af hina eldri og þreyttu, djarfir menn með bjartar framtíðarvonir, sem skilja, að þeir eru brjóstfylking þjóðarinnar í sókn hennar til betra lífs og meiri menningar. — En hvernig er launakjörum sjómanna varið nú? Þeir sjómenn, sem sigla til annarra landa, hafa vegna áhættuþóknunar meiri tekjur en gerist á landi, en fiskimenn hér við strendur, hvort sem heldur er á þorskveiðum eða síldveiðum, hafa yfirleitt lægri laun en verkamenn í landi. Hin vaxandi dýrtíð, sem verkamaðurinn fær endurbætta með vísitölu mánaðarlega, hefur komið óþægilega niður á fiskimanninum. Nú er svo komið, að erfitt er að fá menn á smábátaflotann vegna þess, hvað tekjur þeirra eru lágar, a. m. k. ef ekki verður afbragðsafli.

Afturhaldið hefur reynt að hagnýta sér þessa örðugleika til þess að egna sjómenn gegn verkamönnum í landi og hafa kennt verkalýðssamtökunum um alla dýrtíðina. Þessir menn vita, að þeir eru að segja ósatt, en þeir gera þetta til þess að reyna að knýja fram kauplækkanir. Þessir menn vilja ekki bæta kjör fiskimanna. Þeir vilja aðeins rýra kjör verkamanna í landi og skapa glundroða í atvinnulífinu. Ég vil vara sjómenn við þeim röddum. Látið ekki egna ykkur til deilna við verkafólkið í landinu. Sjómenn geta verið vissir um, að verkamenn skilja þýðingu sjómannsstarfanna öllum betur og vita, hvað þeir eiga undir því, að menn fáist til að fara á sjóinn. Það er enginn vafi á því, að verkamenn munu skilja nauðsyn þess, að sjómannsstarfið sé það vel launað, að nægilega margir menn fáist til að stunda það.

Ýmis ráð eru fyrir hendi til þess að lækka kostnaðinn við smáútgerðina og hækka þannig hlutinn, og mun ríkisstj. eftir getu stuðla að því. Þegar við höfum fengið betri skip, sem skapa möguleika til meiri afkasta, eða við höfum aukið verksmiðjur okkar, mun okkur verða kleift að senda sjávarafurðir okkar út betur unnar, þannig að þær færi okkur hærri tekjur en nú, og þá verða fiskimennirnir þeir, sem fyrstir eiga tilkall til hækkunar.

Núv. ríkisstj. hefur sett sér hærra mark en nokkur önnur stj. á Íslandi. Hún hefur ákveðið að hefja stórfelldar aðgerðir til þess að umskapa atvinnulífið á Íslandi og stórauka það. Þetta verður hin nýja sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar, sem verður að sameina alla krafta þjóðarinnar um. Það þarf bjartsýni og þor til þess að leggja inn á þessar brautir, og margir eru þeir, sem utan við standa og spá hrakspám. Heill stjórnmálaflokkur hefur neitað að vera með í þessu stóra átaki, og ekki verður annað séð en hann telji það sigur fyrir sig og stefnu sína, að allar hinar djörfu fyrirætlanir stj. mistakist. Ég vil sérstaklega beina því til fylgjenda þess flokks, að þeir eiga eins mikið í húfi og aðrir vinnandi menn í landinu, ef svo skyldi fara, að hrakspárnar rættust, og þá er illa farið fyrir þessa menn að hafa eflt þann flokk, sem stuðlar að slíkum vandræðum. Erfiðleikarnir á framkvæmd fyrirætlana stj. eru nógu margir, þótt heilir flokkar leggi sig ekki fram til þess að auka þá. Erfiðleikarnir eru óteljandi, bæði innan lands og utan, og þeir verða alveg óyfirstíganlegir, ef þjóðin stendur ekki saman sem einn maður í átökunum. Þeir menn og flokkar, sem nú standa álengdar og eru með hrakspár um árangurinn og reyna að bregða fæti fyrir nýsköpunarframkvæmdirnar, gera Íslands ógæfu einu von sína. Ef nýbyggingarfyrirætlanirnar fara út um þúfur, þá fá þessir menn það hrun, sem þeir telja, að sé nauðsynlegt til þess að afla sér fylgis, og íslenzka þjóðin örbirgð og atvinnuleysi, en takist uppbyggingin, þá er tilveru þeirra lokið sem stjórnmálamanna.

Þegar ráðizt er í önnur eins stórvirki og núv. stj. hefur sett sér að framkvæma, þá er nauðsynlegt, að þjóðin sjálf, allt hið vinnandi fólk, leggi fram alla orku sína og krafta, til þess að fyrirætlanirnar takist. Ef ríkisstj. nýtur ekki fulls stuðnings þjóðarinnar, ekki einasta í orði, heldur og í verki, þá er með öllu vonlaust, að fyrirætlanirnar takist. Þessi stj. er ekki mynduð til

að deila við einhverja stjórnarandstöðu um það, hvort þessi eða þessi eða hinn á að fá að flytja inn bíla. Ríkisstj. er forusta fyrir alþjóðarsamtökum um það að reyna að hrinda atvinnulífinu á Íslandi á nokkrum árum svo fram á við, að öllum Íslendingum sé tryggð góð afkoma. Þetta verður þjóðin að skilja til fulls. Hver einasti einstaklingur þjóðarinnar verður að leggja niður fyrir sér: Hvað get ég gert til þess að leggja fram minn skerf til nýbyggingarinnar? Hvert einasta byggðarlag í landinu þarf að taka atvinnumálin til athugunar. Hreppsnefndirnar og bæjarstjórnirnar þurfa að láta athuga gaumgæfilega hver hjá sér, hvaða þátt viðkomandi staður getur tekið í atvinnuuppbyggingunni. Þær þurfa að athuga, hvað gera þarf til að koma í veg fyrir atvinnuleysi hver hjá sér. Verkalýðsfélögin þyrftu líka hvert á sínum stað að taka þátt í þessu starfi og leggja fram sinn skerf. Stj. þurfa að berast vísbendingar og kröfur um atvinnutæki fyrir hina ýmsu staði. Það, sem fyrst þarf að athuga, er, hve mörg skip þurfi á hvern stað, af hvaða stærð þau eigi að vera, hvers konar verksmiðjur eða atvinnutæki sé þörf fyrir til vinnslu sjávarafurða, hvaða hafnarframkvæmdir þurfi o. s. frv. Hver bæjarstjórn, hver hreppsnefnd, hvert verkalýðsfélag, hver einstaklingur þarf að hafa frumkvæði og þor til að leggja út í nýbyggingarframkvæmdirnar. Sumar bæjarstjórnir eru þegar byrjaðar að útvega sér skip, sem þær ætla að láta gera út frá sínum bæ. Þetta er aðeins byrjun, fleiri þurfa á eftir að koma. Samstarf við þjóðina og samtök hennar, hverju nafni sem þau nefnast, bara ef þau vilja taka þátt í hinu nýja landnámi, er ríkisstj. bráðnauðsynlegt, ef vel á að takast.

Almenningur í sveitum er mjög undrandi yfir því, að Framsfl. skuli vera utan við stjórnarsamstarfið. Fólk í bæjum og þorpum við sjó er ekki eins hissa. Það hefur fyrir löngu fundið, hve Framsfl. lætur sér velgengni sjávarútvegsins í léttu rúmi liggja. En vegna hinnar miklu undrunar sveitafólksins yfir þessu tiltæki Framsfl. vil ég ekki láta hjá líða að fara um þetta nokkrum orðum og skýra þá jafnframt frá því, hvaða áhrif þetta getur haft fyrir þróun atvinnulífsins í sveitunum.

Svo sem kunnugt er, eru allir þm. Framsóknar og fimm þm. Sjálfstfl. úr sveitakjördæmum í stjórnarandstöðu. Það má því segja, að yfirgnæfandi meiri hluti af fulltrúum bænda á Alþingi sé andvígur stj. Það er nú að vísu svo, að þótt svo heiti, að fimmmenningarnir svo kölluðu séu sjálfstæðismenn, en ekki framsóknarmenn, þá ganga þeir yfirleitt með Framsókn til allra mála, og verður ekki á milli séð um stefnumálin.

Framsfl. hefur ráðið stjórnarstefnunni á Íslandi því nær óslitið frá því 1927. Hann hefur frá upphafi beint athygli sinni sérstaklega að landbúnaðinum, enda haft mestallt fylgi sitt í sveitum. Hann hefur sett sér það mark að stöðva straminn úr sveitunum og litið sjávarútveg okkar óhýru auga fyrir það, að hann dragi fólkið úr sveitunum, og hann hefur reynt eftir mætti að setja fótinn fyrir þann atvinnuveg. En vegna þessarar viðleitni Framsfl., að streitast á móti eðlilegri þróun atvinnuveganna á Íslandi, hefur hann algerlega tengt tilveru sína íslenzka landbúnaðinum og það meira að segja í því ófullkomna ástandi, sem hann nú er í. Nú er svo komið, að Framsfl. ekki einasta streitist á móti framförum í sjávarútvegi, heldur er hann nú farinn að leggja sig fram til þess að viðhalda þeim dreifbýlisbúskap í sveitunum, sem ríkt hefur frá öndverðu og gerir íslenzkum landbúnaði ókleift eða a. m. k. illkleift að hagnýta sér nútímaþægindi.

Framsókn hóf stjórnarframkvæmdir sínar 1927, hvað landbúnaðinn snerti, með því að leggja út í hina svo kölluðu styrkjapólitík. Þegar kreppan skall yfir 1931 og 1932, færði Framsókn sig upp á skaftið og kom á afurðasölulögunum. Með þeim l. er farið inn á nýja braut í íslenzkum landbúnaði. Með þeim er gripið inn í sjálfa þjóðfélagsvélina. Verðið er ákveðið með l. og þannig útilokað, að verðlagið geti knúið fram atvinnuþróun í þessum atvinnuvegi. Íslenzkur sjávarútvegur þarf, hvað snertir allan útbúnað, skip og vélar, að vera samkeppnisfær við sjávarútveg annarra landa, vegna þess að annars getur hann ekki selt afurðir sínar með kostnaðarverði. Þannig verður verðið í markaðslöndunum svipa, sem keyrir áfram framfarir í sjávarútveginum. Sá, sem hlýðir ekki og hagnýtir sér nýjungarnar, getur ekki selt afurðir sínar fyrir kostnaðarverð og verður að hætta atvinnurekstrinum. Með afurðasölul. er landbúnaðurinn losaður undan þeim örvandi áhrifum afurðaverðsins, sem nýtur sín, ef um frjálsa verðmyndun er að ræða. Þetta hefði allt getað verið gott og blessað, ef framsóknarmennirnir hefðu aðeins vitað, hvað þeir voru að gera, og lagt þegar í stórfelldar aðgerðir með opinberri aðstoð til þess að auka vinnuafköstin í sveitunum og lækka verð á afurðunum. Með því að beita opinberum aðgerðum til þess að ýta undir bændur um að bæta vinnuaðferðirnar og hagnýta meiri vélar, var hægt að vinna sama verk og frjáls verðmyndun hefði annars gert. Afurðasölul. bættu hag bænda í bili, en þau áhrif þeirra að draga úr þörfinni fyrir frekari hagnýtingu vélaafls hefur orðið til þess, að íslenzkur landbúnaður stendur nú frammi fyrir miklu erfiðari vandamálum en þá er afurðasölul. voru sett. Á undanförnum stríðsárum er svo komið fyrir landbúnaðinum, að árlega hefur þurft að greiða tugi millj. kr. í uppbætur og styrki og svo kölluð niðurkaup á verði landbúnaðarafurða, til þess að bændur gætu lifað þolanlegu lífi. Með samkomulagi sex manna n. var gerð tilraun til þess að samræma kjör bænda og verkamanna. Það, sem sex manna n. leiddi í ljós, var það, að íslenzkur landbúnaður hefur á undanförnum árum sáralitlum framförum tekið, og ef bændur eiga að búa við svipuð lífskjör og verkafólk í bæjum, þá þarf verðlagið á afurðum þeirra að vera það hátt, að hætta er á, að það geri okkur litt færa um að selja sjávarafurðir okkar á erlendum markaði samkeppnisfæru verði.

Forystumenn bænda, einkum Framsóknarþm. og fimmmenningarnir, segja bændum, að hið háa verðlag á landbúnaðarafurðum orsakist af hinu háa kaupgjaldi. Þetta eru blekkingar. Kaupgjaldið er hjá flestum bændum sáralítill liður og gæti verið miklu lægri, ef bændur gætu látið vinnumönnum sínum stórvirkari vélar í té. Öllum er ljóst, að ekki verður hægt að halda áfram milljónagreiðslum óendanlega.

Nei, það verður ekki komizt fram hjá þeirri staðreynd, að íslenzkur landbúnaður verður að

hagnýta sér afl véla betur en orðið er, ef ekki á að stefna til hruns. Skoðun mín er sú, að vélarnar séu ekki einhlítar. Það verður að færa saman byggðirnar, til þess að hægt sé að nota stórvirkar vélar á samfelldu landi, brjóta landið samtímis fyrir tuttugu bændur, í stað þess að vinna með vélunum nokkra tíma eða daga á hverjum stað og eyða svo öðrum eins tíma í að flytja þær á milli. Það þarf að snúa baki við dreifbýlisstefnunni í íslenzkum landbúnaði. Það verður að byggja jarðirnar þannig, að handhægt sé að nota vélarnar, en það verður aldrei, meðan við búum við dreifbýli.

Nú munu margir segja: Er það ekki ætlun stj. að hefja nýsköpun í landbúnaði? Gert er ráð fyrir, að allmikið fé fari til uppbyggingar landbúnaðarins. Þó er gert ráð fyrir að halda áfram uppbótargreiðslum fram til 15. sept. næstkomandi. Það er ákveðið að greiða uppbætur og greiða niður verð innan lands fram til 15. sept. 1945. Talið er, að þetta nemi 18 millj. kr., og þetta urðum við sósíalistar að sætta okkur við, til þess að hægt yrði að mynda stj. Ekkert samkomulag náðist um uppbyggingu landbúnaðarins, vegna þess að fulltrúar bændanna vel flestir skárust úr leik og vildu ekki vera með í þeirri uppbyggingu, sem fyrirhuguð er. Uppbygging landbúnaðarins og nýsköpun verður ekki framkvæmd í trássi við bændur sjálfa eða samtök þeirra og fulltrúa. Þið skuluð hugleiða það, bændur. Það er þó öllum kunnugt, að atvinnuleg nýsköpun er óhjákvæmileg nauðsyn fyrir íslenzka landbúnaðinn, ef ekki á að stefna til hruns.

Framsóknarmenn og fimmmenningarnir á þingi hafa lagt fram nokkur frv. í landbúnaðarmálum. Í þeim frv. örlar ekki á nokkrum framförum. Þar er farin sama slóðin og áður og sama kákið, og það er fyrirsjáanlegt, að enginn árangur verður, þótt þessi frv. yrðu gerð að l.

Nei, bændur. Þið verðið að taka þessi mál af núv. umbjóðendum ykkar á þingi, þeim, sem nú telja sér skylt að hindra framfarir í atvinnulífi Íslendinga. Þið verðið að taka málin í eigin hendur. Ég fullyrði, að hjá núv. ríkisstj. ríki skilningur á erfiðleikum bænda, en ef nokkuð á að vera hægt að gera, þá verða bændur sjálfir að vera fúsir til samstarfs.

Samgmrh. (**Emil Jónsson**): Herra forseti. — Það er gamall og góður siður, að stjórnarandstæðingar noti þessa 1. umr. fjárl. til þess að segja stj. til syndanna, halda yfir henni eldhús, sem kallað er. Eru þá dregnar fram allar þær ávirðingar, sem stjórnarandstaðan getur fundið ríkisstj. til foráttu, og deilt á hana fyrir það, sem hún hefur illa gert eða vangert. Þessar eldhúsumr. eru að því leyti óvenjulegar, að ríkisstj. hefur ekki setið nema rúman mánuð og afglöpin þar af leiðandi færri, sem víta þarf. Þetta gerir það að verkum, að umr. hljóta að snúast meira að stefnumálum ríkisstj. og þá vitanlega, hver háski þjóðinni er búinn, ef þau komast til framkvæmda, eins og berlega kom fram í ræðu hv. þm. Str. (HermJ), sem talaði hér fyrstur í kvöld, og svo vitanlega um það, hvernig þessa stjórnarmyndun bar að og ýmisleg atvik í sambandi við það.

Hv. þm. Str., sem hér talaði í kvöld, fór allmörgum orðum um það, hve fjárhagur landsins væri nú slæmur orðinn, og taldi algerlega vanta upplýsingar um það, hvernig útvega ætti tekjur á móti þeim 40 millj. kr. greiðsluhalla, sem hann taldi nú vera orðinn á fjárl. — Við þetta er nú ákaflega margt að athuga. Í fyrsta lagi er ekkert upplýst um það, að þetta sé raunverulegur tekjuhalli á fjárl., 40 millj. kr. Þegar þetta fjárlagafrv. kom frá hv. fjvn., þá var það með tekjuafgangi, — að vísu með litlum greiðsluhalla, ef allar brtt. eru teknar með, — en annars með tekjuafgangi, sem ég man að vísu ekki, hversu mikill er, — svo að eiginlega er um engan tekjuhalla að ræða, eins og nú standa sakir. Að vísu er það rétt, að það eru óteknar inn á fjárlagafrv. nokkrar fjárhæðir, sem ekki er fullkomlega vitað um enn, hve miklar eru. En að það séu nákvæmlega 40 millj. kr., það hygg ég, að fullyrða megi, að sé alveg rangt. Og hvað þær verða yfirleitt, er ekki hægt að segja um á þessu stigi málsins.

Hins vegar skal ég skýra það, bæði fyrir þessum hv. þm. og öðrum hlustendum, að langsamlega mestu hækkanirnar, sem gerðar hafa verið á fjárlagafrv. í meðförum hv. fjvn., sem nú hefur skilað áliti sínu, eru þær, að það hefur verið hækkað gífurlega allt það, sem ætlað er til verklegra framkvæmda. Það skorti mjög á það í því frv. til fjárl., sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. lagði fyrir þetta Alþ., að þar væri ætlað fé til verklegra framkvæmda svo, að við mætti una. Þess vegna kom það náttúrlega mjög fljótt fram, að þessar upphæðir þyrfti að hækka. Enda hefur það komið á daginn, þó að enn hafi ekki verið séð fyrir tekjum til þess að mæta öllum útgjöldum í því sambandi.

Mér þykir rétt þegar í upphafi að rekja nokkuð afstöðu Alþfl. til stjórnarmyndunarinnar og þær orsakir, sem lágu til þess, að flokkurinn tók þátt í henni.

Þegar eftir kosningarnar síðari 1942 hófust viðræður milli flokkanna allra fjögurra um möguleika til stjórnarmyndunar, er allir flokkar stæðu að. Var svo kölluð átta manna n., sem um það fjallaði, tveir menn frá hverjum flokki. Eftir að þær viðræður höfðu staðið um skeið, án þess að vænlega horfði um árangur, kom fram í n. uppástunga um það frá Sósfl., að þáverandi ríkisstjóra yrði tilkynnt, að líkurnar fyrir þessari lausn málanna væru svo litlar, að heppilegast mundi að setja á stofn til bráðabirgða ópólitíska bráðabirgðastj. eða framkvæmdastj., sem styddist ekki við neinn þingmeirihluta. Var þetta síðan borið undir flokkana. Alþfl. var frá upphafi mjög andvígur þessari lausn, taldi hana ósamrýmanlega þingræðisskipulagi okkar, veika og ótrygga, hversu góðir menn sem til starfsins kynnu að veljast, auk þess sem þá væri mikil hætta á, að nauðsynlegt fast samstarf tækist ekki milli ríkisstj. og ákveðins þingmeirihluta um löggjafarstarfið. Sömu afstöðu tók Sjálfstfl. Framsfl. og Sósfl. vildu aftur á móti, að þessi leið væri reynd, og það varð úr.

En þessi stj. hafði ekki setið lengi, þegar allt það kom á daginn, sem Alþfl. hafði sagt fyrir. Ekkert samstarf tókst milli ríkisstj. og Alþ. eða neins fasts meiri hl. þar, svo að segja mátti, að engin fastmótuð stefna væri til þetta tímabil á þingi. Jafnvel í dýrtíðarmálunum, sem þó voru

talin aðalmál stj. þessarar, tókst ekki betri samvinna við Alþ. en svo, að nálega allar till., sem stj. bar fram til úrlausnar þessum málum, voru ýmist drepnar eða þeim breytt svo, að þær urðu óþekkjanlegar. — Eftir því sem lengra leið, varð þetta ástand enn ljósara, einnig þeim, sem upp á því höfðu stungið í fyrstu og samþ. það. Samningsumleitunum var því haldið áfram, fyrst vorið 1943, milli flokkanna þriggja, Framsfl., Sósfl. og Alþfl., og síðar milli allra flokkanna, eins og kunnugt er.

Alþfl. tók þátt í öllum þessum samningsumleitunum samkv. ákvörðun miðstjórnar flokksins og flokksþingsins, sem haldið var haustið 1943. Afstaða hans til þessara tilrauna miðaðist frá upphafi við það, hvað hægt væri að semja um af málum, hvort hægt væri að tryggja framgang nægilega margra áhugamála hans, svo að honum fyndist við unandi.

Hver eru þá þessi mál? — má spyrja. Því má í rauninni svara með aðeins tveim orðum. Höfuðáhugamálin eru: atvinna og öryggi. Það, sem mest háði almenningi fyrir stríðið, á krepputímunum, var atvinnuleysi og öryggisleysi. Þessi fyrirbrigði eiga að hverfa, þau eiga ekki að vera til og þurfa ekki að vera til. Allar aðgerðir ríkisstj. eiga að miða að því að tryggja þetta fyrst og fremst. En ef þetta hvort tveggja er tryggt, mun í kjölfar þess þróast ýmislegt það annað, sem menn þrá og óska eftir.

Spurningin er þá fyrst: Hvernig verður þetta tryggt, og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess? — Því vil ég svara á þessa leið: Með því að nota þá fjármuni, sem þjóðin hefur eignazt erlendis, til að byggja upp atvinnuvegina og koma þeim í nýtízkuhorf. Atvinnuvegirnir verða ekki reknir í framtíðinni á sama hátt og hingað til að heita má með höndunum einum, heldur með afkastamiklum tækjum, þar sem vinna mannsins er hverfandi, en hestöflin yfirgnæfandi. Þessi tæki þurfum við að kaupa eða búa til eða hvort tveggja. — Í landbúnaði okkar skortir mjög á, að beitt sé vélavinnu eins og æskilegt væri, í iðnaði okkar og sjávarútvegi einnig, þó að báðir þessir atvinnuvegir séu allmiklu betur settir hjá okkur, hvað þetta snertir, en landbúnaðurinn. — Samfara þessum innkaupum á tækjum og vélum kemur svo hagnýting þeirrar orku, sem við eigum í landinu sjálfu, bæði í fossum og hverum, þó að einnig þurfi að fá erlenda orkugjafa, eins og kol og olíu, til viðbótar. Stórvirkjanir fossa og hvera þurfa því að haldast í hendur við aðra þætti þessarar nýsköpunar og að verulegu leyti mynda grundvöllinn undir þá. — Þessar framfarir hafa verið tryggðar með l., sem þegar hafa verið sett og mæla svo fyrir, að 300 millj. kr. af innieignum bankanna erlendis skuli vörið í þessu skyni og megi ekki nota til neins annars. Hafa þegar verið hafnar nokkrar eftirgrennslanir erlendis um möguleika til t. d. skipakaupa, og virðist, að þrátt fyrir styrjöldina séu möguleikar nokkrir fyrir hendi um útvegun þeirra, og síðar munu þó opnast miklu fleiri leiðir.

Því er haldið fram af framsóknarmönnum, að þessi nýju véla- og tækjakaup og kaup á skipum séu torvelduð mjög af hinu háa kaupgjaldi í landinu. Þetta hefur þó, eftir því sem bezt er vitað, hvergi komið að sök enn þá. Höfuðatvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, og ýmsar starfsgreinar, sem standa í sambandi við hann, hafa enn sem komið er getað selt afurðir sínar með sæmilegum hagnaði þrátt fyrir þetta kaupgjald og þrátt fyrir það að tækin og skipin, sem notuð eru, eru meira og minna gömul og úrelt. Hversu miklu auðveldari fjárhagslega getur þá ekki reksturinn orðið, þegar hin nýju, fullkomnari tæki koma til sögunnar og afköstin aukast? Og hátt kaup, að svo miklu leyti sem útflutningsverzlunin þolir það, skapar aukna kaupgetu og þar af leiðandi fjörugri viðskipti og starfsemi innan lands.

Í iðnaðinum, sem oft er vitnað til, að búið sé að gera alósamkeppnisfæran við erlenda keppinauta, er það að segja, að mér virðist, að verðið á sænsku bátunum, sem ákveðið hefur verið að kaupa, sé ekki ósvipað því, sem líklegt mundi vera hér, eða svo lítill mismunur, að þá erfiðleika, sem hann skapaði, ætti að mega yfirstíga, t. d. með bættum tækjum og útbúnaði skipasmíðastöðvanna og skipulegri vinnu, t. d. á þann hátt, að smíðaðir yrðu margir bátar eins á sama stað. Allt þetta bendir til þess, að hægt sé á þennan hátt með bættum vinnuskilyrðum og nýjum tækjum að auka framleiðslustarfsemina í landinu og skapa þannig öllum vinnu við arðbær framleiðslustörf, en það er fyrsta og aðalkrafa þjóðarinnar og meginstefna stj. að leitast við að útvega starfsemi allri þau skilyrði, að það geti orðið.

Auk sjálfrar atvinnunnar, sem ég vil setja nr. 1 í stjórnarsamningnum, var það eitt aðalskilyrðið af hálfu Alþfl. fyrir þátttöku í stjórnarsamstarfi, að komið yrði upp fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta eða efnahags, í meginatriðum í samræmi við samþykktir síðasta þings Alþjóðlega vinnumálasambandsins, en þar komu saman nú fyrir skömmu fulltrúar frá flestum hinum frjálsu, sameinuðu þjóðum og gerðu um málið mjög víðtækar ályktanir. En þetta mál er, eins og kunnugt er, einna efst á baugi allra mála hjá þeim ófriðarþjóðum, sem farnar eru að gera ráðstafanir um ýmisleg svo kölluð „eftirstríðsvandamál". Samþykktir þessa þings Alþjóðlega vinnumálasambandsins miðuðu í höfuðatriðum að því, að öllum, sem missa tekjur sínar af einhverjum óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna slysa, sjúkdóma, atvinnuleysis, elli eða örorku, sé tryggður lífeyrir eða dagpeningar, sem nægi til sómasamlegs lífsviðurværis. Tryggð sé nauðsynleg læknishjálp, sjúkrahússvist, fæðingarhjálp í sjúkrahúsum og fæðingarstyrkir og enn fremur föst framlög til barnafjölskyldna. Kostnaðurinn við þessar tryggingar skiptist niður á hina tryggðu, atvinnurekendur og hið opinbera, þannig að hinir tryggðu greiði ekki meira en ⅓ af heildarkostnaði. — Um þetta varð einnig samkomulag og þannig, að þessi löggjöf skyldi sett á næsta ári. Hafa þegar verið settir menn til að undirbúa hana og þeir fallizt á að hafa lokið undirbúningi svo tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um þetta efni. Er með þessu stigið eitt hið þýðingarmesta og örlagaríkasta spor, sem stigið hefur verið í félagsmálalöggjöf okkar Íslendinga á síðari árum. Að koma þessu eina atriði í framkvæmd teljum við Alþýðuflokksmenn ákaflega mikils virði og mikið fyrir gefandi.

Loks má nefna í sambandi við þessi mál eða

þennan málaflokk tryggingu vinnufriðarins í landinu, þannig að gerðir verði heildarsamningar milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands um kaup og kjör í meginatriðum á grundvelli núgildandi kaup- og kjarasamninga með einstaka breyt. til lagfæringar og samræmis. Trygging fyrir samþykkt nýrra launal. á þessu þingi í meginatriðum á þeim grundvelli, sem BSRB hefur lagt fram, bætir úr gömlum misfellum á launamálum opinberra starfsmanna á þann hátt, að líkur eru til, að vel verði við unað.

Að síðustu á hér einnig heima yfirlýsing, sem samkomulag varð um, að ríkisstj. gæfi um aðstoð til hlutarsjómanna, eftir því sem frekast væri unnt og með þyrfti.

Með þessum aðgerðum öllum tel ég, að eins vel sé séð fyrir atvinnu og öryggi fyrir alla og kringumstæðurnar frekast leyfa, og það er Alþfl. mikið gleðiefni að hafa átt þátt í, að þessi mál hafa verið tekin upp í stefnuskrá stj., og eiga kost á að vinna að því að koma þeim í framkvæmd.

Enn má geta þess samkomulags, sem orðið hefur um afgreiðslu framtíðarstjórnarskrár fyrir Ísland, þar sem tryggður er ótvíræður réttur allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, félagslegs öryggis, menntunar og jafns kosningarréttar. — Hv. þm. Str. minntist á það hér áðan og lét orð liggja að því, að Alþfl. hefði sett það að skilyrði í þessari samvinnu um afgreiðslu stjskr., að landið skyldi gert að einu kjördæmi, og las upp úr Alþýðublaðinu setningu, sem átti að sanna þetta. Hið sanna er, — og ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa yfir því, vegna þess að ég veit, að hinu gagnstæða hefur verið lætt víða út, — að um það hefur enginn samningur verið gerður. Alþfl. hefur einungis bent á, að það að gera landið að einu kjördæmi væri ein leið til þess að ná þessu marki, en hins vegar alls ekki haldið því fram, að það væri eina leiðin. Enn fremur hefur orðið samkomulag um það, að tryggt verði, að fleiri aðilum en nú eiga sæti í stjórnarskrárn. skuli gefinn kostur á að láta sjónarmið sín koma fram við undirbúning málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að taka upp úr málefnasamningi stj. fleiri mál, enda er hann nú orðinn alþjóð kunnur. En ég hef getið þessara sérstaklega vegna þess, að það eru allt mál, sem Alþfl. hefur látið sig miklu skipta og reynt að leggja hlut að, að kæmust í framkvæmd einmitt á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Alþfl. telur því, að hér sé um að ræða stórfellda tilraun til að bæta afkomu þjóðfélagsþegnanna, tilraun, sem líkleg sé til að valda stórfelldum úrbótum á högum fjölda fólks í landinu, ef unnið er að henni með heilum hug, eins og flokkurinn vill gera fyrir sitt leyti.

Ég skal aðeins bæta því við hér, að 19. flokksþing Alþfl., sem nú nýlega hefur lokið störfum, lýsti yfir fullum stuðningi við framkvæmd þessarar stefnuskrár og alveg einhuga, en ekki aðeins lítill meiri hl., eins og haldið hefur verið fram. Jafnframt hét það á alla stuðningsmenn flokksins, fjær og nær, að beita sér hver á sínum stað fyrir því að styðja stj. í þessari viðleitni hennar.

Því hefur verið haldið fram af Framsfl., að afstaða ríkisstj. til dýrtíðarmálanna væri næsta hæpin og vafasöm. Afskipti ríkisstj. af verkföllum þeim, sem stóðu yfir, þegar hún tók við, en öll hafa nú leystst, voru túlkuð þannig, að barin hefðu verið fram sjónarmið verkamanna, nálega einhliða, og ætti stj. sinn þátt í því. Hefði þannig verið hækkað kaup þeirra iðnstétta, er áður voru hæst launaðar, og þannig enn aukið ósamræmið í launakjörunum. Ríkisstj. hefði þvingað atvinnurekendur til að hækka kaup hjá hæst launuðu iðnaðarmönnunum, t. d. prenturum, og þessar hækkanir væru síður en svo til samræmingar. Þetta væri enn fremur gert á sama tíma og bændur væru krafðir um að „lækka" hjá sér afurðaverðið frá því, sem lögboðið er og þeir eiga heimtingu á. Loks er svo því haldið fram, að hið háa kaupgjald, sem nú er greitt, fæli menn frá að kaupa nokkur atvinnutæki inn í landið, því að þeir sjái fram á, að með núverandi kaupgjaldi muni ómögulegt að láta tæki þessi standa undir sér. Allt tal um nýsköpun atvinnuveganna sé því eins og tilgangslaust fálm, sem enga þýðingu hafi, og nánast, ef nokkuð sé yfirleitt með því tali meint, sé þar eingöngu um blekkingu að ræða.

Þetta eru vitanlega þungar ásakanir, en allar hafa þær komið fram eigi að síður í einu eða öðru formi. — En eina ráðið til að stöðva dýrtíðina og þar með greiða fyrir því, að atvinnuvegirnir geti borið sig, er hjá þessum sömu mönnum, eins og kom fram hjá hv. þm. Str. í þessum umr., enn sem fyrr gerðardómslög og aftur gerðardómslög. Og svo er harmagrátur yfir því, að það tókst ekki samvinna um að koma þeim á.

Þar sem dýrtíðarmálin eru nú eins og áður hin þýðingarmestu mál og munu verða það, þykir mér rétt að fara um þau nokkrum orðum. — Ég vil þá fyrst leyfa mér að minna á þær útvarpsumr., er síðast fóru hér fram um þessi mál nú í haust, er fyrrv. ríkisstj. lagði fram frv. sitt til lausnar þessara mála. Eins og menn muna, fól það frv. í sér till. um að lögbjóða nokkra lækkun á kaupi og verði landbúnaðarafurða. Þessari leið voru þá allir hv. þm. — eða allflestir a. m. k. — andvígir, töldu, að sú tilraun, sem gerð hefði verið í þessa átt, að lögbinda kaup, örvaði ekki til eftirbreytni eða endurtekningar. Við þessar umr. hélt ég því fram, f. h. Alþfl., að þær aðgerðir, sem frv. þetta gerði ráð fyrir, hefði reynslan áður sýnt okkur, að væru óframkvæmanlegar. Ég stakk því upp á því þá, að í stað þess að lögbjóða lækkun á kaupi og verðlagi yrði reynt að semja um stöðvun til að byrja með með einstaka lagfæringum á kaupi til samræmis. Þessi aðferð og ýmsir möguleikar í sambandi við hana hafði þá um skeið nokkuð verið athuguð í 12 manna n. svo kölluðu, og virtist Framsfl. þá, eins og málin stóðu, meðan óséð var, hverjir mundu taka við stjórnartaumunun, geta hugsað sér þessa lausn (sbr. bréf, er forsrh. las). Að vísu höfðu framsóknarmenn sína fyrri afstöðu til gerðardómsl., og vísast í því efni til þess, sem ég sagði áður um það. Þetta var komið svo langt á veg þá, að fyrir lá yfirlýsing frá stjórn Alþýðusambands Íslands, þar sem hún hafði lýst yfir því, að hún væri fyrir sitt leyti meðmælt því, að gerðir væru heildarsamningar um kaup og kjör í meginatriðum á grundvelli núverandi samninga stéttarfélaganna — með nauðsynlegum lagfæringum kaups og kjara á hinum ýmsu stöðum og starfsgreinum til samræmis — til tveggja ára og að hún væri reiðubúin að hefja viðræður við fulltrúa atvinnurekenda um þetta

efni og leita umboðs sambandsfélaganna til samninga, ef líkur væru fyrir því, að samkomulag mundi nást, enda yrði um leið samkomulag um verð landbúnaðarafurða í sanngjörnu hlutfalli við almenn launakjör á grundvelli þess, sem verið hefur undanfarið; og enn fremur, að gerðar yrðu ráðstafanir til að tryggja stöðuga atvinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi með öllu eftir nánara samkomulagi um þessi atriði o. fl. Í sambandi við og í beinu áframhaldi af þessu var svo unnið að því að fá samkomulag um, að hækkun ætti sér ekki stað á verði landbúnaðarafurða á þessu hausti, og var í því skyni kallað saman búnaðarþing, eins og mönnum er enn í fersku minni, sem féllst á þetta, með nokkrum skilyrðum þó, aðallega að tryggt væri, að ríkissjóður greiddi, eins og áður, í þetta sinn uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Á þetta var fallizt til samkomulags, þó að það hafi ávallt verið yfirlýst stefna Alþfl. að vera á móti þessum uppbótum, eins og þær voru greiddar. — En ekki ber að loka augunum fyrir því, að bændur gefa ekki eftir 9,4% afurðaverðs síns í mörg ár, og ríkið hættir að geta greitt með vörunum. Og þá skapast nýtt viðhorf með nýjum vandamálum til að leysa. — Ég hygg, að um það séu flestir sammála, að höfuðorsökin til þess, hve dýrtíðin hefur vaxið hér, séu víxláhrif kaupgjaldsins annars vegar og afurðaverðs landbúnaðarins hins vegar. — Hv. þm. Str. sagði hér í ræðu sinni í kvöld, að örlagasporið í íslenzkum fjármálum og stjórnmálum hefði verið stigið 1942, þegar Sjálfstfl. fór með völd. En það hefur verið minnt á það aftur af Alþfl. og sýnt fram á það með ljósum rökum, að örlagaríkasta sporið viðkomandi dýrtíðarmálunum var ekki stigið 1942, heldur 1940, þegar Framsfl. réð því, að verðlag á landbúnaðarafurðum var einhliða slitið úr tengslum við kaupgjaldið og látið hækka ávallt síðan meir en nam hækkun kaupgjaldsins. En það hefur svo komið á eftir og hvort elt annað með þeim afleiðingum, sem kunnar eru.

Ef hægt er að útiloka þessi víxláhrif, eins og hér hefur verið gerð tilraun til, mætti ætla, að stöðvun væri fengin í bili. Kemur svo til álita síðar, hvort hún nægir eða ekki, og skal ég koma að því síðar.

Ég skal þá koma að þeirri fullyrðingu, að kaup nokkurra hátt launaðra iðnaðarmanna hafi nú verið hækkað svo, að sú hækkun skapi nýtt ósamræmi í launagreiðslunum. Til þess að ganga úr skugga um þetta hef ég snúið mér til sáttasemjara ríkisins og óskað eftir, að hann útvegaði mér samanburð á kaupgreiðslum þessara manna nú og kaupi verkamanna í Reykjavík, svo að séð yrði, hvort þeir hefðu með samningum sínum nú náð meiri hækkunum hlutfallslega en verkamenn hefðu áður fengið, því að væri svo, hefði myndazt nýtt ósamræmi, en annars ekki. Þessa skýrslu hefur hann útvegað mér, og fer hún hér á eftir:

Kauphækkanir frá 1942:

Dagsbrún	16.6 %	
Járnsmiðir	9 —	
Skipasmiðir	9 —	
Blikksmiðir	9 —	
Prentarar	3.4 —	Hjá helmingi stétt-
Stúlkur í prentiðn	9.4 —	arinnar.
Bókbindarar	3.4 —	
Stúlkur í bókbandsiðn	9.4 %	
Klæðskerar	11.5 —	
Stúlkur í klæðskeraiðn	19 —	Höfðu lágt kaup
Iðja, karlmenn	18 —	fyrir. Eru tvö ár að vinna sig upp í fullt kaup.
Iðja, stúlkur	21 —	Langmest af þessari hækkun varð 1943. Hækkun hjá karlmönnum nú í haust aðeins um 2%.

Ég skal þá að lokum fara nokkrum orðum um hitt atriðið, hvort kaupgjaldið í landinu sé yfirleitt orðið svo hátt, að atvinnuvegirnir fái ekki undir því risið, og afleiðingin hljóti að koma fram í því, að menn missi trúna á rekstrinum, kaupi ekki ný tæki og þannig sé allt umtal um nýsköpun atvinnuveganna blekking ein. Ég get raunar látið mér nægja að vísa til ummæla hæstv. forsrh. um þetta atriði, en hann sagði eitthvað á þá leið, þegar um þetta var rætt hér á Alþ. nú fyrir skömmu, að þar sem vitað væri, að flestir atvinnurekendur hefðu hagnazt vel á umliðnum árum, og þar sem hins vegar ekki væri vitað, að enn stæði kaupgjald neins staðar í vegi fyrir því, að atvinnuvegirnir yrðu reknir með sæmilegri afkomu, þá væri engin ástæða til að koma fyrst til verkamanna og fara fram á, að þeir lækkuðu kaup sitt vegna verðfalls, sem að vísu gæti komið og meira að segja væri líklegt, að koma mundi, en enginn vissi hins vegar neitt um, hvenær koma mundi. Til þessara manna, sem hefðu hingað til haft góðan hagnað af starfsemi sinni og enn rækju hana með sæmilegum hagnaði, yrði að gera þá kröfu, að þeir keyptu þau vönduðustu og beztu tæki, sem völ væri á, þó að í því fælist nokkur áhætta. Og þessu er ég algerlega sammála. — Sýni það sig hins vegar, að tæki þessi verði ekki rekin með núverandi kaupgjaldi, já, — þá má tala saman á ný, þegar það liggur fyrir.

Þessari ríkisstj. hefur yfirleitt verið vel tekið, óvenjulega má segja, en það hefur af ýmsum verið spáð illa fyrir henni. Sjónarmið og stefnumörk flokkanna væru svo mismunandi og sundurleit, að þess væri ekki að vænta, að nein festa eða eining fengist um framkvæmdir. Þetta er líka rétt svo langt sem það nær. En flokkarnir, sem að ríkisstj. standa, hafa komið sér saman um að slíðra sverðin í bili og sameinast um lausn nokkurra aðkallandi vandamála, þó að grundvallarsjónarmið þeirra og stefnur séu ærið ólík. Þessi mál, sem samkomulag hefur náðst um, álítum við svo mikilsverð, að vert sé að gera þessa tilraun.

Frá okkar sjónarmiði er enn um að ræða framkvæmd málaflokka, sem munu hafa mjög djúptæk áhrif á líf okkar og afkomu um langa framtíð. Ég nefni hér aðeins: endurskoðun stjskr. með það fyrir augum m. a., að tryggð verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu eða þess framfæris, sem tryggingarlöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar. Ég nefni einnig ákvörðunina um að koma þegar á næsta ári á svo fullkomnu kerfi almannatrygginga sem nái til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta eða efnahags, svo að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna. — Ég nefni enn það megin-

atriði í stefnu stj. að tryggja, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í því sambandi, að tryggja með lögum ákveðna upphæð, 300 millj. kr., í þessu skyni. En lagafrv. um það hefur þegar verið samþykkt.

Ég nefni loks það stefnuskráratriði ríkisstj. að tryggja vinnufriðinn í landinu, en um það atriði hefur verið aflað yfirlýsinga frá Alþýðusambandi Íslands, eins og fyrr er sagt, og frá Vinnuveitendafélagi Íslands.

Um fleiri þýðingarmikil mál er samið, en ég læt þessi fjögur höfuðatriði nægja. Hverja þýðingu framkvæmd þeirra hefur, ekki einasta í nútíð, heldur einnig fyrir alla framtíð, getur hver og einn gert sér í hugarlund. Fyrir þessi mál hafa flokkarnir, sem að stj. standa, ákveðið að sameinast um lausn þeirra og láta annan ágreining niður falla um sinn. Hvernig þetta tekst, verður framtíðin að skera úr, og verður það þá að metast á *hverjum tíma, hvort við samninga er staðið* eða hvort samkomulagið verður að álítast rofið, og síðan að taka afleiðingunum af því.

Það hefur verið bent á Alþýðusambandsþingið, sem nú er nýafstaðið, í þessu sambandi, og að ekki hafi samkomulagið verið of gott þar, og það er vissulega rétt. En þau tilfelli og önnur álíka verða þá að skoðast hvert út af fyrir sig og metast eins og ég sagði áðan.

Um Alþýðusambandsþingið vil ég aðeins segja það, að ég harma það, að samkomulag náðist þar ekki milli flokkanna. Alþfl. vildi samkomulag og bauð samkomulag, en því var hafnað. Nú vona stjórnarandstæðingar, framsóknarmenn, að þessi sundrungardjöfull, sem alinn var á Alþýðusambandsþinginu, hlaupi í ríkisstj. og sundri henni, en fyrir því mótar þó ekkert enn þá, hvað sem verða kann.

Á því, hvernig stjórnarflokkarnir haga sér í samvinnunni um þau atriði, sem ekki er beint samið um, má mikið ráða um samstarfsvilja þeirra og einlægni í að koma þeim málum í framkvæmd, sem um er samið.

Þetta *stjórnarform, sem* nú hefur verið sett á laggirnar, er ekki alveg óþekkt hjá okkur. Það hefur verið reynt einu sinni áður og gefizt vel. Það var árið 1942, er einlit flokksstjórn Sjálfstfl. fór með völd til að leysa stjórnarskrármálið, sem þá var á döfinni. Þessi stj. undir forsæti hæstv. núv. forsrh., Ólafs Thors, naut hlutleysis eða óbeins stuðnings Alþfl. og Sósfl. til þess að leysa þetta eina mál, og hún gerði það. Þar með hefur verið sýnt, að það er unnt fyrir flokka — og alveg sérstaklega þessa flokka — að taka höndum saman um lausn aðkallandi vandamáls eða vandamála. Hvort raunin verður hin sama nú, er vitanlega ekki hægt að segja. Úr því verður reynslan að skera. En enn sem komið er virðist mér sem þetta ætti að geta tekizt, enda ekkert það komið fyrir enn þá, er afsanni það.

Forseti (GSv): Hæstv. samgmrh., Emil Jónsson, er talaði af hálfu Alþfl., hefur lokið máli sínu, og er þar með lokið þessari umferð útvarpsumr.

Það hefur atvikazt svo, að andstöðuflokkur ríkisstj., Framsfl., hefur ekki notið jafnlangs ræðutíma og hinir flokkarnir hver um sig, og verður þeim mínútum, sem á skortir, bætt við ræðutíma Framsfl. við framhald útvarpsumræðna annað kvöld.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 5. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (GSv): Þá hefjast útvarpsumr., eldhúsumr., síðara kvölds. Verða þrjár umferðir, og hefur hver þingflokkur ræðutíma þannig:

1. Sjálfstfl., stuðningsmenn stj.
2. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl.
3. Alþfl.
4. Framsfl.

Samkv. því, sem getið var í gærkvöld, verða andstöðuflokki stj. í umræðunum, Framsfl., ætlaðar nú til viðbótar þær mínútur, sem stjórnarflokkarnir þurftu að nota fram yfir það, sem ákveðið var, með því að eigi var kleift að jafna það við þá einu umferð, er þá var viðhöfð, þar eð téður andstöðuflokkur var fyrstur í röðinni. Þykir þetta hentara en sneiða af tíma hinna flokkanna. Þessar mínútur eru 13 alls og verður skipt á umferðirnar.

Í kvöld verður að öðru leyti jafnað þannig um ræðutíma flokkanna, að ef einhver flokkur notar ekki allan sinn tíma í fyrri umferð, fær hann afganginn viðbættan í þeim síðari, en ef farið er fram úr tilskildum ræðutíma, kemur það til frádráttar síðar. En í síðustu umferð er áríðandi, að hv. ræðumenn haldi sér nákvæmlega við tíma sinn eins og hann þá verður, svo að eigi þurfi að koma til frekari athugasemda.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég hefði í sjálfu sér helzt kosið að verja þeim tiltölulega stutta ræðutíma, sem mér er ætlaður, til þess að tala um fjármál ríkisins og þá sérstaklega afgreiðslu fjárl. í þetta sinn. Virðist mér, að þetta væri ekki heldur óeðlilegt, þar sem dagskrármálið er fjárlfrv. Hins vegar var á það bent af ýmsum ræðumönnum í gær, að eldhúsumr. beindust að litlu leyti að fjárl., heldur yrðu þar önnur mál ofar á baugi. Sú gagnrýni, sem fram kom í gær á hendur núv. landsstj., beindist og að mjög litlu leyti að fjárlagaafgreiðslunni, enda þótt nokkuð væri að henni vikið. Ég mun neyddur til að nota ræðutíma minn að miklu leyti til þess að drepa á ýmis atriði, er fram komu í ræðu hv. þm. Str. (HermJ) og beindust að öðrum málefnum en fjárl.

Hv. þm. hóf mál sitt með sagnfræðilegum tilvitnunum. Hann gat þess, að stj., sem mynduð hefði verið 21. okt. s. l., væri í raun réttri ekki annað en arftaki þeirrar stj., sem setið hefði að völdum hér á landi mikinn hluta ársins 1942, eða eins og hann orðaði það, þeirrar óstjórnar, sem þá hefði farið með völd. Hann lýsti því með alldökkum litum, hverjar óhappabrautir sú stj. hefði troðið. Lét hann þess getið, að það hefði verið verk hennar að sleppa dýrtíðinni lausri, og ætti hún meðal annars með því sök á þeim örðugleikum, sem þjóðin væri nú komin í. Taldi hann, að stj. og stjórnarflokkarnir hefðu ekkert lært af þessari reynslu og mundi nú haldið áfram á sömu óhappabrautinni, sem þá hefði verið lagt út á.

Það væri nú vitanlega mál út af fyrir sig að ræða það, hver ógæfa landi og þjóð hefði stafað

af aðgerðum stj., er sat að völdum 1942. Það var bent á það í gær, að aðalstarf þeirrar stj. hefði verið að undirbúa stofnun lýðveldis á Íslandi og tryggja þegnunum stjórnarfarslegt jafnrétti. Lítur út fyrir, að hv. þm. Str. finnist ekki mikið til um, hvernig til hefur tekizt um lausn þessara tveggja mikilvægu mála. En þessa hlið málsins ætla ég að leiða algerlega hjá mér, enda á það minnzt af öðrum.

Þegar hv. þm. Str. fór vinsamlegast að benda ríkisstj. á að læra af reynslunni, þá hefði hann vissulega getað farið ofurlítið lengra aftur í tímann en til ársins 1942. Hv. þm. er eldri en tvævetur, og hann man því vafalaust líka lengra aftur í tímann. Hann man það væntanlega, að árið 1934 settist ný stj. á laggirnar á Íslandi, er ekki var skipuð neinum glæframönnum, eins og hv. þm. gaf í skyn um núv. stj., heldur valinkunnum mönnum, sem án efa vildu leysa þau vandamál, sem þeim voru falin, eftir beztu getu. Og forystumaður þessarar stj. og sá, sem mesta ábyrgðina bar á stjórnarathöfnum næstu árin, var einmitt hv. þm. Strandamanna.

Þegar þessi stj. tók við völdum, var nýafstaðin heimskreppa. Í flestum löndum hafði skapazt atvinnuleysi meira og tilfinnanlegra en ef til vill nokkru sinni áður, og höfðu viðskipti dregizt stórkostlega saman. En þegar hér var komið, var viðreisn byrjuð í flestum öðrum löndum, og þau voru að sleppa út úr þeim ógöngum, er heimskreppan hafði komið þeim í.

Ísland hafði eins og önnur lönd átt við ýmiss konar örðugleika að stríða vegna heimskreppunnar á árunum næstu á undan. Atvinnuskortur hafði gert vart við sig í landinu, lágt verð var á útflutningsvörum og sölutregða á ýmsum þeirra, og gjaldeyrisskortur hafði aukizt ár frá ári. Hér var því vissulega við alls konar erfiðleika að etja, sem útheimtu sterk átök, enda skorti þau ekki. Stj. reyndi eftir beztu getu að bæta úr þeim örðugleikum, sem að þjóðfélaginu steðjuðu. Úr atvinnuleysinu var reynt að bæta með fjárframlögum úr ríkissjóði og þá jafnframt krafizt fjárframlaga úr bæjar- og sveitarsjóðum. Atvinnuleysingjarnir voru sendir með skóflu og haka til þess að berja gaddinn og fengu sitt kaup fyrir. Úr erfiðleikum útflutningsins var reynt að bæta með því að láta ríkið hafa sem mest afskipti af atvinnurekstrinum og með því að svipta útflytjendur íslenzkra afurða öllum rétti yfir erlendum gjaldeyri. Óhagstæðum verzlunarjöfnuði var reynt að bæta úr með því að banna innflutning á bókstaflega öllu öðru en brýnustu lífsnauðsynjum, þ. á m., eins og bent var á í gær, að hindra innflutning á skipum.

En þrátt fyrir öll þessi sterku átök stj. í vandamálum þjóðfélagsins vildi lækningin ekki koma. Atvinna dróst stöðugt saman, og gjaldeyrisástandið versnaði ár frá ári. Endaði það með nokkurs konar ríkisgjaldþroti árið 1938, þegar ríkið varð að lýsa yfir því, að það gæti ekki lengur staðið við skuldbindingar sínar. Þá gafst stj. upp við að leysa þetta verkefni og leitaði á náðir annarra, og þá fyrst voru gerðar ráðstafanir, sem miðuðu að því, að atvinnurekstur landsmanna gæti borið sig og útflutningurinn á þann hátt örvazt. Allan þann tíma voru atvinnuvegir landsmanna bæði til lands og sjávar reknir með halla, og allan þann tíma komu kröfur um lækkað kaup og lækkaðan tilkostnað, en þeim kröfum fékkst aldrei fullnægt, m. a. vegna þess, að verkamenn, sem gátu ekki fengið vinnu meira en 2—3 daga í viku, treystust ekki til að lækka dagkaup sitt.

Ég er nú ekki viss um, að það sé rétt hjá þm. Str., að núv. stj. hafi ekkert lært af reynslunni. Ég held einmitt, að hún hafi gert það, og það eru vítin frá árunum 1934—1939, sem stj. ætlar að reyna að varast. Hún ætlar að reyna að forðast að senda verkamennina hér út í holtin með skóflu og haka, heldur ætlar hún að reyna að senda þá til arðbærrar framleiðslu með fullkomnum atvinnutækjum. Hún ætlar ekki að banna innflutning skipa, véla og annarra nauðsynlegra áhalda. Til þess að koma í veg fyrir gjaldeyrisskort ætlar hún þvert á móti að reyna að fá þessi tæki flutt inn til þess að auka framleiðslu landsmanna og afla þeim á þann hátt nægilegs gjaldeyris, til þess að þeir geti lifað menningarlífi í landi sínu. Hún ætlar ekki að halda uppi atvinnu í landinu með því að níðast á atvinnurekendunum, heldur ætlar hún að styðja þá og heita þeim fulltingi til sérhverra góðra mála.

Hvort stj. tekst þetta, getur hvorki þm. Str. né ég sagt neitt um, en velferð þjóðarinnar er undir því komin, hvort þessu takmarki verði náð, og núv. stj. má vissulega vera þakklát þm. Str. fyrir að hafa sýnt henni vítin, sem ber að varast.

Ég get ekki komizt hjá því að drepa nokkuð á dýrtíðarsöng þm. Str., enda þótt á hann væri nokkuð minnzt af öðrum ræðumönnum í gær og sýnt fram á, að hann fór með algerlega rangt mál, þegar hann sakaði stj. frá 1942 um að hafa gefið dýrtíðinni lausan tauminn. En allur þessi dýrtíðargrátur og allar þessar ásakanir til einstakra manna eða einstakra flokka um, að þeir eigi sökina á dýrtíðinni, er ekkert annað en orðagjálfur, sem hver tekur upp eftir öðrum án þess að hafa gert sér nokkra grein fyrir höfuðatriðum málsins.

Það er að vísu alveg rétt, að dýrtíðin hefur sínar dökku hliðar, og hún á án efa eftir að skapa þjóð vorri ýmiss konar örðugleika, sem vandi verður fram úr að ráða. Þeir örðugleikar eru að mjög litlu leyti komnir fram, en þeir koma án nokkurs efa, jafnskjótt og verðlækkun kemur á útflutningsvörur landsmanna.

En hinu má ekki heldur gleyma, að dýrtíðin hefur haft sínar björtu hliðar. Dýrtíðin hefur sem sé verið notuð beinlínis sem miðill til þess að dreifa stríðsgróðanum meðal landsmanna, og hefur hún á þann hátt orðið áhrifamikil til þess að jafna á milli tekna þjóðfélagsstéttanna.

Heldur t. d. þm. Str., að búið væri að borga upp kreppulánin, ef kjötverðið hefði aldrei farið upp úr kr. 1.40 og mjólkin aldrei upp úr kr. 0.50? Eða heldur hann, að sparisjóðsinnstæða sumra sparisjóðanna hefði næstum því tífaldazt á 4 árum, ef sama verðlag hefði verið á landbúnaðarafurðum og var árið 1939? Eða heldur hann, að verkamenn í kaupstöðum og sjávarplássum hefðu bætt kjör sín, svo sem raun er á, ef þeir hefðu aldrei fengið hærra kaup en kr. 1.45 um klst.? Svo mætti lengi telja.

Þm. Str., sem hefur talið sig sérstakan fulltrúa hinna vinnandi stétta, hlýtur að fagna því, að þessi breyt. hefur á orðið, og hann verður því að þessu

leyti að láta dýrtíðina njóta sannmælis. En einmitt af þessum sömu ástæðum eru það líka alger rangmæli, þegar verið er að saka einstöku menn eða félög um vöxt eða viðhald dýrtíðarinnar.

Dýrtíðin hefur fengið að vaxa og fengið að haldast, af því að stærstu stéttir þjóðfélagsins hafa viljað halda henni. Verkamenn hafa viljað það, bændur hafa viljað það, og verzlunarstéttin hefur yfirleitt viljað það, og þegar þessa er gætt, þarf engan að undra, þótt lítið hafi orðið úr framkvæmdum um stöðvun dýrtíðarinnar.

Ég skal þá næst víkja nokkuð að því, sem hv. þm. Str. sagði um afgreiðslu fjárlfrv. og fjármál landsins að öðru leyti. Get ég vel tekið undir ýmislegt af því, sem hann sagði um þessi efni. Það er t. d. alveg rétt hjá honum, að meðferð fjármálanna er aldrei vandameiri en þegar dýrtíð og verðbólga steðja að, og það er einnig rétt, að fjárhagur ríkissjóðs er að komast í öngþveiti. Rekstrargjöld ríkisins hafa á síðustu árum vaxið mjög ört og í allt öðrum hlutföllum en dýrtíðarvísitalan. Þetta er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt.

Ég hef gert samanburð á fjárl. ársins 1940 og fjárlfrv. fyrir 1945, eins og vænta má, að það verði, ef brtt. hv. fjvn. verða samþ. Kemur í ljós við þann samanburð, að allir útgjaldaliðirnir, sem nokkru máli skipta, hafa minnst þrefaldazt, margir hafa fimmfaldazt og nokkrir tífaldazt. En það er að sjálfsögðu fjarstæða að saka núv. ríkisstj. um þá hækkun, sem orðið hefur á útgjöldum ríkisins á umliðnum árum. Þarf engin rök fyrir því að færa. Ég tel í raun réttri ekki heldur réttmætt að ásaka fyrrv. stj. um það, sem aflaga hefur farið í þessum efnum. Það er engum efa undirorpið, að hún lét sér annt um að halda fjárhag ríkisins í góðu horfi. En hún fékk bara við ekkert ráðið. Meinsemdin lá í stjórnarfarinu, sem ríkti hér á þessum árum. Gersamlegur skortur á samvinnu milli þings og stj. hlaut að leiða til ófarnaðar í þessum efnum. Afgreiðsla fjárl. mátti heita undir hendingu komin og þá ekki von, að vel færi.

Afgreiðsla fjárl. hefur sætt nokkurri gagnrýni, bæði að því er snertir hækkun á tekjuáætlun og hækkun útgjalda. Um tekjuáætlun er það að segja, að ríkisstj. hefur staðið að nokkurri hækkun á henni. Hefur þar einkum þótt orka tvímælis um hækkun á áætluðum tekjuafgangi áfengisverzlunar. Að því er ætla má, verður hagnaður áfengisverzlunar á þessu ári um 27 millj. kr. Á næsta ári er hagnaður áætlaður 20 millj. eða tæpl. 25% lægri en á yfirstandandi ári. Mér er það fullljóst, að fyrir fram er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvers vænta megi í þessum efnum. En sýnilegt er, að áfengisnotkun mætti minnka til mikilla muna, til þess að áætlunin fengi eigi staðizt. Aðrir tekjuliðir hafa ekki svo að ég viti til sætt verulegri gagnrýni.

Þá hefur stj. verið sökuð um að hafa staðið að útgjaldahækkun á fjárlfrv. Vitanlega er það alveg rétt, að margar hækkunartill. eru fram bornar, ýmist að ósk stj. eða með samþykki hennar. Sumar af þessum hækkunum eru á áætlunarliðum, svo sem vantalin verðlagsuppbót, hækkun á landhelgisgæzlu o. fl. Hér er um hreinar lagfæringar að ræða, og geta þær með engu móti talizt stj. til ávirðinga. Aðrar hækkanir, sem stj. stendur að, eru framlög til skóla og sjúkrahúsa. Að miklu leyti er þar um að ræða framlög til bygginga, sem þegar er byrjað á og verður því að fullgera, ef eigi á að sóa fjármunum í stórum stíl. Ég hygg, að erfitt muni að benda á hækkanir, sem stj. hafi staðið að, aðrar en þær, sem óhjákvæmilegar mega teljast. Hitt er annað mál, að stj. hefði getað beitt sér fyrir meiri niðurskurði. Fjárveiting til vega hefur verið látin afskiptalaus af mér, en það skal játað, að eins og þeim málum horfir við, er vafamál, hvort réttmætt er að leggja svo mikið fé fram til vegagerðar sem nú er gert ráð fyrir í till. fjvn. Segi ég þetta ekki af því, að mér sé ekki ljós þörfin fyrir bættar samgöngur, heldur af því, að ekki er víst, að nóg verði til af nauðsynlegum tækjum til að koma vegavinnuframkvæmdum í sæmilegt horf. Það getur beinlínis orðið til að tefja vegagerðina að leggja til hennar mikið fé, meðan tækin vantar. Þetta verður allt að athuga nánar fyrir 3. umr. og þá um leið að taka til athugunar, hvort stj. ætti að fá heimild til að draga úr eyðslu, eins og stundum hefur verið gert áður, ef tekjurnar bregðast eða aðrar ástæður réttlæta það.

Hv. þm. Str. gerði mikið úr, hvað tekjuhallinn væri mikill. Hann sagði 40 millj. Það er ekki rétt. Eins og fjvn. gengur frá frv. eru tekjurnar 99 millj., rekstrarútgjöld 96.6 millj., útborganir 106.5 millj., en innborganir 100.9 millj. Hitt er rétt, að það er eftir að bæta ýmsum liðum inn á fjárl., sem ekki er hægt að komast hjá.

Það var ekki laust við, að það hlakkaði dálítið í hv. þm., þegar hann minntist á skattalöggjöfina. Það lái ég honum í sjálfu sér ekki. Ég hef meira en margir aðrir og kannske meira en flestir aðrir gagnrýnt þá stefnu, sem ríkt hefur hér á landi í skattamálunum, og það er því í sjálfu sér ekki undarlegt, þótt pólitískur andstæðingur unni mér þess nú að glíma við verkefnið sjálfur og skemmti sér við að bera saman orð og efndir. Það er vitanlega ekkert gleðiefni fyrir mig að láta það verða nokkurn veginn mitt fyrsta verk sem fjmrh. að bera fram till. um hækkaða skatta.

Hv. þm. spurði mig, hvernig ég ætlaði að afla nauðsynlegra tekna. Hann mun fá svar við því, áður en langt um líður, en nú þegar get ég sagt honum, að ég ætla ekki að hafa þá aðferð, sem hann hefur haft í skattatill. sínum. Ég ætla ekki að koma með brugðinn brand að skattgreiðendum og segja við þá: Nú skal ykkur refsað fyrir það, að þið hafið ekki eytt öllu, sem þið hafið aflað, — en það hefur hv. þm. gert og það þótt ekki væri hægt að benda á neina brýna þörf ríkissjóðs fyrir tekjur.

Hins vegar er ég ekki mjög hræddur við að koma til skattgreiðendanna og segja við þá: Viljið þið láta af hendi bróðurpart af tekjum ykkar eitt ár eða kannske tvö, vegna þess að verið er að gera tilraun til þess að efla atvinnulíf í landinu, vegna þess að verið er að reyna að fá fleiri breið bök, sem skattarnir í framtíðinni verði lagðir á?

Ég get sagt hv. þm. það, að ég er ekki mjög hræddur um, að allur þorri skattgreiðenda skilji ekki þessa aðstöðu. Þeir vita það, að eins og málum er komið, er ekki unnt að komast hjá þungum skattaálögum. Þeir vita það, að skattal. eru ekki borin fram af illvilja til athafnamanna, heldur til þess að gera þeim kleift að halda í framtíðinni uppi heilbrigðu atvinnulífi, og hv. þm. má vita það, að mönnum er ljúfara að láta fjármuni sína

af höndum, þegar þeim er varið í alþjóðarþarfir, heldur en þegar þeir ganga til bitlinga og í ýmiss konar vafasöm fyrirtæki. Þótt mér sé ekki ljúft að þurfa að bera fram till. um nýjar skattaálögur, þá er ég ekki alveg viss um, að hv. þm. hafi þá gleði af þeim málum, sem hann gerir sér vonir um.

Ég hef nú drepið á flest þau mál, sem voru höfuðuppistaðan í ræðu hv. þm. Str. í gær. Hann vék að vísu aðeins að atvinnumálum landsins, og brá nú svo undarlega við, að hann virtist aðallega bera hagsmuni sjómanna fyrir brjósti. Óttaðist hann mjög, að þeir yrðu fyrir borð bornir. Að þessum áhyggjum þm. hefur verið vikið af öðrum ræðumönnum, og skal ég því leiða þær hjá mér.

En til þess að landbúnaðurinn fengi þó sitt, nefndi þm. eitt mál, er segja má, að varði hann sérstaklega. Var það hin fyrirhugaða áburðarverksmiðja. Taldi þm. það mál óvenjulega vel undirbúið, hefði meira að segja verið athugað af erl. sérfræðingi og mundi vera hið mesta hagsmunamál fyrir sveitir og sjávarþorp. — Ég verð nú að segja eins og er, að ég gruna hv. þm. um, að hann hafi aldrei séð þau gögn, sem fylgja þessu verksmiðjumáli.

Ég hef gert mér talsvert far um að kynna mér þetta mál, en verð að játa, að ég er nokkurn veginn jafnnær eftir þá athugun. Ég hef séð, að ætlazt er til, að framleitt verði í þessari verksmiðju sprengiefni, sem talið er, að nota megi sem áburð. Hér á landi hefur þessi áburður aldrei verið reyndur og að því er mér er sagt, hvergi á Norðurlöndum. Að því er virðist, eru talsverð vandkvæði á geymslu hans, og ef eitthvað ber út af um hana, þá hleypur áburðurinn í hellu og verður gersamlega ónothæfur. Um kostnaðarhliðina er það að segja, að ráð virðist vera gert fyrir því, að svo framarlega sem ríkið leggur fram allan stofnkostnað óendurkræfan, muni unnt að selja áburðinn líku verði og útlendan áburð með því verði, sem nú er á honum. Að þessu öllu athuguðu má hver lá stj. það, sem vill, þótt hún vilji láta athuga þetta mál eitthvað nánar, áður en farið er að gera ráðstafanir til að reisa verksmiðjuna. En annað eða meira hefur eigi verið farið fram á. Það skyldi aldrei vera, að hv. þm. Str. sé meira áhugamál um sprengiefnið en áburðinn.

Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um, að mörg verkefnin, sem fram undan liggja, skipta meira máli fyrir ísl. landbúnað en þessi margumtalaða áburðarverksmiðja. Og höfuðvandamálið þar er, á hvern hátt landbúnaðurinn getur tekið tæknina í þjónustu sína. Mér er það alveg ljóst, að landbúnaðurinn, eins og hann er nú víðast rekinn, þolir ekki það kaupgjald, sem nú er í landinu. En hann verður að vera samkeppnisfær í þeim efnum.

Ég ætla hér engan dóm á það að leggja, hvort byggðina eigi að færa saman. Um hitt hef ég aldrei efazt, að landbúnaðurinn verður að blómgast og þróast, ef vel á að vegna. Að mínu viti hefur hið nýstofnaða nýbyggingarráð vandasamt hlutverk að vinna á þessu sviði, og er mikið undir því komið, að vel takist til.

Út af orðum, sem féllu hér í gærkvöld, vildi ég að lokum segja þetta: Ég hygg það á fullkomnum misskilningi byggt, að sveitirnar yfirleitt hafi tekið fjandsamlega þeirri tilraun til nýsköpunar, sem stj. hefur lofað að beita sér fyrir. Þess er fyrst að gæta, að ýmsir ágætir fulltrúar sveitakjördæma standa af heilum huga að stjórnarsamvinnunni. En auk þess þykist ég hafa orðið þess var af samtölum við menn og bréfum, sem ég hef fengið, að mjög margir bændur fagna þessari tilraun og vilja veita henni fullan stuðning. Er það vissulega meira vert en svo, að rétt væri aðýta þeim stuðningi frá sér.

Þá kom mér það og undarlega fyrir, þegar ég heyrði þá ágætu flokksbræður mína hér á þingi, sem eigi hafa lofað stj. stuðningi, talda til andstæðinga hennar. Þeir hafa að vísu lýst yfir því, að þeir hefðu eigi trú á þeirri tilraun, sem hér hefur verið gerð til stjórnarsamvinnu. En það er sitthvað eða vera í stjórnarandstöðu. Og mikils málefnaágreinings hef ég eigi orðið var. Ég tel því, að réttast væri að bíða með að draga þá í nokkurn dilk og sjá, hverju fram vindur.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti, háttvirtu hlustendur. — Það hlýðir að gera nokkra grein fyrir, hver þau þjóðfélagsöfl eru, sem því ollu, að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð. Ef til vill finnst einhverjum orðið þjóðfélagsöfl vera framandi á vettvangi íslenzkra stjórnmála. Þjóðin er vön að heyra talað um flokka. þegar rök stjórnmálanna eru rakin, og töm er sú skoðun, að flokkar standi og falli með einstaklingum, — einum eða sárfáum leiðtogum, — fjöldans sé að elta þá í blindni. En margt hefur verið missagt í stjórnmálafræði þeirri, sem að þjóðinni hefur verið haldið hin síðari ár, en þjóð Ara telur sér ætíð skylt að hafa það, er sannara reynist, og í trausti þess mun ég nú ræða bert um þau þjóðfélagsöfl, sem eru undirstaða atvinnulífsins, framfaranna, lífsafkomunnar, menningarinnar og sjálfstæðisins. — Þessi öfl eru: vinnuafl og fjármagn.

Til þess að gera út bát til fiskveiða þarf fjármagn, peninga til að kaupa bátinn, veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur. En ekki er það einhlítt. Vinnuaflið þarf að koma til sögu, áður en haldið er til fiskimiða og sjávaraflinn er orðinn að söluvöru. Hér er aðeins nefnt eitt dæmi, en sérhvert starf, sem innt er af hendi í þjóðfélaginu, krefst samstarfs vinnuafls annars vegar og fjármagns hins vegar. Hvorugt getur án hins verið.

Árangurinn af samstarfi vinnuafls og fjármagns er sköpun arðs, sköpun þeirra verðmæta, er þjóðirnar lifa af.

Í sérhverju auðvaldsþjóðfélagi er þessum verðmætum, — arðinum, — skipt milli tveggja aðila. Vinnuaflið fær nokkurn hluta, það eru laun hinna vinnandi stétta. Fjármagnið fær hinn hlutann, það eru laun og gróði þeirra atvinnurekenda, sem kaupa annarra vinnu.

Um þessa skiptingu eru háð hörð átök í sérhverju frjálsu auðvaldsþjóðfélagi. Þessi átök heita stéttabarátta, og það er hún, sem er hinn eini raunhæfi grundvöllur flokkaskiptingar og stjórnmálabaráttu. Ríkisvaldið er undir öllum kringumstæðum aðili að þessari baráttu. Það leggur sín lóð á metaskálarnar með vinnuaflinu eða með fjármagninu og þó raunar ætíð með fjármagninu, þegar öllu er á botninn hvolft, því að auðvaldsþjóðfélagið er byggt upp sem varnarkerfi fyrir handhafa fjármagnsins, — kapítalistana.

Ég veit, að þetta hljómar framandi í eyrum

margra, því að fleiri en einn stjórnmálaflokkur — og þá fyrst og fremst svo kallaður Framsfl. — hafa gert það að sínu meginverki að dylja þjóðina þess sannleika, að stéttabaráttan sé hinn raunhæfi grundvöllur stjórnmálabaráttunnar, og einmitt þessi flokkur og þá fyrst og fremst skapari hans og fyrrv. formaður, Jónas Jónsson, hefur talið það sitt meginverkefni að eyða flokki okkar sósíalista, sem afdráttarlaust telur sig flokk stéttabaráttunnar og hiklaust lýsir yfir því stefnumiði, að vinnuaflið fái fjármagnið í þjónustu sína, að hið vinnandi fólk eigi sjálft þau tæki og það fjármagn, sem það þarf til arðmyndunarinnar, það er, að skipulag auðvaldsins verði afnumið og hið stéttlausa skipulag sósíalismans sett þess í stað.

Allir vita, hver orðinn er árangur þessa gereyðingarhernaðar Framsfl. undir forystu Jónasar gegn sósíalistum og staðreyndum stéttabaráttunnar. Það, sem eyðzt hefur í þeim hernaði, er hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson. Það, sem vaxið hefur, er skilningur þjóðarinnar á sannindum sósíalismans og gildi stéttabaráttunnar, og nú er svo málum komið, að þessi eitt sinn alvaldi Jónas reikar um þingsalina sem vofa liðins tíma, og hinn eitt sinn alvaldi Framsfl. skipar nú sjálfur undir duglausri og tvístígandi stjórn brjóstbarna Jónasar, Hermanns og Eysteins, þann utangarðssess, sem hann ætlaði öðrum. — En þetta var útúrdúr, en hann sýnir ef til vill, að rétt hafi verið svarað þeim höggum, sem flokkur hrunsins og afturhaldsins, Framsfl., hefur greitt verkalýðsstéttinni og flokki hennar.

En áður en lengra er haldið þessum hugleiðingum, er rétt að gera grein fyrir, hverjir það eru af þegnum þjóðfélagsins, sem hafa aðstöðu vinnuaflsins í þjóðfélaginu. Það eru verkamenn og sjómenn allir. Það er skrifstofufólk, kennarar og aðrir menntamenn. Það eru framleiðendur við sjó og í sveit, sem reka atvinnu sína að mestu eða öllu með vinnuafli eigin fjölskyldu. — Hins vegar eru þeir, sem hafa afstöðu fjármagnsins. Það eru þeir, sem lifa á að kaupa annarra manna vinnu. Stéttarþjóðfélagi er þannig skipt í hina fjölmennu stétt vinnuaflsins og hina fámennu stétt fjármagnsins. Þess vegna er forsvarsmönnum yfirstéttarinnar svo brýnt að telja þjóðinni trú um, að hún eigi að berjast í mörgum, ólíkum flokkum, trú á marga mismunandi foringja, því að ef stétt vinnuaflsins aðeins vissi, hvað hún er fjölmenn og hvað það er sjálfsagt, að hún komi fram sem einn maður á vettvangi stjórnmálanna, þótt einn rói á sjó, annar erji land, þriðji byggi hús, fjórði skrifi bækur o. s. frv., þá væri engin stéttaskipting og ekkert auðvaldsþjóðfélag til.

Ef við nú lítum yfir þau fimm ár, sem hin ægilega heimsstyrjöld hefur verið háð, og reynum að gera okkur grein fyrir, hver afstaða íslenzka ríkisvaldsins hefur verið til stéttabaráttunnar, má glögglega greina tvenn þáttaskil, hin fyrri árið 1942 og hin síðari á þessu hausti, er núv. ríkisstj. hófst til valda. Hin pólitísku einkenni áranna 1939 til 1942 eru: gengislög — gerðardómslög. Með fyrri l. voru laun verkalýðsins lækkuð stórlega á einni nóttu, með hinum síðari var verkalýðurinn sviptur samningsrétti og tekinn af honum rétturinn til kauphækkana og kjarabóta. Ríkisvaldið var í hendi fjármagnsins, því var skefjalaust beitt gegn stétt vinnuaflsins. Það var þetta tímabil, sem hv. þm. Str. (HermJ) var að lofa í gærkvöld. Það er slík beiting eða öllu heldur misbeiting ríkisvaldsins, sem hann vill fá aftur og hefur ætíð síðan 1942 sett sem skilyrði fyrir þátttöku Framsfl. í ríkisstj.

En á þessu tímabili óx verkalýðshreyfingunni ásmegin, samtök vinnuaflsins efldust að samheldni og þroska. Tímarnir voru verkalýðnum hagstæðir að því leyti, að eftirspurn eftir vinnuafli var meiri en framboð, og árið 1942 féllu gerðardómsl. fyrir mætti verkalýðshreyfingarinnar. Ég legg áherzlu á, að það var verkalýðshreyfingin sjálf, sem braut gerðardómsl. á bak aftur.

Á meðan þessu fór fram, efldi alþýða manna þann stjórnmálaflokk, Sósfl., sem ætíð viðurkennir afdráttarlaust, að hann sé flokkur stéttabaráttunnar, og svo fóru leikar, að flokkurinn, sem átti að þurrka út úr íslenzku stjórnmálalífi, varð raunverulega eini flokkurinn, sem efldist að fylgi, meira að segja margfaldaðist við kosningarnar 1942, og um haustið átti hann tíu þingmenn af fimmtíu og tveimur.

Þá gerðist það til tíðinda eða öllu heldur ótíðinda, að Alþ. gat ekki myndað stj. með eðlilegum hætti.

Hvað olli þessu?

Skýringin er ofur einföld. Framsfl. gat ekki hugsað sér að taka þátt í neinni stj., sem ekki tæki upp þráðinn frá 1939 til 1942. Hann vildi einhliða stj. fjármagnsins gegn vinnuaflinu. Hann er sama sinnis enn, sbr. ræðu Hermanns Jónassonar í gær. Sjálfstfl. hafði þá þegar lært það af reynslunni, að verkalýðssamtökin voru svo sterk, að vonlaust var að reyna að beita ríkisvaldinu einhliða gegn þeim. Hann var hins vegar þá ekki farinn að hugsa þá hugsun að stjórna landinu á grundvelli samkomulags vinnuafls og fjármagns, en aðeins þessir tveir möguleikar voru fyrir hendi, einhliða stjórn fjármagnsins eða samkomulag þessara tveggja afla. Það hlaut því að skapast millibilsástand í íslenzku stjórnarfari, millibilsástand, sem raunverulega átti rætur sínar að rekja til þess, að styrkur verkalýðshreyfingarinnar var meiri utan þings en innan. Með styrkleika sínum utan þings gat hún hindrað, að stj. væri mynduð gegn henni, en hana skorti styrkleika á þingi til að geta ráðið stjórnarfarinu.

Það kom brátt í ljós, að þetta millibilsástand var lítt þolandi og raunar þjóðhættulegt. Þessi staðreynd leiddi til síendurtekinna og margumræddra tilrauna til myndunar þingstjórnar. Niðurstaðan af öllum þessum tilraunum var í stuttu máli þessi. Annaðhvort verður mynduð stj. samkv. óskum og kröfum Framsóknar, stj., sem tekur upp þráðinn frá 1939 til 1942, eða að nást verður samkomulag milli fulltrúa vinnuafls og fjármagns á þeim grundvelli, að báðir aðilar fái nokkuð, en hvorugur allt. Með myndun núv. ríkisstj. var síðari kosturinn tekinn. Fulltrúar vinnuaflsins og fjármagnsins sömdu vopnahlé, og í því sambandi má ekki gleymast, að það voru ekki aðeins stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn, sem sömdu, það voru meira að segja ekki fyrst og fremst þeir, — nei, það voru Alþýðusamband Íslands sem fulltrúi vinnuaflsins og Vinnuveitendafélag Íslands sem fulltrúi fjármagnsins, sem raunverulega sömdu vopnahléð, enda hefði það verið barnaskapur, sem ekki er samboðinn nútímastjórnmálamönnum, að

reyna að stjórna þjóðfélaginu án samkomulags þessara aðila.

Meðal annars af þessum ástæðum er myndun núv. ríkisstj. einn merkasti viðburðurinn í íslenzkri stjórnmálasögu, því að það er í fyrsta skipti, sem stj. er mynduð á Íslandi á grundvelli hreinnar stéttaskiptingar, það er í fyrsta skipti, sem þjóðfélagsstéttirnar tvær eru viðurkenndar sem aðilar að stjórnarmyndun, og þar sem þessar stéttir eru þjóðin öll, ætti með samningi þessum að vera fengin trygging fyrir þjóðareiningu. Og vonandi næst sú þjóðareining, þó að þeir föðurbanar Jónassynir, sem kalla sig framsóknarmenn, reyni að villa um þjóðina og telja einni atvinnustétt, bændum, trú um, að þeir séu ekki þátttakendur í stéttabaráttunni, baráttunni milli fjármagns og vinnuafls, og þeir geti verið utan við það samkomulag, sem fulltrúar þessara þjóðfélagsafla hafa gert.

En hvað er það þá, sem samtök verkamanna og vinnuveitenda telja svo nauðsynlegt að sameinast um, að réttmætt sé að semja vopnahlé? Það er stefna núv. hæstv. ríkisstj. Í þeirri stefnu felast þrjú meginatriði:

1) að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins út á við;
2) að tryggja þjóðinni þann sess, sem henni ber, í því viðskiptakerfi, sem búizt er við, að þjóðir Evrópu og ef til vill heimurinn allur komi á eftir stríðið;
3) að nota þá miklu fjármuni, sem þjóðin á nú, til þess að koma atvinnuvegunum í nútímahorf með það fyrir augum, að allir Íslendingar, sem vinnufærir eru, geti unnið sem arðbærust störf og hinir, sem geta ekki unnið, hlotið sómasamlegan lífeyri úr almannasjóði.

Ég þarf ekki að lýsa því, — það er alþjóð svo kunnugt, — að lífsafkoma þjóðarinnar og þar með menning hennar og sjálfstæði er undir því komið, að þetta þrennt takist, og hver sá Íslendingur, sem vill ekki, að það takist og vill ekki leggja sig fram til að það takist, á ekki skilið að heita Íslendingur. — Það eru erfiðleikar á vegi allra þessara framkvæmda. Reyni þjóðin sameinuð að hrinda þeim úr vegi, verður hún ekki sökuð, þótt verr takist en vera ætti, en gangi hún ósamtaka og sundruð að verki, er hún ámælisverð. Það er af þessum sökum, að samtök vinnuafls og fjármagns hafa samið vopnahlé. Það er af þessum sökum, að fulltrúar þessara afla á vettvangi stjórnmálanna hafa ákveðið að láta deilur niður falla um sinn um skiptingu arðsins og annað það, sem á milli ber.

Ýmsir spyrja, hvort slík stjórnarsamvinna geti verið af heilum hug gerð.

Ég efa ekki, að allir þeir, sem beittu sér fyrir myndun þessarar ríkisstj., hafi gert það af fullum heilindum. Engum duldist og enginn gerði tilraun til að dylja, að það voru andstæðingar, sem voru að semja. Enginn gerði tilraun til að dylja, að hver flokkur um sig, sem stendur að stj., hyggst að auka áhrif sín með þjóðinni, meðan stjórnarsamvinnan stendur, en ekki á kostnað þess samkomulags, sem gert hefur verið. Engum þessara aðila dylst og enginn þeirra reynir að dylja, að fyrr eða síðar kemur að því, að stéttabaráttan hefst á ný og ríkisvaldið sveigist annaðhvort til þjónustu við vinnuaflið eða fjármagnið. Í þessu felast engin óheilindi, heldur ærlegt samstarf andstæðinga um framkvæmd ákveðinna málefna. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir þeim þjóðfélagsöflum, sem stjórnarsamstarfið hvílir á, og skal nú víkja nokkrum orðum að háttvirtum andstæðingum og ræðu hv. þm. Str. (HermJ).

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að á Alþýðusambandsþingi voru háðar deilur. Það er hins vegar rangt, að með sósíalistum og sjálfstæðismönnum hafi verið samstarf á því þingi, en hitt er fullvíst, að Framsfl. undir forystu Hermanns Jónassonar gerði allt, sem í hans valdi stóð, til að auka illdeilur á þingi alþýðunnar. Það starf var rækilega undirbúið við kosningar til þingsins í öllum sveitum og kauptúnum landsins. Hæstv. samgmrh. (EmJ) gerði þessar deilur að umræðuefni. Kvaðst hann harma þær og að Alþfl. hefði boðið og viljað samkomulag. Ég efa ekki, að hæstv. ráðh. hafi viljað samkomulag, en hitt var víst, að sósíalistar vildu og buðu samkomulag, og skal ég svo ekki ræða nánar, hvað valdið hafi því, að samkomulag náðist ekki, en leggja áherzlu á, að við sósíalistar viljum vinna að því með hæstv. samgmrh., að þessi deila dragi engan þann dilk á eftir sér, sem torvelda þurfi stjórnarsamvinnuna, og mun hvorugur hirða, þótt Hermanni Jónassyni verði með því valdið nokkrum vonbrigðum.

Ég þarf ekki að eyða tíma mínum í að hrekja fjarstæður og firrur hv. þm. Str. Það hafa aðrir stuðningsmenn stj. gert, en ég ætla að fara nokkrum orðum um, hvernig flokkur hans, Framsfl., skilar landbúnaðinum, eftir að hann hefur stjórnað landinu og þá fyrst og fremst landbúnaðinum samfellt í nær sautján ár.

Á síðustu árum, mestu veltuárum, sem yfir Ísland hafa komið, hefur einn atvinnuvegur Íslendinga ekki borið sig. Það er landbúnaðurinn. Á þessum árum hafa verið greiddar í alls konar styrki og uppbætur til þessa atvinnuvegar um eða yfir 100 millj. kr. úr þeim ríkissjóði, sem Hermann fárast nú um, að sé tómur. Meginhlutverk sitt, að framleiða matvöru fyrir þjóðina, hefur hann rækt með þeim hætti, að skortur hefur verið á öllum landbúnaðarafurðum við sjávarsíðuna. Jafnvel kjöt hefur skort, þó að þjóðin hafi orðið að borga gífurlegar upphæðir fyrir að koma þessari vöru úr landi eða í hraungjótur. Mjólkurskortur er algengur í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Garðávexti skortir oft og víða. Egg eru nær ófáanleg, smjör fyrirfinnst ekki nema á svörtum markaði. Osta skortir stundum, og skyr er nær ófáanlegt. Þó strita bændur myrkranna á milli og vinna vel, en eru þó tvöfalt eða þrefalt fleiri við framleiðslustörfin en vera þyrfti til að framleiða allar þær landbúnaðarafurðir, sem þjóðin þarf, ef unnið væri með nútímatækni.

Það er ekki að furða, þótt menn, sem stjórnað hafa landbúnaðinum í því nær sautján ár með þessum árangri, sjái ekkert nema hrun og vandræði, hvert sem þeir líta, og það er ekki á móti vonum, þótt fleiri stjórnmálaleiðtoga Framsóknar biðu sömu örlög sem hv. þm. S.-Þ. (JJ), að verða vofur liðinna tíma á vettvangi stjórnmálanna.

Ég veit, að bændur munu spyrja: Hvað hafið þið sósíalistar þá til mála okkar að leggja? — Ég minni bændur þá á, að ein meginkenning okkar sósíalista varðandi stéttabaráttuna felst í þessum orðum Stephans G. Stephanssonar: Lýður, bíð ei

lausnarans, leys þig sjálfur. — Málefni bænda verða ekki leyst fyrir þá, og það á ekki að leysa þau fyrir þá. Þeir verða að gera það sjálfir. Þeir verða sjálfir að taka sér stöðu í stéttabaráttunni, með verkalýðssamtökunum eða með vinnuveitendum. Lífsskoðanir og þjóðfélagsafstaða mun ráða, hvorum megin hver einn lendir, en vissulega á meginþorri bænda stéttarlega samstöðu með verkalýðnum. Með samstarfi við þessa stétt og með fulltingi þeirra fulltrúa, sem verkamenn og bændur í sameiningu fela umboð sitt á vettvangi stjórnmálanna, verða þeir að leysa vandamál sín. Í því samkomulagi, sem gert var í sambandi við stjórnarmyndunina, um að láta uppbótafarganið haldast eitt ár enn og Sósfl. féllst á að þola vegna þess, hve mikilvæg voru önnur þau atriði, sem um var samið, felst ekki svo mikið sem vísir að lausn á málefnum bænda. Ekkert bætir það upp þessa fánýtu samninga, að fulltrúar þeirra féllust á að falla frá hækkun á landbúnaðarafurðum, sem þeim bar að lögum, gegn því að fá útflutningsuppbætur, sem þeim bar ekki að fá, enda óskaði Sósfl. ekki eftir þessum samningi.

Sannleikurinn um vandamál ykkar bændanna er ósköp einfaldur. Hann er sá, að það þarf að stórauka afköst hvers manns, sem að landbúnaðarstörfum vinnur, með því að fá honum vinnuvélar í hönd, og jafnframt þarf að beina vinnuafli í stórum stíl til sjávarútvegsins og iðnaðar, sem byggir á sjávarafla. En til þess að þið bændur getið fengið vélaaflið í þjónustu ykkar, verðið þið að færa byggðir ykkar saman. „Flytja saman, byggið bæi", myndið þéttbýli í stað strjálbýlis. Mennirnir, sem sífellt tala um hrun og kreppu, Hermann, Eysteinn og hvað þeir nú allir heita, þykjast ætla að færa ykkur rafmagn, vélar, síma og vegi heim á hvert heimili hinnar strjálu byggðar, þegar þeir séu búnir að lækka kaupið. Þetta er bláber blekking, ekkert annað en blekking. Með nútímatækni er ekki hægt að veita strjálbýlinu þau þægindi og þau afköst í framleiðslu, sem nútíminn krefst. Strjálbýlið er úrelt fyrirkomulag eins og Framsfl. og eins og tækin, sem notuð hafa verið til að leggja vegi um strjálbýlið, en það er nú upplýst, að það kostar 12 til 15 krónur að vinna sama verk með úreltum Framsóknar-Zoega-aðferðum, sem vinna má fyrir 2 krónur með nútímaaðferðum og þeim þó lélegum. Í náinni framtíð mun það koma í ljós, að sveitabyggðin færist saman og véltæknin verður tekin í þjónustu landbúnaðarins og framleiðslan verður skipulögð með þarfir þjóðarinnar fyrir augum. En þetta getur orðið með tvennu ólíku móti. Annaðhvort vinnið þið bændur verkið sjálfir með samstarfi við stéttarbræður ykkar við sjóinn. Þá mun þetta gerast sem eðlileg þróun, þannig að með sameiginlegu átaki þjóðarheildarinnar verður þéttbýlið reist og landið ræktað eftir fyrir fram gerðri áætlun, en jafnhliða horfið frá þeirri fávíslegu kröfu að útvega strjálbýli norðurstranda rafmagn með sama verði sem þéttbýlinu við Faxaflóa. Með þessu móti er framkvæmanlegt að breyta landbúnaðinum á nokkrum árum í nútímaatvinnuveg, án þess að til vandræða þurfi að koma fyrir þá, sem þennan atvinnuveg stunda. En fái stefna Framsfl. að ráða, verði stefnt til fulls fjandskapar við verkalýðinn, sífellt talað um hrun, öngþveiti og kreppu, eins og Framsóknarliðið gerir nú, mun það vissulega torvelda eðlilega þróun landbúnaðarins í þá átt, sem ég hef lýst. En það mun aðeins tefja hana. Þróunin verður ekki stöðvuð, en hún mun koma yfir bændurna sem hrun, upplausn og vandræði, alveg með sama hætti og varð í Ameríku, þegar tilsvarandi landbúnaðarþróun átti sér stað þar, og eins og hvarvetna verður, þar sem hún fer fram eftir óbundnum lögmálum auðvaldsskipulagsins. Bændanna sjálfra er að velja um leiðirnar. Enginn getur valið fyrir þá.

Höfðingjar Framsfl. hafa gert sér tíðrætt um, að þið bændur hafið fórnað, þegar gert var samkomulagið á búnaðarþinginu í haust. Allir vita, að engin fórn var þar færð, heldur gerðir samningar, sem fulltrúar ykkar töldu hagkvæma. En vel má vera, að rétt væri fyrir bændur að fórna stétt sinni og þjóð nokkru, og þá fæ ég ekki betur séð en flokkur hrunsins og afturhaldsins, flokkur dreifbýlisins og kauplækkunarinnar, Framsfl., væri tilvalin fórn. Með því að fórna honum vinnið þið bændur stétt ykkar og þjóð þarft verk.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti, góðir hlustendur. — Hv. 8. þm. Reykv. (SigfS) drap lítillega á deilurnar á Alþýðusambandsþinginu. Ég ætla ekki að draga þær inn í þessar umr., en vil segja, að á Alþýðusambandsþinginu var mjótt á milli. Þar sátu 104 fulltrúar, sem fylgdu stefnu verkalýðsflokkanna af einhug. Flokkur sá, sem hv. 8. þm. Reykv. fylgir, hefur nú tekizt þann vanda á hendur að stjórna Alþýðusambandi Íslands næsta kjörtímabil, næstu 2 ár, án samvinnu við þá, sem Alþfl. fylgja. Þetta er mikill vandi, og ég vona vegna samtakanna, að þessari stj. farist það vel úr hendi. En ég vil að gefnu tilefni vara við því, að þeir, sem fara nú einir flokka með stjórn Alþýðusambandsins, taki upp nokkurt það athæfi eða fremji nokkurt það verk, sem gæti veikt Alþýðusamband Íslands það tímabil, sem þeir einir fara með stjórn þess.

Það má segja, að þessar útvarpsumr. séu ójafn leikur, þar sem við eigast þrír flokkar á móti einum, en auk þess er ríkisstj. svo nýtekin við völdum, að ekki er unnt með nokkurri sanngirni að dæma hana af verkum hennar. Afstaða stjórnarandstæðinga verður því þegar af þeim ástæðum ákaflega veik, eins og landsmenn hljóta að hafa gert sér ljóst, sem hlustuðu á umr. í gærkvöld.

Hv. þm. Str. (HermJ), sem talaði fyrir Framsfl., fann mjög að því, að ríkisstj. hefði hækkað gjaldahlið fjárlfrv. án þess að ákveða tekjur á móti við þessa umr. Taldi hv. þm. þessa aðferð óvenjulega, en þó hefur hún verið viðhöfð áður. En þá stóðu flokksmenn þessa hv. þm. að henni, og þá taldi hann hana ekki aðfinnsluverða. Sýnir þetta, hve þessum hv. þm. er tamt að dæma um mál eftir því, hver hlut á að þeim.

Þá lét sá hv. þm. svo um mælt, að tekna megin á fjárlfrv. vantaði um 40 millj. kr. til þess að vega upp á móti væntanlegum útgjöldum. — Það hefur áður verið á það bent af öðrum ræðumönnum, að á fjárlfrv., eins og það kemur nú frá hv. fjvn., er enginn tekjuhalli. Hins vegar er það viðurkennt, að eftir er enn að áætla nokkra útgjaldaliði og tekjur á móti þeim. En stærstu útgjaldaliðirnir, sem enn eru ekki áætlaðir, eru gjöld vegna breyttra launal. og svo uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Síðari liðurinn er

talinn nema um 18 millj. kr. Það er furðulegt, að hv. þm. Str. skuli vaxa þetta svo mjög í augum, því að uppbótadraugurinn er hans eigið afkvæmi. Enginn hefur staðið fastar á því en hann, að tekjuafgangi ríkissjóðs væri ár eftir ár — og oftast utan fjárlaga — varið í milljónauppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Þá er ekki verið að spyrja um tekjuhalla. Þessi sóun á fé í uppbætur hefur beinlínis orðið til þess, að ríkissjóður hefur ekki verið þess umkominn að greiða upp allar skuldir sínar og eignast stóra sjóði að auki. Uppbótargreiðslur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema nú samtals kr. 29.314.911.00 og er þó eftir að greiða uppbót á ull og gærur fyrir árið 1944. Bændum voru greiddar kr. 4.660 þús. í verðuppbætur á framleiðslu ársins 1940 úr svo nefndum Bretasjóði, sem annars gat verið eign ríkisins. Ef ullar- og gæruuppbætur, sem eftir er að greiða, nema 5 millj. kr., verða útflutningsuppbætur af landbúnaðarafurðum samtals fram að áramótum um 39 millj. kr. Þá eru uppbætur á útflutning þessa árs áætlaðar um 18 millj. kr., og er hér því um að ræða 57 millj., sem fara til þessara ráðstafana. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum innan lands nema samtals kr. 21.279.763.00, þannig að alls verður uppbótasúpan um 78 millj. kr. Nú skuldar ríkissjóður um 36 millj. kr. Af þessu sjá menn, að ef ekki hefði verið fylgt tillögum hv. þm. Str. og þeirra framsóknarmanna, sem fastast stóðu fyrir uppbótagreiðslum til bænda á útfluttar landbúnaðarafurðir, mundi ríkissjóður hafa greitt að fullu skuldir sínar og eignazt þar að auki digra sjóði. Og hvað hefur svo orðið af þessu fé? Enginn ber bændum á brýn óhófseyðslu, en óneitanlega hefði fé þessu verið betur varið til stórkostlegra framfara í þágu alþjóðar við sjó og í sveit en í einkaeign.

Rætt hefur verið um það, að í fjárlfrv. því, er hér liggur fyrir, væru margir útgjaldaliðir, sem hækkaðir hefðu verið frá því, sem fyrrv. stj. hefði lagt til. Það er engin ástæða til að deila á fyrrv. stj., þar eð hún er eigi hér til andsvara, en á það má benda, að væntanleg útgjaldaaukning vegna launal. nýju, — líklega um 5 millj. kr., — er ekki annað en skuld, sem fyrrv. stj. hafði lofað að inna af hendi, en aldrei greitt.

Fyrrv. fjmrh., Björn Ólafsson, lét svo um mælt í ræðu, er hann flutti við 3. umr. fjárl. fyrir árið 1943 í sameinuðu Alþ. hinn 11. febr. það ár, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin mun hins vegar láta undirbúa launal. með það fyrir augum, að þau geti fengið afgreiðslu á næsta haustþingi, og mun hún, ef hún situr áfram, láta leggja frv. fyrir það þing, svo að losna megi úr því öngþveiti, sem þessi mál eru í.“

Fyrrv. ríkisstj. skipaði n. í málið. Hún skilaði áliti og till. Svo kom haustþingið 1943. Ríkisstj. flutti ekki frv. um launal. þrátt fyrir gefin loforð. Svo kom þingið 1944. Enn sat sama ríkisstj. og sýndi ekki launalfrv., svo að einstakir þm. tóku það til flutnings. Sýnir þetta, að jafnvel þeir, sem sízt eru gæddir leikni hins æfða stjórnmálamanns, geta gleymt gefnum loforðum.

Það er ætlun núv. stj. að efna þetta loforð fyrrv. stj. Launalfrv. er borið fram á þessu þingi af mönnum úr öllum flokkum, þar á meðal einum framsóknarþm. í efri deild.

En þrátt fyrir það, að framsóknarmaður sé meðfl. frv., mega menn ráða, hvílík alvara liggur á bak við flutning þess hjá framsóknarmönnum, af þeirri andstöðu, sem afgreiðsla launamálsins sætir nú af hálfu flokksins, bæði beint og óbeint.

Um ýmsar hækkanir til útgjalda í fjárlfrv. má segja svipað og um launal.: þar er verið að efna gömul loforð. Á hverju Alþ. eru afgreidd svo og svo mörg lög, sem kveða á um, að ríkissjóður skuli greiða vissan hluta af framkvæmdum, sem unnar eru í landinu, til móts við bæjarfélög, hreppsog sýslufélög. Og það er í rauninni skilyrði þess, að unnt sé að lifa menningarlífi í landinu, að staðið sé við þessi loforð. Vegna ófriðarins hafa ýmsar framkvæmdir, einkum opinberar byggingar, dregizt á langinn, og það hlýtur að vera skylda Alþ. að reyna að bæta úr því.

Í nál. fjvn. er getið um nokkrar hækkunartill., samtals um 3 millj. kr., sem ég hef farið fram á, að bætt yrði inn í frv. Ég vil gera lítils háttar grein fyrir þessum hækkunum.

Ég hef lagt til, að framlag til landhelgisgæzlu yrði hækkað úr 2 millj. kr. í 2.8 millj. kr. Hækkun þessi stafar af því, að fjárhæðin var rangt áætluð í fjárlfrv. frá hendi fyrrv. stj., og nam sú skekkja 800 þús. kr.

Þá hef ég lagt til, að til smíði varðskips verði varið 500 þús. kr. Er það augljóst mál, að eigi er seinna vænna að hefjast handa um aukna og endurbætta landhelgisgæzlu, því að nú líður óðum að því, að almennar togaraveiðar hefjist hér við land á ný, og er auðsætt, að við eigum engan veginn nægan skipastól til að gæta landhelginnar, eins og sakir standa. — En um nauðsyn þess, að gæzlan sé sem fullkomnust, þarf ég ekki að fjölyrða. Það er beinlínis lífsskilyrði fyrir allan fjöldann af þeim mönnum, sem lifa á smábátaútgerðinni. Ríkið á nú hið ágæta skip Ægi, enn fremur vélskipið Óðin og Þór gamla, sem er mjög óhentugur og dýr til gæzlu. Á næstu árum verður ríkið að eignast 4—5 góð, hraðskreið vélskip til gæzlu og björgunarstarfsemi. Þessa starfsemi þarf að sameina, og auk þess verður að taka flugvélar til notkunar til þessara starfa, eftir því sem föng eru á.

Þá hef ég lagt til, að tekin verði í fjárl. upphæð til endurbóta á hegningarhúsinu í Reykjavík og vinnuhælinu á Litla-Hrauni, samtals 265 þús. kr. En ástand þessara húsa er þannig, að bæði eru mjög heilsuspillandi, enda hafði fyrrv. ríkisstj. gert nokkrar ráðstafanir til aðgerða í þessu efni, þótt eigi væri séð fyrir fjárveitingu til þeirra.

Þá hef ég einnig lagt til, að veitt yrði fé til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana og gert ráð fyrir auknu framlagi til sjúkrahúsa og læknisbústaða, samtals 1,35 millj. kr., og hækkar sá liður þá upp í 3.1 millj. kr. Er mjög mikil þörf viðbyggingar við Landsspítalann og ákveðið að hefja byggingu hinnar nýju fæðingardeildar í síðasta lagi í marzmánuði n. k. Einnig þarf að byggja hjúkrunarkvennaskóla o. fl. byggingar við Landsspítalann. Þá er alkunna, að ástandið í geðveikismálunum er þannig, að Kleppur fullnægir hvergi nærri sjúkrahúsþörfinni. Stafa svo mikil vandræði af sjúkrahúsþörfinni fyrir þessa tegund sjúklinga, að óviðunandi er. Þann skamma tíma, er ég hef setið í ríkisstj., hafa mér borizt mjög margar kvartanir um geðveikt fólk, sem vantar hælisvist, en fær hana ekki vegna þrengsla. Fjöldi heimila er í miklum vandræðum vegna þessa. Vitanlega

kostar mikið fé að bæta úr því, en í það má ekki horfa, heldur verður að hefjast handa svo fljótt sem unnt er.

Enn má geta þess, að ríkisstj. ber skylda til þess, samkv. gildandi l. að greiða ½ kostnaðar við byggingu sjúkraskýla, læknisbústaða og sjúkrahúsa, sem reist eru víðs vegar um land. Er mikill hugur í mönnum um framkvæmdir á þessum sviðum. Og þótt upphæð fjárl. í þessu skyni sé nú hækkuð um þá fjárhæð, sem ég hef skýrt frá, þá mun ríkissjóður ekki fá innt skyldur sínar af hendi í þessum efnum varðandi þær byggingar, sem þegar eru áformaðar, á skemmri tíma en 4—5 árum. Eftir þó að áætla fé fyrir því, sem síðar verður ákveðið að byggja.

Áformað er að reisa sjúkrahús í Keflavík, á Patreksfirði og víðar. Er mikil nauðsyn á því og áhugi og þá ekki síður fyrir að reisa nýtt sjúkrahús á Akureyri. Er ætlazt til, að sú fjárveiting, sem nú er farið fram á, nægi sem byrjunargreiðsla til þessara fyrirhuguðu bygginga ásamt því fé, sem þegar hefur verið veitt til þessa og til nokkurra annarra staða, sem áformað hafa byggingu læknisbústaða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þær till. aðrar, er ég hef gert. Þó vil ég nefna, að ég hef lagt til, að framlagið til Slysavarnafélags Íslands verði hækkað úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. og framlag til Mæðrastyrksnefndar úr 25 þús. kr. í 50 þús. kr. Ætla ég, að þessar hækkanir muni ekki þurfa sérstakra skýringa við.

Starf Slysavarnafélagsins er löngu orðið viðurkennt sem þjóðnytjastarf, og fer vel á því, að Alþ. sýni á því aukinn skilning með hækkaðri fjárveitingu, og gæti það orðið til að örva einstaka menn til þess að gera slíkt hið sama.

Hæstv. fjmrh. hefur gert allýtarlega grein fyrir fjárlagatill., og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi atriði. En um fjárlfrv. í heild vil ég segja það, að þegar búið er að afla tekna, svo sem ráð hefur verið fyrir gert í samningum flokkanna um stjórnarmyndunina, og á þann hátt, sem þar er fram tekið, þá verður fjárlfrv. að skoðast sem einn liður í tilraunum núv. ríkisstjórnar til þess að gera landsmönnum fært að lifa þægilegra lífi í landinu. Í frv. er hvergi gert ráð fyrir óhófseyðslu, en hins vegar aukin mjög framlög til margs konar menningar- og þjóðþrifamála.

Þeir, sem nú eru að álasa ríkisstj. fyrir ógætilega stefnu í fjármálum, svo sem gert er í blaði fyrrv. fjmrh., virðast alveg gleyma þessu. Þeir hafa sjónarmið maurapúkans, sem liggur á fjársjóð þeim, sem hann hefur nurlað saman, heldur en láta nokkurn skerf til almenningsheilla.

Um stefnu stj. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að vera margorður. Mun hún öllum landsmönnum kunn orðin, m. a. af þeim umr., sem hér hafa farið fram. Enginn vafi getur leikið á því, að ef stefnuskráin kemst í framkvæmd, þá miðar hún að hinum stórfelldustu framförum í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar.

Áður en þessi stj. var mynduð, var ástandið þannig, að lýðveldi hafði verið stofnað, en ríkisstj. eigi skipuð að hætti þingræðisþjóða. Vil ég sízt lasta þá mætu menn, sem sæti áttu í fyrrv. stj., en þeir gerðu sér lítið far um að hafa samband við Alþ., og stj. þeirra hefur sýnt og sannað, að **ekki er unnt að stýra landinu, svo að vel sé, án** slíks sambands. Það var því lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að mynduð yrði þingræðisstjórn. Hvernig sem um fyrirætlanir núv. ríkisstj. fer, verður þessu ekki neitað.

Menn eru að sjálfsögðu mjög misjafnlega trúaðir á árangur núv. ríkisstj. Flokkar með ólíkar skoðanir og óskyldir um margt hafa tekið saman höndum, og margt getur orðið til hindrunar slíku samstarfi, bæði það, sem vitað var um áður, og eins ókunnar ástæður, svo sem skortur á skilningi einstakra stétta á nauðsyn samstarfsins eða öflug samtök skilningslausra fjárplógsmanna, sem setja einkahagsmuni ofar hagsmunum alþjóðar. Þó tel ég enga ástæðu til annars en vona hið bezta, ef allir gera skyldu sína. Hins vegar dylst það ekki, að mjög margt getur orðið fyrirætlunum stj. til tjóns og tafar. Vér Íslendingar lifum aðallega af útflutningi. Landið er því háð alþjóðaástandi í atvinnumálum og verzlunarmálum. Við höfum tiltölulega meiri útflutningsverzlun en flestar aðrar þjóðir. Viðskiptakreppur og markaðsvandræði geta þess vegna valdið okkur meira tjóni en flestum öðrum. Hins vegar er það ætlun núv. ríkisstj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að draga úr hinum skaðlegu áhrifum, sem hin utanaðkomandi öfl geta haft á líf og afkomu þjóðarinnar. Hinar breyttu aðstæður vegna ófriðarins hafa valdið því, að fjarlægðirnar í heiminum hafa að miklu leyti horfið. Þeir, sem áður voru langt burtu hvorir frá öðrum, eru nú nábúar. Það er því miklu örðugra nú en áður að einangra sig.

Stjórnmálastefnur þær, sem nú eru efst á baugi, miða mjög að því að útrýma atvinnuleysi og bæta lífskjör almennings. Þetta verður hvort tveggja að fara saman. Hátt kaup, svo sem var í Bandaríkjunum fyrir stríð, er tilgangslaust, ef ekki er jafnframt séð fyrir nægri vinnu. Ríkisstj. er þetta vel ljóst, og þess vegna leggur hún áherzlu á að halda þeim lífskjörum, sem skapazt hafa, og útvega jafnframt atvinnutæki til landsins, svo að unnt verði að koma í veg fyrir atvinnuskort. Þessi stefna er nú uppi víða um heim og kemur meðal annars í ljós í yfirlýsingu Alþjóðlega vinnumálasambandsins, er samþykkt var í Fíladelfíu 10. maí 1944. Þar voru saman komnir fulltrúar frá 44 þjóðum, — tveir fulltrúar frá hverri ríkisstj., einn fulltrúi frá verkamönnum og einn frá atvinnurekendum í hverju landi um sig. Þarna var samvinna ríkisvaldsins, atvinnurekenda og verkamanna. Og yfirlýsingin má skoðast sem vottur þess, hvaða stefnur nú eru efst á baugi meðal hinna frjálsu, sameinuðu þjóða og þeirra annarra, sem þeim eru hlynntar og hafa líkar skoðanir.

Í yfirlýsingunni segir meðal annars, að vinnan sé ekki verzlunarvara, sem eigi að fylgja lögmáli um framboð og eftirspurn, að frelsi til að láta í ljós skoðanir og samtakafrelsi sé óhjákvæmilegt skilyrði öruggra framfara, að fátækt á einhverjum stað geti skapað hættu fyrir velgengni á öllum stöðum, að stríðið gegn skorti verði að heyja með óþreytandi elju hjá sérhverri þjóð með stöðugum og sameiginlegum alþjóðlegum átökum, þar sem fulltrúar verkamanna og atvinnuveitenda — sem og fulltrúar ríkisstjórna, en þeir skulu allir njóta sömu réttarstöðu, — komi saman til frjálsra umræðna og lýðræðislegra ákvarðana í því skyni að stuðla að eflingu almannaheillar. Enn fremur segir

í yfirlýsingunni, að varanlegur friður fáist því aðeins, að hann sé grundvallaður á félagslegu réttlæti, að allir menn, án tillits til kynflokka, trúarjátningar eða kynferðis, eigi rétt á því að leita bæði efnalegrar velferðar sinnar og andlegs þroska í frjálsum og sómasamlegum lífskjörum, fjárhagslegu öryggi og jafnrétti til að fá að njóta þeirra hæfileika, sem hver og einn hefur til að bera, að sköpun þeirra skilyrða, sem gera þetta mögulegt, skuli vera höfuðmarkmið innan lands- og alþjóðastjórnmála. Þá segir einnig í yfirlýsingunni, að vinnumálasambandið vilji stuðla að því meðal þjóða heimsins, að stefnt sé að því að skapa næga atvinnu og bætt lífskjör og að viðurkenndur sé í verkinu réttur manna til sameiginlegra samningsumleitana, samvinnu vinnustjórnenda og verkalýðs til áframhaldandi umbóta á framleiðsluafköstum og samvinnu verkamanna og vinnuveitenda í því að undirbúa og beita félagslegum og hagfræðilegum ráðstöfunum, enn fremur efling félagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja grundvallartekjur öllum, sem eru verndarþurfi í því efni, svo og allsherjar sjúkraumsjá, — fullnægjandi vernd á lífi og heilsu verkamanna í öllum atvinnugreinum, — barnavernd og mæðrahjálp, — trygging góðs viðurværis, húsnæðis og möguleika til hvíldar og menntunar, — og að tryggja mönnum jafnrétti til að njóta menntunar- og atvinnumöguleika.

Roosevelt forseti Bandaríkjanna ávarpaði fulltrúa Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar í Hvíta húsinu hinn 17. maí s. l. og sagði m. a. um yfirlýsingu þá, er ég hef hér getið:

„Þér hafið haldið þing í Fíladelfíu, þar sem feður þessa lýðveldis staðfestu fyrir 168 árum, að augljós væru meðal annars þau sannindi, að öllum mönnum væri af skaparanum gefin ákveðin, ómissandi réttindi, svo sem líf, frelsi og leit að hamingjunni. Í þessum orðum felst markmið allra þjóða, sem gæddar eru hugsjónum frelsis og lýðræðis.

Yfirlýsing sú, sem þér hafið gefið í Fíladelfíu, á vafalaust eftir að verða álíka mikilvæg. Ég trúi því einlæglega, að óbornar aldir muni líta um öxl á þennan atburð og telja, að hann marki tímamót í sögu mannsandans."

Alþ. samþ. sennilega næstu daga till. ríkisstj. um þátttöku í Alþjóðlega vinnumálasambandinu, sem verða mun sterkur þáttur í samstarfi þjóðanna, sem verið er að undirbúa fyrir stríðslokin.

Er þetta að líkum, því að fyrirætlanir ríkisstj. eru í fullu samræmi við þá yfirlýsingu Alþjóðlega vinnumálasambandsins, sem ég hef skýrt hér frá.

Við verðum að gera okkur það ljóst, að við erum ekki lengur einangraðir. Við erum í þjóðbraut, og frelsi og menning okkar getur verið undir því komin, að þær fyrirætlanir að standa jafnfætis öðrum bæði um lífskjör og félagslega menningu takist svo sem til er ætlazt.

Eysteinn Jónsson: Málflutningur hæstv. ráðh. hefur fljótt snúizt í vörn við þessar umr. Í gærkveld var það gert að einu aðalatriði í ræðu hæstv. forsrh. að afsaka skrum ríkisstj. um nýsköpun með því, að Framsfl. hafi verið reiðubúinn til þess að taka þátt í því, ef hann hefði orðið með í ríkisstj., en sæi nú öll vandkvæði á þessu, af því að hann væri utan við stj.

Hæstv. ráðherrar kyrja hér sama sönginn og áður um nýsköpun og aftur nýsköpun, án þess að nokkur sé nokkru nær en áður um það, hver stefna stj. sé í atvinnumálum. Þeir reyna tæpast að afsaka stefnuleysisfálm ríkisstj. um nýsköpunina, sem mest hefur verið auglýst. Á hinn bóginn bera þeir það fyrir sig, að Framsfl. hafi ekki í viðræðum 12 manna n. gert ágreining um, að í stefnuskrá hugsaðrar þjóðstjórnar yrðu yfirlýsingar um það, að stj. vildi sinna eflingu atvinnulífsins og hafa í-hlutun um þau málefni. Þetta mun nú þykja saga til næsta bæjar og furðuleg tíðindi eða hitt þó heldur. Hver er sá, sem ekki vildi lýsa yfir því, að hann væri þessu samþykkur?

En hvað kemur þetta þessu máli við? Hvað ætli núv. ríkisstj. geti lengi lifað á því, þótt Framsfl. kynni að hafa drýgt þá synd að vera ekki nógu skýrmæltur um áform væntanlegrar fjögurra flokka stj.? En hvað er hið rétta í þessu efni? Það, sem fram kom af hálfu nefndarmanna Framsfl. um þessi mál, voru nokkur atriði almenns eðlis, sem af þeirra hálfu var umræðugrundvöllur, en eftir var að tiltaka nánar um stefnu í atvinnumálum, áður en stjórnarmyndun kom til mála. Til þess kom aldrei vegna þess, að hæstv. forsrh. neitaði að ræða nánar um framfarafyrirætlanir, fyrr en önnur atriði væru rædd til þrautar, og á þeim sprakk.

Það sýnir ráðleysisfálm hæstv. ríkisstj. í þessum málum, þrátt fyrir allt skrumið, að hún skuli reyna að afsaka úrræðaleysi sitt með því, að Framsóknarflokksmenn í 12 manna n. hafi ekki verið búnir að gera grein fyrir stefnu sinni í einstökum atriðum um þau málefni, sem ekki fengust rædd þar til nokkurs gagns vegna afstöðu þeirra, sem nú eru í ríkisstj. Yfirleitt virtist hæstv. forsrh. öðrum þræði vera farið að gruna, að til beggja vona gæti brugðið um endi þess ævintýris, sem hann hefur lagt í, og það á að búa undir ófarirnar með því að hrópa: Framsóknarmenn höfðu lið máls á þessu! — Er þetta málflutningur þeirra, sem trúa á málstað sinn og vilja standa og falla með honum? Áreiðanlega ekki.

En lítum svo á þessar tilraunir til þess að láta aðra fá óorð nú þegar af stefnu stj. og væntanlegum framkvæmdum. Það er gleggst að bera fram nokkrar spurningar til þess að upplýsa þetta og gera um leið grein fyrir því, hvað á milli ber.

Hvenær hefur Framsfl. lið máls á því að taka þátt í ríkisstj., sem notfærði sér tilboð bænda um að falla frá hækkun afurðaverðs, en gengi jafnframt að því með hörku að knýja atvinnurekendur til þess að hækka kaupgjald þeirra, sem bezt eru launaðir allra vinnustétta landsins, og reisa þannig nýja kauphækkunar- og dýrtíðaröldu? En þetta var gert af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er mér vel kunnugt um. Hæstv. samgmrh. getur mín vegna, ef hann vill, skemmt sér með því að halda því fram, að hækkanir á launum þeirra, sem hafa yfir 20000 kr. í kaup á ári, séu til samræmis. Flestir landsmanna vita betur.

Hvenær hefur Framsfl. lið máls á þeirri afgreiðslu fjárhagsmála að stofna til 150 millj. kr. ríkisútgjalda án þess að gera sér grein fyrir því, hvernig undir því verði risið, hækka starfslaunagreiðslur ríkisins um 4—5 millj. kr. og lofa ofan á þetta allt út í bláinn, að á næstunni verði afgreidd fullkomnasta tryggingarlöggjöf í heimi, að því er helzt verður skilið, sem vitanlega kostar

tugi milljóna í framkvæmd? Hvenær hefur Framsfl. léð máls á þátttöku í ríkisstj., sem í öllum greinum íþyngdi kosti framleiðslunnar, sem ekki má þó lakari vera fyrir, og gerðist jafnframt svo óskammfeilin að lýsa yfir því með miklu yfirlæti, að hún sæi úrræði til þess að framkvæma stórfellda nýsköpun í atvinnulífi landsmanna á þeim grundvelli? Hvenær hefur Framsfl. léð máls á að taka þátt í ríkisstj., sem beinlínis hefði það markmið að telja landsmönnum trú um, að það hafi engin áhrif á afkomu þjóðarinnar, þótt styrjaldarviðskipti hætti og niður falli tekjur af skiptum við heri bandamanna í landinu, sem numið hafa stundum langdrægt jafnmiklu og allar framleiðsluvörur landsmanna hafa selzt fyrir? — Eða ríkisstj., sem berði höfðinu við steininn og héldi því fram, að ófyrirsynju væri talað um ósamræmi kaupgjalds og verðlags útflutningsvara, enda þótt milljónatugir séu greiddir úr ríkissjóði til þess að koma í veg fyrir, að kaupgjaldið í landinu falli með fullum þunga á framleiðsluna, og bætir við þeirri ósvífni, að þessir milljónatugir séu greiddir vegna landbúnaðarins?

Allt þetta hefur núv. hæstv. ríkisstj. tekið sér fyrir hendur. Allt er þetta svo fjarri skoðunarhætti, stefnu og vinnuaðferðum framsóknarmanna sem frekast getur verið, og er þýðingarlaust fyrir hæstv. ríkisstj. að leita til þeirra um liðsinni við þessi störf eða reyna að koma óorði á þá í sambandi við þessar framkvæmdir og fyrirætlanir. Það var þessi skoðanamunur á grundvallaratriðum, sem varð þess valdandi, að Framsfl. lýsti yfir því, að hann teldi umr. um fjögurra flokka stj. þýðingarlausar að óbreyttum ástæðum. Afstaða hans í þessum efnum er því nákvæmlega hin sama nú og þá.

En þessar umr. gefa tilefni til þess að benda á, hvernig hæstv. forsrh. er settur að þessu leyti. Meðan hæstv. ráðh. gerði tæpast ráð fyrir, að til stjórnarmyndunar mundi draga með kommúnistum, var hann ekki myrkur í máli um það, að kaupgjaldið væri orðið í ósamræmi við verðlag útflutningsvara, hélt því fast fram, að stöðvun kaupgjaldsins yrði að vera grundvöllur stjórnarstefnunnar, og lagði fram till. í 12 manna n., sem hann las hér upp í útvarpið í gær, hróðugur nokkuð, og byggð er á stöðvun og samræmingu, sem útskýrð var þannig, að hækkun launa hjá hæstlaunuðu stéttunum, sem þá áttu í deilum, kæmi ekki til mála. Um sömu mundir var núv. hæstv. fjmrh. ekki heldur myrkur í máli um launalfrv., — kvað það mundu setja ríkið á höfuðið og vera óvit að samþ. það.

En þetta var fyrir „siðaskiptin". Nú kveður við annan tón. Afturhaldsmenn einir og verkalýðsböðlar haldi því fram, að ósamræmi sé milli kaupgjalds og útflutningsverðlags, og í því sambandi skiptir engu máli, þótt ríkisstj. stefni hröðum skrefum út í stórfelldar lántökur til þess að borga niður kaupgjaldið og verðlagið, svo að útflutningsframleiðslan stöðvist ekki. Öll öfl eru sett á hreyfingu til þess að knýja atvinnurekendur til kauphækkunar, sem áður kom ekki til mála og dregur á eftir sér nýjar kauphækkanir. Launalfrv. er afgreitt með hækkunum á þá lund, að það hefur í för með sér launahækkanir til flestra fastlaunamanna í landinu.

Þetta er nú sagan um stefnufestu núv. hæstv. ráðh. Sjálfstfl. — Það er lítil furða, þótt hæstv. forsrh. telji sig geta brugðið öðrum um skoðanaskipti, eftir því, hvort þeir taka þátt í stj. landsins eða ekki.

Framsóknarmönnum er borin á brýn íhaldssemi í kaupgjaldsmálum af talsmönnum dýrtíðarbandalagsins frá 1942, sem nú hefur tekið við völdum á ný. Því hefur verið haldið fram, að Framsfl. legði einhliða áherzlu á stöðvun kaupgjaldsins eða lækkun þess sem úrræði í dýrtíðarmálunum. Þetta er rangt. Framsfl. hefur jafnan lagt megináherzlu á að láta eitt yfir hvort tveggja ganga, kaupgjaldið og afurðaverð, í jöfnum, réttum hlutföllum og jafnframt, að stríðsgróðinn yrði tekinn í almannaþágu. Hitt er annað mál, að hann hefur ekki fengið þessu ráðið annarra vegna, og þess vegna hefur einhliða afurðaverðslækkun átt sér stað.

Kommúnistarnir hafa fundið upp og boðað þá kenningu hér á landi til þess að grafa undan fjármálakerfi þjóðarinnar og atvinnuvegunum, að verkalýðurinn yrði skilyrðislaust að berjast fyrir hækkuðu kaupi í krónutölu, hvað sem liði afleiðingum þess í aukinni dýrtíð og minnkandi kaupgetu krónunnar.

Þeir hafa jafnan fengið liðsauka í þessum leik, og nú er það enn á ný talinn versti fjandskapur við verkalýðinn að benda á þann háska, sem af þessu hefur þegar leitt og mun leiða.

En lítum á, hvað aðrar þjóðir gera og hafa gert. Er það af fjandskap við verkalýðinn, sem verkalýðsleiðtogarnir Per Albin Hansson í Svíþjóð og Bevin í Englandi hafa beitt sér alveg eindregið gegn þeirri stefnu í kaupgjaldsmálum, sem hér hefur verið fylgt og núv. ríkisstj. gerir gælur við? Er það af fjandskap við verkalýðinn, að verklýðsleiðtogar í nær öllum löndum, sem við þekkjum til, hafa stutt þá stefnu, sem Framsfl. hefur barizt fyrir hér í kaupgjalds- og verðlagsmálum, en fordæma hina, sem dýrtíðarbandalagið fylgir?

Þeir hafa ekki fundið upp það snjallræði til þess að skipta stríðsgróðanum að þynna út gjaldmiðilinn og standa síðan og dást að hinum bólgnu, verðlitlu sjóðum, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér í kvöld.

Framsfl. má vel una því að vera í þessum málum settur á bekk með þeim Per Albin Hansson og Mr. Bevin, og hann leyfir sér að draga það í efa, að íslenzkir kommúnistar og þeir, sem eftir þeirra pípu hafa dansað, séu þeir einu í veröldinni, sem hitt hafa rétta lagið á meðferð þessa máls, enda nú að því komið, að sopið verði seyðið af því, sem hér hefur gerzt fyrir þeirra tilverknað.

Ég vil þá víkja örlítið að aðdraganda stjórnarmyndunarinnar að gefnu tilefni í umr.

Það eru skoplegir tilburðir hæstv. forsrh., þegar hann gefur skýrslu um þessi efni. Ýmist fær hann samvizkubit og tekur þá að afsaka sig með ýmsu móti: Ekki margra góðra kosta völ. — Þrautreynt við framsóknarmenn, en dramb þeirra og frekja verið þröskuldur í vegi, — mótsett kunnu lítillæti hans og hógværð. — En þess á milli forherðist hæstv. ráðh., færist í aukana og lýsir yfir því, hve glæsilegur þessi kostur sé, sem tekinn var, og hversu hann nú fagni því eftir á, að framsóknarmenn voru nógu frekir, til þess að hann fékk að komast í stj. með kommúnistum — og verða forsrh., — hefði átt að bæta við.

Allar eru frásagnir hæstv. forsrh. um hinar miklu samningagerðir við framsóknarmenn til þess að losna við stjórnarmyndun með núv. ráðherrum hinn mesti blekkingavefur, sem hugsazt getur.

Hámarki sínu náði þessi frásögn, þegar hæstv. forsrh. kom með þá skáldsögu, að hv. þm. Str. hafi gengið á milli manna á Alþ. og sagt: Annaðhvort getið þið tekið mig sem forsrh. eða þið fáið hrunið. — En nokkrum augnablikum síðar skýrði sami ráðh. frá því, að ekki hafi verið hægt við Framsfl. að eiga vegna þess, að hann hefði sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði, að dr. Björn Þórðarson yrði forsrh.

Hæstv. forsrh. verður sjálfur að meta, hvað hann telur sér samboðið, en ekki er hann öfundsverður af þessum skáldskap.

Þá er með öllu tilhæfulaust, að Framsfl. hafi fengið tilboð um stjórnarmyndun frá Sjálfstfl., sem hafnað hafi verið. Slíkt boð hefur flokknum aldrei borizt og af þeirri einföldu ástæðu aldrei hafnað því. Vill hæstv. forsrh. ekki lesa hér í útvarpið tilboð það, sem hann gefur í skyn, að flokknum hafi verið sent um þetta efni?

Framsfl. gerði hins vegar Sjálfstfl. tilboð um stjórnarmyndun með hlutlausum forsrh., — ekki neina úrslitakosti bundna við ákveðinn mann, eins og hæstv. forsrh. var svo djarfur að gefa í skyn, — heldur samningsgrundvöll. Þetta var margtekið fram við hæstv. forsrh., svo að ekki varð um villzt. Þetta tilboð var rætt á einum einasta fundi, samningarnir voru alveg á byrjunarstigi, form. Sjálfstfl. átti að boða næsta, en ýmsir samninganefndarmenn áttu að búa sig undir hann með því að athuga einstök mál. Þann fund boðaði formaður Sjálfstfl. aldrei, heldur sleit þannig umr. á byrjunarstigi og sneri sér að stjórnarmyndun með kommúnistum. Þegar þessi vinnubrögð eru borin saman við margra vikna viðræður til þess að koma á stjórnarmyndun með verkamannaflokkunum, þá mun menn geta rennt grun í, hvert hugurinn hefur stefnt. Þá ber og að hafa í huga, að við þá leið voru bundnar allar metnaðarvonir hæstv. forsrh. Við þetta voru bundnar allar vonir hæstv. forsrh. um að hrista af sér ámælið frá 1942, og því skyldi nú öllu til hætta. Hér við bættist, að ef ekki væri hægt að koma á 4 flokka stj., þá hlutu að skiljast leiðir sjálfstæðismanna við stjórnarmyndun, svo djúptækur skoðanamunur ríkti þar um meginstefnuna, og þá var hiklaust valinn sá kostur að slíta sambandinu við þann hluta Sjálfstfl., sem nær stóð stefnu vinnandi framleiðenda, en höfuðáherzla lögð á að keppa við kommúnista um lausafylgið í bæjunum, einkum Reykjavík.

En hvað er um kommúnista að segja í þessu sambandi? Hvernig stendur á því, að þeir skyldu nú allt í einu gleypa við stjórnarsamstarfi við Kveldúlfsklíkuna, sem þeir hafa kallað svo, og gera sjálfan höfuðpaur hennar að forsrh.?

Í síðustu kosningum komust 10 kommúnistar inn á Alþ. með því að básúna það með miklum þyt, að þeir ætluðu sér að vinna með ábyrgum umbótaflokkum á þinginu og taka þátt í myndun umbótastjórnar. Eftir kosningar tóku framsóknarmenn að sér að kanna til fullrar hlítar, hvað hæft væri í þessu skrafi kommúnista um stefnubreyt. Það kom þá í ljós, að kommúnistar voru beinlínis fjandsamlegir hugmyndinni um myndun róttækrar umbótastj. Þeir settu marga tugi skilyrða fyrir slíkri stjórnarþátttöku af sinni hálfu, þ. á m. skilyrði um hreinsun í ríkiskerfinu, eins og það hét á þeirra máli, um lögvernd pólitískra verkfalla og um þingrofsrétt sér einum til handa, svo að aðeins örfátt sé nefnt. Að lokum lýstu þeir yfir því, að um slíka stjórnarmyndun væri ekki að ræða, nema fallizt væri á stefnu kommúnista og skilyrði þeirra, eins og þau lægju fyrir. Og æðsti prestur þeirra, núv. hæstv. uppeldismálarh., lýsti yfir, að það væri ekki aðeins ábyrgðarleysi, heldur glæfrar, ef flokkurinn léti sig henda það að taka þátt í stj. Alþfl. og Framsfl.

Kommúnistar höfðu þá undanfarið haft stöðugt nána samvinnu við hluta af Sjálfstfl. í verkalýðshreyfingunni og víðar til þess að reyna að koma Alþfl. fyrir kattarnef. Þessi samvinna hélt áfram leynt og ljóst, eftir að þeir komust á þing 10 saman. Þannig komu þeir fyrir kattarnef öllum róttækum till. um frekari skattlagningu stríðsgróðans en orðin var ásamt sjálfstæðismönnum og fluttu á sama tíma hvert fjandskaparmálið öðru illræmdara á hendur landbúnaðinum og bændastéttinni sérstaklega. Þannig tókst þeim með samstarfi við Kveldúlfshluta Sjálfstfl. að koma í veg fyrir, að nokkur róttæk umbótalöggjöf væri samþ. á þinginu frá því um síðustu kosningar og fram á þennan dag. Þessi aðstoð og samvinna var svo viðurkennd af hálfu ýmissa sjálfstæðismanna í þinglok 1943 með því að kjósa kommúnista í vel launaðar trúnaðarstöður í síldarútvegsn. og stj. Síldarverksmiðja ríkisins, og í leiðinni var haldið áfram samstarfi gegn Alþfl. með því að sparka þeirra mönnum úr þessum trúnaðarstöðum.

Það hefur ekki leynt sér undanfarið, að kommúnistar hafa verið hræddir við stórkostlegt ámæli fyrir framkomu sína á Alþ. og við stjórnarmyndunarsamningana. Hafa þeir haft af þessu hinar þyngstu áhyggjur. Á síðasta sumri fór að bóla á því, að þeir hyggðust að taka upp nýjar starfsaðferðir, enda er það í fullu samræmi við það, sem sams konar flokkar í öðrum löndum hafa gert nú á þessu ári. Varð þessa nokkuð vart þegar í samningum þeim um stjórnarmyndun, sem byrjuðu í ágústmánuði s. l. En þá var sá vandi óleystur fyrir kommúnista, hvernig þeir gætu komizt í ríkisstj. til þess að reyna að hindra í bili þá trú, að þeir væru óábyrgir og vildu ekki vinna með öðrum að vandamálum landsins án þess að þurfa að stíga nokkurt skref, sem dró úr líkunum fyrir allsherjarupplausn og öngþveiti í landinu.

Þetta var því aðeins hægt, að mynduð væri ríkisstj., sem ekki hefði neinn ákveðinn málefnasamning, en gumaði þeim mun meira af því, hvað hún ætlaði að taka sér fyrir hendur, ríkisstj., sem héldi áfram kauphækkunarstefnunni, en aðhefðist ekkert til þess að stöðva dýrtíðina, hvað þá lækka hana.

Þegar hér var komið sögu, hurfu öll skilyrði, sem höfðu verið nauðsynleg við myndun umbótastjórnar, eins og dögg fyrir sólu, bæði þau, sem snertu áhugamál umbjóðenda þeirra, og hin fáránlegu, sem höfð voru á oddinum til þess að koma í veg fyrir stjórnarsamstarf áður. Aðeins tvennt var nauðsynlegt: að öngþveitið í dýrtíðarmálunum héldi áfram — og ykist þó fremur en hitt; að væntanleg upplausn og úrslitabarátta yrði undirbúin með því, að ný ríkisstj. tæki sér fyrir hendur að telja þjóðinni trú um, að allt væri í hinu

bezta lagi um atvinnu og fjárhagsmál þjóðarinnar, allt gæti staðið áfram eins og það hefði verið á stríðsárunum, ef rétt væri á haldið, m. ö. o., að hin nýja stj. tæki að sér að kveikja vonir með þjóðinni, sem hlytu að bregðast og valda sársauka og erfiðleikum, þegar að því kæmi.

Kommúnistum mun fljótlega hafa verið ljóst, að þess var enginn kostur, að Framsfl. ætti þátt í slíkri stjórnarmyndun, en hins vegar alið þá von í brjósti, að núv. hæstv. forsrh. væri rétti maðurinn til þess að standa fyrir þessu fyrirtæki. Ekki settu þeir það fyrir sig, að þeir höfðu um fjölda ára haldið því fram og verið kosnir á þing fyrir þann málflutning m. a., að Kveldúlfsvaldið og stríðsgróðavaldið yfirleitt væri hættulegt vald í landinu, að ógleymdu Landsbankavaldinu, sem mjög var bent á sem höfuðfjanda verkalýðsins.

Kommúnistar urðu ekki fyrir vonbrigðum um núv. forsrh. Hann reyndist óðfús til þess að taka þátt í þessum leik og hefur nú myndað ráðuneyti, sem vafalaust uppfyllir allvel hugmyndir kommúnista um fyrirmyndarstjórn í auðvaldsþjóðfélagi, þ. e. a. s. ráðleysisstjórn, sem mun auka erfiðleika atvinnulífsins, verða aðgerðalítil um flest aðkallandi framfaramál og tefla fjárhag ríkisins í öngþveiti á þeim mestu uppgangstímum, sem Íslendingar hafa nokkru sinni lifað.

Ég finn ekki á þessu neina aðra skýringu en þá, að kommúnistar ætli sér að skapa falska trú og andvaraleysi og síðan, þegar ekki verður lengur hægt að flýja frá raunveruleikanum, að hlaupa frá ábyrgðinni og í bak þeim, sem nú eru nógu grunnhyggnir til þess að láta þá hafa sig til þess að gefa þjóðinni alveg rangar hugmyndir, hvernig ástatt er um horfur fram undan. Þegar erfiðleikarnir verða ekki lengur umflúnir, þykir mér líklegt, að þeir segi: Vorum við ekki allir sameiginlega búnir að lýsa yfir þeirri skoðun, að ef rétt væri á haldið, þá gæti allt verið eins og það var á stríðsárunum, meðan gullflóðið var mest? Nú kveður við annan tón hjá ykkur, en við erum sömu skoðunar og áður. Það er vegna þess, að þið ætlið að bregðast, en við ætlum að finna þessum orðum stað í framkvæmd og skorum á menn að veita okkur til þess fulltingi og koma á þeirri þjóðfélagsbyltingu, sem ein getur skapað grundvöll fyrir því, að þessi spádómur okkar og Ólafs Thors rætist. —

Það furðulega hefur einnig skeð, að Alþfl. hefur gengið inn í þetta samstarf gegn hálfkveðnum loforðum um nokkur áhugamál flokksins. Þó eiga hér í hlut höfuðfjendur hans, sem unnið hafa saman dyggilega undanfarin ár gegn honum sérstaklega, og er nú fengin staðfesting fyrir því í sambandi við Alþýðusambandsþing, sem nú er nýafstaðið, að enn er haldið áfram sömu stefnu, aðeins með meiri ofsa en nokkru sinni fyrr. Það munu því fáir verða hissa, þótt nokkurs kvíða yrði vart hjá hæstv. samgmrh. í gærkvöld um vinnubrögð hæstv. ríkisstj.

Ef til vill hafa sumir landsmenn litið svo á undanfarnar vikur, að ríkisstj. byggi yfir einhverjum bjargráðum í atvinnumálum landsins og hefði fundið úrræði, sem áður voru dulin. En hafi þessu verið til að dreifa um einhverja, þá er þess að vænta, að þeir hafi hlustað í gærkvöld á lýsingar hæstv. ráðh. á fyrirætlunum stj. um framkvæmd nýsköpunarinnar. Fyrst fóru fullyrðingar um, hvílík óhæfa væri að tala um, að kaupgjald og framleiðslukostnaður væri orðið í ósamræmi við útflutningsverð afurðanna. Síðan komu lýsingar á því, að menn vilji leggja fjármuni sína í allt annað fremur en sjávarútveg, — þá fjálglegur kafli um það, að tekjur fiskimanna væru í algeru ósamræmi við tekjur launamanna, sem vinna í landi, og stórfelldur skortur væri sjómanna á fiskiflotann, jafnvel nú þegar, hvað þá, ef flotinn verður aukinn stórlega. Þá var og skýrt tekið fram, að stj. mundi ekki styrkja sjávarútveginn, en hún mundi hugsa hlýlega til hans! Rætt var um, að ýmis ráð væru til þess að bæta hlut fiskimanna, en vandlega þagað yfir því, hver þau væru, hvað þá heldur, að lýst væri yfir, hvað stj. mundi gera í þeim efnum. Menn voru rækilega varaðir við falsspámönnum, sem flyttu þær villukenningar, að kaupgjald í landinu, sem skapar verðlagið að mestum hluta, hafi nokkur áhrif á það, hvernig hlutur sjómannsins hrekkur til lífsframfæris eða til þess að hann hafi sambærilegar tekjur við aðra vinnandi menn í landinu. Loks var haft í hótunum við menn og því lýst yfir, að ef menn ekki trúi því, að allt sé í lagi, og breyti samkv. því, þá verði fé manna af þeim tekið og lagt í þjóðnýtingu útgerðarinnar. Dagar einstaklingsframtaksins séu þá taldir. Er þá komið að þeim þætti í áætlun ríkisstj., sem hæstv. forsrh. hefur hér á Alþ. talið í því fólginn að sækja féð til manna „inn í rottuholurnar".

Með þessu skrafi viðurkenna hæstv. ráðherrar í öðru orðinu það, sem þeir harðneita í hinu. Hvers vegna skyldu menn vilja leggja peninga sína í flest annað fremur en útflutningsframleiðslu nema af því, að menn sjá fram á, að algert ósamræmi er nú þegar orðið milli kostnaðar og verðlags, og þar við bætist, að núv. hæstv. ríkisstj. mun enn auka á þetta ósamræmi.

En hvernig stendur þá á því, að nú skuli vera svo komið, þrátt fyrir margfalt fyrirstríðsverð á sjávarafurðum, að hlutarmenn eru að verða hálfdrættingar á við þá, sem í landi sitja, að mokafla skuli þurfa, til þess að nokkur von sé um, að bátaútvegur beri sig, og borga þarf milljónatugi úr ríkissjóði, sem senn er tómur, til þess að halda niðri framleiðslukostnaðinum?

Það er svona komið vegna þess, að þjóðin bar ekki gæfu til þess að hlíta ráðum Framsfl. um stöðvun dýrtíðarinnar snemma á stríðsárunum. Það er svona komið vegna þess, að núv. hæstv. forsrh. og kommúnistar hafa fengið tækifæri til þess að ráða stefnunni í dýrtíðarmálunum. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð, þótt ekki hefði verið fyrr en haustið 1941 eða um áramótin 1942, þá hefðu afkomuhorfur sjávarútvegsins verið glæsilegar, hlutur fiskimanna í fullu samræmi við tekjur annarra landsmanna, enginn hörgull ungra, vaskra sjómanna, sem höfðu glæsilegar tekjuvonir, og stj. landsins ekki þurft að hafa í hótunum við menn í þeirri von, að þeir fengjust þá til þess fremur en ella að hætta fé sínu í þann atvinnurekstur, sem nær öll utanríkisviðskipti landsmanna hvíla á. Þá hefði ríkissjóður verið skuldlaus og átt stóra sjóði, aldrei þurft að borga niður verðlag á innlendum markaði né útflutningsuppbætur. Þá hefði verið léttara undir fótinn fyrir framkvæmd þeirrar nýsköpunar, sem þarf að verða í atvinnulífi landsmanna, og barátta Framsfl. í dýrtíðarmálinu hefur einmitt ekki sízt

verið við það miðuð, að verðbólgan hlaut og hlýtur óhjákvæmilega að verða þröskuldur á vegi framfaranna nú í lok styrjaldarinnar og eftir hana.

Í stað þess að byrja á því að lagfæra nokkuð það ástand, sem ríkir í atvinnumálum þjóðarinnar, og auka mönnum með því áræði og bjartsýni, vinnur núv. ríkisstj. í gagnstæða átt og þar með gegn þeirri nýsköpun, sem hún talar mest um. Það er fávíslegt og hefnir sín að segja þeim, sem ekki eru litblindir, að svart sé hvítt og hvítt sé svart. Það er enn þá fávíslegra að ætla sér að framkvæma nýsköpun með því að láta ríkið kaupa atvinnutæki, sem menn vilja ekki eiga, af því að ekki er hægt að reka þau nema með tjóni. Slíkt er hreint og beint óframkvæmanlegt, og sú dýrð stendur stutt, sem af slíku leiðir, þótt reynt væri. Það er ekki hægt að byggja nýsköpun atvinnulífsins á því að halda framleiðslunni í úlfakreppu og knýja menn áfram með hótunum.

Það er furðu ófyrirleitið að slá því fram, að það skilji á milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna, að stjórnarliðið vilji nýsköpun, — hinir ekki. Stjórnarandstæðingar vilja nýsköpun á heilbrigðum grundvelli, og þeir vara við því, að stefnuleysi og ráðleysi núv. ríkisstj. muni reynast Þránður í götu þess, að framkvæmdir til aukningar atvinnulífsins og almennra framfara verði jafnstórstígar í náinni framtíð og verða þarf. Það eru allar horfur á því, að stefna hæstv. ríkisstj. leiði til þess, að Íslendingar glati á næstu missirum mörgum tækifærum, sem þeir hefðu haft til þess að efla framfarir í landinu.

Því hefur verið haldið á loft af talsmönnum hæstv. ríkisstj., að það mætti telja til ábyrgðarleysis Framsóknarflokksmanna að vera ekki með í ríkisstj., rjúfa eininguna, eins og það heitir á tungumáli núv. hæstv. forsrh. og kommúnista. Það er nú mál út af fyrir sig um eininguna í stjórnarflokkunum og þeirra á milli, — sbr. það, að ¼ þingflokks sjálfstæðismanna er á móti stj., og sbr. einnig vinnubrögð og vinnuaðferðir kommúnista og sjálfstæðismanna á Alþýðusambandsþingi.

En víkjum að ábyrgðarleysinu. Samkv. hinum nýju siðareglum hæstv. forsrh. og kommúnista og eftir „siðbót" þeirra, þá mundi það eiga að teljast bera vott um ábyrgðartilfinningu að taka þátt í ríkisstj., þótt menn væru sannfærðir um, að varðandi þýðingarmestu verkefnin yrði ýmist um gagnslaust fálm að ræða af hendi stj. eða framkvæmdir, sem stefndu í öfuga átt við það, sem menn teldu rétt, og þótt menn vissu, að málflutningur hennar yrði öðrum þræði innihaldslaust skrum, en á hinn bóginn villandi lýsingar á því, hvernig ástatt er í landinu og hverju landsmenn muni þurfa að mæta á næstunni.

Framsóknarmenn hafa svo gamaldags hugmyndir um þingmannsskyldur sínar, að þeir skilja ekki þessar nýju hugmyndir um ábyrgðartilfinningu og hafa því ekki tekið þátt í stjórnarmynduninni, en í þess stað talið það skyldu sína að vera þjóðina við og undirbúa framkvæmd réttari og heilbrigðari stefnu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti, háttvirtu hlustendur. — Menn hafa nú heyrt mál Eysteins Jónssonar, hins færasta málsvara sundrungarinnar, postula þeirrar stefnu, að íslenzku þjóðinni ríði nú á engu meir en innbyrðis fjandskap og illindum. Frjálsleg stjórnskipun hvílir á því, að eðlilegt sé, að skoðanir manna séu oft og einatt skiptar. Flokkar eru myndaðir til þess að gera þeim, sem svipaðar skoðanir hafa, hægara fyrir að vinna að framgangi þeirra. Þá er það og skiljanlegt, eins og hv. þm. Str. sagði í gær, að nokkur metnaður eigi sér stað á milli manna, hvort sem er í sama flokki eða öðrum. Þarf slíkt eigi ætíð að vera til óþurftar.

En öllu þessu: skiptum skoðunum, flokkadrætti og persónulegum metnaði — verður að stilla í hóf. Þessi öfl mega aldrei verða svo áhrifarík, að þau sundri sjálfri ríkisheildinni eða að þau komi í veg fyrir, að lögmætri stj. verði haldið uppi í landinu.

Samkv. stjórnarskránni er það Alþ., sem á að tilnefna ráðherra. Með þessu er Alþ. ekki aðeins fenginn réttur, heldur er því lögð sú skylda á herðar að sjá landinu fyrir stöðugri stj. Má með sanni segja, að þetta sé hin helgasta skylda þingsins, sú, sem það sízt megi víkja sér undan. Hinu verður auðna að ráða, hversu hverju sinni tekst til um stjórnarframkvæmdir. Á enn við um það, sem forfeður vorir sögðu, að til frægðar skal konung hafa, en eigi langlífis.

Þess þarf nú eigi, að rifjað sé upp, hvílík ógæfa steðjaði að Alþ. og þjóðinni allri, er um nær tveggja ára skeið mistókst að mynda þingbundna stj. í landinu. Í þess stað gegndi ráðherrastörfum óþingræðisleg utanþingsstjórn.

Hefur óvirðing Alþ. aldrei orðið meiri en þegar þm. á s. l. hausti voru úr ráðherrastóli valin hin herfilegustu hrakyrði fyrir það, að þeir vildu ekki fylgja þýðingarlausu kaupþvingunarfrv. Mega hlustendur minnast þessa, því að þeim umr. var útvarpað. Er þar var komið, höfðu rætzt allar hinar verstu hrakspár um utanþingsstjórnina, og var þó vegur þm. sýnu minni, þar sem þeir virtust ekki einu sinni hafa úrræði til að losna við hina úrræðaminnstu, en tildursmestu stj., sem hér hafði setið frá dögum hinna dönsku hirðgæðinga fyrr á öldum.

Meðan þessu fór fram, mögnuðust verkföll og annar ófriður í landinu, en utan lands gerðust þeir atburðir, sem líklegir eru til að ráða örlögum mannheims og þar með Íslands um áratugi, ef ekki aldir.

Mér hefur ætíð verið það með öllu óskiljanlegt, að nokkur þm. skyldi una því að láta úrræðaleysi og öngþveiti ráða um stjórn landsins, meðan svo var statt, en taumlausa sundrung ríkja á Alþingi. Slíkt ástand var vissulega þyngra en tárum tæki, og áttu þm. í raun réttri ekki annan kost, ef eigi raknaði úr, en leggja niður umboð sín, allir í hóp, og láta aldrei meir sjá sig á mannfundum.

Þessu ástandi var aflétt með myndun núv. ríkisstj. Stjórnarmyndunin hefur nú þegar þvegið af þinginu slíka skömm og vakið þvílíkan fögnuð með þjóðinni, að von er, að menn spyrji: Af hverju tókst þinginu ekki að mynda stj. miklu fyrr? Á hverjum stóð?

Vakin hefur verið athygli á því, að tilraunirnar til stjórnarmyndunar tóku 100 vikur. Á þeim langa tíma voru stjórnarmyndanir reyndar með margvíslegum hætti. En það var sameiginlegt öllum tilraununum, sem í 97½ viku voru gerðar, að þá

átti Framsfl. að vera þátttakandi í stj. Það mistókst æ ofan í æ. Enda segir Eysteinn Jónsson nú, að samningarnir hafi aðeins verið á byrjunarstigi eftir 97½ viku, því fari fjarri, að Framsókn hafi þá verið búin að láta uppi allt, sem inni fyrir var. En þá höfðu hinir flokkarnir fengið nóg. Þá loksins var reynt að mynda stj. án Framsóknar. Sú tilraun hafði tekizt eftir 2½ viku. Gefur þetta strax nokkra bending um, á hverjum mest hafi staðið um þátttöku í stjórnarmyndun. Vita og nú orðið allir það, sem ekki aðeins var berum orðum sagt í viðræðum milli samningamanna flokkanna, heldur hefur og glögglega komið fram í málgögnum flokksins og á fundum, að forystumenn Framsfl. töldu ekki tímabært að mynda þinglega stj. Þeir töldu ekki tímabært fyrir þjóðina, að látið væri af illindum og horfið væri frá úrræðaleysi til styrkrar stj. og einlægs samstarfs.

Hvernig má það vera, að næststærsti flokkur þjóðarinnar taki slíka afstöðu? Er þar að verki einungis blint flokksofstæki, þrætugirni og metnaður, sem meinar öðrum samstarfs af ótta við, að það verði þeim til of mikils frama, ef tekizt gæti að eyða glundroða og öngþveiti úr þjóðlífinu?

Því miður verður að segja það eins og er, að þröngsýn flokkssjónarmið hafa eflaust ráðið of miklu um afstöðu Framsfl. Hann réð mestu um gerðir hinnar óhappasælu utanþingsstjórnar og taldi, eflaust með réttu, forréttindum sínum og forystumanna sinna vel borgið, á meðan hún væri við völd. Samfara þessu litu forystumenn flokksins svo á, að þeir hefðu beinan hag af því að halda við enn um stund og til kosninga glundroða og úrræðaleysi um almenningshag, í því skyni að geta sýnt fram á ófarnað þann, sem leiddi af hinni nýju kjördæmaskipun.

Slík flokkshyggja horfir til beinnar upplausnar í þjóðlífinu og er vissulega óverjandi. Hlýtur hún, meðan þessara atburða er minnzt, að verða til óvirðingar þeim, sem um hana hafa gerzt sekir.

En til sannmælis þeim forystumönnum Framsfl., sem þessu hafa ráðið, skal fúslega játað, að þeim eru margir hlutir vel gefnir. Við það að kynnast þeim hér á þingi og ekki sízt við að sitja með þeim á endalausum samningafundum, þá hef ég öðlazt sannfæringu fyrir, að þeir eru að ýmsu leyti mikilhæfir menn, kappsamir, fylgnir sér, vita glöggt, hvað þeir vilja, og því fer fjarri, að þeir séu þjóð sinni illviljaðir. Þeir eru engan veginn slíkir „undirmálsfiskar", sem einn af reyndustu útgerðarmönnum landsins nýlega nefndi þá.

En hvað er þá að? Af hverju hafa framsóknarmenn ekki fengizt til þess með öðrum að leggja hönd á plóginn, að láta í té krafta sína, sem vissulega eru ekki einskis nýtir, til viðreisnar þjóðfélagsins?

Það, sem að er, er það, að þeir hafa fallið í sömu gröf og margir valdamenn á undan þeim. Þeir rugla alveg saman hagsmunum sínum og flokks síns annars vegar og hagsmunum þjóðarinnar hins vegar.

Sá maður, sem gerþekkir þessa menn, hóf þá til valda og haldið hefur við fylgi þeirra með þjóðinni, hefur nýlega lýst því, hvernig það hefur snúizt til þjóðarógæfu, að þeir telja sér vera „áskapað" að vera ráðherrar. Er þeim að vissu leyti vorkunn, þótt hin langa valdaseta hafi um þetta ruglað dómgreind þeirra, ekki sízt þar eð sumir þeirra, sem ætla hefði mátt, að betur vissu, sýnast haldnir sömu villu, og er þó hv. þm. S.-Þ. sannarlega ekki í þeim hóp.

En þessi sannfæring Framsóknarforkólfanna hefur haft þau áhrif, að þeir af heilum hug trúa því, að þeir séu að þjóna föðurlandi sínu með því að koma í veg fyrir, að landinu sé stjórnað svo sem lög standa til, ef þeir sjálfir hafa ekki öll ráð ríkisstj. í hendi sér og skipa þar hinn æðsta sess. Þess vegna telur og hv. þm. Str., að öll óhamingja Íslands stafi frá þeim degi ársins 1942, er hann varð að láta af völdum eftir nærri átta ára ráðherradóm.

Þessu til viðbótar er það, að Framsfl. hefur ætíð, nema um nokkurra vikna skeið í haust, verið haldinn þeirri trú, sem einnig réð öllu um gerðir utanþingsstj., að umfram allt yrði að lækka kaupið í landinu. Er meira að segja á sumum að heyra sem þeim þyki þetta hafa allt of lengi dregizt.

Rétt er það að vísu, að atvinnuvegir landsmanna þola ekki hærra almennt kaupgjald en nú er greitt, enda er með stjórnarsamningnum tryggt, að almenn kauphækkun mun ekki eiga sér stað. Er það í fyrsta skipti, sem slík raunhæf trygging fyrir stöðvun kauphækkana fæst. Á hitt hefur verið nógsamlega bent áður í þessum umr., að undanfarin tvö ár hafa atvinnuvegirnir getað greitt það kaup, sem af þeim hefur verið krafizt, og enn þurfa þeir ekki á kauplækkun að halda.

Versta villa utanþingsstj. var einmitt sú að vera sí og æ að klifa um þvingunarlög til að knýja fram þá kauplækkun, sem enn þurfti eigi á að halda. Og öllum mátti vera það ljóst, að vonlaust væri að fá verkalýðinn til samstarfs, ef forsenda þess átti að vera kauplækkun, áður en afkoma atvinnuveganna gerði hana óhjákvæmilega.

Með þessu er ekki sagt, að síðar — og ef til vill áður en varir — verði ekki þörf á kauplækkun. En ótti um það mátti ekki lengur standa í vegi fyrir því, að komið væri á skaplegri stj. í landinu, sem sneri sér að raunhæfri lausn þeirra vandamála, sem fyrir liggja, og hæfist handa um þá uppbyggingu atvinnuveganna, sem Íslendingar nú í fyrsta skipti hafa fjármagn til, fjármagn og möguleika, sem viðbúið var, af alþjóðlegum ástæðum, að gengju oss úr greipum, ef áfram væri haldið að eyða tímanum í einskis verðar prætur.

Vandamál verðbólgunnar er hins vegar fyrst og fremst innlent viðfangsefni, deila um það, hversu mikið hver stétt skuli fá í sinn hlut, og sýnist það einsætt, að einlægt samstarf allra stétta muni líklegast til að koma í veg fyrir þjóðhættulegan ágreining þeirra í milli af þessum sökum eða öðrum. Þetta á ekki sízt við um verkamenn og vinnuveitendur. Ef báðir þessir aðilar vinna saman að því undir forystu ríkisvaldsins að útvega afurðunum sem allra bezta markaði og koma framleiðslutækjum og öllum aðbúnaði atvinnuveganna í sem bezt horf og sannfærast þá um, að þrátt fyrir þessa viðleitni sé kaupgjald of hátt, þá fyrst er eðlilegt, að kaup lækki, en þá verður líka að vænta þess, að um það verði samkomulag.

Andstæðingar stj. segja, að í þessu kenni of mikillar bjartsýni. Þar skilur á milli. Við sjálfstæðismenn treystum á skynsemi fólksins. En forystumenn Framsfl. hafa vanizt því á valdaferli sínum að vitna fremur til annarra mannlegra eig-

inleika en skynseminnar. Það sem annað á sína skýringu.

Á meðan Framsfl. fór með stj., var lengst af lítil velsæld í landinu. Forystumenn Framsóknar bjuggu og svo um, að sem flestir landsmenn ættu sem mest undir þá að sækja. Þeir tömdu sér það að telja bitana ofan í hvern mann. Þeir „hjálpuðu" mönnum um innflutning og opinbera styrki. Þeir vildu helzt, að allur landslýðurinn mændi vonaraugum til valdhafanna, og eftir getu reyndu þeir að láta hið rangláta íhald og aðra bersynduga verða úti í kaldri norðannepjunni, sem næddi af óvild stjórnarherranna. Forystumenn Framsfl. vöndust á að trúa því, að í slíku væri hin sanna stj. fólgin. Ef fólkið er ekki í skapi til að una þvílíkum stjórnarháttum, þá telja þessir menn, að það sé alls ekki „tímabært" að hafa löglega stj. í landinu.

Þeir hafa þess vegna nú talið sjálfum sér trú um, að það væri ekki tímabært að mynda stj., fyrr en hrun hafi átt sér stað, hrun, sem gerði hug almennings svo meyran, að unnt yrði að lækka kaup, og gerði hann móttækilegan fyrir blessun þá, sem að öllum líkindum er samfara ofstjórn Framsfl.

Aðrir geta aftur á móti ekki fallizt á þetta vanmat Framsóknarforkólfanna á skynsemi fólksins. Það er að vísu skiljanlegt, að forystumenn Framsfl. geri sér ekki ljóst, að allur almenningur hugsar ekki með sama söknuði til valdatímabils þeirra sem þeir gera sjálfir. En það mundi þó bæði sjálfum þeim og þjóðinni hollast, að þeir gerðu sér þess grein, að alþjóð hugsar með skelfingu til eymdaráranna, þegar Framsókn ein réð öllu. Atvinnuleysið og örbirgðin þá var að vísu ekki eingöngu röngum stjórnarháttum að kenna. En þeir áttu sinn þátt í því. Og Íslendingar eru staðráðnir í því að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að koma í veg fyrir, að sú saga endurtaki sig.

Við sjálfstæðismenn viljum ekki kaupa völd okkar því verði, að hrun og atvinnuleysi sverfi svo að fólkinu, að það þess vegna uni stj. okkar. Það er þvert á móti óhagganleg sannfæring okkar, að einbeita þurfi öllum kröftum til þess að koma í veg fyrir, að hrun og atvinnuleysi gangi á ný yfir íslenzku þjóðina. Við teljum, að allur ágreiningur verði að víkja til að forða föðurlandi okkar frá þeirri ógæfu og eymd, sem slíku væri samfara. Þess vegna var stj. mynduð.

Megi gifta Íslands verða slík, að sú stj., sem í þessum anda starfar, verði bæði til frægðar og langlífis.

Forseti (GSv): Hv. 6. þm. Reykv. hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls hv. 2. þm Reykv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti — Hv. 2. þm. S.-M. kvartaði um, að Sósfl. hefði ekki myndað stj. með Framsókn. Sósfl. hefur verið reiðubúinn til að mynda róttæka umbótastj. Þetta var reynt um nokkurt skeið með samningsumleitunum við Framsókn, sem margir héldu þá, að væri umbótaflokkur. En þegar farið var að tala við Framsókn um róttækar umbætur, kom það brátt í ljós, að hún var ekki aldeilis á því að fallast á slíkar umbætur. Allir samningar strönduðu á einu skilyrði Framsóknar, skilyrði, sem Framsókn alla tíð hefur haldið fast við: skilyrðinu um kauplækkun hjá verkamönnum. Það voru róttæku umbæturnar, sem Framsókn hugsaði sér.

Sósfl. þakkaði fyrir slík tilboð til verkalýðsins. Hann lét Framsfl. eiga sig með sínar eilífu kröfur um launalækkun, sína gömlu afturhaldspólitík. Það sýndi sig í reyndinni, að Framsfl., sem gengið hafði til kosninga sem vinstriflokkur, var afturhaldssamasti flokkur landsins.

Og nú þykist þessi versti afturhaldsflokkur landsins ætla að halda eldhúsdag yfir framsóknustu stj., sem að völdum hefur setzt á Íslandi. Og hann reynir að skera upp herör meðal allra íhaldsafla í þjóðfélaginu til að espa þau gegn stj., af því að hún sé allt of framsækin, allt of stórhuga, allt of djörf, — hún ætli sér að umskapa íslenzkan sjávarútveg, hún ætli sér að reyna að tryggja öllum Íslendingum góða afkomu með því að tryggja þeim öllum sem arðbærasta vinnu. — Slíkt má aldrei verða — hrópar Framsókn, þeir sem fylgi svona stj., taki á sig ægilega ábyrgð, — ábyrgð á hruninu, sem óhjákvæmilega hljóti að leiða af svona stjórnarstefnu.

Hrun verður að koma strax, — hrópar Framsókn. Það verður strax að lækka kaupið, — og þegar búið er að lækka kaupið, þá getum við farið að tala um útgerðina.

Já, — við skulum nú athuga ofur lítið feril Framsóknar í þessum útgerðarmálum. Ef til vill getur reynslan sagt okkur eitthvað um það, hvers konar kauplækkanir Framsókn telji nauðsynlegar, til þess að það megi fara að kaupa tæki til útvegsins, — og hvernig Framsókn mundi þá breyta, ef hún réði. Og ef til vill kemur það þá í ljós, hvort það sé ekki meiri þörf á allsherjareldhúsdegi íslenzku þjóðarinnar yfir Framsókn en á eldhúsdegi Framsóknar yfir róttækustu stj., sem Alþingi Íslendinga hefur myndað.

Dagsbrúnarkaupið er nú kr. 2.45 um tímann, grunnkaupið, með 8 stunda vinnudegi — eða kr. 6.60 með dýrtíðaruppbót. Hvað skyldi nú Framsókn álíta, að Dagsbrúnarkaup eða kaupið á togurum yrði að lækka til þess að ráðlegt væri að kaupa nýja togara? Hver skyldi vera heilbrigði grundvöllurinn, sem EystJ var að tala um? Væri nóg, að kaupið lækkaði niður í 5 kr., 4 kr., 3 kr., 2 kr., — eða þyrfti máske grunnkaupið að lækka niður í kr. 1.45, eins og það var fyrir stríð, svo að Framsókn væri ánægð?

Hvernig var það þá fyrir stríð? Þótti Framsókn kaupið nógu lágt þá? Fannst henni þá tími til kominn að auka sjávarútveginn, stofna ný félög til atvinnurekstrar í útgerð, því að ekki vantar, að alltaf hafi henni verið ljós þörfin á nýsköpun atvinnulífsins, segir EystJ. Reyndi hann þá að einbeita orku þjóðarinnar að eflingu sjávarútvegsins? Við skulum athuga málið.

Enginn mótmælir því, að sjávarútvegurinn fyrst og fremst flytji þjóðinni lífsafkomu hennar, — sé sá grundvöllur, sem þjóðarbúskapurinn byggist á, hvernig svo sem sú útgerð á hverjum tíma ber sig fyrir eigendur tækjanna reikningslega. Fyrir þjóðarheildina hefur hún alltaf borgað sig, alla þessa öld verið aflgjafi framfara hennar og menningarviðleitni. Og stórvirkustu tækin í sjávarútveginum hafa alltaf verið togararnir. Það hefur því alltaf legið í augum uppi, að efling sjávarútvegsins og sérstaklega togaraútgerðarinnar hlaut

að vera meginstefna hverrar stjórnar, sem vildi framför með þjóðinni.

Það eru nú 17 ár, síðan Framsókn tók við völdum á Íslandi, — 17 ár, sem hún sem stærsti og ráðandi flokkur landsins hefur haft tækifæri til þess að sýna sig og stefnu sína og nýsköpunaráhuga sinn í íslenzkum sjávarútvegi. Þegar Framsókn tók við völdum 1927, voru 48 togarar á Íslandi. Þeim hafði fjölgað um 30 á 8 árum þar áður, voru aðeins 19 árið 1919. Kaupið var vafalaust nógu lágt að áliti Framsóknar. Dagsbrúnarkaupið var kr. 1.20, sjómannskaupið í vissu samræmi við það. Í 12 ár fékk Framsókn að ráða, án þess að nokkurt stríð kæmi til. Eftir þau 12 ár, árið 1939, var tala togaranna komin niður í 36. Floti, sem var í röð beztu flota árið 1927, var á leiðinni að verða ryðkláfasamsafn, sem ekki fékkst endurnýjaður.

Bar togaraútgerðin sig á þessum valdaárum Framsóknar fyrir stríð, 1927—39? Hún bar sig fyrir þjóðarheildina. En fyrir eigendurna? Meginið af togurunum var rekið fyrir lánsfé úr bönkunum. Framsókn réð bönkunum og vöxtunum, sem þeir tóku af útgerðinni. Vextirnir voru 6—8%. Það mun láta nærri á þessu tímabili, að vaxtafúlgan, sem togararnir greiddu til ríkisins, hafi verið álíka og „tapið" á þeim. En Framsóknarvaldinu datt ekki í hug að slaka á vaxtaklónni. Það hrópaði bara, að kaupið væri of hátt. Og það sá með pólitík sinni um það, að ekki var lagt í að kaupa nýja togara, þannig að togaraflotinn ykist. Og þó að menn vildu reyna að fá sér önnur fiskiskip, þá stóð Framsóknarvaldið líka á móti. Hvað eftir annað var neitað um gjaldeyri fyrir fiskiskipum.

Þegar við sósíalistar fluttum till. hér á þingi fyrir stríð um, að ríkið styddi fiskimenn til kaupa á dieselvélbátum 50—125 tonna, þá steindrap Framsóknarvaldið þær till. Þetta var umhyggjan fyrir nýsköpuninni í sjávarútveginum, þegar Framsókn réð og kaupið var sem lægst.

Tjónið, sem þjóðinni hefur verið bakað með þessu afturhaldi, verður seint of hátt metið. Og hver er ástæðan? Hin raunverulega ástæða er, að Framsókn er fjandsamleg þróun sjávarútvegsins og mun svo lengi sem hún er til reyna að finna átyllu til þess að stöðva hana. Hún vill ekki, að Íslendingar einbeiti sér að sjávarútveginum, sem er sá atvinnuvegur, sem gefur þjóðinni mest í aðra hönd. Framsókn óttast vöxt bæjanna og hatast við hann, af því að hún finnur, að hún missir pólitísk tök á því fólki, sem til bæjanna flyzt. Þess vegna stendur hún í veginum fyrir eðlilegri þróun atvinnuveganna á Íslandi. EystJ reynir að verja afturhald Framsóknar með gjaldeyrisskorti. Gjaldeyririnn var til. Sjávarútvegurinn sá fyrir því. Gjaldeyririnn var ekki mikill, en nógur til þess, að hægt var að flytja inn hitt og þetta, líka vélar og framleiðslutæki.

Og Framsókn úthlutaði gjaldeyrinum. Og það þótti mikil náð að fá gjaldeyri til nýrra fyrirtækja. Og það þótti helzt vænlegt að fá þann gjaldeyri, ef framsóknarmaður var með í félaginu, sem um gjaldeyrisleyfi sótti. Það bar ekki á því, að framsóknarmenn kærðu sig um að fara í félög til þess að reka útgerð. Því meir lögðu þeir upp úr að fara í félög, sem framleiddu hitt og þetta í skjóli innflutningshafta, t. d. rándýrar vörur til að selja þeim, sem unnu við sjávarútveginn og framleiddu gjaldeyrinn. En ef útvegsmenn vildu fá að flytja inn skip og borga þau með gjaldeyrinum, sem þeir framleiddu með þeim, þá lagði Framsókn blátt bann við.

Hatrið til sjávarútvegsins gerði það að verkum, að pólitík Framsóknar varð þjóðinni beinlínis fjandsamleg. Heill og framtíð þjóðarheildarinnar var fórnað fyrir pólitíska hagsmuni og völd framsóknarbroddanna. Svo hatramur var þessi ótti við vöxt bæjanna, þetta hatur til vaxandi sjávarútvegs, að í hvert skipti, sem að kreppti í bæjunum, kvað við sama ópið frá Framsókn: Yfirgefið bæina! — Hún heimtaði, að fólkið flyttist upp í sveit, þó að nákvæmlega sama kreppan og vandræðin væru þar og fólkið alltaf að flosna upp.

Þegar húsnæðisvandræði og atvinnuleysi voru hér í Reykjavík á árunum fyrir stríð og auðsætt virtist að reyna að bæta úr hvoru tveggja með því að láta atvinnulausa byggingarverkamenn reisa hús, þá setti einn fyrrv. ráðh. Framsóknar fram þá kröfu, að bankarnir yrðu að stöðva lán til húsbygginga í Reykjavík, — Reykjavík mætti ekki stækka meir.

Og hvað hafði Framsókn svo að bjóða þessu fólki, sem hún vildi reka upp í sveitirnar?

Það er líklega enn í manna minnum, þegar ungur, áhugasamur framsóknarmaður skrifaði grein til Tímans til þess að spyrja, hvað hann ætti að gera. Hann vildi fara að gifta sig og reisa bú í sveit, en skorti efni. Einn þáverandi þm. Framsóknar svaraði honum í Tímanum. Svarið var: Farið þið hjónin í vist í sveit. Vinnið þar nokkuð mörg ár. Það er gott fyrir bóndann, og þið getið eignazt nokkrar rollur, — og máske getið þið þá seinna fengið jörð. Þetta voru framtíðarhorfurnar, sem Framsókn bauð fólkinu, meðan kaupið var lágt, aðeins ¼ hluti þess, sem það er nú: að fara upp í sveit og vinna fyrir enn þá lægra kaupi, — helzt sem matvinnungar.

Og þessi Framsfl., sem aðeins hafði svona horfur upp á að bjóða, hann er nú að reyna að hræða þjóðina frá nýsköpuninni með því að hrópa: Það kemur bara hrun og öngþveiti, — fáið þið okkur framsóknarmönnum heldur völdin.

Hvenær hefur þjóðin á friðartímum þekkt annað en hrun og öngþveiti, kreppu og taprekstur, ef Framsókn hefur haft völdin?

Sumir vilja máske halda, að það að búa þannig að sjávarútveginum og bæjunum hafi verið einhver búhyggindi Framsóknar fyrir hönd bændastéttarinnar. En því fer fjarri. Efling íslenzks landbúnaðar og batnandi afkoma íslenzkra bænda byggist einmitt á vaxandi mannfjölda í bæjunum og góðri afkomu bæjarbúa, svo að bændur fái þar góðan markað fyrir vörur sínar. Fyrir alla aðila er því hin þröngsýna pólitík Framsóknar skaðleg — þessi pólitík, sem undir því yfirskini að hjálpa bændum vill binda þá við sveitina í þeirri von, að þeir styðji Framsókn til valda.

En hvernig stendur á því, að flokkur, sem svona er innrættur, skuli hafa getað náð miklu fylgi um tíma með þjóðinni og jafnvel verið álitinn vinstri flokkur og blekkt róttæka sveitamenn til fylgis við sig? Framsfl. hefur frá upphafi falsað á sér heimildir. Þegar hann hóf göngu sína, þóttist hann vera hinn framsækni, víðsýni framfaraflokkur bæja og sveita. Aðalleiðtogi hans JJ kallaði hann þá oft „vinstrimannaflokk." Ég skal lofa ykkur

að heyra, hvað JJ sagði um Framsókn, þegar hún hóf göngu sína. Það getur að lesa í grein hans: Nýr landnámsgrundvöllur, í Rétti 1918. Þar stendur:

„Þó að vinstrimannaflokkurinn spretti í skjóli bændaflokkanna, getur hann engan veginn orðið „agrar"-flokkur. Þröngsýnir og smásálarlegir bændur og sveitavinir geta ekki átt þar heima. Þeir lenda sjálfkrafa í fylkingarbrjósti hægrimennskunnar."

Þannig voru loforðin, þegar Framsókn hóf göngu sína. Með svona loforðum var róttæk sveitaalþýða ginnt til fylgis við Framsókn.

Nú hefur Framsókn kastað framfaragrímunni. Nú státar hún af þröngsýninni, elur á smásálarskapnum, ber sér á brjóst og hrópar: Við erum sveitavinirnir, einu sveitavinirnir, — allir aðrir eru óvinir sveitanna. — Enda hefur Framsfl. nú sjálfkrafa lent í „fylkingarbrjósti hægrimennskunnar", og þar stendur hún í dag, eins og menn hafa heyrt greinilega í þessum útvarpsumr.

Og nú setur Framsfl. alla sína von á það að hindra nýsköpun atvinnulífsins. Þessi flokkur, sem kallar sig „framsækinn" flokk, „vinstri" flokk, flokk sveitaalþýðu, — hann leggst í þessum umr. á kné og grátbiður peningamenn bæjanna, „stríðsgróðamennina", um að leggja umfram allt ekki fé í ný framleiðslufyrirtæki, — þeir geti tapað á því, ótætis verkalýðurinn vilji ekki lækka kaupið og það sé þess vegna öldungis ófært, að blessaðir stríðsgróðamennirnir fari að hætta auði sínum, sem þeir hafi aflað í sveita síns andlitis, í ný skip, þótt þjóðinni liggi á því.

Framsókn brýzt svo um á hæl og hnakka til að hindra nýsköpun atvinnulífsins, að engu er líkara en hún vilji segja við peningamenn Reykjavíkur: Leggið fé ykkar í fasteignir, braskið með hús, sprengið verð þeirra upp úr öllu valdi, kaupið jarðir, og komið jarðarverðinu í geip, setjið fé ykkar í heildsölufyrirtæki, og rakið saman auði á því, — en setjið það ekki í ný skip, nýjar verksmiðjur, ný framleiðslufyrirtæki. Þetta er bæn Framsóknar til stríðsgróðavaldsins í dag. Hver maður sér, að hið fyrra er þjóðinni til bölvunar, hið síðara er lífsskilyrði hennar. Framsókn getur vart sýnt þjóðhollustu sína rækilegar en með þessu.

Það er aumkunarverð sjón að sjá þennan flokk, sem einu sinni þóttist ætla að leiða sveitaalþýðuna í bræðralag við alþýðu bæjanna til frelsis og farsældar, knékrjúpa nú gróðamönnum bæjanna og heita á þá að bregðast þegnlegri skyldu sinni við þjóðfélagið, til þess að Framsfl. geti fengið tækifæri til þess að reyna enn einu sinni kaupkúgunaraðferðina: gerðardóm og ríkislögreglu, — fengið að gera úrslitatilraun til að hefta þróun íslenzks atvinnulífs og frelsis íslenzkrar alþýðu með því að keyra hvort tveggja í þrældómsfjötra.

En þetta er sjónin, sem blasir við allri þjóðinni í þessum umr. Hvað segja þeir róttæku sveitamenn, sem ár eftir ár hafa kosið framsókn sem vinstri flokk, um þetta?

En þó er þetta ef til vill ekki allra aumkunarverðasta sjónin, þegar litið er á Framsfl. og sviphreytingar hans í sögu nútímans. Framsfl. hefur við hverjar kosningar, sem fram hafa farið, boðað þjóð sinni, að hann hefði einu háleitu hlutverki að gegna, þýðingarmesta hlutverkinu, sem nokkur flokkur hefur gegnt í Íslandssögu síðustu alda. Foringi Framsóknar hefur tilkynnt fagnaðarboðskapinn eitthvað á þessa leið, hvað innihald snertir:

Sjá, í þjóðfélaginu berjast auðmenn og verkamenn. Þessi stéttastyrjöld er þjóðfélaginu stórhættuleg. Vér framsóknarmenn viljum vera mannasættir. Vér viljum bera vopn á klæðin. Vér stöndum á milli hinna andstæðu fylkinga og skorum á þá að slíðra sverðin. —

Og fyrir þrem árum náði þessi fjálgleiki Framsóknar hámarki sínu. Þá var sagt eitthvað á þessa leið, hvað innihaldið snertir:

Íslenzka þjóðfélagið er komið í mesta vanda, sem það hefur átt í síðan árið 1000. Þá lá við, að kristnir og heiðnir menn berðust og ryfu friðinn, — og nú liggur við, að kapítalistar og verkamenn berjist og rjúfi friðinn. Þá var það Þorgeir Ljósvetningagoði, sem barg friðnum og íslenzku þjóðinni. Nú er það Framsfl., sem ætlar að leika hið göfuga hlutverk Þorgeirs, að bjarga friðnum, sætta andstæðingana og bjarga þjóðinni. — Svo hljóðaði hinn fjálgi boðskapur Framsóknarleiðtoganna.

Og sjá! Framsókn skreið undir feldinn hans Þorgeirs — og lá þar lengi, hugsaði mikið og hugsaði djúpt — dreymdi stóra drauma.

Meðan Framsóknargoðinn lá undir feldinum, gerðust þau tíðindi, að verkamenn og auðmenn, hinar andstæðu fylkingar, kristnir og heiðnir menn 20. aldarinnar, tóku upp á því að sættast án milligöngu Framsóknar, slíðruðu sverðin, af því að þjóðarheill krafðist þess.

Og svo kom Framsóknargoðinn fram undan feldinum og sá, hvað gerzt hafði. Og hvernig brá hinum sjálfskipaða eftirmanni Þorgeirs Ljósvetningagoða við sættina, við uppfyllingu sinna dýru hugsjóna? Framsóknargoðinn ærðist. Hann hrópaði til þjóðarinnar: Þetta eru svik, þetta er samsæri gegn þjóðinni! Og hann hófst tafarlaust handa um að reyna að spilla sættunum, að reyna að æsa hvern flokkinn upp gegn öðrum, eina stéttina gegn annarri og bændur gegn þeim öllum.

Framsóknargoðinn hrópar í dag til verkamanna: Rjúfið griðin. Kæfið atvinnurekendur með nógu háum sköttum. Og til atvinnurekenda æpir Framsókn héðan úr þingsölunum: Brjótið verkalýðinn á bak aftur. Kúgið verkamenn til kauplækkunar með atvinnustöðvun og hruni. Þá skulum við hjálpa til með gerðardómsl. og her.

Og innan stjórnarflokkanna hamast Framsókn, allt hvað hún má. Hún vonaðist eftir að geta hindrað samstarf Alþfl. og Sósfl. í ríkisstj., af því að hún ætti einhver ítök í nokkrum mönnum innan Alþfl., sem andstæðir voru þessu samstarfi. Allt hefur þetta mistekizt fyrir henni. Smáerfiðleikum getur hún vafalaust komið af stað öðru hverju, — en eyðileggingu ekki. Til þess er leiðtogum stjórnarflokkanna allt of vel ljóst, hvert hún stefnir með þeim rógburði sínum, sem eigi hefur linnt, síðan sættir urðu um fyrstu stjórnarmyndun íslenzka lýðveldisins.

Framsóknargoðinn, sem aldrei fann nógu fjálgleg orð um, hve vel honum færi að leika hlutverk Þorgeirs Ljósvetningagoða, hefur umhverfzt á einu augnabliki í Mörð Valgarðsson og linnir nú ekki að rægja á milli þeirra, sem hann vill, að rjúfi griðin og taki að berjast að nýju, unz arfasátan logi og yfir ljúki.

Þetta mun vera einhver ljótasta myndbreyting, sem fram hefur farið á sjónarsviði íslenzkrar stjórnmálasögu.

Framsókn hefði aldrei átt að fara undir feldinn hans Þorgeirs. Þá hefði fallið niður í Mörð orðið minna.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. —Hv. 2. þm. S.-M., sem venjulega er fremur rökfastur, hefur nú brugðið af þeirri venju sinni og það svo mjög, að hann virðist alls ekki vita skil á réttu og röngu.

Hann sagði hér áðan, að dýrtíðinni hefði verið sleppt lausri haustið 1941—42 með andstöðu gerðardómsl. En í gær voru færð hér rök að því, að Framsfl. steig fyrsta skrefið til hækkunar dýrtíðinni með því að draga landbúnaðarvörurnar út úr haustið 1941.

Næsta skrefið voru gerðardómsl. í ársbyrjun 1942. Þá höfðu nokkrir iðnaðarmenn, meðal annarra járnsmiðir og blikksmiðir, farið fram á 15% kauphækkun. Þetta var ekki mikið, og yfirleitt var ástandið þannig, að verkalýðurinn var ánægður. Viðbrigðin frá atvinnuleysinu áður voru svo mikil, að menn kröfðust ekki mikils. En setning gerðardómsl. í ársbyrjun 1942 hafði þau áhrif, að iðnaðarmenn og verkamenn hófu skæruhernað, sem lyfti mjög undir dýrtíðina. Alþfl. varaði þá við þessum aðgerðum og dró þeirra vegna ráðh. sinn út úr stj. Ætlunin var að kúga verkalýðinn til hlýðni, og fyrir því var Stefáni Jóhanni Stefánssyni neitað um að gera grein fyrir afstöðu sinni til gerðardómsl. í útvarpinu. Það fór því í raun-inni saman tvennt: annars vegar, að tilraun var gerð til að kæfa málfrelsi eins ráðh. í ríkisstj., og hins vegar lúaleg tilraun til að lögfesta kaup þvert ofan í vilja vinnandi stétta í landinu. — Mér þótti vænt um að heyra hv. 6. þm. Reykv. tala hér um það, hve óviðkunnanlegt það væri, að setja l. um kaupgjald þvert ofan í vilja verkamanna. Ég lít á þetta sem viðurkenningu á því, að það hafi verið misráðið að setja gerðardómsl. Og það hryggir mig, að hv. 2. þm. S.-M. og flokksmenn hans, t. d. hv. þm. Str., sem talaði hér í gærkvöld, skuli enn halda fast við þá skoðun, að rétt sé að setja slík l. í landinu þvert ofan í verkalýðsfélögin, þó að reynslan hafi sýnt, að slíkt er ógerningur.

Hv. þm. Str. sagði í gærkvöld, að ríkisstj. væri á undanhaldi í kaupgjaldsmálum. Hvað meinar hann með undanhaldi í kaupgjaldsmálum? Það er auðsætt á öðru, sem þeir félagar hafa sagt hér, að með þessu eiga þeir við það, að ríkisstj. hafi látið fara fram falska samninga milli Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um þessi mál.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) sagði, að það undarlega hefði skeð í þessu máli, að Alþfl. hefði gengið til samstarfs við höfuðfjendur sína gegn loforðum um framkvæmdir á nokkrum áhugamálum hans. Það er svo að sjá sem framsóknarmenn haldi, að þeir eigi einhvern einkarétt á því að gera málefnasamninga við andstæðinga sína. Má í þessu sambandi minna á, að Framsfl. virðist ekki hafa elskað Sjálfstfl. sérstaklega nema í samvinnu með honum.

Hæstv. samgmrh. hefur rakið mjög skilmerkilega, hvaða mál það voru, sem Alþfl. taldi sér svo mikils virði, þegar hann gekk til þessarar samvinnu, að hann áleit rétt að taka þátt í þessari stjórnarmyndun. Þ. á m. voru launal., endurskoðun stjskr. og ýmis önnur mál, sem Alþfl. hefur barizt fyrir á undanförnum árum. Ég tel fyrir mitt leyti, að nýafstaðnir samningar um stjórnarmyndun séu í ýmsum atriðum allmiklu róttækari en samningar þeir, sem Alþfl. gerði við Framsfl. árið 1934. Þegar þetta er athugað, þarf engan að undra, þó að Alþfl. láti ekki gamlan ágreining um ýmis stefnumál verða því til fyrirstöðu, að gert verði samkomulag um ýmis mál, sem beinlínis geta orðið til þess að bæta lífskjör alþýðunnar í landinu, ef þau koma til framkvæmda.

Mér virðist, að hv. þm. sé ýmist að hálfvona eða jafnvel óska, að það verði hrun í landinu, af því að ekki fáist samningar um sölu á innlendri vöru til útlanda, eða hálfráðleggja peningamönnum í landinu að leggja ekki fé í atvinnufyrirtæki, af því að þau geti ekki borgað sig og féð hljóti því að tapast. Ég vil helzt ekki skilja hv. þm. á þessa leið, en því miður virðist ekki vera hægt að túlka ræðu hans á annan hátt. Nú má vel vera, að vandkvæði nokkur verði á því að selja með föstum samningum afurðir fyrir sama verð og samið hefur verið um undanfarin ár, og ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. eru kunnir þeir erfiðleikar, sem á því eru. Annað mál er það, að þótt þetta geti valdið allmiklum vandkvæðum, þarf það ekki frá mínu sjónarmiði að valda neinum vandræðum, vegna þess að við höfum hingað til ekki grætt fé á þeim afurðum, sem seldar hafa verið úr landi með föstum samningum. Það eru aðeins undantekningar. Undanfarin ár var selt síldarmjöl og síldarlýsi með föstum samningum, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er mjög hæpið, að fyrir það fáist sama verð og fengizt hefði fyrir það á frjálsum markaði, ef hægt hefði verið að flytja það út. Enn má benda á það, að seldur hefur verið fiskur kominn um borð í skip með föstu verði, og virðist á þann hátt aldrei hafa fengizt sambærilegt verð við það, sem fengizt hefði fyrir fiskinn með því að selja hann á frjálsum markaði í Englandi um sama leyti. Ég vona því, að eitthvað fari að rætast úr þessu, þegar hægt verður að selja fiskinn á frjálsum markaði.

Ég gat þess áðan, að sú stefna ríkisstj. að bæta úr atvinnuleysi og lífskjörum almennings ætti sér formælendur víða um lönd og væri uppi alls staðar hjá hinum frjálsu, sameinuðu þjóðum. Bandaríkjamenn, sem höfðu lofað kauphækkun, stöðvuðu kaupið af styrjaldarástæðum. Nýjar fréttir frá Bandaríkjunum herma, að nú þegar verði byrjað að hækka kaupið, þó að ófriðnum við Þýzkaland sé ekki lokið. Þetta gera þjóðir, sem eiga í styrjöld og eiga við mikla örðugleika að etja, en telja sér þó ekki vænlegt annað en fara þegar að efna loforðin um kauphækkun, sem þó ætti ekki að koma til framkvæmda fyrr en í stríðslok. Eftir sömu heimildum hefur verið lögð fyrir þing Bandaríkjanna löggjöf um almennar tryggingar, lækkun skatta á lágtekjumönnum og ýmsar ráðstafanir til að auka markaðinn.

Bandaríkjastjórn virðist vera nákvæmlega á þeirri sömu leið og hv. 2. þm. S.-M. reynir að gera nýju ríkisstj. tortryggilega fyrir í augum landsmanna.

Um leið og ég lýk máli mínu, verð ég að segja

það, að ég óska hv. 2. þm. S.-M. betra hlutskiptis en hann hefur hér í kvöld.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Aldrei mun ríkisstj. á Íslandi hafa setzt að völdum með meira yfirlæti en sú, er hér settist í ráðhstólana 21. okt. s.l. Aldrei munu valdamenn hér á landi hafa hrúgað saman meiri gyllingum um áform sín og væntanleg afrek og gefið þjóðinni eins ákveðin loforð um að gefa henni allt, sem hún girntist, ef hún vildi falla fram og tilbiðja þá. — (Hundruð skipa, véla, verksmiðja, hús, hvers konar tæki og peningar, eins og menn færu sjálfir fram á.) Og aldrei mun heldur nein ríkisstj. hér á landi hafa verið jafnveil, sjálfri sér jafnsundurþykk og með öllu ófær til raunhæfra, góðra verka og þessi sama stj. Ég hygg, að aldrei hafi verið gerð stórfelldari tilraun í íslenzkum stjórnmálum til að blekkja þjóðina og leyna hana raunveruleikanum í atvinnu- og fjármálum sínum heldur en sá grundvöllur, sem núv. ríkisstj. á Íslandi er á reist. — Að þessum orðum mínum skal ég nú leitast við að færa nokkur rök með fáum orðum.

Allir þekkja stefnuskrárræðu hæstv. forsrh., sem almennt gengur nú orðið undir nafninu „platan". Hæstv. ráðh. var ekki nóg að flytja hana á þingi, eins og venja er til áður, heldur varð hann svo hrifinn af henni, að hann talaði hana tvisvar eða þrisvar inn á plötu, svo að hann og aðrir landsmenn gætu sem oftast glaðzt við þann fagnaðarboðskap, sem hún hafði að geyma. Skrumið og yfirlætið er þar mjög áberandi.

Þá held ég, að óhætt sé að segja, að flestu því er lofað, sem menn hafa óskað, að komast mætti í framkvæmd hér á landi hin síðustu ár. Og framför og nýsköpun síðustu 17 ára er harla léttvæg fundin í samanburði við það. Öllu er hrúgað saman í eina allsherjarupptalningu, sem menn hafa rætt og látið sér til hugar koma, að framkvæma þyrfti, og menn fýsti að fá fram. Í raun og veru er stefnuskrárræða þessi ekki annað en upptugga á ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl), sem hann hélt hér í útvarpið í þingsölunum í haust, þar sem hann var að úthluta milljónunum, sem til væru í erlendum innstæðum og almennt var þá hlegið að og eitt stjórnarblaðið núverandi kallaði þá þær „rósrauðustu skýjaborgir" og mestu glópsku, sem heyrzt hefði af raunhæfum stjórnmálamanni. Þetta raus og yfirlæti voru svo stjórnarliðar með hæstv. forsrh. í fararbroddi að endurtaka hér í umr. í gærkvöld. En meinilla var þeim við það, að rætt væri, hvaða grundvöllur og aðstæður væru fyrir hendi um að koma þessum dýrðlegu áformum og loforðum í framkvæmd. Og við, sem erum að benda á þessi skilyrði, sem skapa verði, til þess að svo megi verða, við erum kallaðir afturhaldssamir, fjandsamlegir þessum góðu áformum — og helzt líklegir til að hindra þær. Einhvers staðar stendur þó í merkum fræðum, að góður húsameistari reikni húsið fyrst út, áður en hann tekur að reisa það, og að það hús, sem ekki sé sæmilega grundvallað, sé dæmt til að hrynja harla fljótt. Og svo hygg ég því miður, að verði afdrif þessara skýjaborga, sem hér hefur verið hrófað upp. Þjóðin sjálf, sem vissulega kann enn að líta raunhæft á hlutina, getur sannfært sig um það, ef hún athugar þann grundvöll, sem á er reist. Hv. þm. Str. (HermJ) lýsti hér skilmerkilega í gærkvöld þeim fjárhagsgrundvelli, sem fyrir hendi er. Ríkið vantar stórfé, 30—40 millj. kr., til að standast venjuleg rekstrarútgjöld á þessum mestu veltutímum, sem yfir þjóðina hafa komið. Og ekki er vitað um eða fram komið, að hæstv. ríkisstj. sé búin að afla fjár til þessa, eins og lofað var, — hvað þá, að hún sé með fullar hendur fjár til nýsköpunarinnar, eins og hún lætur í veðri vaka. Greiddir eru nú tugir millj. kr. til að halda rekstrarkostnaði niðri innan lands, svo að ýmsar starfsgreinar stöðvist ekki. Í sjávarútveginum, þar sem aðalnýsköpunin á fram að fara, eftir því sem hæstv. atvmrh. sagði hér í gærkvöld, virðist miklu meiri áhugi á því að losa sig við og selja skip og tæki en kaupa þau, og svo virðist jafnvel vera um hæstv. forsrh. sjálfan, eins og kunnugt er. Allur tilkostnaður innan lands er orðinn tvö- til þrefaldur á við það, sem er hjá nágrannaþjóðum vorum, sem við eigum nú bráðum að fara að keppa við á mörkuðum og vissulega munu ekki hafa verri tæki í höndum en við, þegar til kemur.

Þá er vitað, að út á við hefur þjóðin undanfarin ár hvergi nærri getað fengið þær vélar og tæki, sem hún hefur óskað eftir og talið sig þurfa á að halda, og sennilega batnar það ekki, þegar styrjöldinni lýkur og allar þjóðir þurfa að fara að nota í stórum stíl þau sömu tæki til að byggja upp hjá sér eftir hina ægilegu eyðileggingu styrjaldarinnar. Sjálf er svo ríkisstj. mynduð af hinum ósamstæðustu öflum þjóðfélagsins, sem fátt eiga sameiginlegt í stjórnmálum nema ábyrgðarleysið og kapphlaupið hver við annan um skrumið og loforðin. Fyrir þessu öllu sem æðsti maður og fyrsti stendur svo hæstv. núv. forsrh., sem mun vera einna líklegastur allra íslenzkra stjórnmálamanna til þess, — a. m. k. að því er við framsóknarmenn þekkjum til, — að geta með jafnmiklu jafnaðargeði gengið frá loforðum sínum og heitum og honum er létt um að gefa þau. Það mun því mega fullyrða, að sú stj., sem þannig er mynduð, sem á slíkum fjárhagsgrundvelli er reist og samið hefur um að reyna að viðhalda honum svo lengi sem unnt er, — auka dýrtíðina, auka útgjöldin um tugmilljónir og telja þjóðinni trú um, að allt sé þar í bezta lagi, og hindra þannig nauðsynlegar aðgerðir til umbóta, — slík stj. er stærsta hindrun, sem nokkurn tíma hefur verið lögð í veg nýsköpunar í atvinnulífi á Íslandi.

Það er þá líka þegar að koma í ljós, að nýsköpunarstefnuskráin, sem hæstv. forsrh. líkti hér í gærkvöld við „nýju fötin keisarans", sem sjálfsagt fer næst sannleikanum af öllu, sem hann sagði, — hún er meira gerð til að fá fylgi fólksins, til að standa að valdabrölti og flokkshagsmunum þessara manna, en af áhuga á að verða fólkinu að liði og koma fram umbótum og nýsköpun í lífi þess. — Hæstv. atvmrh. lét lesa hér upp fyrir sig í gærkvöld hótun til bændastéttarinnar um það, að hún skyldi engrar nýsköpunar verða aðnjótandi, nema hún yrði þæg og auðsveipin — og veldi sér forystumenn, sem þægir og auðsveipir væru þessum nýju valdhöfum. Það er talið ráðlegt að byrja á að brjóta loforðin, því að ekki veit ég betur en í stefnuskránni sé ákveðið a. m. k. 50 millj. kr. í gjaldeyri til nýsköpunarinnar í landbúnaðinum, áburðarverksmiðju, efni til rafvirkjunar og annað slíkt. Og hér er ekki látið sitja við

orðin ein. Fyrsta mál nýsköpunarinnar, áburðarverksmiðjan, var nýlega til meðferðar á þingi, og stjórnarliðið sameinaðist um að slá því máli á frest, og er það þó vissulega langbezt undirbúna málið, sem í nýsköpuninni er áformað, og sennilega eitt af þeim fáu fyrirtækjum, sem talið er þó sennilegt, að geti borið sig fjárhagslega, jafnvel í núverandi ástandi í landinu. En sennilega má ég nú ekki minnast á, að hlutir eigi að bera sig, til að hneyksla ekki hæstv. forsrh. Honum virðist vera orðið meinilla við það orðatiltæki. Þessari hótun hæstv. atvmrh. er beint til bændanna, um leið og þeir eru víttir fyrir, að þeir séu langsamlega aftastir í allri tækni og framförum, — og þá sennilega meðfram vegna þess, að þeir eru sennilega eina stéttin, sem er reiðubúin að taka þátt í raunhæfri nýsköpun og vinna, jafnvel undir núverandi fjárhagsástæðum í landinu. Það er vitað, að þeir hafa pantað vélar og biðja um vélar — og það í svo stórum stíl, að það mun ekki vera nema ⅓ af óskum þeirra, sem hægt hefur verið að fullnægja síðustu árin.

Annars held ég, að þeir kjósendur í bændastétt, sem eiga þm. í stuðningsliði stj., ættu að fara að endurskoða afstöðu sína, þegar þeir heyra, hversu sú stj. er þeim vinveitt, sem þm. þeirra styðja til valda. Það er bersýnilegt, að lítið mark eða tillit er tekið til slíkra fulltrúa í núv. ríkisstj. Þeir eiga að þjóna, en ekki að drottna, og mun það satt vera hjá hæstv. atvmrh. En trúlegt þætti mér, að enn væri sá metnaður íslenzkra bænda við lýði, að þeir þakki vinsamlegast fyrir sig um að eiga fulltrúa, sem í einu og öllu selja sig bæjarvaldinu í hendur — og þá svo frýnilegt sem það er nú undir forystu stríðsgróðamanna og Moskvamanna.

Hæstv. atvmrh. (ÁkJ) lét enn fremur skila áliti sínu á íslenzkum landbúnaði, og endurtók hv. 8. þm. Reykv. allt það sama hér í kvöld, að því viðbættu þó, að landbúnaðurinn hefði fengið yfir 100 millj. kr. í styrki nú á stríðsárunum og væri þannig eini atvinnurekstur í landinu, sem ekki hefði borið sig. (Hæstv. dómsmrh. taldi hins vegar, að þetta væri alls um 57 millj. kr.) — Á hann þar víst við þær upphæðir, sem greiddar hafa verið til að greiða niður dýrtíðina. En hverjum hefur það verið í hag? Sannarlega ekki bændunum. Það er gert vegna þess, að hv. þm. o. fl. hans líkar hafa magnað svo dýrtíðina, að margir aðrir atvinnuvegir geta ekki borið sig, nema þessi niðurgreiðsla fari fram. — Hann sagði, að landbúnaðurinn væri orðinn úreltur og aftur úr, dreifbýlið yrði að leggja niður, — og eru þá víst æði margar sveitir á Íslandi, sem leggja á í auðn. Og það er varla að efa það, að svo verður brátt, ef slíkt stjórnarfar, sem nú er og hefur slíkan skilning á íslenzkum landbúnaði, á lengi að ríkja hér í landi.

Hæstv. ráðh. sagði, að landbúnaðarafurðir væru allt of dýrar og til að framleiða ódýrar yrði að færa byggðina saman og nota eingöngu vélar til allra starfa. Og víst er um það, að engir hafa sótt fastar að auka vélakost sinn og nýskapa land sitt en bændurnir. En eitt er þó við þessa kenningu hæstv. ráðh., sem vert er, að gaumur sé gefinn, áður en stjórnar- eða valdboð er út gefið um að leggja dreifbýlið niður og færa allt til stóryrkju byggðrar á véltækni einni, og það eru nokkur bú í nánd við bæina og rekin af þeim, sem þannig eru úr garði gerð eins og hæstv. ráðh. vill hafa þau, — m. a. eitt í kjördæmi hans á Siglufirði, annað á Ísafirði og ríkisbú hér í grennd við Reykjavík. Og þau eru öll rekin með tapi þrátt fyrir hið háa afurðaverð, meðan kommúnistar segja a. m. k., að bændur í dreifbýlinu séu að stórgræða. Og hér í grennd við Reykjavík keypti bærinn nýverið mikla jörð og vel hýsta og ræktaða, Korpúlfsstaði, þar sem hægt er að heyja mörg þúsund hesta á véltæku, ræktuðu landi og nýverið var framfleytt um 300 kúm. Aðalstuðningslið hæstv. ríkisstj. hefur þetta bú og rekur nú. En hvernig? Þar eru 20 kýr, að mér er sagt, slægjur leigðar á túninu og geðveikissjúklingar hafðir í húsunum. Reykjavík vantar mjólkurafurðir oft og tíðum, og borgarbúar kvarta undan því. En vill ekki hæstv. ráðh. spyrja stuðningsmenn sína og flokksmenn, hvers vegna þeir reki þetta bú á þennan hátt, — hvort það sé til að verða af stórgróða fyrir bæinn og til að auka skort bæjarbúa á mjólkurvörum? — Allt væri þetta hollt til íhugunar þeirri ríkisstj., sem lét atvmrh. sinn flytja bændum þennan boðskap sinn hér í gærkvöld.

Hæstv. forsrh. lýsti því með mörgum orðum, að hann hefði ekki ætlað sér í ríkisstj., sem mynduð væri með Framsfl. Fyrst hæstv. forsrh. fór að gera þetta að umtalsefni, er rétt, að það komi fram, að hann gerði ráðstafanir til að grennslast eftir því, hvernig því mundi verða tekið af Framsfl., að hann yrði forsrh. í slíkri ríkisstj. Og hann fékk ákveðið að vita, að Framsfl. mundi aldrei samþ. slíkt eftir þá reynslu, sem af honum fékkst í samstarfi við hann áður. Eftir það fór hann að gefa út yfirlýsingar sínar, þar sem hann talaði um, að hann vildi þetta ekki. Og eftir að hæstv. ráðh. fékk þessa vitneskju, gekk hann skilyrðislaust að öllum kostum kommúnista. Hitt vita allir þm. Framsfl., að HermJ lýsti yfir því, að hann vildi alls ekki verða ráðh., þótt Framsfl. tæki þátt í ríkisstj.

Það má segja, að verk ríkisstj. séu fá enn, sem dómur verður á lagður. En stefna hennar er augljós: að reyna í lengstu lög að leyna þjóðina, hversu ástatt er um fjármál hennar og atvinnulíf, þegar horfast á í augu við komandi verkefni og vandamál eftirstríðsáranna næstu.

Það á ekki að vara við hættum og því síður að gera neitt til að forðast þær, — hættum þeim, sem sjúkt fjármála- og atvinnulíf þjóðarinnar er í eftir fellibylji styrjaldarinnar. Gleiðgosaháttur, gorgeir og skrum á að vera smyrsl við öllu slíku. En eitthvað er það ólíkt leiðtoga Breta, Churchill, sem allir dá og nú er að leiða þjóð sína til sigurs gegnum brotsjói stærstu styrjaldar veraldarinnar. Hann taldi sig þurfa að segja þjóð sinni allan sannleikann til að geta búið hana til sigurs.

Vér erum að vísu ekki í slíkum sporum, sem betur fer, en vér erum þó í vissum skilningi að leggja til orustu, að heyja baráttuna, að vinna friðinn, sem kallað er, tryggja frelsi vort í framtíðinni, menningu vora, mannréttindi, atvinnulíf og allan þjóðarhag.

Til þess að það stríð vinnist, þarf þjóðin örugga forystu, sem þorir að segja sannleikann eins og hann er og horfast í augu við raunhæf vandamál, hvort sem einum líkar betur eða verr.

Og háskalegust alls er nú sú falskenning, að krónufjöldinn eða hæð tölunnar séu þau raun-

verulegu verðmæti, hvort sem það er í launagreiðslum verkamannsins, afurðaverði bóndans eða innstæðum gróðamannsins. Sú trú leiðir af sér gengislækkun, eyðing verðmætanna, sem fengin eru, og fjárhagslegt hrun, fyrr en varir.

Kaupmáttur gjaldmiðilsins er eitt, sem máli skiptir, og það, að sá kaupmáttur rýrni hjá engum, hvorki verkamanni, bónda né gróðamanni, þótt tölurnar séu færðar niður og helzt til samræmis því, sem þjóðirnar, sem við eigum að keppa við, hafa nú hjá sér. Það er eina vonin til þess, að hægt sé að viðhalda lífskjörum almennings í landinu, að á þessu sé ráðin bót nægilega fljótt, annars hljótum við að tapa, bæði því, sem við höfum eignazt, og líka baráttu okkar um að vinna friðinn og tryggja frelsi okkar í framtíðinni. Á þessu hefur íslenzk bændastétt fullan skilning, og þess vegna mun hún einhuga spyrna gegn þeim óheillaöflum, sem nú eru ríkjandi í fjármálum og atvinnulífi þjóðarinnar og verið er að reyna að telja þjóðinni trú um, að muni leiða hana inn í einhver rósrauð hillingalönd.

Því miður hefur meiri hl. þings enn þá einu sinni gefizt upp við að ráðast gegn dýrtíðinni og ráða bót á meinsemdum hennar og í þess stað myndað stj. eins og 1942 til að láta berast með straumnum og fljóta enn þá nær feigðarósi. Þar eiga aðalvandamálin að hvíla sig enn sem fyrr, en verzla á um fé og fríðindi eins og 1942 og halda gulldansinum áfram.

Það verður samt að vona það, að fleiri og fleiri vitkist með þjóðinni í þessum efnum, eftir því sem dómgreindin skýrist, eftir gullvímuna, og að því mun Framsfl. vinna, eftir því sem tök eru á, í fullri vitund þess, að barátta hans í þeim efnum er barátta fyrir fjárhagslegu og þá um leið fullkomnu frelsi þjóðarinnar allrar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Hv. þm. V.-Sk. (SvbH) deilir á stj. fyrir það, að hún væri ekki búin að leggja fram till. sínar um nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð, hvað þá, — hann lagði mikla áherzlu á þetta „hvað þá", — þessar 300 millj., er hún ætlar til nýsköpunar. Það þótti honum sýnilega hin mesta goðgá. Þetta er málflutningur, sem hæfir vel þessum hv. þm. Sjálfur stendur hann að frv. um að leggja 500 millj. í nýsköpunina. Mætti ég leyfa mér að spyrja, hvar Framsókn eigi þessar 500 millj. geymdar? Stjórnarflokkarnir hafa gert fulla grein fyrir, hvar þeir ætla að taka þetta fé, eins og margsinnis hefur verið tekið fram hér í þessum umr.

Sami hv. þm. taldi bændum sýndan mikinn fjandskap, ef ekki yrði lögfest frv. um áburðarverksmiðju. Sannleikurinn er sá, eins og nú er upplýst — og þá fyrst og fremst af rannsóknaráði ríkisins, að þetta frv. hefur fengið alveg óvenjulega lélegan undirbúning, og má telja, að ekki standi steinn yfir steini af þeim áætlunum, sem frv. fylgdu af hendi fyrrv. stjórnar. Það er því gert beinlínis til að forðast það, að verksmiðjan, ef reist verður, leggist sem baggi á bændurna, að bæði bændur og aðrir hér á þingi vilja láta rannsaka málið nánar, áður en ráðizt verður í þetta risafyrirtæki, sem kostar margar millj. kr. eða kannske milljónatugi.

Bæði þessi hv. þm. og aðrir umboðsmenn Framsfl. hafa verið að dylgja um það, að h/f Kveldúlfur hafi selt nokkuð af togurum sínum, og vilja þeir með því rökstyðja, að Kveldúlfur sé vantrúaður á nýsköpun stj. Nú er þessi Kveldúlfur, sem annan daginn er hið óþrifalegasta fyrirtæki og mesta grýla í augum framsóknarmanna, orðinn eins konar véfrétt, sem öllum beri að dá og fara eftir. En h/f Kveldúlfur selur togara sína af því, að þeir eru gamlir, og Kveldúlfur veit, að arðvænlegra er að reka ný skip en gömul. Sala Kveldúlfstogaranna sýnir því, að Kveldúlfur aðhyllist nýsköpunarhugmynd stj., enda ætlar félagið að kaupa ný skip fyrir andvirði hinna gömlu.

Þá vék þessi hv. þm. að Korpúlfsstaðabúinu og skýrði frá því til ámælis stjórnarflokkunum í bæjarstjórn Reykjavíkur, að nú væri búið að leggja í eyði þetta blómlegasta býli landsins; þar hafi verið 300 kýr, sagði þessi hv. þm. grátklökkur í málrómnum, en nú væru kýrnar aðeins 20, en hins vegar væru húsakynnin notuð fyrir geðveikt fólk.

Ég held nú, að þessi hv. þm. hefði ekki átt að minnast á þetta mál. Það er alveg rétt, að Korpúlfsstaðir voru langstærsta býli landsins og á búum Thors Jensens voru á milli 400 og 500 gripir. Það er líka rétt, að þessu er öllu lokið. En hvers vegna? Það er vegna þess, að einmitt þessi hv. þm. komst til æðstu valda í mjólkursölumálunum. Honum tókst að fara svo með þau völd, að nú er talið réttara „til samræmingar" að reka geðveikrabú á Korpúlfsstöðum en kúabú.

Loks sagði þessi hv. þm., að það hefði ekki verið fyrr en mér var kunnugt um, að Framsfl. vildi ekki fallast á mig sem forsrh., að ég hefði snúið bakinu við þeim og farið að láta dátt að verkalýðsflokkunum. Þá væri það annað með Hermann Jónasson, — hann hefði sagt sínum flokki, að hann mundi ekki fara í stjórnina.

Ég get vitnað undir marga hv. þm. Framsfl., sem betur fara með sannleikann en þessi hv. þm., að ég hef hvað eftir annað síðustu nær tvö árin sagt þeim, að ég teldi, að Framsfl. og Sjálfstfl. ættu ekki að hafa sína fyrri ráðh. á oddinum, heldur velja nýja menn, sem líklegri væru í bili til góðrar samvinnu. Ég hef margsagt þessum mönnum, að það væru næg ráðherraefni í okkar flokki og ég tryði því ekki, að þeir teldu sig svo fátæka, að þeir ættu enga menn, sem gætu setzt í þá stóla, nema Eystein Jónsson og Hermann Jónasson.

Það, sem þessi hv. þm. segir um, að Hermann Jónasson hafi tjáð flokki sínum, að hann vildi ekki fara í stj., er að vísu satt, en það er ekki nema hálfur sannleikurinn. Hann sagði við sinn flokk, að eins og þeir hlytu að skilja, þá væri ekki hægt að ætlast til, að hann, — hann, sem hefði verið forsrh. í mörg ár, gæti tekið óvirðulegra sæti í stj. en sitt fyrra embætti. Ég læt ósagt, hvort hv. þm. Framsfl. hafa „skilið" þá hugsun, en ég held ég þori að segja, að þeir eru þá einir um það.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) var að reyna að þvo af sér ámælið fyrir að hafa nú snúizt gegn öllu því, sem Framsfl. vildi fylgja, meðan hann ætlaði sjálfur í stj. Bar hann nú fram ýmsar spurningar um hvenær Framsfl. hefði verið fús að ganga í stj., ef þetta eða hitt hefði átt að gera, sem nú hefur verið ákveðið að gera. Sannleikurinn er sá, að flest þessi atriði var Framsfl. búinn að aðhyllast,

eins og ég sannaði í gær, en á hin minntust þeir ekki einu orði, meðan á samningsumleitunum stóð.

Hv. þm. sagði, að í samningunum hefði ég viljað stöðva kaupið nema til samræmingar. Þetta er rétt. Þetta sagði ég þá. Og þetta segi ég enn. Og þetta er einmitt það, sem stj. beitir sér nú fyrir. Í þessu hafa því engin undarleg fyrirbrigði skeð, önnur en þau, að Eysteinn Jónsson, sem mælti fast með þessu, þegar hann ætlaði í stj., hefur nú allt á hornum sér út af því.

Um stjórnarmyndunina læt ég nægja að vísa til þess, er ég sagði í gær. Það var dramb og ofmetnaður Framsfl., sem kom í veg fyrir fjögurra flokka stj. og forðaði jafnframt Sjálfstfl. frá þeirri hættu, er yfir hann hefði verið færð, ef hann hefði hætt sér á þá hálu braut að mynda stj. með Framsfl. einum.

Á þingi vita allir, að þeir Eysteinn Jónsson og Hermann Jónasson bera á þessu ábyrgð. Hugarfar þeirra má marka af því, sem flestir hv. þm. vita, að er satt, hvað sem Eysteinn Jónsson segir, að Hermann Jónasson gekk meðal manna og bauð val milli glundroða og hruns og forsætis síns, og því, sem ég var að segja frá og allir hv. þm. Framsfl. vita, að er satt, að Hermann Jónasson tjáði flokki sínum, að eftir hinn langa valdaferil sinn mætti eigi vænta, að hann tæki að sér óvirðulegra starf en forsætisráðherradóm! Ég vænti, að menn skilji, að erfitt er að semja við slíkt hugarfar.

Í þessum umr. hefur Framsfl. mest ráðizt á Sjálfstfl. og mig persónulega, — nei, afsakið, árásirnar eru ekki á mig persónulega, — þær eru heift Framsfl. í garð þess, sem situr í sæti forsrh., og tek ég þær því ekki nærri mér. Mér er kannske frekar skemmt með þeim. Ég læt því þessi svör nægja, en skal í þess stað út af ræðum framsóknarmanna benda á nokkrar þær staðreyndir, sem komið hafa í ljós við umr.:

Það er ósatt, að stj. hafi beitt sér fyrir kauphækkunum.

Það er ósatt, að yfirleitt hafi aðrar kauphækkanir átt sér stað en til samræmingar og lagfæringar, sbr. skýrslu hæstv. samgmrh., er sýndi, að kauphækkanir hafa verið frá 3,4% upp í 9,4%, en Dagsbrún, sem við er miðað, hefur á sama tíma hlotið 16,3%.

Það er ósatt, sbr. einnig yfirlýsingu hæstv. samgmrh., að samið hafi verið um að gera landið að einu kjördæmi, því að till. um þá kröfu var felld í Alþfl. með þeim rökum, að vitað væri, að ég mundi aldrei fallast á hana.

Það er sannað, að Framsfl. var með launal., meðan hann ætlaði í stj., og fól því Bernharð Stefánssyni að flytja það, en snýst nú á móti málinu, þegar hann er utan gátta.

Það hefur sannazt, að Framsfl. er alls ekki skoðanalaus, eins og haldið hefur verið fram, heldur hefur hann þvert á móti tvær skoðanir á hverju máli, — allt eftir því, hvort hann ætlar í ríkisstj. sjálfur eða ekki.

Það hefur sannazt, að Framsfl. var með nýsköpuninni án kauphækkana og með kauphækkunum, meðan hann bjóst sjálfur við að vera í stj.

Það er sannað, að hann vill, að nýsköpunin mistakist, og það er þar með sannað, að hann tekur vonina um óvissan, flokkslegan hagnað fram yfir velferð komandi kynslóða á Íslandi.

Það er sannað, að Framsfl. ber ábyrgð á dýrtíðinni í landinu, með því að hann sleit árið 1940 sundur kaupgjaldið og verðlag landbúnaðarafurða.

Það er sannað, að 1938 hafði Framsfl. stýrt ríkissjóði á barm gjaldþrots.

Það er sannað, að öllu, sem Framsfl. deilir á stj. fyrir, var hann sjálfur samþykkur, meðan hann gerði ráð fyrir því að verða í stj.

Það hefur sannazt, að Framsfl. hefur því enga aðstöðu til að ráðast á stj., enda viðurkennir fyrrv. form. Framsfl., Jónas Jónsson, að svo sé. Hann játar þetta í „Ófeigi" með þessum orðum:

„En þegar betur er athugað, kemur í ljós, að hlédrægni Hermanns og Eysteins var af öðrum toga spunnin. Þeir gátu ekki áfellt Ólaf fyrir að taka höndum saman við kommúnista, því að sjálfir höfðu þeir um tveggja ára skeið einskis fremur óskað en að komast í þessa aðstöðu. — Þeir gátu ekki heldur áfellt Ólaf svo mjög fyrir starfsskrá hans, því að meginhluti hennar hafði verið sameiginleg andleg fæða í tólf manna nefndinni allt s. l. sumar. Ekki gátu þeir heldur áfellt Ólaf fyrir undanhald hans varðandi dýrtíðaruppbót bænda, því að það var engu síður þeirra verk en hans. Torvelt var einnig fyrir þessa menn að áfella stjórnina vegna hinna ógætilegu launalaga, því að Bernharð Stefánsson hafði með þeirra vitund gerzt flutningsmaður að frumvarpinu, áður en upp úr slitnaði milli framsóknarmanna og verkalýðsflokkanna."

Hv. alþm. og aðrir hlustendur. — Íslenzka þjóðin stendur nú á vegamótum. Við höfum verið svo gæfusamir að endurheimta frelsi okkar eftir margra alda baráttu. Í einni örjúfanlegri fylkingu steig þjóðin lokasporið. — Nú hefst ný barátta, barátta fámennrar þjóðar fyrir því að halda uppi menningarríki í okkar fagra landi. Okkur er öllum ljóst, að til þess þarf bæði atorku og ráðdeild, en þó fyrst og fremst stórhug.

Hvar sætum við nú, ef brautryðjendur í atvinnuþróun síðustu áratuga hefðu aldrei árætt að hefjast handa, fyrr en tryggt var, að „allt bæri sig"? Sá, sem skipti á árabáti og þilskipi, sá, sem setti vélina í stað seglanna, sá, sem færði þjóðarbúinu togarana, vildi að sönnu, að „allt bæri sig", — en hann gerði sér líka ljóst, að íslenzkt atvinnulíf hafði aldrei og mundi heldur aldrei veita því fé, sem þar er að verki, neitt óyggjandi öryggi fyrir, að „allt bæri sig." Hann gerði sér ljóst, að að undangenginni skynsamlegri athugun varð að byggja á líkum. Þá eins og nú voru menn, sem heimtuðu öryggi, töluðu um heilbrigðan og skynsamlegan grundvöll, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði, héldu að sér höndum og höfðust ekki að. En þá eins og nú voru líka menn, sem trúðu á auðæfi landsins og orku þjóðarinnar. Þeir hófust handa. Þeir unnu sigrana. Þeir lögðu grundvöllinn að frelsi þjóðarinnar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Feður okkar urðu að stýra eftir hugmyndaauðgi og bjartsýni. Við höfum reynslu þeirra fyrir okkur og vitum, að sjór, land, mannsorka og mannvit hafa að jafnaði ávaxtað vel það fé, sem lagt hefur verið í íslenzkt atvinnulíf að undanförnu.

Við byggjum því á reynslu og skynsemi, þegar við skorum á þjóðina að sameina nú enn á ný hug og krafta til þess með nýju og sterku átaki í athafnalífinu að festa og tryggja hið nýfengna þjóðfrelsi.

Þess hefur ekki verið kostur að samfylkja allri þjóðinni um þessa göfugu og hagnýtu hugsjón, því miður. En látum sundrungaröflin verða fáliða.

Forseti (GSv): Þá hefur hæstv. forsrh. (ÓTh) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu stuðningsmanna stj. í Sjálfstfl.

Þá tekur næstur til máls hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og talar af hálfu Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl.

Einar Olgeirsson: Hv. þm. V.-Sk. (SvbH) hélt því fram í ræðu sinni hér, að stjórnarflokkarnir ætluðu að setja landbúnaðinn hjá í nýsköpunarstarfi sínu, þar ætti að byrja svikin. Svo mæla börn sem vilja. Í málefnasamningnum um stjórnarmyndunina segir þvert á móti, að um 50 millj. kr. skuli vera til nýsköpunar í landbúnaði og raforkumálum. — Í grein, sem ég skrifaði 20. sept. s. l. í Þjóðviljann um, hvað kaupa mætti fyrir erlendar innstæður þjóðarinnar, kasta ég því fram, að keyptar væru t. d. eftirtaldar vörur: 150 dráttarvélar með herfi, plóg og tilheyrandi, 50 skurðgröfur, 400 plógar, 2000 sláttuvélar, 2000 rakstrarvélar og 2000 snúningsvélar, þá mundu þessar vörur — eftir upplýsingum, sem ég fékk hjá Búnaðarfélagi Íslands, — kosta til samans 14 millj. kr. í erlendri höfn. — Frá upphafi hefur sannarlega verið reiknað með því, að landbúnaðurinn væri þar með, þegar unnið væri að nýsköpun atvinnuveganna. Og ríkisstj. hefur byggt á því, að bændur fáist til samstarfs um nýsköpun landbúnaðarins, eins og hinu, að fiskimenn fáist til samstarfs um nýsköpun sjávarútvegsins. Framsfl. er að reyna að æsa bændur upp gegn þessari nýsköpun, reyna að fá því áorkað, að bændur taki ekki þátt í þessu samstarfi. Hv. þm. V.-Sk. reyndi hér áðan slíkan æsing með því að snúa út úr orðum hæstv. atvmrh. (ÁkJ). Það, sem ráðh. sagði, var: „Uppbygging landbúnaðarins og nýsköpun verður ekki framkvæmd í trássi við bændur sjálfa eða samtök þeirra og fulltrúa.“ — Þetta er rétt. Það á ekki að beita bændur þvingun. Og ég hef þá trú, að ekki muni standa á íslenzkum bændum til samstarfs, hvað sem Framsfl. segir og gerir. Og ég vil í því sambandi undirstrika það, sem hæstv. atvmrh. (ÁkJ) sagði í lok ræðu sinnar í gær: „Það er þó öllum kunnugt, að atvinnuleg nýsköpun er óhjákvæmileg nauðsyn fyrir íslenzkan landbúnað, ef ekki á að stefna til hruns.“ Og sú stj., sem nú hefur verið sett á stofn, miðar einmitt að því að afstýra því hruni, sem Hermann Jónasson, hv. þm. Str., er að boða. Og Framsfl. vonast eftir hruni, sem mundi ekki síður koma niður á landbúnaðinum en öðrum. Bændur muna, hvað hrunið þýddi fyrir þá hér á árunum undir stj. Framsfl. 1933 var svo komið, að skuldir bænda voru 33 millj. kr., en allar eignir þeirra 68 millj. kr. Þriðjungur bændastéttarinnar átti þá ekki fyrir skuldum. Bændur vilja ekki fá hrunið aftur. Þess vegna munu þeir taka þátt í nýsköpun þeirri, sem ríkisstj. gengst fyrir. Og bændur eiga stuðning allrar þjóðarinnar vísan við nýsköpunina í landbúnaðinum, því að hún er líka óhjákvæmileg nauðsyn fyrir íslenzkt atvinnulíf.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) minntist á í ræðu sinni áðan, að illa væri farið með hlutarsjómenn, og hann hampar því hér á Alþ., að hann og Framsfl. aðeins beri hag þeirra fyrir brjósti. — Það lætur heldur illa í eyrum íslenzkra sjómanna að heyra Eystein Jónsson og aðra framsóknarmenn kveinka sér yfir vexti dýrtíðarinnar af sérstakri umhyggju þeirra fyrir sjómannastéttinni. Það hljómar eins og fölsk nóta að heyra Eystein Jónsson tala um launakjör sjómanna. Hverjir vilja vinna að bættum launakjörum fiskimanna? Eru það þeir, sem berjast gegn því, að ný skip verði keypt, að nýjar og afkastameiri verksmiðjur verði reistar? Eru það þeir, sem standa gegn þeirri nýsköpun sjávarútvegsins, sem núv. ríkisstj. hefur sett sér?

Fyrstu og áhrifaríkustu ráðin til þess að bæta launakjör íslenzkra fiskimanna eru þau að fá ný skip í stað gamalla, að fá stærri fiskiskip í stað hinna smáu. Þær tvær þús. fiskimanna, sem nú stunda veiðar á trillubátum og litlum vélbátum, vita vel, að stærri og betri bátar mundu stórhækka laun þeirra. Þeir sjómenn, sem ár eftir ár hafa fundið það, að þeir hafa aðeins hálft kaup á við stéttarbræður þeirra á hinum stærri og betri skipum, sem geta notfært sér beztu veiðitækni, þeir óska eftir því að geta sem allra fyrst komizt á stærri og betri skip. Síldveiðisjómennirnir vita, að ein tíu þús. mála síldarverksmiðja mundi geta aukið afla hvers síldarskips um ca. 4—5 þús. mál eða hækkað laun hvers háseta um ca. 2000 kr. Sjómennirnir vita, að öruggasta og kraftmesta ráðstöfunin til þess að auka kaup þeirra er að hraða nýsköpun útgerðarinnar. Þeir vita, að Framsókn, sem stendur í gegn eflingu sjávarútvegsins, hún er þeim jafnvel hættulegri en dýrtíðin.

Sjómenn! Nýsköpunin í íslenzkum sjávarútvegi er einmitt fyrst og fremst gerð til þess að bæta ykkar hag. Með því að margfalda afköst fiskiskipanna batnar hagur ykkar. Árið 1903 unnu 7590 sjómenn á 1910 róðrarbátum og um 2000 sjómenn á 137 skútum. Þeir framleiddu samtals um 36 þús. tonn af fiski eða rúmlega 3½ tonn á mann á ári. Nú framleiðir hver sjómaður að meðaltali 66 tonn af fiski og síld á ári. Og með fullkomnustu tækjunum, togurunum, getur sjómaðurinn komizt upp í að framleiða hátt á annað hundrað tonn af fiski og síld á ári. Slíka gerbreytingu skapar fullkomin tækni á afköstum og kjörum sjómanna. Það eru einmitt nýir togarar, ný skip, sem skapa grundvöllinn að bættri afkomu ykkar. Og Framsókn vill hindra útvegun þessara nýju tækja, alveg eins og henni tókst að hindra hana á áratugunum fyrir stríð. En nú hefur hún ekki valdið til þess að hindra hana lengur. Og ég vona, að ekki komi til þess, að hún fái það vald aftur.

Hæstv. dómsmrh. (FJ) minntist á það, að Sósfl. hefði tekið að sér stjórn Alþýðusambandsins. Sósíalistar gerðu það ásamt ýmsum öðrum fulltrúum verkamanna, þegar vissir Alþfl.-menn neituðu að gefa kost á sér. — Hæstv. dómsmrh. minntist á, að mjótt hefði verið á milli um atkvæðamun á því þingi. Það var líka mjótt á milli, þegar Alþfl. ákvað að taka þátt í ríkisstj. Það mun hafa verið samþ. að ganga að málefnasamningi stjórnarflokkanna í miðstjórn Alþfl. með 11 atkv. gegn 10, en 4 sátu hjá. Og Alþfl. myndaði stj., þótt mjóu munaði. En vitað er, að stjórnarandstæðingarnir í Alþfl., sem undir urðu, berjast allt hvað þeir mega til þess að spilla stjórnarsam-

starfinu, og það voru þeir, sem réðu gerðum minni hlutans á Alþýðusambandsþinginu, er tilboði sósíalista um svipaða samsetningu Alþýðusambandsstjórnarinnar og áður var hafnað. Föðurlegum áminningum sínum um ábyrgt starf er hæstv. dómsmrh. því bezt að beina til þessara flokksbræðra sinna, stjórnarandstöðunnar í Alþfl. Sósfl. mun gæta þess hlutverks, sem hann hefur, og standa á verði gegn því, hvar sem er, að andstæðingum stj. takist að spilla samstarfinu.

Þegar ég talaði hér í útvarpið síðast á undan þessum umr., lýsti ég yfir því fyrir hönd Sósfl., að nú væri tækifæri til þess fyrir Íslendinga að taka höndum saman til þess að framkvæma þá stórfelldustu nýsköpun, sem möguleiki væri á. Við álitum, að verkamenn, atvinnurekendur og aðrar stéttir þyrftu að taka höndum saman um myndun ríkisstj. til þess að framkvæma þessa stefnu. — Þetta tókst. Ég álít það mikla gæfu fyrir þjóð vora, að það tókst, og ég vona, að allir, sem að þessari stjórnarsamvinnu standa, beri gæfu til þess að leysa það mikla hlutverk, sem þeir hafa tekizt á hendur, — leysa það, þótt það taki fleiri en eitt og fleiri en tvö kjörtímabil að leysa það til fulls.

Hv. þm. V.-Sk. var að láta þá von í ljós hér áðan, að það mundi ganga seint og illa að fá tæki, sem við þurfum frá útlöndum. Um kaup á þeim mundi verða samkeppni frá öðrum þjóðum, sem líka þyrftu að fá þessi tæki. Hann hefur víst ætlað að bæta úr þeim vandræðum með því að draga lengur að afla tækjanna, stofna til innanlands styrjaldar, áður en ráðlegt þætti að kaupa tækin. — Hv. þm. V.-Sk. var að láta í ljós, að menn vildu ekki kaupa báta nú, heldur selja þá. Þessi hrakspá rætist ekki. Allir Svíþjóðarbátarnir munu nú vera seldir, þó að svo stæði, er ríkisstj. tók við, að aðeins væri samið um sölu þriggja.

Ég vona, að ósk Framsfl., að „Íslands óhamingju verði allt að vopni", — rætist ekki. Þjóð vor hefur nógu lengi orðið að þola erlenda áþján, nógu lengi orðið að sitja í landi mikilla möguleika við sult og seyru. Það er tími til þess kominn, að þessir möguleikar verði hagnýttir til þess að mynda grundvöll að öruggri og góðri afkomu þjóðarinnar. Um það hefur þjóðin tekið höndum saman, þjóðin, sem alltaf hefur verið brýnd á sundrunginni, — sundrunginni, sem Framsfl. er að reyna að ala á. Þessa þjóðareiningu skal ekki takast að rjúfa. Þessi þjóðareining skal flytja þá efnhagslegu sjálfstæðisbaráttu, sem Íslendingar nú hafa hafið, fram til sigurs — þrátt fyrir allar hrakspár afturhaldsins. — Góða nótt.

Forseti (GSv): Þá hefur hv. 2. þm. Reykv. (EOl) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl.

Tekur nú næstur til máls hæstv. félags- og dómsmrh. (FJ) og talar af hálfu Alþfl. tilskilinn tíma.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Þær miklu framkvæmdir, sem stj. hyggst að gera, verða vitanlega framkvæmdar á grundvelli núverandi þjóðskipulags. En þó sér Alþfl. þar ýmis stefnumál sín og baráttumál sín. Hann sér þau bæði í stefnuskrá ríkisstj. hér á landi og í stefnuskrá ýmissa annarra þjóða. Krafa nútímans er yfirleitt framkvæmdir á ýmsu því, sem Alþfl.-menn um allan heim hafa ætíð barizt fyrir: atvinna handa öllum, bætt lífskjör, auknar tryggingar, full mannréttindi, fullt lýðræði. Þetta tel ég vera ljós í myrkri heimsstyrjaldarinnar.

Af andstæðingum hefur Alþfl. undanfarið oft verið nefndur deyjandi flokkur. Og það hefur alltaf verið þrautalendingin að reyna að telja þjóðinni trú um, að Alþfl. væri alltaf að minnka. En flokkur, sem á slíkar hugsjónir, sem ég nefndi áðan, er sannarlega ekki deyjandi flokkur, heldur vaxandi. Við höfum nýlega séð þess merki, að einhuga samtök 104 fulltrúa, og þriggja þó betur, sem ekki komust inn á Alþýðusambandsþing, og fjölda áhugasamra manna í Alþfl. (og hv. þm., sem talaði hér á undan mér, gerði að umtalsefni) voru um það, hvort taka skyldi þátt í stj. með þeim kjörum, sem boðið var upp á, eða ekki. — Alþfl. hefur nú ákveðið að vinna að stefnumálum sínum og öðru því, sem ákveðið er í málefnasamningi ríkisstj. Og Alþfl. vinnur að því einhuga og af öllu afli að framkvæma þau mál. — Það er alveg rétt, að menn greindi nokkuð á um það, hvort út í þetta skyldi farið. En eftir að út í það er farið, veit ég, að ýmsir þeir, sem mest voru á móti því að ganga til þessarar stjórnarsamvinnu, eru farnir að leggja ríka áherzlu á það, að Alþfl. haldi samkomulag, sem gert hefur verið, og geri sömu kröfur til meðstjórnenda sinna í ríkisstj.

Ég tel þá stjórnarmyndun, sem gerð hefur verið, merkilega tilraun, og ég tel mikils um vert, að hún takist. Og ég fyrir mitt leyti óttast, að langt verði, þangað til önnur slík tilraun verði gerð, ef þessi mistekst. Og ég óttast, að ekki verði heldur nein þingræðisstj. í landinu um óákveðinn tíma, ef ekki tekst um þessa stjórnarsamvinnu.

Það er vitanlega álíka hægt að dæma um ríkisstj. fyrir fram og hægt er að dæma um allt annað eftir líkum. En eigum við virkilega að gera ráð fyrir því, að við þurfum alltaf að byrja á því að ætla andstæðingum okkar alltaf það versta? Eigum við ekki að búast við því, að við Íslendingar eins og aðrar þjóðir getum slíðrað sverðin, þegar heill þjóðarinnar er í veði, eins og hér er um að ræða?

Örlög Framsfl. eru mér leið. Ég hefði kosið, að framsóknarmenn hefðu verið með í stjórnarsamvinnunni. Mér þykir leitt að sjá þá, sem vildu áður fylgja góðum málum, verða fulla úlfúðar gegn því, sem þeir hefðu viljað sýna þegnskap.

Nú er hafin styrjöld okkar fyrir bættum lífskjörum, aukinni atvinnu og fyrir því, að við getum lifað menningarlífi í landinu. En hvaða þegnskapar eigum við að krefjast af landsmönnum okkar? — Þess, að þeir láti sýna sig nokkuð í verki, hvort þessi ríkisstj. getur ekki gert skyldur sínar, eins og hún hefur lofað, hvort ekki fæst friður til þess vegna ofríkis þeirra, sem utan við samtökin um ríkisstj. eru, að vinna nokkuð að þeim málum, sem stj. hefur sett sér að vinna að og enginn neitar, að eru til alþjóðarheilla. Við verðum, held ég, að reyna að læra ofur lítið af því, sem hefur gerzt hér í landinu undanfarin tvö ár. Við verðum að reyna að líta á þjóðfélagið eins og heimili. Og við verðum að læra það, að allt, sem er þessu heimili til trafala, er af því illa, en allt, sem er til þess, að mönnum á þessu heimili líði vel, er af því góða. Og ef allir hugsa um að gera

það, sem þeir geta, til góðs fyrir þetta heimili, þá þurfum við í rauninni engu að kvíða. — Landið okkar er heimili fólksins. Það, sem bætir það, er gott. Það, sem spillir fyrir heimilinu, er af því illa. Við skulum reyna að taka okkur þetta fyrir reglu og sjá svo, hvort við getum ekki dæmt um hlutina með nokkuð meiri sanngirni en við höfum gert áður og með heill þjóðarinnar nokkuð meira fyrir augum en áður.

Þessum útvarpsumr. er nú lokið af hálfu stjórnarliðsins. Ég vildi fyrir mitt leyti óska þess, að tilraunin með stjórnarmynduninni mætti takast. Ég veit, að það væri þjóðinni fyrir beztu. Og í þeirri von býð ég góða nótt.

Forseti (GSv): Hæstv. félags- og dómsmrh. (FJ) hefur nú lokið máli sínu og talaði af hálfu Alþfl.

Komið er nú að síðasta ræðumanni, sem talar í þessum umr., hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), sem talar af hálfu Framsfl. tilskilinn tíma, að viðbættum þrem mínútum frá því í gær.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég sé ekki annað en stjórnarliðið hafi bókstaflega gefizt upp við það að gera grein fyrir stefnu ríkisstj. og treysti sér ekki heldur til að svara gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga. Svo endar stjórnarliðið þessa umr. hér með hálfgerðri prédikun hæstv. dómsmrh., þar sem það á að vera aðalmottóið, að menn ættu að ætla andstæðingum sínum allt það bezta. Og stjórnarliðar segja: Eigum við ekki að bíða í nokkrar vikur og sjá, hvað stj. gerir? — Hver hefur talað um, að við viljum ekki bíða nokkrar vikur til þess?

Ég er hissa á því, sem stjórnarliðið hefur látið hér til sín heyra. Hæstv. forsrh. talaði hér áðan það, sem virtist sanna, að hann álíti, að það velti á ákaflega litlu, hvort hann segir satt eða ekki. Hann sagði, að Hermanni Jónassyni, Jakobi Möller, mér eða öðrum hefði engum dottið í hug, að það kæmi til greina, að mynduð yrði stj., sem aðeins Sjálfstfl. og Framsfl. tækju þátt í. Svo sagði hann, að Hermann hefði gengið á milli manna og sagt, að menn gætu valið á milli þess að hafa hann í forsæti annars vegar, en hins vegar hruns. — Ég veit ekki, hvað gengur að hæstv. forsrh. Ég held, að hann þurfi að láta athuga það. Hæstv. forsrh. datt ekki í hug, fremur en hinum, að verja stefnu ríkisstj., en hann sneri sér að því, sem hann kallaði svo, að Framsfl. hefði fallizt á allar helztu ávirðingar ríkisstj. M. a. nefndi hann launalfrv. og sagði, að þm. úr Framsfl. hefði flutt annað frv. um það efni. En það frv. var flutt með þeim fyrirvara, að hver einasti þm. gæti gert breyt. við það, sem réttlátar væru og sanngjarnar.

Hæstv. forsrh. sagði, að sér væri ekki vant um að vinna með sósíalistum, og kvaddi þar til vitnis „Ófeig" nokkurn. En þær missmíðar voru þó á yfirklóri þessu hjá hæstv. ráðh., að Framsfl. hefur ekki myndað stj. með sósíalistum, þar sem hann telur stefnu þess flokks að ýmsu leyti hættulega. En hér skilur með feigum og ófeigum. Það er kannske gott, að hæstv. forsrh. hefur veg og vanda af „Ófeigi" þessum, enda mun honum ekki af veita öllu liði sínu. En þeim hæstv. forsrh. og „Ófeigi" hefur ekki tekizt að fara rétt með viðskipti Framsfl., þó að báðir þykist vita nokkuð. Á sama hátt mun þeim ganga illa að fá menn til að trúa því, að Framsfl. muni taka upp stjórnarstefnu núv. ríkisstj.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér alldigurbarkalega og spurði, hvað Framsfl. hefði gert fyrir sjávarútveginn. Því er þar til að svara, að það voru framsóknarmenn, sem áttu frumkvæðið að því, að Síldarverksmiðjur ríkisins voru reistar, svo og að söluskipulagi á ýmsum sjávarafurðum. Það voru framsóknarmenn, sem áttu aðalþátt í því að taka upp hraðfrystingu á fiski og einnig hinu að styrkja þá starfsemi á þann hátt, sem dugði, svo að upp kæmust hraðfrystihús, þegar saltfiskmarkaðurinn brást. Og framsóknarmenn höfðu forystu í landhelgismálum landsins og rifu þau upp úr því ófremdarástandi, sem þau voru í í höndum sjálfstæðismanna. Og framsóknarmenn beittu sér fyrst og fremst af öllum flokkum fyrir nýjungum í sjávarútvegsmálum. Þeir hafa beitt sér fyrir lausn olíumálanna og eflingu Fiskimálasjóðs og fjöldamörgu öðru fyrir sjávarútveginn. — Það er sami örökstuddi rógurinn, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) var nú með, sem bæði hann og aðrir kommúnistar hafa sí og æ tuggið áður, að á tímabilinu frá 1934 til 1937 hafi verið staðið gegn innflutningi fiskiskipa. Það var þá gert allt, sem í mannlegu valdi stóð, til þess að flytja þau inn og innflutningur skorinn niður á öðrum hlutum vegna þess. Því hefur verið haldið fram af hv. 2. þm. Reykv., að einn maður hafi verið sektaður um 100 kr. fyrir að hafa flutt inn fiskiskip. Þessi maður fór fram hjá gjaldeyrisyfirvöldunum með það að flytja inn skipið, og þessi sekt var aðeins til málamynda til þess að halda uppi formi laga, en ekki vegna þess, að það kæmi til mála, að hann hefði ekki fengið innflutningsleyfi fyrir skipinu. Hitt held ég, að hv. 2. þm. Reykv. ætti að líta á, að starfsemi kommúnista hefur valdið því, að margir af þeim, sem leggja í mesta áhættu og starfa mest að framleiðslumálum þjóðarinnar, eru ekki nema hálfdrættingar á við aðra, sem í landi eru, og að mokafli þarf að vera til þess að sjávarútvegurinn geti borið sig.

Því er haldið fram af stjórnarliðum, að Framsfl. sé á móti nýsköpun atvinnuveganna. — Hverjir hafa flutt hér á þingi nýjar áætlanir um átök í jarðræktarmálum í landinu? Það eru framsóknarmenn. Hverjir hafa haft forgöngu í ræktun, svo og því, að áburðarverksmiðja yrði reist, í skipulagningu flugmála í landinu og í því að skipuleggja á ný póstmálin í landinu? Og hverjir eru þeir, sem flytja yfirleitt öll mál á þingi, sem horfa fram á við? Það eru framsóknarmenn. En stjórnarliðar hafa oft látið sér nægja að tefja þessi mál, þvælast fyrir málum framsóknarmanna.

Hv. 6. þm. Reykv. gaf í skyn, að staðið hefði á Framsfl. um samvinnu um stjórnarmyndun. Ég held, að hann hafi mælt um hug sér um þetta. Í júní 1944 var sá hv. þm. ekki myrkur í máli um það, á hverjum stóð um stjórnarmyndun, og það voru kommúnistar, sem sá hv. þm. lýsti þá skelegglega yfir, að hefðu komið því til leiðar, að ekki hefði þá tekizt stjórnarmyndun. Hann sagði, að ekki hefði tekizt hér stjórnarmyndun á síðustu árum vegna þess, að kommúnistar hefðu ekki viljað ganga í stj. Og svo sagði hann, að sá hluti Sjálfstfl., sem réð honum, hefði ekki viljað ganga í stj., nema kommúnistar væru með.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að stjórnarandstæðingar vildu koma í veg fyrir, að landinu yrði stjórnað. Mætti draga af því, að Sjálfstfl. og þeir í þeim flokki, sem grimmilegastir voru stjórnarandstæðingar á hinum erfiðustu tímum, sem yfir þetta land hafa komið, hafi viljað hrun og að landinu væri ekki stjórnað. — Ég held, að það hafi verið helzt til þykkt smurt hjá þessum hv. þm. að halda þessu fram.

Þá lýsti hv. 6. þm. Reykv. yfir hér og hv. 2. þm. Reykv., að hér hefði verið eymd og volæði í landi, þegar Framsfl. hefði stjórnað, og framfaraleysi. Heyra engir menn til mín nú, sem heyrt hafa þessa sömu menn, er þessu halda fram, halda tækifærisræður, þar sem talað hefur verið um, hversu mikil bylting hafi orðið í atvinnuvegum landsins á örskömmum tíma? Er ekki ofur lítið annað hljóð í þeim þá en þegar þeir töluðu hér áðan um eymdina og volæðið á stjórnarárum Framsfl.? Ég held, að þá hafi verið ofur lítið annað hljóð í strokknum.

Þessar eldhúsumr. hafa nú staðið tvö kvöld. Þær hafa verið ójafn leikur að því leyti, að stjórnarliðið hefur haft hvorki meira né minna en þrefaldan ræðutíma á við stjórnarandstæðinga, og það væri synd að segja, að stjórnarliðið hafi skirrzt við að notfæra sér út í æsar þessi sérréttindi.

Þrátt fyrir allt það moldveður, sem þeir hafa þyrlað upp, á að vera unnt fyrir menn að festa sjónir á nokkrum aðalatriðum. — Ríkisstj. mun koma útgjöldum ríkisins á næsta ári upp í 150 millj. kr. eða meira en sjöfalt á við það, sem var fyrir stríð, og nærfellt 70% af útflutningsverðmætinu, eins og það var í fyrra, og var þá framleitt eins og hægt var og allt selt með stríðsverði. Það vantar nú a. m. k. 40 millj. kr., til þess að fjárl. fái staðizt, þótt á næsta ári verði sama peningaflóðið og verið hefur, hvað þá, ef út af ber í þeim efnum, sem líklegast er. Á fjárl. er þó enginn eyrir ætlaður til nýsköpunar, og öll þessi óheyrilega fúlga fer til þess að greiða laun og annan rekstrarkostnað, verklegar framkvæmdir álíka miklar og áttu sér stað fyrir stríð, og síðast, en ekki sízt, til þess að borga niður dýrtíðina og kaupgjaldið í landinu, svo að útflutningsframleiðslan geti skriðið enn um skeið.

Sterkar líkur, að ekki sé meira sagt, benda til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli að gefast algerlega upp við afgreiðslu tekjuhallalausra fjárl. og muni stofna til eyðsluskuldasöfnunar þegar á næsta ári — og það þótt peningaflóðið haldist.

Allar ráðstafanir ríkisstj. og allt, sem kunnugt er, að hún hafi í hyggju, stefnir að því að íþyngja framleiðslustarfseminni í landinu og draga úr líkunum fyrir því, að nauðsynleg nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar eigi sér stað. Og svo eru stjórnarliðar svo ósvífnir að halda því fram, eins og hv. 2. þm. Reykv., að stjórnarandstæðingar séu á móti nýsköpun atvinnuveganna.

Ofan á allt þetta fremur hæstv. ríkisstj. þá óhæfu að bregða þeim mönnum um illvilja og ábyrgðarleysi, sem með rökum benda hógværlega á það, hve ástandið er varhugavert, og gagnrýna stefnuleysi ríkisstj.

Það er nú svo komið, að hver maður, sem nokkurt skyn ber á fjárhags- og atvinnumál, hlýtur að viðurkenna með sjálfum sér, að í öngþveiti stefnir. Þetta sjá margir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. nú orðið. Sumir glotta, en aðrir eru alvarlegir. Það einkennir vel afstöðuna og hvað inni fyrir býr.

Stuðningslið stj. er þegar farið að búa sig undir það, sem koma hlýtur, — búa sig undir það að yfirgefa skipið. Kommúnistarnir tala um, að ekki verði störf þessarar stj. prófsteinn á þeirra stefnu, og um vopnahlé, sem samið hafi verið. — Alþýðuflokksmenn tala um, að þeir hafi orðið að vera með, þeim hafi verið boðin svo góð boð um einstök mál, sem eigi að ganga fyrir öðru, — nýsköpunin komi svo á eftir.

Hæstv. forsrh. og blað hans, Morgunblaðið, hafa sýnt einna minnsta fyrirhyggju í þessum efnum, en þó er byrjað að votta fyrir nokkrum fyrirvara í boðskapnum um allsherjarforsjá ríkisstj. Og í þessum umr. hefur hæstv. forsrh. undirstrikað kröftuglega, að það geti ekki orðið talinn ósigur ríkisstj., þótt svo reynist, að hún hafi rangt fyrri sér um stefnuna í atvinnu- og fjármálum, en stjórnarandstæðingar rétt.

Það er mikið ólán fyrir þjóðina að fá þessa ríkisstj. einmitt nú í stríðslokin. Nú þurfti þjóðin á ríkisstj. að halda, sem hún gæti treyst, sem ekki lofaði meira en hún gat staðið við, ríkisstj., sem leyndi þjóðina ekki neinu. Það þurfti á ríkisstj. að halda, sem sagði þjóðinni þann sannleika, að ekki er hægt að sjá atvinnumálum hennar né fjármálum borgið, hvað þá heldur stofna til stórfelldrar nýsköpunar, nema með því, að allir leggi fram nokkurn skerf til þess að stöðva dýrtíðina. Með því móti einu er hægt að bjarga fjárhag ríkisins og skapa þá bjartsýni, sem er nauðsynleg undirstaða nýsköpunar atvinnulífsins og allsherjarframfara. — Það þurfti og þarf ríkisstj., sem markar ákveðna stefnu um framfarir þjóðarinnar, ákveður þátttöku ríkisins í þeirri viðreisn og stuðning þess við atvinnuvegina og lætur landsmenn jafnhliða vita, hvert hlutverk þeim er ætlað að vinna, og gerir þeim mögulegt að vinna það hlutverk, — ríkisstj., sem gerir ráðstafanir til réttlátrar hagnýtingar stríðsgróðans og grefur fyrir skattsvik, spillingu og klíkuhátt í verzlunarmálum.

Hver sú stj., sem framkvæmir ekki þessi meginatriði, er dæmd til þess að verða bráðabirgðastj., sem situr og bíður þess, að reki í strand. Þetta verður hlutskipti núv. hæstv. ríkisstj., ef hún gerbreytir ekki um stefnu.

Hæstv. ríkisstj. er ráðin í að framkvæma margt, sem auka mun öfugþróun þá, sem fyrir var, og er það háskalegt. En jafnvel enn háskalegra er þó hitt, að hún viðurkennir ekki, hvert stefnir, og þykist hafa ráð undir hverju rifi, þótt hún sýnilega viti tæpast sitt rjúkandi ráð. — Það er enn hörmulegra en ella, að nú skyldi svo til takast um stjórnarmyndun sem varð, vegna þess að aldrei hafa Íslendingar haft jafngott tækifæri og nú, þrátt fyrir allt, til þess að sjá framfaramálum sínum borgið, ef framsýni og fyrirhyggju væri beitt og þjóðin hvött til þess að standa saman um nauðsynlegar ráðstafanir út af þeim erfiðleikum, sem á veginum verða.

Ekki er gott að segja, hversu lengi þessi stj. situr, en óhóf eru sjaldan langæ, segir í fornum fræðum, og mun svo reynast. En hvað sem því líður, þá ríður nú á því umfram allt fyrir þá, sem á þessu sjá missmíðin, að búa sem öflugast undir framkvæmd nýrrar stjórnarstefnu, stefnu fram-

fara, sem byggðar eru á traustum grunni. Og enginn vafi leikur á því, að Framsfl. hefur forystuhlutverki að gegna í því sambandi nú á næstu missirum og árum. — Góða nótt.

Forseti (GSv): Þá hefur hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Framsfl., og er þá lokið þessum útvarpsumr.

Þessari umr. málsins er einnig lokið. Atkvgr. er frestað og málið tekið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Sþ., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 580, 579, 612, 626).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 626. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Á þskj. 580 hefur fjvn. gert grein fyrir að kalla öllum brtt., sem hún hefur gert við fjárlfrv. fyrir árið 1945. Þar er og sagt frá vinnubrögðum n. Þar er á það drepið, að frv. var ekki útbýtt á Alþ. fyrr en 23. sept., en n. hafði þá þegar tekið til starfa. Hún hélt 65 fundi, og 410 erindi bárust henni, — nú eru að vísu bæði fundir og erindi orðin fleiri. Meðal þess, sem nú hlaut að tefja störf n., verður að minna á stjórnarskipti og síðan tveggja vikna þinghlé, og að mestu varð þá einnig hlé á fundum n. — Ég skal án frekari formála víkja að niðurstöðum n. um frv. og þá fyrst að tekjubálkinum.

Við áætlun tekna hefur n. haft hliðsjón af tekjunum 1943 og leitazt við að afla sér vitneskju hjá fjmrn., ríkisbókhaldinu og öðrum aðilum um það, hvernig hagurinn stendur. N. hefur nú síðast fengið skýrslu um tekjur og gjöld ríkissjóðs til loka okt. s. l.

N. áleit, að rétt væri að hækka tekjuáætlun 2. gr. um 6,1 millj. kr., og skal ég víkja lítið eitt að því. Þá er fyrst á 2. gr. tekju- og eignarskattur hækkaður um 1½ millj. kr. og stríðsgróðaskattur, hluti ríkissjóðs, áætlaður ½ millj. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir. Hækkun á vörumagnstolli nemur 1 millj. og á verðtolli 3 millj., og loks er hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni 0,1 millj. Hækkanir á 3. gr. nema 7,067,169 kr., og er það haft svo nákvæmt til þess, að betur standi á reikningstölum. Þar er það rekstrarhagnaður áfengisverzlunar, sem áætlaður er rúmlega 6,6 millj. kr. hærri en var, og hagnaður tóbakseinkasölu, sem áætlaður er liðlega 400 þús. kr. hærri en var. Þegar frá eru dregnar gjaldahækkanir, sem orðið hafa á sömu liðum, 800 þús. kr. alls, nemur tekjuhækkunin 6.267.179 kr. nettó. Samtals nema þá tekjuhækkanir á 2.—3. gr. 12.367.179 kr.

Nú hefur svo til borið, að tveir af nm. hafa tekið afstöðu gegn þessum till. um hækkun tekjuáætlunar, og komast þeir þannig að orði í aths. sínum, að fjárhag ríkissjóðs sé teflt í tvísýnu með þeirri hækkun, sem felst í till. n. Út af því vildi ég segja nokkur orð. Frá sjónarmiði meiri hl. er sú tvísýna ekki meiri en sú tvísýna, sem nú er á öllum áætlunum yfirleitt vegna breytilegs ástands. Auðvitað má segja svo, að öll afkoma landsmanna sé í tvísýnu, geti ekki öðruvísi verið. Engu að síður er nauðsyn, að áætlanir séu ekki vitandi vits látnar fara mjög fjarri sanni. Það virðist orðinn nokkuð rótgróinn siður að áætla ýmsar tekjur ríkissjóðs miklu lægri en nokkrar líkur eru til, að þær geti orðið. Í fjárláætlun fyrir 1942 voru tekjurnar áætlaðar 23,2 millj., en reyndust 62,9 millj. Áætlunin fyrir 1943 nam 66,3 millj., en hækkaði um meir en 44 millj. kr. Um það, er tekjur ársins 1944 snertir, er vitað, að í lok okt, þegar ⅙ árs var eftir, voru tekjurnar orðnar 94.848.118 kr., þegar frá eru dregnar eftirstöðvar frá fyrra ári, að upphæð 4.237.725 kr. Og eftir því, sem kunnugir menn í fjmrn. hafa látið í ljós, er þess vænzt, að viðbótartekjur tvo síðustu mánuði ársins verði það miklar, að árstekjurnar verði ekki lægri en 115 millj. kr. Gjöldin voru í lok okt. orðin 85 millj., og má náttúrlega búast við talsverðri hækkun á þeim. En þótt þau yrðu yfir 100 millj., ætti að mega vænta þess, að einhver töluverður tekjuafgangur verði óráðstafaður frá þessu ári.

Af því að hækkunin á hagnaði á áfengissölu munar mestu í hækkunum 3. gr., vil ég geta þess, að í lok okt. voru tekjur þessa árs af henni orðnar 22⅓ úr millj. kr., og hagnaður af tóbakseinkasölunni 6⅓ millj. Þetta gæti kannske skýrt dálítið ástæðuna til þess, að þessi liður var hækkaður í n. Það er að vísu rétt að hafa þá reglu að áætla tekjurnar varlega, enda nauðsynlegt. En þó verður að gæta nokkurs hófs í þessum efnum sem öðrum og áætla ekki tekjurnar neðan við skynsamlegt mark, áætla ekki vitandi vits langt frá því, sem raunveruleikinn hefur orðið og útlit er fyrir að hann verði. Í þessum efnum varðar mestu að komast sem næst því rétta. Þá má enn fremur gæta að því, til afsökunar því, að þessir liðir eru hækkaðir í áætluninni, hver þörfin er, þegar um þessi mál er fjallað. Það er miklu léttara að leggja til hliðar svo og svo mikið af þeim tekjum, sem maður veit að koma í ríkiskassann, ef hægt er að afla tekna á annan hátt. Nú horfir svo við hjá okkur, ég held að allra dómi, að þörfin fyrir tekjur er vaxandi og mikil. En hins vegar eru skatta- og tollabyrðar orðnar nokkuð þungar, og ekki er auðvelt í fljótu bragði að benda þar á tekjuöflunarleið, sem miklar tekjur geta gefið. Má búast við, að leiðirnar verði fleiri, sem ekki munu þykja færar. En væri mikið af tekjuöflunarleiðum fyrir hendi, þá gæti maður litið með miklu meiri rósemi á það, að tekjuliðir eins og þeir, sem n. leggur til, að hækki, verði látnir standa í áætluninni með tvöfalt lægri tölum en líkur benda til, að þeir verði, eins og gert hefur verið á síðari árum.

Enn fremur má gæta annars sjónarmiðs í þessu sambandi. Hvað verða gjöldin utan fjárl.? Og hvað verða tekjurnar miklar, sem stj. hefur úr að spila utan fjárl.? — Það virðist svo, að árin 1942—43 hafi þetta verið geysimikið fé. Landsreikningurinn 1942 sýnir útgjöld upp á 72 millj. kr., þar sem fjárl. ætluðust til, að gjöldin yrðu 26 millj. kr. Landsreikningurinn 1943 sýnir útgjöld upp á 92¾ millj. kr., þar sem fjárl. gera ráð fyrir 65½ millj. kr. Um árið í ár skal ég ekkert segja með vissu. Ég álít þessi dæmi nægja til að sýna fram á þær geysilegu umframgreiðslur, sem hér hafa

átt sér stað. Ég hygg, að þegar gengið er að því vitandi vits að hafa tekjuhlið fjárl. miklu lægri en líklegt er, að tekjurnar verði, þá ýti það beinlínis undir umframgreiðslur. Vegna þess að þessar umframgreiðslur eru að mestu eða öllu leyti eftir sérstökum l. eða þál. og þar sem gjöldin eru í mörgum heimildum á valdi ríkisstj., þá á ríkisstj. vont með að rísa á móti þessum kröfum, ef vitað er, að tekjur ríkissjóðs eru miklu meiri en gefið er upp í fjárl. Mér virðist, að gerður hafi verið leikur að því á undanförnum árum að ýta undir þessar umframgreiðslur með því að áætla tekjurnar of lágt. Þetta sjónarmið óska ég, að menn hefðu í minni, þegar þeir kynna sér, hvort það sé svo mikil fjarstæða að áætla tekjurnar þetta ár eins og n. hefur gert. Þetta er tilraun til þess að komast sem næst því rétta. En enginn getur vitað það fyrir fram, hver útkoman verður.

Þá kem ég að áfenginu. Það er ekkert ánægjuverk að skrúfa þennan lið upp. En það er ekki fjvn., sem gerir það. Reynslan sýnir, að þessu er eytt. Og þegar reynslan sýnir, að þessi óþarfavara er svona mikið notuð, þá verður að taka tillit til ástandsins, eins og það er, þegar fjárl. eru samin. En engan veginn ber að líta á það sem ósk n., að þetta ástand haldist.

Um aðra tekjuliði er það að segja, að verðtollurinn hefur verið hækkaður. Mætti e. t. v. segja, að það sé tvísýn ráðstöfun. En í því sambandi vil ég vísa til ræðu hæstv. viðskmrh. (PM).

Hér er starfandi stofnun, sem heitir viðskiptaráð og kostar þjóðina 1½ millj. kr. á ári. Þessi stofnun var sett á fót af fyrrv. stj. með það fyrir augum, að hún greiddi fyrir viðskiptum. En að mínum dómi og margra annarra verzlunarmanna gerir hún það ekki. Og reynslan hefur sýnt, að í mörgum tilfellum torveldar hún þróun eðlilegra viðskipta. Það er eins og ráðið líti á sig sem eins konar skömmtunarskrifstofu. En þess þarf það ekki. Hér eru starfandi skömmtunarskrifstofur fyrir þær vörur, sem skammtaðar eru í landinu. Þarna gætir allt of mikillar skriffinnsku og beins andófs gegn innflutningi margra vara, sem alls ekki geta talizt munaðarvörur, t. d. byggingarvara. Þessar gerðir ráðsins geta auðveldlega leitt til þess, að dragi úr innflutningi vara. Sérstaklega er þetta alvarlegt, hvað snertir þær vörur, sem hömlur eru á um útflutning vestanhafs. — Það kom til tals í n. að athuga gang þessara mála, og voru tveir nm. tilnefndir til að gera það. En með öllum þeim störfum, sem n. hefur, reyndist það ógerlegt. Ég er mjög hræddur um, að þessi dýra stofnun sé farin að misskilja hlutverk sitt. Ef nauðsyn er á innflutningshömlum nú, er það ekki vegna gjaldeyrisskorts, heldur vegna skipaskorts. Og það afsakar það ekki að láta nauðsynlega byggingarvöru liggja mánuðum saman á hafnarbakkanum, vegna þess að viðkomandi firma hefur ekki fengið nægilegan „kvóta", eins og það er kallað, hjá þessu háa ráði. Viðskiptaráð heldur fast við þá biblíusetningu að leyfa hvorki pöntun á byggingarvörum né öðru, nema útflutningsleyfi liggi fyrir um það. En það er vitað mál, að fjölda vara, sem vitað er, að stórar hömlur eru lagðar á vestan hafs, tekst mörgum að festa kaup á eftir ýmsum leiðum utan við skömmtunina. Þess vegna finnst mér, að viðskiptaráð þurfi ekki að vera kristnara en páfinn sjálfur í þessum efnum. Ef þjóðin hefði ætíð, síðan viðskiptaráð var stofnað, gengið hina troðnu braut þess, þá væri áreiðanlega skortur á miklu fleiri vörutegundum í landinu. Það, sem bjargað hefur, er það, að ýmsir hafa flutt inn vörur án þess að hafa fengið samþykki ráðsins fyrir fram. Mér finnst nauðsynlegt, að þetta sé tekið fram til athugunar fyrir hlutaðeigandi ráðherra.

Þá kem ég að gjaldabálknum. — N. leggur til, að liðurinn til póstflutninga hækki um 200 þús. kr. Þessi hækkun er gerð í samráði við samgmrh. með það fyrir augum, að samgöngur verði bættar á árinu. Eins og kunnugt er, var mþn. sett til að gera till. um betri póstsamgöngur. Hún hefur skilað áliti og lagt til, að gerðar verði miklar breyt., sem í heild sinni kostar mikið að framkvæma. En fjvn. stefnir í þá átt að koma bótum á og nota þau góðu ráð, sem n. hefur lagt til.

Gert er ráð fyrir, að framlag til notendasíma í sveitum hækki um 400 þús. kr. Ég vil sérstaklega, að þeir, sem eru fulltrúar fyrir sveitafólkið, fái að vita, að n. hefur tekið á sig mikla ábyrgð og ámæli frá sumum fyrir að leggja til, að þessi hækkun fari fram. En n. gerði það vegna þess, að hún vildi leitast við að sýna það, að hún skildi þá erfiðleika, sem dreifbýlið á við að stríða í þessum efnum, og telji þessar ráðstafanir verjandi, þótt dýrar séu.

Þá leggur n. til, að framlag til símstöðva og eftirlitsstöðva hækki um 200 þús. kr.

Samkv. ósk atvmrh. lagði n. til, að smávægilegar breyt. yrðu gerðar á launagreiðslum til sendiráðanna í Washington og London og einum manni bætt við á öðrum staðnum; einnig, að ferðakostnaður yrði tekinn upp sem sérstakur liður. Þetta er smávægilegur kostnaður.

Framlag til landhelgisgæzlu leggur n. til, að hækki um 800 þús. kr. Er það gert í samræmi við þá reynslu, er fengizt hefur af rekstri landhelgisgæzlunnar árið 1943 og það, sem liðið er af þessu ári. Nú á stríðsárunum hefur fé á þessum lið jöfnum höndum runnið til strandferða. Öllum er kunnugt, hve varðskipin eiga mikinn þátt í strandferðum. Og þetta er lítt sundur skilið. Skipaútgerðin hefur bókhald yfir allt þetta, og mikið af þeim kostnaði, sem varið er til landhelgisgæzlu, rennur til strandferða. En þar sem hvort tveggja er gert fyrir þjóðina og allir vita, að þetta verður ekki aðgreint í bili, sér n. ekki ástæðu til að skipta sér af því, hvað þessi liður verður látinn heita.

Samkv. ósk dómsmrh. leggur n. til, að 165 þús. kr. séu veittar til viðgerðar á hegningarhúsinu í Reykjavík og einnig 100 þús. kr. til að gera við fangahúsið að Litla-Hrauni. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði sótti um 75 þús. kr. fjárveitingu til fangahússbyggingar þar. En n. leggur til, að veittur sé helmingur þeirrar upphæðar. Kemur þetta fram á brtt. n. á þskj. 579, í 16.—17.—18. brtt.

Um 19. brtt. skal það sagt, að hún féll úr frv. fyrrv. stj., en n. þótti rétt að taka hana upp í það aftur. Þar er um að ræða greiðslur fyrir eftirlit á vegum. Starfsmaðurinn hefur einnig það með höndum að koma í veg fyrir slæma þróun í áfengismálum í sveitum landsins.

20. brtt. snertir viðskiptaráð; er þar leiðrétt prentvilla.

21. brtt. er um hækkun skrifstofukostnaðar til

landlæknis. Hann hefur ekki verið kröfuharður um rekstrarkostnað. Þar eru veittar 1000 kr. til hækkunar.

22. brtt. er 100 þús kr. fjárveiting til viðbótarbyggingar við fávitahælið á Kleppjárnsreykjum. Með því er reynt að bæta úr þeim vandræðum, sem stafað hafa af því, hvað það er lítið.

24. brtt. er um styrk til sjúkrahússbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla, eftir till. ráðh. 1.100.000 kr.

25. brtt. er til vegamála. Í nál. er bent á, að í fjárlfrv. fyrrv. stj. hafi framlag til nýrra akvega verið lækkað mjög verulega frá því sem er í núgildandi fjárl. N. átti ýtarlegar umr. um þetta við vegamálastjóra og samgmrh. Kom það í ljós, að ríkisstj. lagði á það sérstaka áherzlu, að hraðað yrði lagningu þriggja vega, sem tengja munu kaupstaði við aðalvegakerfi landsins, einnig lagningu Krýsuvíkurvegarins og vegar yfir Þorskafjarðarheiði. Lét n. fyrir sitt leyti að óskum ríkisstj. í þessu efni. Svo hafði n. það sérsjónarmið að leggja áherzlu á það, að sem minnst yrði dregið úr fjárframlögum til vega frá því, sem verið hafði í fjárl. 1944, og um það náðist svo samkomulag, eins og fram kemur í brtt. fjvn. Ég vil geta þess til skýringar, að þetta þýðir það, að yfir 40 vegi, sem sleppt hafði verið í frv. stj. samanborið við gildandi fjárl., tók n. nú á ný inn í brtt. sína.

Um brúargerðir er það að segja, að n. leggur til, að sá liður hækki um 315 þús. kr. og verði 815 þús. kr. og skiptist eins og segir í nál. Annars er það upplýst, að samkv. fjárveitingu frá 1943 og 1944 liggja fyrir fjárveitingar til yfir 20 brúa, sem ósmíðaðar eru, annaðhvort af því, að ekki hefur fengizt nægilegt efni, eða brúarsmiði hefur vantað, nema þá hvort tveggja hafi komið til. — Nú stendur til, að Ölfusárbrú verði endursmíðuð og brú á Jökulsá á Fjöllum, og þegar hækkanir n. eru teknar með, er, eins og nú standa sakir, búið að ákveða 5 millj. kr. í brýr, sem ekki eru smíðaðar. Það er ótrúlegt, að hægt verði á fjárlagaárinu að vinna fyrir hærri upphæð.

Mér láðist að geta þess, þegar ég talaði um vegina, að til Krýsuvíkurvegarins eru ætlaðar 500 þús. kr. í frv. Nú hefur n. fengið þær upplýsingar hjá ríkisstj., að þetta fé sé greitt af tekjum ársins 1944, og er það þess vegna, sem þessi ½ millj. kr. samkv. þál. frá því í sumar hefur ekki verið tekin upp í till. n.

Þá er brtt. nr. 27, um hafnarmannvirki. — N. óskar þess, að ríflegar fjárveitingar verði til hafnarbóta, og skýrir brtt. sig sjálf, eins og hún er sundurliðuð í brtt. n., bæði að því er snertir hafnargerðir og lendingarbætur.

Samkv. 28. brtt. er gert ráð fyrir að hækka fjárveitingar til flugmála úr 600 þús. kr. í 700 þús. kr., þar af byrjunarstyrkir til flugvallar í Vestmannaeyjum 300 þús. kr. og til dráttarbrautar og flugskýlis á Ísafirði 100 þús. kr. Það er vitað, að á leiðinni gegnum þingið er frv. um, að ríkið veiti styrk til slíkra mannvirkja.

Um 29. brtt. vil ég segja það, að rétt þótti að taka upp smá-fjárveitingar til nokkurra kirkna, sem upp eru taldar, eins og sést í brtt. n. Það eru 5 kirkjur með 15 þús. hver og 6. kirkjan með 10 þús. kr. fjárveitingu. Það hefur undanfarið verið þannig, að einstakir þm. hafa beitt sér fyrir því, að þ. veitti lítils háttar styrki til þess að endurbyggja kirkjur, og er fjarri, að ég telji ekki vel afsakanlegt og verjanlegt að verja nokkru fé til þeirra hluta. Vitaskuld verður að gæta þess, að það er ekki hægt að taka fyrir í einu allar kirkjur í landinu, sem endurbyggja þarf, en mér virðist þessari upphæð svo í hóf stillt, að það ætti að vera hægt að fallast á hana.

30. brtt. n. fjallar um það, að liðurinn til ísl. stúdenta í erlendum háskólum hækki um 50 þús kr. Það mun alls staðar reynast svo, að dvölin erlendis reynist öllum miklu dýrari en gert er ráð fyrir og látið í veðri vaka af þeim, sem hafa með höndum upplýsingastarfsemi um þessi mál. Af þeirri reynslu, sem fengin er, tel ég það mjög æskilegt, að þeir, sem gefa námsfólki upplýsingar um þessi efni, vandi betur til þeirra en verið hefur til þessa. Útkoman hefur verið sú, að kostnaðurinn hefur að jafnaði orðið miklu meiri en gefið hefur verið í skyn.

Samkv. 31. brtt. er um lítils háttar hækkun á framlagi til Íþöku að ræða.

32. brtt. er um byggingu tilraunaskóla, sem jafnframt sé æfingaskóli fyrir nemendur Kennaraskólans. Ætlazt er til, að Handíðaskólinn fái húsrúm í sömu byggingunni fyrir starfsemi sína.

33. brtt. fjallar um stundakennslu í Stýrimannaskólanum. Liður sá verður að hækka eins og þar segir af þeim ástæðum, sem getið er um í nál.

34. brtt. er um lítils háttar hækkun til aukakennslu, eldiviðar, ljósa o. fl.

Í 35. brtt. er hækkuð lítils háttar fjárveiting til smíða- og leikfimiskennslu á Hvanneyri. Enn fremur leggur n. til, að veittar verði 25 þús. kr. til vatnsveitu til heimilisnota. Vatnsbólið á Hvanneyri virðist vera óviðunandi, og þar sem það stendur til, að það verði lagfært, en kostnaður allmikill, hefur n. ekki þótt annað fært en verða við tilmælum skólastjóra að hálfu leyti.

Í 36. brtt. leggur n. til, að hækkað verði framlag til smíðakennslu o. fl.

37. brtt., sem er viðvíkjandi iðnskólahaldi, í 38. brtt., sem varðar Verzlunarskólann, og í 39. brtt., varðandi Samvinnuskólann, er aukið framlagið til þessara skóla.

Þá er 40. brtt., og er hún um Kvennaskólann í Reykjavík. Sá skóli hefur, eins og flestir vita, notið nokkurs styrks frá ríkinu og er eflaust álitinn mjög góður skóli. Skólahúsið er orðið gamalt og þarf viðgerða við. Þótti n. ekki annað fært en veita fé til þess að gera við hann.

41. brtt. er um barnaskólabyggingar utan kaupstaða. Hæstv. menntmrh. lagði til að hækka þennan lið upp í 1 millj. kr. N. kom til móts við ráðh. og hækkaði upphæðina upp í 800 þús. kr. Það er víst, að slíkra skólahúsa er víða þörf, en n. treystist þó ekki til að hafa þennan lið hærri.

42. brtt. er um stofnkostnað héraðsskóla. Hæstv. menntmrh. lagði til, að sú fjárveiting yrði hækkuð upp í 1.180.000 kr. N. lagði til að hækka liðinn upp í 800 þús. kr., sem skiptist eins og segir í grg.

43. brtt. er sama eðlis. Þar er líka nokkur hækkun á byggingarstyrk til gagnfræðaskóla og skiptist eins og greinir í nál.

44. brtt. er um húsmæðraskóla. Er þar um smávegis hækkun að ræða, fyrir 100 þús. koma 110 þús kr. Stafar þessi hækkun aðallega af hækkun á stundakennslu.

Þá er 45. brtt., og er hún um húsmæðraskóla í kaupstöðum. N. leggur til, að sá liður verði 400 þús. kr. í stað 340 þús. kr. og skiptist í fjóra staði, eins og sést í nál.

46. brtt. er um húsmæðraskóla í sveitum. Leggur n. til, að til byggingar húsmæðraskóla í sveitum séu veittar 400 þús. kr.

Hæstv. menntmrh. lagði til við n., að tekinn yrði upp nýr liður: styrkur til íþróttakennaraskóla, 150 þús. kr., og hefur n. orðið við því og gerir um það till., þá 47.

48. brtt. er um það að auka framlagið til íþróttasjóðs. Lagði hæstv. menntmrh. til, að liðurinn yrði hækkaður upp í 650 þús. kr., en n. kom til móts við þá ósk og leggur til, að sá liður verði hækkaður upp í 600 þús. kr.

Í 49. brtt. eru nýir liðir: styrkur til menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands og til Alþýðusambands Íslands, fjárhagslega lítilvægir liðir, en n. leggur til, að þeim sé bætt inn á fjárl.

Þá er komið að Landsbókasafninu, í 50. brtt. Það var ósk menntmrh., að þrír liðir tilheyrandi Landsbókasafninu yrðu hækkaðir, þar á meðal til bókakaupa og bókbands, upp í 150 þús. kr.

Til viðhalds fornmenjum á nokkrum stöðum, samkv. beiðni þjóðminjavarðar, leggur n. til, að veittar verði 25 þús. kr.

N. leggur til, að bókasöfn og lesstofur verði studdar meir en verið hefur og sérstaklega bókasafnið á Ísafirði, sem á að bera nafn Jóns Sigurðssonar, og er því veittur 20 þús. kr. byggingarstyrkur og um leið veitt fé til viðgerðar og stækkunar á bókhlöðunni á Húsavík. Svo er nýr liður, þar sem fé er veitt til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík.

53. brtt. er um *smávægilegar hækkanir til* Fornleifafélagsins og einnig til Vísindafélags Íslendinga, og undir sama lið, að dr. Jóni Dúasyni verði veitt verðlagsuppbót á þann grunnstyrk, sem hann fær til útgáfu rita sinna, en hann hefur hingað til ekki fengið neinar uppbætur. N. telur, að starf Jóns sé svo mikilsvert, að ekki sé rétt að láta hann einan fara á mis við verðlagsuppbót.

Þá er 54. brtt. um framlag til skálda, rithöfunda og listamanna, eins og segir í nál. Hæstv. menntmrh. lagði til, að styrkurinn yrði hækkaður úr 375 þús. kr. í 500 þús. kr., en n. samþ. að leggja til, að styrkurinn yrði hækkaður í 437.500 kr. Enn fremur leggur n. til, að úthlutun styrkjanna fari fram með öðrum hætti en verið hefur, eins og sjá má í 54. brtt. n.

55. brtt. snertir leiklistarstarfsemi. Þar er tillag til leikskóla Jóns Norðfjörðs hækkað lítillega.

56. brtt. er viðvíkjandi Fiskifélagi Íslands. Hæstv. atvmrh. lagði til við n., að teknar yrðu upp nokkrar hækkanir við Atvinnudeild háskólans, fiskideildina, og leggur n. til, að liðurinn „Ýmislegur rekstrarkostnaður" hækki um 50 þús. kr. og að veittar verði til fiskirannsókna í Faxaflóa 50 þús. kr., enn fremur til áhaldakaupa og útgáfustarfsemi 20 þús. kr.

Í 57. brtt. leggur n. til, að framlag til fjárræktarbúsins á Hesti hækki upp í 110 þús. kr. Í gildandi fjárl. er fjárveiting til þess að koma upp tilraunabúi á Hesti í Borgarfirði, sem hefur það markmið að ala þar upp fé af þeim stofnum, sem reynzt hafa sterkastir gegn sauðfjársjúkdómum. Nú er þetta bú tekið til starfa og viðbótin ætluð sumpart til búrekstrarins og nokkuð til endurbóta á bæjarhúsum.

Þorkell Þorkelsson veðurfræðingur hefur óskað eftir því við stj., og hún gerir það að till. sinni, að honum verði veittur kostur á að kaupa ný tæki til landskjálftamælinga, og er með 58. brtt. orðið við þeim óskum.

59. brtt. er viðvíkjandi jarðabótastyrkjum, í stað 700 þús. komi 1 millj. kr. Hins vegar fellur framlag til ræktunarframkvæmda vélasjóðs niður. Greiðslur þessar eru samkv. jarðræktarl., önnur samkv. 2. kafla, en hin samkv. 5. kafla.

60. brtt. fjallar um framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka, og eru veittar til þess 300 þús. kr., og er það ein greiðsla af þremur. Lönd þessi liggja undir skemmdum af vatnagangi, svo að til eyðileggingar horfir, og þótti rétt að veita nokkurt fé til þess að varðveita eigur ríkissjóðs, og þótti hentara að veita ekki allt féð í einu, heldur í þrennu lagi.

61. brtt. er líka til þess að varna ágangi vatns, bæði undir Eyjafjöllum og til fyrirhleðslu á tveim stöðum í Austur-Skaftafellssýslu, og er fjárveitingin eins og greint er í till. n.

Þá kem ég að 62. brtt. fjvn. Þessi liður, sem tekinn er upp í samráði við fjmrh., fjallar um vélasjóð og fer fram á 500 þús. kr., sem verja á til verkfærakaupa. Verkfæri þessi á svo að nota til landþurrkunar, því að eins og menn vita, er mikið verkefni fyrir slík tæki víðs vegar um land, þar sem þau gera mönnum unnt að breyta flóum og mýrum í valllendi.

63. brtt. fer fram á að hækka lítils háttar fjárveitingu til sandgræðslustöðva, úr 135 þús. kr. upp í 147 þús. kr. Ætlazt er til, að þessi hækkun gangi *til sandgræðslu á Grænavatni í Mývatnssveit*, þó að því tilskildu, að samkomulag náist milli jarðareiganda og ríkisstj. um afnot landsins.

64. brtt., a-liður, fer fram á lítils háttar hækkun á grunnstyrk til einstakra manna til þess að stunda dýralækningar. Er ætlazt til, að þessi grunnstyrkur hækki úr 5.500 kr. upp í 6.500 kr., og er hann ætlaður dýralækni, sem nýráðinn er til Vestmannaeyja. — B-liður sömu brtt. fer fram á, að verðlagsuppbót á þessum grunnstyrk hækki úr 8.250 kr. upp í 9.750 kr. — Í c-lið sömu brtt. leggur n. til, að veittar verði 50.000 kr. til dýralæknisbústaðar á Egilsstöðum, sem ætlazt er til, að verði fyrir allan Austfirðingafjórðung.

65. brtt. fjvn. fjallar um kostnað vegna sauðfjársjúkdóma, en sauðfjársjúkdóman. þótti gr. illa orðuð, eins og hún var í frv. hæstv. ríkisstj., en vill hafa hana ósundurliðaða. Um þetta var allmikið rætt í fjvn., og hafði hún fund með sauðfjársjúkdóman., þar sem rætt var um það, hvort fjárveitingar til uppeldisstyrks og til girðinga væru þær réttu eða ættu að vera öfugt. Varð niðurstaðan sú að veita féð í einu lagi án skilgreininga, til þess að ríkisstj. hefði frjálsar hendur um að verja fénu eins og reynslan kann að benda á, að rétt reynist. Jafnframt var liðurinn hækkaður lítils háttar eða um 38.000 kr. frá því, sem stjfrv. var. Voru þau rök færð fyrir þessu, að styrkurinn væri allt of lágt áætlaður í stjfrv., — þótt þess beri að geta, að þessi 38.000 kr. hækkun sé ekki nógu mikil, — en hins vegar gæti ríkisstj. fært til fé milli liða með því að hafa þessa liði ekki sundurgreinda í frv., eftir því sem þörfin kallaði eftir og

rétt reyndist á því fjárhagsári, sem hér um ræðir.

Brtt. 65, b-liður, er nýr liður, sem fer fram á fjárveitingu til vélsmiðju í Hólmi í Landbroti, og sé stofnkostnaður 25000 kr. Allir landsmenn kannast við þetta bæjarnafn fyrir það, að þar bjó Bjarni Runólfsson, sá mikilvirki og vinsæli maður. Hann er nú fallinn frá, eins og kunnugt er, og stendur nú til, að Hólmur verði áfram smiðjumiðstöð fyrir Skaftafellssýslur og reyndar fleiri sýslur. Sá maður, sem veita mun vélsmiðjunni forstöðu, er Valdimar Runólfsson, bróðir Bjarna. Hann hefur reist þarna stórt hús fyrir smíðar, og með tilliti til allra aðstæðna þótti fjvn. rétt að veita þessar 25000 kr. í stofnkostnað.

66. brtt. n. er 3 nýir töluliðir, sem eru verðlaun til þriggja gamalla bænda, Guðmundar Einarssonar, Brekku, Kristjáns Jónssonar, Mýrlaugsstöðum, og Magnúsar Ólafssonar, Krýsuvík. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða, — þeim tveim fyrrgreindu eru ætlaðar 2500 kr. hvorum um sig, en Magnúsi 1000 kr., — en þessir menn hafa hver á sínu sviði unnið til þess, að þeim sé einhver sómi sýndur, og þótti fjvn. því rétt að veita þeim þessa upphæð í eitt skipti fyrir öll.

67. brtt. fer fram á 100 þús. kr. hækkun til Fiskifélags Íslands. Þessi hækkun á að verða til þess, að félagið geti aflað sér nýrra og nauðsynlegra áhalda í hina nýju rannsóknarstofu, sem reist verður á vegum félagsins. — Mér er sérstök ánægja að því að mæla með þessu, þar sem ég hef þannig stöðu í atvinnulífinu, að ég hef mikið saman að sælda við Fiskifélagið og veit því, að það er til hins mesta gagns fyrir þjóðfélagið. Fiskifélagið hefur þegar áunnið sér svo mikið traust, að vottorð þess til að sanna með gæði meðalalýsis hafa verið viðurkennd bæði af brezku og sænsku ríkisstj., sem báðar hafa keypt miklar birgðir af meðalalýsi frá Íslandi. Ég lít svo á, að hins bezta megi vænta af starfsemi Fiskifélags Íslands til þess að vinna fiskiðnaði vorum og sjávarútvegi gagn.

68. brtt. er nýr liður, um fjárveitingu til reikningsskrifstofu sjávarútvegsins. Um hana þarf ekki að fjölyrða, þar sem hún er stofnuð með l.

69. brtt. fjallar um byggingu iðnskóla í Reykjavík, og fer n. fram á að hækka byggingarstyrkinn um 100 þús. kr. Fór fjvn. þar eftir kröfu og ósk samgmrn. Þessi skóli er mjög fjölmennur, en vantar tilfinnanlega húsnæði. Má það ekki vera honum til tálmunar.

70. brtt. fjvn. fjallar um hækkun til styrktar- og sjúkrasjóða; fyrir 14650 kr. komi 15150 kr. — Ég skal geta þess í sambandi við þessa hækkun, að fjvn. hefur borizt erindi frá Sjúkrafélagi Norðfjarðar, sem óskar eftir því að verða aðnjótandi svipaðs styrks og þessi hækkun nemur, og þótti n. rétt að verða við þessum tilmælum.

71. brtt. fjvn. er viðvíkjandi sumardvöl barna í sveit, en ætlazt er til, að sá liður falli niður. — Eins og kunnugt er, hafa börn úr kaupstöðum, — aðallega úr Reykjavík, — verið send til sumardvalar upp í sveit á undanförnum stríðsárum, aðallega til þess að forða þeim frá loftárásahættu. Þar sem nær eingöngu Reykjavíkurbörn hafa notið þessa og hér er um almenningsfé að ræða og þar sem loftárásahætta virðist vera liðin hjá, þótti rétt að fella þessa fjárveitingu niður.

72. brtt. fjvn. er nýr liður, er fer fram á fjárveitingu til barnaheimilis á Sólheimum. Síðan fávitahælið á Kleppjárnsreykjum tók til starfa og tók við börnum frá Sólheimum, hefur orðið á breyting á starfsemi þess barnaheimilis. Forstöðukonan á Sólheimum, Sesselja Sigmundsdóttir, sem af dugnaði miklum hefur haldið uppi starfsemi þarna, hyggst nú að reka þar barnaheimili eingöngu, og vill því fjvn. veita 7000 kr. fjárhæð til þessa barnaheimilis, bæði til þess að sýna Sesselju viðurkenningu fyrir unnin störf á síðastliðnum árum og jafnframt stuðla að því, að þarna verði barnaheimili framvegis.

73. brtt. fjvn. er varðandi styrk til mæðrastyrksnefnda, og er hækkun á þeim lið alls 25000 kr. Ætlazt er til, að af þeirri hækkun renni 15000 kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Þetta er í fyrsta skipti, sem slíkur styrkur er veittur mæðrastyrksnefndum utan Reykjavíkur, en fjvn. þótti rétt, þar sem mæðrastyrksnefndin í Reykjavík fær fé úr ríkissjóði, að opna einnig leið fyrir slíka starfsemi, sem hefur aðsetur sitt annars staðar á landinu, þannig að hún fái að njóta nokkurs góðs af þessu fé. Ætlazt er til þess, að úthlutun þessi fari fram að fengnum till. mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.

74. brtt. fjvn. fjallar um slysavarnir, og leggur n. til í a-lið, að fjárveiting til þeirra hækki úr 50 þús. kr. upp í 100 þús. kr. En b-liður sömu brtt. fjallar um það að styrkja Lárus Eggertsson til björgunarnáms í Bandaríkjunum. Eftir því sem vottorð bera með sér, er lágu fyrir í fjvn., er hér um ungan og efnilegan mann að ræða, er hefur tekizt á hendur nám þetta, og hefur hann af eigin rammleik staðið straum af námskostnaði sínum á yfirstandandi ári. En þar með er fé hans á þrotum. Þarf hann að vera eitt ár í viðbót til þess að ljúka námi, og leggur n. því til að veita honum 14000 kr. styrk til þess að ljúka umræddu björgunarnámi í Bandaríkjunum. Fjvn. lítur svo á, að henni hafi verið færðar nægilegar sönnur á, að þessi maður hafi stundað námið af alúð og sé hæfileikum búinn fyrir þetta starf, og hins vegar álítur hún, að nauðsynlegt sé, einmitt að því er varðar slysavarnir, að hafa mann til staðar, er hafi fullkomna þekkingu til þess að fara með björgunartæki og stjórna björgunaraðgerðum.

75. brtt. fjvn. er viðvíkjandi stórstúku Íslands. Ætlazt er til, að styrkurinn til bindindisstarfsemi hækki um 20000 kr. frá því, sem stjfrv. gerir ráð fyrir, en þar af eiga 8000 kr. að renna til bindindisfélaga í skólum landsins.

76. brtt. fjvn. er nýr liður, sem er styrkur til verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, að upphæð 12000 kr. Skal geta þess í sambandi við þennan styrk, að bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. dómsmrh. báru fram ósk um þetta við fjvn., og var samþ. að verða við þeim tilmælum.

77. brtt. fjvn. er nýr liður varðandi styrk til Kvenréttindafélags Íslands, að upphæð 2000 kr. Á síðustu fjárl. fékk félagið 600 kr., en nú bárust n. tilmæli frá ungfrú Laufeyju Valdimarsdóttur að fá styrkinn hækkaðan, og fannst fjvn. rétt að verða við þeim.

78. brtt. fjvn. er um rekstrarhalla kreppulánasjóðs. Búnaðarbanki Íslands hefur skýrt n. svo frá, að vegna þess að kreppulánin greiðast örar en gert var ráð fyrir, sökum þess að greiðslu-

geta sveitarfélaganna er meiri en áður, hefur það leitt til vaxtataps fyrir bankann. Mun hann því eiga kröfu á að fá það nokkuð bætt upp af hinu opinbera, og þótti n. rétt að taka tillit til þess og leggur til, að þessi rekstrarhalli sé hækkaður úr 40 þús. kr. upp í 100 þús. — B-liður sömu brtt. er nýr liður, sem er 250 þús. kr. fjárveiting til alþjóðastarfseminnar. Eins og kunnugt er, eiga Íslendingar að taka lítils háttar þátt í alþjóðahjálparstarfseminni, og hefur fjárframlag landsins verið ákveðið 5½ millj. kr. Nú þegar er búið að greiða 3380000 kr., og þykir því rétt að taka þessa upphæð nú í fjárl. Ég vil benda á, að á nál. fjvn. á þskj. 580, 17. gr., er sagt, að fjmrh. hafi óskað þess, að n. legði til, að tekin yrði upp 2½ millj. kr. greiðsla í þessu skyni, en þar er um prentvillu að ræða, og á að vera 250000 kr., eins og segir í brtt. fjvn. á þskj. 579, 78, b.

Er þá komið að breyt. á 18. gr. stjfrv., sem fjvn. flytur nokkrar till. við. — Eins og venja hefur verið, hafa þar verið tekin upp nokkur ný nöfn, sérstaklega gamalla embættismanna, sem rétt þykir að styrkja lítils háttar. Aðalbreyt. er sú, að styrkur til 43 prestsekkna, sem nafngreindar eru í þessum till. n., hefur verið hækkaður um 400 kr. fyrir hverja ekkju yfirleitt. Ein er þó hækkuð um 600 kr. vegna mjög erfiðra aðstæðna. Tilmæli bárust til fjvn. frá fjmrh. eftir tillögu biskups, um að n. legði til þessar breyt., sem hún hefur nú gert. Tel ég ekki þörf vera á því að ræða allar þessar brtt., enda mundi það taka of langan tíma, en eins og sjá má af brtt. fjvn., á þskj. 579, ná þessar brtt. við 18. gr. stjfrv. frá 79. til 108. brtt., að báðum meðtöldum. Að ræða um þær frekar kýs ég ekki nema af sérstöku tilefni.

109. brtt. fjvn. er nýr liður, sem fjallar um fjárveitingar til óvissra útgjalda o. fl. Þar leggur n. til, að greiddar verði 4 millj. kr. vegna vantalinnar verðlagsuppbótar. Stafar þetta af því, að eins og stjfrv. var lagt hér fram, er miðað við vísitöluna 250, en eins og kunnugt er, er vísitalan miklu hærri, og er þess vegna farið fram á þessa hækkun, til þess að verðlagsuppbótin samsvari a. m. k. þeirri dýrtíð, sem er í dag, en hún er nú 271 stig, og hefur það ástand nú um alllangt skeið haldizt nokkuð óbreytt.

110. brtt. fjvn. fer fram á hækkun á fjárveitingu til nýrra vita, þannig að fyrir 350 þús. kr. komi 600 þús. kr.

111. brtt., a-liður, fer fram á viðbótarhúsnæði ríkisspítala og leggur til, að framlagið sé hækkað úr 1 millj. kr. upp í 2 millj. kr. Er þetta gert samkv. ósk hæstv. dómsmrh. Byggingar þær, sem hér um ræðir, eru: hjúkrunarkvennaskóli, hús fyrir starfsfólk Landsspítalans og fæðingardeild. Ég vil geta þess, að hér er ekki gert ráð fyrir húsnæði, sem vantar mjög tilfinnanlega, en það er húsnæði fyrir geðveikt fólk.

111. brtt., b-liður, er nýr liður, þar sem fjvn. fer fram á 1 millj. kr. til byggingar þjóðminjasafns, og er það eftir till. hæstv. fjmrh. Eins og kunnugt er, var á sumarþinginu, sem haldið var í tilefni af lýðveldisstofnuninni, samþ. þáltill. um byggingu þjóðminjasafnshúss, er gert var ráð fyrir, að kosta mundi um 3 millj. kr., og þess vegna vill n. leggja til að taka upp í fjárlfrv. fjárveitingu í þessu skyni.

112. brtt. fjallar um smíði varðskips. — Hæstv. dómsmrh., bar fram ósk um, að fé yrði veitt í þessu skyni sökum aukinnar þarfar, og var n. auðvitað samþykk því.

113. brtt. snertir 22. gr. fjárl. Þar vil ég taka það fram, að ég bið um fyrir hönd n., að teknar verði aftur brtt. undir staflið b. og g. — Um hina stafliðina skal ég drepa á viðbótarlán til hitaveitu í Ólafsfirði. Ólafsfirðingar eru hinir mestu framkvæmdamenn og hafa ráðizt í rafveitu og hafnargerð, og er þess að vænta, að staðurinn vaxi og blómgist á næstunni.

Nú tek ég eftir því, að ég hef hlaupið yfir eitt atriði, en það er um húsmæðraskólastyrk í 44. brtt., um 25 þús. kr. styrk til skóla Ingibjargar Jóhannsdóttur. Styrkur sem þessi á sér fordæmi í styrkveitingu til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði.

Ég vík þá aftur að 22. gr. Þar er tekin upp heimild, sem staðið hefur í fjárl. að undanförnu, að verja allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbóta á endurbyggingarstyrk til sveitabýla. Það er skylt að stuðla að nýbyggingum í sveitunum, og byggingarstyrkur er því atriði, sem eigi verður deilt um. — Ég minnist ekki á þá liði, sem teknir verða aftur til 3. umr.

Þá leggur og n. til, að endurnýjaðar verði tvær heimildir, sem snerta Vestmannaeyjakaupstað.

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um brtt. n. Gjaldahækkun sú, er n. gerir ráð fyrir, nemur því alls 14971394 kr. — Ég hef áður minnzt á hækkun tekna, og er því mismunurinn samkv. sjóðsyfirliti, sem nemur 5669739 kr., sem gjöldin eru áætluð hærri en tekjurnar. Þetta kann að vera of hart í farið, og hefur þegar verið getið um það í útvarpi og blöðum og n. verið sökuð um að vera of ör á fjárveitingar, en þó er hér eigi allt talið, sem taka verður á gjaldalið. Ég fer ekki út í það hér, sem getið er um í nál., um dýrtíðarráðstafanir.

Ég vil þá að lokum minnast á helztu liðina, sem n. hefur hækkað. Það er þá fyrst, að liðurinn til póstflutninga verði hækkaður um 200 þús. kr., að framlagið til notendasíma í sveitum verði hækkað um 400 þús. kr., að fjárframlag til símastöðva og eftirlitsstöðva verði hækkað um 200 þús. kr., að liðurinn um fjárveitingu til vega hækki um 3476000 kr., að fjárveiting til brúargerða verði hækkuð um 315 þús. kr., að fjárframlög til hafnarmannvirkja hækki um 3268000 kr., að liðurinn um fjárveitingu til jarðræktarframkvæmda verði hækkaður um 1 millj. kr., að greitt verði til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri og Eyrarbakka 100 þús. kr., að tekinn verði upp nýr liður, til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum, 50 þús. kr., að veitt verði til vélasjóðs til verkfærakaupa, 500 þús. kr., að lagt verði til dýralæknisbústaðar á Egilsstöðum, 50 þús. kr. Hækkun til skólabygginga nemur um 1690000 kr., hækkun til sjúkrahúsbygginga 450 þús. kr., og framlagið til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana verði hækkað upp í 2 millj. kr. Svo leggur og n. til, að framlagið til að gera nýja vita verði hækkað upp í 600 þús. kr. — Ég vildi benda á þessa helztu liði, en hækkun þeirra nemur um 12 millj. kr., og mest af þeirri hækkun er til verklegra framkvæmda, enda lögð áherzla á það af hálfu n.

Eins og ég sagði áðan, hefur n. verið legið á hálsi fyrir gerðir sínar, en viðhorfið til afgreiðslu

fjárl. getur breytzt frá 1. umr. til 2. og 3. umr. Ég hef ekki leyfi til að mæla fyrir hönd n., en ég vildi segja þetta, að það, sem n. hefur gert, er háð gagnrýni, og verði talið nauðsynlegt að lækka fjárl., þá er það skoðun mín, að helzt beri að lækka þá liði, sem eigi koma strax til framkvæmda.

Í sambandi við brtt. á þskj. 612 og 626, þá finnst mér, að þar ríki enn meiri bjartsýni en hjá n., og þykir mér það eigi samrýmanlegt þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið gegn gerðum n. Þetta er sagt, án þess að ég taki afstöðu til nokkurra einstakra till., slíkt heyrir undir n., þegar þar að kemur.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég hef í sjálfu sér fáu að bæta við það, sem hv. frsm. fjvn. (JJós) tók fram í sinni ýtarlegu ræðu. Hann gerði mjög ljósa grein fyrir till. fjvn. um tekjur og útgjöld. Ég skal geta þess, að eftir að störf hófust í n. eftir fundahléð, hef ég fylgzt vel með störfum hennar og oft komið á fundi, og eru margar till. hennar gerðar í samráði við mig. Yfirleitt hef ég verið sammála n. um þær till., sem hún hefur borið fram. Það, sem aflaga kynni að fara, á því að lenda jafnt á mínum herðum og nefndarinnar.

Það hefur komið fram nokkur gagnrýni bæði á tekju- og útgjaldaáætlun fjvn. Tveir menn úr n. hafa látið í ljós þá skoðun sína, að með óvarlegri tekjuáætlun væri fjárhag landsins teflt í tvísýnu.

Ég skal geta þess að sú hækkun, sem gerð var á tekjuáætluninni, var gerð í samráði við mig. Það er ótrúlega erfitt, eins og högum er nú háttað, að gera tekjuáætlun fyrir næsta ár. Ég hef það sjónarmið, að tekjuáætlun eigi að gera eins rétta og unnt er á þeim tíma, sem hún er gerð á. Sú venja hefur tíðkazt að hafa tekjuáætlunina nokkru lægri en von hefur staðið til um, að tekjur mundu verða, og útgjaldaáætlunin hefur og verið höfð lægri en fyrir fram hefur verið vitað, að gjöldin mundu verða. Þetta er ekki heppileg tilhögun og getur leitt til þess, að stj. sjáist minna fyrir en ella um útgjöld. Mér er ljóst, að það er erfitt að áætla útgjöldin svo nákvæmlega, að ekki fari ýmsir liðir fram úr áætlun og jafnvel komi útgjöld, sem ekki er unnt að sjá fyrir, um það leyti, sem gengið er frá fjárl. En ég álít, að heppilegri aðferð til þess að mæta þeim óvissu útgjöldum væri að hækka meira til óvissra útgjalda á fjárl. en að draga úr tekjuáætlun. Og ég skal fúslega játa það, að því fer fjarri, að ég treysti mér til að fullyrða, að ekki verði margir útgjaldaliðir á fjárl., eins og gengið hefur verið frá þeim af fjvn., sem fara ekki meira og minna fram úr áætlun. Tekjuáætlunin hlýtur að miðast við það, hvert útlitið er í atvinnulífi þjóðarinnar. Tekjur velta mjög á því, hve fjörugt atvinnulífið er og hversu mikil hagsæld landsmanna er þar af leiðandi á hverjum tíma. Það má segja, að erfiðara sé að gera sér grein fyrir nú en oft áður — og þá sérstaklega hin síðustu ár, þó að það hafi líka verið ákaflega erfitt fyrsta stríðsárið, — hvernig yfirleitt afkomu landsmanna og atvinnulífi muni vegna. En bæði árið 1942 og 1943 var í það minnsta ekki útlit fyrir annað en atvinna héldist í því horfi, eins og á þeim tíma, er fjárl. voru samin. Þetta er allt óvissara nú. Því verður að játa, að það má á það minnast, að enn sem komið er hefur ekki verið gengið frá um afurðasölu landsmanna á næsta ári. Og það er þess vegna ekki hægt að fullyrða enn um það, hvaða verð verður á vörum, sem út verða fluttar á næsta ári. Hins vegar er það vitað, að vöruskortur er nú yfirleitt í heiminum, og ég get því ekki séð, að ástæða sé til að búast við, að stórkostlegt verðfall skelli yfir á næsta ári. Meiri vafi væri kannske á því, að ekki næðust samningar um afurðasölu og útflutning á afurðum landsmanna og hvernig gengi með það að fá vöruna flutta út úr landinu.

Það er vitanlegt, að mikill skortur er á, að við höfum nægileg skip í landinu til þess að koma fiskafurðum út, jafnóðum og fiskurinn er veiddur, svo sem gert hefur verið undanfarið, vegna þess að Bretar, sem keyptu fiskinn af okkur, hafa haft mörg skip í förum. Hefur það a. m. k. jafnaðarlega nægt til þess að flytja út fiskinn, jafnóðum og hann hefur veiðzt, að undanteknu því, sem farið hefur til hraðfrystihúsanna. En þó að segja megi, að nokkur vafi leiki á um allt þetta, bæði verðlag og möguleikana til þess að koma afurðum frá sér, sýnist mér nú ekki mikil ástæða til svartsýni í þessum efnum, þ. e. a. s., ef ekkert óvænt kemur fyrir og ef ekki skella yfir einhver vandræði, sem alls ekki hefur verið búizt við eða reiknað með. — Ég þarf náttúrlega ekki að geta þess, að ef svo færi, að Faxaflóa yrði lokað hér alla næstu vetrarvertíð, þá skapast alveg nýtt viðhorf, sem mundi útheimta alveg nýjar aðferðir, sem óhugsanlegt er á þessu stigi að reikna með eða taka með í reikninginn, þegar gengið er frá fjárlfrv.

Nú er mér það algerlega ljóst, að um allt þetta má deila, og það má sjálfsagt, — þótt ég sé þeirrar skoðunar, að ekki sé beint ástæða til svartsýni, hvað atvinnulíf snertir á næsta ári, — færa ýmis rök fyrir hinu gagnstæða.

En ef sú skoðun mín fær staðizt, að við getum verið nokkurn veginn vongóðir um það, að atvinnulífið á næsta ári haldist í líku horfi og verið hefur á undanförnum árum, þá get ég fyrir mitt leyti ekki fallizt á, að tekjuhækkun fjárl., eins og hv. fjvn. hefur gengið frá henni, sé óvarleg. — Ég skal, þó að hv. frsm. fjvn. hafi gert það að nokkru leyti, aðeins minnast á aðalhækkunina, sem gerð hefur verið á fjárlfrv.

Tekju- og eignarskatturinn hefur verið hækkaður um 1500 þús. kr. og stríðsgróðaskatturinn um 500 þús. kr. En þetta er miðað við álagðan tekjuskatt fyrir árið 1944, sem var, að mig minnir, tæpar 25 millj. kr. Og álitið er almennt, að afkoma atvinnuveganna á þessu ári sé a. m. k. ekki verri en á árinu 1943. Nú ætti því að mega gera ráð fyrir, að samanlagður tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur næsta árs yrði a. m. k. eins mikill og sá, sem var á lagður á þessum árum. Nú er allt í meiri óvissu, hvernig þetta gengur á næsta ári. Ef samdráttur kemur í atvinnulífið, má búast við því, að skatturinn innheimtist ekki eins vel og gera má ráð fyrir, að hann geri á þessu ári. Þess vegna hefur ekki þótt fært að fara með hann nærri eða upp í sömu fjárhæð og á var lögð á þessu ári og væntanlega innheimtist.

Vörumagnstollur hefur verið hækkaður um 1 millj. kr. Hann er áætlaður í frv. 8 millj. kr., en

í núverandi fjárl. fyrir 1944 er hann áætlaður 8 millj. kr., en var í okt. s. l. kominn upp í 8,9 millj. kr. Það er því greinilegt, að hann mun á þessu ári fara upp í nálægt 11 millj. kr., og sýnist þá ekki óvarlegt að áætla hann á næsta ári 9 millj. kr. — Ég sé ekki ástæðu til þess að gera ráð fyrir, að þungatollur verði minni á næsta ári en á þessu, nema eitthvað ófyrirsjáanlegt komi fyrir.

Verðtollur hefur verið hækkaður úr 25 millj. kr. upp í 28 millj., þ. e., að hann hefur verið hækkaður um 3 millj. kr. Hann er á þessa árs fjárl. 30 millj. kr., en í okt. er hann kominn upp í 29 millj. kr. og fer því væntanlega upp í nálægt 33 millj. kr. Þar eru þá 5 millj. kr. upp á að hlaupa, frá því sem var á þessu ári. Ég sé fyrir mitt leyti ekki heldur, að nein ástæða sé til að ætla, að verðtollurinn á næsta ári verði í það minnsta til muna minni en á þessu ári, þótt aldrei sé hægt um það að segja fyrir fram, nema frekari skorður verði reistar við útflutningi frá öðrum löndum en nú er á þessu ári. Þó er þess að gæta, að það hefur verið rýmkað nokkuð til um útflutningsleyfi frá Englandi, einmitt á þeim vörum, sem gefa okkur mikinn verðtoll. Mætti því búast við, að þessi útflutningur frá Englandi mundi fremur auka verðtollinn en rýra hann.

Innflutningsgjald af benzíni hirði ég ekki að ræða, því að það er nokkuð, sem skiptir ekki miklu máli.

Um hækkun á ríkisstofnunum er svo það að segja, að þótt þar sé um verulega hækkun að ræða, þá má þó sala á þessum lúxusvörum lækka um 25% frá því, sem verið hefur á þessu ári, til þess að tekjuáætlun fái ekki staðizt. Hagnaður af áfengissölu og tóbakseinkasölu í okt. var kominn upp í nálægt 29 millj. kr., og það má því gera ráð fyrir, að hann fari upp í nálega 34 millj. kr. á árinu. Og það má því minnka töluvert neyzla á þessum vörum, til þess að tekjuhækkunin standist ekki, þrátt fyrir þá hækkun, sem gerð hefur verið á fjárl.

Þó að ég hafi verið því meðmæltur, að hækkað yrði framlag til stórstúku Íslands, — mér fannst það sanngjarnt með tilliti til þess, hve ríkið hefur mikinn hagnað af áfengissölu, — þá hef ég ekki trú á því, að svo sterk bindindisalda gangi yfir á næsta ári, að menn af þeim ástæðum minnki neyzlu á þessum vörum. Hitt gæti átt sér stað, að fjárhagsástæður manna yllu því, að minna yrði notað af óþarfavörum en gert hefur verið á undanförnum árum, og veltur því á því sama, hvað bjartsýnn maður má vera um atvinnuhorfur á næsta ári.

Út af því, sem hv. frsm. fjvn. sagði, að útlit væri fyrir, að tekjuafgangur yrði á þessu ári, vil ég láta þess getið, að ég hef látið fara yfir, hvað ógreitt er af gjöldum þessa árs. Og eftir því sem skrifstofustjóri í fjmrn. telur, má ekki reikna með neinum verulegum tekjuafgangi á þessu ári. Það er svo mikið eftir að borga enn þá, að enda þótt tekjur hafi farið allmikið fram úr áætlun og þó að nú sem stendur sé nokkur afgangur, þá er ekki hægt að syndga upp á náðina í þeim efnum. Náttúrlega skal þess getið, að þetta er miklu frekar ágizkun en áætlun. Það er ekki hægt á stuttum tíma að gera þetta upp með nokkurri nákvæmni. Það getur alltaf hlaupið á nokkrum millj. kr. En ég skal ekki fullyrða, að það geti ekki orðið afgangur. En vonandi er hægt að fullyrða, að ekki verði tekjuhalli á þessu ári. En hitt er víst, að það má ekki reikna með þeim tekjuafgangi, að ekki verði að miða við það við samning fjárlfrv. nú, að tekjur og gjöld standist nokkurn veginn á samkvæmt þeim. Þegar þess alls er gætt, sem ég hef hér talið, get ég fyrir mitt leyti ekki fallizt á, að vítaverð óvarkárni hafi verið sýnd við samning tekjuáætlunarinnar í frumvarpinu.

Eins og ég hef tekið fram, er mér ljóst, að um þetta geta verið skiptar skoðanir — og það alveg réttilega — og um það, hvernig útlitið sé fyrir atvinnuvegina á næsta ári. Það er ekki nein ástæða til þeirrar svartsýni að ætla, að þessi tekjuöflun, eins og gengið er frá henni nú, fái ekki nokkurn veginn staðizt. Hitt er mér svo alveg ljóst, að með miklu meiri rétti má segja, að útgjaldaliðir fjárlfrv. séu óvarfærnislega áætlaðir.

Ég verð að segja það eins og það er, að þegar ég byrjaði að fást við þetta verkefni, þá gekk ég að því með þeim huga að reyna að draga úr útgjöldunum og skera niður, eftir því sem frekast væri unnt, og standa á móti útgjöldum, sem komizt yrði hjá. Mér var í öndverðu ljóst, eins og í pottinn er búið nú og eins og nú var gengið frá fjármálunum, þegar núv. ríkisstj. tók við þeim, að ekki mundi vera hægt að afgr. fjárl. nema annaðhvort með stórkostlegum tekjuhalla eða stórkostlegum skattaálögum. En þrátt fyrir þennan vilja minn, hefur nú árangurinn orðið eins og hv. frsm. fjvn. skýrði frá í ræðu sinni. Menn hafa nú heyrt grg. hans, og þeir geta því sjálfir dæmt um það, hversu auðvelt muni að standa á móti þeim útgjöldum, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum.

Nú má enginn ætla, að enginn niðurskurður hafi átt sér stað í fjárlfrv. Það hafa komið fram háar og margar kröfur, sem skipt hafa millj. króna og skornar hafa verið niður stórkostlega. Og hefur hv. fjvn. staðið jafnt og ég að því að gera þann niðurskurð. Og ýmislegt var ég búinn að skera niður, áður en frv. kom til hv. fjvn. En sannleikurinn er sá, að það er ótrúlega erfitt, eftir að fjárl. eru einu sinni orðin svona há, að fara leiðina til baka.

Ibsen sagði: „Atter og frem, det er lige langt", — og það er sjálfsagt ákaflega erfitt að hnekkja þessari hendingu stærðfræðilega. En hitt er víst, að leiðin til baka er erfið, og hún virðist vera lengri.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka liði hér, enda hef ég engu við það að bæta, er hv. frsm. fjvn. sagði. En líti maður á þessa liði, svo sem fjárframlög til skóla og sjúkrahúsa, þá hygg ég, að hv. þm., hverjum um sig, reynist erfitt að benda á, hvar draga á úr.

Um sjúkrahúsin og skólana er það að segja, að margar af þeim byggingum eru komnar eitthvað áleiðis, og þeim verður að ljúka. Það er ekki hægt nema með stórkostlegu tjóni á verðmætum að hætta við slíkar byggingar.

Um vegaféð er það aftur á móti að segja, að þar hefði verið möguleiki til lækkunar, og eins og ég drap á við 1. umr. fjárl., er það ákaflega hæpin hagsýni að verja svo miklu fé til vegagerða sem gert er ráð fyrir í frv., nema með því, að

hægt sé að útvega nægilega mikið af vélum, til þess að unnt sé að vinna nær einvörðungu með þeim að vegagerð. Gamla aðferðin með skóflu og haka er úrelt. Og reynslan er búin að kenna okkur það, að við höfum haft svo mikinn skaða af þeim vinnubrögðum, að maður hlýtur að bera kinnroða fyrir það, hve lengi það hefur haldizt hér á landi, þar sem verkefnin eru óteljandi, því að það vitum við, að leggja má nokkurra km langan veg, áður en það verkefni tæmist.

En það, sem gerði það samt sem áður að verkum, að ég treysti mér ekki til þess að standa á móti þessum milljónaháu útgjöldum, var það m. a., að enn sem komið er, er a. m. k. allt í óvissu um, hvernig vinnubrögðum verður háttað hér á landi næsta sumar. Og enginn veit, hve mikið vinnuafl framleiðslunnar skiptist hér á landi næsta sumar. Það þótti því hyggilegra að gera ráð fyrir þeim möguleika, að nokkuð mikið af vinnuafli gengi til opinberra framkvæmda, enda álít ég, að áður en gengið er endanlega frá fjárl., eigi ríkisstj. að fá heimildir til þess að draga úr þessum og kannske fleiri liðum, svo framarlega að not verði fyrir vinnuaflið til annarra nauðsynlegra hluta en þessa, — því að fyrst og fremst verður framleiðslan í landinu vitanlega að hafa nægilegt vinnuafl. Það hefur þó meira að segja, að henni sé haldið við, en að leggja það í opinbera vinnu, því að ekki verður hægt að leggja peninga í opinbera vinnu í landinu, ef framleiðslan dregst saman.

En þrátt fyrir það að erfitt hafi verið að standa á móti þessari hækkun á fjárl., þá mun þó verða athugað til 3. umr. með samvinnu milli hv. fjvn. og ríkisstj., hvort ekki mundi kleift að færa niður nokkra liði á fjárl., sem þó dálítið munar um, þó að það sé náttúrlega ekki nægilegt til þess að ná greiðslujöfnuði, eins og fjárl. eru nú. Og ríkisstj. hefur þegar gert nokkrar athuganir á þessu, og vitanlega kemur það í ljós, áður en langt líður, hvort hún treystir sér til þess að gera till. um niðurfærslur í þessum efnum.

Eins og nál. hv. fjvn. ber með sér, þá vantar nú rúmar fimm og hálfa millj. kr., til þess að greiðslujöfnuður fáist á frv. Það væri nú út af fyrir sig ekki svo voðalegt, ef ekki væri um annað að ræða en þetta. Það er vafasamt, hvort þá þyrfti nýjar skattaálögur, því að þá yrði að ganga harðar að niðurfærslu útgjaldaliðanna. En það er ekki því að heilsa.

Það eru, eins og hv. frsm. fjvn. tók fram, nokkrir útgjaldaliðir, sem eru ekki enn komnir í fjárlfrv. Má fyrst nefna hækkun, sem gert er ráð fyrir, að verði á rekstri ríkisstofnananna vegna hækkunar á launal. Hve mikil sú hækkun verður, er ekki hægt að segja enn þá, en það fer eftir því, hvernig launal. verða afgreidd. En eins og kunnugt er, eru þau ekki komin úr n. enn þá. En það má a. m. k. ekki gera ráð fyrir, að sú hækkun, sem breyt. á launal. hefur í för með sér, verði minni á næsta ári en þrjár til fjórar millj. kr. Hygg ég, að það sé það minnsta, sem reikna megi með. Ég geri ráð fyrir, að hin árlega hækkun, sem þau hafa í för með sér, verði enn þá meiri. Hins vegar er það fyrirsjáanlegt, að launal. geta ekki gengið í gildi í ársbyrjun, hvort sem þau gera það eftir ársfjórðung eða hálft ár, en það dregur nokkuð úr útgjöldum, sem þó koma til með að hækka á næsta ári. Þá hafa ekki enn verið teknar í fjárlfrv. þær greiðslur, sem þó verður að greiða vegna uppbóta og niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum. Það er vitanlega ekki með fullri vissu hægt að segja, hve miklar þær niðurgreiðslur verða, en eftir því sem komizt verður næst, geta þær farið upp í allt að 25 millj. kr., en það fer nokkuð eftir því, hvernig gengur með þær vörur, sem enn eru í landinu. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að öll þessi fjárhæð komi til greiðslu á næsta ári.

Það hefur nú nokkuð verið um þetta rætt, og ég hygg, að menn hafi verið nokkuð sammála um það, að rétt væri a. m. k. að athuga möguleika á sölu á ýmsum landbúnaðarafurðum, sérstaklega ull og gærum, og líka að athuga það í fleiri löndum en nú gæti komið til greina. Það er vafalaust, að ullarskortur er víða um heim. Og það er ekki óhugsandi, að hægt væri að fá hærra verð annars staðar en í Ameríku eða Bretlandi, sem eru einu löndin, er nú koma til greina. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða nokkuð um það. En þetta verður reynt eins fljótt og kostur er á, og að þeirri rannsókn lokinni verður svo ákvörðun tekin um það, hvort þessar afurðir verða fluttar út eða ekki á næsta ári. Ríkisstj. hefur nú talið, — þótt vel megi verða, að hún hafi ekki sýnt nógu mikla varfærni, — að það muni mega komast af með 18 millj. kr. til niðurgreiðslu á þessum afurðum.

Gera má ráð fyrir, að eftir séu einhverjar hækkanir enn þá á frv., því að aldrei er það svo, að ekkert verði samþ. af brtt. einstakra þm., og enn fremur kann að vera, að fjvn. sjái sig knúða til milli umr. að bera fram till. um frekari hækkanir. Gera mætti sér von um, að þær hækkanir, sem á frv. verða, nemi ekki meira en lækkanir, sem hugsanlegt væri, að gerðar yrðu á frv. við 3. umr. En samt sem áður verður niðurstaðan sú, hvernig sem á þetta er litið og hversu vel sem þetta kynni að ráðast, að 25—30 millj. vantar til að jöfnuður náist. Þessu fé verður að ná. Stj. hefur látið gera allmiklar athuganir á því, hvaða möguleikar væru á að ná inn fé með nýjum sköttum, og það er hægt að segja, að það verða gerðar ráðstafanir, og áður en langt líður verða lögð fram frv. til nýrra skattaálagninga. En á þessu stigi get ég ekki upplýst, hve mikið fé það verður, sem gera má ráð fyrir, að aflist með þeim álögum, sem stj. hefur hugsað sér að framkvæma, áður en þessu þingi lýkur. Ég vil þó enn þá gera ráð fyrir þeim möguleika, að ekki verði hægt að ná greiðslujöfnuði nema með lántökuheimild. Þetta er ekki skemmtilegt, það verður að játa, en það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, og þess er að gæta, að sú háa upphæð, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. uppbæturnar eða niðurgreiðslurnar, er þó ekki venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins, og það gegnir því nokkuð öðru máli, þó að þeim kostnaði væri dreift á tvö eða þrjú ár, en ef um venjuleg rekstrarútgjöld væri að ræða. En leiðinlegt er samt sem áður að fara þessa leið til að ná greiðslujöfnuði. En ég álít samt, að sú leið sé betri en fara í svo róttækar skattaálögur, að hætt væri við, að það hefði veruleg áhrif á atvinnulíf landsins. En eins og ég hef áður sagt, mun það koma í ljós bráðlega, hversu miklu fé stj. treystir sér til að ná með nýjum álögum, og

verður Alþ. þá um leið að taka sína ákvörðun, hvernig þess yrði aflað, sem afgangs kynni að verða, þegar stj. er búin að bera fram till. sínar um álagningu skatta.

Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vil, áður en ég lýk máli mínu, drepa stuttlega á. Það er viðvíkjandi því, sem hann sagði um viðskiptaráð. Hv. frsm. sagði, að þessi stofnun væri yfirleitt þröskuldur í vegi fyrir heilbrigðum viðskiptum í landinu og hefði alveg að óþörfu truflað innflutning landsmanna. Ég er ekki viss um, að þetta sé rétt skoðun hjá hv. frsm. Ég skal að vísu játa, að ég hef ekki haft neitt tækifæri til að kynna mér þau atvik, sem hann benti á, en hitt er mér ljóst, að eins og sakir standa, getum við ekki komizt hjá að leggja nokkuð miklar hömlur á innflutninginn, fyrst og fremst vegna skipakostsins, og hefur þá ráðið orðið að hindra innflutning á vörum, sem þóttu miður nauðsynlegar, til að fá þær fluttar inn, sem nauðsynlegastar þóttu. Svo er það, að meðan verzlunin verður ekki gefin frjáls, því að það er hún ekki nú, er ekki hægt að komast hjá að setja fastar reglur, sem fara verður eftir, og þá er ekki hægt að gera það, án þess að það komi við menn, úr því að ekki er heimilt að flytja inn vörur án þess að hafa leyfi til þess. Verður þá ráðið að ganga eftir, ef ekki á að skapast glundroði, að leyfi liggi fyrir, áður en varan er flutt inn. Hins vegar er mér ljóst, að margt mælir með, að hægt væri að slaka eitthvað til á þeim ströngu höftum, sem á verzlunina hafa verið lögð, því að það bakar ekki aðeins innflytjendum, kaupmönnum og kaupfélögum, margs konar erfiðleika að þurfa að hafa þessi ströngu höft, heldur er einnig hitt, sem verra er, að einmitt hin þröngu viðskipti leiða óhjákvæmilega til þess, að margar vörur eru seldar langtum hærra verði en þyrfti að vera, ef verzlunin væri frjáls. Það er meira að segja ákaflega mikil hætta á, að þetta verzlunarfyrirkomulag leiði til hreinnar siðspillingar í verzlun. Þegar innflytjendur eru búnir að missa allan áhuga á að gera sem bezt innkaup og jafnvel er arðvænlegra að kaupa allt sem hæstu verði, þá eru margir ekki sterkari á svellinu en svo, að þeir láta undan freistingunni, þó að fjöldamargar undantekningar séu, og sem betur fer er það sjaldgæft, að menn reyni ekki að ná sem beztum innkaupum. En það segir sig sjálft, að þetta er ekki heppileg tilhögun. Ég held, að segja megi, að stj. hafi opin augun fyrir þessu og fullan vilja á að koma betra skipulagi á verzlunina að þessu leyti en verið hefur. Hins vegar verða hv. þm. að gæta þess, að hér eru mörg ljón á veginum, ekki aðeins þeir erfiðleikar, sem ég gat áður um, heldur öllu fremur þeir utan að komandi, sem sé þær hömlur, sem viðskiptaþjóðirnar leggja á útflutninginn frá sér, og þær eru kannske það erfiðasta fyrir okkur, þegar við erum að reyna að koma sem heppilegustu skipulagi á innflutningsverzlun okkar. Annars held ég, að fullyrða megi, að stj. gerir það, sem í hennar valdi stendur, til að bæta úr þeim ágöllum, sem öllum er augljóst, að átt hafi sér stað í innflutningsverzluninni.

Að endingu vil ég mega mælast til þess við hv. fjvn., að hún taki aftur eina smátill. Það er 29. brtt. á þskj. 579, kirkjubyggingastyrkir. Eins og hv. þm. er kunnugt, liggur fyrir frv. um þetta efni, þátttöku ríkisins í kirkjubyggingum. Ég geri ráð fyrir, að það mál verði rætt í Nd. a. m. k. og kannske í báðum d. og þá tekin ákvörðun um, hvort ríkið skuli fara inn á þær brautir að kosta kirkjubyggingar að meira eða minna leyti. Ég skal í þessu sambandi ekkert um það segja, hvort þetta væri heppileg leið eða ekki. Þetta er ný leið, því að ég ætla, að það hafi fyrst verið í fyrra, sem ríkið hafi lagt fé til kirkjubygginga, annarra en dómkirkjunnar, og ég skal ekki ábyrgjast um nokkrar aðrar öndvegiskirkjur. (**PO:** Það hefur verið gert tvö undanfarin ár.) Já, það er rétt, það hefur verið gert á tveimur undanförnum þingum. En hvað sem þessu líður, þá er það að mínu viti fjarri lagi að ákveða þetta með fjárlagaákvæði. Og þó að það hafi verið gert á tveimur síðustu þingum, þá legg ég ekki mikið upp úr því, því að fjárlagaafgreiðslan á þeim þingum hefur verið nokkuð losaraleg og hending ráðið nokkuð miklu um, hvað þar varð ofan á. Það má ekki halda þessu áfram, heldur verður að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll með löggjöf, hvort ríkið á að taka að sér kirkjubyggingar. En það er augljóst, að ætli ríkið að fara að leggja meira og minna fé í kirkjubyggingar, þá hlýtur að því að reka, að ríkið taki að sér allar kirkjur, því að það er ekkert réttlæti, að ríkið taki að sér að reisa sumar kirkjur, en ekki aðrar. Mér er fullkomlega ljóst, að fjöldamargar kirkjur eiga mjög mikinn rétt og talsvert meiri til að fá nokkurn styrk en sumar af þeim kirkjum, sem hér er um að ræða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Síðan brtt. mínar við brtt. hv. fjvn. voru birtar, hafa fleiri en einn þm. látið í ljós, að ef þessi stefna ætti að ríkja hér á þingi, þá mundi það hafa þau áhrif, að fjárl. hækkuðu um 50 millj. kr. Það er því ekki óeðlilegt, að hæstv. forseti gefur mér orðið næst á eftir hæstv. fjmrh. til að gera grein fyrir þessari stefnu, sem hér er tekin upp.

Ég vil þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 612,1, sem ég er meðflm. að, sá síðasti. Hún er ekki borin fram af mér, en mér þótti skylt að vera meðflm. að þeirri till., þar sem ég átti sæti í mþn. í póstmálum og get borið því vitni, að svo að segja hver einasti hv. þm., sem kallaður var á fund n. til að ræða till. hennar, lét í ljós ánægju sína yfir þeim till., og þó að það bindi ekki atkv. þeirra á Alþ., var það skilningur n., að í náinni framtíð kæmist það í framkvæmd, sem þeir að heita mátti allir höfðu látið í ljós ánægju sína yfir. — Ég minnist á þetta vegna þess, að ef ekki er veitt nægilegt fé á næsta ári eða árum til að koma öllum þessum till. í framkvæmd, þá vil ég vænta þess, að það fé, sem veitt verður, verði ekki notað til að fjölga póstferðum, þar sem þær eru flestar, því að nú er það svo, að sumar sveitir hafa póstferðir vikulega árið um kring og hafa haft lengi og sumar tvisvar eða þrisvar í viku, en svo eru önnur svæði, sem hafa ekki póstferðir nema einu sinni í mánuði og sumar árstíðir kannske ekki nema annan hvern mánuð. Þess vegna legg ég áherzlu á það fyrir hönd n., þó að ég væri þar ekki form., að fyrst verði bætt úr þar, sem mestir eru erfiðleikarnir. Að öðru leyti skal ég ekki ræða þessa till.

Um aðra till., sem er sú III. á sama þskj., er það að segja, að oddviti Patreksfjarðarhrepps hefur óskað, að ég bæri hana fram af þeirri einföldu

ástæðu, að ég vil gjarnan færa hv. fjvn. heim sanninn um, að það hefur margsinnis verið beðið um framlag frá ríkissjóði til þess að leggja á móti framlagi hreppsins til að byggja þetta hús samkvæmt l. Þeir telja sig eiga heimtingu á þessu samkvæmt l., og ég skil ekki, hvers vegna dómsmrn. hefur ekki viljað sinna þeim beiðnum, sem þeir þykjast hafa heimtingu á, að orðið sé við l. samkv.

V. brtt. er tekin aftur til 3. umr., vegna þess að hv. fjvn. hefur óskað að fá að vita, hversu há skuldin sé á læknisbústaðnum á Reykhólum, og mun ég senda hv. fjvn. þau gögn strax á morgun. Þessi liður hefur staðið í fjárl. í mörg ár til að létta undir með þessu fátæka héraði.

Þá kemur stærsti liðurinn, sá VII., vegamál. Ég vil leyfa mér að benda hv. n. á og einnig hæstv. fjmrh. og vona, að hann komi því til hæstv. meðráðh. sinna, að mér skilst, að samkvæmt 13. gr. og nál. sé það fyrst og fremst vilji hæstv. stj. að koma sem fyrst í framkvæmd veginum yfir Siglufjarðarskarð, Oddsskarð, Lágheiði og auk þess Krýsuvíkurvegi. Síðan varð samkomulag um það við n. að fara þann gullna meðalveg, að framlag til vega lækkuðu ekki frá því, sem nú er. Nú vil ég geta beygt mig undir það, þó að ég vilji ekki viðurkenna, að þau hérað, sem ávallt hafa verið mest út undan, eigi að sitja í sömu sporunum, þegar erfiðleikar koma um framlög til vega. En ég vil benda á, að þessari stefnu hefur ekki verið haldið um Barðastrandarsýslu og aðra sýslu til, Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég hygg, að þetta séu einu sýslurnar á landinu, sem hafa fengið lækkun á vegafjárframlagi sínu. Undantekning er þó Fjarðarheiði. Ég skal færa fyrir þessu frekari rök. Í síðustu fjárl. eru veittar til Barðastrandarsýslu 175 þús. kr. til vega og þar fyrir utan til Þorskafjarðarheiðar 310 þús. kr. Tel ég, að Barðastrandarsýsla hafi fengið helminginn af því eða 155 þús. kr. Nú er þetta lækkað. Þorskafjarðarheiði er lækkuð um 140 þús. kr. Kann að vera, að það sé skoðun vegamálastjóra eða hæstv. samgmrh., að hægt sé að leggja veginn fyrir þetta verð, en það gaf enga ástæðu til að lækka heildarframlag til vega í sýslunni, meðan aðrir vegir í sýslunni eru ógerðir. Þess vegna var sjálfsagt, að það, sem lækkað var til þessa vegar, hefði verið látið ganga til annarra vega í sýslunni, svo að það sama gengi yfir hana í fjárl. og aðrar sýslur landsins. Ef þessu er skipt jafnt milli Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, þá hefur Barðastrandarsýsla lækkað um 70 þús. kr. eða rúmlega 20%, og mundi það nema meira en einni millj. á öllu vegafjárframlaginu. Ef sá háttur væri tekinn upp að lækka fjárl. sem þessu svaraði, þá mundi það spara eina millj. á þessum eina lið, auk þess sem þá mundi hverfa 500 þús. kr. hækkun á vegaframlaginu. Nú vil ég ekki segja að ég mundi fallast á, að slíkt væri gert, en ég vil þó miklu síður fallast á, að framlag til þeirrar sýslu, sem alltaf hefur átt erfiðast um samúð hv. þm. um framlög, verði fyrst skorið niður, þegar erfiðleikar steðja að. Ég sé, að hv. þm. N.-Ísf. mun hafa litið nokkurn veginn sömu augum á þessi mál og ég, án þess að ég hafi nokkuð borið mig saman við hann, því að ég sé, að hann fer fram á, að framlag til vega í sýslu hans verði hækkað um sama og sparast á Þorskafjarðarheiði að hálfu leyti, og tel ég það sanngjarnt.

Af þessari ástæðu er það, að ég hef borið fram till. um — og vænti, að fjvn. taki þessar sanngjörnu kröfur til greina, — að hækkuð verði fjárveiting til nokkurra vega, sem ég skal nú nánar koma að. Ég skal viðurkenna, að vegurinn yfir Lágheiði er mjög nauðsynlegur, og skal engan veginn mæla á móti, að hann sé hækkaður upp í 200 þús. kr. Hér liggur til grundvallar að tengja þorp, sem mun hafa um eitt þús. íbúa, við aðalvegakerfi landsins, þó að það hafi viðunandi samgöngur á sjó. En um leið og viðurkennt er, að það sé nauðsynlegt, hvernig er þá hægt að standa á móti því, að ekki einungis kaupstaður eins og Patreksfjörður, heldur einnig öll Vestur-Barðastrandarsýsla fái sams konar fjárframlag árlega til þess að komast ekki aðeins í samband við aðalvegakerfi landsins, heldur til að fá möguleika til að komast í samband við þau skip og báta, sem geta flutt farþega og komið þeim í samband við aðalvegakerfi landsins, — en það er það eina, sem hér er krafizt, — og að bæta úr aðkallandi mjólkurskorti þorps, sem haldið er í mjólkurhungri? Ef menn vilja athuga þetta, þá geta þeir ekki mælt á móti því með sanngirni, að lagðar séu fram 200 þús. kr. í þessu skyni, eins og til Ólafsfjarðar. — Sama er að segja um Oddsskarð. Þar er stórkostleg hækkun, þó að engin króna hafi verið notuð af því fé, sem veitt var á síðasta ári, en allt notað í Barðastrandarsýslu vegna óhjákvæmilegrar nauðsynjar á að komast sem allra fyrst í samband við aðalveginn. Ég vil benda á, að hér er ekki ætlazt til, að komið verði á bílvegasambandi við Dalahrepp, og engin till. gerð um að bæta úr þeirri einangrun, og er það af því, að ég ætla að halda mér einungis að því, sem er allra nauðsynlegast.

Að ég hef beðið um hækkun til Reykhólavegar, er af því, að ákveðið er, að ríkið reisi mannvirki á Reykhólum, tilraunastöð, sem hefur verið samþ. oftar en einu sinni. Á síðasta ári var farið fram á að fá flutt frá Gufudalssveitarvegi í Reykhólaveg til þess að þoka þessum vegi eitthvað áfram. Þetta var á síðasta sumri, en það fékkst ekki, af því að vegamálastjóri taldi sig ekki hafa heimild til þess. Þeir buðu einnig fram stórkostlegt lán frá sjálfum sér, þar til fjárveiting fengist til að ljúka veginum, en vitamálastjóri taldi sig ekki heldur hafa heimild til að sinna því. Þetta sýnir, hversu mikill áhugi og þörf er á að koma þessu í framkvæmd. Vegamálastjóri hringdi til mín og spurði mig, um leið og hann tjáði mér þetta samkomulag, sem ég tel, að hafi ekki verið haldið, hvort ég vildi ekki leggja til, að fært yrði milli vega í sýslunni. Ég lagði til, að 10 þús. kr. af því fé, sem ætlað var til Gufudalssveitarvegar, yrði fært til, og var það síðan gert, en þegar ég sé, að mér er ekki skammtað í sömu sleif og öðrum, þá virðist mér það full sanngirni, að hv. fjvn. athugi þetta og leggi til, að þær till. verði samþ., sem ég ber fram, að hækkað verði til Gufudalssveitarvegar upp í það sama og var á síðasta ári. Ég hef lagt til, að Barðastrandarsýsla hækki um 150 þús. kr. og varið til þeirra vega, þar sem þörfin er svo aðkallandi, að ekki er hægt að standa á móti.

Ég hef lagt fram till. um, að fjárframlag til Tálknafjarðarvegar verði hækkað úr 20 þús. kr. upp í 50 þús. kr., og vona ég, að hv. fjvn. fallist á

þetta, þar sem svo mikil nauðsyn er til úrbóta sem raun er á hér, og væri strax mikil bót, ef vegurinn kæmist að Sveinseyri.

Ég hef einnig borið fram till. um, að fjárframlag til Dalahreppsvegar hækki um 10 þús. kr. Öllu fénu var eytt í fyrra, og vona ég, að hv. fjvn. taki tillit til þessa.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég minnast á það, að af öllum fjárframlögum til lendingarbóta eru einungis lagðar 42 þús. kr. til lendingarbóta í Barðastrandarsýslu og þar af mest til eins staðar, sem á við mjög erfiðar samgöngur að búa. Þykir mér því eigi ósanngjarnt, að fjárframlög til veganna yrðu hækkuð.

Ég hef og farið fram á, að 4 brýr yrðu gerðar. Tvær þeirra eru síðan 1942. En þó hef ég orðið að standa í þjarki við ríkisstj. að fá að nota fé, sem fyrrv. atvmrh. hefur ranglega haldið fyrir sýslunni. — Ég vil benda á það í þessu sambandi, hvort það þættu eigi harðir kostir, að ekki sé hægt að reka fé til slátrunar án þess að sundleggja það. Það má vera, að þetta sé meðalið til þess að halda dreifbýlinu við, en ég hef ekki trú á því, að það sé rétta ráðið. Ég vona því, að hv. fjvn. fallist á, að fé verði veitt til allra þessara brúa.

Þá hef ég einnig borið fram þá ósk Barðstrendingafélagsins, að 100 þús. kr. yrðu veittar til byggingar tveggja ferðamannaskála, að Kinnarstöðum og Brjánslæk, 50 þús. kr. til hvors. Eru þeir báðir nauðsynlegir ferðamönnum, sem þarna eiga leið um.

Þá hef ég borið fram till. um fjárveitingu til lendingarbóta í Selárdal, 10 þús. kr. Þessi till. er hjá sjútvn. og verður væntanlega samþ.

Þá er hér og till. um 1.200 kr. styrk til sjómannalesstofu á Bíldudal. Þar eru nú gerðir út tveir togarar, og læt ég hv. fjvn. um það, hvernig hún tekur þessu máli, en sé, að hún hefur sinnt svipuðum málum.

Þá er till. um 3.000 kr. styrk til gamalmennahælis á Patreksfirði.

Þá vildi ég sérstaklega biðja n. um að athuga hér eitt, en það er um að hækka laun frú Sigríðar Snæbjörnssen um 300 kr., og vona ég, að n. sjái sér fært að taka þetta til greina.

Ég sé svo eigi ástæðu til að hafa þetta lengra.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég hef aðeins flutt fáar brtt. við till. fjvn.

Fyrsta till., sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk., er um styrk til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum, 1000 kr. Þessi styrkur hefur staðið á fjárl. tvö síðustu ár, en hefur nú ekki verið tekinn upp. Ég þarf ekki að færa rök fyrir nauðsyn þessa, en vil einungis benda á, hvað þetta er smávægilegt, og hygg ég, að hv. fjvn. fallist á, að þessi fjárveiting verði tekin upp á núv. fjárl.

Önnur till., sem ég flyt, einnig ásamt hv. 5. landsk., er um fjárveitingu til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Hesteyrarhéraði, 900 kr. til hvors. — Þessi fjárveiting hefur staðið lengi á fjárl., og er mér með öllu óskiljanlegt, að hv. fjvn. skuli ekki hafa tekið þessa fjárveitingu á till. sínar. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta, og eru skuldir þær, sem hvíla á spítalanum í Ögri, 14 þús. kr., en á Hesteyri 7 þús kr. Og þar að auki er læknislaust á báðum þessum stöðum, og ætti það að vera nægilegt, þótt þeir séu eigi einnig sviptir þessum styrkjum. Vona ég, að n. muni að fengnum þessum upplýsingum verða fús til að leiðrétta þetta við 3. umr.

Þá eru það brtt. í sambandi við vegamálin. Það hefur verið venja fjvn. að úthluta fjárveitingum til þjóðveganna í líkingu við það, sem gert var síðastliðið ár. Þótt ég telji þetta eigi ófrávíkjanlega reglu, hef ég orðið fyrir vonbrigðum viðvíkjandi mínu héraði. — Við hv. 5. landsk. skrifuðum fjvn., að tekin yrði á fjárl. fjárveiting til tveggja vega og lítils háttar til þess þriðja. Ég sé nú, að hv. fjvn. hefur ekki tekið minnsta tillit til þessa.

Það hefur verið skoðun vegamálastjórnarinnar, að Bolungavíkurvegur kæmi næstur á eftir Þorskafjarðarheiðarvegi, sem þegar er kominn nokkuð áleiðis, en nú hefur engin fjárveiting verið tekin upp til þessa vegar. Þetta hefur verið áhyggjuefni bæði íbúum Ísafjarðarkaupstaðar og þeim, sem vilja, að fullnægt sé þörf Ísafjarðarkaupstaðar í þessum efnum. Nú hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fyrir nokkru sent okkur, þm. Ísaf. og N.-Ísf. og landsk. þm. úr þeim landshlutum, eindregna ósk um, að við beitum okkur fyrir því, að aukið og helzt töluvert meira fé fáist til þess að hraða þessari vegargerð. Ég hygg, að ég taki ekki djúpt í árinni með því að segja, að þessi vegargerð sé bein lífsnauðsyn, ekki aðeins fyrir Norður-Ísfirðinga, sem þarna eiga hlut að máli, heldur fyrir íbúa Ísafjarðarkaupstaðar. Það er fyrst og fremst fyrir þá, sem rík nauðsyn ber til þess, að þessari vegargerð verði hraðað.

Ef hins vegar er litið á sögu þessarar vegargerðar, þá hygg ég, að í ljós komi, að hún sé endemislegasti seinagangur og slóðaskapur, sem hægt er að benda á í þessu landi. Það vill nú svo hlægilega til, að það er tiltölulega þýðingarlítið að rekja sögu þessa máls hér á Alþ., þar sem tiltölulega fáir þeirra hv. þm. eru hér viðstaddir, sem hægt væri að ná til. Ég vil þó rekja þessa sögu nokkuð:

Fyrir allmörgum árum er byrjuð vegargerð á þessum slóðum, frá Ísafirði á leið til Arnardals, sem er sveitarbýli utarlega við Skutilsfjörð og selt hefur mjólk til Ísafjarðar. Þessi vegargerð var hafin, og áhuginn var svo mikill, að margir menn á þessum slóðum lögðu fram ókeypis vinnu í því skyni. En það, sem gerðist í þessari vegargerð og gerzt hefur á síðustu sex árum, er, að lagður hefur verið vegarspotti, sem ekkert samband er við á hvorugum endanum. Hann leikur í lausu lofti á leiðinni út með Skutilsfirðinum. Er þessi vegarspotti ekki einu sinni fullgerður og er að verða alveg ónýtur, vegna þess að aldrei er borið ofan í hann og honum er ekki haldið við á neinn hátt. Hann liggur þarna með hlíðinni, í rauninni aðeins ruddur, en skortir á allt, sem þarf til að gera hann akfæran.

Öllum er ljóst, að þessar aðfarir kosta ríkissjóð margfalt á við það, ef farið hefði verið að eins og fara á í vegagerðum. Þessi vegarspotti er sem sagt að grotna niður. Til þessa vegar fékk ég á s. l. ári 30 þús. kr. Fyrir þetta fé tókst að leggja veg töluvert út með Skutilsfirði, en þó ekki þannig, að tækist að tengja hann við vegarspottann, sem er að grotna niður. Þetta er einstakt um framkvæmdir í vegamálum. Ég hygg, að 45 þús. kr. nægju skammt til að ná í skottið á þessum veg og mjög skammt til að fullgera þennan veg, ef veg skyldi kalla. Ég hygg, þegar á þetta er litið ásamt hinni brýnu þörf, sem fólkið í Ísafjarðarkaupstað

hefur fyrir að komast í samband við landið í Álftafirði, að ekki verði hjá því komizt fyrir okkur flm. að leggja ríka áherzlu við hv. fjvn., að hún sjái sér fært að taka þessar brtt. okkar um 100 þús. kr. framlag upp í till. við 3. umr. fjárl. Ef hv. n. eða hv. frsm. hennar sjá sér það ekki fært, munum við flm. láta skeika að sköpuðu við þessa umr.

Ég vil, áður en ég skil við vegamálin, aðeins taka fram, að þessar brtt. okkar hv. 5. landsk. eru einungis í beinu áframhaldi af þeirri stefnu, sem við höfum tekið í vegamálum vesturhéraðanna, að láta ekki niður falla baráttuna fyrir vegamálum þessara héraða, þó að lokið sé því fyrsta átaki að skapa akvegasamband við heildarakvegakerfi landsins. Fjárveiting handa héraðinu er aðeins örlítið hærri en fjárveiting héraðsins á síðustu fjárl. til vegalagninga. Ég vil þess vegna treysta því, að hv. fjvn. hlutist til um, að það hérað, sem lengur en flest önnur hefur verið látið bíða eftir samgöngubótum, fái leiðréttingu mála sinna. Læt ég svo útrætt um þessa brtt. mína.

Þá vil ég greina frá því, að ég, ásamt 5. landsk., flyt brtt. um, að upp verði tekinn í fjárlög 1 þús. kr. styrkur til að hafa lærða hjúkrunarkonu í Bolungavík. Þessari brtt. hefur að vísu ekki enn verið útbýtt, en ég vil biðja hv. forseta velvirðingar á því, að ég skuli samt sem áður gera hana að umtalsefni, vegna þess að hér er eingöngu um leiðréttingu til samræmis að ræða, þar sem fjárveiting þessi var tekin upp á síðasta Alþ. Vænti ég því, að þessar þúsund krónur verði teknar upp í fjárlfrv. núna, og tel ég sjálfsagt, að ég þurfi ekki að endurtaka þau tilmæli.

Þá vil ég benda hv. fjvn. á, að úr 18. gr. fjárl. hefur fallið eitt nafn, sem ég veit af viðtali við hv. n., að er alger misgáningur. Þetta er nafn fiskimatsmanns, sem kom á fjárl. þessa árs með 300 kr. eftirlaun. Ég veit, að hér er aðeins um misgáning að ræða og hv. n. tekur þetta til athugunar og leiðréttir það. (**JJós:** Má ég geta þess, að það hefur verið tekinn upp nýr háttur, þannig að matsmenn eru ekki greindir með nafni.) Ég hef haft samráð við þann mann í fjvn., sem mest hefur um þetta fjallað, og hann hefur tjáð mér, að þessi styrkþegi heyri ekki undir þann lið.

Ég vil svo að lokum rétt aðeins drepa á brtt., sem ég flyt að vísu ekki, en nokkrir aðrir hv. þm. Það er brtt. á þskj. 626, um læknisvitjanastyrki. Hv. n. hefur fellt þá alla niður. Ég skil satt að segja ekki, hvað liggur til grundvallar þeirri ákvörðun hv. n. (**PO:** Þetta er til athugunar í n.) Ég veit, að það er til athugunar í n., en ég vil aðeins taka fram, að ég álít, að ekki eigi að fella þá niður, ekki sízt hvað áhrærir það hérað, sem ég heyri til. Í því eru 4 læknishéruð og 2 læknislaus, og lítur ekki út fyrir, að nein leiðréttingu fáist í því efni.

Ég tel, að ég hafi gert grein fyrir þeim brtt., sem ég kem með. Þær eru fáar og lítil útgjöld í sambandi við þær. Ég ætla ekki að áfellast hv. fjvn. í því skyni. Hún hefur auðvitað í mörg horn að líta og vandratað milli skers og báru í öllu því umróti, sem fyrir henni liggur. Ég virðist hafa sýnt fram á varðandi þær aðalbrtt., sem ég flyt, að ekki sé aðeins nauðsyn, heldur knýjandi nauðsyn, að úr þeim verði greitt og þær fjárveitingar, sem þær fara fram á, samþ. Ég vil treysta því, að hv. fjvn. taki þær till. til athugunar. Ég er fús að taka þær, sem ráðlegt þætti, aftur til 3. umr. og hafa um þær það samráð, sem nauðsynlegt kynni að þykja.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég hef leyft mér að flytja örfáar brtt., prentaðar á þskj. 612. Ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um þær.

Fyrsta brtt. er undir rómverskum IV, brtt. við 12. gr. fjárl. Í fjárl. er veittur 750 þús. kr. styrkur til að reisa læknisbústaði, en fjvn. hefur í till. sínum á þskj. 579 gert brtt. við þennan lið um, að hann orðist þannig: Styrkir til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla, kr. 1100000,00. Þar er hann að vísu nokkuð hækkaður, en fjvn. hefur ekki sundurliðað þessa upphæð neitt í till. sínum, ekki a. m. k. eins og till. birtist á þskj. 579. Hins vegar hef ég fengið upplýsingar um, að hv. n. hafi gert sundurgreiningu á þessu og áætlað, hvað af þessari upphæð færi til einstakra staða á landinu. (**PO:** Hún hefur fengið till. frá landlækni.) Og mér er sagt, að í þeirri sundurgreiningu séu áætlaðar 200 þús. kr. til byggingar væntanlegs sjúkrahúss á Akureyri. — Ég hef leyft mér að flytja við þetta brtt. á þann veg, að þessi liður verði hækkaður um 300 þús. kr. og að sú hækkun kæmi þannig fram, að 500 þús. kr. yrði varið til byggingar sjúkrahúss á Akureyri. Ég býst við, að hv. þm. sé yfirleitt kunnugt um, að það verður ekki lengur komizt undan þeirri nauðsyn að reisa nýtt sjúkrahús á Akureyri, vegna þess að það mál hefur nokkuð verið til umr. meðal þm. undanfarið. Ég geri ráð fyrir, að þegar á næsta ári verði hafizt handa um að reisa á Akureyri nýtt sjúkrahús, og þó að enn sé hvorki búið að ganga til fullnustu frá áætlun né teikningu á þessu sjúkrahúsi og ekki vitað með vissu, hvað dýrt það verður, og ekki enn búið að ganga frá til fulls, hvaða þátt ríkissjóður taki í byggingunni, þá held ég, að óhætt sé að slá því föstu, að kostnaður við byggingu sjúkrahússins verði ekki mikið innan við 2 millj. kr., ef það verður reist með það fyrir augum að fullnægja ekki aðeins þörf Akureyrarkaupstaðar, heldur þeirra héraða á Norðurlandi, sem sótt hafa til Akureyrar um sjúkrahússvist. Að hinu leytinu er ekki búið að ganga frá þátttöku ríkissjóðs, en það verður væntanlega gert á þessu þingi. Þótt ekki sé vitað, hve mikil sú þátttaka verður, þá má gera ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs í væntanlegri sjúkrahússbyggingu á Akureyri verði sennilega nokkuð hærri en hér er farið fram á. En hins vegar mundi ekki vera óeðlilegt, að framlagi ríkissjóðs til þessa yrði dreift á tvö ár og hafa þessa till. ekki hærri, en að hinu leytinu er hún sniðin eftir óskum bæjarstjórnar Akureyrar, sem hefur sent Alþ. beiðni um að taka á fjárl. næsta ár 500 þús. kr. til byggingar sjúkrahúss.

Önnur breyt., sem ég flyt, er undir rómverskum XXVIII á sama þskj. og er við brtt. hv. fjvn. á þskj. 579. Er það 27. brtt. n., um framlag til hafnarmannvirkja. Hv. fjvn. hefur, — auk þess sem hún hefur lagt til að auka allverulega framlag til hafnarmannvirkja, — tekið upp í till. sínar sundurliðaða fjárhæð um, hve miklu fé skuli varið til einstakra staða á landinu. En í þeirri sundurliðun er ekki gert ráð fyrir neinu framlagi til hafnarmannvirkja á Akureyri. Nú er það

svo, að á Akureyri eru að vísu gömul hafnarmannvirki, sem reist hafa verið, án þess að ríkissjóður hafi tekið nokkurn þátt í kostnaðinum við þau, því að þau hafa verið reist fyrir þann tíma, sem þau ákvæði voru sett í hafnarl., að ríkissjóður skyldi taka þátt í slíkum mannvirkjum. Nú eru hins vegar á döfinni á Akureyri fyrirætlanir um að reisa ný hafnarmannvirki og á öðrum stað en þau gömlu, vegna þess að gömlu hafnarmannvirkin eru orðin ófullnægjandi fyrir kaupstaðinn. Hafa verið gerðar áætlanir og uppdrættir, sem í aðalatriðum hafa verið samþ. af trúnaðarmönnum ríkisins á því sviði, og hér á þingi hefur nýlega verið samþ. breyt. á hafnarl. fyrir Akureyri, þar sem tekið er fram í samræmi við hafnarmannvirki annarra kaupstaða, að ríkissjóður skuli taka þátt í þeim. Framkvæmdir við þessi nýju hafnarmannvirki eru að vísu skammt á veg komnar enn þá, en þó er aðeins byrjað að byggja brimgarðinn, sem á að lykja um þessi nýju hafnarmannvirki. Það mun vera óhætt að slá því föstu, að á næsta ári verði þessu verki haldið áfram, hversu langt sem því kann að miða, og hlýtur að líða að því, að ríkissjóður verði að taka nokkurn þátt í kostnaðinum við þær framkvæmdir. Þess vegna er það að mínu áliti ekki aðeins rétt, heldur sjálfsagt, að á fjárl. þessa árs verði tekið nokkurt framlag til þessa verks. Ég hef því leyft mér að leggja hér til, að í þessar till. hv. fjvn. verði bætt nýjum staflið, sem væri hafnarmannvirki á Akureyri, 300 þús. kr. — Það má að vísu segja, að sú upphæð sé að nokkru leyti út í bláinn, vegna þess að ekkert liggur fyrir um, hversu miklar framkvæmdir verði á næsta ári, en mér þykir sennilegt, að þær muni ekki verða öllu minni. Þessar 300 þús. kr. mundu svara til lögboðins framlags ríkisins og mér virðist það því í nokkru samræmi við þau fjárframlög önnur, sem fjvn. leggur til nokkurra staða á landinu, t. d. til Akraness 300 þús. kr., og svo að vísu minna framlag til annarra staða, en ég tel Akureyri a. m. k. sambærilega við hina staðina. — Ég vænti þess, að hv. fjvn. og þm. aðrir fallist á að veita nokkurt fé til Akureyrar í þessu skyni og fallist helzt á þá till., sem ég hef leyft mér að flytja hér.

Þá er 3. brtt. undir rómverskum XXXII á sama þskj., við 14. gr. B á fjárl., framlag til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum. Hv. fjvn. leggur til, að það verði hækkað upp í 400 þús. kr. og að ríkið greiði ¾ hluta byggingarkostnaðar. Framkvæmdum er þannig komið um byggingu húsmæðraskóla á Akureyri, að byggingin er nú þegar komin undir þak, og í vetur verður haldið áfram innanhúss, og að því loknu er gert ráð fyrir, að skólinn taki þegar til starfa. Það mun þess vegna fara svo, að allt framlag ríkisins skv. l. um byggingu húsmæðraskóla falli í gjalddaga á næsta fjárhagsári. Það hefur verið áætlað af húsameistara ríkisins, að bygging þessa skóla kosti allt að 1 millj. kr. Samkv. því ætti ríkissjóður að leggja fram 750 þús. kr. Nú þegar mun ríkið hafa greitt til þessarar byggingar rúmlega 300 þús. kr., og mundi þá, ef þessi áætlun reyndist rétt, eiga eftir að greiða a. m. k. 400 þús. kr. eða rúmlega það. Nú hefur samkv. því, sem húsameistari áætlaði um kostnaðinn við að koma þessari byggingu undir þak, raunin orðið sú, að kostnaður hefur orðið heldur minni en ætlað var. Ef eins færi um hlutann, sem eftir er af þessari byggingu, mundi því ef til vill eitthvað lægri sú upphæð, sem ríkið þyrfti að leggja í þetta, heldur en búizt var við. En það, sem ríkið á eftir að greiða til þessarar byggingar og greiðslukræft er samkv. l., er aldrei minna en 300 þús. kr. Ég hef því talið ástæðu til að vekja athygli hæstv. Alþ. á þessu og flyt brtt. um það, að þessi liður verði hækkaður þannig, að hægt væri án þess að rýra fyrirhugað framlag fjárl. til annarra staða í sama skyni, að greiða til byggingar húsmæðraskólans á Akureyri 300 þús. kr., og er það sú fjárhæð, sem greiðslukræf yrði í ár. Legg ég því til, að til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum verði varið 600 þús. kr. og til húsmæðraskólans á Akureyri 300 þús. kr.

Þá er fjórða brtt. mín, en það er aðeins smávægileg útgjaldaaukning, sem hún mundi hafa í för með sér. Á þskj. 612, XXV er brtt. við till. fjvn. á þskj. 579,55 um framlag til leikstarfsemi. Hv. fjvn. leggur til, að sá liður, sem hér um ræðir, verði orðaður þannig, að veitt verði til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og Jóns Norðfjörðs 2 þús. kr. Ég álít, að það sé ekki ástæða til þess að styrkurinn til leiklistarstarfsemi Jóns Norðfjörðs sé lægri en sams konar styrkur til Soffíu Guðlaugsdóttur, og hef ég því leyft mér að flytja till. um, að þessi upphæð til Jóns Norðfjörðs hækki um 500 kr., úr 2 þús. kr. upp í 2500 kr. — Einn fjvn.-maður hefur sagt mér, að þessi till. um styrk til Jóns Norðfjörðs sé miðuð við það, sem hann hafi sjálfur beðið um, hann hafi farið fram á 2 þús. kr. En mér er kunnugt um það, að þessi beiðni Jóns var fram komin vegna þess, að hann var óánægður með það, að á fjárl. síðasta árs fékk hann mun lægri upphæð en Soffía Guðlaugsdóttir, og þegar hann sendi þessa umsókn, hafði hann miðað við, að þeim yrði á fjárl. næsta árs gert jafnhátt undir höfði, og nefndi hann því 2 þús. kr., þá upphæð, sem Soffía hafði fengið á síðustu fjárl. Nú hefur n. hækkað upphæðina til hennar um 500 kr., en hefur ekki um leið bætt við Jón. En mér þykir sennilegt, að hv. fjvn. og hv. þm. muni geta fallizt á að bæta þessum 500 kr. einnig við Jón. Ég skal geta þess, að nú í vetur gefur Jón Norðfjörð sig eingöngu að leiklistarstarfsemi í Hafnarfirði sem leikstjóri við leiksýningar þar og heldur jafnframt uppi leikskóla, sem hefur mikla aðsókn. Hann hefur því einnig mikið að gera vegna þeirrar starfsemi. Ég álít því, að það sé réttmætt, að honum sé greiddur nokkur styrkur fyrir þá starfsemi og hann sé ekki metinn minna, hvað þetta snertir, en leikskóli Soffíu Guðlaugsdóttur, sem ég hygg, að megi leggja að jöfnu við leikskóla Jóns.

Að lokum er hér síðasta brtt. mín, sem er einnig síðasta brtt. á þskj. 612, og er hún um það, að á heimildargr. verði veitt heimild til þess að greiða 50 þús. kr. sem stofnkostnaðarstyrk til vatnsveitufélags Glerárþorps. Það má segja, að það hafi ekki verið venja, að ríkið legði fram fé til vatnsveitna í bæjum eða þorpum. Þó mun það hafa komið fyrir, að það hafi verið gert áður. Ég held, að á fjárl. s. l. árs hafi verið veitt upphæð til vatnsveitu í Grímsey, og einnig er nú í till. ríkisstj. heimilað að greiða fé til vatnsleitar í Vestmannaeyjum. En ég held, hvað sem líður venju um þetta, að þannig standi á um þessa vatnsveitu

fyrir Glerárþorp, að full ástæða sé til þess, að ríkið hlaupi þar undir bagga. Það háttar svo til í Glerárþorpi, að vatnsból eru engin önnur en brunnar, sem voru slæmir, og var búið að ræða um það, fyrst af fyrrv. landlækni og nú hin síðari ár af núv. landlækni, að af þessum vatnsbólum stafaði mikil sýkingarhætta fyrir íbúa Glerárþorps og hluta af Glæsibæjarhreppi. Íbúar Glerárþorps hafa ekki talið sig hafa bolmagn til þess að fara að leggja vatnsveitu í þorpið, en þó varð það úr eftir miklar bollaleggingar, að þorpið sótti um að mega taka vatn úr vatnsleiðslu Akureyrar og leiða það um þorpið. Það var svo hafizt handa um þetta, þegar komið var fram á haust á s. l. ári (1943). Vatnsveitufélagið hafði þá pantað efni, til þess að hægt væri að hefjast handa, og var farið að grafa skurði fyrir vatnsæðarnar. Nú fór svo, þegar búið var að grafa mikið af þessum skurðum, að pöntunin fékkst ekki afgr., þannig að ekki var hægt að halda verkinu áfram, svo að á s. l. vetri féllu þessir skurðir að miklu leyti saman, og varð að vinna það verk aftur á s. l. sumri. Þetta verk varð þess vegna miklum mun dýrara en áætlað hafði verið, þegar í það var ráðizt, og hafði þó Glerárþorpsbúum, sem eru fátækir menn, vaxið í augum sá kostnaður, sem í fyrstunni hafði verið áætlaður. En þessi vatnsveita fyrir 76 heimili, sem öll eru fátæk heimili, hafði kostað samkvæmt yfirliti, sem formaður vatnsveitufélagsins hefur sent með erindi um styrkbeiðni, 160 þús. kr. rúmlega. Þetta fé hefur svo vatnsveitufélagið orðið að taka að láni, eða 150 þús. til 20 ára. Samkvæmt yfirliti, sem form. vatnsveitufélagsins hefur látið í té, mun árlegur kostnaður af vatnsveitunni, vextir og afborganir af þessu láni og lítils háttar innheimtukostnaður og eftirlit með vatnsveitunni, þó ekki áætlaður nema 2800 kr., verða um 15 þús. kr. Fasteignamat þeirra býla, sem þarna eiga hlut að máli, mun vera um 308 þús. kr., og sá vatnsskattur, sem yrði að leggja á, ef farið yrði eftir því að leggja á fasteignamat þeirra býla, eins og venja er í kaupstöðum, til þess að standast þennan kostnað mundi því verða um 4,6% af fasteignamati. Til samanburðar skal ég geta þess, að á Akureyri er vatnsskattur 1,5% af fasteignamati. Nú er í þessu ekki gert ráð fyrir neinu viðhaldi, sem þó er óhjákvæmilegt, þannig að með því þykir mér sennilegt, að vatnsveitufélagið yrði að leggja á skatt, sem næmi allt að 6% af fasteignamati þessara býla. Þess vegna er sjáanlegt, að það er erfitt fyrir þetta fátæka vatnsveitufélag að standa undir þessum kostnaði, sem í fyrsta lagi hefur orðið mikill vegna þess, hvað þessi býli eru strjál og liggja óreglulega, og verða því leiðslurnar að vera tiltölulega lengri en í kaupstöðum yfirleitt. Þar við bætast svo óhöpp eins og það, að þurft hefur að vinna verkið tvisvar sinnum vegna ástæðna, sem íbúar þorpsins gátu á engan hátt ráðið við. Þetta fyrirtæki verður því svo dýrt fyrir þetta félag, að ég tel sanngjarnt, að ríkið hlaupi þarna undir bagga. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja til, að ríkið greiði 50 þús kr. sem stofnkostnað til vatnsveitunnar, því að 30% af stofnkostnaði mun þykja ríflegt, en fyrir ríkið er þetta ekki há upphæð, en mundi hins vegar auðvelda fólkinu, sem þarna á hlut að máli, að standa undir því, sem þá er eftir af stofnkostnaðinum, og gera því kleift að halda því mannvirki við og fá með viðráðanlegu móti neyzluvatn, sem því er óhjákvæmilegt að fá.

Eftir að ég lagði fram þessa till., sá ég, að þm. Eyf. hafa einnig flutt till. um styrk til þessarar vatnsveitu. Að vísu er þar tiltekin nokkru lægri upphæð eða 20 þús. kr., og þeir hafa flutt hana sem brtt. við einn lið á fjárl., en þar sem till. mín gengur lengra, ætti hún að vera borin upp fyrr, en það mun ekki vera hægt að gera það, ef hún er miðuð við grein, sem kemur síðar á fjárl. Ég mundi þess vegna vilja fá tækifæri til þess að breyta till. þannig, að hún sé flutt sem brtt., og vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann vildi taka það til greina, að ég flytti um það sérstaka brtt., og mundi ég þá í staðinn fyrir að taka til 22. gr. flytja þetta sem sérstaka brtt. við 16. gr., a, 9, eins og till. hv. þm. Eyf. er flutt. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Ég vildi að lokum vekja athygli á því, að þær þrjár af brtt. mínum, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, eru allar fluttar á grundvelli laga, sem þegar eru að taka gildi, tvær þeirra samkv. l., sem þegar eru í gildi, en sú þriðja er flutt á grundvelli frv., sem nú liggur fyrir þinginu og væntanlega verður afgr. bráðlega sem lög. Þær binda því ríkissjóði ákveðinn bagga á þá leið, sem till. fjalla um, og þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, eru allar þegar á leiðinni, þannig að það virðist óhjákvæmilegt fyrir ríkið að taka upp á næstu fjárl. fjárveitingu til þessara framkvæmda. Hinar tvær till. eru um miklu minni fjárhæð, og ég vænti þess, að um þær gæti líka orðið nokkurt samkomulag.

Forseti (GSv): Hv. þm. spurðist fyrir um meðferð þessarar till., hvort hún mundi geta gengið öðruvísi. Það verður að teljast, að svo sé, og getur þá hv. þm. borið fram brtt. í samráði við skrifstofuna, og væri rétt, að það gerðist nú þegar.

Ásmundur Sigurðsson: Ég á hér brtt. á þskj. 612, sem ég vildi fara um örfáum orðum. Í fyrsta lagi er það þá um mikinn farartálma fyrir vegasamgöngur frá Skaftafellssýslu til Austurlands. Fyrir nokkrum árum var byrjað að leggja veg frá Fljótsdalshéraði að Hornafjarðarfljóti, og er þessi vegur nú kominn að Berufirði, og ætlunin mun vera, að bílferja komi yfir hann. Síðan er vegur frá Djúpavogi alla leið að Hornafirði, en stærsta vatnsfallið á þeirri leið er Jökulsá í Lóni. Ég hef ekki flutt till. um að brúa hana, en fjárveiting er um vegarkafla að henni og annan að Laxá, sem óhjákvæmilegt verður að brúa, áður en farið er að hugsa til þess að brúa Jökulsá í Lóni. Jökulsá er þó stærsti farartálmi þess, að hægt sé að koma Skaftafellssýslu í samband við Austurland, og þegar Skaftfellingar tala um, hver þeim þykir nauðsynlegasta samgöngubótin á landi, þá er það fyrst og fremst það, að þetta vegasamband komist á. Af því að þessi brtt. um brú á Laxá er ekki hærri en 60 þús. kr., geri ég mér miklar vonir um, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að taka þessa fjárveitingu upp til þess að ljúka af einum áfanga á þeirri leið, að Skaftafellssýsla geti komizt í vegasamband við Austfirði.

Svo er till. um hækkun til hafnargerðar í Höfn

í Hornafirði. Það er nú svo um Höfn í Hornafirði, að þær hafnarbætur, sem þar eru gerðar, eru ekki eingöngu fyrir Skaftafellssýslu, heldur eru þær einnig mikið fyrir aðra. Það er kunnugt, að Höfn er mikil verstöð, og nú um tvo áratugi hafa vélbátar frá Austfjörðum stundað þar fiskveiðar á vertíðinni.

Mér er kunnugt um, að Austfirðingar telja sér mikils virði að geta stundað útgerð á vetrarvertíð frá Hornafirði. Nú er það svo, að þarna í Hornafirði eru skilyrði slæm, sérstaklega það, að ekki er hægt að hafa þar stóra vélbáta. En væri höfnin bætt og gerður sandvarnargarður fyrir vélbátalægi, mætti hafa þar 40—50 tonna vélbáta og þar með skapa skilyrði til þess, að þessi verstöð gæti orðið að miklu meira gagni en nú er. Gæti þá miklu meira verðmæti orðið skilað þar á land en nú er. Þess vegna má telja hafnargerð þessa mjög mikið framfaramál fyrir Skaftfellinga og fyrir Hornafjörð. En hins vegar vil ég benda á það, að sá aðili, sem þarna á hlut að máli, er tiltölulega fámennur staður, og það er mikið í ráðizt fyrir fámennan hrepp að leggja í hafnarbætur fyrir 1 millj. kr. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, að farið er fram á að hækka nokkuð þessa fjárveitingu, til þess að fremur sé hægt að ætlast til þess, að hreppurinn vilji verja fé til þess að koma þessu verki eitthvað áleiðis. En aftur á móti má vænta þess, að þegar fé safnast fyrir í hafnarsjóði, þá sé fært að leggja fé fram á móti í þessu skyni, svo að hafizt verði handa um framkvæmdir. Þetta virðast vera hóflegar till., og vona ég, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þær. — Hef ég svo ekki meira um þetta að segja.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég vil í fáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni sem eins nm. í fjvn. til þeirra till., sem n. flytur, og mun mega líta á það sem afstöðu okkar beggja sósíalistanna, sem sæti eigum í fjvn.

Það álit hefur komið hér fram, að tekjuáætlunin væri óvarleg. Ég get ekki fallizt á, að þetta sé rétt. Meira að segja tel ég, að í einstökum atriðum hefði mátt áætla tekjurnar hærri en gert er, og fer ég þar eftir reynslu undanfarinna ára. — Það eru einkum 6 liðir, sem n. hækkar. Tekju- og eignarskattur er í frv. áætlaður 21 millj. kr., en n. áætlar hann 22,5 millj. kr. Nú á þessu ári er þessi skattur álagður 24 millj. kr., og eftir því sem nú horfir, má búast við, að tekjur manna verði hærri. Þess vegna mætti búast við, að þessi liður verði 24 millj. kr., en n. hefur, eins og áður er sagt, einungis áætlað hann 22,5 millj. kr. Það er að vísu rétt, að erfitt gæti orðið að innheimta þetta, ef verulegt hrun kæmi, en ég tel ekki ástæðu til að óttast það svo mjög.

Annar liður, sem n. hækkar, er stríðsgróðaskatturinn. Hann er í frv. 8 millj., en hjá n. 9 millj. kr. Nú í ár er stríðsgróðaskatturinn álagður 9,5 millj. kr., og eins og fyrr er sagt, eru tekjur fyrirtækja á þessu ári yfirleitt meiri en áður, svo sem stórútgerðarinnar. Þess vegna er full ástæða til að ætla, að þessi liður verði a. m. k. eins hár og n. áætlar.

Þriðji liðurinn er verðtollurinn. Í frv. er hann áætlaður 25 millj. kr., en hjá n. 28 millj. kr. Núna í októberlok var verðtollurinn þegar orðinn 28 millj. kr., og eru þá tveir mánuðir eftir. Enn fremur má geta þess, að á sama tíma í fyrra var verðtollurinn 2 millj. kr. lægri en hann er nú, en varð þá 34 millj. kr. Má því búast við allmikilli rýrnun á þessum lið, ef hann skal talinn óvarlegur. Að minni hyggju hefði mátt áætla hann hærra en gert er.

Fjórði liður er vörumagnstollur. Hann er í frv. áætlaður 8 millj. kr., en hjá n. 9 millj. kr. Þessi tollur er nú í nóv. orðinn 9 millj. kr., svo að sýnilegt er, að hann fer í 10 millj. Hann er því áætlaður 1 millj. lægri en hann verður.

Þá kem ég að fimmta lið, sem er tekjur af áfengisverzluninni. Þar gerir frv. ráð fyrir 13,3 millj. kr., en n. 22,1 millj. kr. Eins og komið hefur fram í umr., eru líkur til, að tekjur af áfengisverzluninni verði nú 27 millj. kr. Er því áætlun n. 5 millj. kr. lægri en líklegt er, að verði í reynd. Ég skal taka það fram, að ég er ekki ánægður með, að þessi liður skuli vera svo hár, og skal verða fyrstur til að vinna gegn því. En ég sé ekki ástæðu til að áætla þetta öðruvísi en sýnt er, að það verður. Það mun rétt, að þessi liður lækkar, ef atvinnutekjur lækka, enda er gert nokkuð fyrir því í áætlun n.

Loks er sjötti og síðasti liðurinn, og það eru tekjur af tóbakseinkasölunni. Þar áætlar frv. 6,5 millj., en n. 7,9 millj. kr. Í ár munu tekjur af þessum lið fara ½ millj. fram úr áætlun n., og ég lít svo á, að þetta séu nokkuð öruggar og stöðugar tekjur. Þessi áætlun mun því vera síður en svo of há.

Í nál. getum við þess, að ýmsir útgjaldaliðir megi vera lægri að okkar áliti, en höfum hins vegar ekki viljað gera ágreining út af því. Sömuleiðis viljum við hækka suma útgjaldaliði, en þær till. fengu ekki áheyrn í n. T. d. er það skoðun mín, að ýmsir liðir, sem eru undir nafninu „eftirlit“, mættu falla niður, og sama má segja um liðinn um kirkjubyggingar. — Viðvíkjandi framlagi til dvalar barna í sveit leggur n. til, að það verði fellt niður. Þessum lið hefði ég viljað halda, en verja fénu nokkuð öðruvísi en gert hefur verið.

Þá vil ég geta þess, að nokkrir liðir hafa síðan komið fyrir n. og bíða 3. umr., t. d. 250 þús. kr. til framfærslumála og atvinnubóta. Þessi liður er með öllu óþarfur, og sú n., sem með þetta hefur að gera, er nú orðin dýrari en styrkþegarnir, þannig að á síðasta ári námu laun framfærslumálan. 45 þús. kr., en styrkir þeir, er hún veitti, einungis 35 þús. kr. — Ég vildi, að framlag til íþróttasjóða væri hærra, en till. mín í þá átt bar ekki árangur, og sama er að segja um fleiri liði, sem ég hefði kosið, að væru hærri. Að öðru leyti er ég ánægður með þá afgreiðslu, sem n. hefur haft á frv., svo sem með hækkanir til vega og hafnargerða.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að taka fleira fram. Ég stend ekki að neinum brtt. nema sem nm., og það, sem ég er óánægður með, vænti ég að fá lagfært fyrir 3. umr.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. — Við hv. 2. þm. Skagf. flytjum brtt. á þskj. 612, merkt rómverskum XVI. Þessi brtt. er um að fella inn á fjárl. fjárveitingu fyrir brú á Svartá hjá Mælifelli í Skagafirði. Þar, sem þessi brú á að koma,

er ríkissjóðsvegur og sýsluvegur. Það er svo, að brú á Svartá hefur verið tekin inn í brúal., og var þá mikil nauðsyn á, að slík brú kæmi, en nú má það teljast lífsnauðsyn, þar sem svo hagar til, að mæðiveikin hefur herjað byggðina. Og til þess að byggðin geti þrifizt, verður brúin að koma, því að án brúar verður ekki unnt fyrir bændur að breyta búskaparháttum sínum þannig, að þeir geti framleitt mjólk.

Nú er það svo, að bændur eru staðráðnir í því að gera veg, hvað sem það kostar, handan árinnar, en sá vegur er til einskis gagns, nema brú komi á Svartá. Er talið líklegt, að slík brú mundi kosta nálægt 60 þús. kr. Hafa okkur þm. borizt fjöldamargar undirskriftir og áskoranir um að leggja allt kapp á, að fé fáist til þessarar brúargerðar, og gerum við það hér með. Raunar má segja, að einhvers staðar sé meiri þörf fyrir brýr en þarna, en ég vil undirstrika það, að óvíða er meiri þörf fyrir brú en á þessum stað, þar sem annars má telja víst, að þessi blómlega byggð bíði svo mikinn hnekki í framtíðinni, að ekki verði á skömmum tíma bætt það tjón.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta. Ég veit, að hv. þm. skilja nauðsyn þessa máls, og vænti, að hv. fjvn. taki þetta á ný til athugunar og sjái sér fært að verða við þessum óskum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Það má að vísu segja, að tilgangslítið sé til áhrifa á mál að halda ræður, þegar svona fámennt er í deildinni. Ég tel þó rétt að segja nokkur orð til skýringar þeim till., er ég flyt á þskj. 612, einkum þar sem hv. fjvn. hlustar þó á skýringar þm.

Ég flyt hér nokkrar till. til hækkunar á vegafé í Austur-Skaftafellssýslu. Ætla ég að gera tvo töluliði þeirra sérstaklega að umtalsefni. Það hefur verið frá því skýrt, að hv. fjvn. hafi miðað till. sínar um framlög til vega við það, sem lagt var fram í fyrra í því skyni. Má segja, að eðlilegt væri að sætta sig við það í meginatriðum. Þó geta komið þar til undantekningar, og hafa tveir hv. þm. lýst því hér í kvöld.

Á fjárl. þessa árs eru veittar 12 þús. kr. til vegagerðar í Mýrahreppi. En á fjárl. ársins 1943 voru veitar 22 þús. kr. til vegagerðar í þeim hreppi. Ástæðan fyrir því, að þetta var hækkað svona í fyrra, var sú, að vegamálastjóri gerði sér vonir um að geta látið vinna nokkuð á þessum stöðum fyrir fé, sem setuliðið lagði til viðhalds vegum, en þá hafði allfjölmennt setulið aðsetur á Melatanga við Hornafjörð. Nú er það setulið flutt burtu að mestu, og hefur raunar ekkert verið framkvæmt af vegabótum fyrir fé frá því. Mér finnst því eðlilegt, að nokkur hækkun yrði gerð í þessu efni.

Hinn liðurinn, sem ég ætla að drepa á, er Suðursveitarvegur. Fyrir liggur að brúa svo nefnd Heinabergsvötn svo fljótt sem auðið er. En til þess að brúin komi að notum, þarf nokkra vegarbót vestan hennar, sem telst til Suðursveitarvegar. Hygg ég, að sú upphæð, sem ætluð er í þá sveit í till. n., muni ekki gera betur en nægja til þeirrar framkvæmdar. En á öðrum stað í sveitinni þarf óhjákvæmilega nokkra vegarbót, einkum vegna þess, að nú er notaður stærri bíll til vöruflutninga um sveitina en áður var. Hef ég fengið umkvörtun um þetta að nýju.

Ég mun fús til að taka þessar till. aftur til 3. umr. og ekki etja kappi um þær í atkvgr. nú., ef verða mætti samkomulag um þær við hv. fjvn. milli umr.

Þá flyt ég á sama þskj. till. um framlag til þriggja brúa. Fyrst er þar talin brú á Holtakíl í Mýrahreppi. Það er tiltölulega smá brú. Eins og ég hef áður drepið á, er ósmíðuð brú á Heinabergsvötn, en það verður gert á næsta ári, svo framarlega sem efni fæst. Nú getur það oft verið hagkvæmt að vinna allmikið í einu í afskekktum héruðum, þegar búið er að flytja þangað efni á annað borð. Holtakíll er mjög skammt frá Heinabergsvötnum, og mér er kunnugt um það, að vegamálastjóri telur hagkvæmt að smíða þessa smábrú á hamri í sama flóðinu og hin stærri brú verður gerð á Heinabergsvötn. Með tilliti til þess er till. flutt.

Hv. 11. landsk. þm. hefur mælt fyrir till. um brú á Laxá í Lóni, og þarf ég engu við það að bæta.

Þriðja till. er brú á Jökulsá, sem er mjög til trafala í miðri sveit og hamlar einkum umferð bifreiða um sveitina. Jökulvötnin, sem koma frá rótum jökulsins, eru erfiðustu farartálmarnir í Austur-Skaftafellssýslu og torvelda umferð bifreiða tilfinnanlega. Þetta var svipað um Vestur-Skaftafellssýslu fyrir 10—20 árum, en nú er þjóðbrautin þar orðin örugg hér um bil á sýsluenda. En hið sama verður ekki sagt um Austur-Skaftafellssýslu enn sem komið er. Þar hefur verið unnið mjög lítið að brúargerðum fram að þessu.

Hv. fjvn. hefur sýnt mér þá góðvild að taka upp í till. sínar nokkurn styrk til kirkjubyggingar á einum stað í mínu héraði, þ. e. Brunnhólskirkju. Vil ég vænta þess, að n. haldi fast við þá till. sína þrátt fyrir þau tilmæli, sem hér hafa komið fram.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A 359, n. 580, 579, 612, 626, 646, 649).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 646 og 649. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa hér um mörg orð. Hv. frsm. fjvn. skýrði hér í gær ýtarlega þær till., sem hér liggja fyrir, og ætla ég ekki að fara út í það nema að litlu leyti. — Hv. frsm. bar sig upp undan því, hve n. hefði orðið fyrir mikilli gagnrýni. Ég fyrir mitt leyti hef ekki orðið þess mjög var, enda held ég, að það væri ekki að maklegleikum. Að vísu hef ég lesið í einu dagblaðanna, stjórnarblaði, fyrir nokkrum dögum, að talin var þar þörf á að gerbreyta fjvn. eða leggja hana niður. Ég veit ekki vel, við hvað það blað átti, hvort það átti við það, að stjórnarandstæðingar ættu að fara úr n., um það veit ég ekki. En hitt var gefið í skyn, að stj. ætti að ráða og taka að sér afgreiðslu fjárl. Þetta kann að vera rétt, en þetta fór ekkert í taugarnar á mér, fremur en margt annað, sem stendur í því hv. blaði.

En það er nú svo, að þótt ýmsum kunni ekki að líka fjárlfrv. og þær niðurstöður, sem þar hefur verið komizt að að þessu sinni, þá er það ekki sök fjvn. Það hygg ég, að öllum hv. þm. ætti að vera ljóst, að sakarinnar er að leita annars staðar. Sökin er vitanlega sú stjórnarstefna eða stefnuleysi, sem undanfarin ár hefur verið í dýrtíðarmálunum, allt frá því árið 1942. Það eru nú að koma fram

afleiðingar þeirrar stefnu eða þess stefnuleysis, og munum við því miður finna þær enn betur seinna, því að nú er svo komið, — og um það verður ekki deilt, — að það er miklum örðugleikum bundið að láta fjárl. ná saman, sem kallað er, láta tekjur og gjöld standast á. Við vitum vel, að nú vantar 3—4 tugmillj. kr., til þess að hægt sé að afgreiða tekjuhallalaus fjárl. Og þetta skeður á því ári, þegar hvað mest hefur verið veltan og góðæri í þjóðfélagi okkar og mest hefur streymt inn í landið af fé til einstaklinga og ríkis. Þó er svo komið, að nú er það mesta vandamál að ná í nægilegar tekjur til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs, þeim nauðsynlegustu greiðslum, sem þarf að inna af hendi, og er það illa farið á slíkum tímum, sem verið hafa undanfarin ár og að vissu leyti eru enn þá. Og það fjárlfrv. og þær brtt. við það, sem nú liggur fyrir, eru vitanlega markaðar af stefnu þeirrar hæstv. ríkisstj., sem nú er til valda komin, eins og vænta mátti.

Ég skal nú örfáum orðum víkja að einstökum liðum fjárlfrv. og brtt., sem fyrir liggja frá fjvn. — Það hefur töluvert verið rætt hér um tekjuáætlun fjárlfrv., og hv. þm. hefur þótt hún nokkuð óvarleg að þessu sinni. Ég ber það fram sem mína skoðun, að það sé skylda fjvn. og Alþ. á hverjum tíma að reyna að áætla tekjurnar og útgjöldin á fjárl. sem næst því, sem hægt er að búast við, að það muni reynast í framkvæmd. Ég skal játa, að undanfarin ár hefur sú stefna ríkt í fjvn. og á Alþ. að áætla tekjurnar nokkuð varlega til þess að eiga þá heldur þar til góða til þess að mæta þeim hækkunum, sem óhjákvæmilega verða á gjaldabálknum, hver sem fer með stj. Það má kannske vel segja, að það verði til umframeyðslu, — ég segi ekki óþarfaeyðslu. En nú er svo komið, að ríkisstj. getur ekki treyst á það á næsta fjárlagaári, að tekjurnar fari svo fram úr áætlun, að það leiði til óþarfaeyðslu.

Um hina einstöku tekjuliði má segja, að þeir hafa verið hækkaðir um eitthvað nálægt 6 millj. kr. í frv. Og ég get vel fallizt á það, að óbreyttu ástandi verði unnt að ná þeim tekjum, sem þar eru áætlaðar. Ég get búizt við því, — ef allt verður með skilum og ekki koma fyrir nein sérstök óhöpp á næsta ári, — að gera megi ráð fyrir, að sú tekjuáætlun muni standast. En það er víst, að þar er stýrt á yztu nöf. Það, sem mest hefur verið hækkað af tekjuliðum, er á 2. gr., verðtollurinn. Hann hefur á undanförnum árum, einkum 1942, farið mjög fram úr áætlun. En á þessum tíma, sem nú stendur yfir, er mjög erfitt að áætla hann. Nú undanfarið hefur verið mjög örðugt um að fá ýmsar vörur og verkfæri frá útlöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum. Og ástandið er enn svo úti í heiminum, að það gefur ekki vonir um, að úr muni rakna í því efni á næstunni. Við heyrum í útvarpi nú, að heita má á hverju kvöldi, að menn brýna þjóðirnar til þess að framleiða sem mest til innanlandsnotkunar. Og ég býst við, með tilvísun til þeirra fregna, sem við fáum nú frá Evrópu, — þar sem þær þjóðir, sem nú eru frelsaðar úr klóm nazismans, haga sér þannig, að bandamenn verða að hafa her manns til þess að halda þeim í skefjum, — þá geti það orðið með öðru til þess, að torveldara muni verða fyrir okkur á næstu árum að geta fengið þau áhöld og vélar, sem við þörfnumst og viljum fá. Enn fremur hefur skipakostur okkar minnkað á þessu hausti til flutninga nauðsynja frá útlöndum, og getur e. t. v. orðið erfitt fyrir okkur að fá þau skip í staðinn, sem við þurfum. Þess vegna er það, að þótt verðtollurinn kunni að fara fram úr áætlun, þá megum við ekki fara hærra með þennan lið.

Þá kem ég að 3. gr. Þar eru langmestar tekjur af áfengisverzluninni. Þó að ég sé enginn áfengishatari, þá blöskrar mér, þegar svo er komið, að svo fámenn þjóð sem við erum eyðir 30 millj. kr. í áfengi. Ég hélt, að þess væri full þörf að reyna að draga eitthvað úr því, ef mögulegt væri, og jafnvel þó að ríkissjóður hafi af því aðaltekjur sínar, þá eru þær mjög óvissar, því að það er fullvíst, að ef eitthvað þrengir að, þá bitnar það fyrst og fremst á áfenginu, a. m. k. er þess að vænta, að svo verði hjá flestum. Þess vegna er sá liður helzti óvarlegur. Má vera, að það sé rétt, að með óbreyttu ástandi gefi áfengisverzlunin þessar tekjur, en mér hefði fundizt nær að reyna á einhvern hátt að takmarka þau óhæfilegu kaup, sem nú eru á þessari vöru. Ástandið er nú þannig hjá okkur, að erfiðlega gengur að fá menn til nauðsynlegustu starfa við framleiðslu. Það er erfitt að fá sjómenn á báta kringum land, vegna þess að þeir þykjast ekki bera nóg úr býtum móts við aðra, sem eru í landi. Og ef atvinna okkar þrengist saman, þá bitnar það fyrst og fremst á áfengiskaupunum og á líka að gera það. Ég skal játa, að þetta er eini liður tekjuáætlunarinnar, þar sem ég er á móti meiri hl. n. Tekjuáætlun tóbakseinkasölunnar tel ég miklu nær sanni, því að þær tekjur eru miklu árvissari en tekjur áfengisverzlunarinnar. Get ég vel búizt við, að þær nái því, sem hér er gert ráð fyrir. Í heild má gera ráð fyrir, að heildartekjurnar nái því, sem þær eru áætlaðar, en meira ekki. Það má því ekki skáka nú í því skjóli, að tekjuáætlunin sé svo varleg, að þar á móti megi koma ýmis óviss útgjöld, því að nú er búið að loka fyrir það sund, og verður að taka tillit til þess við afgr. fjárl.

Ég skal þá með örfáum orðum koma að gjaldabálkinum í frv. Ég skal taka fram, að það voru aðeins fjórar till. til hækkunar, sem n. átti frumkvæði að, en þó voru þær gerðar með samþykki hæstv. stj. Skal ég fara örfáum orðum um hverja þeirra fyrir sig.

Fyrsta till. er við 3. gr., notendasíma í sveitum. Í frv. er þessi liður 100 þús. kr., en n. fer fram á, að hann sé hækkaður í hálfa millj. kr. Um þennan lið er það að segja, að mörg undanfarin ár hefur verið mjög erfitt að fá efni til símalagninga frá útlöndum, en eftir því sem símamálastjóri upplýsti, þá er von til þess, að á næsta ári sé hægt að auka lagnir úti um landið. Þörfin er mjög brýn og eftirspurnin geysilega mikil. Veitir ekki af, þar sem svo mikið fámenni er í sveitum, að sem flestir geti fengið heimasíma til að geta sparað tíma og losnað við margs konar erfiðleika. Ég vona því, að ekki verði óánægja, þó að þessi liður verði hækkaður eins og hér er lagt til.

Þá eru það vegamálin. Fyrrv. stj. hafði lækkað mjög framlög til þjóðvega og strikað 42 þjóðvegi út. Hæstv. samgmrh. virtist fyrst á þeirri skoðun, að eins og nú væri, þá væri rétt að reyna að halda sig við frv., en með þeirri breyt., að hækkuð yrðu mjög framlög til 3—4 kaupstaðavega, en annars yrði frv. óbreytt. Þetta gat n. ekki fallizt

á, því að hún vissi, að þörfin til vegagerða er mjög brýn, og sést það nú á brtt. hv. þm., að n. hefur ekki gengið of langt í því efni, því að svo að segja hver hv. þm. ber fram hækkunartill. til vega, og er það að vonum. N. fékk því áorkað með samþykki hæstv. ráðh., að vegaframlög yrðu eins á yfirstandandi ári með þeim hækkunum til einstakra vega, sem hæstv. ráðh. lagði til, en það var Krýsuvíkurvegur, Oddsskarð og Lágheiðarvegur. Sú hækkun á vegafé, sem nú er farið fram á umfram það, sem nú er í fjárl., er eingöngu bundin við þessa þrjá svo kölluðu kaupstaðavegi. Meiri hl. n. er sammála um að reyna að halda sig við þá vegi, sem eru í yfirstandandi fjárl., að kalla óbreytta.

Þriðji liðurinn, sem n. fór fram á, að hækkaður yrði frá því, sem er í frv., er bryggjugerðir og lendingarbætur. Það hefur legið fyrir fjöldi till. og beiðna frá einstökum hv. þm., og eins og kunnugt er, þá er víða þörf mikilla umbóta í því efni. Er því full þörf á að bæta þar úr. Víða hefur það verið svo á vertíðum, að menn hafa verið í fullkomnum vandræðum með báta sína og hafa þráfaldlega misst þá, þegar ofviðri hefur skollið á. Þessi hækkun nemur rúmum 700 þús. kr., og ég held, að n. eigi ekki skilið ámæli fyrir að hafa lagt þetta til, því að ég man svo langt, að þegar fyrrv. hæstv. stj. lagði fram þetta frv., þá var deilt á hana fyrir, hvað lítið þar væri til verklegra framkvæmda. Það er líka auðséð á till., sem fram eru komnar, að n. hefur ekki gengið of langt í þessu efni, enda er það svo, að ef hin mikla nýsköpun, sem nú er svo mikið talað um í tíma og ótíma, á að fara fram, þá ríður á að hafa vegi til að koma þessum dýrmætu vélum eftir, og hafnir og lendingarbætur, svo að hinir stóru og nýju bátar geti lent þar. Það er því ekki úrtímis, þó að við aukum við hafnargerðir og lendingarbætur.

Fjórði liðurinn, sem n. lagði áherzlu á og hafði til þess samþykki hæstv. fjmrh., er í 16. gr., ½ millj. kr. til vélasjóðs og verkfærakaupa. Þessi upphæð er í yfirstandandi fjárl. og hefur verið notuð. Það er vitað, að eftirspurnin í þessu efni er óskaplega mikil f. h. landbúnaðarins. Þessar fjórar till. eru þær einu, sem ég man eftir, að n. hafi átt frumkvæði að. Hinar eru flestar gerðar að frumkvæði hæstv. stj., þó að n. hafi þar í ýmsu vel getað orðið við óskum hæstv. ráðh. Ég held því, að n. eigi ekki skilið, — enda hef ég ekki orðið þess var, — þá miklu gagnrýni á hana, sem talað var um í gær. Gagnrýnin er ekki til n., hún er til þess ástands og þeirrar stefnu eða stefnuleysis, sem hefur verið undanfarin ár í dýrtíðarmálum og leitt af sér það ástand, sem nú er í fjárhagslífi okkar, svo að það skuli þurfa að koma fyrir nú á þessum mikla veltutíma, að við getum ekki afgr. fjárl. nema með milljónalánum og viðbótarsköttum, svo að nemur mörgum milljónum. Þetta eru svo hörmuleg tíðindi að þurfa að heyra ástandinu lýst eins og við heyrðum hæstv. fjmrh. gera, að það er von, að mörgum hrjósi hugur við.

Ég skal ekki að svo komnu máli minnast á brtt., sem hér liggja fyrir frá einstökum hv. þm. Þó vil ég fyrir mitt leyti fara fram á, að till. um læknishéraðastyrki verði tekin aftur til 3. umr., því að hún þarf athugunar við. Í 12. gr. XIV er framlag til læknisvitjanasjóða og einnig í gildandi fjárl., og nú á næsta ári verða stofnuð ýmis ný læknishéruð, sem nú eru styrkt, og verða þeir styrkir þá að falla niður. Af þessum ástæðum vil ég vænta þess, að hv. flm. þessara till. taki þær aftur til 3. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að svo komnu máli að hafa um þetta fleiri orð. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og er ég búinn að lýsa honum, að ég tel mig hafa óbundnar hendur um, hvernig ég snýst við afgr. fjárl. í þinginu. Ég vil fyrst sjá tekjuöflunarleiðirnar, sem hér hafa verið boðaðar, en ekki eru komnar fram enn. En þegar búið er að áætla tekjurnar svo hátt, að ekki eru líkur til, að þær fari fram úr áætlun, þá verður líka að athuga að hafa tekjuafganginn það ríflegan, að hann geti mætt þeim útgjaldahækkunum, sem alltaf koma, því að alltaf koma ýmsar óvissar greiðslur, sem hækka útgjöld fjárl. stórlega. Það hefur verið svo undanfarin ár og mun verða svo enn.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég á ásamt hv. samþm. mínum nokkrar brtt., sem allar eru á þskj. 612. Skal ég nú fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er við brtt. fjvn., að í staðinn fyrir „Lágheiðarvegur" komi „Ólafsfjarðarvegur". Hér er ekki um neina útgjaldahækkun að ræða, heldur aðeins orðabreyt.

Næstu tvær brtt. eru einnig við brtt. fjvn. Leggjum við þar til, að framlög til tveggja vega verði hækkuð úr 10 þús. kr. í 15 þús. kr. til hvors. Þessi till. er borin fram til samræmis við það, sem fjvn. leggur til, að slíkir héraðsvegir fái 15 þús. kr. Ég veit ekki, hvers vegna þessir tveir vegir hafa orðið svona út undan.

4. brtt. er um að hækka framlag til Laugalandsvegar upp í 60 þús. kr. og til vara 40 þús. Vegur sá, sem hér er um að ræða, liggur fram Eyjafjörð vestanverðan og er nærri því kominn fram að brú, sem er yfir Eyjafjarðará við Möðruvelli. Mjólkurflutningar þurfa að fara niður á Eyjafjarðarbrú eða fram á brúna við Möðruvelli. Er mikil nauðsyn að koma veginum áfram til að geta farið yfir ána á hvorum staðnum, sem er. — Þá er b-liður þessarar till., 70 þús. kr. til Litla-Árskógssandsvegar. Ég skil ekki, hvernig þessi vegarspotti hefur alltaf orðið út undan. Þetta er þjóðvegur, sem aldrei hefur verið lagður einn eyrir til. Annars liggja hjá hv. fjvn. meðmæli með þessum vegi, sem er ekki nema rúmir tveir km, en eftir honum fara allir flutningar landleiðis frá Akureyri til Hríseyjar. Meðan þessi spotti er ekki bílfær, verður að ganga frá Litla-Árskógssandi og upp á aðalveginn. Nú hefur verið mælt fyrir veginum, en hann ekki fengizt lagður. Vegamálastjóri hefur upplýst, að vegurinn muni kosta nú 70 þús. kr. En þannig hagar til, að á vetrum er ekki hægt að fara veginn, þó að ekki séu miklir snjóar, því að vegurinn liggur á gilbarmi, og því ekki viðlit að fara hann með bílum þá leið. Ég vil upplýsa það og skjóta því til hv. frsm. fjvn., að það hefur gleymzt að leggja fé til þessa vegar. Hreppsn. ætlaði á s. l. sumri að fá fé til þessa vegar, en þá var lýst yfir því af hæstv. fyrrv. fjmrh. og vegamálastjóra, að því mætti treysta, að lagt yrði fé til þessa vegar. Nú mælir vegamálastjóri með

veginum, en n. vill ekki enn þá taka neitt tillit til þess. Ég legg því mikla áherzlu á, að hv. fjvn. mæli með því, að þessi upphæð verði samþ.

14. brtt. er um fjárveitingu til að smíða tvær brýr, á Hofsá í Svarfaðardal og Torfufellsá í Eyjafirði. Ég skal viðurkenna, að það er meiri nauðsyn á að brúa Hofsá en Torfufellsá, vegna þess að meðan Hofsá er óbrúuð, þá er ekkert viðlit að hafa neina mjólkurflutninga úr heilu byggðarlagi, Skíðadalnum. Þetta er ekki stór á, en þó er oft ekki hægt að komast yfir hana nema með erfiðismunum. Um Torfufellsá er það að segja, að fyrir framan hana er lítil byggð, en yfir hana er fyrirhugaður vegur fram úr Eyjafirði, og Ferðafélag Akureyrar er búið að leggja veg upp úr firðinum. En þessi á er ekki bílfær, svo að það er ekki ófyrirsynju, þó að hún verði brúuð.

XXIX. till. er um fjárveitingu til bryggjugerðar á Litla-Árskógssandi, 25 þús. kr., og í Rauðuvík, 15 þús. kr. Nú er byrjað á bryggjugerð á Hauganesi, og leggur fjvn. til, að 25 þús. kr. verði veittar til hennar. Á Hauganesi var bryggja, en ofviðri, brim, braut þá litlu bryggju, sem þar var. Á Litla-Árskógssandi aftur á móti er dálítil bryggja, en algerlega ónóg fyrir þá útgerð, sem þar er, og það er að ráði vitamálastjóra, að ekki hefur verið nú á þessum dýru tímum ráðizt í að byggja hana. En auðvitað verður það gert, og mér skilst, að það sé mjög algengt, að fé, sem veitt hefur verið til slíkra mannvirkja, sé látið bíða, þar til byrjað er á verkinu. Ég vænti, að n. mæli með þessari fjárveitingu alveg eins og á Hauganesi. í Rauðuvík hagar allt öðruvísi til. Það eru ekki nema 2—3 hús, sem standa við þá vík. Þar er því ekki nema lítil útgerð, en samt sem áður hefur verið veitt sams konar upphæð til bryggjugerðar þar, og mér skilst, að ekki sé ástæða til að hætta því.

Loks er það XL. till., sem er í tveimur liðum. Sá fyrri er um 20 þús. kr. til vatnsveitu í Glerárþorpi. Er till. flutt eftir ósk þorpsbúa. Ég sé hins vegar, að hv. 4. landsk. hefur flutt brtt. á þskj. 649 um, að veittar verði 50 þús. kr. Að sjálfsögðu fellur okkar till. niður, ef þessi verður samþ., en hún getur að nokkru leyti skoðazt sem varatill. Ég sé því ekki ástæðu til að taka hana aftur nú.

Síðari liður XL. till. er um 5 þús. kr. styrk til gamalmennahælis í Skjaldarvík. Þetta hæli er reist af einstaklingi, Stefáni Jónssyni. Hefur hann rekið það með miklum myndarskap, og eftir því sem mér er sagt, þá er þarna gott að vera og ekki dýrt. Ég hygg, að það sé töluvert meiri eftirsókn eftir að komast þangað en hægt er að fullnægja. Mér virðist allra álit vera, að rétt sé að styrkja gamalmennahælið, og því er till. borin fram.

Pétur Ottesen: Ástæðan til þess, að ég tek til máls við þessa umr., er, að ég vildi gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem við hv. þm. Dal. höfðum um afgreiðslu nál. fjvn. Við komumst þar svo að orði um hækkanir n. á tekjuáætluninni, að með því sé fjárhag ríkissjóðs á næsta ári teflt í tvísýnu. Þetta þykja allstór orð, en því miður eru þau ekki sögð út í bláinn.

Það hefur ætíð verið eitt grundvallaratriði í búskap ríkisins, að áætlanir um tekjur væru svo varlega gerðar, að þær a. m. k. stæðust, en tekjur reyndust að jafnaði hærri en áætlað var. Þetta sýnir fjármálasaga ríkisins fullkomlega, og þess vegna hefur honum ekki illa farnazt. Svo lengi sem ég hef haft kynni af, hefur niðurstaða fjárl. ætíð orðið sú að áætla útgjöld móti öllum tekjum, sem óhætt þótti, að aflast mundu á því ári. Reynslan hefur líka sýnt, að óviðráðanlegt er, að útgjöld fari langt fram úr áætlun, svo að niðurstaðan hefði oft orðið hin hörmulegasta, ef tekjur hefðu eigi farið álíka langt fram úr áætlun til að mæta gjöldunum, og stundum hefur orðið dálítill afgangur. Á fyrstu árum ríkisbúskaparins skapaðist af þeim afgangi Viðlagasjóður. Þessi varlega tekjuáætlun hefur því ávallt verið sá öryggisventill, sem ekki var gott að vera án. Ég skal ekki ganga langt í því að tilfæra einstök dæmi, en vil geta um niðurstöður ársins 1939 og áranna 1942—1944. Árið 1939 var áhrifa stríðsins ekki farið að gæta neitt verulega á tekjur og gjöld ríkisins. Það ár fóru tekjurnar rúmlega 2 millj. kr. fram úr áætlun, en gjöldin 2,6 millj. Þetta dæmi sýnir, að á venjulegum tímum, þegar afbrigðin frá áætlunum eru tiltölulega lítil, mætast nokkurn veginn tekjur þær og gjöld, sem umfram áætlun verða. Auk hinna ófyrirsjáanlegu útgjalda hafa þar oft komið til útgjöld, sem ákveðin voru með sérstökum l. á sama þ. og fjárl. án þess að taka þær fjárhæðir í fjárl., eða ákveðin með þál. eða ýmsum heimildum. Ég ætla ekki að fara út í það í hverju þessar hækkanir voru fólgnar á undanförnum árum, þó að ég hafi gert nokkurt yfirlit yfir það. Nú hleyp ég yfir fyrri stríðsárin, 1940 og 1941, tekjur og gjöld hækkuðu þá geysilega. Árið 1942 fóru tekjurnar meir en 63 millj. kr. fram úr áætlun og gjöldin nálega um 54 millj. Því varð eftir nærri 10 millj. kr. tekjuafgangur það ár. En 1943 fara tekjurnar enn vaxandi, en gjöldin hins vegar ekki eins mikið fram úr áætlun og árið á undan, eða um 27 millj. kr., svo að allmikill tekjuafgangur varð frá því ári. Um árið 1944 hefur verið gert yfirlit tekna og gjalda ríkisins til loka okt. Tekjurnar voru þá komnar upp í 99 millj. rúmar, en útgjöldin upp í 84 millj. eða nær 85 millj. Af þeim voru greiddar utan fjárl. 5289585 kr. eftir heimildarl., 13056124 kr. eftir öðrum sérstökum l., 283143 kr. samkv. þál., og væntanleg fjáraukalög munu nema 1022762 kr.

Nú hefur skrifstofustj. fjmrn. verið að gera áætlun um það, hver muni verða niðurstaða ársins. Og mér skilst af viðtali við hann, þrátt fyrir það, hve tekjur hafa farið geysilangt fram úr áætlun, að svo megi fara, að ekki verði um verulegan tekjuafgang að ræða. Þá sést, hvernig við hefðum verið á vegi staddir, ef tekjuáætlunin hefði verið sprengd verulega upp og gjöld á fjárl. ársins numið líkri upphæð og tekjuáætlunin, eins og ætlið vill verða. Á undanförnum þingum hafa hvað eftir annað verið uppi till. um að hækka tekjuáætlunina verulega. Meiri hl. fjvn. hefur staðið móti þessu, og mikill meiri hl. Alþ. var n. sammála. Ég ætla, að þetta séu allgildar röksemdir fyrir því, hvaða þýðingu það hefur fyrir afkomu ríkissjóðs, að ekki sé slakað á klónni og horfið frá varfærninni.

Hv. frsm. hafði nokkuð hörð orð um fyrirvara okkar hv. þm. Dal. og taldi, að áætlunin gæti orðið fjarstæðukennd, ef okkar vilji réði. Ég ætla ekki að deila á hann, þar sem ég er í fjvn. En hann getur ekki mælt móti því, að varfærni okkar gæti reynzt ríkissjóði nauðsyn.

Í sambandi við tekjuáætlunina skal ég taka fram, að ég geri ráð fyrir, að með þeirri afgreiðslu, sem fyrirhuguð er á fjárl., megi gera ráð fyrir minni umframgreiðslum en verið hafa síðustu árin, svo að færra og smærra verði það nú, sem taka þurfi upp á fjáraukalög fyrir árið 1945 eða sjá fyrir með öðrum hætti. Þrátt fyrir það verður að búast við, að útgjöld á ýmsum lögboðnum liðum geti farið langt fram úr áætlun, enda komast þeir aldrei allir á fjárl. Ég skal nú nefna nokkur slík atriði.

Viðhald vega fór upp í 11 millj. árið 1943, en af því greiddi setuliðið helming. Í ár segir vegamálastjóri mér, að kostnaður af viðhaldi muni verða um 8 millj. kr., og greiðir setuliðið hluta af því á grundvelli samninga, sem um það gilda. Í frv. eru áætlaðar 7 millj. til viðhaldsins, en vegamálastjóri telur, að það muni reynast of lág áætlun, og hefur hann skilað um það skriflegu áliti. Hann gerir ráð fyrir, að þátttaka setuliðsins í kostnaði muni verða sáralítil, e. t. v. 5—600 þús. kr. Enda er það vitað, að ríkisstjórnir bandamanna muni samkv. skuldbindingum hverfa héðan með herafla sinn, jafnskjótt og stríðinu er lokið.

Þá má búast við, að ísl. ríkið þurfi að hafa mikil skipti við erlendar ríkisstj. og standa í samningagerðum. Kostnaður af því er áætlaður einar 60 þús. í frv. Nú liggja fyrir reikningar frá 3 sendinefndum, og eru þeir allháir. Ferðirnar sjálfar eru dýrar og eins uppihald á þeim stöðum, þar sem dvelja þarf í slíkum erindagerðum.

Nú munu meir en 50 n. vera starfandi í þágu ríkisins, og til þeirra sumra er fé ætlað í fjárl., en sá kostnaður mun hljóta að fara fram úr áætlun. Mér er kunnugt, að ein af þessum n., skipulagsn. atvinnumála, er búin að kosta nokkuð á 2. hundrað þús. kr. Ekki er hér talinn kostnaður við þær nýju n., sem Alþ. setur löggjöf um á þessu þingi og ætlað er mjög víðtækt starf og umfangsmikið. Þar er ekki aðeins að ræða um greiðslur til þeirra, sem í n. sitja, heldur ýmsan kostnað af störfum, sem n. láta vinna. Það má vera, að sá kostnaður verði að einhverju leyti yfirfærður á aðra aðila en ríkissjóð og verði hann t. d. að nokkru leyti lagður á þá, sem kaupa skip og framleiðslutæki fyrir atbeina n., og þannig gerður að byrði á framleiðslunni. En það, sem ríkið þarf að greiða af nefndarkostnaði, þótt ekki sé tekið á fjárl., hlýtur að valda miklum umframgreiðslum á næsta ári.

Því hefur verið haldið fram í umr., bæði af hv. frsm. (JJós) og hæstv. fjmrh. (PM), að hin nýja tekjuáætlun væri byggð á útreikningum um afkomu þessa árs, því að með óbreyttum kringumstæðum megi vænta sömu tekna árið 1945. Ég skal ekki nema að nokkru leyti mæla því í gegn. Þannig ætti það að verða, ef við ættum fulltryggt, að engin umskipti gerist á árinu. En allir gera ráð fyrir, að þegar styrjöldinni slítur, muni verðlag mjög breytast og e. t. v. í mjög óhagstæða átt fyrir afurðasölu okkar. Við megum ekki gera fjárl. svo úr garði, að ríkissjóður fái ekki staðizt breyt., sem verða kunna, án þess að grípa til ýmissa óyndisúrræða. (Eyða í handr.) Þeir hafa ekki viljað endurnýja þá samninga og ekki viljað taka að sér framkvæmd á því að kaupa af okkur fiskinn fyrir ákveðið verð. Og auk þess munu þeir ekki sækja fisk á sumar fiskhafnir í landinu, þar sem fiskurinn hefur verið lagður á land. Mér finnst þetta út af fyrir sig vera þess eðlis, að það megi minna láta í því sambandi við fjárlagaáætlun ríkisins fyrir næsta ár. Ég álít, að rétt sé að staldra nokkuð við og athuga, hvaða afleiðingar þetta út af fyrir sig getur haft fyrir afkomu okkar. Nú tekur þetta vitanlega ekki nema til þess fisks, sem aflað er hér af bátum við ströndina, því að bátarnir sjálfir flytja aflann ekki á erlendan markað. Þetta nær ekki til togara, og má því sleppa þeim í þessu sambandi. En þetta er eigi að síður verulegur hluti af framleiðslu okkar.

Nú liggur það fyrir, að þeir, sem sjálfir hafa flutt út fisk frá bátum, hafa ekki fengið lakari útkomu en þeir, sem selt hafa hann matvælaráðuneytinu brezka í skip hér á höfnunum. Ef verðlag héldist óbreytt á enskum markaði og segja mætti, að við hefðum ástæðu til að flytja allan okkar fisk út, væri þessi breyt. út af fyrir sig ekki mjög varhugaverð. En hvernig stöndum við að vígi í þessum efnum? Getum við upp á eigin spýtur flutt út allan okkar bátafisk, ef samningar tækjust ekki um það, að Englendingar sæktu verulegan hluta af honum hingað heim?

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Fiskifélagi Íslands, hefur aflinn á vetrarvertíðarsvæðinu við Suðurland, Hafnarfirði og Faxaflóa verið árið 1943 um 50 þús. tonn. Og þessi afli er fluttur í land á 4 mánuðum. Hvernig er svo aðstaða okkar við að koma þessum afla á eigin spýtur á erlendan markað? Við eigum dálítið af skipum til fiskflutninga. Þau eru öll lítil. Mér er sagt þau flytji til jafnaðar um 100 smál. hvert. Auk þess hafa samningar tekizt við Færeyinga um fiskflutninga. Þeirra skip eru líka lítil, flytja um 100 smál. hvert. Til þess að flytja allan þennan fisk, 50 þús. smál., á erlendan markað með skipum, sem flytja um 100 smál. hvert, mun þurfa um 500 ferðir á þessum 4 mánuðum. Ég sé ekki, að til sé nægur skipakostur til þessara flutninga, jafnvel þótt við notuðum að verulegu leyti skipakost Færeyinga. Þess vegna er þetta verulegt atriði. Ef ekki rætist úr í þessum efnum, getur það valdið mjög miklum truflunum í atvinnulífi okkar. Ég álít, að taka verði tillit til þessa nú, þegar verið er að ganga frá afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár.

Að vísu má segja, að hægt sé að verka fisk á annan hátt sem hæfa útflutningsvöru, t. d. með því að salta hann. En viðkomandi því kemur ýmislegt til greina. Ég veit ekki, hve miklar saltbirgðir eru til í landinu núna. Fiskifél. Íslands var falið að afla upplýsinga um það. Það telur þær nokkrar, en dreifðar um allt land, svo að við Faxaflóa er ekki nema sáralítið til af salti til þess að hlaupa með í skarðið, ef ekki rætist úr. Auk þess er það vitað, að ef salta ætti fiskinn, þá yki það mikið vinnu við hann. En mjög miklar líkur eru til þess, að hið endanlega verð, sem fæst fyrir hann, yrði lægra miðað við það, sem fengist fyrir hann, ef hann væri fluttur nýr á erlendan markað.

Enn hefur ekki tekizt að fá samninga um sölu á frystihúsafiski. Og mér er sagt, að ef um er að ræða að gera samninga um þennan fisk, muni það leiða til nokkurrar verðlækkunar. Verð ég að segja, að þetta er atriði, sem vert er að taka til athugunar nú við afgr. fjárl., sérstaklega varðandi

áætlun tekna á næsta ári. Það er mjög hæpið, að frystihúsaeigendur, sem hafa komið upp frystihúsum á síðari árum, taki mikið af fiski í húsin, ef engin trygging er fyrir, hvað verðið muni verða. Enda geta þeir það ekki, ef verðið hefur lækkað svo mikið, að reksturinn getur ekki borið sig. Svo getur einnig farið, að olían, sem er stór liður í útgerðinni, hækki frá því, sem nú er. Og það hefur sín áhrif á afkomu þeirra manna, sem byggja afkomu sína á sjávarafla. Þetta allt er líklegt til að grípa inn í atvinnulíf okkar, ef ekki *rætist úr*. Þess vegna er ekki eingöngu hægt að miða tekjurnar í ár við það, sem þær hafa reynzt á næstu árum á undan.

Ég talaði áðan um, að aflinn á vertíðinni 1943 hefði verið 50 þús. tonn. Nú er vitað, að hann var meiri 1944, þótt engar skýrslur liggi fyrir um það. Svo framarlega sem ekki verður því meiri veiðarfæraskortur og miðin á Faxaflóa verða ekki lengi friðuð, þá verður aflinn á komandi vertíð enn þá meiri. (GJ: Hve mikið fer af honum í frystihús?) Það fer allmikið í frystihús. En á næstu árum fer það eftir því, hvað verðið verður. Ef verðið er þannig, að enginn þori að láta í frystihús, þá fer ekkert þangað. Verð á erlendum markaði er óráðin gáta, eins og er. Það er í þessu ljósi, sem ég hef brugðið hér upp, sem ég og hv. þm. Dal. ályktum, að tekjuáætlun sú, sem gerð hefur verið af stj., og brtt., sem gerðar voru af fjvn., geti teflt fjárhag ríkisins á næstu árum í tvísýnu.

Ég skal minnast á einstaka liði tekjuáætlunarinnar, sem mestu máli skipta. Þeir eru aðallega þrír, tekju- og eignarskatturinn, verðtollurinn og áfengisverzlunin. Ég vil benda á, að þótt engin breyt. verði til hins lakara, þá er teygjan sannarlega komin úr tekju- og eignarskattinum. Hann var áætlaður 24 millj. kr. í ár. Nú er það vitað, að alltaf verða einhver vanhöld við innheimtuna. Veit ég ekki, hvað það eru venjulega mörg prósent. En ég verð að segja það, að ef tekju- og eignarskatturinn er nú 22½ millj. kr., þá er teygjan vissulega úr honum, þótt ástandið breytist ekki, hvað þá heldur, ef það, sem ég hef rakið, kemur til með að valda okkur auknum erfiðleikum á næstu árum.

Stríðsgróðaskattinn hefur n. hækkað nokkuð. Á s. l. ári reyndist hann 2½ millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir. Hann er nú ekki haldbetri en það. Nú er álitið, að afkoma stærri fyrirtækja sé betri en árið áður. Og það kann að vera um stærri skipin í flotanum. En þá kemur það til athugunar, hve miklar viðgerðir hefur þurft að gera á flotanum. Þær þurfa ekki að hafa verið miklar, svo að það fyrirtæki greiði engan stríðsgróðaskatt. Ég álít, að hækkun á þessum lið sé mjög hæpin, þótt sama ástand héldist.

Um verðtollinn er það að segja, að hann hefur farið yfir það, sem hann var áætlaður á undanförnum árum, upp í 28 millj. kr. Samkv. till. n. er *gert ráð fyrir, að hann geti farið upp í 33 millj.* kr. á þessu ári. Þetta er sá tollur, sem breyttar kringumstæður verka fljótt á til lækkunar. Ef t. d. farmgjöld lækkuðu eða breytt yrði um siglingaleiðir þannig, að vörur yrðu sóttar til annarra landa, þá kemur það fram sem lækkun á tollinum. Hæstv. fjmrh. minntist á það í umr. í gærkvöld, að e. t. v. yrðu þær vörur, sem verðtollur er greiddur af, keyptar á næsta ári í Bretlandi. Og þær mundu frekar verða sóttar þangað en til Ameríku. Ef við miðum við svipað vörumagn og svipað verð, þá leiðir þessi *tilfærsla milli* landa það af sér, að verðtollurinn lækkar. Eftir upplýsingum, sem Eimskipafélagið hefur gefið mér um farmgjöld, þá munu þau vera 100—150% hærri frá Ameríku en Englandi. Þegar það er vitað, að tollurinn er einmitt reiknaður af fragtinni, þá mun þessi breyt. ein út af fyrir sig lækka verðtollinn. Mér virðist, að auk þeirrar óvissu, sem ríkir í atvinnulífi okkar á næsta ári og ef breytingar verða nú líka á innkaupum ýmissa verðtollsvara, þá mundi fara nokkur kúfur af verðtollinum. Ég bendi á þetta að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. (GJ: Þá mundi þetta lækka vísitöluna og útgjöldin). Það kann að vera. En það kemur fram í ákaflega smækkaðri mynd, svo að það kemur ekki til með að vega upp á móti hinu.

N. hækkaði vörumagnstollinn um eina millj. kr., og álít ég, að það geti vel staðizt. Vörumagnsinnflutningur er miklu vissari tekjustofn en verðtollurinn, því að fjárvelta manna á meðal þarf að breytast mikið, án þess að mikið dragi úr eftirsókn eftir glingri og hvers konar vöru.

Þá er eftir einn ákaflega stór liður. Það er hagnaðurinn af áfengissölunni. Það er gert ráð fyrir, að hann geti farið upp í 27 millj. kr. á næsta ári samkv. útreikningi, sem skrifstofustj. í fjmrn. hefur gert, og byggir hann þar á óvenjulegum tekjuafgangi í ár. En hvað segja menn um þetta? Hvað getur það gengið lengi í svona litlu þjóðfélagi, að ríkið afli sér tekna með áfengissölu, sem gefur 27 millj. kr. í hagnað á ári? Hvað álíta menn, að draga megi frá í almennri afkomu og afköstum í landinu í sambandi við það, að landsfólkið fer svo að ráði sínu, að það skaffar ríkinu í áfengisnautn 27 millj. kr. á ári? Og ég vil benda á það, að þegar menn eru komnir út í öfgar á einhverju sviði, eins og hér er um að ræða, þá kemur afturkastið. Það getur komið eins og af sjálfu sér og allt í einu. Þetta er reynsla allra þjóða. Segjum, að á næsta ári verði straumhvörf í þessu landi. Hvaða þýðingu halda menn, að það hefði? Það fer ekki hjá því, að maður álykti, að mjög ógætilegt sé að byggja afkomu ríkissjóðs að mjög verulegu leyti á slíkum tekjum. Og meðan ekki tekst að sjá farborða sölu á flestum afurðum okkar, þá er þessi áætlun mjög óvarleg.

Grundvöllurinn undir því, að hér sé hægt að framleiða fisk til útflutnings, hann byggist á því, að hátt á annan tug millj. kr. er varið úr ríkissjóði *til* að halda niðri verðvísitölunni og kaupgjaldinu í landinu. Það sýnir, hvað við megum við litlum áföllum. Við eigum því að gjalda varhug við öllum breyt. á sviði atvinnulífsins, sem geta snúizt á öndverða sveif við hagsmuni okkar. Þetta mundi horfa allt öðruvísi við, ef aðstaða atvinnulífsins í landinu væri styrkari en hún er.

Ég vil taka það fram, að það, sem ég segi um atvinnuástand okkar, ber ekki að skilja sem ádeilu á nokkurn einstakan mann. Ef hér er um sök að ræða, þá hvílir hún á okkur öllum jafnt. Þetta hefur verið rás viðburðanna, sem ekki hefur verið hægt að sporna við.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir afstöðu okkar hv. þm. Dal., hvers vegna við höfðum þennan fyrirvara.

Um afgreiðslu fjárlaga í fjvn. ætla ég ekki að tala. Mér dettur ekki í hug að fara í því efni inn á svið okkar ágæta frsm. Hann hefur með mikilli röggsemi reifað mál n. og mun halda á málstað hennar með sama hætti.

Ég vil geta þess, að fjvn. hefur starfað að þessum málum í fullri samvinnu við ríkisstj. og það varð samkomulag milli n. og stj. um öll stærstu atriðin, hvort sem það var nú stj., sem átti frumkvæðið að þeim, eða n. Að vísu eru í niðurstöðu n. lækkaðar sumar till. sumra ráðh., en það hefur n. gert í fullu samkomulagi við viðkomandi ráðh. Ég vil beina því til einstakra þm., að jafnframt því, sem þeir beina tilmælum til fjvn., þá gera þeir það líka til ríkisstj. Ég geri ráð fyrir, að það samstarf, sem staðið hefur frá upphafi milli nefndarinnar og ríkisstjórnarinnar, haldist til lokaafgreiðslu fjárlaganna.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um losarabrag á afgr. fjárl. undanfarin tvö ár, vil ég taka það fram, að vel má vera, að það megi til sanns vegar færa. En ég vil benda á það, að í þessi tvö ár, sem hér um ræðir, var ástandið svo hér á Alþ., að fjvn. varð að bera ein hita og þunga af afgr. fjárl., því að þá sat ríkisstj. að völdum, sem tókst ekki að hafa það samstarf við Alþ., að það gæti leitt til sameiginl. afgr. fjárl. Og ég verð að segja það til hróss þeirri afgr. fjvn. og Alþ., að tekjurnar voru þá ekki einungis það varlega áætlaðar, að þær gætu mætt tugmilljónagreiðslum utan fjárl., heldur sköpuðu þær ríkissjóði tekjuafgang þar að auki. Við afgr. fjárl. fyrir næsta ár er þetta ástand breytt. Nú situr ríkisstj., sem hefur sterkan þingmeirihl. á bak við sig, og eitt aðalhlutverk hennar er eðlilega það að hafa forystu um afgreiðslu fjárl. Þess vegna er aðstaða fjvn. nú allt önnur en undanfarin tvö ár, þó að það sé að sjálfsögðu skylda fjvn. að veita ríkisstj. allan stuðning við fjárlagaafgreiðsluna, sem hún getur beztan í té látið. Og eins og getið er um í nál., þá hefur farið vel á með ríkisstj. og fjvn. á þeim tímum, sem ríkisstj. og fjvn. hafa starfað saman að undirbúningi þessara fjárl. —Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. Ég vil aðeins geta um það í sambandi við það, sem rætt hefur verið hér um dýrtíðarráðstafanir, að bréf liggur fyrir hjá fjvn. frá fyrrv. atvmrh., þar sem hann sendir n. óskir frá SÍS og Garðari Gíslasyni um, að tveggja ára ull verði seld sem fyrst. En þetta munu vera einu ullarútflytjendur í landinu. Þetta bréf kom, skömmu áður en stjórnarskiptin urðu. Hefur n. skýrt fjmrh. frá þessu og mun ræða nánar við hann um, hvernig við þessum óskum verði snúizt. Það hefur í för með sér, eftir því sem fyrir liggur, allmikil útgjöld fyrir ríkissjóð, ef sala fer fram að óbreyttu verði frá því, sem það var, er síðast fréttist, en það er nú nokkuð langt síðan.

Að öðru leyti blanda ég mér ekki inn í þessar umr., og sem sagt þá var mitt eina erindi til þess að taka hér til máls að gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég og hv. þm. Dal. stóðum að. Þykist ég hafa fært nokkur rök fyrir aðstöðu okkar og þeirri niðurstöðu, sem við höfum komizt að. Um önnur atriði hefur okkur ekki þótt nein ástæða til þess að bera fram fyrirvara. Eins og venja er og getið er um í nál., þá teljast það till., fjvn., sem meiri hl. stendur að, en eins og gerist og gengur, þá er nokkur skoðanamunur um nokkrar till. í n., en það eru engin afbrigði frá því, sem venjulega gerist.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Ég hef nú að eðlilegum hætti ekki haft mikil kynni af starfsemi hv. fjvn. á þessu þ., og verð ég að segja, að ég varð nokkuð undrandi, þegar ég sá þær brtt., sem hv. n. flutti við þessar umr. Þær ræður, sem fluttar hafa verið af hálfu nm. og sérstaklega nú í dag virðast mér að sumu leyti vera í nokkru ósamræmi við till. n. á ýmsan hátt, en út í það efni mun ég ekki fara. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. geri því skil.

Ég skal þá snúa mér að þeim atriðum, sem sérstaklega snerta þau mál, er varða þær fáu brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram nú við þessa umr. Það hefur gengið svo á undanförnum þ. og gengið svo, jafnvel síðan ég kom á þ., að það eru nokkur atriði fjárl., sem sérstaklega snerta hin einstöku héruð. Eru það einkum hinar verklegu framkvæmdir, vegir, brýr, hafnir, lendingarbætur o. s. frv. Á undanförnum árum hefur það verið regla hjá hv. fjvn. að leita eftir óskum og till. þm. um það, sem snertir héruð þeirra. Frá þessari reglu hefur hv. n. að þessu sinni vikið eða a. m. k. hef ég ekki orðið annars var. Um verklegu framkvæmdirnar er sérstök ástæða til þess að tala nú, og skal ég snúa máli mínu að vegamálunum.

Samkv. till. fjvn. er nú áætlað að veita til lagningar nýrra þjóðvega 5.2 millj. kr. Þar að auki eru áætlaðar 500 þús. kr. til Krýsuvíkurvegar, að því er mér skildist af ræðu hv. frsm. í gær. Till. um það var samþ. á síðasta þ., þó með þeim fyrirvara, að skylt væri að taka þá upphæð inn á fjárlfrv. næst. Þetta hefur nú ekki verið gert, en samkv. því er vegafé eftir till. fjvn. 6.7 millj. kr., og er þá reiknað með 700 þús. kr. samkv. benzínskattsákvæðunum. Nú er áætlað á fjárlfrv. þar fyrir utan viðhaldsfé til vega 7 millj. kr. og til sýsluvega ½ millj. kr. Það er út af fyrir sig gott og æskilegt, að hægt sé að vinna sem allra mest að samgöngubótum, því að þörfin virðist næstum ótæmandi, en ég verð að segja, að ég kvíði því nokkuð, þegar ég horfi á þessar háu tölur, að svo kunni að fara sem bólað hefur nokkuð á á yfirstandandi tímum, að útilokað verði fyrir bændur landsins að fá nokkurn vinnukraft til framleiðslustarfa, þegar ríkið tekur svona mikinn vinnukraft í sína þjónustu. Ég vænti þess, að hv. fjmrh., sem einnig er landbrh., taki þessa hlið málsins einnig til athugunar, þegar til framkvæmdanna kemur.

Þó þykir mér taka steininn úr, þegar ég lít yfir skiptingu þessa vegafjár milli einstakra héraða. Það hefur verið á það minnzt, bæði af hv. frsm. og hv. síðasta ræðumanni, sem er form. fjvn., að það hafi að vissu leyti verið nokkuð losaraleg afgreiðsla á fjárl. á síðustu tveim þingum, og er það alveg rétt. Þetta hefur orsakað það, að þeir menn og þau héruð, sem hafa verið frekust í fjárkröfum, hafa komizt ótrúlega langt í þeim efnum. Við hinir, sem höfum ekki tekið mikinn þátt í þeim leik, höfum eðlilega dregizt nokkuð aftur úr í þeim efnum, og nú eru till., sem hv. n. gerir, þannig, að við, sem styzt höfum gengið á þessu sviði, eigum að gjalda þess, ekki einungis þannig, að það sé bundið við sömu upphæðir, heldur breytt þannig, að misræmið er stórlega

aukið frá því, sem var í fyrra. Til marks um það, hvernig þessu er varið, skal ég geta þess, að af þessum 6.7 millj. kr. er 1.2% ætlað til nýlagningar vega í héraði mínu. Nú er það öllum kunnugt, að sýslurnar í landinu eru 21 talsins, og ég skal, ef því verður mótmælt, færa nokkurn veginn rök að því með skýrum tölum, hvert misræmið er milli einstakra kjördæma í þessum till. hv. fjvn. Ég skal ekki fara um þessa hlið málsins miklu fleiri orðum, en ég hef leyft mér að bera fram 2 brtt. vegna héraðs míns til hækkunar á vegaframlagi, þótt vitanlega sé þar ekki farið fram á neitt hliðstætt við þau héruð, sem mestu fé er mokað í, enda hef ég bundið mig við ákveðin og afmörkuð verk, sem nauðsyn er að vinna.

Fyrri till., sem ég ber fram og er á þskj. 626, er um það, að framlag til Skagastrandarvegar hækki úr 70 þús. kr. í 120 þús. kr. Þannig stendur á, að verið er að leggja alllangan vegarspotta fjarri þeim melagötum, sem farnar hafa verið á þessu svæði, en vegurinn liggur beinna. Þessu verki er komið svo langt, að eftir er aðeins að leggja rúmlega 2 km af vegi þessum, svo hann verði að gagni, en auk þess er eftir nokkur malarburður í þann hluta vegarins, sem lagður var á s. l. sumri. Vegamálastjóri áætlar, að til þess að ljúka þessu verki þurfi 120 þús. kr., og við það eru till. mínar einskorðaðar.

Þá legg ég til, að nokkurt fé verði veitt til Kálfshamarsvíkurvegar, sem er milli Skagastrandarkauptúns og Kálfshamarsvíkur. Er skammt síðan vegur þessi var tekinn í þjóðvegatölu, var sýsluvegur áður. Var þá búið að leggja talsvert langa brautarkafla, bæði frá Kálfshamarsvík og einnig á svæðinu milli Hofs á Skagaströnd og Fossár. Þar stendur þannig á, að eftir er að leggja um 1 km til þess að tengja saman þessa vegi og til þess að þessi vegarkafli komi að gagni, verður að leggja þennan eina km. Kostnaðurinn er áætlaður 45 þús. kr. Við þessa áætlun vegamálastjóra er brtt. mín miðuð, og ég fullyrði, að þótt báðar þessar brtt. yrðu samþ., þá mundi þó vera tiltölulega lágt framlag til vega í mitt hérað miðað við tillög til annarra héraða samkv. till. hv. fjvn.

Um þetta efni skal ég ekki fara fleiri orðum, en það eru tvær aðrar brtt., sem ég hef leyft mér að flytja. Önnur er á þessu sama þskj. (626), og er með henni farið fram á, að framlag til Skagastrandar hækki úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Þarna stendur svo á, að áformað er, að á næstu árum verði samkv. l., sem nú er verið að samþ. hér á þ., gerðar meiri framkvæmdir en samsvara þessum till., sem ég hef lagt hér fyrir. Skal ég ekki halda neina ræðu um nauðsyn þessa máls né hve brýna þörf beri til þess, að það nái fram að ganga.

Loks er svo sú till., sem ég ber fram um 2 þús. kr. framlag til sýslubókasafnsins á Blönduósi. Það er nú svo um þessi sýslubókasöfn, að það er dálítið öfugt, að því er mér finnst, að lagðar séu fram talsverðar upphæðir til einstakra lestrarfélaga, sem út af fyrir sig er gott og blessað, en sýslubókasöfnin séu afskipt að meira eða minna leyti. Það er ekki nema ákaflega óveruleg upphæð, sem til þeirra hefur verið veitt, en þó eru undantekningar þar frá, og með tilliti til þeirra legg ég til, að veittar verði 2 þús. kr. til sýslubókasafnsins á Blönduósi. Ég læt þetta svo nægja til meðmæla þeim brtt., sem ég hef flutt, og mun ekki blanda mér að öðru leyti í þær umr., sem hér hafa farið fram um afgreiðslu fjárl., enda þótt sumar þeirra hafi verið þannig vaxnar, að þær gætu gefið tilefni til margvíslegra almennra athugasemda.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Í þeim brtt., sem hér liggja fyrir við stjfrv., á ég aðeins fáeinar, er fara fram á aukin útgjöld, og mun ég nú gera lítils háttar grein fyrir þeim. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða almennt það frv., sem hér liggur fyrir, en mér virðist, að eftir þeim upphæðum og útgjöldum, sem þar eru áætluð, þá skipti ekki svo miklu máli, þótt þeim till., sem ég flyt, sé bætt við.

Vil ég fyrst minnast á brtt. mína á þskj. 612, XXI, en í henni er farið fram á fjárframlag til brúar á Djúpá í Fljótshverfi, að upphæð 185 þús. kr. Ég hef tvisvar áður hér á Alþ. flutt sams konar till. og farið fram á það við fjvn., að hún veitti fé til þessarar brúargerðar. Á þessi er mikið vatnsfall og mjög erfið yfirferðar og þess vegna hinn mesti farartálmi á aðalsamgönguleiðinni austanvert í Fljótshverfi og í Vestur-Skaftafellssýslu. Brú yfir Djúpá þyrfti ekki að vera mjög stór, og hefur vegamálastjóri gert teikningu af steinbrú yfir ána, en samkv. kostnaðaráætlun hans hef ég tekið upp áðurgreindar 185 þús. kr. Þetta er að vísu nokkuð há upphæð, en þegar tekið er tillit til þess, hversu framkvæmdir allar eru dýrar, bæði hvað vinnu og efni snertir, er þessi upphæð ekki eins gífurleg og hún kann í fljótu bragði að virðast, og enn fremur, þegar tekið er tillit til hinnar miklu þarfar, að brú þessi komi sem fyrst. Ef Djúpá verður brúuð, opnast þarna leið fyrir bifreiðar alla leið austur á Skeiðarársand, en eins og nú standa sakir, — þar sem áin er aldrei fær bifreiðum og oft algerlega ófær vegna vaxta í ánni, — eru þeir menn, sem búa í austanverðu Fljótshverfi, austan Djúpár, mjög einangraðir. Það er því hin mesta nauðsyn fyrir þessa menn og ekki síður fyrir allan almenning í landinu, að opnuð sé leið fyrir bifreiðar eins langt og unnt er austur á bóginn. Það eru að vísu ekki áætluð mikil fjárframlög í fjárl. til brúargerða að þessu sinni, en ég held, að brú yfir Djúpá eigi a. m. k. eins mikinn rétt á sér og þær brýr, sem fjvn. hefur tekið upp í till. sínar og liggja margar hverjar ekki eins í þjóðvegi og sú, er hér um ræðir. Vildi ég því mega vænta þess, að vegna hinnar brýnu nauðsynjar, bæði fyrir íbúa á þessum slóðum og alla, sem ferðast um þjóðvegina, — að Alþ. heimili fjárveitingu á fjárl. til brúarsmíði á Djúpá og samþ. till. mína. Brúarsmíði þessi hefur dregizt svo lengi, þótt undirbúningi sé lokið fyrir löngu, að mér virðist ekki vera verjandi að tefja framkvæmd þessa máls lengur, þar sem um jafnstórt vatnsfall er að ræða og þar að auki í þjóðbraut.

Þá hef ég flutt brtt. á þskj. 646, I við brtt. á þskj. 626, I, 23, sem flutt er af hv. 2. þm. N.-M. (PZ) og hv. þm. Barð. (GJ), um læknisvitjanastyrk. Ég tel æskilegt, að læknisvitjanastyrkir verði aftur settir inn í fjárl., og ef horfið verður að ráði flm., tel ég fullkomlega réttmætt, að þeir hreppar í Skaftafellssýslum, sem áður höfðu þennan styrk, verði þar upp teknir. Hygg ég, að ekki sé neinn ágreiningur um þetta, ef læknisvitjana-

styrkur verður ákveðinn í fjárl. eins og áður var, þar sem vitað er, að allir þeir hreppar, er hér um ræðir, eiga mjög erfiða læknissókn, og eru læknisvitjanir þar mjög kostnaðarsamar í hvert skipti. Að vísu er hér farið fram á lága upphæð, en mér er kunnugt um, að þessi styrkur kom að miklu liði, meðan hann var áður veittur. Hins vegar get ég orðið við tilmælum hv. 1. þm. Rang. um að taka þessa till. til baka til 3. umr., til þess að fjvn. geti tekið hana til athugunar, að því tilskildu, að flm. á þskj. 626 fallist á að taka brtt. sínar aftur til 3. umr. Teldi ég ekki nema eðlilegt, að málið yrði athugað nokkru betur, áður en það er ákveðið af n., þar sem hún hefur ekki fengizt við þessi mál nú.

Loks á ég brtt. á þskj. 612, XXXI, sem er námsstyrkur til Óskars Sveinssonar til fullnaðarnáms í garðyrkju við landbúnaðarháskólann í Ási í Noregi, að upphæð 3000 kr., en til vara 2500 kr. — Óskar Sveinsson fór utan vorið 1939, eftir eins vetrar nám á Hvanneyri, en hefur síðan stundað nám í Noregi. Óskar er maður efnalaus og foreldrar hans sömuleiðis, en hefur fengið nokkurn styrk úr Snorrasjóði og frá Búnaðarfélagi Íslands tvö síðastliðin ár, 2000 kr. frá hvoru. Árið 1941 var sótt um styrk fyrir hann til Menntamálaráðs, og hefur það verið ítrekað síðan, en Menntamálaráð hefur hins vegar ekki getað talið sig hafa afskipti af námsmönnum í Noregi, síðan hann var hertekinn. Er því ekki um aðra leið að ræða en leita á náðir hv. Alþ. til þess að styrkja þennan efnilega mann, sem stundar nám undir mjög erfiðum kringumstæðum. Fyrsta árið, sem Óskar dvaldist í Noregi, lauk hann prófi í garðrækt, en stundar nú fullnaðarnám í garðyrkju við landbúnaðarháskólann í Ási og bjóst við að vera þar tvö ár í viðbót, er síðast fréttist af honum, en það var samkv. bréfi, sem Vilhjálmur Finsen sendi utanrrn. hér í gegnum sendiráðið í Stokkhólmi haustið 1943. Í þessu bréfi var farið fram á, að þessum manni yrði veitt 1500 kr. lán, og voru gerðar ráðstafanir til þess, að það yrði hægt. Í þessu sama bréfi gat Vilhjálmur Finsen þess einnig, að Óskar væri mjög námssamur, og lét í ljós, að hann vonaði, að honum mætti auðnast að ljúka námi sínu. — Eins og kunnugt er hefur verið mjög erfitt að hafa samband við námsmenn í Noregi vegna styrjaldarinnar, og hefur verið mjög erfitt að veita þeim hjálp. Eina leiðin til þess hefur verið með aðstoð sendiráðsins í Stokkhólmi, en annars hafa þeir orðið að bjarga sér upp á eigin spýtur. Það er öllum kunnugt, að við höfum mikla þörf fyrir þá sérþekkingu, sem Óskar er að afla sér, og tel ég því mjög eðlilegt, að þessum manni, er stundar nám undir svo erfiðum kringumstæðum, sé veittur þessi styrkur til þess að komast yfir síðasta hjallann og létta undir með honum.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. mínar nánar og vænti þess, að hv. þm. líti á þær með skilningi, þar sem ekki er um svo veigamiklar upphæðir að ræða, að þær skipti nokkru máli samanborið við þær miklu upphæðir, sem áætlaðar eru á fjárl. nú.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég flyt hér nokkrar brtt. við stjfrv., sem ég vildi gera grein fyrir með nokkrum orðum.

Á þskj. 612, XXVII og XXX, eru þrjár till. viðvíkjandi hafnarbótum og lendingarbótum. Farið er fram á 30 þús. kr. fjárveitingu til Ólafsvíkurhafnar, og er tilgangurinn sá að dýpka höfnina þar, en það hefur lengi staðið til. — Í öðru lagi er farið fram á 30 þús. kr. fyrir Arnarstapa, og er tilætlunin að nota féð til þess að leggja veg niður að höfninni þar, en svo er ástatt um höfnina, að hún hefur komið að litlu liði, vegna þess að ekki er hægt að aka bifreiðum niður að henni. — Þessi tvö ofangreind mál hafa verið undirbúin af vitamálastjóra, og hef ég því ekki ástæðu til að halda annað en þessar fjárveitingar verði upp teknar í fjárl., enda er hér um mikið nauðsynjamál að ræða. Áleit vitamálastjóri, að framkvæmdir gætu hafizt á vori komanda. Ég skal geta þess, að kostnaður við þessar framkvæmdir er gegn helmings framlagi úr hreppssjóði.

Þá fer ég og fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til lendingarbóta á Hellnum. Þaðan róa nokkrir bátar, og er tilætlunin að sprengja grjót og hlaða garð út í sker, sem er þar rétt fyrir utan. — Á sama þskj., XXXI, 2, á ég og brtt., er fer fram á 15 þús. kr. til byggingar Hellnakirkju. Á síðasta þingi flutti ég sams konar till., en þá voru ekki samþ. fjárveitingar nema til þriggja kirkna, en hinar allar felldar og þ. á m. mín till. Mér kom því ekki til hugar, að fjvn. mundi fallast á byggingarstyrki til kirkna, sem hún hefur verið á móti hingað til, og sendi því fjvn. ekki till. í þessa átt. En þar sem n. flytur nú sjálf till. um byggingarstyrki til sex kirkna og þar með um nokkrar, sem voru felldar í fyrra, þá þykir mér sjálfsagt, að vænta megi, að hún taki upp till. mína um fjárveitingu í þessu skyni.

Næsta till. mín er viðvíkjandi amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Amtsbókasafnið er í gömlu húsi, og hefur mikið verið um það rætt að byggja hús að nýju, og er kostnaður við það áætlaður um 70 þús. kr. Alls munu vera til um 30 þús. kr. til þessa eða tæplega helmingur kostnaðarins. Það hefur verið farið fram á það við mig að flytja till. um 35 þús. kr. styrk, en ég fer fram á það sama og ætlað er til bókasafnsins á Ísafirði.

Þá er það um styrk til skrúðgarðs kvenfélagsins Hringsins í Stykkishólmi, og flyt ég þá till. samkv. beiðni kvenfélagsins. Segir svo í bréfi frá kvenfélaginu Hringnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Kvenfélagið Hringurinn hefur um nokkurra ára skeið unnið að því að koma upp skrúðgarði í Stykkishólmi, þar sem ræktaðar væru trjáplöntur, runnar, blómplöntur og nokkrar nytjajurtir....“ Og enn fremur segir þar: „Á síðastliðnum vetri hefur verið gengið frá skipulagsuppdrætti fyrir Stykkishólmskauptún. Er þar gert ráð fyrir, að garður félagsins verði stækkaður allmikið. Mundi hann þá verða hin mesta prýði fyrir kauptúnið.“ —

Loks er á sama þskj. till. um Magnús Friðriksson hreppstjóra og konu hans. Árið 1921 létu þau Staðarfell af hendi við ríkið og hafa haft árlega 3000 kr. lífeyri, en í fyrra var þetta fært niður í 2400 kr. Hér er því einungis um lagfæringu að ræða, en ekki hækkun.

Á þskj. 649 eru tvær brtt. Önnur er um það að verja allt að 50 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands. Nú er svo um þessa fjárveitingu, að vegamálastjóri taldi ekki ráðlegt

að nota hana alla í einu, fyrr en reynt væri, hvort ekki væri hægt að fá hentugri bifreið, sem hægt væri að nota fyrir Ólafsvíkurenni. Hin till. er þess efnis að verja allt að 20 þús. kr. til kaupa á hentugri bifreið til þess að halda uppi samgöngum undir Ólafsvíkurenni á Snæfellsnesi. Ég hef skýrt frá því áður hér á þingi, hversu erfitt er að leggja veg þarna sökum vatnsaga, og hef því lagt til, að fenginn yrði hentugur bíll til þess að halda uppi samgöngum, þótt það væri ekki fullnægjandi. — Fleiri till. flyt ég eigi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég á hér nokkrar brtt., en áður en ég sný mér að þeim, vildi ég beina örfáum orðum til fjvn. út af viðhaldi veganna.

Viðhaldi veganna úti um land var mjög áfátt í sumar, þótt gott sumar væri, og var borið við, að of lítið fé hefði verið áætlað til þess. En það er ekki forsvaranlegt, að þeir vegir, sem til eru, séu ófærir lengri eða skemmri tíma, og ætti því fjvn. að athuga þetta. — Alþ. verður að hafa áætlunina til þessa svo ríflega, að umferð stöðvist eigi.

Á þskj. 612 á ég brtt. um að hækka fjárveitingu til póstflutninga. Á þessu þ. var borin fram till. um að láta koma til framkvæmda till. frá mþn. í póstmálum. Ég sé, að fjvn. hefur tekið þetta til greina, og nemur hækkun hennar 200 þús. kr. Ég þykist sjá, að fjvn. vilji koma þessu í áttina, en hún er bara allt of smástíg. Við lögðum til, að þessi liður yrði hækkaður um 500 þús. kr., en til vara 300 þús. kr., og er það þó of lítið. Hér er um hagsmuni allra landsmanna að ræða, og undirbúningur á smíðum póstkassa ætti þegar að vera hafinn.

Enn á ég eina brtt. á sama þskj. Vildi ég láta bæta við orðinu „áætlað" við hin um brúasjóð. Ég hef spurt um þetta undanfarin ár, hvað væri í brúasjóði, en eigi fengið rétt svar fyrr en nú. Það má segja, að þetta skipti ekki miklu máli, því að væntanlega verða alltaf einhverjir á þingi, sem sjá um, að sjóðurinn verði ekki snuðaður.

Þá á ég líka þrjár aðrar till. á sama þskj., og vil ég minnast á tvær þeirra, en um þá þriðju verður talað af öðrum. Önnur þeirra er um það að verja allt að 50 þús. kr. til þess að fá lækna í þau héruð, sem læknislaus eru. Það var tilgangurinn með sams konar till., sem tekin var í fjárl. í fyrra, að láta læknana fá launauppbót, en féð var ekki notað. — Hin till. var líka tekin upp í fyrra, um að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra héraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust. Vona ég, að till. þessar verði samþ.

Þá vil ég einnig mæla með till. um brú á Hofsá í Svarfaðardal, því að eigi er meiri þörf á annarri brú en þessari, og hvað sem öðrum brúm líður, þá verður skilyrðislaust að bæta þessari brú við.

Þá á ég brtt. á þskj. 626, um læknisvitjanastyrk handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn. Ég sá ekki betur en þetta hefði alveg fallið niður, en það átti víst að vera falið inni í liðnum til læknisvitjanasjóða. En ég lít svo á, að ekki ætti að hafa ósundurgreindar upphæðir á fjárl., sem eigi er greint, hvernig á að verja, eins og t. d. með styrki til barnaskóla í sveitum, og fleira mætti telja, sem sjálfsagt er, að sé sundurgreint á fjárl. Ef till. verður tekin aftur til 3. umr., vona ég, að hv. fjvn. taki upp þá hreppa, sem ég hef tekið hér upp og eiga mjög langt að sækja lækni.

Næsta brtt. á þskj. 626, er II. við 12. gr., XII, nýr rómverskur liður. Sá liður hefur alltaf verið innifalinn í læknavitjanastyrknum og er til þess, að hægt sé að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann. Þetta hefur verið svo undanfarið, og er engin ástæða til að láta það falla niður. Leyfi ég mér því að taka liðinn upp og vænti, að enginn sé á móti því að samþ. hann.

Ég er enn með till. á sama þskj. Hún er um, að veittur sé styrkur í Borgarfjörð eystra til að hafa þar lærða hjúkrunarkonu, meðan þar er ekki læknir. Ég hef verið svo hæverskur að ætlast ekki til, að þessi styrkur haldist, ef læknir fengist, en það getur verið, að þessi hæverska sé um of, þar sem hv. þm. N.-Ísf. á hér till., sem fer fram á, að lærð hjúkrunarkona verði fengin í þorp af svipaðri stærð og í Borgarfirði er og líka hefur lækni. En ég hef samt ekki ætlazt til, að fjárveitingin héldist, nema læknir sé ekki í héraðinu. Það hafa verið þrír svona styrkir á fjárl. áður til héraða, sem enginn læknir fæst í. Fjórði staðurinn er Bolungavík, en þar er læknir, og hefur þessi till. mín því meiri rétt á sér en till. um að launa hjúkrunarkonu þar.

Þá er brtt. á þskj. 646, VII, við 13. gr. A IX. Þar eru ætlaðar til ferjuhalds 11 þús. kr., en hjá mér 8900 kr. Nú er komin brú yfir Eldvatnið, og er ekki ástæða til að ferja undir brúnni. Allur fjöldinn mun heldur ganga yfir brúna í stað þess að nota ferjuna. Ég geri þá till., að þar, sem margir ferjustaðir eru við hverja á, ákveði hreppsnefnd, hvernig fénu sé skipt. Svo er t. d. um Jökulsá á Dal. Þar munu vera sex ferjustaðir. — Ég gat ekki annað en lagt til, að kláfferjurnar væru styrktar líka. En af því að mér er ekki kunnugt um, hve mikil umferð er á hverjum stað, hef ég lagt til, að hreppsnefnd ákveði skiptingu fjárins.

Þá legg ég til, að styrkur til ferjuhalds á Lagarfljóti verði hækkaður og sýslun. ákveði skiptingu hans. Frá Lagarfljótsbrú til ósa eru um 60—80 km, og eru þar þrjár ferjur. — Styrkur til ferjanna við Auðsholt og Iðu í Árnessýslu frá árunum 1943 og 1944 hefur ekki verið hafinn. Við Iðu er líklega ein fjölfarnasta ferjuleiðin. Því hefur verið bætt við, að þar sem þessar ferjur eru á sýslueða hreppsvegum, komi fé á móti styrk ríkissjóðs, og skal ferjutollur ákveðinn af sýslun. og samþ. af vegamálastjóra. Vil ég vænta þess, að þar sem ég hef lækkað liðinn í heild, en fjölgað ferjustöðum, hafi enginn við till. mínar neitt að athuga, og vil ég biðja hv. fjvn. að taka þær vel til athugunar.

Þá vil ég benda á, að nauðsynlegt er að áætla nægilegt fé í fjárl. til vegaviðgerða, svo að ekki sé hægt að segja, að ekki sé unnt að gera við vegina, ef þeir verða ófærir, af því að fjárlagaheimild sé ekki til.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla að minnast á þær fáu brtt., sem ég flyt hér, ýmist

einn eða sem meðflm. Er þá fyrst sú, er ég tel þýðingarmesta, en hún er á þskj. 646 og er við 22. gr. fjárl., það er heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa strandferðaskip af líkri gerð og Esja. Það munu flestir líta svo á, að heppilegt væri, að ríkið kæmi sér upp tveimur góðum og hraðskreiðum skipum til strandferða. Með því móti gætu strandferðir orðið tíðar og til mikilla bóta frá því, sem nú er, og gæti annað þeirra þá gengið frá Reykjavík austur um land og til baka, en samgöngubætur við Austurland eru mjög aðkallandi, eins og kunnugt er. Þótt eigi hafi verið tök á því að undanförnu að útvega skip í þessu skyni, gætu ástæður breytzt bráðlega svo, að það væri unnt fyrir ríkisstj. að kaupa slíkt skip, ef hún hefði heimild til þess frá Alþ. Margir munu því álíta, að heppilegt væri að setja slíka heimild fyrir ríkisstj. inn á fjárl., til þess að hún gæti útvegað slíkt skip, ef tækifæri byðist. — Það er tekið fram í till., að þetta skip skuli vera af líkri stærð og Esjan. Þetta ákvæði er sett með vilja. Nú situr á rökstólum n., sem hefur með höndum athugun á strandferðum, og er þess vænzt, að ríkisstj. ráðfæri sig við þá n., áður en ráðizt er í framkvæmdir í þessu efni. Það er þó ekki nauðsynlegt að binda sig við sérstaka stærð, þótt þetta sé tekið fram í till. En það er nauðsynlegt að hafa slíka heimild standandi í fjárl., ef heppilegt tækifæri býðst. Benda má á, að Esja var keypt samkv. sams konar heimild.

Næsta brtt. er á þskj. 612 og er líka við 22. gr. Flyt ég hana ásamt hv. 1. þm. S.-M. og hv. 2. þm. N.-M. Þessi till. fjallar um að kaupa af eigendum Egilsstaða á Völlum land undir væntanlegt sveitarþorp. Við álítum, að ekki megi draga lengur að hugsa fyrir landi undir þorpið. Nú eru Egilsstaðir í einstaklingseign. Hugsazt gæti, að viðkomandi hreppur gæti eignazt land þetta, en hreppurinn, sem er Vallahreppur, er ekki sterkur fjárhagslega. Við teljum því heppilegra að athuga, hvort ekki væri hægt að komast að hagkvæmum kaupum, og grípa ekki til eignarnáms, fyrr en séð er, að heppileg kaup náist ekki.

Enn er brtt. á sama þskj. (612 X) um hækkun á fjárframlagi til Stöðvarfjarðar- og Berunesvegar. Þetta er smáupphæð. Hækkunin, sem við förum fram á, er 15 þús. kr. til Stöðvarfjarðarvegar og 10 þús. kr. til Berunesvegar. Ég skal taka það fram, að Stöðvarfjarðarveg á að tengja við Fáskrúðsfjarðarveg, og þegar Fáskrúðsfjarðarvegi er lokið, hefur Stöðvarfjörður fengið samband við Norðurlandsveginn. Um Berunesveginn er það að segja, að hann er kominn að Berunesi, og er ætlunin að halda áfram með hann inn byggðina, en lítið er hægt að hreyfa sig fyrir 10 þús. kr. Hins vegar er það hið mesta nauðsynjamál fyrir byggðina, að vegur verði lagður um hana.

Þá er brtt. á sama þskj., XVIII, við 13. gr. A, III 2. Það er lítið fé ætlað til brúagerða, og af því tekur Ölfusárbrúin eina millj. og aðar brýr ½ millj. kr. Ég held, að varla sé hægt að komast af með eins lága upphæð og áætlað er, og höfum við hv. 1. þm. S.-M. leyft okkur að taka Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal hér upp. — Múlaá kemur úr Skriðdal, en Geitdalsá úr Geitdal, sem skerst út úr Skriðdalnum, svo að í rauninni er um sömu ána að ræða. En heppilegra er að hafa brýrnar tvær. Bæði er það hið mesta hagræði fyrir byggðina, og þegar utar kemur og þær hafa sameinazt, verður brúarstæðið breiðara. Þessar ár kljúfa byggðina og torvelda mjög aðflutninga, ekki sízt bílflutninga til býlanna handan þeirra. — Þriðja áin, sem við höfum tekið upp, er Hofsá í Álftafirði. Hún er hið mesta forað. Við förum fram á 100 þús. kr. til brúargerðar yfir þá á, og sé það fyrsta greiðsla. Hofsá klýfur byggðina og er ill yfirferðar. Bílvegurinn endar við ána, og er hún varla nokkurn tíma bílfær. Þegar brú er komin á Hofsá í Álftafirði og Jökulsá í Lóni, verður bílfært að Höfn í Hornafirði. Væri því mikil samgöngubót að því, að þetta kæmist í framkvæmd.

Þá flytjum við hv. 1. þm. S.-M. brtt. við 13. gr. A, VII 1, og er það XXIII. brtt. á þskj. 612. Við leggjum til, að liðurinn orðist svo: Tillag til akfærra sýsluvega kr. 135000,00, þar af til vegar í Breiðdalsvík kr. 15000.00.

Í Breiðdalsvík á að fara að leggja í bryggjugerð, sem Alþ. ætlar að stuðla að. Bryggjan verður nokkuð frá verzlunarstaðnum, og getur vegurinn frá bryggjunni að verzlunarstaðnum ekki talizt til þjóðvega. Vegamálastjóri taldi eðlilegast, að þetta yrði sýsluvegur og sýslan kostaði hann að hálfu. Hins vegar er það ekki stór hreppur, sem hlut á að máli, og yrði erfitt fyrir hann að standa undir þessum kostnaði. Ég vil mjög eindregið fara fram á það við hv. fjvn., að hún mæli með þessari till.

Á þskj. 626, V eru nokkrar till., sem ég flyt fyrir hönd hv. þm. N.-Þ. (GG), sem er forfallaður, eins og allir hv. þm. vita. Þær eru allar smáar, en mundu vel þegnar samt sem áður, ef þær næðu fram að ganga.

Er þar fyrst Víknavegur: a) Í Svalbarðshreppi kr. 10000,00; b) Í Presthólahreppi kr. 10000,00. Gert er ráð fyrir því, að þessi vegur liggi frá Þórshöfn til Raufarhafnar til þess að tengja saman þessa staði og sveitir á milli. Þessi vegur liggur illa fyrir botni Þistilfjarðar. Til hans hefur ekki verið veitt fé fram að þessu, en það er mjög aðkallandi, að byrjað verði á þessari vegagerð. Með þessu vegakerfi mundu fleiri bæir komast í samband, annars vegar við Raufarhöfn og hins vegar við Þórshöfn. Það er svo smátt skorið í þessu sambandi, að ég ber eiginlega kinnroða fyrir það samanborið við aðrar till., sem hér liggja fyrir. Það er stungið hér upp á, að byrjað verði með 10 þús. kr. handa hvorum þeirra um sig, þ. e. a. s., að veittar verði 10 þús. kr. í veginn innan við Þórshöfn og 10 þús. kr. í veginn innan við Raufarhöfn.

Þá er b-liður, Svínadalsvegur. Þessi vegur liggur upp frá Ásbyrgi, upp með Jökulsá að vestan og upp á móts við Dettifoss og yrði að mestu ferðamannavegur. Mér er kunnugt um, að ferðamenn hafa geysimikinn áhuga á þessum vegi. Ef hann yrði lagður, mundi hægt að komast á bifreið upp með ánni, og þá gætu menn séð með lítilli fyrirhöfn þau náttúruundur, sem þar eru upp með ánni, Hljóðakletta, sem nú er erfitt að komast að nema þá að leggja á sig langt ferðalag á hestum. Og þá gætu menn séð Dettifoss réttum megin frá, því að það ber öllum saman um, að hann sé ekki nema svipur hjá sjón austan megin frá, hjá því sem vestan megin frá. — Þetta yrði sem sagt ferðamannavegur, og má vel vera, að þessi brtt. hefði betur átt heima á fjallvegalið.

Væri ég fús til að taka hana aftur og bera hana fram við þann lið, ef hv. fjvn. vildi sinna þessu máli.

Það mælir líka með þessari brtt., að í Keldu-hverfinu hafa menn orðið fyrir þungum búsifj-um af völdum mæðiveiki, og hafa menn þar orðið þess vegna að stunda vinnu fjarri heimilum sínum. Gæti það greitt fyrir þeim, ef vegafjár-veitingarnar væru hækkaðar á þessu svæði.

Þá er það 2. tölul. á þessu þskj., Langanesvegur. Þar er farið fram á, að fjárhæðin verði hækkuð úr 25 þús. kr. upp í 40 þús. kr. Þessi vegur á að ná út á Langanes, út að Skálum, og tengja þenn-an veg við þjóðvegakerfið. Ég fyrir mitt leyti mæli mjög með því, að hv. Alþ. fallist á þessa hækkun, eins og hér er farið fram á.

Þá er 3. tölul. við þessa brtt., Sandá í Öxarfirði, fyrri greiðsla, 25 þús. kr. Þessi á er nokkuð veru-legur farartálmi, en brúargerð ódýr á hana. Það er gert ráð fyrir, að brúin kosti 50 þús. kr., en til þess að ofbjóða engum er hér farið fram á, að upphæðinni verði skipt í tvennt, 25 þús. kr. í hvort skipti. Ég vona, að hv. þm. geti fallizt á að veita þetta fé. Þetta er kvísl úr Jökulsá í Öxarfirði, og sker hún sundur byggðina þarna og gerir það að verkum, að töluvert mikill hluti þeirrar sveit-ar, sem þarna á hlut að máli, getur ekki notfært sér, svo að í lagi sé, bifreiðar til flutninga eða önnur nýtízku tæki.

Að lokum er hér 8. brtt. á þskj. 626, sem ég flyt eingöngu fyrir hönd hv. þm. N.-Þ. og er um það, að 10 þús. kr. séu veittar til lendingarbóta á Kópaskeri. Þetta er aðeins til þess að minna á þetta. Þetta hefur kannske ekki verið lagt fyrir hv. fjvn., af því að þetta mál var dálítið seint athugað. En eftir því sem mér er sagt, er þetta það, sem vantar á það fé, sem veitt var til bryggju þar og nú er búið að byggja, og er þetta því síð-asta greiðsla.

Ég vona, að hv. fjvn. taki málið til athugunar fyrir atkvgr. og sjái sér fært að mæla með því.

Nú vil ég minnast nokkrum orðum á fjárl. að gefnu tilefni.

Ég gat ekki verið hér á fundi, sem haldinn var í gærkvöld. Ég var algerlega forfallaður og heyrði því ekki þær umr., sem fóru fram þá. En mér er skýrt frá því, að hæstv. fjmrh. hafi við þær umr. látið þess getið, að ríkisstj. mundi verða að afgr. fjárl. ríkisins á þá lund, að gert væri ráð fyrir tekjuhalla, sem yrði jafnaður með lántöku. (**Fjmrh.**: Ég tók það fram sem möguleika.) Það hefur ekki heldur verið gefin nein yfirlýsing um þetta efni, og skal ég ekki kappræða það að þessu sinni, því að það kemur í ljós við 3. umr. fjárl. um meðferð tekjuöflunarmála, hvernig þetta verð-ur allt í pottinn búið frá hendi hæstv. ríkisstj. En ég vildi þó að þessu tilefni enn einu sinni minna á það, að ég tel það með öllu óverjandi, eins og nú er ástatt, að afgr. fjárl. með tekju-halla. Það er nú öllum ljóst, að allar okkar afurðir hafa verið seldar við hæsta stríðsverði og margföldu verði nú um nokkurn tíma móts við það, sem hægt var að fá fyrir þær fyrir stríð. Auk þess hefur verið í landinu fjölmennt setu-lið útlendra hermanna, sem haldið hefur hér til með miklum kostnaði, svo að kveða mun svo rammt að eyðslu setuliðsins til ýmissa hluta, að mér skilst, að gjaldeyrir frá því verði að vísu nokkru lægri en útflutningur landsmanna eða nokkuð á annað hundrað millj. kr. Á þessu er tekjuáætlun fjárl. reist. Í þeim áætlunum er gert ráð fyrir, að tekjur landsmanna haldist jafnmikl-ar og þær hafa verið og peningaveltan og pen-ingaflóðið haldi sem sagt áfram svipað og það hefur verið, og með því móti eru tekjurnar áætl-aðar, að mér skilst, rúmar 100 millj. kr. Nú skilst mér, hvað sem við kann að taka á næstu árum, að ómögulegt sé að gera ráð fyrir öðru en menn hugsi til hins lakara í þessum efnum. Við vonum og gerum ráð fyrir, að herinn fari úr landinu og þessar miklu innborganir frá hernum hverfi og þjóðin verði aftur frjáls og hafi eingöngu tekjur af útflutningi sínum. Auk þess verðum við að gera ráð fyrir, að svo takist til, að verðlag á útflutn-ingsvörum fari lækkandi, því að jafnvel þótt okk-ur takist, sem við vonum allir, að ná samning-um um verzlunina, meðan á stríðinu stendur, má ekki gera ráð fyrir, að verðlag haldist það sama eftir stríðslok og það er nú. Hér verður því vafa-laust að gera ráð fyrir, að breytingar eigi sér stað og verð útflutningsvörunnar fari lækkandi. Og jafnvel þó að framleiðslan verði eitthvað aukin, kemur sú framleiðsla varla svo fljótt, að útflutning-ur fari samt ekki minnkandi. Þá má líka gera ráð fyrir því, að tekjur frá herliðinu og setuliðs-vinna hverfi, svo að ekki má reikna slíkar tekjur með. Og ef erfitt er nú að ráða við afgr. fjárl. og afla þeirra tekna, sem þarf, svo að fullur jöfn-uður eigi sér stað, þá verður það harla erfitt á alla lund á næstu árum. Ég tel það þess vegna með öllu óverjandi, — og menn verða að reyna að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það, — að fjárl. verði afgr. með tekjuhalla og farið verði að taka lán á næsta ári til þess að borga útgjöld ríkisins, sem ráðgerð eru á fjárl. og með sérstökum lögum.

Í þessum útgjöldum er í raun og veru ekki neitt sérstakt, sem gefur arð. Það má skipta þeim í þrennt þannig: Útgjöld til ríkiskostnaðar, út-gjöld til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, til þess að atvinnuvegirnir verði ekki strax reknir með tapi. Í þriðja lagi eru verklegar framkvæmdir, sem ekki eru arðberandi. — Mér virðist augljóst mál, að ef menn geta ekki greitt gjöld með öll-um þeim hlaupatekjum þjóðarinnar nú, þá verði fjárl. óviðráðanleg með öllu eftir stríð, þegar fer að halla undan fæti í þessum efnum frá því, sem nú er. Ég get ekki séð, hvernig menn hugsa sér, að á næstu árum verði hægt að standa undir öllum þeim gjöldum og framkvæmdum, sem þurfa að vera miklar og þyrftu helzt að aukast, þegar öll setuliðsvinna hverfur, og hafa auk þess af-gang til þess að borga skuldir frá góðæristím-anum. Það er alveg auðséð, að fjárhag ríkisins er stefnt í voða, ef taka þarf nú upp þá aðferð að afgr. fjárl. með tekjuhalla. Ég vil því mjög ein-dregið benda á þetta, áður en endanleg afgreiðsla málanna verður afráðin. Ég fer ekki út í að ræða það nánar, þar sem hæstv. ráðh. hefur minnzt á þetta sem möguleika, er rétt væri að athuga nánar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég á hér eina brtt. á þskj. 646, það er 6. liður. — Þessi brtt. er viðkomandi Staðará í Strandasýslu og Selá, sem ég legg til, að fé verði veitt til að

brúa. Ég vil taka það fram viðvíkjandi þessari brtt., að þörfin á því, að þessar ár verði brúaðar, er ákaflega brýn og aðkallandi.

Undanfarin ár var ekki gert ráð fyrir því, að brúað yrði nema lítið af þeim ám, sem nauðsynlegt var að brúa. Menn bjuggust við því, að mjög erfitt yrði að fá efni til bygginga. Þess vegna er það, að ég hef ekki farið fram á á undanförnum árum, að lagt yrði fram fé úr ríkissjóði til þess að brúa þessar ár eða aðrar í Strandasýslu, og því hefur engin á verið brúuð þar nú, að ég hygg, í 4 til 5 ár. Af þeirri ástæðu tel ég, — eins og ég hef bent á í bréfi til hv. fjvn. — að það sé fullkomin réttlætiskrafa, að sýslan fái brýr á þessar ár, aðra eða báðar. En um þörf á þessum brúm er það að segja, eins og hv. þm. er sennilega flestum kunnugt, að þessar ár, Selá og Staðará, eru tvö stór vatnsföll með stuttu millibili og renna í botn Steingrímsfjarðar. En þar norðar tekur við allfjölmenn sveit, sem er Bjarnarfjörður. Þegar íbúar þar þurfa að ferðast til Hólmavíkur, flytja að sér eða frá og koma rekstrum á haustin, þá er oft engin leið önnur en að nota ferju yfir Steingrímsfjörð. Selá er svo stórt og hættulegt vatnsfall, að það kemur þráfaldlega fyrir um hásumar, að hún er algerlega ófær, hvað þá heldur haust og vor. Þetta tvennt, að ekki hefur verið varið fé í slíkar framkvæmdir síðustu ár og þörfin óvenjumikil, eru svo sterk rök í málinu, að þær framkvæmdir ættu að ganga fyrir öðrum slíkum.

Ég er viss um það, að þeir hv. þm., sem þessu eru ókunnugir og spyrjast fyrir um vatnsfallið Selá, munu fljótt sannfærast um það, ef þeir tala við kunnuga menn um þetta mál, að Selá er ein af hættulegustu vatnsföllum hér á landi. Ég hafði a. m. k. ekki búizt við því, að sú á væri í raun og veru eins erfitt vatnsfall og hún er. Og einu sinni, þegar ég var á ferð þarna norður frá, var það svo, að einn af greindustu bændum þarna norður frá, Sigvaldi í Sandnesi, símaði til fylgdarmanns míns og bað hann í öllum bænum að þvæla mér sem mest fram og aftur yfir þessa á í þessari ferð. Það var lítill vöxtur í ánni þá, en ég fékk alveg nóg af því, því að það var svo mikið vatn í henni, þó að það kallaðist ekki vöxtur.

Um Staðará er alveg sömu sögu að segja. Hún er líka hættulegt vatnsfall. — Enn fremur kemur það til greina, að ég geri ráð fyrir, satt að segja, að það sé mjög vafasamt, að vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði, sem fé hefur verið lagt í undanfarið, verði til frambúðar. Ég hef á ferðalagi nú nýlega átt tal um þetta við gagnkunnuga menn, sem telja það tvímælalaust, að vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði liggi svo hátt, — hann mun liggja 100 m hærra en vegur, sem hægt væri að leggja yfir Steingrímsfjarðarheiði, — að hann sé ekki snjólaus nema stuttan tíma sumarsins, og vegalagning þar auk þess mjög erfið. Og ég geri ráð fyrir, eftir því sem hyggnustu bændur í Staðardal, sem athugað hafa þessa leið, segja mér, að t. d. í fyrra sumar hafi Þorskafjarðarheiði verið snjólaus aðeins stuttan tíma — og það mjög stuttan miðað við Steingrímsfjarðarheiði bæði nú í sumar og mörg undanfarin ár. Þessir bændur geta dæmt um þetta bæði af sjón og raun og telja þann mun feiknamikinn. Ég geri því fastlega ráð fyrir því, að niðurstaðan verði sú, að vegurinn að Djúpinu verði um Steingrímsfjarðarheiði, þó að ég viðurkenni, að til sé önnur leið að Djúpinu, sem mér hefur verið skýrt frá, en ég get ekki um nú, en ekki er það leiðin yfir Þorskafjarðarheiði.

Það má gera ráð fyrir því, hvort sem Þorskafjarðarheiði verður fullgerð eða ekki, að leið komi samt yfir Steingrímsfjarðarheiði til Hólmavíkur og síðar á þjóðveginn vestur Dali, leið, sem yrði a. m. k. eins fjölfarin og hinir vegirnir fullgerðir. Og eingöngu fyrir þá sök er þörf á brú á Staðará.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar, það hefur ekki mikla þýðingu. Ég hef gefið á þessu þær skýringar, sem ég vænti, að hv. fjvn. taki til endurskoðunar og athugunar, þar sem ég tel engan vafa á því, að málið er mjög réttlátt, og enn fremur með tilliti til þess, sem margir hv. þm. hafa vísað til, að fjárframlög til verklegra framkvæmda í ýmsum sýslum eru svipuð og þau voru s. l. ár og á þessu ári, sem nú er að líða. En þar hef ég þá athugasemd að gera viðkomandi Strandasýslu, að það fé, sem lagt hefur verið til hafnarbóta undanfarið, hef ég ekki farið fram á, að yrði varið til hafnarbóta í þetta skipti. Og ég vil benda á, að ég álít rétt, að fé til þessara brúargerða komi í þess stað á aðra hvora brúna eða báðar.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Þm. hafa nú hér hina sömu sögu að segja, að jafnvel þó að þessi fjárl. þyki vera með háum útgjöldum, finnst þó flestum þeirra, að þeir þyrftu á meira fé að halda fyrir byggðarlög sín. — Ég er hér flm. að nokkrum brtt., sem ég mun ekki minnast á, vegna þess að það mun vera búið að tala fyrir þeim öllum af þeim, sem eru þar 1. flm.

En það er aðeins ein brtt., sem ég er 1. flm. að. Hún er á þskj. 612, XIII. tölul. Hún er um það að bæta við nýjum útgjöldum á fjárl. til brúar á Jökulsá í Fljótsdal, 250 þús. kr. Þetta er nú há upphæð, ég játa það. Upphæðirnar eru háar núna. — Þessi brú verður að teljast til stórbrúa, og þar af leiðandi verður hún dýr. Ég býst við, að hv. þm. sé það kunnugt, að hér hafa legið oftar en einu sinni fyrir hæstv. Alþ. bænaskrár eða undirskriftaskjöl um brúargerð í Fljótsdal. Hvað eftir annað hafa allir íbúar þeirrar sveitar sent óskir um það til hæstv. Alþ., að það vildi veita fé til þess að brúa stórárnar í Fljótsdal, og ber það nokkurn vott um, að fólkið finnur, hver þörfin er. Um þetta hafa líka verið ritaðar greinar í blöð oftar en einu sinni. Það má nú vel vera, að hv. alþm. muni ekki eftir þeim nú, en ég ætla, að í þeim greinum, a. m. k. sumum, hafi því verið gerð ýtarleg og glögg skil, hve nauðsynlegt er að brúa þessi vatnsföll.

Lagarfljót er á annað hundrað km á lengd í byggð. Á þessu stórvatni er ein brú, sem nú er réttra 40 ára gömul og þótti á sínum tíma eitt mesta mannvirki sinnar tegundar. Á þessum 40 árum hefur mikið verið bætt um samgöngur á þessu landi, en þetta stórvatn hefur samt setið við þessa einu brú. Þær ár, sem mynda Lagarfljót, eru tvær. Önnur þeirra er jökulvatn, Jökulsá í Fljótsdal, sem leggur til allt jökulvatnið í Lagarfljót, hin er í sömu sveit, heitir Kelduá, mikil bergvatnsá. Þessi vötn kljúfa því sveitina í þrennt. Ekki vil ég segja, að þau séu alltaf ófær árið um

kring; þau eru oft á ís á vetrum og stundum reið á sumrum, en alltaf með áhættu, stundum ófær. Sjá allir, hvað þessi vötn hindra mikið allt samlíf og samgöngur þessarar sveitar. Allt verður að flytja á klökkum, og fénað verður að ferja til afréttar og frá, sömuleiðis sláturfé.

Það er langt síðan menn fundu, að þessi vötn áttu að vera brúuð, helzt fyrir löngu. Ég ætla, að það séu tíu ár eða þar um bil, síðan því var slegið föstu af vegamálastjóra, að fyrsta stórbrúin, sem gera ætti á þessu landi, væri brúin yfir Jökulsá á Fjöllum. Það var bent á svo margvísleg rök fyrir því, að hún ætti að koma á undan öllum öðrum stórbrúm, að það var eins og maður teldi ekki til neins að nefna fjárveitingu til annarra stórbrúa, fyrr en þessi brú væri komin. Fyrir allmörgum árum var stofnaður brúarsjóður, eins og hv. alþm. kannast við, og átti hann að vinna það hlutverk smátt og smátt að leggja fram fé í stórbrýr. Þessi sjóður er nú orðinn allstór, en þó er ég ekki viss um, að hann hrökkvi til mikils meira en að brúa Jökulsá á Fjöllum, líklega nálægt Grímsstöðum, en í brúarsjóðsl. er ákveðið, að sú brú verði fyrst. — Það dregst alltaf meira og meira að því, að þeim, sem fara með umboð fólksins, reynist ókleift að bíða endalaust eftir brúargerðum þar eystra. Hér við bætist, að þar hafa nú nýlega gerzt þeir atburðir, sem enn þá meir ýta undir þetta. Svo sem kunnugt er, hefur Alþingi á fyrri hluta þessa árs ákveðið að sameina í eitt tvö læknishéruð þar. Hefur það þær afleiðingar, að læknisbústaður, sem áður var í Fljótsdal, er nú fluttur þaðan. Kom þetta til greina, þegar læknisbústaðurinn í Fljótsdal brann, en þar hefur setið læknir a. m. k. það, sem af er þessari öld. Þetta hefur þær afleiðingar, að vegalengd fyrir íbúa Fljótsdals til læknisvitjunar lengist um 40 km, því að það eru um 40 km frá Brekku til Egilsstaða, þar sem læknisbústaðurinn er nú. Allir Fljótsdælingar, sem búa fyrir innan Brekku, þurfa því að sækja lækni 40 km lengra en áður var. Þó að læknirinn hafi verið búsettur í Fljótsdal fram að þessu, hafa þessi vötn oft torveldað svo mjög fyrir mönnum að vitja læknis, að ekki var þar á bætandi. Má þá nærri geta, hvernig aðstaðan verður til læknisvitjunar, þegar svona hefur verið farið að. Það hefur ekki þótt fært að komast hjá því að færa læknisbústaðinn þetta langt burt. Skal ég engan dóm leggja á, hvort þm. þeir, sem hafa umboð fyrir Fljótsdælinga, hafa unnið þar þarft verk eða óþarft, þegar þeir lögðu hönd að því, að sú breyt. yrði gerð á læknaskipuninni. Ég hélt þá, að þetta væri það eina, sem hægt væri að gera, og held það enn, þó að ég sé kannske ekki fyllilega dómbær á það. En hitt veit ég fyrir víst, að í Fljótsdal er ákaflega mikill sársauki vegna læknismissisins, eins og samgönguskilyrði eru þar. Það verður að líta svo á, að til þess að bæta Fljótsdælingum missi þess læknis, sem þeir áttu rétt á, sé ekki önnur leið en bættar samgöngur og bætt símakerfi. Ég geri ráð fyrir, að það ætti að geta komið íbúum Fljótsdals að einhverju liði, því að svo er þar ástatt um símasamband, að í sveitinni er ein landssímastöð og út frá henni eru tvö númer, læknisbústaðurinn gamli og Skriðuklaustur, og þurfa menn að fara yfir stórvötn til að komast í símasamband við lækninn. Það væri nokkurt gagn að því að fá síma, þó að fullnægjandi umbót fáist ekki, fyrr en brýrnar koma. — Ég skal geta þess, að á þessu ári hafa verið brúaðar tvær þverár í Fljótsdal. Var mikil bót að þeim brúm. Var það m. a. gert af því, að menn gerðu sér vonir um, að áfram yrði haldið og innan skamms kæmu brýr á stórvötnin, en þessar brýr á þverárnar voru nauðsynlegar vegna efnisflutnings, því að þær gátu hindrað flutninga eftir tiltölulega ófullkomnum akvegi, sem nú liggur alllangt inn í dalinn. Það var til álita um eitt skeið að brúa báðar árnar, Jökulsá og Kelduá, eftir að þær koma saman, en það hefur komið í ljós, að það er fullt eins dýrt, en á hinn bóginn er miklu gagnlegra að brúa báðar árnar til þess að komast líka í samband við byggðina, sem liggur á milli þeirra, enda er lítill vegalengdarmunur.

Nú förum við þm. N.-M. fram á að fá fjárveitingu í aðra brúna, þá dýrari, á stærra vatnið, Jökulsá. Er áætlað, að hún muni kosta 250 þús. kr. og á að vera bogabrú, 50 m löng, nokkurn veginn jafnlöng og brúin á Fnjóská og Grímsá á Völlum. Það verður ekki nema snertuspölur á milli hennar og fyrirhugaðrar brúar á hinni ánni, en við gerum enga till. um hana að þessu sinni, en ætlum að láta hana bíða, þó að það gæti orðið allmiklu ódýrara að brúa þær báðar samtímis vegna efnis, áhalda og þess háttar. — Ég held, að ekki þurfi að lýsa þessu nánar. Ég er viss um, að hv. þm. og frsm. er þörfin ljós. Ég játa, að það er svo ákaflega víða hér á landi, að mikil þörf er fyrir þess háttar framkvæmdir, en ég er ekki viss um, að víða sé hægt að benda á meiri ástæðu til að hrinda sams konar verki í framkvæmd en hér er um að ræða, ef á allt er litið.

Hv. frsm. gat um, að nú biði smíði á brúm, sem hefði átt að komast í framkvæmd á undanförnum árum. Hann benti á það, sem kann að vera rétt, að á árinu 1945 mundu kannske ekki verða föng á að hafa meiri framkvæmdir en í frv. hefði verið gert ráð fyrir. Ég vil trúa, að það geti verið rétt, en vel gæti ég þó hugsað mér, að á árinu 1945 takmarkaðist brúarsmíði engu síður af möguleikum á útvegun á efni en fjárveitingunum. Mér er sagt, að nú séu nálægt 20 brýr, sem búið er að veita fé til, en séu ógerðar. En jafnvel þó að svo sé, þá þætti okkur samt ákaflega mikilsvert að fá þessa brú tekna inn í fjárl., jafnvel þó að það kæmi fyrir, að hún yrði ekki gerð á næsta ári. Ég yrði að líta svo á, að hún ætti að ganga á undan einhverjum þeim brúm, sem nú þegar hafa komizt inn í fjárl. En þó að það yrði ekki, þá er það vitað, að þegar fólk er búið að bíða svona lengi, þegar það finnur svona ríka þörf og veit, hversu mikil sanngirni mælir með framkvæmd verksins, þá yrði það ákaflega mikil hugnun fyrir það að sjá, að framlag til verksins er ákveðið í fjárl., — þá getur tíminn farið að styttast, þar til hin langþráða framkvæmd kemst á. Ég held því, að jafnvel þó að fé yrði veitt til þessarar brúar, en hún ekki byggð, þá væri samt unnið gott verk, ef framlag til hennar yrði ákveðið í fjárl., af því að það gerði fólkið rólegra og færði því heim sanninn um, að því hefði ekki verið gleymt. Með tilliti til þess höfum við flm. flutt sem varatill., að hálfur kostnaður verði lagður fram á næsta ári. Við hugsum okkur, að ef

ástæður yrðu til að framkvæma verkið, væri ef til vill hægt að útvega hinn helminginn í bili, en fyrir mér vakir líka, að það er nokkurs virði að sjá, að framkvæmdin er á næstu grösum.

Ég játa, að fjárl. eru há og útgjaldaliðir þar margir og stórir, og mér finnst það ekki óeðlilegt. Mér finnst það eðlileg afleiðing af þeirri þörf, sem nú er á miklum framkvæmdum, og þó að mér þyki þau há, þá hef ég samt ekki getað komizt hjá að flytja þessa till. Mér finnst, að þar hafi nauðsyn brotið lög að óska eftir þessari fjárveitingu, ef þess væri nokkur kostur að fá hana.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Það er hér ein lítil brtt., sem ég á á þskj. 646 og fjallar um það að veita lúðrasveit Reykjavíkur styrk að upphæð 50 þús. kr. Þau rök, sem til þess liggja, að ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. hef lagt til, að að þessu ráði verði horfið, eru, að lúðrasveitin hefur sent Alþingi allýtarlegt bréf, þar sem hún gerir grein fyrir starfi sínu og fjárþörf. Um starf þessarar lúðrasveitar er það að segja, að hún hefur starfað hér að mestu óslitið síðan 1922 og meðlimir hennar áreiðanlega lagt á sig mikið og óeigingjarnt starf í þágu þeirrar listar, sem þeir iðka. Þessi hljómsveit er skipuð um 20 manns, og er nú svo komið, að hljómsveitarstjórinn telur sér ekki annað fært en að launa starf þeirra að nokkru. Hefur verið lagt til innan hljómsveitarinnar, að hver maður hafi 300 kr. á mánuði eða 3600 kr. í árslaun án uppbótar, sem er þá 72 þús. kr. alls. Stjórnanda hefur hljómsveitin fastan í sinni þjónustu og mun greiða honum í árslaun milli 15 og 20 þús. kr. Og auk alls þessa eru svo útgjöld vegna húsnæðis o. fl. o. fl., þannig að rekstrarkostnaður lúðrasveitarinnar mun vera þó nokkuð á annað hundrað þús. kr., ef að því verður horfið að greiða þeim, sem í hljómsveitinni vinna, einhver laun, sem virðist sanngjarnt og óumflýjanlegt.

Eins og menn vita, er svo háttað störfum slíkra hljómsveita, að þær fá að jafnaði ekki mikið fyrir hljómleika sína og í raun og veru oftast ekki neitt beinlínis. Þar er að jafnaði um útihljómleika að ræða, sem öllum mönnum er frjáls aðgangur að. Og það er því eðlilegt, að opinber aðili greiði fyrir þetta starf með opinberum styrk. Reykjavíkurbær hefur styrkt þessa starfsemi nokkuð, og sýnist eðlilegt, að ríkið komi þar nokkuð á móts við, enda hefur hljómsveit þessi oft aðstoðað við ýmis tækifæri opinberlega á vegum ríkisins, og má þar til nefna 17. júní s. l. Það munu liggja fyrir meðmæli með slíkri fjárveitingu, m. a. frá Páli Ísólfssyni. Og ég hygg, að það sé á einhverjum misskilningi byggt, að fjvn. sá sér ekki fært að ætla neitt framlag til þessarar hljómsveitar. — Við flm. viljum vænta þess, að hv. fjvn. vilji athuga þetta mál á ný, og munum fallast á að taka þessa brtt. okkar aftur til 3. umr. í trausti þess, að hv. fjvn. athugi málið vel á milli umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 612, um að liðurinn Hagabraut eða Uppholtavegur hækki úr 25 þús. kr. í 50 þús. kr. og til vara í 40 þús. kr. — Ástæðan til þess, að ég fer fram á, að liðurinn hækki, er sú, að eins og Uppholtin eru komin nú, eftir að mæðiveikin kom þangað og bændur eru orðnir fjárlausir margir eða að heita má, er þeim nauðugur einn kostur að hætta að búa og yfirgefa jarðir sínar, nema komið sé á vegasambandi til þeirra, svo að þeir geti selt mjólk. Þeir, sem kunnugir eru þarna í sveit og þekkja þá ræktunarmöguleika, sem þar eru fyrir hendi, munu seint samþykkja það að leggja þessar jarðir í eyði. En ef bændur hafa ekki vegasamband og geta ekki selt mjólk og hafa ekki heldur sauðfé, þá sjá allir, að kostur þeirra er þannig, að þeir geta ekki lifað þar, sem þeir eru niður komnir.

Hagabraut eða Uppholtavegur var tekinn í þjóðvegatölu árið 1942. Fyrsta fjárveiting til hans er á fjárl. í ár, 25 þús. kr., og var unnið fyrir alla þá upphæð á síðasta sumri. En eins og menn vita, er ekki hægt að komast langt með veg með einum 25 þús. kr. Er þess vegna mikið enn ógert af þessum vegi, og vantar enn mikið til þess, að það séu tiltök fyrir þessa menn að flytja mjólk frá sér. Þó að gert sé ráð fyrir, að þeir flytji mjólkina 5—6 km til þess að komast að mjólkurbílnum, þá verður samt að leggja áður 4—5 km. veg, því að flestir þeirra eiga, eins og nú er, 10 km. leið þangað, sem mjólkurbíllinn kemst. — Ég hygg, að flestir séu sammála um það, að það sé ógerningur fyrir bændur, eins og þeir eru nú almennt liðaðir, að flytja mjólkina á klökkum 10 km leið, og að það sé tæplega ætlandi til, að þeir fari lengri vegarlengd þannig með mjólkina en 5—6 km. En ég hygg, að þeir mundu leggja í að selja mjólk, ef komið væri á móts við þá til hálfs og vegalengdin stytt þannig.

Á fjárlfrv. nú eru áætlaðar 25 þús. kr. til vegagerðar þarna eins og í fyrra. En vegna þess, hve lítið er hægt að komast fyrir þessa upphæð og hve það er nauðsynlegt, að verkinu sé hraðað, þá hef ég lagt til, að þetta tillag verði hækkað eins og ég hef tekið fram. Vonast ég eftir, að hæstv. Alþ. fallist á að hækka þennan lið.

Þá er hér önnur brtt. undir XXXVII á sama þskj., sem ég flyt ásamt hv. samþm. mínum, um 25 þús. kr. framlag til fyrirhleðslu á Þverárbökkum austan og vestan við Uxahrygg. Það er nú svo, að Þverá flæðir oft yfir bakkana þarna og eyðileggur alveg veginn. Það eru 15—20 bændur, sem búa þarna niður frá á Bökkunum og í Landeyjunum, og þessir bændur hafa um 150 kýr. Þeir geta ekki selt mjólk, eins og nú standa sakir, nema yfir sumartímann. Það eru t. d. nú (8. des.) 4—5 vikur, síðan vegurinn varð ófær þarna, vegna þess að áin fór yfir bakkana. — Ég bað vegamálastjóra í haust að athuga, hvað hægt væri að gera þarna til þess að forðast, að áin flæddi yfir bakkana, eins og hún hefur gert. Hann sendi mann til þess að athuga staðhætti alla, og gerð var áætlun um, að það mætti hlaða þarna í skörð og gera þannig við því, að áin flæddi yfir bakkana, nema þá í vatnavöxtum, fyrir 25 þús. kr. — Við flytjum því báðir þm. Rang. brtt. þá, sem ég hef getið, um 25 þús. kr. framlag til þessarar fyrirhleðslu.

Í þriðja lagi flyt ég brtt. á sama þskj. undir XXXVIII. Hún er lítil og mælir að nokkru leyti með sér sjálf. Hún er um það að veita 1 þús. kr. til þess að girða og græða upp svo kallaðan Höskuldarhól hjá Vorsabæ í Landeyjum. Það er bæjarstæði Höskuldar Hvítanesgoða. Ég talaði við fornminjavörð síðast í dag um þennan hól og spurði, hvort ekki væri óhætt að segja á Alþ., að þetta

væri bæjarstæði Höskuldar Hvítanesgoða. Taldi hann svo vera og sagði, að það væri vissa sín, að svo væri. Hann sagðist oft hafa farið fram á það við sandgræðslustjóra að friða þennan blett, því að hann vildi ekki láta hann eyðileggjast, en sandgræðslustjóri hefði ekki viljað gera þetta. Ég býst ekki við, að það sé vegna þess, að hann vilji ekki forða hólnum frá eyðileggingu, heldur vegna þess, að hann álíti, að Alþ. muni vera fúst til þess að sjá um sérstaka fjárveitingu í þessu skyni. En sandgræðslustjóri þykist aldrei hafa of mikið til sinna þarfa. — Ég veit, að 1000 kr. þykir ekki stór biti á fjárl. nú, og ég vonast því til, að menn vilji greiða þessari litlu brtt. atkv., og ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hana.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. talaði um það í gærkvöld, að hann óskaði eftir því, að liðurinn um kirkjubyggingar væri helzt tekinn af fjárlfrv., a. m. k. til 3. umr. Það er kunnugt, að sex kirkjur eru á frv., eins og hv. fjvn. hefur gengið frá því, með styrk að upphæð 85 þús. kr. Í fyrra var veittur styrkur til fimm kirkna, um 15 þús. kr. til hverrar. — Þá var ég hér með till. um styrk til Ásólfsskálakirkju, 15 þús. kr. Sú kirkja hafði jafnan rétt til þess að fá þann styrk og þær kirkjur, sem fengu hann í fyrra (**Fjmrh.**: Hafa það ekki allar kirkjur á landinu?) Það má segja, en tæplega þær, sem ekki er verið að reisa, a. m. k. síður þær, sem búið er að byggja fyrir dýrtíð og eru skuldlausar. En þetta er vitanlega atriði, sem Alþ. þarf að gera upp við sig, hvort það ætlar að greiða styrki til kirkjubygginga. Það hefur gert það á tveim undanförnum þingum. Og ég vil segja, að það væri sanngjarnt, þótt það geri það í þriðja sinn að veita styrki til þeirra kirkna, sem bornar voru upp í fyrra, þegar styrkir voru veittir til annarra kirkna. Hitt er annað mál, hvað Alþ. og ríkisstj. treysta sér til að gera, eins og tímarnir eru nú. Ég skal gjarnan viðurkenna, að fjárl. eru hlaðin og auðvitað ofhlaðin. En fjárhagur ríkisins er tæpur, ef þessar 85 þús. kr. yrðu til þess að gera afgreiðslu á fjárl. ómögulega.

Ég hef ekki farið fram á brtt. til mikilla útgjalda að þessu sinni. En það stafar ekki af því, að ekki vanti í kjördæmi mitt ýmislegt það, sem koma þarf í framkvæmd, og ekki af því, að ekki sé leitað á okkur þm. kjördæmisins um það að reyna að fá auknar fjárveitingar til margra hluta. Okkur vantar brýr og vegi og síma og styrki til húsabygginga o. s. frv. En ég hef ekki borið fram brtt. til þess að reyna að fá fjárveitingu frekar en orðið er, vegna þess að mér er ljóst, hvernig fjárhagurinn er, og að þm. verða að hafa ábyrgðartilfinningu og stilla kröfum sínum í hóf.

Það hefur verið talað um það í umr. hér, að framlögin til vega væru mjög misjöfn í hinum ýmsu héruðum. Og ég fyrir mitt leyti verð að segja, að það þarf ekki að vera neitt ranglæti á ferð, þótt svo sé, því að vitanlega eru þarfirnar mjög misjafnar í hinum ýmsu kjördæmum landsins í þessu tilliti. Það væri ekki nema eðlilegt, að héruð, sem eru alveg hafnlaus og fá því ekkert til hafnargerða og ekkert til bryggjugerða, væru með hæst fjárframlög frá ríkinu til vegagerða. En svo er bara eitt. Það eru dæmi til þess, að þau kjördæmi, sem fá stórfúlgur til hafnargerða og bryggjugerða, eru með hæstu kjördæmum um fjárframlög úr ríkissjóði til vegagerða. — Ég ætla ekki að fara í neinn meting, hvað þetta snertir. En það er vitanlega æskilegt, að fjárframlög til hinna ýmsu héraða séu sniðin eftir þörfum hvers kjördæmis. Og það þarf ekki að vera neitt ranglæti í því, þótt fjárveitingar séu misjafnar til hinna ýmsu kjördæma í þessum efnum.

Hv. fjvn. hefur afgreitt fjárlfrv. frá sér, eins og kunnugt er. Og mörgum hefur fundizt, að afgreiðsla n. á frv. hafi að þessu sinni verið með dálítið einkennilegum hætti, sérstaklega með tilliti til hinna mörgu fyrirvara, sem ýmsir hv. nm. hafa fyrir undirskrift sinni undir nál. Það er skiljanlegt, að afgreiðsla fjárlfrv. hafi verið með erfiðasta móti að þessu sinni, þegar vitanlegt var, að tekjuhalli var fyrir á frv., og ekki er enn ljóst, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að afla tekna. Það er óþarfi fyrir mig að blanda mér í þær umr., sem orðið hafa hér um tekjuhalla fjárlfrv., en mér finnst satt að segja, að sé það rétt, að áfengisverzlunin gefi á þessu ári um 27 millj. kr. tekjur í ríkissjóð, þá sé það engin fjarstæða að ætla tekjurnar af þeirri sölu á næsta ári um 20 millj. kr. Hitt er leiðinlegt að þurfa að játa og viðurkenna, að þjóðin skuli eyða svo miklum fjármunum í þennan óþarfa og skaðlega hlut. — Ég held líka um verðtollinn og vörumagnstollinn og tekjuskattinn, — en þessir liðir voru hækkaðir, — að tekjuáætlunin um þá muni standast. En þegar tekjuáætlunin er ákveðin þetta há, þá er tæplega við því að búast, að þessir liðir fari langt fram úr áætlun. Það býst ég við, að hæstv. ríkisstj. geri sér ljóst og að útgjöldin miðist frá hennar sjónarmiði við það. En það verða viðbrigði frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, ef tekjurnar fara á næsta ári ekkert fram úr áætlun, — því að undanfarin þrjú ár hafa tekjurnar farið langt fram úr áætlun og orðið til þess að mæta útgjaldaliðum, sem einnig hafa farið langt fram yfir það, sem áætlað var. Ef gjöldin á næsta ári fara fram úr því, sem nú er áætlað á fjárl., hefur ríkisstj. lítið upp á að hlaupa. En það var kunnugt strax í haust, þegar fjárlfrv. var lagt fram, hvernig fjárhagur ríkisins var. Það var kunnugt þá strax, að hann var ekki góður. Launagreiðslur voru miðaðar við vísitöluna 250 stig, enginn liður áætlaður til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum innanlands, ekkert ætlað til að tryggja útflutningsverð landbúnaðarafurða o. s. frv. Þess vegna er vitað fyrir löngu, að á frv. vantaði stórar fjárfúlgur, og engan þarf því að undra, þó að svo sé í dag. Einnig voru verklegar framkvæmdir skornar niður í frv. í þeirri mynd, sem það var í haust, um nærri 3 millj. kr., en sá liður hefur verið hækkaður aftur á frv., og verður þess vegna því meira, sem þarf til að gera fjárl. tekjuhallalaus. Það er ljóst, að nú vantar a. m. k. 30 millj. kr. á fjárlögum, og hvar á að taka þessar 30 millj.? Það er vitanlega spurning, sem hver þm. leggur fyrir sig, spurning, sem hv. ríkisstj. hlýtur að hafa lagt fyrir sig og er sennilega búin að svara sjálfri sér um, því að hv. fjmrh. talaði um, að það yrði gert opinbert í næstu viku, hvaða leið yrði farin.

Frá mínu sjónarmiði eru þrjár leiðir, sem hæstv. ríkisstj. gæti farið til að afla tekna. Hv. fjmrh. talaði um í gær, að í ráði væri að fá lánsheimild. Mér þykir sú leið vera versta leiðin af þeim þrem, sem hægt er að fara. Fyrst það þykir slæmt fyrir

einstaklinga og fyrirtæki að safna skuldum núna, þá hlýtur það einnig að vera slæmt fyrir ríkið, og það er mikil spurning, hvernig skuldir, sem stofnað er til núna, verða borgaðar. Ég sé reyndar, að það væri hægt að borga slíkar skuldir með einu móti, og það er ráð, sem ég hygg, að deilt mundi um, ef það yrði tekið. Það væri með því að lækka gengið meira eða minna og taka þann hagnað, sem bankarnir fá af gengislækkuninni, til ráðstöfunar fyrir ríkissjóð. Ég ætla samt ekki að ræða um það hér í kvöld, hvort gengislækkun væri æskileg eða ekki, en það hefur alltaf verið talað um gengislækkun sem neyðarráðstöfun á þeim grundvelli, að það væri helzt ekki að ræða um minna en 10 til 20% lækkun. Ég ætla ekki að kenna hæstv. ríkisstj. nein ráð, en aðeins minna á það hér á hv. Alþ., að 2% gengislækkun gæfi bönkunum í hagnað 11 til 12 millj. kr., og 4% gæfi sömu bönkum 22 til 24 millj. kr. 4% gengislækkun mundi hækka sterlingspundið um ca. 1 krónu og dollarann um 27 aura. Ef gengið lækkaði um 4%, hækkaði dýrtíðin, enda er sú leið til fjáröflunar þrautalending. — Ég sagði áðan, að ég væri ekki að kenna stj. ráð og ég væri ekki að gera þetta að till. minni eða segja, að rétt væri að fara þessa leið, en hér er vitanlega leið til að afla 24 millj. kr. með 4% gengislækkun.

Ég veit, að þegar rætt er um gengislækkun, er alltaf talað um, að þeir, sem eigi peninga, séu rændir fjármunum sínum, og það er rétt. Þeir, sem áttu peninga fyrir stríð og ætluðu að lifa af vöxtunum af þeim á efri árum, eru illa settir núna. Það er þegar búið að ræna þá. En því minni sem gengislækkunin er, því minna er arðránið hjá þeim, sem peninga eiga, og það er vitanlega allt annað, þótt krónan lækki um 4% en jafnvel 20 til 30%, eins og oft er rætt um. Þó að ég nefni þessa leið sem eina af þremur, er legið hafa fyrir hæstv. ríkisstj., þá er það ekki till. mín eða sagt af mér, að hún sé æskileg eða góð.

Þriðja leiðin, sem ég tel og hæstv. ríkisstj. veit, að hún getur farið, er það að taka strax með beinum sköttum það, sem vantar á fjárl. Þó að það væri tilfinnanlegt að taka 30 millj. kr. í beinum sköttum, þá er vitanlegt, að það væri mögulegt að innheimta það í eitt skipti fyrir öll, en þá kemur til álita um það, hvort það hefni sín ekki aftur næsta ár og hvort skattþegnunum væri ekki íþyngt um of, og leiðin sé þess vegna ófær að kalla, þó að takast mætti í eitt skipti að fara hana. Þessi þriðja leið, sem ég hef nefnt, er til að afgreiða fjárl. tekjuhallalaus. Sú leið er bezt, og hún er sjálfsögð, þótt menn kunni að kveina undan skattabyrði. Lántakan finnst mér vera langverst. Gengislækkun slæm og ekki farandi nema í neyð. En tekjuhallafjárl. verður að afgr. með nægilegri tekjuöflun í ríkissjóðinn.

Það er nú svo, að ástæðan fyrir því, að svo mikið vantar á fjárl., er að nokkru leyti sú, að landbúnaðurinn hefur misst markað fyrir vörur sínar. Beztu markaðslöndin fyrir landbúnaðarvörur okkar eru lokuð, eins og nú standa sakir, og það fyrirbrigði að borga niður landbúnaðarvörur innan lands, svo að milljónum skiptir, og borga með útflutningsvörunum, það stendur ekki til lengdar. Það er þess vegna ekkert auðvelt að komast gegnum þá erfiðleika, sem steðja að, og það er vonandi, að þeir menn, sem við þá erfiðleika glíma, finni skynsamleg ráð til að sigrast á þeim. Allir góðir menn munu styðja hæstv. ríkisstj. til skynsamlegra aðgerða í þessu máli. (GJ: Er þetta talað fyrir hönd fimmmenninganna?) En það verður að virða mönnum til vorkunnar, þó að þeir hafi ekki trú á að taka lán, eins og nú stendur á.

Það er eitt atriði enn, sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á, og það er launalfrv., sem nú er fyrir hv. Ed. Hv. fjmrh. minntist á það í gær, að yrði það samþ., mundu útgjöld ríkissjóðs vaxa um 3 til 4 millj. kr. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að reyna að komast hjá að drýgja sína stærstu synd og hætta við að samþ. þetta frv. Við bændafulltrúarnir unnum að því í haust, að bændur gæfu eftir 9,4% af því, sem þeim bar. Við gerðum það í trausti þess, að kröfur um hækkaðar launagreiðslur væru lagðar á hilluna, að ég ekki segi, að við byggjumst við, að kauplækkanir ættu sér stað um leið. Það mundi einhver segja, að erfitt væri fyrir hæstv. ríkisstj. að samþ. ekki launal., því að í málefnasamningnum var gert ráð fyrir, að þau yrðu samþ. Ef allir þeir flokkar, sem að hæstv. ríkisstj. standa, kæmu sér saman um af þjóðfélagslegri nauðsyn að hætta við að samþ. þetta frv., væri tæplega hægt að tala um svik hjá þessum flokkum. Ef þeir kæmu sér saman um það af þeirri nauðsyn, að fjárhag ríkissjóðs væri þannig komið, að hvorki væri heppilegt né rétt að auka þennan eina útgjaldalið ríkissjóðs um 4 til 5 millj. kr. Ég er sannfærður um, að viðhorf margra manna til hæstv. ríkisstj. breytist til batnaðar, ef hún tæki þá stefnu að leggja þetta óheillafrv. til hliðar, sem að vísu allir stjórnmálaflokkarnir bera ábyrgð á, því að það hefur flm. úr öllum flokkum í hv. Ed. En það er ekki vansalaust, eins og nú er komið, að samþ. útgjaldalið í þessu skyni, sem nemur 4 til 5 millj. kr. á ári, um leið og ríkisstj. býst við og hv. fjmrh. gefur í skyn hér í hv. d., að jafnvel verði að grípa til þess örþrifaráðs að fá lánsheimild til að afgreiða hallalaus fjárlög.

Ég skal svo láta lokið máli mínu. Ég býst ekki við, að það, sem ég hef sagt um þessar þrjár leiðir, verði skoðað sem heillaráð af hæstv. ríkisstj., enda veit ég, að hún hefur gert sér ljóst, að þessar leiðir voru til, áður en ég talaði um það hér, en svo vel vil ég hæstv. ríkisstj., að ég óska þess, að hún taki þá leið, sem er skást.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. form. fjvn., þm. Borgf., lýsti því svo rækilega, hvað fyrir okkur vakti með fyrirvara þeim, sem við stóðum saman að í nál. fjvn., að ég þarf ekki við það að bæta. Það er ærin fyrirhyggja að treysta, að tekjur ríkissjóðs verði á næsta ári eins og þær eru núna, því að margt getur að borið, að þær bregðist. En hins vegar mun varla að vænta þess, að áætluð gjöld breytist, enda mun það vera alveg nýtt fyrirbrigði.

Það var sérstaklega út af einni gr. frv., sem ég vildi segja nokkur orð. Venjulega hef ég haft nokkur umsvif út af þeirri grein í fjvn. og leitað þar álits nokkurra þm. um, hvað þeir kreföust af þeirri grein. Nú hefur í þetta skipti brugðið þannig við, að í stað tugs brtt. hafa aðeins komið fram 3 brtt. við grein þessa, og vildi ég aðeins minnast á þær nokkrum orðum. — Í fyrsta lagi flytur hv. þm. Snæf. brtt., sem er 45. brtt. á

þskj. 612, en allar eru þessar brtt. á því þskj. Hann gat þess, að þeim Staðarfellshjónum hefði verið með samningi lofað 3 þús. kr. á ári, er þau gáfu Staðarfellsskólann. Þetta stóð lengi þannig og var undir sérstökum staflið í 18. gr., en seinast var gerð athugasemd um, að ekki skyldi greiða dýrtíðaruppbót af þeim lið og öðru, sem var þar, en er nú horfið. Nú þótti þm. heppilegra að láta dýrtíðaruppbót falla á alla gr., en til þess að breyta ekki fjárhæðinni, sem þar var, varð að lækka þessa upphæð á sjálfri gr., og var hún færð niður í 2400 kr. Af einhverri orsök hefur Magnús verið mjög óánægður yfir þessu, að láta ekki standa 3 þús. kr. En aftur með þeirri brtt., sem hv. þm. Snæf. hefur gert, á að hátta því þannig, að það sé eftir sem áður borguð dýrtíðaruppbót, þó að það sé fært upp í 3 þús. kr., og verður þá að bæta 600 kr. við liðinn með öllum uppbótum. Ég hef bent hv. þm. á þetta og geri ráð fyrir, að hann muni taka þessa till. sína aftur til 3. umr. Aftur á móti virðist ekkert vera á móti því að færa það í upphaflega horfið eftir ósk gamla mannsins, þannig að það verði sérstafliður á gr. og hinn stafliðurinn hverfi þá. Ég býst við, að samkomulag verði um þetta, og vil ekki tefja tímann með að tala frekar um það.

2. brtt. er frá hv. 2. þm. Arn. og hv. þm. V.-Húnv. Er það brtt. til hækkunar, sem ég geri ráð fyrir, að einnig muni verða tekin aftur til 3. umr., og skal ég því ekkert um það tala frekar. Er það hækkun á styrk til landlæknisekkjufrúarinnar, Margrétar Magnúsdóttur Stephensen.

Svo er 3. till. hér, sem ekki er mikil á lofti, en kemur mér dálítið kynlega fyrir. Hún er frá hv. sessunaut mínum, þm. Barð. Það er hækkun á einni símakonu eða póstafgreiðslukonu eða hvoru tveggja. Nú er það svo, að skv. 18. gr. er allt póst- og símafólk fært undir einn lið og póst- og símamálastjórnin leggur fram till. um greiðslur til þess fólks, og venjan hefur a. m. k. verið sú, að breytt hefur verið samkv. því. Þetta hefur þótt *vel gefast, og auðvitað þekkir t. d. póst- og símamálastjórn* miklu betur verðleika þessa fólks og hefur í höndunum, hve langan tíma það hefur unnið, og er miklu dómbærari en Alþ. út af fyrir sig á þessi mál.

Ég segi fyrir mig, að ég legg fullkomlega á móti, að þessi till. verði samþ., því að ég tel opna leið fyrir hv. þm., ef krafa hans er sanngjörn, sem ég hef ekki ástæðu til að halda sérstaklega annað um, að fá leiðréttingu mála sinna hjá póst- og símamálastjórn, en láta það ekki koma hér undir úrskurð Alþ. Fleira hef ég ekki að segja að svo stöddu í þessu máli.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég ætla ekki að hafa langt mál um till. mínar. Ég legg til, að veittar verði þúsund krónur til hjúkrunarkonu í Súgandafirði. Sú fjárveiting hefur verið í mörg ár á fjárl., en var tekin út af hv. fyrrv. fjmrh. Það er að vísu svo, að það hefur gengið erfiðlega að fá lærða hjúkrunarkonu, en samt hefur verið þarna hjúkrunarkona, og veitir ekki af að halda styrknum áfram.

Aðra till. ber ég fram um hækkun á vegafé til Hjarðardalsvegar, úr 15 þús. kr. í 40 þús. kr., og Rafnseyrarheiðarvegar, úr 85 þús. kr. upp í 120 þús. kr. Þó að báðar þessar till. verði samþ., er samt lægri fjárhæð áætluð til vega- og brúagerðar í þessu kjördæmi en var á fjárl. yfirstandandi árs.

Þá legg ég einnig til, að 25 þús. kr. verði veittar til að bæta lendingu í Alviðruvör við Dýrafjörð nálægt Núpsskóla. Það er bæði útgerðarstaður og eins lendingarstaður skólans og hins mannmarga þorps að Núpi. Hreppsbúar hafa fullan hug á að leggja fram fé og vinnu á móti, og vitamálastjóri heldur, að komast megi langt með 50 þús. kr. Ég hef heyrt, að fjvn. vilji kannske líta nánar á þetta mál og ráðgast við vitamálastjóra og væri mér þá leyft að taka till. aftur til 3. umr.

Þá er till., sem er borin fram af okkur 4 þm., um 50 þús. kr. fjárveitingu, sem er fyrsta greiðsla af premur til framkvæmda að Hrafnseyri við Arnarfjörð í minningu Jóns Sigurðssonar. Ég mun ekki lýsa þessari till. nánar, því að í dag var útbýtt hér í hv. d. þáltill. um framkvæmdir í þessu efni. Grg. þeirrar till. er fullnægjandi skýring á henni og eins gott að vísa til hennar og lesa það allt saman hér á fámennum fundi. Ef enginn mótmælir sérstaklega þessari till., mun ég láta *nægja þessa grg. þáltill.*

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Eins og vænta mátti, hafa komið hér fram margar brtt. við fjárlfrv. og við brtt. fjvn. frá ýmsum hv. þm., og hef ég fyrir hönd n. veitt athygli þeim rökum, sem hinir ýmsu þm. hafa fært fyrir sínu máli. Enn fremur hefur komið hér fram grg., einkum og sér í lagi frá þeim tveim þm., sem sérstöðu hafa, að því er snertir tekjuáætlunina. Það er eins og eðlilegt er, að því er þann lið snertir, að það sé hægt að benda á ýmsar veilur, bæði að því er varðar tekjuáætlunina, eins og hún liggur fyrir hjá n., og eins þó að henni væri breytt, því að vitanlega verður á engan hátt sagt neitt um það með vissu, hvernig ráðast kann það útlit, sem nú er, að því er snertir atvinnuvegi landsmanna. En sjálfsagt er rétt að taka undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að á afkomu atvinnuveganna hvílir allt þetta mál, og ræður hún mestu um það, hvernig útkoma þess fjárhagsárs verður, er í hönd fer. Hv. þm. benti einmitt á þetta, og margt af því, sem hv. þm. sagði, hefði getað verið röksemd fyrir því, að í rauninni væri tæpast fært að ganga frá fjárl., svo að í lagi væri, fyrr en eitthvað er vitað meira um það, hversu fer um sölu afurða landsmanna. En þess er nú enginn kostur. Bæði gæti tíminn orðið of langur til biðar, og svo er það líka, að jafnvel þó að samningar um fisksölu (fyrirframsölu) tækjust ekki, þá er þar með ekki sögð öll sagan, því að það er ekki loku skotið fyrir það, að salan í sjálfu sér geti orðið sæmileg eða jafnvel eins góð, þó að ekki væri samið fyrir fram. Hv. þm. Borgf. minntist enn fremur á ýmsa liði, sem enn má gera ráð fyrir, að við bætist á fjárl., þó að ekki væri fallizt á neina af þeim brtt., sem liggja hér fyrir, og benti í því efni á þær mörgu n., sem enn starfa og kostaðar eru af ríkisfé. Þetta er alveg rétt athugað, enda var það fram tekið af minni hálfu í upphafi, að teygjan væri úr tekjuskattinum, jafnvel þó að svipað góðæri héldist og nú hefur verið um hríð. Og einmitt þetta, að teygjan er úr þessum tekjustofni, hefur líka haft sín áhrif á þann, sem hefur viljað beita nær vindi en hæstv. Alþ. hefur viljað gera, að því er varðar

áætlun þeirra tekjustofna, sem um ræðir í 2.—3. gr. frumvarpsins.

Hér hafa komið fram ýmsar raddir til aðvörunar í þessu máli, til aðvörunar, að því er snertir meiri hækkun á útgjaldahlið frv. en nú er orðið. Það er nú svo, að jafnvel þeir, sem slíkum aðvörunum halda fram, hafa þó sýnilega komið með till., sem fara í hækkunarátt, og skal það engan veginn átalið af mér, því að svo lengi er ég búinn að vera hér innan þessara veggja, að ég þekki vel þær ástæður, sem legið geta til grundvallar því, að menn beri fram sérstakar brtt. við fjárlagaáætlun. — Þá hefur og verið bent á leið, og þá sérstaklega af einum hv. þm., til þess að ná jöfnuði, og skal ég ekki út í þau málefni fara; það verður vitanlega allt að koma til nánari athugunar, áður en til fulls er gengið frá fjárlfrv., í góðri samvinnu milli stj. og þings. Sömuleiðis má ég segja það fyrir hönd n., að það er ásetningur hennar að vinna áfram að þessu máli, vinna áfram að því að ljúka við afgr. þessa máls á sem sómasamlegastan hátt og í samvinnu við hæstv. ríkisstj., enda er sú samvinna nauðsynleg, eins og málið horfir við, og nauðsynleg í framhaldi af þeirri samvinnu, sem verið hefur hingað til um undirbúning frv. fyrir þessa umr.

Ég vil geta þess, að fjvn. vill fallast á tilmæli hæstv. fjmrh. um það að taka aftur til 3. umr. 29. brtt. á þskj. 579 um kirkjubyggingarstyrk. Með því er þó ekki nein yfirlýsing gefin um það, að n. falli frá þeim till. sínum, en n. sér enga ástæðu til að hafa á móti þessum tilmælum hæstv. fjmrh. — Þá vil ég enn fremur fyrir n. hönd lýsa yfir því, að brtt. á sama þskj., nr. 113, d-lið og g-lið, eru teknar aftur til 3. umr.

Eins og hv. þm. munu geta skilið, hef ég á þessu stigi málsins ekki neina aðstöðu til að gefa neinar sérstakar yfirlýsingar gagnvart einstökum brtt. Í sambandi við það vildi ég beina því til þess hv. þm., er flytur brtt. á þskj. 612, II, um styrk til að starfrækja talstöðvar á afskekktum stöðum, að sú till. er óþörf, enda hefur n. í höndum bréf frá póst- og símamálastjórninni, þar sem lýst er yfir, að þessi styrkur sé þannig vaxinn, að póst- og símamálastjórnin líti svo á, að heimilt sé að greiða hann, ef ástæða þyki til, af ýmsum útgjöldum.

Margir hv. þm. hafa látið svo um mælt, að þeir væru fúsir til þess að taka brtt. sínar aftur til 3. umr. Nú er það svo, að ef fjvn. hvetur til slíks, þá er það kannske lagt þannig út, að með því séu einhver fyrirheit gefin af n. hálfu um að taka upp þær óskir, sem þannig kunna að liggja fyrir. Ég vil því lýsa yfir, að fjvn. hefur engar óskir í þessu efni, og vill hún láta hvern þm. sjálfráðan um, hvort hann heldur fram brtt. nú eða tekur þær aftur til 3. umr. Það er því ekki ætlun mín að fara út í umr. um sérstakar brtt. að þessu sinni, heldur miklu fremur láta slíkt afskiptalaust. En hins vegar hef ég leitazt við að festa niður og skrásetja höfuðrök hv. þm. fyrir hinum einstöku brtt. og mun gera grein fyrir þeim að svo miklu leyti sem mér er unnt á næsta fundi fjvn. eða fundum, sem haldnir verða til undirbúnings 3. umr. málsins.

Að síðustu vildi ég aðeins bæta því við, sem ég hef áður sagt viðvíkjandi tekjuhlið frv., að ég tel það vera nauðsynlegt, — og þar á ég við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um viðskiptaráð, — að ríkissjóðs vegna og ýmislegs annars verði ekki of einstrengingslega haldið á höftum varðandi innflutning á vörum. Ríkissjóður skaðast við það, og almenningur líður við það óþægindi; enn fremur er það til þess að ýta undir dýrtíð í landinu, þegar vöruskortur er á einhverju sviði, sem svo vill verða til þess að hækka mjög í verði þær vörur, sem mjög er sótzt eftir. Teldi ég skaðlaust, að vinnubrögðum viðskiptaráðs yrði breytt á þann hátt að torvelda minna innflutning á ýmsum vörum en verið hefur fram að þessu.

Ég skal svo ekki þreyta neinar umr. lengur um þetta mál. Ég get í rauninni látið í ljós ánægju yfir þeim anda, sem ríkt hefur í ræðum allra hv. þm. um störf fjvn. Hitt er svo annað mál, að það er eðlilegt, að þeir, sem þykjast á einhvern hátt afskiptir eða líta svo á, að n. hafi átt að líta meira á þetta eða hitt fyrirtækið, þennan eða hinn veginn, höfnina eða hvað annað, sem fé skal veita til, láti í ljós óskir sínar og álit sitt á þeim málefnum, sem hér hafa verið rædd við þessa umr. Nú ríður mikið á því, að þeir dagar, sem eftir eru, þangað til endanlega verður gengið frá þessu máli, verði vel notaðir og heppilegt samstarf takist milli allra aðila, sér í lagi milli hæstv. ríkisstj. og fjvn., til þess að finna viðunandi lausn á því, hversu miklu skuli endanlega varið til útgjalda, og ekki síður heppilegt samstarf verði milli hæstv. ríkisstj. og hæstv. Alþ. til þess að finna ráð til að mæta útgjöldum, sem nú verða sett á fjárlfrv. eða fjárl. fyrir næsta ár. Vona ég, að það megi vel takast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 11. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 579,1 samþ. með 26:5 atkv.

— 579,2 samþ. með 31:4 atkv.

— 579,3 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 579,4 samþ. með 29:7 atkv.

— 579,5 samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 612,I aðaltill. felld með 36:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GJ, HermJ, IngP, PHerm, PZ, PÞ.

nei: StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK.

JörB, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (BSt, GG, HG) fjarstaddir.

Brtt. 612,I varatill. felld með 33:12 atkv.

— 579,6—8 samþ. með 41:1 atkv.

— 612,II tekin aftur.

— 579,9 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 579,10 samþ. með 32:12 atkv.

— 579,11 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 579,12—14 samþ. með 40:2 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 579,15—18 samþ. með 35:1 atkv.

Brtt. 612,III felld með 35:1 atkv.
— 579,19 samþ. með 25:2 atkv.
— 579,20 samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 579,21 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 626,I,1—22 teknar aftur.
— 646,I.a—c teknar aftur.
— 626,I.23—25 teknar aftur.
— 646,I.2 tekin aftur.
— 579,22—23 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 646,II—IV teknar aftur.
— 649,I tekin aftur.
— 612,IV tekin aftur.
— 579,24 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 612,V tekin aftur.
— 626,II felld með 25:9 atkv.
— 612,VI tekin aftur.
12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 579,25.1—19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 612,VII.1 tekin aftur.
— 579,25.20 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 612,VII.2 felld með 30:1 atkv.
— 579,25.21 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 612,VII.3 tekin aftur.
— 579,25.22 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 612,VII.4 felld með 30:1 atkv.
— 579,25.23—25 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 612,VII.5 felld með 29:3 atkv.
— 579,25.26 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 626,III.1 tekin aftur.
— 579,25.27 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 626,III.2 tekin aftur.
— 579,25.28—29 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,VIII.1—2 teknar aftur.
— 579,25.30—39 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 626,IV.1 tekin aftur.
— 579,25.40 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 626,IV.2 tekin aftur.
— 579,25.41—49 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 612,IX.1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 579,25.50, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
— 612,IX.2 felld með 26:8 atkv.
— 579,25.51 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 612,IX.3 felld með 26:10 atkv.
— 579,25.52—53 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 612,IX.4.a. tekin aftur.
— 612,IX.4.a. varatill. tekin aftur.
— 579,25.54 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 612,IX.4.b. tekin aftur.
— 579,25.55—62 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 649,II.2 tekin aftur.
— 579,25.63—64 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 626,V.1 tekin aftur.
— 579,25.65—67 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 626,V.2 tekin aftur.
— 579,25.68—81 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,X.1 tekin aftur.
— 579,25.82 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,X.2 tekin aftur.
— 579,25.83—85 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,XI.1 tekin aftur.
— 579,25.86 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 612,XI.2 tekin aftur.
— 579,25.87 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 612,XI.3—4 teknar aftur.
— 579,25.88—100 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 612,XII tekin aftur.
— 612,XII varatill. tekin aftur.
Brtt. 579,25.101—106 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 579,25.107 samþ. með 37:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, IngP, JJós, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SG, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, HelgJ, HermJ, GSv.
nei: JakM, JS, SB, SEH, SK, SÞ, BBen, GÞ, GJ. JPálm, ÁkJ, GTh greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, GG, HG) fjarstaddir.
Brtt. 612,XIII tekin aftur.
— 612,XIII varatill. felld með 25:13 atkv.
— 579,26.a—b.1—2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 612,XVI felld með 25:11 atkv.
— 579,26.b.3 samþ. með 33:1 atkv.
— 612,XIV.1—2 teknar aftur.
— 612,XV.1 felld með 25:11 atkv.
— 612,XV.2 felld með 25:13 atkv.
— 612,XVII.1 tekin aftur.
— 612,XV,3 felld með 25:8 atkv.
— 612,XVIII.2 tekin aftur.
— 612,XVII.2 tekin aftur.
— 612,XVIII.1 felld með 29:11 atkv.
— 612,XIX.1 felld með 25:4 atkv.
— 612,XIX.2—3 teknar aftur.
— 612,XIX,4 felld með 25:12 atkv.
— 612,XX felld með 25:11 atkv.
— 612,XXI tekin aftur.
— 626,V.3 felld með 28:10 atkv.
— 646,V tekin aftur.
— 646,VI.1—2 teknar aftur.
— 579,26.b.4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,XXII felld með 28:13 atkv.
— 612,XXIII tekin aftur.
— 646,VII.1—15 felldar með 30:9 atkv.
— 612,XXIV.1 felld með 26:9 atkv.
— 612,XXIV.2 felld með 29:4 atkv.
— 579,27.1.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 626,VI tekin aftur.
— 579,27.1.b—n samþ. með 37 shlj. atkv.
— 612,XXV tekin aftur.
— 579,27.1.o—r samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,XXVI—XXVIII teknar aftur.
— 579,27.2.a—y samþ. með 37 shlj. atkv.
— 612,XXIX.1—2 teknar aftur.
— 612,XXX.1.a—b teknar aftur.
— 626,VII—VIII teknar aftur.
— 579,27.3—4 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 579,28.a—b samþ. með 35 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 579,29.1—6 teknar aftur.
— 612,XXX.2 tekin aftur.
— 579,30 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 612,XXXI felld með 25:13 atkv.
— 612,XXXI varatill. felld með 24:19 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BG, BÁ, EystJ, GÞ, HelgJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, KA, PHerm, GSv.
nei: PM, SigfS, SB, SG, SK, StJSt, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, JJós, JPálm, LJóh, LJós, MJ, ÓTh.
PO, StgrA, ÁS, EE, JakM greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, GG, HG, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 579,31 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 579,32 samþ. með 29:10 atkv.
— 579,33—41 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 626,IX tekin aftur.
— 579,42 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 646,VIII samþ. með 27:4 atkv.
— 579,43—44 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 612,XXXII tekin aftur.
— 579,45—49.a samþ. með 27 shlj. atkv.
— 649,II.3 tekin aftur.
— 579,49.b samþ. með 28:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 579,50—52.1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 612,XXXIII samþ. með 23:12 atkv.
— 612,XXXIV.a—b felld með 23:4 atkv.
— 646,IX tekin aftur.
— 579,52.2—53 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 649,II.1 tekin aftur.
— 579,54.a—b samþ. með 30:2 atkv.
— 579,54 aths. felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, SEH, SK, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁS, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, IngP, JJós, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PZ.
nei: SigfS, SB, SG, SÞ, StgrA, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, GJ, GTh, HelgJ, JakM, JS, KA, LJós, MJ.
PÞ, PO, BBen, EE, GÞ, HermJ, IngJ, LJóh, PHerm, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, GG, HG) fjarstaddir.
Brtt. 612,XXXV tekin aftur.
— 579,55.a—b samþ. með 27:1 atkv.
— 646,X tekin aftur.
— 579,56—58 samþ. með 27 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 579,59 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,XXXVI tekin aftur.
— 579,60—61 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 612,XXXVII tekin aftur.
— 579,62—63 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 612,XXXVIII felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÞ, SvbH, ÁS, BÁ, BBen, EE, GÞ, HelgJ, HermJ, IngJ, JakM, JS, JJ, JörB, PHerm, PÞ, SB, GSv.
nei: SEH, SK, SkG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, JJós, JPálm, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PZ, PM, PO, SigfS, SG.
EystJ, GTh, IngP greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, GG, HG) fjarstaddir.
Brtt. 612,XXXIX tekin aftur.
— 579,64—69 samþ. með 32:1 atkv.
— 649,III tekin aftur.
— 612,XL.1 tekin aftur.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 579,70 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 612,XL.2—XLI teknar aftur.
— 579,71 samþ. með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, EystJ, GÞ, GJ, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS.
nei: JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, FJ, GÍG, GTh, JakM.
PZ, ÞG, ÁkJ, EmJ, HermJ, GSv greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, BÁ, GG, HG) fjarstaddir.
Brtt. 579,72 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 579,73 samþ. með 25:5 atkv.
Brtt. 579,74—77 samþ. með 33:1 atkv.
— 612,XLII felld með 28:4 atkv.
— 579,78 samþ. með 34 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 579,79—81 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 612,XLIII—XLV teknar aftur.
— 579,82 tekin aftur.
— 579,83—108 samþ. með 38 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 579,109 samþ. með 34:1 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 579,110—112 samþ. með 34 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 579,113.d og g teknar aftur.
— 579,113.a—c,e—f,h—m, samþ. með 29 shlj. atkv.
— 612,XLVI felld með 27:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, HermJ, IngP, JörB, LJós, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SÞ, SkG, SvbH, ÁS, BÁ, EystJ.
nei: GJ, GÍG, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, KA, LJóh, MJ, PM, PO, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GÞ.
JS, StgrA, BG, EE, GSv greiddu ekki atkv.
5 þm. (GG, HG, JJ, ÓTh, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 612,XLVII felld með 24:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SÞ, SkG, SvbH, ÁS, BG, BÁ, EE, EystJ, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JörB, LJós, GSv.
nei: PM, SigfS, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, JakM, JJós, JPálm, KA, LJóh, MJ.
BrB greiddi ekki atkv.
5 þm. (BSt, GG, HG, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 612,XLVIII samþ. með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JörB, LJós, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, ÁS, BG, BÁ, EystJ, GSv.
nei: GÍG, JakM, JJós, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SG, SK, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, BBen, EOl, EmJ, FJ, GÞ.
GJ, JPálm, KA, ÞÞ, BrB, EE greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, GG, HG, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 612,XLIX tekin aftur.
— 646,XI felld með 30:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LJós, PHerm, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP.
nei: JJós, JPálm, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, IngJ, JakM.
JS, JJ, PO, SB, BrB, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, GG, HG) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Jóhann Jósefsson: Ég tel, að treysta megi því, að hæstv. ríkisstj. muni athuga þá möguleika, sem á því kunni að verða að auka strandferðakost, án þess að til þurfi áskorun á þennan hátt, og segi því nei.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er kunnugt, að strandferðunum er mjög ábótavant, og mun ríkisstj. því athuga það mál eins og mörg önnur vandamál, sem að steðja, og mun gera það án leiðbeiningar frá flm. þessarar brtt. Segi ég því nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég veit ekki til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi heimild samkv. fjárlögum til að kaupa strandferðaskip, og sé því ekki, á hverju grg. hæstv. forsrh. er byggð, segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins — um leið og ég vísa til grg. hæstv. forsrh. — geta þess, að strandferðamálin eru í athugun hjá nefnd, sem hefur ekki enn skilað áliti, en mun gera það bráðlega. Tel ég því óhyggilegt að slá neinu föstu um það, hvernig strandferðaskipin skuli vera, og segi nei.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til grg. hæstv. samgmrh. segi ég nei.

Brtt. 649,IV.1—2 teknar aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 694, n. 698, 701, 725, 731, 740, 741).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 740 og 741. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Eins og lög standa til, hefur fjvn. haft frv. til framhaldsmeðferðar milli umr. og þær brtt. og erindi, sem óskað hefur verið, að til álita kæmu við 3. umr. Með sumar þær óskir hafa menn snúið sér einvörðungu til n., en aðrar hafa komið fram í brtt. einstakra þm. við 2. umr. Brtt. fjvn. eru á þskj. 725 og 731.

Fyrst vildi ég bæta úr því, sem niður féll við 2. umr., að skýra frá því við þann lið 12. gr., sem ætlaður er til sjúkrahúsbygginga, læknisbústaða og sjúkraskýla, hvernig ætlazt er til, að fjárhæðin, 1,1 millj., skiptist. Er það ákveðið þannig í samráði við landlækni:

Akureyri	200	þús.	kr.
Keflavík	150	—	—
Patreksfjörður	150	—	—
Akranes	150	—	—
Vestmannaeyjar	100	—	—
Selfoss	75	—	—
Seyðisfjörður	50	—	—
Egilsstaðir	50	—	—
Stórólfshvoll	50	—	—
Álafoss	25	—	—
Eyrarbakki	50	—	—
Flateyri	25	—	—
Til kaupa á röntgentækjum o.fl. áh.	30	—	—
Samtals	1100	þús.	kr.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 725. Að því er snertir hina fyrstu, greiðslu vaxta af skuldum vegna læknishéraða, koma 4 héruð til greina, Reykhóla- og Dalahérað með 900 kr., Ögurhérað með 800 kr. og Hesteyrarhérað með 400 kr. Þá er um læknisvitjanasjóði, að liðurinn orðist svo sem þar segir. Er það gert eftir till. landlæknis. Hann skrifaði n. erindi um þetta mál, eftir að n. hafði leitað til hans með það, hvernig þessu yrði bezt fyrir komið. Við 2. umr. var borin fram brtt. um 50 þús. kr. í þessu skyni, en gekk eigi fram. Í brtt. var tilætlunin að nota þetta fé til að gera héruðin aðgengilegri. En það taldi landlæknir algerlega fráleitt, það gæti komið á einhvers konar uppboði, þannig að læknar segðu lausum héruðum sínum til að geta komizt að þeim fríðindum, sem með læknislausu héruðunum væru boðin. Upphæðin er ákveðin 30 þús. kr. í samráði við landlækni, þar af aukaframlög 11950 kr. til þeirra hreppa, sem eiga örðugasta læknissókn, skipt samkv. l., sem vísað er til í brtt. Mér hefur borizt til eyrna, að sú tilvísun til l. þýði, að sumir þeir hreppar, sem nú eiga mjög erfitt að ná lækni, verði útilokaðir frá styrk. Sé svo, mun geta orðið samkomulag um að breyta þarna orðalagi. Stefnt er að því, að slíkum læknisvitjanasjóðum verði komið upp sem víðast, og miðar það bæði að heill almennings og haganlegu fyrirkomulagi fyrir ríkið í þessu efni. — Landlæknir taldi, að á læknislausa staði færi mikið fé úr ríkissjóði. Í héruðum þeim, sem vantar lækni, hefur verið greitt sem svarar hálfum læknislaunum í sjóði þessa. Þar sem þetta er ekki nema heimild fyrir ríkisstj., er nokkur vafi, hve mikið þessir sjóðir eiga að vaxa á þennan hátt.

3. brtt. er um akfæra sýsluvegi. Þar hefur n. gert 15 þús. kr. hækkun með tilliti til vegar í Breiðdalsvík, sem leggja skal í sambandi við bryggjugerð þar. Það var skýrt fyrir n., að smíði bryggjunnar mundi við lagningu vegarins verða bæði miklu fljótari og ódýrari. Þótti n. sjálfsagt að líta á það.

4. brtt. er um hafnargerðir. N. hefur leyft sér að leggja til, að þar komi nýr liður, Akureyri, með 50 þús. kr. fjárveitingu. Það má segja, að þetta sé eina brtt. á þessu sviði, sem n. hefur ekki gert í samráði við ríkisstj. En svo er mál með vexti, að þingið hefur nú samþ. hafnarlög fyrir Akureyri og þar eru víst byrjaðar framkvæmdir. En þess var ekki gætt að leggja teikningar fyrir vitamálastjóra í tæka tíð. Því hefur Akureyri helzt aftur úr með fjárveitingar. 50 þús. kr. er að vísu lítil upphæð, en gert er ráð fyrir, að veitt verði aukafjárveiting úr hafnarbótasjóði, ef ástæður eru fyrir hendi. Í nál. leggur n. til, að fjárveitingin greiðist að því tilskildu, að vitamálastjóri samþ. framkvæmdirnar og undirbúning þeirra. Verður Akureyri að fallast á sömu breyt. og aðrir staðir, sem hafnarframkvæmdir hafa með höndum.

5. brtt. er um bryggjugerð og lendingarbætur. Þar er um sömu upphæðir að ræða. Munu þær hafa fallið niður, þegar málið var afgr. til 2. umr. Þessi leiðrétting er gerð í samráði við þann ráðh., sem fer með vita- og hafnarmál.

6. brtt. er hækkun um 15 þús. kr. Það eru námsstyrkir samkv. ákvörðun Menntamálaráðs vegna fram kominna fimm umsókna um styrkina, sem heyra undir þennan lið. Umsækjendur eru þessir: Haukur Jörundsson, til þess að kynna sér búnaðarháttu í Englandi, Óskar Sveinsson, til að stunda garðyrkjunám í Noregi, Páll Pálsson, til framhaldsnáms í dýralækningum, Óskar Bjarnason, til að

kynna sér herzlu lýsis, og Hjalti Björnsson landbúnaðarkandídat, sem dvelst nú í Danmörku, en á nú kost á vinnu þar til frambúðar. Búnaðarfél. Ísl. telur þörf á vinnu hans hér á landi, og bíður hann nú eftir að komast heim og starfa hér.

7. brtt. er nýr liður, en þó gamall kunningi. Það er 1000 kr. styrkur til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi. Þennan styrk þótti ekki rétt að fella með öllu niður nú.

8. brtt. er 15 þús. kr. hækkun á styrk til Handíðaskólans. Framvegis mun skólinn verða í húsakynnum tilraunaskólans, sem ætlazt er til, að reistur verði.

9. brtt. er styrkur til Sigurðar Skúlasonar, til að halda uppi tilsögn í framsagnarlist. Fyrrv. stj. felldi niður þennan styrk. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að prestsefnum verði veitt ókeypis tilsögn í framsagnarlist. — B-liður er styrkur til Hallgríms Helgasonar tónskálds fyrir að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina. Þennan lið hafði fyrrv. stj. felt niður úr fjárlfrv., en lét standa fjárveitingu til sama manns á öðrum stað til útgáfu sönglaga. Fjvn. leggur aftur á móti til, að útgáfustyrkurinn falli niður.

10. brtt. er styrkur til Þjóðskjalasafnsins, og er hann hækkaður um 2000 kr. vegna bókbands og fleira.

11. brtt. er varðandi skáld, rithöfunda og listamenn. Eins og kunnugt er, lagði n. fram till. við 2. umr. um nýtt fyrirkomulag við úthlutun styrkjanna, en hæstv. Alþ. gat ekki fallizt á hana. En n. þótti nauðsynlegt að bera fram aðra till. í þessu máli, því að annars stendur ekkert um það, hvernig úthluta skuli því fé, sem þingið veitir á fjárl. til þessara mála. Nú gerir n. þá till., að n., sem ráðh. skipar, úthluti þessu fé. Í n. þessa skal skipa fimm menn, fjóra samkv. tilnefningu þingflokkanna og forseta Þjóðvinafélagsins, og skal hann vera form. n.

12. brtt. er dálítil hækkun á styrk til Jóns Norðfjörðs leikara.

13. brtt. er styrkur til lúðrasveitar Reykjavíkur. Hún fór fram á helmingi hærri upphæð. En n. leit svo á, að Reykjavíkurbæ bæri að leggja þar nokkuð á móti.

14. brtt. hef ég lýst, þar sem ég ræddi um 9. brtt., b-lið. Það er útgáfustyrkur til Hallgríms Helgasonar. N. leggur til, að liðurinn falli niður.

15. brtt. er varðandi Landssamband blandaðra kóra og kvennakóra. Er hún ekki um annað en gera þetta landssamband jafnrétthátt öðrum kórum í landinu. Er veitt dýrtíðaruppbót á þennan styrk eins og styrki til annarra kóra.

16. brtt. er um brjóstlíkneski af Hirti Snorrasyni fyrrv. alþm. og skólastjóra. Hann var, eins og kunnugt er, mikill verðleikamaður á mörgum sviðum. Hefur verið ákveðið að reisa brjóstlíkneski af honum í garðinum á Hvanneyri við hliðina á líkneski af Halldóri Vilhjálmssyni. Líkneskið hefur verið í smíðum síðan 1940, en er nú fullgert. En kostnaður hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir þá.

17. brtt. er sami styrkur og áður hefur verið veittur til blaðanna Heimskringlu og Lögbergs. Tel ég óþarft að rökstyðja það, hvers vegna rétt er að styrkja þessi blöð, sem gefin eru út af löndum okkar vestan hafs.

18. brtt. er varðandi tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, 25 þús. kr. hækkun. Er ætlazt til, að það fé renni allt til tilraunastöðvar á Reykhólum. Hv. þm. Barð. (GJ) flutti brtt. um þetta við 2. umr. fjárl. fyrir nokkrum árum. Vill n. viðurkenna réttmæti þessara till. og leggur til, að nokkru fé verði varið til þessa máls.

19. brtt. er nýr liður. Það er til fyrirhleðslu á Þverárbökkum neðan Þverárbrúar. Þessi fyrirhleðsla er nauðsynleg, vegna þess að Þverá er að brjóta skörð í þjóðveginn fram hjá Bakkaseli, og er þar stórt graslendi í mikilli hættu. Fannst n., að ekki yrði hjá því komizt að reyna að bægja þessari hættu frá.

20. brtt. er um hækkun á styrk til dýralækna, og er hækkunin ætluð manni, sem heitir Hólmgeir Jensson og stundar dýralækningar.

21. brtt. er styrkur til Sverris Markússonar til dýralæknisnáms samkv. till. yfirdýralæknis.

22. brtt. er nýr liður, viðurkenningarstyrkur til Bjarna Böðvarssonar í Bolungavík og Eiríks Einarssonar, Réttarholti, 2500 kr. til hvors. Það getur verið, að þetta þyki lágt, en n. treysti sér ekki til að hafa þessa upphæð hærri. (GJ: Fyrir hvað fær Bjarni styrk?) Bjarni Böðvarsson hefur lagt líf sitt í hættu til að bjarga 7 mönnum úr sjávarháska.

23. brtt. er um, að liðurinn Íslenzk ull falli niður. N. virðist ekki næg ástæða vera til þess, að þessi útgjaldaliður sé látinn standa í fjárl.

24. brtt. er lítils háttar hækkun á styrk til gamalmennahæla, og er ætlazt til, að þessi hækkun renni til gamalmennahælisins á Patreksfirði.

25. brtt. er aðeins um reglur við úthlutun á því fé, sem varið er til mæðrastyrksnefnda, og er ætlazt til, að fénu sé úthlutað að fengnum till. Mæðrastyrksn. Reykjavíkur. Þessi athugasemd, sem er brtt., féll niður við 2. umr.

26. brtt. er um framleiðslubætur. N. leggur til, að liðurinn falli niður.

27.—45. brtt. snerta allar 18. gr. Það eru ýmsar leiðréttingar og smá-fjárveitingar til manna, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem venjulega hafa verið lögð til grundvallar, þegar þessir smástyrkir 18. gr. hafa verið ákveðnir. Ég tel ekki ástæðu til að ræða hvern lið sérstaklega, nema tilefni gefist til.

46. brtt. er nýr liður, vegna nýrra launal., 4½ millj. kr. Það hefur tekið töluverðan tíma fyrir n. að fá upplýst, hvað samþykkt launal.frv. mundi hafa mikil aukagjöld í för með sér. Fyrst þegar n. leitaði til ráðun. um upplýsingar, gaf skrifstofustj. fjmrn. upp lægri upphæð en nú. Það er gert ráð fyrir, eins og frv. liggur fyrir nú, að hækkunin muni nema kringum 6 millj. kr. En samkv. upplýsingum frá stj. kemur hækkunin ekki til framkvæmda á fyrsta fjórðungi næsta árs, og er upphæð fjvn., 4½ millj. kr., miðuð við það.

47. brtt. A er heimild, sem fellur undir 22. gr. Þar er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að greiða halla, ef hann verður, á óperettu, sem viðurkenndir söngfrömuðir hér í bænum hafa samið.

47. brtt. B tilheyrir sama lið. Þar er farið fram á ábyrgð fyrir Konráð Gíslason til að koma upp verkstæði fyrir áttavitasmíði í Reykjavík. Konráð Gíslason er, eins og flestum, sem við útgerð fást, er kunnugt, áttavitasmiður og viðgerðar-

maður. Hann hefur nú orðið að láta af hendi það húsnæði, sem hann hefur haft, og þarf því að fá skilyrði til að geta unnið að þessu eins og áður. Það er því nauðsynlegt, að þetta fáist framkvæmt.

Stafliður C undir sama lið er að greiða 100 þús. kr. til Hallormsstaðar til þess að kenna kennslukonum vefnað. Þessi liður var felldur niður í fjárlfrv. af fyrrv. ríkisstj., en virðist þurfa að vera, því að kennslan má ekki falla niður, og hefur n. gert till. samkv. því.

Undir staflið D er heimild til þess að verja úr ríkissjóði 1,4 millj. kr. til aukningar á símakerfinu, ef tekjur landssímans leyfa. N. var kunnugt um, að landssímastjórnin hefur farið fram á heimild til þess að byggja símahús í Borgarnesi og Hrútafirði án þess að fá um það ádrátt hjá fyrrv. ríkisstj. Sömuleiðis lá fyrir n. rökstudd ósk frá Vestmannaeyjum um, að þar yrði komið upp nýrri símastöð og endurbætt símakerfi. Þetta var svo rætt í n. að viðstöddum hæstv. fjmrh. og fulltrúa póst- og símamálastjóra, og þar kom það til tals í sambandi við þá hækkun, sem væntanleg er á símagjöldum, að ef tekjur landssímans leyfa, sem ætla má eftir væntanlega hækkun, verði ríkisstj. heimilað að verja 1,4 millj. kr. til byggingar nýrra símastöðva í Borgarnesi, Vestmannaeyjum o. fl. stöðum og svo til endurbóta á símakerfi landsins.

Þá er E-liður, heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja allt að 4 þús. kr. til að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir till. heilbrigðisstjórnar. Kunnugt er, að ýmsir hv. alþm. hafa við 2. umr. þessa máls borið fram óskir í þessa átt. N. ræddi þetta við landlækni og komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegt væri, að ríkisstj. hefði heimild í þessu efni. N. ákvað upphæðina, en ekki, hvernig hún skyldi skiptast, heldur fer það eftir till. heilbrigðisstjórnar.

Stafliður F er heimild handa ríkisstj. til þess að selja varðskipið Þór, ef viðunandi boð fæst, enda verði fénu varið til smíða eða kaupa á nýju varðskipi. Þetta er till. meiri hl. fjvn., og skýrir hún sig sjálf. Ég tel ekki þörf að ræða hana, enda mundi það, sem ég kynni um það að segja, ekki verða til sérstakra meðmæla fyrir þessari till., en það er sem sagt till. frá meiri hl. fjvn.

Þá er G-liðurinn. Hann er um að leggja til hliðar og geyma fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til sérstakra framkvæmda, ef upphæðin er ekki notuð. Um þetta er ekkert nýtt að segja. Þetta hefur staðið í fjárl. fyrr og talið sjálfsagt, að slík ákvæði séu í fjárl.

Þá kemur stafliður H, sem er heimild handa ríkisstj. að greiða Matthíasi Einarssyni lækni óskert prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítalanum. Þessi virðulegi og velmetni læknir er nú meira en hálfsjötugur að aldri, og þarf ég ekki að lýsa fyrir hv. alþm. því áliti, sem þessi stórvirki og vinsæli læknir nýtur með alþjóð. Ég kann ekki heldur tölu á þeim hóp læknastúdenta, sem hafa lært hjá honum, unnið með honum og séð handbrögð hans og haft mjög gott af, né heldur kann ég tölu á því fé, sem hann hefur á ýmsum tímum gefið eftir þeim, sem eitthvað hafa átt erfitt með að greiða læknishjálp. Ég tel víst, að hv. alþm. muni vera sammála fjvn. um það að sýna Matthíasi Einarssyni þann sóma, sem hér er lagt til, að gert verði, og skal hér ekki hafa um það fleiri orð.

Þá kemur stafliður I, sem fjallar um að greiða dr. Eiríki Albertssyni á Hesti þá viðbót við lífeyri, að hann fái 6 þús. kr. árslaun að viðbættri verðlagsuppbót. Þetta var fellt niður af 18. gr., og sama er að segja um staflið J, um séra Jakob Kristinsson fyrrv. fræðslumálastjóra, sem eins stendur á um. Voru báðir felldir úr 18. gr., en teknir í þessa gr., meðan verið er að reikna út laun þeirra. Þessir tveir menn og störf þeirra eru svo kunn, að ég þarf ekki um það að ræða frekar.

Stafliður K er heimild til þess að verja 5 millj. kr. til aukningar fiskiflota landsmanna. Þessi till. er tekin upp í samræmi við vilja hæstv. ríkisstj., og er skýringin sú, er hér greinir: Í framkvæmdasjóði eru 11375000 kr., en af því fé er í fjárl. varið 5 millj. kr. til skipasmíða. Nú er hér til meðferðar í þ. frv., sem gerir ráð fyrir, að lagðar séu fram 3 millj. kr. til kaupa á landbúnaðarvélum. Þá verða eftir 3375000 kr., og þyrfti að taka að láni 1625000 kr. í þessu skyni, það er að segja, ef heimildin er notuð að fullu, sem nú er lagt til að veita hæstv. ríkisstj.

L er nýr liður og líka fluttur að tilmælum hæstv. ríkisstj., og er þar lagt til að verja 500 þús. kr. til flugmála, ef þörf krefur, og er það vegna þess, að ef til yfirtöku á flugvöllunum í Reykjavík og Keflavík kemur, er nauðsynlegt að hafa yfir meira fé að ráða en gert er ráð fyrir í fjárl. Hv. þm. mun öllum kunnugt, að samkv. samningi við hernaðaryfirvöldin, brezku og amerísku, þá stendur það til, að íslenzka ríkið yfirtaki flugvellina. Er þá nauðsynlegt, að fé sé handbært til þeirra útgjalda, sem verða kynnu í sambandi við yfirtökuna og starfrækslu þessara flugvalla. — Ég vil taka það fram, að þessi heimild er ekki til þess að kaupa þessa flugvelli, því að þeir eiga að afhendast landinu án endurgjalds.

Loks er á þskj. 731 brtt. frá n. eða till. um umbætur á Þingvöllum, 90 þús. kr. Það er bein fjárveiting ætluð til að koma á 15. gr. Þessi till. réttlætist af bréfi því frá Þingvallanefnd, sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp:

Reykjavík, 14. des. 1944.

„Á fundi Þingvallanefndar í dag var rætt um nauðsynlegar umbætur á þjóðgarðinum. Voru nm. á einu máli um það, að ekki verði komizt hjá að gera á næsta sumri umbætur þær, er hér greinir:

1.	Akvegur af Þingvallavegi niður í Kárastaðanes kr. 60 þús. ÷ 30 þús. annars staðar frá	kr. 30.000.00
2.	Framhald gangstígs með vatninu	— 20.000.00
3.	Almenningssalerni	— 40.000.00
		Kr. 90.000.00

Nefndin leyfir sér að fara fram á það, að ríkisstjórnin og fjvn. mæli með þessu framlagi í fjárlögum 1945.“

N. flutti því þessa till. samkv. ósk Þingvallan. og í samráði við hæstv. ríkisstj. Síðari brtt. er aðeins lítils háttar leiðrétting á orðalagi við 27. brtt. á þskj. 725, að liður, sem lagt er til, að falli niður, nefnist: „Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar“, og er það réttnefni, en á þskj. er hann nefndur: „Til framleiðslubóta o. s. frv.“

Ég held þá, að ég hafi minnzt á brtt. fjvn. við þessa umr., og er þess þá að geta, að þær eru að

langmestu leyti fluttar í samráði við og sumpart eftir ósk hæstv. ríkisstj. og í rauninni í mörgum tilfellum til þess að mæta að nokkru leyti óskum hv. þm., sem bornar eru fram í heyranda hljóði eða við n. — Hækkunin, sem hér um ræðir, er alls 4709638 kr. Eins og ég skýrði frá áðan, hefur stj. í hyggju að bera fram till. um hækkun á símagjöldum, um 3 millj. kr., og enn fremur brottfall á 2 millj. kr. til áburðarverksmiðju, og enn fremur liggur fyrir Alþ. frv. um nýjan tekjuaukaskatt. Gert er ráð fyrir aukatekjum vegna þessa frv. um 6 millj. kr. Ef svo fer fram sem þar horfir og tekið er um leið tillit til þeirra till., sem hér hefur lýst verið, og fjárl. að öðru leyti, þá virðist n., að greiðsluafgangur muni nema á þessu stigi málsins 654457 kr., en rekstrarafgangur 8855403 kr.

Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. — Eins og sjá má á þskj. 698, hefur samvinnun. í samgöngumálum, þ. e. a. s. sameinaðar samgmn. Alþ., lagt til, að nokkur tilbreytni yrði gerð á svo kölluðum flóabátaferðum. Þessi tilbreytni er eingöngu í því fólgin, að aðeins hefur verið bætt við til þess að gera samgöngurnar nokkru auðveldari fyrir ýmsa landshluta með því að hækka tillagið til áætlunarbáta og flóabáta, sem nauðir hafa til rekið. Mun ég nú nánar greina frá því í stórum dráttum, sem fram hefur farið, og hversu gengið hefur á árinu með þessar ferðir.

Efalaust má segja, að árangur og útkoma sé í raun og veru vonum betri, og eins og hv. þm. munu sjá, þá byggjast þessi ummæli á því, að í langflestum tilfellum hefur orðið að álíta, að þessir styrkir, sem veittir eru og áætlaðir til þessara samgangna, hafi verið og verði enn næsta ár með líku ástandi fullnægjandi. Þar er þó þess að geta, að á sumum stöðum hefur þetta ekki verið reiknað til hlítar, með því að Skipaútgerð ríkisins hefur samkv. því, sem ákvarðað hefur verið og ríkisstj. hefur orðið að láta fara fram, tekið að sér að annast að meira eða minna leyti um þær samgöngur, sem svo hafði hagað til um, að ekki varð öðruvísi út úr þeim komizt, og má þá þar til nefna ekki sízt samgöngurnar við Norðurland. Skipaútgerðinni var falið að halda uppi samgöngum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar eða á milli Sauðárkróks um Siglufjörð og til Eyjafjarðar að vetrarlagi. Sá styrkur, sem til þessara samgangna er veittur, er ætlaður til þess að ganga upp í þann kostnað, sem er meiri en því nemur, er ríkisútgerðin verður að hafa til þess að fullnægja þessum ferðum. En það þykir henta að hafa þann hátt á, vegna þess að það er engan veginn tilgangurinn að afhenda Skipaútgerð ríkisins til fullnustu þessar ferðir. Það er neyðarúrræði. Skipaútgerð ríkisins hefur að sjálfsögðu á sínum höndum hinar svo kölluðu strandferðir með ákveðnum strandskipum, en hún hefur líka í umboði þ. og stj. umsjón með flóabátaferðum og nokkra ábyrgð á því, að þær falli ekki niður, þótt eitthvað komi fyrir, sem hindri, að þær haldi áfram. Enn hefur orðið svo að vera, að Skipaútgerð ríkisins hefur haft á sínum höndum Austfjarðasamgöngurnar að miklum mun og einnig Austfjarðabátarnir, sem svo mætti nefna, Hornafjarðar- og Austfjarðabátur, og eru veittir til hans nokkrir tugir þús. kr., sem ganga upp í kostnað Skipaútgerðarinnar, en til þess hefur ekki fengizt á liðnu ári og þessu ári neinn fjárkostur, sem á nokkurn hátt fullnægi svo Skipaútgerðinni að annast um það, og mun svo verða á næstu árum. Loks er þess að geta, að Skipaútgerðin hefur í umboði samvinnun. annazt samgöngur á Faxaflóa, eftir að Laxfoss strandaði. Reyndist nauðsynlegt, að hið opinbera skærist í leikinn um þær samgöngur til aukins öryggis. Nú hefur verið ákveðið, að h/f Skallagrímur annist um samgöngurnar á sjó milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness að mestu, enda mun nú von til þess, að takast muni að ná Laxfossi á flot aftur, stórum endurbættum, svo að þessar samgöngur ættu að verða öruggari en áður.

Það er ýmislegt við þessa útgerð, sem hvorki n., hæstv. ríkisstj. né Skipaútgerð ríkisins hafa getað fallizt á, og er ekki um það að sakast. Þennan halla verður að bæta, og þótti því eðlilegt að bæta meiri hluta hans úr ríkissjóði, en minni hlutann af félaginu, sem úthaldið hafði, h/f Skallagrími í Borgarnesi. Þannig er tilkomin sú till. til hækkunar þessum styrk í heild, að til Borgarnessbátsins verða veittar 120 þús. kr. úr ríkissjóði, og er það í raun og veru upp í meiri hluta rekstrarhallastyrksins á þessu ári.

Nokkrar aðrar tilbreytingar, — eins og ég gat um, — hafa hér orðið að verða. Skal ég þar aðeins benda á, að það hefur orðið að hækka nokkuð styrk Breiðafjarðarsamgangna, bæði rekstrarstyrk og hallastyrk til Flateyjarbátsins, og er greint frá því á nál. Einnig hefur verið óhjákvæmilegt að hækka að litlu leyti suma aðra styrki þar, og má þakka fyrir, meðan útgerðin þar sér sér fært að halda uppi ferðum á þessum slóðum. Hefur n. athugað þessar ferðir og komizt að raun um, að yfirleitt er vel á haldið, þannig að Breiðafjarðarsamgöngur verður að telja meðal þeirra samgangna, sem skylda er að halda uppi og reyna að láta sem mesta fullnægingu verða á. Hafa n. ekki borizt kvartanir þaðan úr héraði um það, sem miður hefur farið, eða að minnsta kosti svo óverulegar, að þær taka ekki tali.

Ég hef þegar getið um Austfjarðasamgöngurnar, sem Skipaútgerð ríkisins verður að hafa með höndum að allmiklu leyti, en þess ber þó að geta, að sumir staðir, eins og Austfirðir, eru að því leyti betur settir en aðrir staðir, að um þá fara nú strandferðir eftir áætlun, og eru það aðeins fjarðabátarnir, sem annast samgöngur milli Hafnar í Hornafirði og austur og norður, sem hér geta komið til mála, að verði að styrkja. Hins vegar er þetta í rauninni ónumið land í þessum skilningi, og verður að koma upp sérstöku skipi fyrir Austfjarðasamgöngur, enda er uppi mikil hreyfing um það á þessum slóðum, og verður það gert, þegar tímar verða eðlilegir, sem vart mun dragast lengi úr þessu. — Hið sama má segja um Vestmannaeyjar, — en til samgangna þangað er ekki breyt. á styrkveitingu, — að þegar tímarnir verða betri og allt kemst í samt lag eða það lag, sem menn geta gert sér vonir um, þá verður samgöngum þangað hagað með allt öðrum hætti en nú er, hvort sem um verður að ræða sérstakt skip á vegum hins opinbera eða einstakra aðila, þótt það verði að bíða síns tíma.

Til viðbótar þeim breyt., sem nú hefur verið á minnzt og mestmegnis eru vegna hallastyrks, hefur n. komið sér saman um að veita lítilfjörlegt

fjárframlag til hreppsn. Hríseyjar til þess að halda uppi nauðsynlegum ferðum milli eyjarinnar og lands, bæði til þess að nota þá báta, sem hafa viðkomustaði á öllum stöðum innfjarðar, en koma ekki til Hríseyjar, og eins til þess að hafa samband við land, t. d. þegar vitja þarf læknis, sem ella er enginn vegur til, og verða þeir því að eiga undir höggi með báta, ef ekki verður horfið að því ráði að hafa á eyjunni viðvarandi bát til þessara þarfa.

Þá hefur n. og viðurkennt aðra nýja flóabátaferð, sem full þörf er á að styrkja, og er hún við Strandir á Húnaflóa. Hefði mátt ætlast til, að fyrr hefði komið til með þetta, sem nú fyrst kemur fram greinilegt erindi um. Allt er þetta óundirbúið, en ætlazt er til, að nú þegar verði hafizt handa heima í héraði um aðstoð og undir umsjá Skipaútgerðar ríkisins, þannig að unnt verði að ná í hentugan bát, sem geti fullnægt þessum ferðum. Til að byrja með hafa verið áætlaðar 30 þús. kr. í þessu skyni, sem að vísu er ekki nema helmingur þeirrar fjárhæðar, er farið var fram á, en umsóknin gat hvort sem er ekki komizt nær því að áætla, hvað mikið fé mundi duga til þess að fá úr því skorið, hvað hentar og hæfir í þessu sambandi. Þetta er tilraun, og yrði þá að hafa hliðsjón af, að bætt yrði úr, ef miður reyndist en skyldi, en þess er þó að vænta, að unnið verði að þessu sleitulaust til þess að koma þessum hluta Norðurlands í samband við önnur svæði, sem hafa á hendi aðalsamgönguleiðir, bæði á landi og sjó.

Það er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að allar þessar ráðstafanir gerist með aðstoð og undir umsjá og eftirliti Skipaútgerðar ríkisins, því að Skipaútgerðin er og hefur verið nú um margra ára skeið eins konar aðalfulltrúi ríkisins í þessum efnum og hefur leyst það verk vel af hendi. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, að engin stj., hversu vel sem hún er af vilja gerð, hefur getað annað því að ráðstafa slíkum málum sem þessum, og af því, að þannig er orðið ástatt um Skipaútgerðina, að hún hefur meiri ráð farkosta en nokkur annar aðili hér á landi, bæði opinberra farkosta og einnig annarra, sem tiltækilegt væri að afla. Af þessum ástæðum stendur hún bezt að vígi með að hafa eftirlit með þessum samgöngum og að reyna að bæta úr því, sem á skortir. Þetta er yfirleitt vandamál og talsvert viðkvæmt fyrir þau héruð, sem hlut eiga að máli og stundum eiga allt sitt undir því, að þetta takist vel, en þó er ekki um það að sakast, þótt ýmislegt verði að fara öðruvísi en til hefur verið ætlazt vegna ríkjandi ástands. Þess vegna hlíta allir þessir styrkir sömu skilmálum og verið hafa um þetta og ég hef nú drepið á.

Niðurstaða samvn. samgm. hefur því orðið sú, að ekki hefur þurft að hækka þessa styrki alla nema um tæpar 200 þús. kr., og fer þó meiri hlutinn af þeirri upphæð á einn stað eða til Faxaflóasamgangna, sem allir vona, að ágreiningur um sé nú á enda kljáður. Hitt fer til smáaukningar á ýmsum stöðum eða til nýrra samgangna, sem nauðsynlegt hefur verið að dómi n. að reyna að koma á fót. — N. ber því fram brtt. á þskj. 701 um, að nú bætist inn á réttan stað í 13. gr. fjárlfrv., að í staðinn fyrir 550 þús. kr., eins og flóabátastyrkurinn í heild er þar áætlaður, komi nú 742950 kr. Er það nákvæmlega það, sem áætlað er og greint er sundurliðað í nál. á þskj. 698.

Ég tel þá, að eigi sé þörf á að gera frekari grein fyrir áliti og brtt. samvn. samgm.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það er 3. umr. fjárl., sem nú fer fram, og langar mig til að láta falla nokkrar almennar aths. um þau mál, áður en kemur til atkvgr. um þau. Ég hefði beðið með að tala, ef hæstv. fjmrh. hefði kvatt sér hljóðs næst á eftir frsm. fjvn., en hann mun ætla að draga það eitthvað.

Ég hef heyrt það frá fjvn., og eins hygg ég, að það hafi komið fram hér á Alþ., að hæstv. ríkisstj. ætli sér að hafa þann háttinn á um þessi mál að reyna að ljúka atkvgr. fjárlfrv. fyrir jól, en að hún muni ekki ætla sér að leggja fram af sinni hendi allar þær uppástungur, sem hún hefur gert um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, fyrr en eftir jólaleyfið. Mun það því vera ætlunin að slíta afgr. fjárhagsmálanna alveg í sundur. Enn fremur hef ég heyrt, að það muni vera ætlan hæstv. ríkisstj. að setja ekki inn í fjárlfrv. greiðslur samkv. dýrtíðarl., sem hæstv. ríkisstj. hefur þó ákveðið að beita sér fyrir samkv. gerðum samningi um stjórnarmyndun. — Ég vil leyfa mér að finna að þessari málsmeðferð allri saman. Í fyrsta lagi vil ég halda því fram, að það sé hin eina sómasamlega meðferð á fjárlfrv. að setja þar inn allar þær greiðslur, sem meiri hl. Alþ. hefur ákveðið að beita sér fyrir, að inntar verði af hendi, — svo sómasamlega áætlaðar sem kostur er á, og ég skil ekki, hvers vegna hæstv. ríkisstj. tekur ekki þann kostinn að gera fjárlfrv. þannig úr garði, að hún fái nokkra hugmynd og almennt yfirlit um útgjöld ríkisins á næsta ári. En um fjárframlög verður með engu móti séð, ef sá háttur verður á hafður, sem ég hef þegar getið um, að fjárl. verði afgr., án þess að dýrtíðargreiðslur séu þar teknar inn í. Enn fremur vil ég benda á, að það er í raun og veru óhugsandi fyrir þá, sem ekki beinlínis sjá inn í hugskot hæstv. ríkisstj. og vita gerla um, hvað hún ætlast fyrir, að taka nákvæma afstöðu til þeirra till., sem fram hafa komið, og í raun réttri til fjárl. og einnig skattamálanna, svo að fullkomið lag sé á, nema hæstv. ríkisstj. breyti um stefnu og láti liggja fyrir frá sinni hendi ákveðnar till. um tekjuliði ríkissjóðs á næsta ári, með öðrum orðum, að hæstv. ríkisstj. gefi skýrslu um það, hversu mikilla tekna hún ætli að afla vegna ríkisútgjaldanna og með hvaða hætti. Vil ég því mjög minna á, að með þeirri aðferð að slíta þetta allt í sundur, eins og hér virðist eiga að viðhafa, þá er alveg ógerningur fyrir þm. að fá nokkurt heildaryfirlit yfir það, hvert verið er að fara með þessi mál.

Þá vildi ég og minna á, að ríkisútgjöld fjárlfrv. eru nú eftir 2. umr. 96,6 millj. kr. og greiðsluhalli úr ríkissjóði, sem færður er á sjóðsyfirlit, um 9,9 millj. eða 10 millj. kr., þannig að greiðslur í heild eru nær 106 millj. kr., eins og fjárlfrv. er nú. Ég tel hér með greiðslur á eignayfirliti eða sjóðsyfirliti, vegna þess að þær eru langflestar þannig vaxnar, að nokkuð örðugt er að dæma um, hvort þær ættu frekar að vera þar eða á rekstraryfirliti sjóðsins. Flestar þessar greiðslur ganga til óarðbærra fyrirtækja, t. d. spítala, landssímalína, varðskipa og annarra slíkra fyrirtækja. Ég vil láta þennan halla koma fram og tel, að flestar af þessum greiðslum hefðu átt að vera á rekstrar-

yfirliti. Vil ég því vara við þeirri stefnu að færa fleiri og fleiri greiðslur á sjóðsyfirlit í stað rekstraryfirlits. Ég álít, að sem allra flestar greiðslur eigi að færa á rekstraryfirlit, aðrar en þær, sem beinlínis ganga til arðbærra fyrirtækja, því að annars verður að afla tekna móti þessum greiðslum. En mér leikur grunur á því, að í þessu formi sé einmitt hafinn undirbúningur að því, að fara eigi að reka þessi fyrirtæki fyrir lánsfé til þess að standa undir fjárframlögum til þeirra.

Greiðslur ríkissjóðs eru nú áætlaðar 106,5 millj. kr., en þó er eftir að bæta við þær öllum dýrtíðargreiðslum, sem vantar á fjárlfrv., og tel ég alveg þýðingarlaust að áætla þær lægra en 25 millj. kr., þótt sú upphæð sé nokkuð út í bláinn, enda getur enginn vitað um það með neinni vissu. Hefur mér verið sagt, að um 17 millj. kr. þurfi til þess að borga niður dýrtíðina innan lands, eins og nú er ástatt, ca. 3 kr. á hvert kg af kjöti og 20—30 aura fyrir hvern lítra mjólkur, og er ekki langt frá 17 millj. kr., sem til þeirra greiðslna fer. Ekki er hægt að spá neinu um útflutningsuppbætur, en ég hygg, að óhætt sé að gera ráð fyrir því, að þessar greiðslur verði ekki lægri en 25 millj. kr., og mætti kallast vel sloppið, ef sloppið yrði með það. Þegar þessar greiðslur, sem ekki eru í fjárlfrv., bætast við útgjöld ríkissjóðs, eru þau komin upp í 131 millj. kr. Þá vantar enn hækkun samkv. launalagafrv., sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur ákveðið, að gangi fram á þessu þingi. Fer tvennum sögum um, hversu mikil útgjöld verða vegna þeirrar löggjafar, og liggja enn engar endanlegar niðurstöður um þetta hjá fjmrn., sem taki af öll tvímæli um þetta, en heyrt hef ég frá fulltrúum, sem unnið hafa í mþn. og kynnt sér þessi mál, að útgjaldaaukinn vegna þessa frv. muni ekki verða undir 6—7 millj. kr. á næsta ári, ef það verður samþ. eins og það kemur frá n., og væntanlega lækka útgjöldin ekki í meðferð Alþ., svo að nokkru verulegu nemi. Við skulum þá reikna með því, að þessi gjaldaaukning nemi 6 millj. kr., og eru þá gjöld ríkissjóðs komin upp í 137 millj. kr. — Enn ber þess að geta, að nokkrar till. til hækkunar liggja hér fyrir frá fjvn., og hef ég ekki talið þær nákvæmlega saman, en ég sé, að samkv. till. samvn. samgm. er gert ráð fyrir 200 þús. kr. til hækkunar, og nokkrar till. til hækkunar liggja fyrir frá öðrum hv. þm., sem ef til vill verða fáar samþ. — Ég vil og geta þess, að ef launalagafrv. verður samþ., verður óhjákvæmilegt að hækka að mun styrk til allra héraðsskóla og húsmæðraskóla landsins, vegna þess að ekki verður unnt að fá fólk fyrir sama kaup og áður, og hefur mér verið tjáð, að það verði ekki undir ½ millj. kr., sem þurfi til þess að bæta þessum skólum þetta upp, ef þeir eiga ekki að hætta störfum. — Ég hygg því, að óhætt sé að segja það með fullri vissu, að verði þau gjöld sett inn í fjárlfrv., sem meiri hl. Alþ. hefur ákveðið að beita sér fyrir og samþ., þá verði fjárl. aldrei undir 140 millj. kr. Ef sú aðferð verður svo viðhöfð að halda milljónagreiðslum utan við fjárl., þá er það ekkert annað en formið, ef löggjöfin verður samþ., án þess að þessar greiðslur allar séu teknar með í reikninginn, þegar rætt er um fjármál ríkisins. Mér þætti því vel sloppið, ef komizt yrði af með 150 millj. kr. til ríkisútgjalda á næsta ári með þeirri stefnu, sem nú ríkir í þessum málum, og mættu fjárl. fara mjög lítið fram úr áætlun, hvað gjöld snertir, né neitt óvænt koma fyrir, ef þessi upphæð ætti að duga.

Ef við lítum á tekjuhlið fjárlfrv., þá er hún nú áætluð næstum 100 millj. kr., og er þar með þanin til hins ýtrasta, þótt búast mætti ef til vill við því, ef peningaveltan yrði eins og hún er nú, að þetta gæti staðizt, en ekkert mætti þar út af bera. Finnst mér því mjög mikil bjartsýni að halda, að tekjurnar komist upp í 100 millj. kr. Ég geri ráð fyrir því, að það séu um 40—50 millj. kr., sem þurfi að afla ríkissjóði með nýjum tekjustofnum, til þess að gera mætti ráð fyrir því, að ekki yrði hallarekstur hjá ríkinu á næsta ári, en þó verður að miða við það, að öll peningavelta verði svipuð og á þessu ári, en ef nokkuð bæri út af, mundi strax koma stórkostlegur tekjuhalli. Nú skal ég ekkert um það segja, hvaða fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. hefur í þessum efnum, en eflaust verður það erfiðleikum bundið að draga saman 40 millj. kr., sem nú þarf, til þess að ríkisreksturinn verði hallalaus á næsta ári. Hæstv. ríkisstj. hefur að vísu lagt fram frv. um tekjuöflun upp á 7 millj. kr., en það er ekki nema krækiber í ámu miðað við þá tekjuþörf, sem nú er búið að skapa. Um frekari fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. veit maður ekki. Þó finnst mér eftirtektarvert, að í því frv., sem fram er komið frá hæstv. ríkisstj., er ekki minnzt á ýmsa af þeim sjóðum, sem sumir stjórnarflokkarnir hafa undanfarið talað hátt um að auka tekjur ríkissjóðs með og hafa gagnrýnt mjög, að ekki væri nægilega langt gengið um álagningu stríðsgróðaskattsins. Einnig hafa þeir talað um, að framkvæmd skattal. þyrfti endurbóta við, en ekki bólar enn á neinni till. í þessa átt. Ef til vill eiga þær eftir að koma, því að von er á fleiri till. um þessi málefni frá hæstv. ríkisstj. En hvað sem fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. líður, hljóta allir að sjá, að erfitt verður að ráða við 150 millj. kr. ríkisútgjöld, eins og ég hef gert ráð fyrir, að þau verði á næsta ári, og þótt hæstv. ríkisstj. taki nú þessi mál föstum tökum, hljóta þau að verða miklum vandkvæðum bundin, enda sannast að segja, að nú væri þess full þörf, að ríkissjóður væri rekinn með ríflegum tekjuafgangi á næsta ári, sem lagður yrði til hliðar.

Ef við athugum nú, hvernig á því stendur, að ríkisútgjöldin eru komin upp í 150 millj. kr., enda þótt í fjárlfrv. sé ekki nein sérstök fjárveiting til nýsköpunar framkvæmda, þá á sjálf verðbólgan aðalsök á því, hvernig komið er í þessum efnum. Má greina þetta í þrennt:

a) Almenn rekstrarútgjöld (þ. á m. laun til starfsmanna ríkisins).
b) Verklegar framkvæmdir. (Eru þær nokkuð ríflegri en þær voru upphaflega áætlaðar, sem að vísu munar ekki miklu.)
c) Greiðslur vegna dýrtíðarráðstafana.

Ef menn líta yfir þetta í heild, þá sést, að þetta getur ekki gengið og hlýtur að stranda fyrr eða síðar. Og næsta ár verður þetta enn þá verra, ef ekkert er að gert. En það réttasta, sem hægt væri nú að gera í þessum málum, er að reyna að fá því framgengt við rétta hlutaðeigendur, að launastéttirnar veiti svipaða eftirgjöf og bændur gerðu á síðasta hausti. Með því að byrja að klifra

niður dýrtíðarstigann verður smám saman hægt að koma þessum málum í viðráðanlegt horf. Ef stj. kæmi þessu til leiðar, sýndi hún, að hún ætti meiri tilverurétt en margir vilja nú álíta. Og þótt ríkisstj. hafi haldið því fram undanfarið, að ástandið væri eigi svo illt, þá hljóta nú allir að sjá, hve hér er mikil alvara á ferðum að óbreyttum aðstæðum.

Ég vil nú nefna hér eitt dæmi, sem sýnir glögglega, hvert stefnt er.

Hér kom fram frv. frá hv. þm. Borgf. um að nota hafnarbótasjóð til hafnargerðar í kjördæmi sínu. Þessi hv. þm., sem er formaður fjvn., benti á, að erfitt væri nú að finna þeirri upphæð stað í fjárl., sem koma þyrfti á móti því framlagi, sem héraðsmenn vildu leggja til: með öðrum orðum, að nú er svo komið, þegar peningaflóðið er sem mest, að eigi er hægt að koma inn á fjárl. upphæðum til venjulegra verklegra framkvæmda, en í þess stað verður að nota upp þá örlitlu sjóði, sem safnað hefur verið til á síðastliðnum árum.

Annað dæmi enn gleggra er um endurbyggingu vélbátaflotans.

Það, að eigi skuli vera hægt að koma inn á fjárl. fjárveitingum sem þessum, sýnir bezt, að það verður að byrja að lagfæra þetta, áður en það er með öllu óframkvæmanlegt. — Ég vona svo, að ríkisstj. breyti frá þeirri stefnu, sem hún hefur fylgt undanfarið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en ég vildi bara benda á það, sem mest horfir til vandræða, og einnig að benda á, hvað helzt þarf að gera. — Ég vil og finna að því, hversu það er hér slitið úr sambandi, sem á að fylgjast að, bæði fjármálin, dýrtíðarmálin og skattamálin. Það er alveg ófært að slíta þetta svo í sundur, að ómögulegt sé að vinna að því eða skapa sér skoðun um, hvert stefnt er.

Áður en ég lýk máli mínu um fjárl., verð ég að minna á tvennt. — Samkv. l., sem sett voru í fyrra um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, verður ríkissjóður að svara út æði-fjárfúlgu fyrir þá, sem ekki höfðu greitt nægilega í lífeyrissjóð, og mun sú upphæð nema 7 millj. kr. Það verður ekki hjá því komizt að greiða eitthvað af þessari upphæð þegar, en engin till. er þó um að setja það í fjárl. — Sama er að segja um l. um landnám ríkisins. Þetta verður að koma í fjárl., og það þýðir alls ekki að leyna erfiðleikum sem þessum.

Einnig vil ég gera fyrirspurn um það viðvíkjandi till. um nýjar símalagningar í 22. gr. fjárl., hvaða fé það er, sem leggja á til þessara nýju símalagninga. Ég spyr sökum þess, að ef nota á til þeirra tekjur landssímans, þá þýðir ekki að vera að skreyta fjárl. með þeirri upphæð.

Þá eru það aðeins örfá orð um brtt. á þskj. 720, sem ég hef leyft mér að flytja. Það er um 20 þús. kr. fjárveitingu til Víknavegar, í tvennu lagi, og 25 þús. kr. til Sandár í Öxarfirði. Ég fell frá því að flytja aðrar tvær till., og vænti ég, að það verði til að bæta fyrir hinum.

Þá er það till., sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. S.-M., um hækkun fjárveitingar til Stöðvarfjarðarvegar. Þetta er mjög mikilsverður vegur, og flytjum við því þetta aftur til reynslu.

Þá er það brtt., sem ég flyt einnig með hv. 1. þm. S.-M., um brú á Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal. Þetta er mjög aðkallandi, og verður að brúa þessar ár báðar í einu. Ég flyt einnig till. ásamt hv. 11. landsk. (ÁS) um brú á Hofsá í Álftafirði, og var ég búinn að gera grein fyrir nauðsyn þessa áður.

Þá flyt ég till. með hv. 1. þm. S.-M. og hv. 2. þm. N.-M. Ég hygg, að þessi till. hafi verið felld af vangá við 2. umr. En till. er um að kaupa af eigendum Egilsstaða á Völlum, ef viðunandi samningar nást, það land, er skipulagsnefnd ríkisins telur, að væntanlegt sveitaþorp þar þurfi á að halda. Það er sýnilegt, að hér myndast þorp, og það er óheppilegt, að slíkar lóðir séu í einstaklings eign. Í slíku tilfelli er eðlilegast, að hreppurinn eða ríkið eigi lóðirnar, en nú er því þannig varið, að hér á fámennur hreppur hlut að máli, svo að eðlilegast er, að ríkið eignist þetta land. — Það má ef til vill segja, að við hefðum átt að flytja frv. um að taka landið eignarnámi. En við hugðum, að það gæti ef til vill verið unnt að komast að viðunandi samningum við þá, sem hér eiga hlut að máli, því að nýlega var tekið þar land eignarnámi til flugvallar, og var það metið á 90 þús. kr. Við, sem kunnugir erum, teljum þetta heppilegri leið. Ef ekki tekst að fara þessa leið, verður að fara hina og taka landið eignarnámi.

Loks er till. um heimild handa ríkisstj. til að kaupa strandferðaskip.

Það hefur komið fram gagnrýni um, að ekki væri heppilegt að binda heimildina við, að það skip yrði líkt og annað skip, sem við eigum nú. Til þessa hefur nú verið tekið tillit, og leggjum við til, að ríkisstj. og mþn. verði falið að ákveða í sameiningu gerð skipsins.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 743, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að bera fram ásamt öðrum þm. tvær brtt. Önnur till., sem meir er um vert, er 26. tölul. á þskj. 740 og fer í þá átt að taka upp að nýju í fjárl. nokkra fjárveitingu til sumardvalar barna í sveit, og er þá ætlazt til þess, að börnin séu úr kaupstöðum.

Þegar fjárlfrv. var lagt fyrir Alþ., voru áætlaðar 150 þús. kr. í þessu skyni, og var það minni fjárhæð en undanfarið hefur verið greitt úr ríkissjóði til þessara þarfa. Við 2. umr. fjárl. var þetta fellt niður með nokkrum atkvæðamun, og mun ástæðan til þess vera sú, að þm. gerðu þá ráð fyrir, að í þinginu yrði nokkur sparnaðarviðleitni í meðferð fjárl. og reynt yrði að fara gegnum fjárl. og skera niður eftir því, sem telja mætti, að þar ætti ekki að eiga sér stað. Þeir munu og hafa litið svo á, að þessar 150 þús. kr. hafi aðeins verið veittar vegna stríðsástæðna undanfarið, en stríðshættan væri liðin hjá og þar af leiðandi væri ekki óeðlilegt að fella þetta niður. En síðan hefur það komið á daginn, að sá feikna-niðurskurður, sem ráðgerður var, hefur ekki átt sér stað. Það hafa ýmsir liðir staðið kyrrir í fjárl., er virðast fremur hefðu mátt niður falla en þessi liður. — Ég og meðflm. mínir álítum, þó að e. t. v. megi um það deila, að þetta fé hafi verið veitt sem eins konar

stríðsráðstöfun og þá sé það mjög hæpið að láta sparnaðaranda hv. þm. koma eingöngu fram í þessum eina lið. Ég held, að þm. hafi ekki gert sér til fulls grein fyrir nauðsyn þessara ráðstafana. En þó að þetta hafi í fyrstu verið tekið upp af styrjaldarástæðum, þá held ég, að reynslan hafi skorið úr um, að það væri ákaflega leitt og illa farið, ef þessi sumardvöl barna úr kaupstöðum í sveit þyrfti að falla niður, strax og stríðshættan er liðin hjá. Og menn verða að gera sér grein fyrir því, að sá möguleiki, sem menn höfðu áður til þess að koma börnum fyrir á heimili einstakra manna í sveit, hverfur meir og meir, eftir því sem fleiri flytja í bæina og kaupstaðina og eiga ekki náin skyldmenni í sveit. Og það er óðum að færast í það horfið. Þar við bætist svo það, sem undanfarið hefur verið, að sveitafólkið er svo önnum kafið og aðstoðarlítið í sumarönnum sínum, að það getur alls ekki bætt á sig því mikla starfi, sem því er samfara að hafa í kringum sig ungbörn, sem enn þá eru ekki svo vaxin úr grasi, að þau geti verið til hjálpar á heimilunum, og mörg þeirra ekki þess umkomin að gæta sín sjálf. Það mun því óhjákvæmilega reka að því, að haldið verði áfram með svipaða starfsemi og verið hefur.

Það mun verða talið nauðsynlegt að koma börnum úr kaupstað í sveit af þjóðfélagslegum ástæðum, en það verður erfitt fyrir fátækari fjölskyldur að koma börnum sínum fyrir nema með einhverri opinberri aðstoð. En hitt skal svo játað, að margir, sem til þessarar starfsemi þekkja, telja, að hún hafi undanfarið verið að sumu leyti of kostnaðarsöm, og held ég, að ekki hafi verið gengið nægilega eftir greiðslum frá þeim aðstandendum, sem í raun og veru geta greitt með börnum sínum. Þess vegna leggjum við flm. þessarar brtt. til, að fjárframlagið verði lækkað niður í 100 þús. kr., og ég held, að það muni verða helmingur af því fé, sem veitt verður í þessu skyni í ár. Það þarf að koma þessum málum í það horf, að það verði viðráðanlegt á venjulegum tíma, en það verður því aðeins viðráðanlegt, að séð verði fyrir því, að þeir foreldrar, sem efni hafa á því, borgi fyrir sín börn. Og þá væri eðlilegast, að þeir, sem hafa verið styrktir í þessu skyni og þurfa þess með, sendi nógu snemma óskir sínar til sumardvalarnefndar, til þess að aðrir komi þar ekki til greina en þeir, sem þurfa þess með í raun og veru. Og ég fyrir mitt leyti, sem hef nokkuð með þessi mál að gera frá annarri hlið, fyrir hönd bæjarfélags Reykjavíkur, mundi vilja beita mér fyrir því, að sá háttur yrði tekinn upp, ef þessi brtt. yrði samþ. — Hitt tel ég ákaflega óeðlilegt, að það verði látið standa þannig, að fjárveiting til þessarar starfsemi verði sú eina, sem skorin er niður. Og þegar menn halda fram, að það sé af stríðsástæðum einkum, sem þetta fé hefur verið veitt, — en það tel ég rangt, — þá vil ég benda á, að enn eru engin þau rök frambærileg, sem gefi okkur öryggi fyrir því, að stríðsástandið sé liðið hjá, — þeirra atburða er skemmst að minnast hér við land og hafa gerzt nær okkur en nokkru sinni fyrr. Og meðan ýmsum greiðslum er enn haldið uppi vegna hernaðarástands í landinu, sé ég ekki, að nein ástæða sé að láta sparnað í þessu skyni koma niður á blessuðum börnunum fyrst og fremst.

Ég vil þess vegna vænta þess, þegar þetta hefur allt verið athugað, að hv. þm. verði nú vinveittir þessari brtt., sem hér er fram komin, og greiði henni nægilega mörg atkv., til þess að hún nái samþykki. Það munu nú vera ótalmargir liðir aðrir á fjárl., sem okkur kaupstaðarmönnum sýnist, að skera hefði átt niður fyrr og á undan þessum lið. Ég vil ekki fara í sparðatíning og láta skera niður það, sem þessu nam, en það verður ekki komizt hjá því að gera grein fyrir því, ef þetta verður ekki samþ., og koma að togstreitu á næsta þingi til þess að koma á jöfnuði um þetta.

Þá er það önnur brtt. við brtt. á þskj. 725,22.b, þar sem hv. fjvn. leggur til, að Eiríki Einarssyni í Réttarholti verði veittar í viðurkenningarskyni 2500 kr. En ég og hv. samþm. minn (JakM) leggjum til, að hann fái 15000 kr. Þetta er byggt á skjali, sem lagt hefur verið fram í lestrarsal og hv. fjvn. hefur haft til meðferðar. Vil ég leyfa mér að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta. — Skjalið undirrita: Björn Snæbjörnsson, Agnes Gestsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Halldór Pálsson, Jakob Jónsson, Björn Guðmundsson, Garðar Svavarsson, Hannes Magnússon, Carl Olsen, Bjarni Jónsson og Sigurbjörn Einarsson.

„Við undirrituð leyfum okkur hér með að fara þess á leit við hið háa Alþ., að það veiti hjónunum Eiríki Einarssyni, bónda í Réttarholti við Sogamýri, og konu hans, Sigrúnu Kristjánsdóttur, nokkurn fjárstyrk í viðurkenningarskyni fyrir að hafa eignazt fimmtán dætur, sem allar eru á lífi og eru á aldrinum frá eins til 24 ára. Þau hafa aldrei þegið styrk til framfæris sér og sínum.

Það má öllum vera ljóst, hvílík ábyrgð hefur hvílt á foreldrunum og hvílíkt þrek þau hafa sýnt, alúð og umhyggju og skyldurækni við að ala upp svo stóran barnahóp, sem hefur tekizt vonum framar þrátt fyrir fátækt og erfið lífskjör.

Að því er okkur er kunnugt, mun það vera algert einsdæmi hér á landi, að sömu hjónum fæðist fimmtán dætur, og er það út af fyrir sig nægilegt tilefni til þessarar málaleitunar, að okkar áliti.

Við höfum hugsað okkur, að fimmtán þús. kr. geti talizt sómasamleg viðurkenning af hálfu þjóðfélagsins.“

Hér segja þeir menn, sem bezt mega um þetta vita, — meðal þeirra er sá prestur, sem flest íslenzk börn hefur skírt, sennilega fyrr og síðar, — að það muni algert eindæmi, að sömu hjónin eigi svo margar dætur, fimmtán að tölu. Og það sýnist ekki ofrausn, þó að þessum fátæku og illa stæðu hjónum sé greidd í eitt skipti fyrir öll nokkur fjárupphæð. Og þó að hv. fjvn. hafi ekki viljað fara hærra en það að veita 2500 kr., þá er það nokkuð lág upphæð, þegar tekið er tillit til þessa mikla dætrafjölda. Og það hefði ekki verið talinn mikill heimanmundur, eitt þús. kr. á hverja dóttur, jafnvel þótt svo væri.

Það er ekki hægt að segja, að hér sé um slíkt þjóðþrifamál að ræða sem sumardvöl kaupstaðarbarna í sveit. Það má telja það mál miklu mikilvægara en hitt. En ég vil biðja hv. þm. að sýna því máli þó nokkurn skilning. Og í raun og veru er ekki farið fram á mikið, þó að þessum hjónum, sem komin eru af léttasta skeiðinu, sé sýnd viðurkenning í eitt skipti fyrir öll. Og það eru meiri líkur til þess, að þetta verði skoðað sem eitt skipti fyrir öll, ef upphæðin er nú 15000 kr., heldur

en það væri skorið við nögl og þeim veittar aðeins 2500 kr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Við 2. umr. fjárl. flutti ég nokkrar brtt., en tók flestar þeirra aftur, til þess að hv. fjvn. gæti athugað þær. Meðal þeirra voru þrjár brtt. um fjárveitingu til lendingarbóta og hafnargerða í Ólafsvík, á Arnarstapa og Hellnum.

Nú hefur fjvn. tekið upp fjárveitingu til tveggja þessara staða, 25 þús. kr. til Ólafsvíkur og 20 þús. kr. til Arnarstapa, í staðinn fyrir, að brtt. mínar fóru fram á 30 þús. til hvors staðar. Um leið og ég þakka fjvn. fyrir að taka upp í fjárl. nokkra fjárveitingu til þessara staða, vil ég taka fram, að mér finnst ástæðulítið að vera að klípa af framlaginu til Arnarstapa þessar 10 þús. kr., þar sem hér er um að ræða verk, sem fyrir fram er búið að gera áætlun um, vegagerð niður að höfninni, og hefur verið áætlað, að kosti 60 þús. kr. Það virðist, að þetta verk verði að vinna allt í einu lagi vegna þess, að það þarf að vinna það með vélum, og því mjög óhentugt, að það sé unnið í tvennu eða þrennu lagi. En ég hef ekki séð ástæðu til þess að flytja brtt. um þetta. En ég vil taka það fram, að ég held, að hér sé ekki um verkhyggni að ræða hjá hv. fjvn.

Hv. fjvn. hefur ekki viljað taka upp fjárveitingu til framkvæmda á Hellnum, 10 þús. kr. En hér er um aðkallandi mál að ræða, sem hefur verið undirbúið af vitamálastjóra. Á Hellnum er útræði talsvert og hægt að gera talsvert fyrir það fé, sem ætlazt var til, að veitt yrði í því skyni. Og ég skal taka það fram, að hér er ætlazt til, að það sé hálft framlag eins og á Arnarstapa.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég brtt. um byggingarstyrk til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, 20 þús. kr., og miðaði ég þessa fjárhæð við það, sem hv. fjvn. hafði sjálf lagt til, að veitt yrði til styrktar bókasafnsbyggingu á Ísafirði. Þessi brtt. var felld. Ég legg nú til, að veittar verði 10 þús. kr. í þessu skyni. En hér er í algert óefni komið. Þarna er safn, sem er merkilegt fyrir margra hluta sakir. En húsið, sem safnið er í, er gamalt og að falli komið, og margar bækur liggja undir skemmdum. Húsameistari ríkisins hefur gert uppdrátt að þessari fyrirhuguðu byggingu og telur, að hún muni kosta um 60 þús. kr. Það mun nú vera þar vestra handbært fé, er nemur um 30 þús. kr., sem verja á í þessa fyrirhuguðu byggingu. Og virðist þá ekki nema sanngjarnt, að ríkið komi hér á móti, þar sem hér er um mjög aðkallandi mál að ræða.

Við 22. gr. fjárl. flutti ég brtt. við 2. umr. um það að verja allt að 50 þús. kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, og er helmingur þeirrar upphæðar endurveiting. Mér kom það því undarlega fyrir sjónir, að hv. fjvn. féllst ekki á að endurveita þetta fé, sem hefur verið veitt, en ekki notað. En þessar 25 þús. kr. voru ekki notaðar, vegna þess að um það voru skiptar skoðanir, hvernig bezt væri að haga verkinu. En ætlunin var að geyma þetta fé.

Um hina till. er öðru máli að gegna. Ég skal ekki fjölyrða um hana, því að ég gerði grein fyrir henni við 2. umr. Ég hef heyrt á sumum mönnum, að þetta væri hættuleg braut, en eins og ég tók fram, þá stendur þarna svo sérstaklega á, að vegagerð með venjulegum hætti er óframkvæmanleg, það gerir sjávargangur og vatn ofan úr fjallinu. Eins og ég minntist á þá, telur vegamálastjóri, að svipað standi á á aðeins einum öðrum stað, þ. e. a. s. á söndunum í Skaftafellssýslu, þar sem nota mætti einhver sérstaklega útbúin farartæki, og er ekki óeðlilegt, að ríkið veiti þennan tiltölulega litla styrk til að koma þessum framkvæmdum á og gera þessa nauðsynlegu tilraun, sem væntanlega getur orðið mikil samgöngubót á þessum stað, þar sem vegagerð er svo miklum erfiðleikum bundin eða óframkvæmanleg.

Þá hef ég borið fram við 22. gr. brtt., sem ekki er búið að útbýta enn, en vil þó minnast á, með leyfi hæstv. forseta. Er þar farið fram á, að heimilt sé að verja úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr. að fengnum till. fiskimálan. til að styrkja þá útgerðarmenn, er misst hafa fiskiskip sín frá ófriðarbyrjun, til að eignast ný skip, þó ekki yfir 20% af verði skipsins. Í fjárl. fyrir 1943 var sams konar heimild eins orðuð, nema upphæðin var 160 þús. kr. Með þessum hætti hafa menn, sem misst hafa báta sína af slysförum, fengið nokkurn styrk úr ríkissjóði til að eignast nýja báta. Nú mun ekki vera nema einn eða tveir menn, sem hafa sótt um þetta og ekki fengið styrk. Virðist sjálfsagt að gera ekki upp á milli þessara manna. Ég hef því tekið hér upp sams konar till. og samþ. var fyrir árið 1943, nema upphæðin er 50 þús. Þetta er aðeins til að bæta úr misrétti, sem hér hefur orðið.

Loks kemur stærsta till., sem ég er flm. að. Það er viðvíkjandi vatnsveitu handa Stykkishólmi. Í Stykkishólmi hafa verið um langt skeið mikil vandræði með neyzluvatn. Þar eru nokkrir brunnar, og samkvæmt rannsókn er vatn úr þeim flestum ónothæft, jafnvel heilsuspillandi, og auk þess er það ekki nóg, svo að orðið hefur að flytja vatn á bílum langar leiðir á hverju sumri að undanförnu. Þetta er gersamlega óviðunandi ástand, og eftir athugun fróðra manna er talið, að tilgangslítið eða tilgangslaust sé að bora, vegna þess að landslag og jarðvegur er þarna með þeim hætti, að ekki þykir ráðlegt að leggja í það mikið fé, þar sem svo lítil von er um árangur. Hins vegar er í 10½ km fjarlægð, í Drápuhlíðarfjalli, gott neyzluvatn, og hefur Stykkishólmsbúum helzt komið til hugar að fá vatn þaðan. Vegamálastjóri hefur gert nákvæma uppdrætti að vatnsveitu og kostnaðaráætlun. Í grg., sem gerð er af vegamálastjóra og hafnarstjóra Reykjavíkur, Valgeiri Björnssyni, segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem kunnugt er, hefur undanfarin ár verið algerlega óviðunandi vatnsskortur í Stykkishólmi, jafnvel svo, að árlega verður um langan tíma að flytja neyzluvatn á bifreiðum langt ofan úr sveit.

Samkvæmt beiðni oddvitans hefur farið fram athugun á möguleikum til vatnsveitu fyrir kauptúnið. Voru fyrst athugaðar vatnslindir í nágrenninu, og er niðurstaðan sú, að hvergi muni fást nægilegt vatn nær en undir hallanum frá Drápuhlíðarfjalli í rúmlega 10,5 km fjarlægð, rétt austan við bæinn Drápuhlíð. Þar koma fram lindir, sem veita má saman, og er talið, að því megi treysta, að úr þeim fáist minnst 6 lítrar vatns á sekúndu. Miðað við það rennsli fást 520 tonn á sólarhring, sem talið er ríflegt vatnsmagn

fyrir þorpið, en þar búa nú nær 700 manns samkvæmt síðasta manntali.

Á síðastliðnu sumri var mælt fyrir vatnsveitunni, samanber uppdrátt. Leiðin liggur að langmestu leyti um mýrlendi og móa, en smáspottar um mela og nokkur stutt klapparhöft, sem þarf að sprengja. Heildarvatnshalli verður 30,4 m frá lindunum að vatnsgeymi, sem fyrirhugaður er á hæð í miðju þorpinu. Er það nokkuð lítill vatnshalli á svo langri leið, og þarf því 6 þuml. víða pípu, sem verður 10551 m löng. Við lindirnar er gerð vatnsþró steypt.

Á síðari árum hefur notkun asbestsementsvatnsveitupípna náð allmikilli útbreiðslu, og munu þær einnig hafa reynzt vel hér á landi. Þær eru ódýrari, a. m. k. nú, en pípur úr steypujárni, enda slíkar pípur ófáanlegar þar til að ófriðnum loknum.

Er því í áætlun þessari miðað við asbestsementspípur samkvæmt tilboði Ingólfs G. S. Esphólíns til yðar, dags. 8. ág. þ. á. Talið er rétt að miða við pípur af „B" flokki að styrkleika alla leið.

Talið er hæfilegt, að vatnsgeymir, sem gerður er til þrýstingsjöfnunar og vatnsmiðlunar og settur á hólinn ofan við barnaskólann, taki 100 teningsm. Er hann úr járnbentri steypu.

Áætlun sú, er gerð hefur verið, nær yfir lögnina alla í vatnsgeymi að honum meðtöldum."

Þá er það kostnaðaráætlunin. Það kom því miður í ljós, að þetta mannvirki er geysilega dýrt. Þar er langstærsti liðurinn pípurnar, sem verður að leggja þennan langa veg, og auk þess þarf að byggja vatnsgeymi í Stykkishólmi. Kostnaðaráætlunin er 650 þús. kr. fyrir þetta mannvirki, og er þá talin bæði vinna og efni, en ekki innanbæjarlagnir. Hafa þær ekki verið áætlaðar enn og erfitt að segja, hvað þær kosta. Það er gersamlega útilokað fyrir kauptún með 700 íbúa að standa eitt undir svona mannvirki. Þess vegna hef ég farið fram á með þessari till. annars vegar beinan fjárstyrk og hins vegar ríkisábyrgð fyrir láni. Ég skal taka fram, að eftir því sem fram hefur komið, virðast kauptúnsbúar ætla að leggja fram með frjálsum samskotum upp undir 100 þús. kr. Við athugun á því, hve miklu kauptúnið gæti staðið undir, hefur komið í ljós, að hámarksvatnsskattur, með því þó að leggja á hærra en l. leyfa, er 30—40 þús. kr. Það er því útilokað, að hægt sé að leggja í þetta nema með nokkrum styrk frá ríkissjóði til að færa niður stofnkostnaðinn. Mér þykir sjálfsagt að koma þessu máli á framfæri og vil taka fram, að mér virðist ekki að öllu leyti rétt sú stefna, sem haldið hefur verið hingað til, að Alþingi neiti alveg um stuðning ríkisins við vatnsveitur, því að þær eru svo mikið menningar- og heilbrigðismál, að það er fullkomlega jafnréttlætanlegt, að ríkið styðji þær, þar sem erfiðleikar eru miklir, eins og margt annað, sem ríkið hefur veitt stuðning.

Ég skal enn fremur taka fram, ef menn eru hræddir við það fordæmi, sem hér skapaðist, að eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, þá eru ekki ýkjamörg kauptún, sem gætu farið fram á það sama vegna þess, að staðhættir væru þar sviparðir. Sem betur fer, hefur mikill meiri hluti kauptúna tiltölulega góða aðstöðu til að fá neyzluvatn. Eftir því sem vegamálastjóri hefur tjáð mér, byggt á athugunum, sem um það hafa farið fram, því að undir hann hafa þessi mál heyrt, þá mun versta ástandið á landinu í þessu efni vera í Stykkishólmi. Enn fremur mun það vera mjög slæmt á Hólmavík, og flytur hv. þm. Str. ásamt mér aðra till. um ríkisábyrgð fyrir þann stað. En þar er þó ólíku saman að jafna, þar sem stofnkostnaður er þar ekki nema brot af því, sem hann er í Stykkishólmi. Till. mín er annars vegar um 200 þús. kr. styrk og til vara 100 þús. og hins vegar ríkisábyrgð fyrir 400 þús. kr. láni. Hér er miðað við 3% vatnsskatt af fasteignamatsverði húsa, og má gera ráð fyrir, að þær rekstrartekjur vatnsveitunnar gætu fyllilega staðið undir slíku. Ég skal taka fram, að fasteignamatsverð húsa fyrir utan hraðfrystihúsin tvö er um ein millj. kr.

Fleiri brtt. flyt ég ekki, nema þar sem ég hef gerzt meðflm., og mun l. flm. gera grein fyrir þeim.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er till. fjvn. eða meiri hl. hennar á þskj. 725, 11, um skáld, rithöfunda og listamenn, aths. við fjárveitinguna. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæð þessari skal úthlutað af nefnd, er ráðherra skipar. Skal skipa í nefnd þessa 5 menn, einn eftir tilnefningu hvers þingflokks og forseta Þjóðvinafélagsins, og er hann formaður nefndarinnar.

Við þessa till. er margt að athuga. Mér finnst hún í stuttu máli fráleit. Í fyrsta lagi er erfitt að skilja hana. Þar segir, að skipa skuli í n. fimm menn, einn eftir tilnefningu hvers þingflokks og forseta Þjóðvinafélagsins. Þetta má bæði skilja svo, að forseti Þjóðvinafélagsins ætti að tilnefna formanninn, og líka, að forseti Þjóðvinafélagsins ætti að vera form. n. Þetta er nokkuð nýstárleg till., að ætla ráðh. að skipa alla mennina, en ráða ekki skipun eins einasta manns. Það er í sjálfu sér ekki óvenjulegt, að einhver hluti nm. sé skipaður eftir tilnefningu, og ekki óvenjulegt, að n. séu skipaðar eftir tilnefningu þingflokka, þó að ýmislegt mætti um það segja og menn geti greint á um það. Hitt er algert nýmæli, að ráðh. sé falið að skipa ákveðinn tiltekinn mann, og alveg furðulegt, að slík till. skuli koma fram. Hvers vegna er þá ekki heldur ákveðið alveg umbúðalaust, að þessi maður skuli vera í n.? Ég held því, að þessi till. hljóti að vera á misskilningi byggð eða sé ekkert annað en misskilningur. Ef þessi till. yrði samþ. svona, þá get ég ekki litið á hana öðruvísi en sem, — ég vil ekki segja vantraust, en a. m. k. vafasamt traust. Ef þessi till. félli niður og ekkert kæmi í staðinn, þá er það ég, sem á að úthluta þessum styrk, og það er fjarri því, að ég kæri mig um það. Hins vegar er hér brtt. frá tveimur nm., hv. 6. landsk. og hv. 2. landsk., sem er á þá leið, að þetta verði með sama hætti og verið hefur undanfarið, og legg ég til, að sú brtt. verði samþ., þannig að fyrirkomulagið verði óbreytt. Ég veit, að ýmsir hv. þm. eru óánægðir með þetta fyrirkomulag og menn greinir nokkuð á um það, en ef breyta ætti þessu, tel ég mikils vert, að um það gæti orðið sem víðtækast samkomulag. Nú liggur ekki slíkt samkomulag fyrir. Við 2. umr. var felld till. um þetta efni frá meiri hl., og eru ekki miklar líkur, þegar svo er komið, að afgr. fjárl. fer fram á morgun og umr. lokið í kvöld,

að nokkurt samkomulag geti fengizt um breyt. á þessu. Er þá eðlilegast, að þetta sé haft á sama hátt og undanfarið, svo lengi sem ekki verður samkomulag um aðra lausn.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 740 ásamt fimm öðrum hv. þm. brtt. undir XXIII. lið. Þessi till. er um það, að Gunnar skáld Gunnarsson skuli njóta 6000 króna heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót af því fé, sem nú er í fjárlfrv. ætlað til skálda, rithöfunda og listamanna. Þó að hér sé um ákveðna upphæð að ræða, þá er þetta ekki till. um hækkun á útgjöldum ríkissjóðs, heldur sérstaka ráðstöfun á fé, sem þegar stendur í fjárlfrv. — Mér þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þessari till. frá mínu sjónarmiði. Ég vil þó taka skýrt fram strax, að það er alls ekki víst, að allir hv. meðflm. mínir mundu færa fyrir þessari till. sömu rök og ég geri og líka sennilegt, að þeir mundu tilnefna sitthvað, sem ég sleppi. Ég tala því um till. algerlega á eigin ábyrgð og frá eigin sjónarmiði.

Gunnar Gunnarsson skáld á Skriðuklaustri er landskunnur maður, en ég vil þó leyfa mér að rifja upp örfá atriði úr ævi hans. Er þá fyrst að geta þess, að innan við tvítugt fluttist hann burt úr föðurlandi sínu. Dvaldist hann erlendis samfleytt full 30 ár, því að fimmtugur flyzt hann heim aftur. Ég ætla, að hér heima hafi hann ekki notið neinnar fræðslu, svo að teljandi sé, nema það, sem faðir hans eða þá umferðakennari hefur frætt hann í heimahúsum. Má vera, að hann hafi verið eitthvað lítils háttar í barnaskóla eða því líkt í Vopnafjarðarkauptúni. Má því sjá, að íslenzka ríkið hefur ekki kostað miklu til frama Gunnars eða menntunar. Fyrst eftir að hann kom til annarra landa, barðist hann harðri baráttu fyrir lífi sínu og þroska, og geta þeir, sem lesa sumar sögur hans, fræðzt mjög ýtarlega um það. Þó fór það svo, að Gunnar aflaði sér á skömmum tíma góðrar menntunar; ég býst t. d. við, að hann sé tungumálamaður og sögumaður í bezta lagi. Þegar fram í sótti, fór að bera á, að þessi maður var skáld, og þarf ekki að orðlengja það, að það endaði með því, að hann hlaut viðurkenningu erlendis — og að ég ætla, líka hér heima — sem merkilegur og stórvirkur rithöfundur. Var að vísu fundið að því hér heima framan af, að Gunnar dveldist í fjarlægu landi og ritaði á erlendu máli, og eftir að Gunnar fór að verða frægur, því að það varð hann, þá var talað um þetta með nokkurri afbrýði af sumum Íslendingum, vegna þess að þeir litu svo á, að úti í heimi væri þessi frægi landi þeirra álitinn vera danskur maður, vegna þess að hann bjó í Danmörku og ritaði á danska tungu.

Ég ætla, að það sé ekki ofmælt, að um það bil, sem Gunnar Gunnarsson fluttist hingað heim, hafi hann verið einn af þekktustu og mikilvirkustu rithöfundum Íslendinga fyrr og síðar. Ég tel mig vita það með vissu, að um öll Norðurlönd, í Þýzkalandi, Englandi og jafnvel í Ameríku hafi Gunnar verið einna þekktastur allra núlifandi Íslendinga.

Ég get ekki stært mig af að hafa átt viðræður við erlenda menn eða dvalizt með öðrum þjóðum. Þó vildi svo til, að 1938 kom ég til Norðurlandanna, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Þetta var einmitt sumarið áður en Gunnar Gunnarsson fluttist hingað heim, því að til Íslands kom hann 1939. Ég talaði þar við menn, eftir því sem málakunnátta mín leyfði, og tvennt var ég aðallega spurður um. Annað var það, hvort það væri satt, að hægt væri að hita upp höfuðborg Íslands með jarðhita, en hitt, hvort það væri rétt, að Gunnar Gunnarsson væri að flytjast hingað heim til Íslands. Ég nefni þetta af því, að það sýnir vel, hvern gaum fólk í þessum löndum gaf Gunnari Gunnarssyni.

Fimmtugur að aldri fluttist Gunnar Gunnarsson heim. Ég veit ekkert um, hvað hefur sérstaklega valdið heimkomu hans, en þætti ekki ólíklegt, að það hafi m. a. og máske fyrst og fremst verið það, að hann hafi viljað sjálfur sýna mönnum svo sem verða mátti, hverrar þjóðar maður hann væri. Hann fluttist einmitt þangað, sem vagga hans hafði staðið. Hann fæddist á Valþjófsstað, en fluttist að Skriðuklaustri, sem er næsti bær. Ég tel mig mega fullyrða, að þegar Gunnar fluttist heim, hafi íslenzka ríkið engu kostað til hans öðru en ef það hefur fleygt nokkrum krónum í farkennara, sem sagði honum til, þegar hann var barn.

Nú er Gunnar stórbóndi, eftir því sem gerist á Íslandi. Hann er ræktunarmaður og byggingamaður austur í Fljótsdal. Hann býr þar búi sínu og ræktar jörð sína og hefur reist híbýli, sem ég held, að öllum, er séð hafa, þyki merkileg og samboðin merkilegum manni. Um fjárhagsástæður hans veit ég ekki neitt annað en það, að ég veit, að bæði fé, sem hann átti erlendis, og þó kannske einkum tekjuvonir, sem hann hafði þar, hafa brugðizt honum verulega, síðan stríðið skall á.

Mér virðist, þegar Gunnar Gunnarsson flyzt heim, að ekki hafi verið nógu hátt ris á viðtökum á manni, sem hafði unnið landi sínu og sjálfum sér mikla sæmd og aukið þekkingu erlendra manna á landi og þjóð og á allan hátt gefizt svo sem bezt varð á kosið. Mér hefði t. d. fundizt, að það hefði ekki verið nema réttlátt, að ríkið hefði gefið honum moldina, sem hann ætlaði að umbæta eftir heimkomuna. En úr því varð þó ekki. Þegar Gunnar Gunnarsson kom fimmtugur að aldri hingað heim, hafði hann ekki þegið neina hjálp, endurgjald né frama frá íslenzka ríkinu. Svo merkilegt sem erlendum mönnum hefur fundizt starf Gunnars Gunnarssonar, var þó lítil rausn eða fögnuður í móttökunum, þá er þessi einn hinn víðkunnasti sonur þjóðarinnar fluttist heim alkominn eftir svo langa og athyglisverða útivist. Enda hefur verið raunalegur blær yfir viðskiptum Gunnars Gunnarssonar og íslenzka ríkisins yfirleitt, síðan hann kom heim. Ég ásaka engan sérstaklega um það, sem orðið er, en ég fullyrði, að þetta á og þarf að breytast. Ég tel, að við Íslendingar höfum ekki efni á því að láta líta svo út sem við metum lítils og látum okkur fátt um finnast íslenzka menn, er svo víðkunnir hafa orðið erlendis og mikils metnir. Ég finn, að það er sanngjarnt og skylt, að á þessu verði annar blær framvegis. Ég ætla líka, að það séu víða menn, sem finna sáran til þess, hvernig þessi viðskipti hafa verið. Má vera, að það sé einkum í þeim landsfjórðungi, þar sem Gunnar er þekktastur, og er það góður vitnisburður um manninn. Ég veit t. d., að aðalfundir sýslunefnda beggja Múlasýslnanna hafa samþ. áskoranir um það, að ríkið veitti Gunnari Gunnarssyni sérstök heiðurslaun. Og aðalfundur Sambands íslenzkra samvinnufé-

laga, sá síðasti, sem haldinn hefur verið, samþ. sams konar till., og þykir mér rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þá till. hér. Hún hljóðar svo:

„Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga, haldinn á Akureyri dagana 22.—24. júní 1944, lýsir yfir því, að það er eindregin ósk og vilji fundarins, að öndvegisskáld þjóðarinnar, Gunnar Gunnarsson, bóndi á Skriðuklaustri, njóti heiðurslauna úr ríkissjóði. Fyrir því skorar fundurinn á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja nú tafarlaust Gunnari Gunnarssyni sérstök heiðurslaun úr ríkissjóði, er vari ævilangt. Telur fundurinn, að nú, á þessum merkilegustu tímamótum í sögu þjóðarinnar, sé ákjósanlegur tími til slíkrar ákvörðunar, fyrst hún er ótekin enn."

Till. þessi var samþ. á fundinum í einu hljóði. Má af þessu marka, að víða um land, bæði í sveitum og bæjum, er fjöldi manna, sem álítur, að ríkið eigi að búa að Gunnari Gunnarssyni hér eftir betur en orðið hefur fram að þessu.

Ég ætla ekki að fara hér að setja upp ræður um skáldrit Gunnars Gunnarssonar. Ég er sennilegast enginn maður til þess, og þess er ekki heldur þörf. Eg veit, að allir þeir, sem þekkja þau vel, fallast á, að Gunnar sé hvort tveggja í senn, mikilvirkur og hollur rithöfundur og mikill listamaður.

Ég skal geta þess, að þessi brtt. er aðeins miðuð við árið 1945. Þó er á það að líta, að á árinu 1944 nýtur Gunnar Gunnarsson engra skáldalauna neins staðar að. Er það til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj., hvort hún sæi ástæðu til þess að bæta úr því. Ég skal líka geta þess, að þó að við, sem flytjum þessa brtt., setjum hana nú þarna og leggjum til, að fjárframlagið verði tekið af upphæð, sem ætluð er skáldum, rithöfundum og listamönnum, ætlumst við ekki til þess, að það verði svo eftirleiðis. Við teljum, að framvegis beri að veita Gunnari Gunnarssyni sérstök heiðurslaun, er vari ævilangt og standi á þeim stað í fjárl., er bezt telst til þess fallinn.

Ég vil svo að síðustu geta þess, að eftir því sem ég hef virt fyrir mér úthlutun fjár til skálda og listamanna undanfarið, hef ég sannfærzt um það, að sú er hin rétta lausn þeirra mála, að Alþ. ákveði sjálft úrvalsmönnum laun, og sé ætlazt til, að þau haldist ævilangt, en einhvers konar nefnd úthluti til fjöldans. Þætti mér fara vel á því, að Gunnar Gunnarsson yrði fyrsti maðurinn, sem á þennan hátt væri heiðraður af Alþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég á ekki nema eina brtt. við fjárlfrv., sem búið er að prenta, en ég á aðra í prentun. Og til þess að spara tíma hér, þar sem umr. þessari á að ljúka í kvöld, vildi ég gjarnan drepa á báðar þessar brtt. í ræðu minni nú.

Við 2. umr. tók ég aftur brtt. um læknisvitjanastyrki, sem hv. fjvn. hafði þá fellt niður, en hefur nú tekið upp sem aths. við læknisvitjanasjóðina á þskj. 725, í 2. tölul. Ég sé af þessu fyrst og fremst, að hv. fjvn. er föst á því að láta ekki læknisvitjanastyrki til annarra staða en þeirra, þar sem búið er að samþ. að stofna læknisvitjanasjóði, og því aðeins, að þessir hreppar, sem fengið hafa þessa læknisvitjanastyrki undanfarið, myndi nú hjá sér læknisvitjanasjóði. Ég er ekki á móti þessari stefnu út af fyrir sig, og því er ég ekki á móti þessari till. hv. fjvn. og get sætt mig við hana, en ekki eins og hún er orðuð. Hún er komin hér á þskj. 743,III, eins og ég vil orða hana. Og ég talaði um þetta við hv. formann fjvn., og hann féllst á þetta orðalag. Eins og till. fjvn. er orðuð, geta í þessu sambandi ekki komið til greina aðrir hreppar en þeir, sem fengu styrk 1943, og þá með þeirri upphæð, sem þeim var veitt þá. En það er hvort tveggja, að þá voru ekki til sum læknishéruð, sem nú eru til, eins og t. d. Egilsstaðahérað, sem er eitt með stærstu læknishéruðum landsins, því þá voru þar tvö héruð, og þá var ekki heldur styrkur látinn þangað nema til eins hrepps, sem var lengst út úr. Og þó að menn í þessu héraði vildu stofna læknisvitjunarsjóði, þá gæti ekki komið til greina, að það nægði eftir till. fjvn. eins og hún er orðuð. — Á hinn bóginn eru ýmsir hreppar, sem fengu styrk í þessu efni 1943, en koma nú til með að taka engan styrk. Árneshreppur fékk 600 kr. læknisvitjanastyrk, þegar læknislaust var þar. En nú er búið að veita þeim héruðum, sem engan lækni fá, sérstakan læknisvitjanastyrk. Annað slíkt tilfelli er í Borgarfirði eystra. Sama á sér stað í Óspakseyrarhreppi í Strandasýslu. Og víðar eru þau tilfelli, þar sem árið 1943 var ætlaður læknisvitjanastyrkur til hreppa, sem ekki koma til með að fá hann nú vegna sérstakra ráðstafana. — Þess vegna hef ég viljað breyta till. að því leyti, að ég hef upphæðina þá sömu, og ég vil láta heilbrigðisstjórnina skipta upphæðinni og úthluta henni eftir því, sem við á, með tilliti til þess, sem var 1943. Þá er ekki útilokað, að hreppar, sem ekki fengu læknisvitjanastyrk 1943, en vegna breyttrar aðstöðu þurfa að fá hann nú, geti fengið þennan styrk. Og þá væri líka hægt að láta þá hreppa falla burt með tilliti til þess, sem þurfa ekki á styrknum að halda nú vegna sérstakra ráðstafana. Og hv. form. fjvn. féllst á brtt. mína, en hann taldi réttara, að ég flytti hana, en fjvn. mundi fallast á að samþ. þessa brtt., því að hún virtist vera sjálfsögð.

Þá á ég aðra brtt. á þskj. 743, undir VI. Hún er frá okkur hv. 1. þm. N.-M. Ég get þá tekið hana næst, af því að hv. samþm. minn minntist ekki á hana, vegna þess að ekki var búið að útbýta henni, er hann talaði. Þessi brtt. er um framlag til brúar á Jökulsá í Fljótsdal, fyrsta greiðsla af þremur, 85 þús. kr. — Ég sé, að hv. fjvn. vill ekki að þessu sinni láta mikið fé til þess að smíða nýjar brýr. Þó hefur hún í frv. nú nokkrar nýjar brýr, og margir einstakir hv. þm. eru með brtt. um, að brýr séu teknar inn á fjárlfrv. Ég skal ekki fara mikið út í samanburð á þessum brúm, sem fjvn. er með annars vegar og t. d. ég er með hins vegar og ýmsir aðrar hv. þm. Þó langar mig til að gera ofurlítinn samanburð þar á. Hv. fjvn. mun vera með í till. sínum, sem eru í frv. nú, aðeins örfáar brýr: Ósá í Patreksfirði, Litlu-Laxá í Hreppum og Grjótá á Öxnadalsheiði. Það má segja, að þessar þrjár brýr séu nokkurs konar fulltrúar hver fyrir sinn flokk brúa hér á landi. Ósá rennur rétt hjá Patreksfirði og er lítil. Hún teppir stundum ferðir, en ekki að öðru leyti en á leiðum ferðamanna, sem draga að sér vörur og koma frá sér vörum í sláturkauptíð á haustin. Af slíkum ám er til mesti fjöldi óbrúaður hér á landi. — Litla-Laxá teppir umferð á leið, sem farin er daglega og þarf að flytja eftir daglega til Reykjavíkur, og er sú á oft ófær. Hún er því ein

af þeim ám, sem eiga að ganga fyrir, þegar velja skal úr ár til að brúa. Sams konar á er Hofsá í Svarfaðardal. Á síðasta ári teppti hún bíl 63 sinnum, sem átti að safna mjólk úr hreppnum, svo að hann þurfti að fara til baka aftur, vegna þess að áin var óbrúuð. Ef reiknað er með Reykjavíkurbílataxta á mjólkurflutningi, 0,6 aur. á hvern lítra, verður þarna um allverulegt fjárhagsspursmál að ræða. Og ég tel því, að þetta sé á, sem tvímælalaust eigi að ganga á undan öllum fjölda af ám, sem þarf að brúa hér á landi. — Þriðja áin er Grjótá á Öxnadalsheiði, sem er á mörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýslu. Á henni er bráðabirgðabrú, tréhleri, sem búið er að fara yfir ána á undanförin ár, en að sjálfsögðu er þetta ekki til frambúðar. En farartálminn við það, að þarna er trébrú, en ekki steypt, gerir það að verkum, að hver bíll, sem fer á milli Reykjavíkur og Akureyrar, verður að hægja á sér við brúna, kannske að skipta um „gír", og verður kannske 5 mínútum lengur á leiðinni á milli Reykjavíkur og Akureyrar, vegna þess að þarna er trébrú. Þessa á telur hv. fjvn. mikla þörf á að brúa. — Nú er ég ásamt hv. samþm. mínum með brtt. um að brúa Jökulsá í Fljótsdal, sem er stórá, er oft þarf að sundríða og hálfur hreppur þarf að sækja yfir til kirkju og allra annarra hluta, hvernig sem áin er. Má þá segja, að hún sé enn þá einn flokkur af ám, sem brúa þarf. Ég tel, að hún eigi að koma á eftir Litlu-Laxá, þegar ákveða skal röð á ám til að brúa, en á undan bæði Grjótá og Ósá, sem hv. fjvn. gerir till. um, að brúaðar verði. Ég álít, að það sé sjálfsagður hlutur.

Svo á ég brtt. á þskj. 740,XV. Það hefur oft verið ætluð viss upphæð í fjárl. til akfærra sýsluvega. Venjulega hefur verið reynt að láta helming á móti því, sem sýslurnar leggja fram til þessara vega. Nú er það ákaflega misjafnt, hve mikið er af sýsluvegum í sýslum landsins. Sums staðar eru þeir horfnir, sums staðar eru þeir aftur á móti miklir. Sums staðar eru komnir sýsluvegasjóðir, og tillög til vega þar fara ekki á þennan lið, heldur með öðrum hætti. En nú er víða svo háttað, að sýslunefndir vilja láta rífleg framlög til sýsluvega, en þá tekur Alþ. upp þá reglu að skera niður það fé, sem til sýsluvega á að fara. Í fyrra fékk engin sýsla helming framlags til sýsluvega. Ég álít þetta óheppilegt. Á tímum eins og nú álít ég, að Alþ. eigi að örva sýslurnar til þess að leggja fé í vegi hjá sér, en ekki að draga úr því. En ég hefði álitið heppilegt, að ríkið drægi eitthvað úr því fé, sem fer til þeirra vega, sem ríkið leggur eitt saman. Það er að vísu alveg út í loftið að hækka þetta framlag til akfærra sýsluvega, sem ég geri till. um, að hækki upp í 250 þús. kr., en þó mundi það hafa hrokkið í fyrra til þess að greiða helming framlags til sýsluveganna á móti því, sem sýslur legðu fram. Ég tel því sjálfsagt að samþ. þessa brtt., og ég trúi því ekki, að þetta verði ekki samþ., fyrr en ég sé hendur hv. alþm. á lofti gegn því. En ef hins vegar hv. fjvn. lýsir yfir því og samgmrh. lýsir yfir, að hann muni láta sýslurnar fá helming framlags á móti því, sem kemur frá þeim sjálfum til akfærra sýsluvega, þá get ég tekið brtt. mína aftur. En það var ekki gert í fyrra, og þess vegna hef ég komið með þessa brtt. nú.

Þá langar mig til að benda á eitt eða tvö atriði enn, áður en ég lýk máli mínu, — fyrst á það, að ég held, að orðalagið, sem er hjá hv. fjvn. á brtt. 735,6, þurfi a. m. k. skýringar við, ef það ekki á að valda misskilningi. Ég er fullkomlega sammála þeirri klásúlu, sem sett er í þann lið, að hver þeirra nemenda, sem þar um getur, skuli að loknu námi vinna í þjónustu þjóðarinnar. En í till. stendur: „inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins", — og í þrengri merkingu mun ekki vera hægt að segja, að aðrir vinni að þjónustu í þágu landsins en þeir, sem fá laun greidd úr ríkissjóði. En fjölmargir menn, sem nám stunda, munu ekki komast að því, þótt þeir vildu, að vinna fyrir þjóðina á þann hátt. Þess vegna álít ég, að hér hafi átt að standa: í þágu þjóðarinnar, — og vænti ég þess, að hv. fjvn. leiðrétti þetta, kannske sem prentvillu. — Annars skilst mér, að liðurinn þurfi ekki að vera svona hár. Sonur minn, sem Páll heitir, lauk dýralæknisnámi í sumar, og um það leyti var farið þess á leit við hann, bæði af Búnaðarfélagi Íslands, rannsóknaráði ríkisins og Atvinnudeild Háskólans, að hann stundaði framhaldsnám til þess að læra að búa til serum og bóluefni og að hann að öðru leyti aflaði sér þeirrar fyllstu dýralæknismenntunar, sem völ er á og búizt er við, að starfsmenn að Keldum þurfi að hafa. Og með aðstoð ráðuneytisins var honum sent símskeyti og lagt að honum að gera þetta. Eftir að hann hafði talað við kennara sína og þá, sem stjórna serumframleiðslustofnuninni í Kaupmannahöfn, réðu þeir honum frá því að stunda framhaldsnám nema með því að vera fyrst búinn að stunda praxís í lækningum og buðu honum að sjá honum fyrir fjölþættum praxís hjá dýralæknum, þar til hann byrjaði framhaldsnám. Hann er nú á miðju Jótlandi og stundar þar praxís í þessum lækningum, sem gefa miklar tekjur. — Í tilefni af þessu skrifaði ég hv. fjvn. og óskaði eftir því, að hún athugaði, hvort ástæða væri til að fá mann í slíkt nám og styrkti hann, — ef hún teldi manninn vanta, — til náms í Danmörku og Svíþjóð, en það mundi kosta um 6 þús. kr. á ári, þar til vegur opnaðist, til þess að hann gæti farið til náms í Englandi eða Ameríku, og mundi það kosta þar 10—20 þús. kr. á ári. — Nú er ætlazt til þess af fjvn., að hann fái 3000 kr. styrk, og með það fer hann ekki í framhaldsnám. Það er því óhætt að lækka liðinn um 3000 kr., þó að ég komi ekki með þá brtt.

Þá mun ég ekki gera fleiri liði á fjárl. að umræðuefni. Þó þykir mér leitt að sjá það, að hv. fjvn. hefur ekki tekið það til greina, þó að henni hafi verið bent á það með órækum rökum, að ýmsir liðir hjá henni eru áætlaðir miklu lægri en sýnilegt er, að þeir verði, og það við 2. umr. T. d. hafa öll vinnulaun hækkað í prentsmiðjunni Gutenberg, en til þess hefur ekkert tillit verið tekið af hv. fjvn. Um Landssmiðjuna er sama að segja. Hv. fjvn. ætlast sýnilega til þess, að þessir liðir verði vitandi vits áætlaðir miklu lægri en vitað er, að þeir muni koma til með að verða í framkvæmd. Þetta þykir mér leitt. En um það þýðir ekki að deila. Þeir vilja sýnilega hafa fjárl. villandi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Enda þótt ýmis ummæli hafi fallið við þessar umr.,

sem ástæða væri að svara af hendi ríkisstj., þá ætla ég að leiða það hjá mér, þar sem ég þykist vita, að hæstv. fjmrh. muni gera það. Ég ætla þess vegna aðeins að fara örfáum orðum um málið og víkja að þeim tveim brtt., sem ég flyt ásamt öðrum þm.

Ég flyt brtt. á þskj. 740,XXVII, með formönnum allra hinna þingflokkanna um að auka styrkinn til Kvenréttindafélags Íslands úr 2000 kr. upp í 10000 kr. Forstöðukonur félagsins töluðu fyrst um þetta við ríkisstj. og síðan við formenn þingflokkanna. Þær skýrðu frá því, að þær hefðu í hyggju að auka starfsemi sína, og sýndu fram á, að þeim væri í því skyni nauðsynlegt að fá aukinn styrk frá ríkinu. Ég hygg, að samanborið við margt annað, sem greitt er úr ríkissjóði, sé mjög réttmætt að verða við þessari ósk. Ég held ég fari rétt með það, að ríkisstj. hafi verið á einu máli um, að hún fyrir sitt leyti mundi verða við þessari ósk, og einnig með nöfn flm. og það, að formenn þingflokkanna hafi verið á einu máli. Ég tel því ástæðulaust að fara lengra út í það og vænti þess, að hv. þm. greiði atkv. með till.

Þá hef ég leyft mér að flytja á þskj. 743 allstóra útgjaldatill. ásamt formönnum annarra flokka, sem sæti eiga á Alþ. Ég tel réttast að segja eins og er, að við höfum sjálfsagt allir rætt þetta nokkuð við þingbræður okkar, og vænti ég þess, að um þetta megi verða samkomulag og það sé að öllu leyti viðeigandi um slíka till. og hér er fram borin, að hún nái síðan einróma samþykki Alþingis.

Mér finnst af öllum ástæðum eðlilegt að rökstyðja ekki sérstaklega þessa till., þar sem hún hefur verið rædd og öllum þm. er kunnugt, hvers vegna hún er borin fram. Mér finnst ekki smekklegt að vera með rökræður um það, Sem sagt: Okkur, sem að þessari till. stöndum, þætti vænt um, ef hún fengi einróma samþykki.

Ég mun ekki að öðru leyti gera aðrar till. að umræðuefni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég sé, að fjvn. hefur tekið til greina nokkrar af þeim smáu till., sem ég flutti við 2. umr., og mun ég því ekki gera þær að umræðuefni hér.

Þær megintill., sem ég flutti og mestu máli skipta, vegatill., hefur hún ekki treyst sér til að taka til greina. Ég verð að játa, að mig furðar á því, hver afstaða fjvn. er til vegamála þessa héraðs, sem um ræðir í brtt. minni. Það er ágætt fyrir fjvn. nú að geta skotið sér bak við hæstv. fjmrh. og segja, að það sé að hans forboðum, og með því að taka upp nýja brtt. við þjóðvegina, þá virðist n. standa fast á því að hafna þessari brtt., sem ég flutti ásamt hv. 5. landsk. Þá er það þægilegt fyrir n., þegar hún er búin að fella ranglátan dóm gegn þessu héraði, að geta skotið sér bak við hæstv. fjmrh. Ég verð nú að segja það, að ég fæ ekki betur séð en n. vilji telja sig valdamikla, og hún er valdamikil hér á þingi, en ég verð að segja, að mér finnst hún framkvæma réttlætið dálítið einkennilega. Ég byggi það á því, að við 2. umr. lýsti n. yfir því, að meginprincip hennar í vegagerð væri að láta þá heildarupphæð, sem veitt var á síðustu fjárl., haldast á till. sinni fyrir næsta ár. Ég vil benda á það um leið, að gagnvart Norður-Ísafjarðarsýslu er þessi gullvæga regla gersamlega brotin. Og við þessum ábendingum á fjvn. ekkert svar annað en skjóta sér bak við hæstv. fjmrh. En ég get vel skilið, hver ástæðan er, eins og málum er komið. Það þýðir ekki að rekja þessa sögu öllu rækilegar. Ég sé ekki heldur ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég flutti til stuðnings till. okkar hv. 5. landsk. um vegamál. Ég vil þó endurtaka það, að þessi vegagerð, Súðavíkurvegur, sem ég flutti um brtt., að í stað 45 þús. kr. kæmu 100 þús. kr. og til vara 90 þús. kr., er lífsnauðsyn, ekki aðeins fyrir héraðið, heldur einnig fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem verulegan hluta ársins sveltur vegna mjólkurleysis, ekki einungis fullorðnir, heldur líka sjúkir menn og börn. En ég veit, að fjvn. framkvæmir réttlæti sitt óáreitt af slíkum rökum.

Samtímis því, að n. er önnum kafin við að framkvæma réttlæti í þessa átt, þá skýtur upp brtt. frá henni um að taka á sig væntanlegan halla af óperettusýningu hér í Reykjavík. Ég verð að segja, að mér finnst það einkennilegt fyrirbrigði, að Alþ. skuldbindi sig til að taka á sig væntanlegan halla af óperettusýningu. Það er ekki víst, að trúðarnir geti dansað inn þá peninga, sem ætlazt er til, og fjvn. er reiðubúin að hlaupa undir bagga, ef dansinn dugir ekki til. Ég verð nú að segja, þegar slíkt kemur fram samtímis því, sem till., sem er lífsnauðsynleg fyrir heilt byggðarlag, er neitað, að menn verða að fyrirgefa mér, þó að ég trúi ekki á óskeikulleika þessarar n. í að framkvæma réttlætið.

Fleira mætti til telja í brtt. n. — Ég er ekki á móti því að heyra lúðrablástur á Austurvelli; það er skemmtilegt að heyra blásið í lúður. En fjvn. virðist hafa slíkan skilning á því, að það sé meiri nauðsyn á að veita fjárveitingu til þess að styrkja hornablástur en að leggja nauðsynlega vegi til að fullnægja þörf barna og sjúkra manna til mjólkur.

Ég skal ekki rekja þetta mál öllu ýtarlegar. Ég vænti þess, enda þótt fjvn. hafi tekið þá afstöðu, sem raun ber vitni, að Alþ. muni sjá, hvað til síns friðar heyrir í þessu efni, og sú brtt., sem ég flutti ásamt hv. 5. landsk. til aukningar Súðavíkurvegarins, verði samþ. eða að minnsta kosti varatill. Ég get svo látið útrætt um þessar vegatill.

Þá vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um brtt., sem ég flyt ásamt hv. 2. og 4. þm. Reykv. og hv. þm. Str. á þskj. 743,XX. Hún miðar að því að heimila ríkisstj. að veita Íþróttasambandi Íslands 8000 kr. styrk til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra. Ég vil gera þá grein fyrir þessari till., að Íþróttasamband Íslands, sem nú eru í 180 félög íþróttamanna og 20 þúsund félagsmenn, hefur á undanförnum árum ekki haft neinn fastráðinn starfsmann. Starf sambandsstj. hefur þess vegna verið mjög mikið og svo mikið, að stjórnin hefur oft og einatt orðið að leggja á sig mjög mikil fjárútlát og svo mikla vinnu, að henni hefur naumast unnizt tími til að rækja störf fyrir sambandið eins og skyldi. Á síðasta þingi Íþróttasambandsins var samþ. að fela stjórn sambandsins að ráða sérstakan mann til þess að hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir Íþróttasambandið. Þetta hefur stj. gert og ráðið til þessa starfs ungan og efnilegan mann, Þorgeir Sveinbjörnsson, og hefur hann tekið við þessu starfi. Nú er fjárhag sambandsins þannig háttað, að það á mjög örðugt um vik að standast þann kostnað, sem þetta leiðir

af sér. Einhver mundi nú kannske segja, að Íþróttasambandinu hafi verið veitt fé úr íþróttasjóði og enn fremur í fjárlögum. Þetta er rétt. Íþróttasambandið fær nokkurn styrk af því fé, sem íþróttasjóður hefur yfir að ráða. En þær 10000 kr., sem veittar eru í fjárl., eru veittar í sérstöku skyni; þeim á að verja til bókaútgáfu. Það eru ákveðnar bækur, sem verið er að prenta, svo að þessum peningum hefur fyrir fram verið ráðstafað. Almennri starfsemi sambandsins er því enginn styrkur að þessum 10000 kr., og framlag íþróttasjóðs hækkar ekki við það, að sambandið ræður fastan framkvæmdastjóra. Þess vegna er brýn nauðsyn á því að fá nokkurn hluta launa þessa starfsmanns í styrk frá Alþ.

Við flm. þessarar till. viljum beina því til Alþ. að sýna Íþróttasambandinu þann skilning á þjóðnýtu starfi fyrir æsku landsins að veita því þennan styrk. Það verður áreiðanlega ekki metið til fjár, hversu nytsamt æsku landsins verður af starfi íþróttafélaganna á hverjum stað. Alþ. hefur skilið þetta og gert mjög vel við þessi samtök, og ég hygg, að íþróttamenn og forstöðumenn Íþróttasambands Íslands meti og þakki það að verðleikum. En það er einu sinni svo, að við lifum á dýrtíðartímum, og samtök íþróttamanna komast ekki hjá því að verða einnig vör við þetta, og nú þegar ráða þarf fastan starfsmann, verður Íþróttasambandið að greiða há laun miðað við þær tekjur, sem það hefur. Ég vil taka það fram, að laun þau, sem þessi starfsmaður hefur, eru ekki há frá almennu sjónarmiði séð. Og sambandið hefur í hyggju að láta hann vinna önnur störf til þess að fá upp í launagreiðslu til hans.

Ég leyfi mér að vænta þess, að Alþ. komi þetta til móts við Íþróttasambandið, að þessi brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér á þingi ásamt formönnum þriggja flokka, finni náð fyrir augum hv. þm. og starf Íþróttasambandsins verði þannig eflt og aukið í samræmi við þann stuðning, sem þingið veitir sambandinu með því að samþ. till.

Ég vil svo ekki fara fleiri orðum um þessa till. Ég flutti ekki fleiri till. við þessar umr., en vænti þess, að þessar tvær till., sem ég hef flutt, finni náð fyrir augum hv. þm.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram. Ég hef skýrt afstöðu mína við fjvn. til þeirra till., sem snerta ráðuneyti mitt, og hefur það komið fram hjá frsm. n. skýrt og greinilega, svo að ég hef engu við það að bæta.

Ég flyt brtt. á þskj. 743,II, um að tekjur Landssímans verði hækkaðar frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., um 3 millj. kr. — Ég ætla að gera grein fyrir því með nokkrum orðum, hvernig á því stendur og hvaða rök liggja til þess. Forstöðumenn Landssímans bentu mér á, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá væri tæpast, að Landssíminn hefði fyrir venjulegum rekstrarútgjöldum. Á frv., eins og það er nú, eru rekstrartekjur og rekstrarútgjöld Landssímans áætluð sem næst 10½ millj. kr. Ef hins vegar ætlazt er til þess, að Landssíminn standi straum af símakostnaði öllum, sem liggur fyrir utan beinan rekstur, svo sem byggingu birgðahúsa í Reykjavík og á Akureyri og landssímalínur o. fl., sem talið er sem eignaraukning og nemur um 1,7 millj. kr., þá verður að taka það af öðrum tekjum ríkissjóðs til þess að ná jöfnuði. Og þeir hafa einnig bent mér á, að auk þess, sem hér hefur verið nefnt, væri brýn þörf á að byggja stöðvarhús á þrem stöðum, en það mundi kosta, ef framkvæmt yrði, um 1,4 millj. kr., þannig að þessi útgjöld til eignaraukningar næmu rúmlega 3 millj. kr. Þó að hér sé ekki um bein rekstrarútgjöld að ræða, þá eru það gjöld, sem verður að inna af hendi árlega og skapa eignaraukningu á pappírnum, og er ekki hægt að gera annað en verulegur hluti sé tekinn af rekstrartekjum ársins. Enn fremur benda þeir mér á, að talsímagjöld hafi yfirleitt ekki hækkað, síðan stríðið hófst, nema einu sinni um 100%, og munu nú ekki vera nema tvöfalt á við það, sem var fyrir stríð. Þegar þetta er borið saman við það, að rekstrarútgjöld, byggingarkostnaður og kaup hafa ekki tvö- eða þrefaldazt, heldur fimm-, sex- eða sjöfaldazt, þá gefur að skilja, að sú hækkun, sem hefur orðið á tekjum Landssímans við þessa einu hækkun, nægir ekki til þess að standa á móti öllum hækkunum á útgjöldum.

Eins og kemur fram af þessu yfirliti, sem ég gaf hér áðan, er greinilegt, að eins og frv. liggur nú fyrir, verður til eignaraukningar að taka af öðrum tekjum en Landssímans. Þetta hefur leitt til þess, að þeir hafa lagt til við mig, að gjöldin yrðu hækkuð. Það er ekki nákvæmlega ákvarðað um einstök atriði, hversu mikil sú hækkun verður, en lagt er til, að hún verði yfirleitt um 50% á núverandi gjöld, þannig að þau verða eftir hækkunina um þreföld á við það, sem þau voru fyrir stríð, og má segja, að það sé ekki of hart í farið. Þeir hafa gert áætlun og komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi hækkun, sem þeir hafa lagt til, muni nema um 3 millj. kr., og er það till. mín á þskj. 743,II. Hins vegar urðu nokkrar umr. um það, hvort þau útgjöld önnur, sem þeir hafa lagt til, að yrðu við framkvæmd nokkurra ákveðinna mannvirkja, eins og byggingu stöðvarhúsa á þremur stöðum, hvort þau útgjöld yrðu tekin upp í fjárlfrv. á 3. gr. eða ekki, og varð niðurstaðan sú, að þau yrðu ekki tekin upp í 3. gr., heldur í heimildargreinina, 22. gr., með hliðsjón af því, að það færi eftir afkomu og getu ríkissjóðs, hvort til framkvæmda kæmi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái og skilji, að ef þessi stofnun á að inna starf sitt af hendi og auka það, verður hún að fá þær tekjur, sem nauðsynlegar eru til þess.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég skal fyrst víkja með örfáum orðum að þeirri tilhögun, sem ætlazt er til, að verði á fjárl. í þetta sinn, og hv. 2. þm. S.-M. gerði að umtalsefni. — Það er rétt, sem hann sagði, að það er til þess ætlazt, að fjárlfrv. verði afgreitt nú fyrir jól, enda þótt ákveðið sé, að þing komi aftur saman skömmu eftir nýár, og mætti því segja, að tími væri til frekari athugunar. Það var af tveim ástæðum fullt samkomulag um, bæði milli ríkisstj. og hv. fjvn., að hafa þessa tilhögun. — Önnur ástæðan er sú, að við teljum, að strax eftir nýár verði að liggja fyrir einhver heimild til útborgunar úr ríkissjóði, og ef fjárlfrv. verður ekki tilbúið, verður ríkisstj. að útvega sér heimild á annan hátt. Það er eitt fordæmi fyrir, að þetta hafi verið gert, en aðeins

eitt. Ríkisstj. þótti heldur óviðfelldið, þar sem þingið er bráðum búið að sitja í fjóra mánuði, að skaffa sér slíka óvenjulega heimild til að greiða fé úr ríkissjóði, eftir að áramótin væru komin.

Þá var það, held ég, nokkurn veginn einróma álit ríkisstj. og fjvn., að heppilegra væri af öðrum ástæðum að ljúka nú afgreiðslu fjárl. Það er sem sé hætta á því, eftir því sem lengra líður, að útgjaldaliðir fjárl. hækki. Það heldur áfram áróðurinn fyrir hinar og þessar till., og því lengra sem líður á milli umr., þeim mun meiri hætta er á, að látið sé undan þeim áróðri. Og það munu allir hv. þm. vera sammála um, að illa sé bætandi á útgjöld fjárl. Þetta eru sem sagt þær ástæður, sem réðu því, að samkomulag varð um þetta milli ríkisstj. og fjvn. Það varð og samkomulag um það, að inn í fjárl. væru tekin öll þau gjöld, sem nú er kunnugt um, önnur en þau útgjöld við dýrtíðarráðstafanirnar, sem nú liggja fyrir hv. Ed.

Inn í brtt. hv. fjvn. eru nú teknar 4½ millj. kr. við væntanlega samþykkt launal., þótt það frv. sé, eins og kunnugt er, aðeins komið skammt á veg, því að það er nýlega komið úr n. hjá hv. Ed. Það er gert ráð fyrir, að hækkun útgjalda, ef l. þessi verða samþ., nemi allt að 6 millj. kr. Hins vegar er ætlazt til, að l. gangi ekki í gildi fyrr en 1. apríl, og má því draga frá fjórða hluta ársins. Og ef reiknað er með 6 millj. kr., ættu útgjöldin við samþykkt launal. á næsta ári að verða 4½ millj. kr. Ríkisstj. þótti sjálfsagt, að þessi útgjöld yrðu tekin inn á fjárlfrv., þrátt fyrir það að frv. sé ekki samþ. enn þá, þar sem gera verður ráð fyrir því samkv. málefnasamningnum milli stjórnarflokkanna, að þetta frv. nái samþykkt í einhverri mynd, þótt ekki sé hægt að segja, hvort það verði samþ. nákvæmlega eins og það liggur fyrir nú.

Ég skal fúslega játa, að hv. 2. þm. S.-M. hefur mikið til síns máls, þegar hann talar um, að eðlilegast hefði verið að taka dýrtíðarráðstafanirnar inn á frv. á sama hátt og útgjöldin við launal. eru tekin. Það er vitanlega æskilegt, að fjárl. sýni sem allra réttasta mynd bæði af tekjum og útgjöldum ríkisins, eftir því sem hægt er að sjá það fyrir. Á þessu hefur oft orðið allmikill misbrestur. Það er ekki fátítt, að mörg l., sem hafa haft allmikil útgjöld í för með sér, hafi ekki verið tekin inn á fjárlfrv. Þess er skemmst að minnast, að í fyrra voru niðurgreiðslur vegna dýrtíðarinnar á innanlandssölu landbúnaðarafurða ekki teknar inn á fjárl., og námu þó, að ég held, 10 millj. kr. Hins vegar voru útflutningsuppbætur, sem námu álíka upphæð, teknar inn á fjárl. En ástæðan til þess, að útgjöldin samkv. dýrtíðarfrv. eru ekki tekin upp í fjárl., er í sjálfu sér ekki sú, að nokkur efi liggi á um samþykkt þess frv. Því hefur verið lýst yfir, enda bundið í málefnasamningi stj., að þetta frv. ætti að ná fram að ganga. Ástæðan er aftur á móti sú, að úr því að þ. á annað borð þurfti að dragast fram yfir áramót, taldi stj. gott að hafa nokkru rýmri tíma til að athuga skatta o. fl., og eftir að ákveðið var að fresta þinginu fram yfir áramót, hætti stj. við að leggja þessi frv. fyrir. Ég þykist vita, að hv. þm. skilji þetta, enda kom fram í ræðum margra hv. þm., að auðvelt mundi vera að afla svo mikilla tekna sem nauðsyn er á til að standast aukin útgjöld, og ætla ég því, að ekki verði heldur kastað þungum steini á stj., þó að hún vildi nota þann tíma, sem auðið er, til þess að ganga frá þessum skattal.

Eins og ég gat um, hefur aðeins eitt frv., sem miðar að tekjuhækkun fyrir ríkissjóð, verið lagt fram, enn sem komið er. Þetta er frv. um tekjuskattsauka á árinu 1945. Þar sem fullt samkomulag varð innan stj. um að bera þetta frv. fram og stjórnarflokkarnir munu því allir standa að því, — og ég hygg, að a. m. k. sumir hv. þm. úr andstöðuflokki stj. muni einnig fylgja því, — þá má telja samþykkt þess alveg efalausa. Virtist mér því ekki, að verið gæti nokkuð athugavert við það, þótt þær tekjur, sem áætlaðar eru samkv. þessu frv., væru teknar inn á fjárl. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við það, sem ég mun nánar víkja að seinna. En þessi tekjuauki, sem er áætlaður 6 millj. kr., er í sambandi við fleiri brtt., sem stj. stendur að, því að ætlunin er að jafna þann greiðsluhalla, sem á fjárlfrv. er, eins og það liggur fyrir. En eins og ég hef þegar getið um, er tilætlunin sú, að haldið sé utan fjárl. bæði þeim kostnaði, sem leiðir af dýrtíðarráðstöfunum, og þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir, að aflað verði með því frv., sem stj. leggur fram.

Hv. 2. þm. S.-M. drap á það í þessu sambandi, að erfitt væri að samþ. fjárlfrv., ef ekki væri tilkynnt, hvernig tekna ætti að afla, þannig að fyrir lægi, að hægt væri að afgreiða það tekjuhallalaust. Ég hef áður lýst yfir, að stj. mun standa að því, að aflað verði tekna til að standa undir dýrtíðarráðstöfunum, og færi svo, að ekki yrði unnt að afla nægilegra tekna, til að þær yrðu fullgreiddar á næsta ári, þá mundi stj. heldur útbúa lántökuheimild en eiga nokkuð á hættu um, að ekki yrði staðið við þær skuldbindingar, sem segja má, að ríkið hafi tekið á sig.

Um afgr. fjárl. að öðru leyti vildi ég aðeins segja, að milli mín og hv. fjvn. hefur yfirleitt verið mjög gott samkomulag. Bæði ég og hv. fjvn. höfum reynt að standa á móti hækkunum, eftir því sem auðið hefur verið, enda mega flestar þær hækkanir, sem hv. fjvn. hefur borið fram, heita óhjákvæmilegar, enda þótt einstaka smátill. geti orkað tvímælis. — Aðrar hækkanir en þær, sem standa í sambandi við launal., nema rúmlega 400 þús. kr., og má það ekki hátt teljast, þegar þess er gætt, hvað útgjaldaliðirnir í heild sinni eru háir, og hygg ég, að sjaldan hafi verið bornar fram af fjvn. hlutfallslega lægri till.

Við þessa umr. liggur einnig fyrir mikið af brtt. frá einstökum hv. þm., og skal ég yfirleitt ekki gera þær að neinu umræðuefni. Ég efast ekki um, að sumar þeirra eiga mikinn rétt á sér. Sérstaklega á ég þar við vegatill. ýmsar, sem fram hafa komið. Mér er fullljóst, um sumar þeirra a. m. k., að það væri mesta nauðsyn að bæta úr samgönguerfiðleikunum, en öllum má vera ljóst, að það eru takmörk fyrir því, hve miklu fé er varið til vegagerðar, og ef ég á að láta í ljós skoðun mína, þá hefur verið teflt á tæpasta vað í því efni. Ég hef sagt ýmsum hv. þm., sem hafa talað um þetta við mig, að ef þeir treystu sér til að koma fram með lækkunartill. á móti hækkunartill., þá vildi ég taka það til velviljaðrar athugunar. Hins vegar mun enginn hv. þm. hafa treyst sér til að bera fram slíkar till.

Um brúartill., sem eru allmargar, er það að segja, að eins og hv. samgmrh. hefur upplýst, eru

ekki líkur til, að unnt verði að smíða einu sinni allar þær brýr, sem gert er ráð fyrir, að veitt sé fé til í fjárlfrv. Það er hins vegar tilgangslaust og miður heppilegt, eftir því sem á stendur núna, að veita miklu meira fé en gert er nú, aðeins til að auka erfiðleikana með afgreiðslu fjárl. Og þrátt fyrir mikla nauðsyn á fjöldamörgum brúm, er ekki hægt að taka það inn í samþykktina.

Það eru náttúrlega miklu fleiri till., sem bornar hafa verið fram af einstökum þm. og ánægjulegt hefði verið að geta léð fylgi sitt, en hvað sem um frv. annars má segja, eru allir sammála um, að fjárl. séu of há, — og einhvers staðar verður auðvitað að nema staðar. Ég hlýt því að halda mér að því að standa yfirleitt móti frekari breyt. á frv. en þeim, sem felast í áliti n. og brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram við frv., og skal ég víkja að þeim örfáum orðum.

1. brtt., sem ég stend að, er á þskj. 743 og er við tekjuliðina. Er þar gert ráð fyrir, að tekjuaukaskatturinn verði hækkaður úr 22500000 kr. upp í 28500000 kr., og er þá meðtalinn sá skattauki, sem flm. frv. þessa gera ráð fyrir, að verði. En hann er áætlaður 6 millj. kr. Nú skal ég þegar geta þess, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir, hve miklar tekjur leiði af samþykkt þessa frv. Það liggur auðvitað ekki neitt fyrir um það enn sem komið er, hverjar tekjur manna verði á þessu ári. Eins og hv. þm. hafa séð, þá er þetta frv. að forminu til alveg sama og verðlækkunarskatturinn, sem lagður var á 1942, en skatturinn er aðeins allmiklu lægri en hann var þá. Mun það einnig svolítið mismunandi eftir því, hvar í stiga menn eru, en ég hygg, að lækkunin sé eitthvað nálægt 30 prósent. Sá skattur nam 6½ millj. kr., og þar sem gert er ráð fyrir, að tekjur manna verði allmiklu hærri 1944 en 1942, þó að dýrtíðin hafi að vísu líka hækkað nokkuð síðan, þá verkar umreikningurinn til meiri lækkunar nú en áður. Það er sem sagt gert ráð fyrir, að þessi skattur nemi 6 millj. kr., og er sú fjárhæð lögð til grundvallar í brtt. Það er náttúrlega erfitt að segja, hvernig þessi áætlun stenzt, en ég vil þó vona, að tekjuskatturinn sé ekki svo hátt áætlaður, að svo framarlega sem innheimta hans tekst á næsta ári, — en það auðvitað veltur á afkomu atvinnuveganna, — sé hægt að segja, að heildarupphæðin sé óþarflega há.

Þá hefur hæstv. samgmrh. borið fram brtt. um, að símatekjurnar verði hækkaðar um 3 millj. kr., og hefur hann sjálfur gert grein fyrir till. sinni. Skal ég því ekki gera hana að frekara umræðuefni.

3. brtt., sem stj. stendur að og flutt er af mér, er á þskj. 741 og er við 16. gr., C 8. um að tveggja millj. kr. fjárveiting til áburðarverksmiðjunnar falli þar niður, en sama fjárhæð verði aftur tekin sem nýr liður við 22. gr., XIX. — Ég hef áður gert grein fyrir því máli. Ég tel það ekki svo vel undirbúið, að hægt sé að hefjast handa um að reisa áburðarverksmiðju þegar á næsta ári, og get ég vísað til þess, sem ég hef áður sagt í því efni. En úr því að svo er, að ekki er hægt að sjá beina nauðsyn á því að veita fé skilyrðislaust til byggingar áburðarverksmiðju, nægir að hafa heimild til þess að verja fé í þessu skyni. Það fer auðvitað eftir fjárráðum ríkissjóðs, hvort heimildin verður notuð eða ekki og hvað fram kemur við nánari rannsókn á þessu máli. Ríkisstj. þarf ekki að nota heimildina, nema miklar líkur verði fyrir því, að hér sé um fyrirtæki að ræða, sem gæti orðið til hagnaðar, ekki aðeins fyrir ríkið, heldur einnig fyrir atvinnuveginn, sem ætlazt er til, að það verði einkum að gagni.

Síðasta brtt., sem ég hef gert við fjárl., er svo eiginlega formsatriði. Það er brtt. XXI. á þskj. 743, um að fella niður allar ráðgerðar fyrningar á fasteignum ríkissjóðs við samningu ríkisreiknings fyrir árið 1945. Ég skal taka það fram, að till. er flutt eftir ósk ríkisbókhaldsins, og fylgir henni grg. frá endurskoðendum, svo hljóðandi:

„Þessi till. kemur fram vegna þess, að ákveðið hefur verið að bókfæra allar fasteignir ríkissjóðs á ríkisreikningi 1944 með hinu nýja fasteignamati, en ástæðulaust að færa þær með lægra verði. Svo mundi verða, ef afskriftum yrði haldið áfram, en ekki tími nú til að breyta fjárlfrv. að þessu leyti."

Ég vildi þá næst gera stutta grein fyrir því, hvernig mér virðist fjárlfrv. horfa við, ef brtt. fjvn. og þær brtt., sem stj. stendur að, verða samþ., en aðrar brtt. ekki. Nú er ég ekki svo bjartsýnn að gera ráð fyrir því, að engin brtt., sem þm. bera fram, verði samþ. En meðan maður veit ekki um, hvað verður samþ., er ekki hægt að fara mjög ýtarlega út í það yfirlit. Þess er að vænta, að þær brtt. aðrar en brtt. n., sem nái samþykkt, verði ekki svo miklar, að það skipti verulegu máli fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu. Um rekstraryfirlitið er það að segja, að samkv. fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr., eru tekjur á rekstrarreikningi 99,2 millj. kr. Breyt., sem leiðir af hækkun tekjuskattsins, nemur 6 millj. kr., og hækkun á símagjöldum 3 millj. kr., samtals 108,2 millj. kr. Ríkisútgjöldin eru aftur, eins og frv. liggur nú fyrir, 96,6 millj. kr., hækkun vegna launalaga og vegna brtt. fjvn. 4,7 millj., samtals 101,3 millj. kr. En frá dragast, ef till. mín um tilfærslu á áburðarverksmiðjunni verður samþ., 2 millj. kr., þannig að ríkisútgjöldin verða samtals 99,3 millj. eða rekstrarafgangur tæpar 9 millj. kr. — Um sjóðsyfirlitið er það að segja, að innborganir eru samkv. frv. 100,9 millj., auknar tekjur 9 millj., samtals 109,9 millj. kr. Útborganir eru samkv. frv. 106,6 millj., aukin útgjöld samkv. till. fjvn. 4,7 millj. kr., samtals 111,3 millj. kr. Frá dragast 2 millj. kr. vegna áburðarverksmiðjunnar, og verður þá útkoman 109,3 millj. kr. Rekstrarafgangur samkv. þessu ætti því að verða um 600 þús. kr. En þess er að gæta, að auk till. fjvn. má telja víst, að samþ. verði brtt. samgmn. á þskj. 701, sem nemur um 200 þús. kr., og eru þá sjóðsútgjöldin 109,5 millj. kr. og afgangur 400 þús. kr. Þá sé ég, að fram er komin till., sem form. allra þingflokka standa að, um það að leggja 350 þús. kr. til dönsku samskotanna, og má gera ráð fyrir, að sú till. verði samþ. Eru þá innborganir og útborganir á sjóðsyfirliti orðnar nokkurn veginn jafnháar. Þetta er gott, að hv. þm. hafi hugfast, þegar brtt. eru bornar fram við 3. umr. og koma til atkv. Eins og ég hef tekið fram, eru útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana ekki talin með í frv. En það er vitanlega ástæða til þess, þó að ekki sé hægt að gera út um það mál nú, að gera sér grein fyrir því, hve miklu þau útgjöld mundu nema. Því miður er það svo, að það er mjög erfitt

að áætla, hve miklu þessi útgjöld muni nema á næsta ári. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er kjötframleiðslan sem næst 5 þús. smálestir. Það er sennilegt, að neyzla innanlands verði mikil á þessu ári og framan af næsta ári, og stafar það af því, hvað lítið hefur verið um nýjan fisk í Reykjavík í haust. Það hefur því þótt nægilegt að áætla, að 1000 smál. kjöts yrðu fluttar út. Það er ekki með öruggri vissu hægt að segja um það, hve miklar uppbætur þarf að greiða á kjöt, sem neytt er innan lands, en það er almennt reiknað með 3 kr. á kg. Um mjólkina er það að segja, að áætlað hefur verið, að 22 millj. lítra þyrfti að verðbæta, og eru uppbæturnar áætlaðar 20 aurar á lítra. Það lætur því nærri, að uppbæturnar innan lands á kjöt og mjólk verði í kringum 17 millj. kr., eins og hv. 2. þm. S.-M. gat til, og með uppbótum á útflutt kjöt verði þetta því samtals rúmlega 20 millj. kr. Hins vegar má geta þess, að það er ekki vonlaust, að upp í þessi útgjöld komi nokkrar tekjur vegna innflutnings á smjöri, en á þessu stigi málsins er ekki unnt að geta sér neitt til um, hvað miklar þær tekjur kunni að verða. Það hefur þegar verið greitt lítils háttar í þessu skyni, og stj. vinnur að því að fá meira smjör frá Ameríku. Það er því samkv. þessu ekki svo mjög mikill vafi á því, hve miklu uppbæturnar á kjöt og mjólk muni nema, þær munu verða einhvers staðar á milli 17—21 millj. kr., þegar frá er dreginn hugsanlegur hagnaður af innflutningi smjörs.

En þegar að því kemur að áætla uppbætur á ull og gærur, er óvissan langtum meiri. Eins og kunnugt er, hefur ull ekki verið flutt út í tvö ár, og er það af þeim ástæðum, að talið hefur verið, að hægt mundi að ná hagkvæmari mörkuðum en þeim, sem nú standa opnir, þegar markaðir opnast að nýju. Að svo stöddu hefur stj. engar ákvarðanir tekið um það, hvort ull verði flutt út á næsta ári, en hún mun þó ekki verða flutt út, fyrr en frekari rannsókn hefur farið fram á því, hvort einhverjar vonir standa til þess, að unnt yrði að fá fyrir hana betra verð, þegar markaðir opnast, en hægt er að fá fyrir hana nú. — Um gærur er það að segja, að tilraunir standa yfir um sölu á þeim, en þeim samningum er ekki svo langt komið, að með nokkurri vissu sé hægt að vita, hvaða verð muni vera hægt að fá fyrir þær. Það verður sjálfsagt keppt að því af hálfu stj. og þeim n., sem með þessi mál fara, að ná sem hæstu verði fyrir þessar afurðir, en hvernig þær tilraunir takast, er ekki hægt að segja um að svo stöddu. En á því, hvernig þær tilraunir takast, veltur það, með hve miklum fjárhæðum þarf að reikna til uppbótar á þessar vörur, og það getur sannast að segja oltið á mörgum millj. kr. Hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að 25 millj. væri lægsta fjárhæð, sem reikna mætti með til verðuppbóta. Það má vel vera, að það sé rétt, um það er á þessu stigi ekkert hægt að fullyrða; en það er óhætt að fullyrða, að uppbæturnar fari yfir 20 millj. kr., en það er ekki hægt að segja um, hvað mikið þær fari fram yfir. En Alþ. verður svo að taka ákvörðun um það, hve mikið fé það ætlar til uppbótanna og hvort það vill láta afla þess með sköttum eða vill heldur veita stj. heimild til lántöku í því skyni. Ef reiknað væri með því, að dýrtíðarráðstafanirnar kostuðu 25 millj., eins og hv. 2. þm. S.-M. reiknar með, þá væru rekstrarútgjöldin komin upp í 124 millj. kr., eftir því sem ég sagði áðan, og greiðslurnar upp í 135 millj. kr. Þó að þetta séu nokkru lægri fjárhæðir en hv. 2. þm. S.-M. reiknar með, þá kemur mér ekki til hugar að neita því, að þessar fjárhæðir eru allt of háar, og það er náttúrlega hæpið, hvað lengi verður staðið undir slíkum byrðum. Það er alveg augljóst mál, að ef einhver breyt. yrði á verðlagi útflutningsafurðanna, þá er ekki hugsanlegt að ná svo miklu fé í ríkissjóð sem þyrfti til þess að standast áætluð útgjöld. Ef maður miðar þessa útgjaldaaukningu við síðasta normalár, 1939, þá kemur það í ljós, að útgjöldin eru nú fullkomlega sexföld á við það, sem þau voru þá. Að sjálfsögðu liggja engar upplýsingar fyrir um það enn þá, hverjar þjóðartekjurnar eru á þessu ári, en ég fyrir mitt leyti er í nokkrum vafa um, hvort aukning þeirra hefur ekki orðið hlutfallslega meiri en útgjaldaaukning ríkissjóðs. Það má því kannske segja, — þó að hækkunin sé mikil, — að þetta sé ekki eins illt og fljótt á litið kynni að virðast.

Að öðru leyti vil ég segja það um ræðu hv. 2. þm. S.-M., að þó að margt af því, sem hann sagði, væri rétt og ómótmælanlegt, þá hefði hann eins getað haldið þá ræðu sína við 1. umr. eins og við 3. umr. Eins og ég hef áður bent á, er þetta frv., sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ., ekkert annað en rökrétt afleiðing af því, sem hér hefur gerzt á síðustu árum. Það er þess vegna ekki rétt að ásaka núv. stj. fyrir það, hvernig komið er í þessum efnum. Hins vegar er mér ljóst, að stj. hlýtur að beina athygli sinni fyrst og fremst að því að reyna að koma fjárhag ríkisins aftur á réttan kjöl, og ég hygg, að eina vonin til þess, að svo megi takast, sé sú, að áform stj. um aukningu atvinnutækjanna í landinu og um aukningu framleiðslu landsmanna megi takast. Í þeim efnum geta margar leiðir komið til greina, m. a. kannske sú, sem hv. 2. þm. S.-M. benti á, en ég er þess fullviss, að engin ein leið er einhlít, ef við eigum að sleppa klakklaust út úr því fjármálaástandi, sem við erum í nú. Við verðum umfram allt að beina athyglinni að því að auka framleiðsluna í landinu.

Ég skal svo að endingu aðeins minnast á brtt., sem sami hv. þm. flytur ásamt fleirum um það að taka inn á heimildagrein, 22. gr., fjárveitingu til að kaupa land á Egilsstöðum og til að kaupa nýtt strandferðaskip. Ég minnist á þessar till. einar, af því að það hefur sætt gagnrýni, að svipaðar till. voru felldar við 2. umr. fjárl. — Um fyrri till. er það að segja, að ástæðan til þess, að ég a. m. k. gat ekki léð henni fylgi, var sú, að eins og hún liggur fyrir, tel ég engar líkur til þess, að þessi heimild yrði notuð, og það er af þeim ástæðum, að ekki er líklegt, að samkomulag næðist um kaup á þessum landshluta. Það er kunnugt, að á s. l. ári var tekin úr þessari jörð landspilda undir flugvöll. Hún var, að ég held, metin á 90 þús. kr., og hygg ég, að eigandi Egilsstaða hafi verið óánægður með þau kaup. Það er því ekki sennilegt, að samkomulag næðist um kaup á öðrum landshluta úr jörðinni. Ég held því, að það þyrfti miklu ríkari heimild til, ef þetta ákvæði ætti að verða annað en pappírsákvæði.

Um hina till., 30. till., um heimild til kaupa á strandferðaskipi, er það að segja, að ekki eru

minnstu líkur til, að stj. ætti á næsta ári kost á því að kaupa strandferðaskip, sem hæfilegt þætti til þess að annast strandferðaflutninga. Það sýnist þess vegna tilgangslaust að fela stj. slíka heimild, og verður ekki séð, að slíkt sé gert í öðru skyni en áróðursskyni. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess fyrir stj. að stuðla að framgangi slíkrar till. En kæmi það hins vegar fram, að stj. ætti kost á að kaupa slíkt skip, sem að dómi sérfróðra manna væri heppilegt til strandferða, þá mundi stj. hafa einhver ráð með að fá heimild til slíkra kaupa, þó að þessi till. næði ekki fram að ganga.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, að ég greiði ekki atkv. með þessum till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 746, sem of skammt var liðið frá útbýtingu hennar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég gat ekki verið viðstaddur, þegar 2. umr. fjárl. fór fram, sökum þess að ég var þá veikur. En ég stóð þá að nokkrum brtt. við fjárl. ásamt samþm. mínum, hv. 2. þm. Eyf. — Ég þarf ekki að eyða dýrmætum tíma þingsins til þess að þakka því meðferð þess á þessum till., því að það er skemmst frá að segja, að þessar till., sem ég stóð að, voru allar felldar nema þær, sem samþm. minn tók aftur til þessarar umr. fyrir okkar hönd. Þessar till. sem þá voru teknar aftur, voru þrjár, og við berum aftur fram tvær þeirra í trausti þess, að þingið taki sanngjarnlegar á þeim málum en það gerði við 2. umr. Um 3. till., sem aftur var tekin, er það að segja, að borin hefur verið fram till. af öðrum þm. um sama efni, sem hann flytur ásamt okkur þm. Eyf., og mun ég leyfa mér síðar að leggja fram skriflega brtt. við hana.

Sú fyrsta af þessum till. er 5. till. á þskj. 740, um framlag til Litla-Árskógssandsvegar, 70 þús. kr. Ég geri ráð fyrir því, að þetta þyki nokkuð há upphæð, þó að veittar hafi verið miklu hærri upphæðir í ýmis kjördæmi, en það mun nú hafa verið fyrir það, að þá till. mun tignari maður hafa borið fram en við þessir þm. erum. Þess vegna er það, að við þm. Eyf. höfum nú rifað seglin allmikið og berum fram varatill. við þessa á þskj. 743, um 15 þús. kr. fjárveitingu til þessa vegar. — Svo stendur á, eins og hv. samþm. minn mun hafa gert grein fyrir við 2. umr., að þessi vegur liggur af aðalveginum frá Akureyri til Dalvíkur niður á Árskógssand, sem er töluvert þorp, og er vegurinn þangað nú að heita má ófær nema um bezta tíma ársins. Þessi till. miðar að því að koma þessu þorpi í vegasamband við vegakerfi landsins, og ekki aðeins það, heldur er svo háttað, að Hríseyingar fara oft — og vilja gjarnan hafa þann hátt á samgöngum sínum, — yfir sundið til Árskógssands, þegar þeir eiga leið til Akureyrar eða annað inn í land, og gæti því þessi till., ef samþ. yrði, orðið til að greiða mjög fyrir samgöngumálum Hríseyinga.

Önnur till. er um framlag til brúar á Hofsá í Svarfaðardal. Ég geri ráð fyrir, að við 2. umr. hafi verið greindar ástæður fyrir þessari till., auk þess sem hv. 2. þm. N.-M. sagði hér áðan. Ef þessi brú fæst ekki, bakar það Svarfdælingum mikinn kostnað vegna mjólkurflutninga, auk þess, að þá er mikill hluti sveitarinnar án vegasambands. Eins og hv. 2. þm. N.-M. gat hér um áðan, sneru mjólkurbílar aftur 63 sinnum á síðasta ári við Hofsá. Ég hygg, að engar framkvæmdir séu jafnaðkallandi í Eyjafjarðarsýslu sem þessi brú.

Þegar Ölfusárbrúin bilaði hér í haust, varð uppi fótur og fit hér á Alþ. og sjálfsagt þótti að bæta hið bráðasta úr, og var það gert. Nú hefur verið gert við Ölfusárbrú, en samt á að smíða nýja brú, og er það réttmætt, en ég fullyrði, að Ölfusárbrú er ekki nauðsynlegri fyrir Sunnlendinga en þessi brú er fyrir Svarfdælinga. Og þótt nú eigi að afgreiða fjárl. með nokkuð óvenjulegum hætti, þá vona ég, að svo ákveðin fyrirmæli frá hærri stöðum liggi ekki fyrir, að þetta réttlætis- og nauðsynjamál nái ekki fram að ganga.

Ég held, að fyrir síðasta þingi hafi legið till. um vatnsveitu í Glerárþorpi. Þá færði ég rök að því, að eðlilegt væri, að ríkissjóður styrkti þetta mannvirki, enda þótt slíkt sé ekki venja. Ég óttast, að þetta þyki nokkuð há upphæð, og hef því borið fram till. til vara, sem hljóðar svo: Til vatnsveitu Glerárþorps, 20 þús. kr.

Um afgreiðslu fjárl. í heild væri full ástæða til að segja nokkur orð, þar sem þetta er 3. umr. Það er á allra vitorði, að á fjárl. vantar um 17—20 millj. kr. til að mæta útgjöldum, sem áreiðanlega verða á næsta ári. Þetta mun vera í 28. skipti, sem ég sit á þingi, og minnist ég þó aldrei slíkrar afgreiðslu fjárl. Hæstv. fjmrh. sagði, að tekjuhallanum yrði mætt með tekjuaukalögum eftir áramót. En ég vil spyrja: Getur hæstv. ríkisstj. tekið slíkar ákvarðanir? Hingað til hefur verið litið svo á, að það væri þingið, sem hefði fjárveitingarvaldið. Hér í fjárlfrv. eru og liðir, sem eru til komnir á óvenjulegan og óþinglegan hátt, svo sem liðurinn um tekjuskatt, og sama er að segja um launauppbót vegna nýrra launal. Þar er gert ráð fyrir greiðslu, án þess að þingið sé búið að samþ. nokkuð hér um. Ég held, að með þessum hætti sé það alls óþarft að halda þing. Það mætti hafa það eins og í Þýzkalandi, meðan þar var haldið þing, að stj. gefi út lög og þingið komi svo saman og samþ. þau öll á einum degi.

Hæstv. fjmrh. lét þm. vita, að ekki þýddi að bera fram nokkrar hækkunartill. En hann lét þess kost, að till. frá einstökum þm. yrðu teknar til greina, ef þeir bæru fram lækkunartill. til að koma á móti slíkri hækkun. Í þessu tilfelli mundi ég sætta mig við, að brúin á Grjótá yrði látin bíða, en sett brú á Hofsá. Yrði það 35 þús. kr. sparnaður.

Ég skal ekki segja, hver hin endanlega afstaða til fjárl. verður, en mér sýnist afgreiðsla þeirra svo ískyggileg, að ég óttast, að enda þótt ég hafi nú samþ. fjárl. í 21 skipti, þá sjái ég mér ekki fært að gera það að þessu sinni.

Ég leyfi mér svo að afhenda forseta hina skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 747) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Við 2. umr. fjárl. féllu þau orð hjá hv. 1. þm. Rang., að ekki hefði gætt hlutdrægni í úthlutun vegafjár. Ég svara þessu ekki, en vil einungis benda á, að sú gagnrýni, sem fram kom hjá hv. þm. N.-Ísf., og sá fjöldi brtt.,

sem borizt hefur, bendir ekki til, að menn séu yfirleitt ánægðir. — Nú vil ég leggja til, að viðhöfð verði ný aðferð til að losna við óánægju í þessu efni. En hún er á þann hátt, að veitt sé í einu lagi upphæð til vegamála, sem svo sé aftur úthlutað af n. úr báðum deildum þingsins. Þetta mundi koma í veg fyrir ásakanir í garð fjvn.

Ég vil lýsa yfir því út af ummælum 2. þm. N.-M., að hann talar af vanþekkingu um Ósá. Hennar vegna hafa flutningar einatt alveg stöðvazt og orðið að flytja nauðsynlegan flutning á hestum.

Vegna Hofsár vil ég upplýsa það, að þegar rætt var um að taka þennan veg í þjóðvegatölu, var bent á, að þessi hreppur fengi tvöfaldan veg, bæði upp og niður með ánni. Þess vegna er það enn meiri ósanngirni að krefjast framlags til þessarar brúar, á meðan margar aðrar bíða. Ég held, að menn á útkjálkunum mundu jafnvel gráta af gleði, ef þeir þyrftu ekki að reiða nauðsynjavarning nema yfir eina á. En það virðist álit sumra manna, að sjálfsagt sé að hlúa einatt að þeim, sem bezta hafa aðstöðuna.

Ég vil þakka afgreiðsluna á þeim till., sem ég tók aftur til 3. umr. Ég skil fullkomlega afstöðu n. gagnvart vegatill. og þykist vita, að þær séu ekki svo afgreiddar af því, að hún álíti þær ekki réttmætar, heldur af því, að hún vill ekki brjóta þann garð, sem þar er settur.

Þó vil ég taka hér aftur upp till. um veg að Reykhólum. En svo er mál með vexti, að ef þar á að hefja framkvæmdir þær, sem fyrirhugaðar eru, verður að flytja allt efni á klakk. Þar er einnig ákveðið að byggja sundlaug, því að samkv. fræðslul. má ekkert barn fermast nema það sýni sundvottorð. Þessi börn verður því að senda hvaðanæva úr Barðastrandarsýslu, oft langan veg og torsóttan, því að þar hefur orðið að stöðva framkvæmd sundlaugarinnar af hinum sömu ástæðum: Það vantar vegi til að komast að henni. — Vil ég því mælast til þess, að hæstv. Alþ. styðji að því, að þetta verði hækkað upp í 40 þús., til þess að e. t. v. verði hægt að ryðja veginn svo mikið að sumri, að hægt verði að komast þangað, a. m. k. þegar þurrast er og bezt.

Þá hef ég einnig borið fram till. um að hækka tillag til Barðastrandarvegar um þær 70 þús. kr., sem ég álít, að hv. fjvn. hafi ranglega tekið frá Barðastrandarsýslu, þvert ofan í það samkomulag, sem gert hefur verið um þau vegaframlög yfirleitt. Ég hef áður rætt um nauðsyn þessa vegar og vil ekki endurtaka það hér.

Ég vil, áður en ég hætti, bera fram nokkrar fyrirspurnir til hv. frsm. viðvíkjandi öðrum till. hv. fjvn.

Ég vil þá fyrst fá upplýsingar um það, hvort ætlazt er til með brtt. á þskj. 725, merktri XXIV, að þessar 15 þús. kr. séu veittar til Eiríks Einarssonar, Réttarholti, sem árlegur styrkur eða í eitt skipti fyrir öll. Mér heyrðist á ræðu hv. 6. þm. Reykv., að hann ætlaðist til, að þessi upphæð, sem hann fer fram á, sé veitt í eitt skipti fyrir öll. Ég spyr um þetta af því, að ég hef gaman af að sjá, hvernig fer um þetta mál. Ég er því persónulega fylgjandi, — ekki af því, að maðurinn hefur eignazt 15 dætur, heldur af því, að ég vil láta styrkja hvern þann mann, sem á 15 börn. — Ef farið verður inn á þessa braut, verður ekki hjá því komizt, að hér komi heil runa á eftir, því að vitanlega eru Réttarholtshjónin ekki einu hjónin á Íslandi, sem eignazt hafa 15 börn, er öll lifa.

Ég vil benda á, að ég þekki tvö heimili í Barðastrandarsýslu, þar sem eru 15 börn, og þriðja heimilið, þar sem eru 17 börn, er öll lifa. Ég tel mér skylt að láta þess getið, að þessi kona, sem eignazt hefur 17 börn, hefur alið þau upp og það svo, að enn þá koma þau heim til að skipta með sér verkum og létta undir með foreldrum sínum á mesta útkjálka, sem neitað hefur verið um öll þægindi af hálfu hins opinbera. — Mér þykir því mjög vænt um að sjá, að nú er vaknaður hjá hæstv. Alþ. áhugi á því að meta eins og vera ber þennan mikilsverða skerf, sem slík hjón leggja til þjóðinni.

Þá er það brtt. hv. fjvn., 37. liður 18. gr. Þó að hækkunin nemi ekki nema 200 kr., er ég hv. n. þakklátur fyrir það, að hún hefur þó metið það mikla starf, sem frú Sigríður hefur innt af hendi fyrir landssímann.

Ég vil benda hv. frsm. og hæstv. fjmrh. á það, að 47. liður 22. gr., um að ábyrgjast fyrir Konráð Gíslason allt að 50 þús. kr. lán til þess að koma upp vinnustöð fyrir áttavitamælingar í Reykjavík, er algerlega óþarfur frá mínu sjónarmiði. Hér er um hreinan iðnað að ræða, og væri alveg eins hægt að ábyrgjast lán til þess að koma upp húsi í því skyni að gera dýptarmælingar og því um líkt. Og ef það er rétt, að Konráð þurfi að víkja frá bæjarhúsunum, þá ber engum frekar að sjá um hann en Reykjavíkurbæ, sem á allt sitt undir því, að skipin geti siglt réttar leiðir um höfin. Það er margt annað í sambandi við þetta, sem ég kæri mig ekki um að upplýsa, en ég álít það hreinustu glæfrastefnu hjá hæstv. Alþ. að fara hér að styrkja einn mann til þess að koma upp iðnaði, sem allir vildu hafa á hendi, ef þeir hefðu aðstöðu til þess, — eða koma yfir hann byggingu, ef hann hefur húsnæði til að reka þessa atvinnu án þess að þurfa að byggja.

Ég vildi spyrja hv. frsm. og hæstv. fjmrh., hvað þeir ætla sér með 22. gr. Það er talað um að verja til aukningar fiskiskipastól landsins 5 millj. kr., er teknar verði úr framkvæmdasjóði, að því leyti sem hann hrekkur til.

Mér er kunnugt um það, að í fyrra var varið 5 millj. kr. til kaupa á sænskum bátum. Var það gert af fráfarandi ríkisstj. þvert ofan í vilja a. m. k. stærstu flokkanna í þinginu, sem bentu á það með rökum, að lítil fyrirhyggja væri í því að kaupa þennan flota því verði, sem gert var, enda er það komið á daginn, að sænska ríkisstj. hafði, að mér er sagt, stöðvað útflutning til allra annarra en ríkisstj. Íslands, af því að hún hafði boðið svo mikið í þessi skip. Þetta er svo stórt atriði, að nauðsyn ber til, að spyrnt verði við fótum. Það er ekki lítið fjárhagsatriði fyrir Íslendinga, að þeir láti ekki sænsku stj. hafa af sér milljónir kr. í slíkum viðskiptum.

Ég vildi minnast dálítið á vatnsveitustyrkinn, sem hér er til umr. Ég tel nauðsynlegt, að samin verði sem allra fyrst heildarlöggjöf um styrk til þess að koma upp vatnsveitu um allt land. Ég tel alveg ófullnægjandi, að þingið sé látið skera úr því, hvernig fer um þessi mál. Einn kemur með till. um þetta og annar um hitt. Þetta er svo stórt mál, að það verður að taka það föstum tökum. Það er þegar fullvíst, að Búnaðarfélag Ís-

lands hefur gert tilraun til að lækka um 20% allar vátryggingar hjá bændum, ef vatnsveitan hefur verið komin í gott horf hjá þeim heima fyrir. Síðan hafa þeir lánað þorpunum fé og tekið sömu iðgjöld, en látið mismuninn ganga til vaxta og afborgana af láninu, þar til það er að fullu greitt.

Þetta er svo stórt mál, að það má ekki bíða stundinni lengur, og ég tel, að það mundi ýta undir löggjöfina, ef allar ábyrgðir um vatnsveitu væru felldar á þessu þingi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Við hv. þm. A.-Sk. tókum aftur við 2. umr. fjárl. brtt. okkar á þskj. 740, merkta IX, af því að við sáum, að lítið eða ekkert var að því gert þá að samþ. till. Hins vegar bjóst ég fastlega við, að hv. fjvn. sæi sér fært að taka þessa till. upp í till. sínar á þskj. 725, og ég varð mjög undrandi, þegar ég komst að raun um, hvaða afgreiðslu till. hafði fengið í nefndinni.

Til þess að skýra, með hvaða rökum við berum hana aftur fram, verður að minna ofurlítið á, hvernig samgöngum er háttað í Austur-Skaftafellssýslu. Það er flestum kunnugt, að Austur-Skaftafellssýsla er — flestum héruðum á Íslandi fremur — sundurskorin af stórvötnum. Ef Austur-Skaftfellingar ætla sér að komast til Vesturlands landveg, verður að fara yfir stórvötn, Jökulsá og Skeiðará. En ætli þeir til Austurlands, liggur fyrir Hornafjarðarfljót og Jökulsá í Lóni, og þessi litla brú, sem við förum fram á, að smíðuð verði yfir þessa á, er lítill áfangi á þeirri leið að koma héraðinu í vegasamband við Austurland. Það er sú samgöngubót, sem flestir Austur-Skaftfellingar munu telja heppilegustu lausnina.

Nú getur verið, að sumir hv. þm. líti svo á, að hérað, þar sem svona hagar til, ætti að láta sér nægja samgöngur á sjó. Út á það væri máske ekki mikið að setja, ef þær væru þá viðunandi. En því fer fjarri, að svo sé. Eins og kunnugt er, þá er Hornafjörður eina höfnin í öllu héraðinu, og eina skipið, sem gengur með ströndum fram við Austurland, er Esja. Til að sýna betur, hvernig ástandið er í þessum efnum, vil ég upplýsa hv. þm. um, hvernig gengið hefur með Esju þarna eystra á þessu ári, sem er að líða. Hún hefur á þessu ári farið tólf ferðir til Austur- og Norðurlands, en hefur komið níu sinnum inn á Hornafjörð. Í hin skiptin hefur hún farið fram hjá. Stundum hefur verið hægt að ná sambandi við hana, stundum ekki. Nú mætti halda, að ástæðan til þess, að hún hefur ekki komið þangað nema níu sinnum, væri sú, að þar hafi verið svo vondur sjór. Svo er þó ekki. Það sýnir bezt, að þessar níu ferðir, sem hún kom, eru frá fyrra helmingi ársins. Síðan í júní hefur hún ekki komið inn á Hornafjörð. Svona eru nú strandferðirnar við þetta land.

Þetta held ég, að nægi til að sýna, að það er ekki að ástæðulausu, að við berum hér fram till. um smábrú, sem mundi bæta aðeins ofurlítið úr samgöngum á landi; því að það er einu sinni svo, að fólk, sem býr við þessar samgöngur, hlýtur að verða óánægt með þær, en frekar getur það þó sætt sig við vondar samgöngur á einu sviði, ef bætt er úr ofurlítið á öðrum sviðum. Fyrir því berum við fram þessa brtt. í trausti þess, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. hana.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég mun ekki fara ýtarlega út í það, sem hv. þm. hafa sagt, ýmist í umkvörtunartón yfir till. fjvn. eða tillöguleysi — eða þá til framdráttar sínum málum. Það mundi taka of langan tíma og væri í sjálfu sér þýðingarlaust.

Hins vegar verð ég auðvitað fyrir hönd n. að verja hana þeim áburði, sem komið hefur úr einstöku átt, að hún hafi beitt ranglæti, því að þá væri, að mér skilst, miklu fremur um vísvitandi verknað að ræða. Hitt er auðvitað engan veginn á valdi fjvn. að geta uppfyllt óskir, ekki einu sinni þær mjög svo réttmætu óskir, sem bornar eru fram og rökstuddar af hv. þm., t. d. þeim hv. þm., er síðast talaði. Því fer fjarri, að ég vilji halda því fram, að ekki sé þörf á samgöngubótum, t. d. í Austur-Skaftafellssýslu, eins og hv. þm. minntist á, og svo mætti segja um margar fleiri till. svipaðs eðlis. En þegar við 2. umr. þessa máls komu fram hjá fjvn. skýr rök varðandi þessar brúarsmíðar, sem sé þau, að fyrir liggur svo mikið af brúarsmíðum og svo mikið fé geymt til þeirra hluta, — um 5 millj. kr. —, að álitið er mjög vandséð af þeim, sem bezt til þekkja, að hægt verði að vinna fyrir það allt á því fjárhagsári, sem hér er til umr. — Það er raunar mjög leitt og sízt af öllu ánægjulegt fyrir fjvn. eða formælendur hennar að þurfa að mæla gegn samþykkt slíkra till. Ég er sannfærður um, að flest af því, sem fært er fram til framdráttar þeirri nauðsyn að auka brúarsmíði, hefur við fullkomin rök að styðjast. En við verðum hér eins og svo oft að horfast í augu við staðreynd, sem ekki verður um þokað, þá staðreynd, að 20 brýr bíða eftir smíði, sem þegar er búið að veita fé til.

Ýmsir hv. þm. hafa haldið því fram, að n. hafi, að því er snertir vegi, ekki framfylgt þeirri reglu að halda sér sem næst við vegafjárveitingar, eins og þær voru í fjárlfrv. fyrir árið 1944. Ég vil meina, að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt, og á þetta þó einkum við þar, sem vegakaflar, sem búið er að leggja stórfé til, eru komnir h. u. b. á enda. Þá er auðvitað þörf á því að sjá sömu sýslu eða umdæmi fyrir jafnhárri fjárveitingu. Þetta getur í fljótu bragði, miðað við aðra staði, þar sem meira er óframkvæmt, litið út sem ósanngirni, en þannig mun það í fæstum tilfellum vera og aldrei þannig, að fjvn. hafi haft það í huga við till. sínar.

Hv. þm. Barð. fór geyst af stað í þessum efnum, og var allmikið öldurót norður í Djúpum, þegar hv. þm. var hér á ferð. En ég býst nú við, ef hann gætir vel að, að ekki sé um það mikla ranglæti að ræða, sem hann beindi að fjvn. Hann verður að gæta að því, að enda þótt hans sýsla, sem hann ber mjög fyrir brjósti, — og skal honum sízt legið á hálsi fyrir það, — hafi mikla þörf fyrir vegi, þá hefur hún líka mikla þörf fyrir samgöngur á sjó og verður því hlutfallslega þurftarfrekari til vega. Til vega í Barðastrandarsýslu eru raunar ekki veittar stærstu upphæðirnar, en sumar þó allstórar.

Í samgöngum á sjó er kjördæmi hv. þm. N.-Ísf. með langhæstar till., að vísu ekki frá fjvn., heldur samvinnun. samgöngumála, og mun fjvn. ekki leggjast á móti þeim vegna þeirrar brýnu þarfar, sem þar er í því efni. Í þeim till. eru 170 þús. kr. ætlaðar til Djúpbátsins. Ef hv. þm. N.-Ísf. athugar

þetta í ró, mun hann sjá, að talsvert mun ofmælt af því, sem hann sagði um nefndina. — Hann minntist nú á styrkinn til lúðrasveitarinnar, sem fjvn. hefur fallizt á að mæla með, þó ekki nema helmingi af því, sem um var beðið, eða 25 þús. kr. Eins og hv. þm. N.-Ísf. sagði, er þetta ekki til vegalagninga eða þvílíks. En það koma fyrir þau atvik í lífi þjóðarinnar, þar sem sjálft ríkisvaldið þarf á lúðrasveit að halda, og er þess nú skammt að minnast. Ég held því, að það sé afsakandi, þó að fjvn. hafi ekki alveg skellt skolleyrunum við því, að þessi tegund listarinnar væri eitthvað styrkt.

Hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) talaði hér um sérstaka upphæð til skáldsins Gunnars Gunnarssonar, sem hann flytur brtt. um. Skal ég á engan hátt mæla á móti þeim ágætu rökum, sem hann færði fram þessu til stuðnings. En að því er snertir niðurlag ræðu hans, þar sem hann lagði til, að Alþ. ætti að velja úr nokkra úrvalsmenn af þessu tagi, skáld, rithöfunda og listamenn, og setja þá með ákveðnar upphæðir sérstaklega á fjárl., en láta fjöldann af þessum mönnum vera svo sér í hópi á sama hátt og nú er lagt til um alla þessa menn, — að því er snertir þessa till., þá kann að vera, að hún hafi sitthvað til síns ágætis. En þessi hv. þm. (PHerm) mun vita af langri þingmannsreynslu, eins og flestir, sem hér eru staddir, að það er ekki alltaf á einn veg, sem litið er á kosti listamanna eða rithöfunda, og gæti svo farið, að úrvalsmennirnir yrðu nokkuð margir, þegar allir kæmu saman, eftir nokkurn tíma, þótt aðeins væri byrjað á einum. Mér hefur alltaf skilizt, að það, að hætt var við að telja upp í löngum lista á fjárl. skáld, rithöfunda og listamenn, hafi stafað af því, að alþm. hafi verið orðnir leiðir á því og ekki talið sjálfa sig bæra að meta hæfileika þessara manna. Og án þess að fella nokkurn dóm um réttmæti till. hv. 1. þm. N.-M. og um ágæti þessa rithöfundar, sem þar er um að ræða, álít ég óheppilegt að taka upp aftur þessa reglu, að setja skáld, rithöfunda og listamenn inn á fjárl. með nafni og vissar upphæðir, jafnvel þótt um úrvalsmenn væri að ræða. Að öðru leyti skal ég um þá till. segja, að hún vitaskuld stendur og fellur sínum herra, og það er Alþ. sjálft, sem kemur til með að dæma í því efni, og fjvn. sem slík leggur hvorki með né móti þessari brtt. eða öðrum af slíku tagi. Þar verður hver þm. að hafa óbundnar hendur um.

Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) talaði hér um læknisvitjanastyrki og leit svo á, að samkv. brtt. fjvn. væri eitthvað hallað á suma hreppa, sem hlut geta átt að máli um þessa styrki. Nú er það svo, að n. leggur til, — og er það samkv. till. landlæknis, — að liðurinn orðist þannig: Til læknisvitjanasjóða skv. l. nr. 59 4. júlí 1942. — Um þetta vil ég segja það, að þó að hv. formaður fjvn. kunni að hafa sagt eitthvað við hv. 2. þm. N.-M. um þetta, þá veit ég ekki til þess, að nokkur önnur samþykkt hafi verið gerð um þetta mál en sú, sem fyrir liggur í till. fjvn. á þskj. nr. 725, enda má segja, að þeir hreppar, sem höfðu fengið læknisvitjanastyrk eða hafa fengið hann fram að þessu, en höfðu ekki stofnað hjá sér læknisvitjanasjóði, — þeir verða að sjálfsögðu að fá að halda honum. Má raunar segja, að því hafi verið lofað, þegar l. um læknisvitjanasjóði voru sett. Mér þykir þess vegna gott, að hv. 2. þm. N.-M. hefur það ekki á móti brtt. n., að vitnað er til l., eins og ég gat um. (PZ: Það er búið að breyta skipun læknishéraða síðan.) Það skiptir ekki máli í þessu efni. Fjvn. í heild stendur að þessari brtt. á þskj. 725. En hafi einhver nm. lofað hv. 2. þm. N.-M. sérstaklega að verða við tilmælum hans í aðra átt, læt ég það algerlega óátalið.

Viðkomandi brtt. fjvn., nr. 6 á þskj. 725, og því, er hv. 2. þm. N.-M. spurðist fyrir um í því sambandi, er það að segja, að orðalagið: „Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins“ — á að skiljast þannig, að þetta á ekki við það, að sett sé upp, að þessir menn vinni í þjónustu ríkisins þennan tilskilda tíma, heldur í þjónustu þjóðarinnar, þ. e. a. s., að þeir vinni fyrir íslenzka hagsmuni, annaðhvort fyrir hið opinbera eða einkafyrirtæki. Það, sem hv. 2. þm. N.-M. hélt fram um þetta, er því alveg í samræmi við skilning fjvn. á þessu máli.

Þá vil ég taka það fram í sambandi við þá fimm menn, sem fjvn. gerði till. um hækkun til á þessum lið, og að ég talaði í fyrri ræðu minni um, að þessir fimm ákveðnu menn ættu samkv. till. n. allir að fá jafnan styrk, að mér varð mismæli, er ég sagði það, og bið ég afsökunar á því. En menntamálaráð á að ráða úthlutun á styrknum til þessara manna. Það var vitaskuld ekki á valdi fjvn. að ákveða, hvað hver af þessum fimm mönnum fær, enda voru mismunandi upphæðir nefndar í umsóknunum, eins og hv. 2. þm. N.-M. kom líka að. Þess vegna verður það á valdi menntamálaráðs að verða við tilmælum eða styrkbeiðnum sem þeirri, er hv. 2. þm. N.-M. gerði sérstaklega að umtalsefni. Það, sem fjvn. gerði í þessu efni, var að bæta þarna við 15 þús. kr., og það er ætlazt til þess, að sú viðbót gangi til þeirra manna, sem ég nafngreindi, en vitanlega úthlutað samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Ég vil því undanbiðja fjvn. ámæli fyrir að hafa ekki viljað sinna þessum umsóknum. Hitt er svo annað mál, og veit hv. 2. þm. N.-M. það, að oft er það svo, að menn geta ekki fengið allt, sem þeir biðja um. Og það kemur fram við umr. um þetta fjárlfrv., að margir eru óánægðir með það, að bænir þeirra hafa ekki verið heyrðar um framlag í fjárl.

Annars var það svo, að ég gat í fyrri ræðu minni um þrjá liði, sem fjvn. væri ekki að öllu leyti sammála um, þó að meirihlutafylgi reyndist fyrir þeim í n. Var það till. um að fella niður styrk til fyrirtækisins Íslenzk ull og sömuleiðis styrk til framleiðslubóta og atvinnuaukningar og í þriðja lagi til sumardvalar barna í sveit. En það er þýðingarlaust, að ég fari að lýsa persónulegu áliti einstakra fjvn.manna um þessi atriði.

Þá skal ég leitast við að svara nokkrum fyrirspurnum frá hv. þm. Barð. — Hann spurði, hvort fjvn. ætlaðist til, að um árlegan styrk yrði að ræða til Eiríks Einarssonar, Réttarholti, sem n. leggur til, að fái 2500 kr. En svo er ekki, heldur ætlast fjvn. til, að þessi upphæð verði veitt honum í eitt skipti fyrir öll. Vera kann, að þetta þyki smáskorið. En fjvn. er nú eiginlega ekki bær um að fara inn á þá braut, sem hv. þm. Barð. talaði um í þessu sambandi. Það getur vel verið, að það sé alveg rétt í sjálfu sér, og má margt segja því

til stuðnings, að sérstaklega fátækir foreldrar, sem hafa fyrir stórum barnahóp að sjá, fengju nokkurn styrk á einhvern hátt. En það liggur í sjálfu sér ekki fyrir hér að taka afstöðu til þess, nema þá ef vera skyldi, hvað þessa sérstöku brtt. snertir. En jafnvel þótt viðurkenna megi fyllilega réttmæti þess, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta, þá lít ég þannig á, að ef styðja ætti barnmörg heimili með slíkum ráðstöfunum, — sem mjög vel mundi geta komið til mála, — þá ætti að gera það eftir sérstakri löggjöf.

Þá spurði hv. þm. Barð. um hækkunina á póstmönnum, hvort þar væri átt við frú Sigríði Snæbjörnssen, og get ég svarað því játandi.

Þá minntist hv. þm. á heimild þá, sem fjvn. leggur til, að veitt sé handa Konráði kompásasmið til þess að koma upp vinnustofu, þ. e. 50 þús. kr. lánsheimild. Þessi maður sendi umsókn til fjvn. um styrk upphaflega til þess að byggja. Í meðferð málsins varð það úr, að fjvn. féllst á að leggja til, að ríkisstj. fengi heimild til þess að ábyrgjast lán til þessa hlutar. Það var upplýst fyrir fjvn., að þessum manni væri byggt út með vinnustofu sína í Verbúðunum og þá sennilega af eiganda Verbúðanna, sem mun vera Reykjavíkurbær eða Reykjavíkurhöfn. Ég hef sjálfur reynslu af því, að maðurinn vinnur þetta verk og heldur uppi þessari starfsemi. Og fyrir fjvn. lá ekkert, sem væri þess eðlis, að það gæti hnekkt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, bæði um starf þessa manns og húsnæðisleysi hans. Ég get ekki sagt eins og hv. þm., að ég viti neitt sérstakt meira um þetta en það, sem fyrir fjvn. lá, en svona var þetta mál flutt fyrir n. Og ekki er það fordæmalaust, að menn hafi fengið ríkisábyrgð fyrir láni til þess að byggja, og það jafnvel fyrir það, sem oft og tíðum kemur ekki að eins raunhæfu gagni og það, að gert sé við áttavita bátanna.

Þá spurði hv. þm. Barð um 5 millj. kr. heimildina til ríkisstj., sem till. er um í brtt. fjvn. undir 47. lið, k, um að verja til aukningar fiskiskipastóli landsins 5 millj. kr., er teknar verði úr framkvæmdasjóði. Spurðist sá hv. þm. fyrir um, hvað fjvn. hygðist fyrir í því efni. Því er þar til að svara, að fjvn. hugðist það fyrir í því efni að verða við tilmælum hæstv. atvmrh., sem fór fram á, að þessi heimild væri sett inn í fjárl. En þar er ekkert um það sagt, að verja eigi þessu fé til kaupa á bátum frá útlöndum, heldur aðeins, að það eigi að vera til aukningar fiskiskipastóli landsins. Og þrátt fyrir það að vel megi satt vera, að allt of mikið verð hafi verið borgað fyrir þessa Svíþjóðarbáta svo nefndu, þá virðist ekki ástæða til að synja hæstv. ríkisstj. um heimild slíka sem þessa, þar sem aðeins til er tekið, að fénu skuli varið til aukningar fiskiskipastóli landsins, án þess að til sé tekið, hvort skipin skuli byggð innan lands eða utan; því að ég get ímyndað mér, að þótt margir eigi að njóta góðs af stuðningi ríkissjóðs, að því er snertir Svíþjóðarbátana, þá sé enn þá allmikill hópur manna, sem þurfi á aðstoð að halda til þess að eignast skip, smíðuð annaðhvort innan lands eða utan.

Eins og kunnugt er, flutti fjvn. við 2. umr. brtt. um kirkjubyggingar eða um styrk til kirkjuviðgerða á einum fimm stöðum, að mig minnir, og tók þær aftur til 3. umr. eftir tilmælum hæstv. fjmrh. Ýmsir hafa spurt, hvers vegna fjvn. hafi ekki tekið þessar brtt. upp aftur til flutnings nú við 3. umr. Þetta mál var rætt nokkuð í fjvn. á milli 2. og 3. umr., og náðist ekki samkomulag í n. um að flytja sams konar brtt. og áður um þetta eða aðrar í þeirra stað, sumpart af því, að hæstv. ráðh. hafði beðið um, að brtt. yrðu teknar til baka, og sumpart af því, að við umr. í fjvn. kom það fram, að öll líkindi væru til, að ekki væri rétt að fara með till. af stað aftur að þessu sinni, meðan enn væri óráðið, hvort fallizt yrði á þá stefnu, að ríkið tæki að sér að styrkja kirkjuviðgerðir eða kirkjubyggingar. Það má vel vera, að þetta kunni einhverjum að líka miður. En við vissum það, og það vita allir, að hér á Alþ. hafa verið samþ. einstakir styrkir til kirkjubygginga eða viðhalds kirkna. En till. um þessa styrki hafa jafnan verið fluttar af einstökum þm., og þetta hefur enn ekki verið í svo stórum stíl, að hægt sé að segja, að í þessu hafi verið mörkuð stefna. — Þetta er ástæðan fyrir því, að fjvn. flutti ekki aftur þessar brtt. viðkomandi kirkjunum. Og ekki náðist samkomulag um þetta í n., og var svo látið kyrrt liggja.

Ég skal svo að lokum minnast lítillega á niðurlag ræðu hv. 1. þm. Eyf., þar sem hann taldi, að afgreiðsla fjárl. yrði nú með nýjum hætti og óvenjulegum. Það má segja, að við samning flestra fjárl. eða afgreiðslu séu gerð í einhverjum atriðum frávik frá því, sem áður hefur verið. En að því er snertir það að taka inn í fjárl. tekjur eða gjöld, sem ekki eru þegar búin að ná formlegri samþykkt þingsins, þá er að vísu ekki hægt að segja, að það sé viðkunnanlegt, og ég vil ekki halda því fram, að það sé í fyllsta máta rétt. En eins og nú horfir við um afgreiðslu fjárl. og hve stutt er nú til þingfrestunar (yfir jól og nýár), en hins vegar hefur orðið samkomulag um afgreiðslu l. um þessar tekjur og gjöld, en verður ekki við komið samþykkt þeirra fyrr en eftir þessa þingfrestun, þá er varla hægt að hafa aðra framkvæmd á þessu en þá, sem nú stendur til að gera ráð fyrir, að þessar 6 millj. kr. til inntekta samkv. tekjuskattsviðaukafrv. og þessar 4½ millj. kr. til gjalda samkv. launalagafrv. komi inn í fjárl. Og það er alveg með öruggri vissu hægt að segja það, að þar sem hæstv. ríkisstj. hefur bundið fastmælum, að launal. verði afgreidd á þessu þingi, og hins vegar liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. frv. um tekjuskattsviðauka, og þar sem enn fremur er vitað, að nægilegur þingmeirihluti er til fyrir því að samþ. þessi frv. hvort fyrir sig, þá er það í sjálfu sér ekkert sérstaklega varasamt, þótt gert sé ráð fyrir þessu hvoru tveggja í fjárlfrv. Hitt var líka mjög rætt, hvort bíða ætti með afgreiðslu fjárl. fram yfir nýár, sem fordæmi er fyrir. En á því þóttu enn meiri ágallar að bíða með afgr. fjárl., þar til öll þau frv. væru afgreidd, sem inn í þau kynnu að grípa.

Forseti (GSv): Verður nú gefið kaffihlé og fundi fram haldið að því loknu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef aðeins flutt eina brtt. við fjárlfrv. Hún er á þskj. 740 og er þar sú XV. í röðinni. Þessi till. mín er um það, að veitt verði fé á næsta ári til að brúa Tjarnará á Vatnsnesi, ¾ kostnaðar, 52500 kr. Ég skal geta þess, að við 2. umr. flutti ég till. um

fjárveitingu til brúar á Tjarnará, 55 þús. kr., en við nánari athugun hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi upphæð, sem ég nefndi hér, sé nægileg. Það er áætlað, að brúin kosti 70 þús. kr. alls, en vegna þess að þarna er ekki þjóðvegur, heldur sýsluvegur, á samkvæmt l. að leggja fram úr ríkissjóði aðeins ¾ kostnaðar við að smíða brú af þessari stærð, og mun því nægja, að ríkissjóður leggi fram þessa upphæð, 52500 kr. Ég hafði óskað þess við fjvn., að hún tæki upp í till. sínar fjárframlag til þessarar brúargerðar, og hafði gert mér von um, að n. mundi fallast á það, m. a. með tilliti til þess, að það eru litlar fjárveitingar til verklegra framkvæmda í Vestur-Húnavatnssýslu borið saman við önnur héruð landsins. N. hefur ekki séð sér fært að taka upp þessa till., en vitanlega eru samt enn þá möguleikar til þess að koma þessu inn á fjárl., ef meiri hl. þm. vildi á það fallast. Ég skal geta þess, að á Vatnsnesi eru margar góðar jarðir, en vegir ófullkomnir, og veldur það þeim, sem þarna búa, miklum erfiðleikum, að á sú, sem hér um ræðir, er oft ófær bifreiðum.

Ég hef heyrt, að fjvn. hafi einkum miðað till. sínar um fjárframlög til verklegra framkvæmda í hinum ýmsu héruðum við það, sem veitt hefur verið á síðasta ári eða í síðustu fjárl. til slíkra hluta. Þó skilst mér, að eitthvað hafi verið vikið frá þessu, enda tel ég, að það geti verið rétt, því að það hlýtur að vera hæpið að stýra eingöngu eftir þeim kompás. Ef til vill er það líka svo um fjvn., að hún hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé á að fá betri áttavita og flytji því till. sína um að koma upp smiðju fyrir þá hluti. Ég skal geta þess út af þessari till. minni í sambandi við það, sem rætt hefur verið af hæstv. ráðh. um brúargerðir, að ég þykist viss um, að auðvelt mundi að fá verkamenn þarna í sýslunni til að vinna að þessari brúargerð, ef fjárveiting væri samþ., og hér er ekki heldur um svo mikið efni að ræða, að það mundi vera erfiðleikum bundið að fá það. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Hv. frsm., þm. Vestm., sagði áðan í ræðu sinni, að fjvn. hefði á það fallizt eða þótt rétt að taka inn í fjárlfrv. upphæðir bæði tekju- og gjaldamegin, sem ekki væru nú lögákveðnar. Átti hann þar við tekjuskattsaukann og einnig útgjaldahækkun vegna væntanlegrar samþykktar á launal. Hann sagði, að n. gerði þessar till., af því að það væri bundið fastmælum, að þessi frv. yrðu að l. Hvað sem um það má segja, þá held ég, að skoðanir séu áreiðanlega skiptar um réttmæti þess að hækka launagreiðslur svo mjög sem lagt er til í till. n. Enn er ekki hægt að sjá nákvæmlega fyrir, hvernig afgr. verður á þessu frv. En ég vil benda á, að ef það er rétt að taka þar inn aukin útgjöld vegna væntanlegrar samþykktar launalfrv., þá gildir það sama um þau útgjöld, sem leiðir af dýrtíðarfrv., sem nú liggur fyrir Ed. Það frv. er þó komið lengra áleiðis gegnum þingið en launalfrv., og mér skilst, að á sama hátt sé ákveðið af hæstv. stj., að það frv. verði að l. eins og hitt. Ég sé því ekki betur en það sé ósamræmi hjá n. að gera till. um, að útgjöld ríkisins af samþykkt launalfrv. verði tekin inn í fjárl., en útgjöldunum vegna dýrtíðarfrv. haldið utan við. Mér sýnist, að hér sé um fullkomið ósamræmi að ræða, en sé hins vegar ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Út af síðustu ummælum í ræðu hv. þm. V.-Húnv. vil ég segja, að það er ekki rétt álit hjá honum, að neitt ósamræmi sé hjá fjvn., þegar hún fellst á, að rétt sé að taka inn í fjárl. tekjur samkvæmt tekjuaukafrv., sem liggur fyrir með áætluðum tekjum til að mæta áætluðum útgjöldum launalfrv., sem líka liggur fyrir. Það er ekki ósamræmi í þessu og hinu, þó að n. vilji ekki taka inn í frv. tekjuaukaáætlanir, sem eru ekki kunnar, þegar umr. fer fram. Það er þessi munur, sem ég vil benda honum á. (**SkG:** Ég talaði um gjaldahliðina.) Já, en hér er fjvn. að taka tillit til tvenns konar till., annarra til gjalda, en hinna til tekna, en í hinu tilfellinu liggur að vísu fyrir, þó ekki ljóst, hver gjöld kunni að verða að því, er snertir dýrtíðarfrv. Hitt er enn óráðið, en mun koma fram á sínum tíma, á hvern hátt hæstv. stj. leggur til, að þeim útgjöldum verði mætt. Hér er því um tvennt ólíkt að ræða, og gætir því einskis ósamræmis hjá n., að því er þessi tvö atriði snertir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Ég skal lofa því að vera ekki langorður. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta fjárlfrv., en það, sem hefur gefið mér tilefni til að kveðja mér hljóðs, er það, að ég á eina brtt. á þskj. 743, XI. Ég og fjórir aðrir hv. þm. eiga þar till. um styrk til kirkjubygginga, sem hafa valdið nokkrum umr., eins og heyra mátti á ræðu hv. frsm. En það einkennilega er við þessa till. og tilorðningu hennar af okkar hálfu, að sjálf n. hefur borið slíka till. fram í brtt. sínum á þskj. 579, þegar frv. var til 2. umr. Þegar til atkvgr. kom, þóknaðist n. að draga till. til baka, og menn héldu, a. m. k. aðstandendur þessarar till., að n. hefði fengið einhverja bakþanka, en það kemur fram í dag, að það eru meira en bakþankar, það hafa verið gersamleg sinnaskipti, sem urðu hjá n., því að hún heyktist á þessum till., og þær komu ekki fram aftur. Þessi till. okkar fer fram á samtals 85 þús. kr. og er um byggingarstyrk til sex kirkna. Ég á sem sagt fyrsta liðinn, en það stendur dálítið sérstaklega á um þann lið. Ég veit, að hv. þm. þekkja það frá fyrri tíð, því að þetta er ekki nýtt um Akureyrarkirkju. Það er rangnefni að kalla þetta styrk til hennar, því að ég hef aldrei farið fram á styrk til kirkjunnar, heldur hef ég talið það réttláta kröfu, sem Akureyri ætti á ríkissjóð.

Þeir, sem vilja vita rétt þessa máls, mega rifja það upp, að á Akureyri var lénskirkja, og átti hún miklar eignir, sem ríkið tók undir sig, þegar hún varð að safnaðarkirkju. Vegna þessa fór kirkjan fram á að fá greiddar fyrir þessar eignir 50 þús. kr. Þáverandi ríkisstj. gekk inn á, að Akureyri bæri að fá greidda einhverja upphæð fyrir kirkjueignina, og þóknaðist að leggja til, að endurgreiddar yrðu 30 þús. kr. Ég gerði mig ekki ánægðan með þetta, og tvisvar síðan hafa fengist 5 þús. kr., svo að af 50 þús. kr. eru nú 40 þús. greiddar. Þegar fjvn. gerði nú till. sína á þskj. 579, varð ég ánægður með það og taldi málinu lokið. En þegar n. sá sig um hönd, vildi ég taka upp till. um sömu fjárhæð og tel mig

hafa fulla afsökun að gera það. Geri ég þetta ásamt fjórum þm., sem hver ber fram mál sinnar kirkju. Ég þarf ekki mjög að ræða það mál, ég býst við, að hv. fjvn. geti verið með þessari till. Ég veit, að margir hinir söfnuðirnir eru fátækir og þurfa þessa mjög. Hér er ekki um neina nýja stefnu að ræða, því að slíkir styrkir hafa fyrr verið veittir. Eitt sinn t. d. fauk kirkja, og voru þá veittar 15 þús. kr. til endurbyggingar. Ég held, að stóra liði á frv. mætti fremur spara en þetta.

Úr því að ég stóð upp, langar mig mjög til að minnast á brtt. á þskj. 746 frá hv. þm. Mýr. Brtt. er ekki um hækkun, heldur fer fram á, að af fé, sem menntamálaráð úthlutar til námsmanna, skuli 6 þús. kr. bundnar við nafn Páls Pálssonar dýralæknis til framhaldsnáms í búfjársjúkdómafræði. Svo einkennilega vill til, að þarna er maður, sem þorir að fara út í sérfræðinám á þessu sviði. Mörg axarsköft hefðu verið spöruð, ef ekki hefði skort þá sérmenntun hér á landi. Páll Pálsson hefur ágætt próf, lá við ágætiseinkunn, og er þó dýralæknispróf mjög erfitt. Hann er framúrskarandi námsmaður og líklegur til vísindastarfa. Háskólinn vildi gjarnan ná honum í þjónustu sína. Mér finnst það nokkur ábyrgð fyrir okkur að reyna ekki að hygla svo efnilegum, efnalitlum mönnum, sem við þörfnumst mjög til starfa, að við missum þá ekki. Ég á sjálfur son, sem er á leið heim. Honum bauðst staða í Danmörku eftir dýralæknispróf. Ég kaus, að hann tæki við mínu gamla embætti, en það var mjótt á mununum, að ég missti hann ekki. Ég veit, hvað ég er að fara, þegar ég mæli fastlega með því, hv. þm., að þið samþ. þessa till., hún getur haft stórkostlega þýðingu

Helgi Jónasson: Ég ætla ekki að fara að svara þeim hnútum, sem fjvn. hefur orðið fyrir, að sumu leyti eflaust að makleikum. Ég vil aðeins minnast ummæla hv. þm. Barð. (GJ), sem sveigði að mér fyrir það, að ég hefði gerzt svo djarfur að halda því fram, að fjvn. hefði viljað sýna sanngirni og réttlæti í vegamálum. Hann áleit það réttasta vera, að samgmn. réði þeim hlutum. Þar á hann sæti, og þess vegna eru allir ánægðir með gerðir þeirrar n. Ef hún tæki við þessum vanda, væri víst allt í lagi. Ágætt, ef svo væri. En ég óttast, að það mundi annan veg reynast samt.

Það er nú orðið ljóst, hvernig verða muni afgreiðsla á fjárl. næsta árs. Breyt. munu ekki nema mjög miklu umfram það, sem þegar er samþ. eða komið fram í till. fjvn. Því hefur verið lýst yfir, að ríkisstj. og fjvn. hafi orðið sammála um þessa afgreiðslu í aðalatriðum. Þetta er ekki rétt, því að mikill ágreiningur var í n. um stór atriði, og er það bókað og yfir lýst. Á síðasta fundi n. komu fram ákveðnar óskir frá fjmrh. um, að fjárl. yrðu afgreidd fyrir jól, að fjárveitingar vegna dýrtíðarráðstafana yrðu ekki teknar á fjárl. og að teknar yrðu á fjárl. 4½ millj. kr. vegna útgjaldaauka af nýjum launalögum. Ég benti á það í fjvn., að mér þætti ósamræmi í því að taka inn greiðslur vegna launalfrv., sem er ekki orðið að l., en engar greiðslur vegna dýrtíðarráðstafana, sem ákveðið er, að gerðar skulu, þótt eigi sé það komið í lög heldur. Ekkert tekjuöflunarfrv. ríkisstj. var þá fram komið, þótt boðuð hefðu þau verið, og við vissum ekkert um, hvernig þau mundu verða. Ég verð að játa, að ég er dálítið tortryggur vegna þessarar aðferðar. Hæstv. fjmrh. lýsti yfir því, að dýrtíðarfrv. mundi verða að l. En við vitum ekkert um, hvernig á að standast útgjöld, sem af því leiðir. Í fyrra var ákveðið, að það yrði gert með hækkun álagningar á áfengi og tóbak. Nú er allt slíkt óumrætt. Ég er ekki að væna ríkisstj. um, að hún ætli að hindra framgang dýrtíðarfrv., enda væri það gagnstætt „prógrammi" hennar að svíkjast um það.

Það stakk mig dálítið illa að heyra hjá hv. frsm. (JJós), að engin ástæða væri til að láta bíða að taka kostnað vegna launal. upp í frv. Er þá ekki jafnsjálfsagt að taka upp kostnað vegna dýrtíðarráðstafana, sem samkomulag er um, að gerðar verði?

Ég geri ráð fyrir, að þegar ríkisstj. tók við völdum, hafi hún verið búin að ræða um leiðir þær, sem hún ætlar að fara til tekjuöflunar. Þess vegna kemur manni þetta svo undarlega fyrir sjónir, að kappsmál skuli vera að afgreiða fjárl., áður en uppskátt er gert um tekjuöflunarleiðirnar. Ég óskaði miklu fremur, að fjárl. biðu fram yfir nýár, og sérstaklega taldi ég það eiga að vera meginreglu að taka inn öll útgjöld, sem vitað væri um.

Ég lýsi enn yfir, að ég greiddi atkv. móti þessari afgreiðslu í fjvn. En ýmsir hafa nú vítt hana svo þunglega, að ég get haft um hana færri orð en ella mundi.

Ég á brtt. á þskj. 743, XVI. Mér þykir sú fúlga há, sem þar er til tekin, en ekki er um gott að gera. Fyrir 2 eða 3 dögum voru samþ. l. um bændaskóla í Skálholti. Ég var móti þessu frv., m. a. af því, að með því móti hlaut kostnaður að verða miklu meiri en á Sámsstöðum, þar sem ákveðið hafði verið að hafa bændaskóla Suðurlands. En meiri hl. Alþ. vildi ekki annað en byggja hann í Skálholti, og er þess eindregið að vænta, að sá meiri hl. viti, hvað hann hefur gert, og skeri ekki við neglur nauðsynleg framlög til bændaskólans, því að það mál þolir ekki langa bið. Til þess að hægt sé að hefja þar skólahald, tel ég, að gera þurfi brú yfir Hvítá hjá Iðu, leggja 3 km veg og byggja öll hús, sem skóli og skólabú þarfnast. Iðubrúin er talin álíka dýr og brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Áætlanir eru ekki til um hana hjá vegamálastjóra, en til hennar verður að ætla um 1 millj. kr. Vegurinn mun kosta um 180 þús. kr. með þeim vinnuaðferðum, sem nú eru hafðar. Ég skal játa, að brúnni mætti fresta eitthvað, þótt hún sé nauðsyn til þess að Skálholt verði eigi svo afskekkt sem það er nú. Vil ég því bera fram skrifl. varatill. við brtt., sem ég skýrði frá, og draga þar frá brúarverðið. Þá yrði aðeins eftir fé fyrir veginum og til þess að byrja á byggingum og öðrum undirbúningi, ef hún verður samþ., en ekki aðaltill. um 2 millj. framlagið, sem veita þarf nú þegar, ef vel á að vera.

(Skrifleg brtt. kom fram frá 1. þm. Rang. Leitaði forseti afbrigða. Voru þau leyfð, en fengust eigi samþ. að sinni, því að eigi voru nema 25 þm. á fundi.)

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég á hér brtt., sem ég leyfi mér að lýsa hér með nokkrum orðum. Fyrst er það þskj. 743, XII., þar sem farið er fram á, að teknar verði inn á fjárl. greiðslur,

sem lögboðnar eru samkv. l. um landnám ríkisins, nr. 58 1941, 750 þús. kr. En í þeim l. segir svo, að ríkið skuli leggja fram til þeirra mála a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Nú hafa öll þessi ár liðið frá 1941, án þess að nokkrar greiðslur hafi farið fram. Það má segja, að þetta sé athugaleysi af Alþ. að hafa ekki komið þessu inn á fjárl. En sumir líta svo á, að þegar búið sé að ákveða með l. greiðslur, þá sé það ríkisstj. á hverjum tíma að sjá um, að þeim l. sé framfylgt og slíkar greiðslur inntar af hendi. En því miður hefur þetta ekki verið gert og ekki heldur sett á landsreikninginn, sem þó hefði mátt. Ég tel, að við svo búið megi ekki standa. Mér er sagt, að brtt. hafi verið borin fram í fjvn. um þetta, en ekki fengizt samþ. Ég vil því til áréttingar þessu máli bera fram brtt. um þetta í hæstv Alþ., því að það nær engri átt að ákveða greiðslur með l. og trassa svo að framfylgja þeim l. með því að láta undir höfuð leggjast að greiða það, sem greiða ber. Það þýðir ekki að stinga þannig höfðinu í sandinn. Það má segja, þótt ég skuli ekki fullyrða það, að þessi upphæð sé þegar orðin ein millj. kr., ef miðað er við það, að með árinu 1945 séu fjögurra ára greiðslur fallnar í gjalddaga. En ég vil ekki taka upp nema þriggja ára greiðslur. Það ætti að nægja til þess að sýna hæstv. Alþ. og ríkisstj., hvernig komið er í þessu máli.

Næsta brtt. er XIII. Það er styrkur til Sigbjörns Ármanns til vatnsmiðlunar úr Langavatni í Langá og Gljúfurá í Mýrasýslu, helmingur kostnaðar, 12 þús. kr. Þetta eru mjög góðar laxveiðiár, en þegar þurrkar ganga á sumrin, vilja þær verða vatnslitlar, sérstaklega Gljúfurá. Báðar renna þær úr vatninu. Nú hagar svo til, að mjög auðvelt er að gera vatnsmiðlun úr Langavatni, svo að nægilegt vatnsmagn verði allt sumarið, þó að þurrkar gangi. Báðar árnar gætu því mjög mikið bætt veiðihorfurnar frá því, sem nú er. Sigbjörn Ármann, sem er mjög mikill elju- og áhugamaður um þessi mál, hefur lofað að taka að sér að vinna að þessari vatnsmiðlun og látið fara fram einhverjar mælingar og ýmsan annan undirbúning. Hann hefur einnig séð um vegarlagningu meira en miðja vega að Langavatni. Meiningin er, að þessar greiðslur renni að nokkru til vegarlagningarinnar. — Veiðimálanefnd er mjög meðmælt, að þessar framkvæmdir gætu komizt á, og hefur gefið beztu meðmæli sín. Gert er ráð fyrir eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að kostnaðurinn yrði 50 þús. kr. Hér er farið fram á, að hið opinbera létti undir með framkvæmdum og greiði helming kostnaðar við verkið, og er upphæðinni skipt á tvö ár.

Þá er á sama þskj., XVIII. lið, till. um það, að ríkisstj. veiji 25 þús. kr. úr ríkissjóði í byggingarstyrk til Ásgeirs Bjarnþórssonar listmálara. Árið 1943 var samþ. heimild til handa ríkisstj. að greiða 60 þús. kr. til nokkurra listmálara í byggingarstyrk, svo að þeir gætu komið upp málverkavinnustofu fyrir sig. Þessari upphæð var skipt milli nokkurra málara. Ásgeir var einn meðal þeirra. En hann hefur ekki enn getað hirt sinn hluta, 15 þús. kr. Ég hef áætlað hann nokkru hærri nú, og hefur ríkisstj. þá í hendi sinni, hvort hún greiðir 15—25 þús. kr.

Þá eru á þskj. 746 tvær smá-brtt. Önnur er ekki útgjaldatill., hún er um það, að Páli Pálssyni verði veittur 6000 kr. framhaldsstyrkur til náms í búfjársjúkdómafræði af því fé, sem menntamálaráð hefur til úthlutunar. Ástæðan til þess, að ég ber fram þessa till., var framsöguræða hv. frsm. fjvn. (JJós). Mér skildist á honum, að sú upphæð, sem hann nefndi, 15000 kr., væri ætlazt til, að skiptist jafnt á milli fimm manna. Ég sá þá í hendi mér, að með því móti mundi Páll Pálsson, þessi mjög efnilegi námsmaður, ekki fást til þess að leggja niður starf sitt í Danmörku, en það er mjög vel launað og þægilegt, og taka upp erfitt og dýrt nám á eigin kostnað ofan á langt og kostnaðarsamt nám hingað til. Páll hefur tekið framúrskarandi góð próf og er hið mesta vísindamannsefni. Og ef ríkið færi fram á það við hann, að hann stundaði þetta framhaldsnám og starfaði svo á Íslandi, mundi hann gera það. Það er hverju orði sannara, að fyrir íslenzkan landbúnað er fátt nauðsynlegra, eins og nú standa sakir, en að fá verulega vel lærðan búfjársjúkdómafræðing til þess að standa fyrir lækningatilraunum, sem fara fram nú. Og ef komið verður upp fullkominni tilraunastöð á Keldum í Mosfellssveit, eins og miklar og góðar vonir standa nú til, að ólöstuðum þeim mannalæknum, sem við þessi fræði hafa fengizt, þá er það skoðun fróðra manna, að ákaflega brýn þörf sé, að þar séu fyrir menn með vísindalega dýralæknisþekkingu. Og þar sem svo hagar til, að við Íslendingar eigum mjög efnilegan mann á þessu sviði, þá finnst mér sjálfsagt, að hann fái styrk til að standa straum af því námi, sem hér um ræðir. Mér virðist, eftir ræðu hv. frsm. fjvn. að dæma, að það fé, sem ætlazt er til, að skipt sé milli einstakra námsmanna, sé alls ekki fullkomlega bundið. Menntamálaráð hefur því að vísu í hendi sinni að veita þann styrk, sem álitinn er nauðsynlegur til þessa. En þrátt fyrir það tel ég, að Alþ. beri að benda á þá upphæð, sem það vill leggja til þessa máls. Það er engin vissa fyrir því, að menntamálaráð hafi betri skilning á þessu máli en Alþ. sjálft.

Loks er það brtt. við 18. gr. Það er til Þorleifs Erlendssonar kennara. Hann er orðinn aldraður og hefur um 40 ára skeið verið barnakennari víða um landið á þeim stöðum, sem erfiðast hefur verið að fá menn til kennslustarfa vegna strjálbýlis. Hann hefur lagt mikið á sig, og mér finnst alveg sjálfsagt, að hæstv. Alþ. sjái það við hann með því að veita honum nokkur eftirlaun fyrir mikið og gott starf. Það má segja, að það sé leiðin, að hann fái ellistyrk, en sjálfur kýs hann helzt þessa leið, ef hún reynist fær. Ég hef borið fram þessa till. áður og vænti þess, að hún fái nú betri undirtektir en í fyrra skiptið.

Páll Zóphóníasson: Ég vildi gjarnan leiðrétta misskilning milli mín og hv. frsm. (JJós) út af brtt. á þskj. 725, II. Það liggur ljóst fyrir eftir till. n., að hún ætlast til, að styrkirnir skiptist milli læknisvitjanasjóða, en ekki, eins og gert var ráð fyrir í fjárl. 1943, milli hreppa, sem enga læknisvitjanasjóði hafa. Ég felli mig við þetta, ef orðalaginu væri breytt. Ætlazt er til, að hreppar, sem styrks vilja njóta, komi sér upp læknavitjanasjóðum. Og um það er enginn ágreiningur. Hins vegar er það villandi að miða við fjárl. 1943, því að síðan hafa orðið til ný læknishéruð og tveim læknishéruðum hefur verið steypt saman. Við þetta

hafa orðið óþarfir 7 læknisvitjanastyrkir. Stofnað hefur verið Borgarfjarðarhérað eystra, Stokkseyrarhérað, Borðeyrarhérað og Staðarstaðarhérað. (**HelgJ**: Er ekki frv. hér um það að fresta þessum l.?) Ég veit ekkert um framgang þess frv. Hins vegar hefur verið stofnað Egilsstaðahérað, sem er eitt stærsta hérað landsins, svo að úr sumum hreppum þar er læknisvitjunarleið á annað hundrað km. Þeir hreppar geta ekki komið til greina með að fá styrk samkv. tilvitnun í fjárlfrv. 1943. Þess vegna vil ég breyta orðalagi till. Það á ekki við að láta Borgarfjarðarhérað hafa 600 kr. styrk, ef læknir kemur þar, en fáist ekki læknir, þá fá þeir sem svarar læknislaunum til þess að sækja lækni til Seyðisfjarðar. Berum þetta saman við t. d. Barðastrandarsýslu. Þar eru, ef ég man rétt, tveir læknisvitjanastyrkir, að vísu smáir, en engar vegalengdir þar eru sambærilegar við það, sem er í Egilsstaðahéraði. Ég skil ekki í því, að n. öll hafi getað orðið ásátt um þetta, sem nm. skilja hver út af fyrir sig.

Þá langar mig til að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh. — Þegar hann talaði um fjárhagshorfurnar fyrir næsta ár, gætti þar mikillar óvissu. Það var mjög mikil óvissa um það, hve miklar útflutningsuppbæturnar yrðu, og óvíst, hvað skattafrv. mundi gefa. En tvennt var þó hæstv. ráðh. viss um. Annað var það, að alveg þýðingarlaust væri að reyna samkomulag um kaup á Egilsstöðum. En það hefur ekki verið reynt. En því ekki að reyna það, áður en farið er inn á eignarnámsleiðina? Við, sem stöndum að þessari till. um að leita nú þegar samkomulags um sölu, teljum þá leið miklu æskilegri. Hv. þm. Barð. talaði um það, að hann hefði leigt lóðir ákaflega ódýrt á Bíldudal, en ekki veit ég, hvort það færir okkur nokkuð nær lausninni á Egilsstöðum. Ég veit ekki betur en ríkið sé nú byrjað að byggja þar læknisbústað og sjúkraskýli. Og þar á dýralæknirinn einnig að vera, og ríkið reisir bústað hans. Ríkisstj. hefur ekki reynt að semja um leigu fyrir lóðir undir þessar byggingar. Og fimm menn ætla að byggja þar í vor og hafa útvegað sér efni, en hafa frestað að semja um lóðaleigu í þeirri von, að ríkið muni ná heildarsamningum.

Hitt, sem ráðh. var viss um, var, að það kæmi ekki til greina, að nýtt skip fengist til strandferða á þessu ári. Það vissi hann. En hvað mikið mundi þurfa í útflutningsuppbætur, það vissi hann ekki. En þótt friður komi eftir mánuð, þá vissi hann, að ekkert þýddi að samþ. heimild til kaupa á strandferðaskipi. Menn sjá mislangt inn í framtíðina. Við getum hrósað happi að eiga fjmrh., sem sér svona langt fram í tímann. Ég man ekki betur en Morgunblaðið sýndi mynd af skipi, sem talið var hægt að fá og virtist vel fallið til strandferða. Var Morgunblaðið og greinarhöf., sem er flokksmaður hæstv. ráðh., bara að brúka munn, fyrst ríkisstj. er svona viss, að hún vill frábiðja sér heimild til þess að mega kaupa skip, ef það kynni nú að fást? Ef ríkisstj. vildi neita því með rökum, sem í Morgunblaðinu er haldið fram um þetta, eða ef stj. játar, að hún hugsar svona lítið um fólkið úti í dreifbýlinu, kynni að mega skilja það. En að það sé fullvíst, að ekki fáist skip á næsta ári, það fæ ég ekki skilið.

Að síðustu vildi ég skýra hv. þm. Barð. frá því, meir í gamni en alvöru, ef það hefur nokkur áhrif á hann, að það er alveg rétt, að kominn er hringvegur í þjóðvegatölu í Svarfaðardal, og af því að það er hringvegur, vill hann ekki láta brúna koma. En þá skal hann gá að því, að fyrir 1920 var byrjað á veginum frá Dalvík af sjálfboðaliðum, og þannig er vegurinn lagður alla leið að Hreiðarsstöðum eða 18 km. Við þessum vegi tók svo ríkið. Ef hv. þm. Barð. getur nefnt mér sams konar fórnarvilja til að fá veg einhvers staðar í allri Barðastrandarsýslu, hvar sem vera skal, þá á sá vegur skilið að fá stuðning á móti, ef 18 km vegur hefur verið lagður upphleyptur með sjálfboðavinnu, áður en hann er tekinn í þjóðvegatölu. Ef slíkt væri fyrir hendi í Barðastrandarsýslu, mundu vegir vera þar betri, en nú eru þar fáir vegir góðir, heldur mestmegnis lélegir ruðningar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hélt því fram áðan í ræðu minni, að það væri mikið ósamræmi í því í till. hv. fjvn. að leggja til, að útgjöld vegna væntanlegra launal. verði tekin inn á fjárl., en aftur á móti ekki fyrirsjáanleg útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana skv. frv., sem fyrir liggur um það efni. Hv. frsm. n. (JJós) gerði við þetta nokkrar aths. áðan, en ekki gat ég heyrt hjá honum neinar röksemdir fyrir því, að þetta væru eðlileg vinnubrögð hjá hv. fjvn. — Eins og mönnum er kunnugt, þá er svo ástatt um þessi mál, að í hv. Ed. er nú frv. til launal. Það er aðeins komið gegnum eina umr. af þremur og á síðan eftir að fá afgreiðslu í Nd. Hitt frv., um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, er búið að fara gegnum Nd. og eina umr. í Ed. Það er þannig komið lengra áleiðis, en sama gildir um bæði þessi mál, að því er yfirlýst af hæstv. ríkisstj. og var í þeim samningi, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér í haust, að bæði þessi frv. ættu fram að ganga. Það eru mjög einkennileg vinnubrögð hjá fjvn., að væntanleg útgjöld vegna annars þessa frv. skuli tekin inn á fjárlfrv., en ekki útgjöld vegna hins frv. Menn tala um, að tekjur vanti á móti þessum væntanlegu útgjöldum af dýrtíðarráðstöfunum. Mér finnst ástæða til þess að gera við þetta nokkrar aths. Ég sé ekki, að það vanti tekjur til þeirra ráðstafana frekar en annarra útgjalda ríkisins. Það er ekkert sérstakt hólf í ríkisfjárhirzlunum, sem peningar til dýrtíðarráðstafana eru geymdir í. Hitt er rétt, að það vantar tekjur og það, sem um munar, í ríkissjóð, til þess að hann geti borgað öll þau útgjöld, sem fyrirsjáanleg eru á næsta ári, og þar með að nokkru þann kostnað, sem verður af dýrtíðarráðstöfunum. Á sama hátt virðist mér það vera nokkuð út í hött, þegar verið er að tengja saman þetta tvennt, væntanlega tekjuskattshækkun skv. frv., sem nýlega hefur fram komið, og hækkun á launagreiðslum til starfsmanna ríkisins, vegna þess að tekjuskattsaukinn fer ekkert frekar til þess að greiða kauphækkun til launamanna en til annarra útgjalda ríkisins. Allar fara þessar tekjur í sameiginlegan sjóð, og úr þeim sjóði eru bæði greidd laun starfsmanna, framlag til dýrtíðarráðstafana og annað, sem ríkissjóður þarf að greiða, eftir því sem tekjurnar hrökkva til.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það hafa líka aðrir á það bent, að þetta væri óeðlileg málsmeðferð, og vil ég taka undir það. Ég tel slæmt, að hæstv. stj. skyldi ekki nú, áður en fjárl.

eru afgr., vera búin að sýna öll sín væntanlegu skattafrv. og hefði átt að gera annað hvort, að taka ekkert inn á fjárl. af þeim væntanlegu tekjum og gjöldum, sem ekki eru enn lagafyrirmæli um, eða að taka allt saman.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það hafa nokkrir hv. þm., þar á meðal hv. síðasti ræðumaður, minnzt á þetta ósamræmi í fjárl. hvað snertir launal. og dýrtíðarráðstafanir. Skilst mér, að það hafi sætt mestri gagnrýni, að kostnaðurinn við dýrtíðarráðstafanir hafi ekki verið tekinn inn á fjárlfrv., þar sem vitað er, að þær ráðstafanir hafa veruleg útgjöld í för með sér. Í þessu sambandi er rétt að svara þeirri fyrirspurn, sem 1. þm. Rang. beindi til mín. Hann spurði, hvort samkomulag væri innan stj. um, að dýrtíðarfrv. næði fram að ganga. Ég er búinn að gefa yfirlýsingu um það tvisvar eða þrisvar og get gert það einu sinni enn, að um þetta hefur enginn ágreiningur verið innan ríkisstj. og hún er öll sammála um framgang þess.

Ég get nú játað, að það sé út af fyrir sig óheppilegt, að kostnaður vegna dýrtíðarráðstafana verði ekki tekinn inn á fjárlfrv., af þeirri einföldu ástæðu, að fjárlfrv. á að vera sem réttust mynd af fjárlagameðferðinni, sýna sem réttasta mynd af tekjum ríkisins og gjöldum. Hins vegar á ég dálítið erfitt með að skilja, að hv. þm. skuli hneykslast svo mjög á þessu, þó að óheppilegt sé. Ef það væri í fyrsta skipti, sem þetta kæmi fyrir, væri það ekkert undrunarefni, og þá mundi ég taka með þögn og þolinmæði þeirri gagnrýni, sem beitt hefur verið gegn þessu. En þetta er alls ekki í fyrsta skipti. Ég skal t. d. upplýsa það, að í októberlok var búið að greiða kr. 19651614,00 skv. sérstökum l., — útgjöld, sem ekki eru tekin inn á fjárl. 1944. Ég var að vísu ekki við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra, en ég ætla, að mér sé óhætt að segja, að ekki hafi verið haldnar eins margar ræður og nú um þessi atriði. Og sannleikurinn er sá, eins og þeir hv. þm. vita, sem mest hafa deilt á stj. fyrir þetta, að tíðkazt hefur fyrr og síðar, að milljónir kr. hafa verið greiddar, án þess að þær sæjust í fjárl. **(HelgJ:** Óviss útgjöld?) Það er ekki hægt að kalla það óviss útgjöld, sem sérstök l. eru sett um eða ákveðin eru fyrir fram af Alþingi.

Sú gagnrýni, sem komið hefur fram út af hinu, útgjöldum vegna væntanlegrar samþykktar launal., finnst mér enn fjarlægari en hin gagnrýnin. Hún er fjarlægari af því, að þau útgjöld eru tekin til þess að láta fjárl. sýna rétta mynd af útgjöldunum, hvað þetta snertir. Vitað er, eins og margtekið er fram af hinum og þessum, að samkomulag er um það, a. m. k. innan stjórnarhópsins á þ., að þetta mál nái fram að ganga. Er engin ástæða til að láta hjá líða að taka það upp á fjárlfrv.

Mér er skylt að biðja afsökunar á því, að ég mun hafa farið með rangt mál, þegar ég sagði, að samkomulag hefði verið um það í fjvn. að afgreiða fjárlfrv. nú fyrir áramót. Ég gerði það ekki viljandi að fara rangt með þetta. Ég þóttist í sannleika sagt hafa nokkra ástæðu til að halda, að fullt samkomulag hefði verið um það, því að engin mótmæli komu fram gegn því, þegar ég talaði við hv. fjvn. um þetta. **(HelgJ:** Seint um kvöldið á sama fundi komu þau fram.) Ég vissi það ekki og kom ekki í hug, að um neinn ágreining væri að ræða. — Ég hef fært þau rök, sem ég taldi sæmilega góð, fyrir því, að þetta hafi verið skynsamleg aðferð og viðkunnanleg. Ekki er hægt að neita því, að það er ákaflega óviðkunnanlegt að byrja árið fjárlagalaust, þegar þ. hefur setið svona lengi. Þó að ýmsum þyki ámælisvert að afgreiða fjárl., áður en gengið er endanlega frá skattal., þá álít ég, að þetta sé þó viðfelldnari aðferð, fyrir utan það, að ég álít hana hagfelldari.

Hv. 1. þm. Rang. vefengdi, að hægt væri að ná inn svo miklum tekjum með nýjum skattal., að hægt yrði að standa undir gjöldum vegna dýrtíðarráðstafana. Ég get ekki neitað því, að mér finnst gæta dálítils ósamræmis hjá honum í þessu efni, þegar hann að heita má um leið og hann gefur þessa yfirlýsingu, talar fyrir brtt., sem hækkar útgjöld fjárl. um 2 millj. kr. **(HelgJ:** Ég vildi lækka upphæðina um eina millj., en það fengust ekki afbrigði fyrir því.) Það er ekki mín sök. Það er að vissu leyti aukin bjartsýni að sjá till. þessa koma fram á síðustu stundu og einnig till. hv. þm. Mýr. um 750 þús. kr. framlag til landnáms við Þorp og kauptún og verja allt að 250 þús. kr. á ári í því skyni. Hv. þm. hafa á undanförnum árum ekki hreyft þessu, mér vitanlega, en það, að þeir koma fram með þetta núna og ætla að greiða þriggja ára framlag í einu, bendir til þess, að þeir telji fjárhag ríkisins betur komið nú en á undanförnum árum.

Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að það væri ótrúlegt, að stj. hefði ekki, þegar hún tók við völdum, verið búin að gera sér grein fyrir, hvernig tekna skyldi aflað. Þetta er ákaflega einkennileg ásökun, því að hvorki stj. né hv. 1. þm. Rang. höfðu hugmynd um það fram á þennan dag, hversu miklar tekjur þyrfti til þess að standa undir útgjöldunum. Og það er jafnvel fyrst í dag, að við vitum nokkurn veginn með vissu, hve mikil gjöldin verða, svo að ekki hlaupi á mörgum millj. kr.

Hv. 1. þm. Eyf. er fjarstaddur núna. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að svara því, sem hann beindi til mín, enda hef ég nú óbeinlínis svarað því. Hann var að tala um, að nokkur einræðissvipur væri á stj., og sagði, að ég hefði tilkynnt, að engin till., sem ekki væri frá stj. eða fjvn. hefði staðið að á fjárl., næði fram að ganga. Ég sagði þvert á móti, að gera mætti ráð fyrir, að einhverjar till. við fjárl. næðu samþykkt, þótt ríkisstj. og fjvn. stæðu ekki að þeim. Hins vegar er reynt að halda útgjöldunum í einhverjum skefjum. Það er einkennilegt að heyra hv. þm. jöfnum höndum víta stj. fyrir það, hve útgjöldin séu mikil, og svo jafnframt fyrir það, að hún standi á móti stórfelldum hækkunartill., sem þeir bera fram. Með slíkri röksemdafærslu gera þeir vitanlega lítið úr sjálfum sér.

Hv. þm. Barð. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort stj. mundi framvegis vilja beita sér fyrir því, að heildarfjárveitingar til samkynja fyrirtækja yrðu veittar í einu lagi, svo sem til vegagerðar, brúagerðar o. s. frv. Ég get náttúrlega ekki svarað þessari spurningu, en ég vil gjarnan nú láta í ljós þá skoðun mína, að það sé engan veginn óskynsamleg tilhögun, þar sem henni verður við komið, og ættu þá viðkomandi n. að skipta

fénu. Það er gefið, að einmitt með því að ákveða, hve miklu fé stj. treystir sér til að verja til ákveðinna framkvæmda eða fyrirtækja, er hægt að hafa einhvern hemil á greiðslum, heldur en að láta ráðast, hvernig fer á hverjum stað.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég skal nú ekki teygja þessar umr. með löngu máli, vil aðeins segja örfá orð.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég hér brtt., sem ég tók þá aftur við atkvgr. til þessarar umr. Hv. fjvn. hefur tekið eina þessara till. upp, að vísu þá, sem minnst útgjöld hafði í för með sér, en það var 500 kr. hækkun á styrk til leikskóla Jóns Norðfjörðs. Ég er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún fellst á þessa till., ekki fyrst og fremst vegna fjárhæðarinnar, heldur vegna hins, að menn, sem starfa að leikkennslu úti um land, séu ekki síður styrktir en þeir, sem stunda slíka kennslu hér í höfuðborginni.

Þá hefur hv. fjvn. líka sýnt vilja til þess að styðja brtt. um fjárframlag til hafnargerðar á Akureyri. Að vísu hefur hún aðeins tekið upp 50 þús. kr. í stað 300 þús. kr. Ég er þó þakklátur fyrir þetta, því að í fyrsta lagi er viðurkennt, að Akureyri hafi rétt til nokkurs af því fé, sem ríkið leggur fram til þeirra hluta á næstu árum, og líka opnast möguleiki fyrir Akureyri að fá lán hjá hafnarbótasjóði, ef hann verður notaður til þess að flýta fyrir hafnarmannvirkjum, umfram það, sem fé veitt á fjárl. hrekkur til. Hv. frsm. fjvn. gat um það, að enn lægi ekki fyrir fullnaðarsamþykki trúnaðarmanna ríkisins fyrir þessari hafnargerð á Akureyri og þess vegna eðlilegt, að fjvn. mæli ekki með hærri fjárveitingu að sinni. Ég vil geta þess, að það er í raun og veru ekki að öllu leyti sök bæjarstjórnar Akureyrar, að þessi dráttur varð. Í fyrra vetur voru þessi mál rædd við skipulagsn. ríkisins og vitamálastjóra, á þá leið að fella þessi hafnarmannvirki inn í skipulag á þeim hluta bæjarins, sem enn er óbyggður. Á þetta féllst vitamálastjóri, og síðar í sumar samþ. bæjarstjórn Akureyrar fyrir sitt leyti gerð hafnarmannvirkjanna sjálfra og sérstaka gerð hafnargarðanna og sendi till. sínar og uppdrætti til vitamálastjóra, en hefur ekki enn fengið afgreiðslu eða svar. Hins vegar sagði vitamálastjórinn mér í dag, að hann væri búinn að afgreiða þetta, og féllst á þá gerð mannvirkjanna fyrir sitt leyti. En samgmrh. hefur enn ekki haft tíma til að athuga umsögn vitamálastjóra, og þess vegna hefur bæjarstjórn Akureyrar ekki fengið svar enn við till. sínum. En ég held, að niðurstaðan verði sú, að fallizt verði á till. hennar um þetta og framkvæmdir þurfi ekki að tefjast af þeim sökum, úr því sem nú er komið. Vænti ég þess einnig, að á grundvelli þeirrar viðurkenningar, sem hv. fjvn. hefur veitt með því að taka hafnargerð á Akureyri upp í fjárl., opnist möguleikar til þess, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram á næsta ári, eins og bæjarstjórnin telur sig geta komið þeim áleiðis. Ég hef þess vegna sætt mig við þessa till. fjvn. og ekki komið aftur með till. mína, er ég bar fram við 2. umr. um þetta efni.

Einnig hef ég sleppt till. mínum um aukið framlag til húsmæðraskóla eða sjúkrahúsbygginga, en vil ítreka enn, að a. m. k. hvað húsmæðraskólann snertir, eru framkvæmdir svo langt komnar, að byggingu skólans verður lokið á næsta ári, þannig að sú upphæð, sem í fjárl. er veitt til þess, svarar ekki til þeirra gjalda, sem ríkið að l. er bundið til að leggja fram. En afleiðingin verður auðvitað aðeins sú, að þá upphæð verður ríkið að leggja fram síðar, og hlýtur þá að koma í hærra framlagi á fjárl. ársins 1946, þegar að því kemur. Sömuleiðis mun væntanlega verða um framkvæmdir sjúkrahúsbyggingarinnar á Akureyri.

Hins vegar hef ég leyft mér að taka upp aftur till., sem ég flutti við 2. umr., um framlag ríkisins til vatnsveitu Glerárþorps. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að sinna þeirri till., en eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr., stendur mjög sérstaklega á um þessar framkvæmdir. Þær hafa orðið miklu dýrari en við var búizt, þegar í þær var ráðizt, og þar eð þeir menn, sem þarna eiga hlut að máli, eru mjög fátækir, eiga þeir mjög erfitt með að standa undir þeim kostnaði, sem af þessu leiðir. Í árslok 1942, þegar þetta verk var komið lítt áleiðis, sendi vatnsveitufélagið erindi til Alþ. um 20 þús. kr. styrk til þessara framkvæmda, en af óviðráðanlegum ástæðum varð verkið dýrara en við var búizt, og sendu þorpsbúar því nýtt erindi til Alþ., dags. 2. okt. s. l., þar sem þeir sendu grg. yfir sundurliðaðan kostnað þess, og fara þar fram á 50 þús. kr. — Þessi till. mín er því miðuð við að verða við þessari ósk vatnsveitufélagsins. Nú geri ég ráð fyrir því, að litlar líkur séu til þess, að öll þessi fjárhæð fáist samþ., og mun ég því leggja fram skriflega brtt. ásamt báðum hv. þm. Eyf., sem hv. 1. þm. Eyf. lýsti hér í kvöld. (**Forseti:** Till. liggur þegar hér fyrir.) Er hún varatill., ef þessi till. mín verður felld, þannig að þá verði veittar í staðinn 20 þús. kr. í þessu skyni. Ég veit, að það þýðir ekki að spá neinu um afdrif þessarar till., en ég vildi mega vona, að a. m. k. þessi varatill. yrði samþ.

Ég vil ekki, af því að áliðið er orðið, endurtaka það, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr., en vil þó aðeins minna á það, að í þetta var ráðizt af fátækum þorpsbúum af sérstakri nauðsyn og m. a. vegna þess, að bæði fyrrv. héraðslæknir og eins núv. töldu, að vatnsbólið væri svo varasamt heilbrigði manna, og vegna þeirrar nauðsynjar, — ekki aðeins til þess að auka þægindi, heldur af heilbrigðisástæðum, — hafa þessir fátæku menn ráðizt í þessar framkvæmdir og reist sér bagga, sem þeim hefur reynzt mjög erfitt af standa undir, ef þeir fá enga hjálp. Vil ég því vona, að hv. Alþ. vilji létta undir þennan bagga, sem mun verða þeim nægilega þungur samt.

Helgi Jónasson: Hæstv. fjmrh. gat þess, að ég hefði borið fram fsp. Það var ekki beint fyrirspurn; ég hef lýst yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið í samningum sínum, að dýrtíðarmálin gengju fram, og ég efast ekki um, að svo hafi verið. Ég sagðist verða að koma fram með nokkurri tortryggni, þegar frsm. fjvn. segir, að launamálið sé flutt með fullu samkomulagi. Hann gefur í skyn, að öðru máli gegni um dýrtíðarmálin og ekki sé hægt að taka þau inn í fjárlfrv., en ég lýsti yfir því, að ég hefði ekki trú á öðru en hæstv. ríkisstj. mundi standa við gefin loforð og gera samninga og býst við, að svo verði. En um tekjuöflunina er það að segja, að það er óeðlilegt og dálítið einkennilegt, ef þm. mega ekki

hafa hugmynd um það, hvernig þau skattaáform eða tekjuáform eru, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert ráð fyrir að afla.

Þá sagði hann, að það væri algengt að greiða stórar fúlgur úr ríkissjóði, sem ekki væru á fjárl., vegna ýmissa l. Þetta er að vísu rétt, en ég tel, að það hafi alltaf verið skylt að reyna að taka allt upp í fjárl., sem menn vita um, að þar kemur til greina. En það hefur hins vegar stundum komið fyrir, að Alþ. hefur gleymt ýmsum l., sem það hefur samþ. á sama þ., en ekki hirt um að taka upp í fjárl., og um þetta frumvarp, sem er búið að ganga gegnum aðra d. Alþ., veit maður vel. Eins er líka annað atriði í þessu sambandi, sem ég benti á við 2. umr., að það hefur oft viljað til, að ýmsir liðir hafa farið langt fram úr áætlun, og þess vegna er það mjög nauðsynlegt, að til tekjuáætlunarinnar sé mjög vel vandað, til þess að unnt sé að mæta slíkum aukaútgjöldum.

Þá gat hæstv. fjmrh. þess, að hjá mér gætti mikillar bjartsýni um tekjuöflunina, þar sem ég væri að bera hér fram við 3. umr. háar till., sem mundu hafa í för með sér mikla útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Það er rétt, að ég hef borið fram till., en eins og ég hef lýst yfir áður, er það ekki mín sök, að svona fór um þetta mál. Ég barðist gegn því, að bændaskólinn yrði reistur á þeim stað, sem nú hefur verið ákveðinn, og gerði það, sem ég gat, til þess — á sínum tíma, að einmitt sú leið yrði farin, sem væri ódýrari og hagkvæmari fyrir ríkissjóð. Ég gerði enga till. um það við fjvn. að fá þennan lið hækkaðan, um áætlaðan bændaskóla á Suðurlandi, af því að ég bjóst við, að hv. Alþ. mundi fylgja l. og reisa skólann þar, sem búið var að ákveða hann, og þess vegna mundi sú upphæð, er í upphafi var ákveðin, nægja á næsta ári. Ég benti enn fremur á það, að ef reistur yrði skóli á hinum staðnum, sem nú er orðið að l., þá yrði þetta milljónafyrirtæki.

Síðan bar hæstv. fjmrh. það fyrir sig, að stj. hefði verið algerlega óafvitandi um það, hversu mikilla tekna hún þyrfti að afla til þess að mæta útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, þegar hún settist á valdastól. Ég skil ekki, hvernig á þessu stendur, þar sem ég held, að öllum hv. þm. sé fullkunnugt um, að tugi millj. kr. vantar til þess að geta fullnægt tekjuþörfinni. Fyrir hv. Alþ. lá frv., er samið var af fyrrv. stj., og vissu allir, að á því frv. voru ekki teknar upp greiðslur, er skipta tugum milljóna. Þetta var öllum hv. þm. ljóst, og hæstv. ríkisstj. vissi einnig um það, að þessar greiðslur voru óumflýjanlegar með þeirri stefnu, er ríkir í dýrtíðarmálum þjóðarinnar. Hæstv. ríkisstj. var búin að gera samning um að koma á nýjum launal., er líka mundu hafa hækkuð útgjöld í för með sér. Enn fremur var það kunnugt, að á stjfrv., sem fyrir lá, vantaði verðlagsuppbætur og ýmsa aðra liði, sem allir vissu um, að yrðu að koma inn í frv. — Ég held þess vegna, að það komi hæstv. ríkisstj. ekki á óvart, — með þeirri stefnu, sem nú er viðhöfð, — hvers hún þyrfti að afla af tekjum til þess að koma þessum fjárl. áfram, og ég bjóst við því, að hæstv. ríkisstj. mundi einnig hafa haft það fyrir augum í samningum sínum, hvernig leysa ætti þessi mál. En nú virðist það vera svo, að fyrst eigi að afgr. fjárl., en allt hitt sé látið bíða nema launal. Vil ég lýsa yfir því, að ég er þessari aðferð mótfallinn. — Álít ég svo, að ekki sé þörf á að svara frekar ræðu hæstv. fjmrh.

Hv. 2. þm. N.-M. ræddi hér um læknishéraðastyrkinn og virtist vera mjög óánægður með meðferð málsins, er það hlaut í fjvn., og vill halda gamla fyrirkomulaginu um dýrtíðaruppbót til einstakra hreppa í einstökum héruðum. Það er nú svo um þessa styrki, að það hafa verið ákafleg handahófsverk og oft tilviljun ein, sem ráðið hefur, hvaða hreppar hafa notið þessa styrks. Þess vegna var það, að l. um læknisvitjanasjóði voru sett árið 1942 til þess að reyna að afmá þessa handahófsstyrki og reyna að efla fjárframlög til þeirra hreppa, sem hafa erfiða læknissókn, og að þeir fengju þannig hærri upphæð en áður. Nú er það svo, að þessi læknisvitjanastyrkur nemur mjög litlu, ekki nema 200—300 kr. fyrir hvern hrepp, og hefur mér verið sagt það af landlækni, að hann hafi fengið reikninga frá einum hrepp upp á 5 þús. kr., en styrkurinn til hreppsins var ekki nema 300 kr. Sjá þá ekki allir, hversu litla þýðingu þetta hefur? En með því að stofna þessa læknisvitjanasjóði hækka þessi fjárframlög, sem hreppurinn hefur með höndum, og í öðru lagi geta allir orðið þessa styrks aðnjótandi, og ræður hlutaðeigandi stj. heima fyrir úthlutun hans og getur úthlutað honum þar, sem þörfin er mest. Það er því rétt skoðun hjá hv. 2. þm. N.-M., að n. leggur til, að styrkurinn verði einungis greiddur á næsta fjárhagsári, en einmitt á því ári fá læknishéruðin tíma til þess að stofna hjá sér læknisvitjanasjóði, og held ég, að það sé miklu eðlilegri tilhögun en áður hefur verið.

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tækifæri til þess að svara hv. 2. þm. N.-M. nokkrum orðum.

Hv. þm. lofaði því að veita fylgi sitt till. mínum, ef ég gæti fært sönnur á, að í umdæmi mínu hefðu verið færðar fórnir eins og í Svarfaðardal. Um aldamótin síðustu lögðu Geirdælingar veg um hreppinn, og er það fyrsti upphleypti vegurinn í sýslunni, og gerðu það algerlega á sinn kostnað. Síðan tók ríkið við þessum vegi, — ekki til þess að halda áfram, heldur aðeins til þess að halda honum við. Hefur þetta viðhald verið mjög takmarkað, og er vegurinn nú í miklu verra ástandi en meðan hreppurinn hafði veginn á sinni hendi.

Í Múlahreppnum hafa hinir fámennu og fátæku bændur lagt talsvert mikla vinnu fram og auk þess fé frá hreppnum, þar sem ekki hefur fengizt nema lítilfjörlegur styrkur til þessa vegar úr ríkissjóði. (**PZ:** Það eru ruðningar.)

Íbúar Rauðasandshrepps lögðu s. l. ár fram að heita mátti alla vegavinnu sem gjöf og greiddu tvöfalda upphæð úr hreppssjóði á móti ríkissjóði til þess að geta fengið svolitla upphæð úr ríkissjóði. — Hið sama má segja um íbúa Ketildalahrepps, að þeir byrjuðu á sinni vegagerð og lögðu mikið til síns vegar, þar til hann var tekinn í þjóðvegatölu. — Þá hygg ég, að hv. 2. þm. N.-M. hafi verið færðar nægilegar sönnur á, að á þessum slóðum hafa líka verið færðar fórnir.

Það hefði verið ástæða til þess að svara hv. 1. þm. Rang., en ég ætla ekki að íþyngja þolinmæði hæstv. forseta með því.

Þó vil ég aðeins minnast á eitt atriði enn þá,

og er það í sambandi við þál. frá síðasta þ., er þá var gerð um Krýsuvíkurleiðina, en þá var ákveðið að verja á fjárl. 1944 500 þús. kr. í þessu skyni. Ég fyrir mína parta lít svo á, að þegar nú sé ákveðið á fjárl. 1945, að 750 þús. kr. eigi að fara til Krýsuvíkurvegarins, þá séu þar með taldar þessar 500 þús. kr., sem knúnar voru fram af miklum krafti í fyrra, m. a. af hv. 1. þm. Rang., til þess að þær yrðu settar inn í fjárl. 1944, þannig að ekki sé átt við það hér, að nú sé verið að veita 750 þús. kr. fyrir utan þessar 500 þús. frá í fyrra, heldur nú af fjárl. 1945 eigi aðeins að veita 250 þús. kr. til þessa vegar. Hæstv. ríkisstj. ætti því nú að hafa þessar 500 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944, sem væntanlega verða settar í veginn á árinu 1945, eins og hv. 1. þm. Rang. vildi hafa það.

Eiríkur Einarsson: Ég hafði hugsað mér að kveðja mér hljóðs og tala í nokkrar mínútur út af orðum, er féllu hjá hv. 1. þm. Rang., og till., er borin var fram af honum, en þar sem ég sé hann ekki, skal ég stilla orðum mínum í hóf. Hann ber hér fram við fjárlfrv. nýja brtt. um tveggja millj. kr. framlag til bændaskóla í Skálholti. Ég segi ekkert annað en þetta: Sjá umr. í hv. Alþ. s. l. laugardag og svo till. þá, er hann ber fram næsta mánudag! — Ég ætla að svara honum nokkrum orðum viðvíkjandi þessum hans vikivakadansi.

Þegar hann talaði hér s. l. laugardag, varð ræða hans til þess, að einn hv. þm., sem hafði ekki greitt atkv. við 2. umr. málsins um Skálholtsskóla, greiddi atkv. játandi við 3. umr. Hann gaf þá skýringu á þessu, að hann hefði breytt um skoðun, er hann hefði heyrt ræðu hv. 1. þm. Rang., og segði því já við þessa umr. — Einkunnarorð Magnúsar Stephensen voru: Festina lente, — eða: við skulum hraða okkur með gát. Á fjárlfrv. 1945 eru 250 þús. kr. til búnaðarskóla Suðurlands, og ég hafði ekki hugsað mér að fara lengra, en hv. 1. þm. Rang., sem talaði eins og hann gerði hér s. l. laugard. og flutti slíka brtt. og hann gerði s. l. mánudag, hann ber ábyrgð gerða sinna og ég minna, en er til atkvgr. kemur, mun ég sitja hjá. Það er eins og Hallgrímur Pétursson sagði: Guðsorð eru ekki til spotts —, og *ég veit*, að þarfir landbúnaðarins á Íslandi eru ekki til spotts, en þessi till. hv. þm. er flutt til spotts. Ég veit það, og það dylst engum hv. þm., að 250 þús. kr. eru fjarri því að vera nógar til þess að reisa fullkominn landbúnaðarskóla, eins og samboðið er metnaði og þörfum Sunnlendinga, en 2 millj. hv. 1. þm. Rang. eru ekki heldur nógar, af því að þær eru ekki meintar af heilum huga. Og svo þessi stefnubreyting, — að snúa svona snarlega við á veginum, eins og Páll frá Tarsos gerði, þótt ég telji, að hann hafi snúizt til rétts vegar, en hvort þessi hv. þm. hafi gert það, læt ég liggja milli hluta. Ég veit hins vegar, að þegar við á næsta þ. flytjum viðbótartill. um þetta mál, til þess að halda því áfram eins og stofnað er til, þá verður það gert af heilum huga, og þá verður hann hinn framsæknasti til þess að stuðla að framgangi þessa skóla.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Það eru aðeins allra síðustu mínúturnar við þessar umr., sem ég hafði ætlað mér að segja örfá orð um eitt atriði. Kemur þetta til af því, að það virðist ríkja nokkur misskilningur, bæði hjá hv. fjvn. og eins hjá *öðrum hv. þm., um brtt., sem nú liggja fyrir* og reyndar voru hér áður í öðru formi, um læknisvitjanastyrkinn. Brtt. fjvn. eru á þskj. 725,2 og brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 743,III. Þessar till. hafa það báðar sameiginlegt, að þær miða við allt annað en vera ber. Þær fjalla um, að þessi upphæð, er hér um ræðir, 11950 kr., eigi að vera sérstaklega handa aðilum, er illa standa að vígi í læknissókn, og kveða þær báðar á um að skipta þessari fúlgu milli sjóðanna og vísa til fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki. Þetta er hins vegar alls ekki samkv. því, sem upphaflega var ætlazt til, og fer í bága við þau l., sem hér um gilda. Má einkennilegt heita, að þeir menn skuli gera sig seka um þetta, sem voru með í því og sóttu fast, að l. yrðu sett, og voru þess vitandi, að skilyrði voru sett fyrir frv., enda taka l. nr. 59 frá 1942 af skarið um þetta, en þar segir í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir hreppar, *er njóta læknisvitjanastyrks* úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga, enda sé eigi stofnaður læknisvitjanasjóður í hlutaðeigandi læknishéraði, halda þeim styrk þrátt fyrir ákvæði laga þessara."

Það er sem sé, eins og verið hefur fram að þessu, að það eru eingöngu þeir hreppar, er ekki hafa læknisvitjanasjóði, sem eiga þessa styrki, sem áður voru þeim ákvarðaðir og ekki þótti gerlegt að taka af, — en jafnóðum og læknisvitjanasjóður er stofnaður, þá fellur þessi styrkur niður. Þetta segja l., og þess vegna er það út í bláinn hjá tillöguaðilum, bæði hjá hv. fjvn. og hv. 2. þm. N.-M. og hv. 1. þm. Rang., að tala um, að þessi upphæð eigi að skiptast milli sjóðanna. Samkv. l. er þessi styrkur alls ekki til þeirra hreppa, sem hafa læknisvitjanasjóði, heldur til hinna hreppanna, sem hafa ekki treyst sér til þess að stofna sjóði, sem eiga að vera aðnjótandi þessa styrks samkv. l., og er *ekki hægt að taka hann af þeim* nema breyta 4. gr. þessara l.

Þessar till. eru teknar aftur, og er hv. 2. þm. N.-M. á sama máli og hv. fjvn. í þessu efni. Það verður að halda í þessa upphæð, og má um þetta benda á fjárl. frá 1943.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Viðvíkjandi Krýsuvíkurveginum er þetta að segja: Það var skýrt tekið fram af hv. frsm., að verja ætti 1½ millj. kr. af tekjum þessa árs til þessara framkvæmda.

Mér kom það engan veginn á óvart, þótt hv. 2. þm. Árn. væri á móti till. minni, það var ekki annars að vænta af honum. Ég beið í einn og hálfan dag með till. mína, því að ég bjóst við, að hv. 2. þm. Árn. kæmi með viðbótartill., en hann gerði það ekki. En það, sem vakir í raun og veru fyrir þessum herra, er að svipta Sunnlendinga *skólanum*.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Mér þótti vel, að hv. þm. Barð. skyldi minnast hér á eina af þeim till., sem hv. fjvn. ber fram í samræmi við sína gullvægu reglu. Ég vil í tilefni af því, sem hv. þm. Barð sagði, bera fram fsp. til hv. fjvn.

Hv. 1. þm. Rang. taldi, að till. til fjárveitingar

til Krýsuvíkurvegar fælist ekki í þeirri fjárveitingu, sem nú hefur fengizt samþ. Það var hvort tveggja, að ég heyrði ekki þessa yfirlýsingu og trúi ekki, að hún hafi verið gefin. Ég trúi því ekki, að hv. fjvn. hafi þorað að fela frsm. sínum að tala þau orð. Ég ætla ekki að taka fram mín eigin rök né rök hv. þm. Barð., en óska, að hv. frsm. gefi hér skýlaus svör. Það er hér ekki um að ræða ranglæti, heldur hrein glöp, ef n. lítur svo á þetta mál, og ég trúi eigi, að hv. þm. Rang. hafi farið með rétt mál, fyrr en ég hef heyrt svör hv. frsm. fjvn.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég skal fúslega gangast við því, að ég hef aldrei talið Krýsuvíkurveginn fullkomna lausn á samgöngumálum Sunnlendinga. En ég var því þó fylgjandi, að Krýsuvíkurvegurinn væri lagður, því að hann hlaut þó ávallt að verða einhverjum til góðs.

Hv. 1. þm. Rang. hefur snúizt frá sunnudegi til mánudags, til blíðlegs meðhalds með skólanum. Hann er snúinn við á veginum eins og Páll frá Tarsos. — Við erum ekki eins vel hestaðir og Rangæingar, sem eru hinir mestu reiðmenn, en — festina lente.

Ég vil segja það við hann, að ákvörðunin um skólann í Skálholti er enn í hvítavoðum og við höfum ekki hugsað okkur að bera fram nokkrar brtt. En af því að okkur er það hjartans mál, að skólamálið nái fram að ganga, vil ég segja við hann: Vertu blessaður, og feginn vil ég eiga þig að næsta ár.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Það er eigi tilgangur fjvn. að sniðganga hæstv. ráðh. á nokkurn hátt. Þessi till. er tilraun til þess að gera einhverja till. til þingsins, því að engin regla er til um, hvernig eigi að úthluta styrkjum.

Einn hv. þm. (SB) var með upphrópun til mín um að gefa yfirlýsingu. Ég hef gefið yfirlýsingu. Ég gerði það við 2. umr. málsins, og getur hann lesið hana í því, sem skrifararnir hafa skrifað niður.

Þeir þm., sem eigi nenna að vera viðstaddir, en koma á síðustu mínútum, verða að sætta sig við úrlausn sem þessa.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég verð að leyfa mér að líta svo á, að þessi mátulega yfirlætislegu orð, sem hv. frsm. lét falla, séu í fullu samræmi við orð hv. 1. þm. Rang. Mér virtist orð hans setja verðugt innsigli á framkomu hv. fjvn. hér á Alþ. að þessu sinni.

Ég vil undirstrika orð hv. þm. Barð. um það siðferði, sem hv. fjvn. hefur tileinkað sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Sþ., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 694, n. 698, 701, 725, 731, 740, 741, 743, 746, 747).

ATKVGR.

Brtt. 743,I samþ. með 32:1 atkv.
— 743,II samþ. með 29:1 atkv.
— 725,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 743,III felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ, EystJ, GÞ, GJ, GTh, HermJ, IngJ, JörB, PHerm, PZ, GSv.

nei: PM, PO, SigfS, SB, SG, SK, ÁS, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GÍG, HG, HelgJ, JJós, JJ, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh.

BG, EE, JakM, JPálm, JS greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkvæði sínu:

Gunnar Thoroddsen: Ég tel, að þessi breyt., sem er breyt. á orðalagi, sé til bóta, og segi því já.

Brtt. 725,2 samþ. með 28:2 atkv.
— 740,I—II teknar aftur.
— 740,III felld með 24:7 atkv.
— 740,III varatill. felld með 22:10 atkv.
— 740,IV.1 tekin aftur.
— 740,IV.2 samþ. með 26:10 atkv.
— 740,V felld með 20:9 atkv.
— 743,IV felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJóh, PHerm, PZ, ÞÞ, SEH, SK, SÞ, SkG, StgrA, SvbH, ÞG, ÁS, BG, BSt, BÁ, EE, EystJ, GÞ, GTh, HermJ, IngJ, JakM, JPálm, GSv.

nei: JJ, KA, LJós, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SG, StJSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, HG, HelgJ, JJós, JS.

2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 740,VI.a—b felld með 25:9 atkv.
— 740,VII felld með 26:9 atkv.
— 740,VIII felld með 24:11 atkv.
— 743,V felld með 27:3 atkv.
— 743,V varatill. felld með 29:9 atkv.
— 740,IX felld með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞG, ÁkJ, ÁS, BÁ, BrB, EOl, EystJ, GÞ, HelgJ, HermJ, JörB, KA, LJós, PHerm, PZ, ÞÞ, SigfS, SG, SkG, StgrA, SvbH, GSv.

nei: ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BBen, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, HG, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, MJ, ÓTh, PM, PO, SB, StJSt.

GTh, SEH, SK greiddu ekki atkv.
4 þm. (GG, IngP, LJóh, SÞ) fjarstaddir.

Brtt. 740,X felld með 26:9 atkv.
— 743,VI felld með 25:12 atkv.
— 740,XI felld með 29:10 atkv.
— 743,VII felld með 20:12 atkv.
— 743,VIII felld með 28:9 atkv.
— 743,VIII varatill. felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, HermJ, JörB, KA, PHerm, PZ, ÞÞ, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ, EystJ.

nei: GJ, GÍG, GTh, HG, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ.

JJ, GSv greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 740,XII felld með 24:12 atkv.
— 740,XIII felld með 28:10 atkv.
— 740,XIV felld með 26:12 atkv.
— 743,IX felld með 25:16 atkv.
— 743,X felld með 30:8 atkv.
— 740,XV felld með 25:7 atkv.
— 725,3 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 701,a—c samþ. með 34 shlj. atkv.
— 725,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 725,5.a—g samþ. með 30:1 atkv.
— 740,XVI felld með 29:2 atkv.
— 740,XVI varatill. felld með 22:10 atkv.
— 743,XI.1—6 felldar með 27:10 atkv.
— 746,I.1 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SEH, SÞ, SkG, ÁS, BG, BSt, BÁ, EystJ, GJ, HelgJ, HermJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, GSv.

nei: SG, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, HG, JJós, JPálm, JJ, LJós, MJ, ÓTh, PO.

SB, SK, StJSt, ÁÁ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, IngJ, JS, KA, PM greiddu ekki atkv.

4 þm. (GG, IngP, JakM, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 725,6 samþ. með 30:2 atkv.
— 740,XVII felld með 26:9 atkv.
— 725,7 samþ. með 25:9 atkv.
— 725,8.a—b samþ. með 31:6 atkv.
— 725,9.a.a—b samþ. með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, PHerm, PM, PO, SB, SG, SEH, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EE, EmJ, GÞ, GTh, HelgJ, JakM, JJós, JJ, JörB, GSv.

nei: PZ, PÞ, SigfS, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, EOl, FJ, GJ, GÍG, HG, JPálm, JS.

KA, MJ, SK, ÁS, BG, BrB, EystJ, HermJ, IngJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 725,9.b.a—c samþ. með 24:10 atkv.
— 740,XVIII felld með 39:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, KA, LJós.

nei: PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, GSv.

BG greiddi ekki atkv.

2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 725,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 740,XIX felld með 22:13 atkv.
— 740,XX samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SK, SÞ, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, EOl, EE, EmJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, JakM, JPálm, KA, LJóh.

nei: LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SkG, StgrA, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, FJ, GJ, HelgJ, HermJ, JS, JJ.

PÞ, PM, SB, SEH, BrB, EystJ, IngJ, JJós, JörB, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 740,XXI.1—2 felld með 28:11 atkv.
— 740,XXIII.1—2 samþ. með 24:13 atkv.
— 740,XXII samþ. með 22:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PM, SigfS, SG, SEH, SK, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁS, BBen, BrB, EOl, EE, GJ, JPálm.

nei: JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, JJós, JS, JJ.

SB, SÞ, BSt, EmJ, GÞ, HelgJ, JakM, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (BG, GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 725,11 kom ekki til atkv.

Brtt. 725,12 samþ. með 27:4 atkv.
— 725,13 samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JakM, JJós, JörB, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁS, BBen, BrB, EOl, EE, GTh, HG,

nei: JPálm, JS, PÞ, SÞ, SvbH, ÞÞ, BÁ, EystJ, GJ, IngJ, JJ, PZ, PM, SkG, ÁÁ, BG, EmJ, FJ, GÞ, GÍG, HelgJ, HermJ, GSv greiddu ekki atkv.

5 þm. (IngP, KA, LJóh, BSt, GG) fjarstaddir.

Brtt. 725,14 samþ. með 33:4 atkv.
— 725,15.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 725,16 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 725,17 samþ. með 25:8 atkv.
— 731,1 samþ. með 28:1 atkv.
— 743,12 felld með 28:14 atkv.
— 725,18 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 725,19 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 743,XIII felld með 22:8 atkv.
— 725,20.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 725,21 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 725,22.a samþ. með 27 shlj. atkv.
— 740,XXIV felld með 22:14 atkv.
— 725,22.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 725,23 samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, BSt, BrB, EOl, EE, GÍG, HelgJ, JJ, JörB, LJós, MJ, PZ, SigfS, SEH, SK, SÞ.

nei: ÁkJ, ÁÁ, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, GTh, HermJ, IngJ, JakM, LJóh, ÓTh, PHerm, PM, SB.

ÁS, BG, FJ, HG, JJós, JPálm, JS, KA, PÞ, PO, SG, SkG, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 741,1 samþ. með 31:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, JakM, JJós, JPálm.

nei: JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, HelgJ, HermJ, IngJ, JS, GSv.

StgrA greiddi ekki atkv.

2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 740,XXV felld með 24:5 atkv.
— 747 felld með 25:14 atkv.
— 743,XIV felld með 30:3 atkv.
— 743,XIV varatill. felld með 26:5 atkv.
— 725,24 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 740,XXVI samþ. með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GJ, GÍG, GTh, HG, JakM, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EE.

nei: EystJ, GÞ, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, JJ, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ.

EmJ, HermJ, ÁS, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, IngP, BSt) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eysteinn Jónsson: Ég tel þetta til hlutverka bæjarsjóðs og segi því nei.

Forsrh. (Ólafur Thors): Enda þótt ég telji fyrir mitt leyti, að sú hætta af hernaðarástæðum, sem talin var liggja til grundvallar till., sé liðin frá, þótt það sé ekki á neins manns færi að segja um það fyrir fram, þá greiði ég atkv. að þessu sinni frá því sjónarmiði. En ég vil taka það fram, að ég ætlast ekki til þess, að þessi atkvgr. skapi fordæmi til styrktar sumardvöl barna úr Reykjavík eða öðrum kaupstöðum.

Brtt. 725,25 samþ. með 29:4 atkv.
— 740,XXVII samþ. með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, GTh, HG, HermJ, KA, LJóh, LJós, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, SigfS, SG, ÁS, SÞ, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ.
nei: GJ, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, PZ, PO, SEH, SK, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, GÞ.
JakM, JJós, SB, EE, GSv greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, IngP) fjarstaddir.
Óskað var eftir, að fjvn. skýrði frá, hvernig skilja bæri framkomu brtt. 731,2.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þessi brtt., sem nú er borin upp, er fram komin vegna þess, að efnistilvísun hinnar eiginlegu brtt. frá n., sem er nr. 26 á þskj. 725, er orðuð svo: (Framleiðslubætur etc.). En það þótti sumum ónákvæmt orðalag og villandi, og vegna þess bar n. fram brtt., prentaða á þskj. 731, um að orða fyrirsögn brtt. eins og þar segir, og það er það, sem um ræðir.

Brtt. 731,2 felld með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JS, JJ, KA, LJós, PO, SigfS, SG, SEH, SK, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞ, GJ.
nei: JPálm, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, SB, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ.
JörB, PM, BBen, EE, JakM, GSv greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (LJóh, GG, IngP) fjarstaddir.
Brtt. 725,26 kom ekki til atkv.
— 743,XV samþ. með 28:2 atkv.
— 725,27—32 samþ. með 35:1 atkv.
— 725,33 samþ. með 35:3 atkv.
— 725,34—36 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 746,I.2 felld með 23:11 atkv.
— 725,37—45 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 725,46 samþ. með 24:7 atkv.
— 743,XVI felld með 36:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, SkG, SvbH, BÁ, HelgJ, HermJ.
nei: KA, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BBen, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, IngJ, JakM, JJós, JPálm.
JörB, PÞ, SÞ, EE, JS, JJ, GSv greiddu ekki atkv.
3 þm. (LJóh, GG, IngP) fjarstaddir.
Við nafnakallið urðu þessar umr:

Jörundur Brynjólfsson: Ég þykist kunna að meta vilja þann, sem kemur frá hv. 1. þm. Rang. í því að greiða fyrir byggingu og stofnun þessa skóla. En eigi að síður, þar sem meðferð fjárl. er svo langt komið, að tæpast er nú unnt að gera þær ráðstafanir, sem til þess þó þyrfti, ef samþ. ætti þessa till. svona, — svo há sem hún er, — og þar sem þetta mál er nú á byrjunarstigi, þá skilst mér, sem á næstu árum þurfi ekki endilega að koma að sök, þótt ekki standi á fjárl. þessa árs mjög há upphæð. En í þeirri von, að ríflega verði veitt til þessa skóla á næsta ári, þá ætla ég að eftirláta öðrum að ráða úrslitum þessarar till. og sit hjá við atkvgr.

Magnús Jónsson: Af því till. er sennilega ekki borin fram í alvöru og ekki á íslenzku, segi ég nei.

Forsrh. (Ólafur Thors): Nei, með tilvísun til síðasta ræðumanns.

Páll Hermannsson: Ég segi nei, athugasemdalaust.

Páll Zóphóníasson: Þar sem þau fjárl., sem hér liggja fyrir og eru undir atkv., eru ekki nema hallafjárl. og eftir á að koma frá ríkisstj. viðbót og þar með tekjuauki, þá geri ég ráð fyrir, að ríkisstj., sem áhuga hefur á nýbyggingu, sjái fyrir tekjuauka, og segi ég já.

Skúli Guðmundsson: Mér þykir að vísu upphæðin nokkuð há, en þar sem hér var neitað á síðasta fundi afbrigðum fyrir varatill., sem gekk skemmra, segi ég já.

Forseti (GSv): Ég vil aðeins taka fram, að afbrigðum var ekki neitað, en till. gat ekki komið fram, af því að ekki voru nógu margir menn á fundi til að greiða atkv., svo að löggilt væri.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem búið er að eyðileggja undirbúning bændaskólans á þeim stað, sem líklegast er að reisa hann, og það fyrir forgöngu þm. Árn., og þar sem þm. Árn., eftir að þeir hafa fengið skólann þangað, sem þeir vildu, vilja ekki heldur greiða fé til hans þar og það virðist vera aðaláhugamál þeirra að stöðva hann, þá vil ég, þótt ég telji ófært að reisa hann í Skálholti, til að bjarga skólanum og eyðileggja hann ekki alveg segja já.

Bjarni Ásgeirsson: Mér þykir nú að vísu þessi upphæð býsna há, sem hér liggur fyrir till. um, og harma það, að ekki skyldu fást afbrigði fyrir varatill. hér á fundi í gær með hálfu lægri upphæð, sem mér hefði þótt falla nokkuð vel inn í þessar framkvæmdir, en þar sem hún liggur ekki fyrir og þessi upphæð sýnist nær því rétta en upphæðin í fjárl., verð ég að segja já.

Eiríkur Einarsson: Mér virðist þessi till. vera hin álkulegasta. Fyrst og fremst ber hún það með sér sjálf, að hún er ekki mælt af heilum hug, þar sem ræðir annars vegar um 2 millj. til skóla í Skálholti og það til undirbúnings aðeins, en hins vegar um vegagerð í Árnessýslu. (**HelgJ:** Það var leiðrétt.) Nú, var það eingöngu til byggingar? Hún er álkuleg samt. Og í öðru lagi er á það að líta, að ég hélt, að jafngott mál, sem jafnákveðinn

þingmeirihluti er fyrir, að skóli sé reistur í Skálholti, þyrfti samstarf hæstv. ríkisstj. og fjvn. Alþ. *Ég hygg hins vegar, að þessi till. sé komin fram á allra síðustu stundu, blásið inn á þing eins og sápukúlu, og eins og hún er til orðin, mun hún verða að litlu, eins og sápukúla.*

Með tilliti til þess sit ég hjá við atkvgr.

Gísli Jónsson: Með því að flm. upplýsti hér við umr., að hann hefði af misgáningi reiknað þessa upphæð til að byggja fyrir, og enn fremur, að helmingur af því, sem eftir væri, ætti að ganga í vegagerð í Árnessýslu, sé ég ekki ástæðu til að greiða atkv. með till. og segi nei.

Helgi Jónasson: Ég má til með að gera grein fyrir atkv. mínu. Það kemur á daginn, sem ég hef haldið fram, að meðhaldsmönnum Skálholtsskóla er sýnilega mikið að fækka, og kom í ljós, eins og ég hélt fram í umr. hér, að þetta væri gert til að eyðileggja málið. Ég vildi reyna að bjarga því, þó að ég hafi verið í minni hluta, og segi þess vegna já.

Hermann Jónasson: Ég hefði nú kosið, að hægt hefði verið að veita afbrigði fyrir brtt., sem kom hér fram í gær, um einnar millj. kr. framlag í þennan skóla, því að það hefði ég talið mjög nærri lagi. Hitt má öllum vera augljóst mál, að 250 þús. kr., sem er byggingarkostnaður á einu íbúðarhúsi fyrir eina fjölskyldu, er fjarri lagi í þennan skóla, og eru 2 millj. lagi nær nú, því að hann mun kosta miklu meira með því, sem þarna þarf að gera. Þess vegna hef ég þann sama fyrirvara á þessu og hv. þm. Mýr., að ég segi já, og enn fremur með þeirri grg., að ég efast um, að ríkissjóður verði færari um að leggja þessa upphæð fram síðar.

Ingólfur Jónsson: Þar sem ég tel ekki rétt að byggja skóla í Skálholti, en till. miðast við þann stað, og ég vona, að hv. Alþ. skipti um skoðun frá því, sem nú er, í þessu máli og það sjái sóma sinn beztan í því að bæta fyrir þau afglöp, sem nýlega voru gerð í þessu máli, og Alþ. læri í náinni framtíð að meta Sámsstaði í Fljótshlíð fyrir bændaskóla, þá segi ég nei við þessari till.

Jón Sigurðsson: Með skírskotun til 1. þm. Árn. sit ég hjá við atkvgr.

Brtt. 740,XXVIII samþ. með 30 shlj. atkv.
— 740,XXIX felld með 29:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, PHerm, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, ÁS, BSt, BÁ, EystJ, HelgJ, HermJ, JörB, GSv.
nei: MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, JakM, JJós, JPálm, KA.
EE, HG, IngJ, JS greiddu ekki atkv.
4 þm. (GG, IngP, JJ, LJóh) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég sé ekki ástæðu til, að ríkið kaupi frekar land undir þetta þorp en önnur, og segi því nei.

Bjarni Benediktsson: Ég tel eðlilegt, að hreppsn. eða sýslun. kaupi þetta land, og ef þeir aðilar geta fengið það með eignarnámsheimild, þá sé ég ekki ástæðu til að samþ. þessa till. og segi því nei.

Brynjólfur Bjarnason: Ég tel þessa heimild ekki nógu viðtæka, því að hér þyrfti eignarnámsheimild, ef þetta ætti að koma að einhverju gagni, og segi því nei.

Haraldur Guðmundsson: Ég er till. samþykkur efnislega, en tel, að hún gangi of skammt og að þurft hefði að taka alla jörðina eignarnámi, ég sit því hjá.

Brtt. 740,XXX felld með 23:13 atkv.
— 743,XVII felld með 22:11 atkv.
— 743,XVIII felld með 25:10 atkv.
— 740,XXXI.1 samþ. með 29:6 atkv.
— 740,XXXI.2 felld með 27:4 atkv.
— 743,XIX felld með 28:10 atkv.
— 725,47.a felld með 26:7 atkv.
— 725,47.b felld með 26:11 atkv.
— 725,47.c samþ. með 36 shlj. atkv.
— 725,47.d samþ. með 33 shlj. atkv.
— 725,47.e samþ. með 32 shlj. atkv.
— 725,47.f samþ. með 27:5 atkv.
— 725,47.g samþ. með 32 shlj. atkv.
— 725,47.h samþ. með 30:1 atkv.
— 725,47.i—j samþ. með 31 shlj. atkv.
— 725,47,.k samþ. með 28 shlj. atkv.
— 725,47.l samþ. með 30 shlj. atkv.
— 741,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 743,XX samþ. með 25:7 atkv.
— 743,XXI samþ. með 28:3 atkv.
— 746,II felld með 30:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 750).

16. Tollskrá o. fl.

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (stjfrv., A. 280).

Á 45. fundi í Nd., 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. L. um tollskrá í núverandi formi voru sett árið 1939. Síðan voru gerðar smávægilegar breytingar á þessum l. árin 1940, 1941 og 1942. Það er ekki við að búast, þegar slík l. sem þessi eru sett, að þau geti verið til frambúðar, án þess að breyt. sé *þeim gerð, enda hlýtur reynslan að skera úr um* það, í hvaða atriðum slíkum l. þurfi að breyta. Til þess að láta þá reynslu, sem fengizt hefur undanfarin 5 ár í sambandi við tollskrána, skera úr um það, hvaða breytingar væri æskilegt að gera, taldi fjmrh. æskilegt að skipa sérstaka n. til að endurskoða þessi l., og var það gert á s. l.

hausti. Þess var óskað, að þeir aðilar, sem þessi mál snerta mest, sem sé Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands, tilnefndu sinn manninn hver í þessa n. af sinni hálfu, og urðu þær stofnanir við þessum tilmælum. Svo voru af hálfu fjármrn. tilnefndir Sigtryggur Klemensson fulltrúi, sem mjög hefur starfað að undirbúningi þessara mála, og Jón Hermannsson tollstjóri, sem mest hefur um þessi l. að fjalla og er jafnframt form. n. Ég skal taka það fram, að þessi n. hefur leyst af hendi mikið starf og unnið ókeypis.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í hvern lið þessara brtt. Þær eru ekki stórvægilegar, og tilgangur þeirra er aðallega samræming milli vörutegunda og leiðrétting á gjöldum í samræmi við það, sem reynslan hefur leitt í ljós, að æskilegt sé.

Eitt meginatriði í sambandi við tollskrána, sem mikið er deilt um, er það, hvort toll beri að taka af cif- eða fob-verði vörunnar. Ráðun. hefur ekki farið inn á þær brautir að gera breyt. á þeim reglum um þetta, sem verið hafa í gildi í fimm ár, enda skiptir þetta atriði ekki miklu máli, ef tollurinn er á annað borð sanngjarn, en sé tollurinn úr hófi fram, skiptir það talsverðu, ef þeirri hækkun, sem stafar af cif-verði, er bætt á. Ráðun. hefur ekki viljað gera þetta að deiluatriði og telur rétt, að þetta standi óbreytt, þar til afstaða hefur verið tekin um það, hvort tollur af innfluttum vörum er of hár eða ekki.

Ég mun svo ekki fara nánar út í þetta frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og n. Ég skal aðeins geta þess, að þau plögg, sem komið hafa frá n., standa auðvitað til reiðu þeim hv. þm., sem eiga að fjalla um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 82. og 83. fundi í Nd., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 280, n. 538, 539).

Frsm. (Jakob Möller): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu um þetta mál. Frv. er fram komið frá hæstv. fyrrv. ríkisstj. eftir rækilegan undirbúning. Eins og skýrt er frá í grg. frv., var skipuð n. til að endurskoða l. með hliðsjón af þeirri reynslu, sem áður var fengin, og sérstaklega með tilliti til iðnaðarins í landinu. N. þessi gerði síðan till., og ríkisstj. bar fram frv. í samræmi við þær, en þegar málið kom til fjhn., sendi hún þær til tollstjórans í Reykjavík til athugunar, og lagði hann til nokkrar breyt. á frv., ekki í raun og veru breyt. á því, sem mþn. hafði gert till. Er þetta allt nákvæmlega skýrt í grg. frv. sjálfs og í bréfi tollstjóra til n. viðvíkjandi þeim breyt., sem hann gerði.

N. sjálf hefur aðeins gert eina brtt., sem er á þskj. 539, um að lækka toll á umbúðapappír, áprentuðum, til fiskútflytjenda. Það hefur verið hærri tollur á áprentuðum pappír til fiskumbúða en umbúðapappír, og er það til að vernda prentiðnaðinn í landinu. En fiskútflytjendur hafa eindregið farið fram á, að þessum tolli væri aflétt. Þó að hann sé töluvert þungur á fiskútflytjendum, þá hefur hann ósköp litla þýðingu fyrir iðnaðinn í landinu, því að sá iðnaður, sem þar er um að ræða, prentsmiðjurnar, hafa ærið af starfa og tiltölulega þýðingarlítið atriði í þeim rekstri, hvort þessi prentun er unnin í landinu eða ekki. Hins vegar er það enn fremur fært sem ástæða fyrir því, að þessum tolli sé aflétt, að með eftirspurninni eftir frystum fiski verði þetta svo mikið verk, að erfiðleikar væru að fá það unnið í landinu. N. féllst því á, að rétt væri að verða við þessum tilmælum fiskútflytjenda.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa grg. lengri, en vísa til þess, sem fyrir liggur hér, grg. frá ríkisstj., sem fylgir frv., og bréfs tollstjóra. Svo get ég aðeins látið þess getið, að svo var áskilið í n., að ef frekari brtt., kynnu að koma fram, þá hefði n. óbundnar hendur, ef svo verkaðist, um afstöðu til slíkra till. Annars legg ég til, að þessar brtt., sem fyrir liggja, verði samþ. og málinu vísað áfram.

ATKVGR.

Brtt. 539,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 539,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 539,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 539,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 539,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 539,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 539,7 (4. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 539,8 (5. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 539,9 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 539,10 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Barði Guðmundsson: Var það meining herra forseta, að ég léti þessa atkvgr., sem nú fór fram, fara fram án þess að mér hefði gefizt tóm til að athuga þskj.? Ef þetta hefur verið meining hæstv. forseta, þá vil ég þakka honum fyrir þann mikla heiður, sem hann hefur sýnt mér með því að taka sæti í hans virðulega stól og láta þessa atkvgr. fara fram án nokkurs undirbúnings.

Forseti (JörB): Ég vil biðja hv. þm. að misskilja á engan hátt, að ég bað hann að gegna forsetastörfum örlítið augnablik.

Þannig stóð á, að utanbæjarmaður var hér, sem átti brýnt erindi við mig og óskaði að ná tali af mér. Ég ætlaði aðeins að vera örfáar mínútur í burtu og gat ekki fyrir fram vitað, hvað umr. leið, en var þess viðbúinn, þegar henni lyki, að þá kæmi ég til að láta atkvgr. fara fram.

Það er rétt hjá hv. þm., að það er engin von til þess, að menn óviðbúnir geti leyst þetta af hendi viðstöðulaust, því að hér er þó um nokkuð flókna atkvgr. að ræða.

Ég vona, að hv. 5. landsk. á engan hátt misskilji

þetta. Það var ekki meining mín að koma þeim vanda á hendur hv. þm. að sjá um atkvgr. fyrirvaralaust, án nokkurs tækifæris til athugunar, og ég vil vona, að hv. þm. beri enga þykkju í brjósti, þegar hann hefur fengið að vita mína skýringu á þessu. Þessa orðsendingu frá manninum fékk ég ekki að vita fyrr en ég var kominn á fund, og ég átti því ekki annars úrskosta en verða við ósk hans, þar sem ég vissi, að erindi hans var brýnt. Gat ég því ekki annað en kvatt hv. 5. landsk. til að gegna störfum. (**PZ**: Hann er til þess að gegna *þessum störfum*. — **BG**: Ég þakka forseta ummælin). Ég vona, að þetta valdi ekki neinni þykkju.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 587).

Á 81. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 587, n. 764).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (**Magnús Jónsson**): Herra forseti. Þetta er stjfrv., komið frá Nd. Það er samið af n., sem ríkisstj. skipaði til að endurskoða tollskrána.

Þegar tollskráin var samin, var auðvitað, að einhverjir gallar kæmu fram á henni síðar, og var eðlilegt að skipa n. til að gera till. um leiðréttingu á þeim.

Þessir aðilar tilnefndu menn í n. skv. tilmælum fjmrn., sinn fulltrúann hver: Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands. Auk þess voru skipaðir í n. Sigtryggur Klemensson fulltrúi og Jón Hermannsson tollstjóri, sem jafnframt var form. hennar, en þeir eru einna kunnugastir þessum málum, enda var Jón Hermannsson við samningu l. um tollskrá, þegar þau fyrst voru sett. Þegar þetta mál kom fyrir Nd., var það sent til n. og síðan til tollstjóra. Hann gerði við frv. nokkrar brtt., sem voru því sem næst allar samþ. Eftir að hafa gengið gegnum þennan hreinsunareld, er frv. komið til þessarar deildar.

Fjhn. hafði varla tíma nema til að líta yfir frv., og var naumast unnt að ná sambandi við nokkra kunnugri en þá, sem um það hafa fjallað.

Þó hafa nokkrar smábreyt. verið gerðar, sem aðallega eru tilfærslur, sérstaklega í sambandi við innlendan iðnað.

Flestar brtt. eru við 1. gr., sem er raunverulega öll tollskráin.

Nokkrar brtt. eru við 2. gr., sem er erfitt að dæma um nema fyrir nákunnuga.

N. leggur til, að frv. verði samþ., og var þó einn nm. fjarverandi.

Ég hef ekki annað að segja fyrir hönd n. en óska, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 802).

---

17. Manneldisráð.

Á 58. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um manneldisráð (stjfrv., A. 422).

Á 59. fundi í Ed., 13. okt., var frv tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (**Björn Þórðarson**): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, þarfnast ekki langrar ræðu af minni hálfu, því að í aths. við frv. er gerð glögg grein fyrir, hvers vegna það er hér fram borið. Frv. þetta er fram borið sem afleiðing og niðurstaða af gerðum nefndar, sem sett var á stofn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 5. júní 1939. Það var 7 manna nefnd, og öðlaðist hún nafnið manneldisráð. Þessi n. eða þetta ráð var skipað þannig, eins og sjá má, að þar var valinn maður í hverju rúmi. Og skilaði n. af sér störfum 2. des. s. l., og var það alllangt nál., sem hafði verið samið. Og þetta nál. var prentað og síðan sent þeim, sem helzt mátti gera sér von um, að létu málið til sín taka, og þar á meðal hv. alþm. — Ein af niðurstöðum nál. var sú, að það yrði fram haldið störfum manneldisráðs og skipað yrði með sérstökum l. fast ráð kunnáttumanna. Og fer frv. þetta fram á, að slíkt ráð kunnáttumanna verði skipað, þar sem stj. var einnig þeirrar skoðunar, að það væri rétt, að haldið væri áfram rannsóknum þeim, sem manneldisráð hafði hafið og starfað að.

Skal ég láta hér staðar numið og vísa hv. þm. fyrst og fremst til aths. við frv. þetta og svo til þeirrar bókar, sem þeir hafa í höndum um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 616).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þann 19. júní 1939 skipaði þáv. ríkisstj. nefnd til þess að sjá um framkvæmd ýmiss konar rannsókna á mataræði þjóðarinnar, og skyldi hún gefa skýrslur um þessar rannsóknir og ábendingar, eftir því sem niðurstöður gæfu tilefni til. Þessi n. hefur síðan verið kölluð manneldisráð, en í henni eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins, kennarinn í heilsufræði við Háskólann, sem er framkvæmdastjóri n., forstöðumaður rannsóknarstofu Háskólans, berklayfirlæknir, tryggingayfirlæknir, hagstofustjóri og einn af bankastjórum Landsbankans. Þessi n. hefur skilað allýtarlegu áliti og gefið út skýrslu, allstóra bók, um rannsóknir sínar, og er þar mikinn fróðleik að fá, eins og þeim mun kunnugt, sem hafa kynnt sér þessa skýrslu. En með þessum störfum telur n., að hennar hlutverki sé lokið, en hins vegar er það álit nm., að eigi tilætlaður árangur að nást, þá sé rétt að halda þessari starfsemi áfram og ákveða henni fast skipulag, og það er efni þessa frv., sem er samið af landlækni. Landlæknir gerir ráð fyrir því, að sérstakri stofnun, manneldisráði, verði komið á fót til þess að halda áfram ýtarlegum, fullkomnum rannsóknum á mataræði þjóðarinnar og vera ráðuneytinu til aðstoðar um allt, sem að þessum málum lýtur. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að kunnáttumaður í þessum efnum, sérfræðingur í heilbrigðisfræði, verði ráðinn sem framkvæmdastjóri ráðsins, og annist hann um eða framkvæmi sjálfur þær rannsóknir, sem um er að ræða, og viði að sér og vinni úr öllum þeim gögnum, sem berast ráðinu. Jafnframt gerir n. ráð fyrir því, að þessi maður verði kennari við Háskóla Íslands í heilbrigðismálum, enda mun sú skipan hafa verið á þessum málum undanfarið. Nm. líta svo á, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, sem nauðsynlegt sé og sjálfsagt, að gaumur sé gefinn, og mælir því með, að frv. verði samþ. og lögfest sú skipan, sem þar er gert ráð fyrir. Þetta frv., ásamt frv. um stofnun prófessorsembætta við Háskólann, sendi n. til umsagnar háskólaráði og fékk svar frá því dags. 19. nóv., sem ég skal nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo: „Til svars bréfi hv. heilbr.- og félmn. Ed., dags. 23. fyrra mánaðar, þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði við læknadeild og frv. til l. um manneldisráð, leyfi ég mér að vísa til þess, að háskólaráð hefur áður haft þetta mál til meðferðar og hefur í bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 20. sept. þ. á. mælt með því, að frumvörp þessi verði að lögum. Læknadeild Háskólans hefur einnig mælt með frumvörpunum."

Það var fullkomið samkomulag milli háskólaráðs og læknadeildar annars vegar og ríkisstj., sem þá var, hins vegar um nauðsyn á því, að þessu máli sé hrint í framkvæmd og sú skipan á höfð, sem frv. gerir ráð fyrir, og eins og áður er sagt, hefur heilbr.- og félmn. fallizt á þessi rök og mælir með því, að frv. verði samþ., og einnig það frv., sem næst er á dagskrá.

Einn nm. var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr. í n., og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni, ef hún fellur ekki saman við það, sem fram kemur í nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 422, n. 786).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í nánum tengslum við frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands. Það mun hafa verið árið 1939, sem ráð var stofnað til manneldisrannsókna hér á landi, og ég ætla, að það hafi verið nú í vetur, sem útbýtt var hér á Alþ. skýrslu í sérstakri bók, sem kölluð var: Mataræði og heilsufar á Íslandi. Af þessari skýrslu var augljóst, að þessar byrjunarrannsóknir n., sem stofnuð var 1939, hafa varpað ljósi yfir nokkur atriði mataræðisins. Mér og öðrum þótti sýnt, að brýn þörf væri á, að rannsóknir þessar héldu áfram. Til þess að skapa þeim form í framtíðinni og jafnframt til þess að tengja þær rannsóknir við Háskóla Íslands, sem fyrst og fremst á að vera fræðistofnun á allt, en ekki hvað sízt það, sem íslenzkt er, er frv. þetta nú flutt. Með því er þessu manneldisráði skapað fast form í framtíðinni. Ætlazt er til, að væntanlegur prófessor í heilbrigðisfræði við Háskólann verði framkvæmdastjóri fyrir þetta manneldisráð, og þar af leiðandi yrðu þessar rannsóknir tengdar Háskólanum.

Fyrir liggur, hver kostnaður hefur verið við manneldisráð fyrstu 3 árin. Hefur hann numið um 10 þús. kr. á ári, og eitthvað svipað gæti maður

búizt við í framtíðinni; annars er ekki hægt að segja nokkuð ákveðið um það, því að starfssvið manneldisráðs er svo víðtækt, og fer þá eftir ákvörðun Alþingis, hve mikið verkefni er tekið fyrir árlega. N. hefur talað við landlækni, sem var formaður gömlu n., um nauðsyn þess að halda þessum rannsóknum áfram, og telur hann það mjög nauðsynlegt. N. hefur fallizt á það og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, SigfS, SG, SEH, STh, SvbH, FJ, GTh, HelgJ, JakM, JJós, BG.
nei: PO, GP, HarJ, IngJ, JPálm.
SB, SK, SÞ, SkG, BÁ greiddu ekki atkv.
12 þm. (LJós, ÓTh, StJSt, ÞG, JörB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, EystJ, GG, GSv) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 836).

---

18. Prófessorsembætti í heilbrigðisfræði.

Á 58. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands (stjfrv., A. 423).

Á 59. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þetta mál, sem hér er fyrir höndum, stendur í beinu sambandi við það mál (frv. til l. um manneldisráð), sem nú var áðan afgr. hér í hv. d.

Í áliti manneldisráðsins var gert ráð fyrir því, að ráða þyrfti sérstakan framkvæmdastjóra til þess að halda áfram þeim störfum, sem sá framkvæmdastjóri hafði, sem starfaði af hálfu manneldisráðs þessi ár. Það var í undirbúningi þá löggjöf, sem nú hefur verið lagt fram frv. að. Þetta starf er þannig vaxið, að því er bezt fyrir komið með þeim hætti, að stofnað sé prófessorsembætti við háskólann í þessum fræðum. Nú sem stendur er það aukakennsla, sem fer fram í heilbrigðisfræði við háskólann. En með því að halda áfram þeim hugmyndum, sem manneldisráðið hefur gert sér far um að túlka, þá er málinu auðveldlegast og bezt ráðið með því móti, að það tvennt verði sameinað, heilbrigðisfræðin við háskólann og framkvæmdastjórastarf manneldisráðs. Og þess vegna er lagt til, að þetta embætti verði stofnað. Og nú hefur læknadeildinni nýlega áskotnazt gjöf úr sjóði Rockefellers til þess að kaupa nauðsynlegustu tæki til heilbrigðisfræðilegra rannsókna. Og til þess að þau tæki verði notuð eftir því sem vera ber, þá þarf þessi kunnáttumaður að vera fast tengdur háskólanum, og á því að vera svo fær sem kostur er á í þeirri grein. Og þetta verður bezt gert með því, að hann hafi prófessorsstöðu við háskólann.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 423, n. 617).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég get að mestu látið nægja að vísa til þeirra orða, sem ég lét falla um frv. um manneldisráð, sem er næst á undan á dagskránni. Ég skal aðeins bæta því við, að sérstakur kostnaður, sem nokkru nemur fyrir háskólann, ætti ekki að þurfa að koma til. Þó að þetta prófessorsembætti verði stofnað, þá er, eins og 2. gr. ber með sér, ætlazt til, að meginhluti kostnaðarins verði greiddur í þágu manneldisrannsókna. En að öðru leyti gilda að sjálfsögðu um störf þessa prófessors sömu reglur og um aðra prófessora við háskólann. Háskólaráð hefur mælt með þessu frv. eins og frv. um manneldisráð, sem áður er að vikið. Hér liggur fyrir þessari d. frv. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, sem var til umr. í gær. Ég vil skjóta því til hv. menntmn., hvort hún sér ástæðu til að taka til athugunar, hvort rétt sé að fella efni þessa frv. inn í það frv. eða láta frv. bæði halda sér. Ég sé ekki, að það skipti neinu máli, hvor aðferðin verður valin, en það væri æskilegt fyrir afgr. málsins, að hv. menntmn. léti hæstv. forseta vita, hvers hún óskar í þessum efnum, svo að ekki þyrfti að tefja málið. Till. n. er, að frv. verði samþ., en einn nm. tók ekki þátt í afgr. málsins.

Bjarni Benediktsson: Eins og hv. frsm. tók fram, gat ég ekki mætt á fundi heilbr.- og félmn., sem um þetta mál fjallaði. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, skilst mér, að hér sé ekki ætlazt til, að til nýs kostnaðar komi fyrir ríkissjóð frá því, sem ella mundi, úr því að þessu starfi er haldið við. Mér er einnig kunnugt um það, að sá maður, sem mun fá þetta starf, er ágætur maður, bæði veit ég það af viðkynningu við hann og eins hef ég haft spurnir af ágætri fræðimennsku hans. Ég tel því, úr því að hann er á ríkislaunum, að þá sé það hagur fyrir háskólann, að hann verði við skólann tengdur. Hins vegar sýnist mér það alveg ljóst, eins og hv. frsm. sagði, að fella beri þetta mál inn í þá breyt. á háskólal., sem hér liggur fyrir. Í því sambandi kemur svo aftur til

athugunar, hvort ekki sé með þessu frv. stofnað til nokkuð geystrar útþenslu í háskólanum. Hins vegar virðist nauðsynlegt að samþ. meginatriði frv., og þess vegna er ég ekki að búa þessu máli neina gröf, þó að ég vilji láta sameina frv. En ég tel ekki einungis betur fara á því að færa þessi ákvæði saman, heldur væri það einnig gleggra til yfirlits um það, hversu geysilegan vöxt háskólans hér er um að ræða. Hv. þm. verða að gera sér grein fyrir því, hvort það er skynsamlegt á þessum óvenjulegu tímum að stofna til svo stórfelldrar stækkunar á háskólanum eins og frv. gerir ráð fyrir, en það mun ég áskilja mér rétt til að ræða nánar, þegar það frv. liggur fyrir, og mun ég flytja brtt. við það frv., um niðurfelling sumra þeirra embætta, sem þar er ráðgert að stofna.

Magnús Jónsson: Það væri í sjálfu sér eðlilegt, að þau frv. um stofnun nýrra embætta við háskólann, sem hér eru fram komin, væru formsins vegna felld saman. En þó er þess að gæta, og vil ég segja það út frá því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að náttúrlega er það dálítið vafamál, hvort þetta frv. gefur rétta eða ranga mynd af þeirri aukningu við háskólann, sem hér um ræðir, því að það er auðvitað, að með því frv., sem er hér næst á undan, er stofnað til þess kostnaðar, sem hér um ræðir. Það gæfi því skakka mynd um aukinn kostnað, að frv. þetta yrði fellt inn í till. En það gæti hins vegar farið betur á því, að þessi frv., sem a. m. k. að forminu til eru um stofnun háskólakennaraembætta, væru felld saman, því að það er aðeins að forminu til ætlazt til þess, að þessir kennarar verði fastir kennarar við háskólann. Það er í rauninni ætlazt til þess, að þeir starfi næstum eingöngu á öðrum sviðum, þó að starfskraftar þeirra verði notaðir til einhverra fyrirlestra í visindagreinum við háskólann. En það er eitt atriði, sem ég vildi benda þeirri n. á, sem hefur þetta mál til meðferðar, og það er, hvort ekki væri ástæða til að orða skýrar 3. gr. frv. en þar stendur: „Um prófessorinn í heilbrigðisfræði gilda að öllu sömu reglur sem um prófessorana, sem fyrir eru við háskólann.“ Ég geri ráð fyrir, að þarna sé átt við launakjörin, en ég vil benda á það, að prófessorar við háskólann hafa tvenns konar launakjör, og gæti verið nokkur vafi um það, undir hvorn flokkinn þessi kennari ætti að falla. Nokkrir prófessorar í læknadeild hafa miklu hærri laun en aðrir, það er ekki lögbundið nú, en það er lögbundið í því launalagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, þar sem þeir gegna jafnframt störfum sem yfirlæknar á Landsspítalanum. Þessi prófessor verður einnig forstöðumaður rannsóknarstofnunar og kemur því í annan launalagaflokk. Ég vil því spyrja hv. frsm., í hvorn launalagaflokkinn þessi prófessor kæmi. Það er nokkurt tilefni til að ætla, að hann mundi falla undir hærri launaflokkinn, þar sem hann á að gegna þessum störfum fyrir manneldisráð jafnframt því, sem hann er kennari við háskólann. Nú veit ég ekki, hvort ætlazt er til þess, að hann færi í hærri launaflokkinn, en það verður að vera á því hreina, og væri rétt að taka tillit til þess í launalagafrv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er hvort tveggja, að við erum talin rík þjóð, enda sýnist litlu til sparað, en það skal tekið fram, að ég hef ekkert á móti því, að menn fái tækifæri til að mennta sig, ef kostnaði við það er í hóf stillt.

Hér var nýlega verið með frv. um að lögskipa 7 ný prófessorsembætti, og frétt hef ég um það, að í uppsiglingu séu tvö eða þrjú önnur. Þegar við lítum á launin, sem hver þessara manna kemur til með að hafa, yfir þrjá tugi þúsunda hver, höfum við þar liðlega ¼ millj. til útgjalda í þennan lið. — Ég sé, að hv. þm. S.-Þ. er farinn að berja í borðið, og einmitt þess vegna vil ég minnast á annað frv., sem við vorum að afgreiða til 2. umr. og hann er við riðinn. Þar var þessi „ríka þjóð“ að bæta við sig 5 nýjum húsmæðraskólum. Kostar um eina millj. kr. að byggja hvern skóla, og verður ríkið að leggja til ¾ af byggingarkostnaðinum, og, ef nokkur aðsókn verður að skólanum, 40—50 þús. kr. í rekstrarkostnað. Ég segi eins og er, að ef þessi frumvarpastraumur heldur áfram, þá veit ég ekki, hvar lendir, ef ekki verður spyrnt við fótum.

Ég hef líka heyrt, að þetta væri einn áfangi af mörgum, og ekki langur áfangi, sem nú er verið að gera, til þess að auka kennaralið háskólans.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv., hvaða launakjör þessum prófessor séu ætluð, vil ég taka fram, að það var ekki sérstaklega rætt í heilbr.- og félmn. Ég get ekki talað fyrir nefndarinnar hönd um þetta atriði, en álít, að það sé ekkert í þessari 3. gr., sem bendi til, að hann skuli hafa sömu launakjör og yfirlæknar Landsspítalans.

Út af orðum hv. þm. Dal. vil ég segja það, að meiri hl. þeirra snertir í sjálfu sér ekki efni þessa frv., því að eins og tekið er fram, er maður nú á launum, sem annast þessi störf, bæði við matvælarannsóknir og sem stundakennari við Háskóla Íslands, svo að um kostnaðarauka er ekki að ræða í þessu efni. Mér finnst nokkuð miklar kröfur gerðar til háskólans, ef ætlazt er til, að um leið og stundakennari verður fastakennari, þá séu launuð þau störf, sem hann áður hafði með höndum, þannig að þessi kostnaðarauki, sem vissulega er ekki verið að gera of lítið úr og fylgir þessari aukningu háskólans, snertir ekki að neinu verulegu leyti efni þessa frv. Þó að einhver breyt. kunni að verða á launakjörum frá því, sem nú er, verður það ekki nein upphæð, sem nemur.

Kristinn Andrésson: Ég vildi aðeins víkja að einu atriði, sem sé því, hvort rétt væri, að menntmn. þessarar hv. d. tæki þetta frv. til athugunar í sambandi við annað frv. um breyt. á háskólalögunum. Eins og hv. d. er kunnugt, líður oft langt á milli funda í nefndinni og gengur oft seigt og fast að koma málum í gegn. Þar að auki er alllangt liðið fram á þingtímann og menn mjög störfum hlaðnir. — Ég mundi af þessum ástæðum telja töf að því að taka málið fyrir nú og þætti eðlilegast, að hvort málið fyrir sig hefði sinn gang, þar sem þau hafa bæði legið fyrir annarri nefnd og menntmn. ekki að neinu leyti haft þau til meðferðar.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði, en vil annars ekki blanda mér í umr. t. d. um þann kostnaðarauka, sem leiðir af þessu frv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég held það hljóti að hafa verið misskilningur hjá síðasta hv. ræðumanni, þegar hann lét í ljós óánægju yfir þeirri hv. nefnd, er hann á sæti í sem skrifari, og þó vil ég leyfa mér að halda fram, að formennskan sé heldur ekki hjá hv. 2. þm. Árn. Mér finnst, þar sem ég er eini vandalausi maðurinn í nefndinni, að ég eigi að bera lofsamlegan vitnisburð þeim manni, sem stjórnar þessum flutningi og er á allt öðru máli en þessi hv. ræðumaður og hefur betra álit á n. en hann virðist hafa. En út af því máli, sem hér liggur fyrir, hefði ég helzt viljað flytja brtt., sem lúta að því ... Ég hélt, að hér væri um annað mál að ræða en það, sem hér er til meðferðar, og sé ég því ekki ástæðu til annars en að ljúka máli mínu með óskum um, að frv. nái fram að ganga og vona, að mér takist alltaf að halda virðingu fyrir hv. menntmn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Af því að mér sýnist sem það sé einhver tilhneiging til að láta þetta frv. verða að fótakefli öðrum málum um háskólann, vil ég taka fram, að mér sýnist kenna nokkurs misskilnings í þessu. Ég fæ ekki skilið, að mögulegt sé, svo að nokkur rök geti heitið, að hafa það á móti þessu frv. um fjölgun kennara við háskólann, að í uppsiglingu séu önnur frv. um sama efni. Sagt var, að þrjú slík frv. væru í uppsiglingu. Tvö þeirra hafa nú ekki sézt, og ég skil varla í því, að menn skuli vera að gera sér grýlur úr frv., sem ekki eru komin fram á þinginu, sem er senn á enda, frv., sem enginn hefur þar að auki séð. Það er ekki hægt að vera að gera hv. þm. þær getsakir, að þeir vilji samþ. þetta frv., en ekki hin, samþ. eitt þeirra, en ekki hin þrjú. Tvö þeirra eru sem sagt ekki komin fram, en þetta frv. vissu allir um, þegar afstaða var tekin til hinna, því að það var búið að vera hér fyrir þinginu og hv. d., þegar málið var afgreitt. Og svo hefur verið skýrt frá því hér, að þetta er algert aukaatriði hvað háskólann snertir. Að því er ég bezt veit, mætti gjarnan fella þetta frv. Það væru bara leiðindi að því, ef ætti að fara að leggja á háskólann kostnað af því, sem er í raun inni kostnaður við allt annað mál. Eins og hér væri verið að leggja aukakostnað á þjóðina vegna háskólans. —

Ég mun fyrir mitt leyti greiða þessu frv. atkv., því að mér finnst það ekki slæmt. En ef þessi aukakostnaður á að verða til þess, að skólanum verði neitað um nauðsynlega kennara, tel ég það mjög illa farið. En ég býst við, að ekki þurfi meira um þetta að tala, hér sé ekki um slíkt að ræða.

Hv. þm. Dal. vitnaði til þess, að ég hafi sagt, þegar háskólafrv. var til meðferðar, að þetta væri aðeins áfangi. Ég ætla að vonast til þess, að þessi auking háskólans sé aðeins áfangi. Og vitanlega væri ekki nein skynsemi í því fyrir þingið að vera að samþ. aukningu við háskólann, ef það teldi það ekki vera þjóðinni til gagns, ef koma ætti upp kennurum við háskólann til þess eins að auka kostnað þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að ræða frv., sem ekki liggja fyrir, en hygg, að þetta sé gert út frá því, að það borgi sig fyrir þjóðina að efla háskólann á þennan hátt.

Í sambandi við aths. hv. 7. landsk. um það að vísa málinu ekki til hv. menntmn., vil ég taka fram, að mér þætti heppilegt, að málinu yrði vísað þangað. Það er öllum hv. þdm. augljóst, að ef menn vilja fella þetta frv. inn í hitt, getur hver þdm. borið fram brtt. um það á sínum tíma, en ég sé enga þörf á, að það sé gert. Er mjög auðvelt að átta sig á þessu, þótt um tvö frv. sé að ræða í staðinn fyrir eitt.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég læt afskiptalaust, hvort þetta frv. eigi rétt á sér eða ekki. En það, sem ég vildi segja, er það, — sem að nokkru leyti hefur verið rakið af öðrum, — að ekki sé rétt að setja þetta frv. í nokkurt samband við annað frv., sem nú liggur fyrir þessari hv. d. og er um beinar breyt. á háskólalögunum, um stofnun nýrrar deildar í verkfræði. Það segir sig líka sjálft, að ekki er til þess ætlazt af hálfu hv. flm., að frv. þessi verði felld í neitt samhengi, fyrst og fremst af því, að þau eru flutt sitt í hvoru lagi og vísað hvoru til sinnar nefndar. Það er því fyllilega réttmætt, að hvort frv. sigli sinn sjó.

Annars læt ég ekki hér til mín taka að neinu leyti.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka fram, að ég kom ekki með neina till. um, að málinu yrði vísað til menntmn. Ég skaut því fram til athugunar, þar sem þessi tvö mál eru hér til meðferðar, hvort ástæða væri til að samræma þau. En þrátt fyrir góðan vitnisburð hér í d. um störf hv. menntmn., hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að málið hafi ekkert gott af því að fara til hv. n., svo að ég er ekkert nær því nú að vísa málinu til hennar. En þeir, sem vilja koma með brtt. á háskólalögunum, geta það við 3. umr. í þessari hv. d. Verði það ekki ofan á, geri ég ráð fyrir, að þetta frv. gangi sinn venjulega gang gegnum þingið. Sem sagt, till. mín er sú og nefndarinnar, að frv. verði samþ. nú og síðar verði séð, hvað gerist við 3. umr., hvort sem þessi breyt. yrði felld hér inn í eða ekki. Annars heldur frv. að sjálfsögðu áfram.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég stóð upp, því að mér skilst við frekari umr. málsins, að ætlunin sé sú, að þessari stofnun sé haldið uppi hvort sem er. Eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, eru þessi tvö mál þannig byggð upp, að meiningin er sú, að háskólinn á að standa undir kostnaðinum af þessum sérfræðingi við manneldisráð. Það er raunar ráðgert, að kostnaður við þetta manneldisráð verði greiddur af ríkissjóði, en þar er ekki gert ráð fyrir föstum launuðum sérfræðingi. Fastur starfsmaður er fyrst ráðinn með þessari löggjöf um kennara í manneldisfræði við háskólann, og mér finnst alveg auðsætt, að launakostnaður hans verði felldur inn í venjulegan kostnað af háskólanum og háskólinn eigi, eftir því sem þessi löggjöf stendur til, ekki neina kröfu á endurgjaldi frá manneldisráði. — Þetta getur svo ekki breytt því, hvort menn telja þörf á að efna til þessa starfs eða ekki. En það er alveg rangt, sem hv. 1. þm.

Reykv. sagði, að þetta mál væri að þessu leyti háskólanum óviðkomandi. Það er einmitt til þess ætlazt, að launin verði talin háskólanum til kostnaðar.

Annað mál er svo það, hvort háskólinn telur þetta æskilegt eða ekki. En við skulum gera okkur ljóst, að hér er um vöxt háskólans að ræða, og það er eitt við þetta, sem ekki hefur verið drepið á áður. Það er, að venjan er sú um háskólakennara, að ekki er tekið fram, hvað þeir eigi að kenna hver um sig, heldur eru í hverri deild svo og svo margir prófessorar og skipta þeir svo störfum milli sín. Undantekning frá þessu er norrænudeild háskólans, en þar fyrir utan er það látið alveg opið, hvernig kennslukraftarnir í einstökum deildum háskólans eru nýttir. Það er undantekning, ef stofna á kennsluembætti í ákveðinni grein, og háskólinn hefur í raun og veru heldur leiðinlega reynslu einmitt af þessu fyrirkomulagi. — Við munum allir eftir deilum þeim, sem urðu í sambandi við dósentsembætti í grísku og kennslu í vinnuvísindum, sem voru stofnuð með ekki ósvipuðum hætti, annað beinlínis bundið við mann persónulega. Þetta varð að eilífum ásteytingarsteini.

Mér finnst út af fyrir sig, ef háskólinn á að hafa fullt gagn af þessu, þá sé miklu skynsamlegra að fjölga bara kennurum í læknadeild um einn mann, og þá hefur læknadeild háskólans kennslukrafta þess manns til ráðstöfunar. Það væri svo hægt að leggja á deildina þá kvöð, að einn hennar maður væri ráðunautur ríkisstj. í þessum sérstöku efnum, án nokkurrar sérstakrar borgunar. Það skilst mér, að mundi vera skynsamlegur háttur. Og ég vildi nú beina því til hv. menntmn., að hún taki til athugunar, hvort ekki er rétt að bæta inn í háskólafrv. á þskj. nr. 308 ákvæði um þetta. — Annars virðist mér það frv. ákaflega einkennilega úr garði gert og að það þurfi frekari undirbúnings við. Því að 1. gr. þess byrjar svona, með leyfi hæstv. forseta: „1. málsgr. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo." Ég minnist þess ekki, að ég hafi séð með einu frv. jafnmarga dólga að velli lagða eins og hér á að gera, þar sem með einni lítilli gr. eru orðaðar um, að því er virðist, þrjár gr. í mikilsverðum l. Mér virðist, úr því að verið er með breyt. á háskólal. á annað borð, rétt að fella þá breyt. inn í l. í einu lagi og koma þessu í skaplegt horf. Og ég treysti því, að hv. menntmn. taki þetta til athugunar og felli þá þetta inn, sem um er að ræða í frv. því, sem hér liggur fyrir. Og ég tel, úr því sem komið er, rétt og sanngjarnt að verða við óskum um að stofna þetta embætti. Það er til ágætur og hæfur maður í það, og það er þörf á þessu. En ég tel ástæðulaust að binda það í l., að kennslukrafta hans við háskólann skuli ekki nýta nema að þessu örlitla leyti, til þess að kenna heilbrigðisfræði, sem mér er sagt, að sé örlítil kennslugrein. Mér virðist, að það eigi að vera með hann eins og aðra prófessora, að hann verði að kenna þau fög, sem deildinni kemur saman um að láta hann kenna. Hitt sýnist mér ekki koma til greina, að þessi maður fái hærri laun en venjulegir prófessorar, og ekki, að hann fái sams konar laun eins og forstöðumaður Landsspítalans. En ef menn álíta, að slíkt komi til greina, þá því frekar er ástæða til þess að leggja fullan kennslustundafjölda á manninn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að efni þessara l., sem frv. er um, eigi að vera í sérstökum l., en ekki að fellast inn í háskólafrv. á þskj. 308. Og í raun og veru skiptir það heldur litlu, hvort það frv. verður samþ. eða ekki. — Okkur hv. 6. þm. Reykv. og mér kemur alveg saman um, að þetta frv. miði að því að láta háskólann borga laun þessa manns, þ. e. a. s. að telja laun þessa manns með háskólakostnaðinum og losa þannig manneldisráð við þann kostnað. En hitt held ég, að sé alveg misskilningur, ef hv. 6. þm. Reykv. skilur það svo, að með þessu sé einhver aukakostnaður lagður á ríkissjóðinn. Það er ekki. Og það er ekki alls kostar rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., sem hann sagði um þetta, að með ákvæðum þessa frv. og frv. um manneldisráð væri þessi prófessor settur í manneldisráð, heldur segir í frv. um manneldisráð, að ef manneldisráð telji þörf á, skipi ráðh. samkv. till. ráðsins einn eða tvo sérfræðinga til viðbótar í ráðið, og þessi maður á að vera prófessor og starfa jafnframt hjá manneldisráði. Og ég hygg, að sá ágæti maður, sem á hlut að máli, starfi nú að þessu. Og till. hafa komið fram frá rannsóknarstofu háskólans um það, að skipaðir verði og settir í launal. sérfræðingar og a. m. k. einn þeirra með prófessorslaunum. Og ég geri ráð fyrir, að sá sérfræðingur, sem hér yrði þegar í stað ráðinn, yrði sjálfsagt sami maðurinn, sem hefur unnið að þessu, og með jafnháum launum, svo að hér er ekki um nokkurt kostnaðaratriði að ræða. Hér er aðeins að ræða um það, hvort á að telja kostnaðinn með háskólakostnaði og hvort þessi maður á að hafa prófessorsnafnbót og réttindi. Og ég tel alls ekki illa til fundið, að hann sé prófessor og aukinn sé þannig hróður háskólans og starf þessa manns teljist til starfa háskólans. Hér er ekki um aukakostnað að ræða, og því ekki rétt að blanda þessu frv. saman við hitt frv. á þskj. 308 og segja: Ja, nú eru það orðnir 8 kennarar, sem á að bæta við í háskólanum.

Ég álít, að það eigi að samþ. þetta frv. fljótt, svo að það sé ekki að þvælast fyrir hinu frv., og vil ég beina því til hæstv. forseta að láta þetta einfalda mál, sem er í samræmi við frv. um manneldisráð, ganga til afgreiðslu, því að það er hinu frv. alveg óviðkomandi. (**Forseti:** Ráðh. hefur óskað eftir að fá frv. afgreitt nú þegar.) Já, ég er samþ. því. Ég álít ekki, að það eigi heima í háskólafrv. á þskj. 308, hvað sem mönnum sýnist síðar um það, hvort ætti að taka þetta embætti upp í háskólal. En það er ekki til neins trafala, þótt svona l. séu til sér í lagi. Hitt væri annað mál, að þetta frv. væri fellt inn í frv. um manneldisráð.

Það er náttúrlega aukaatriði, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að kennararnir við háskólann væru yfirleitt ekki eftir lagabókstaf kennarar í neinum sérstökum greinum. En ég hygg, að slíkt sé miklu meira í læknadeild en í öðrum deildum háskólans. Ég held, að þar sé það afmarkað, hvað hver kennir. Í minni deild er það ekki.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Hv. 1. þm. Reykv. hefur svarað svo vel þeim athugunum, sem komið hafa hér fram um það að blanda þessum tveimur frv. saman, að ég hef þar ekki miklu við að bæta. Hann heldur fram, sem ég tel rétt,

að hvort þessara frv. fyrir sig skuli ganga sinn gang hér í hv. d. Ég tel óeðlilegt að fella þessi tvö frv. saman, sem hv. 6. þm. Reykv. var að leggja til, að gert yrði.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi nokkurn formgalla á frv. um breyt. á háskólal. á þskj. 308. Það frv. er samið af hv. menntmn. Nd., og þar á sæti einn af prófessorum í lögum við háskólann, og vil ég mega geta treyst því, að frá honum muni ekki koma formgallar í samningu frv. Þó að þarna sé margt að velli lagt í einu, eins og hv. 6. þm. Reykv. komst að orði, tel ég, að það sé einmitt til þess að geta tekið þessar breyt. fram í sem stytztu máli, sem með frv. er lagt til, að gerðar verði. Ef farið væri að fella þetta frv., sem hér liggur fyrir, inn í frv. um breyt. á háskólal., þá yrði sú breyt. á því til þess, að það frv. yrði að fara aftur til hv. Nd. En við höfum viljað leggja áherzlu á það í meiri hl. menntmn. þessarar hv. d., að það frv. væri samþ. óbreytt og afgreitt hér frá d., en því ekki stofnað í neina hættu með því að vísa því til hv. Nd. á ný. — Ég held, að við ættum að geta sameinazt um, að þessi frv. verði afgreidd hvort fyrir sig.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Mér þykir nú hv. þm., sem síðast talaði, vera orðinn nokkuð óttafullur, þegar hann óttast, að máli sé dauðinn vís, ef það fari til hv. Nd. Ég held, sannast að segja, að hv. Nd. sé engan veginn sú ófreskja, sem hann virðist vilja vera láta, heldur sé málinu, sem hann talaði um, á þskj. 308, vel borgið, þótt það færi aftur til Nd. Jafnvel þótt þingi ljúki svo fljótt sem bjartsýnustu menn gera ráð fyrir, þá er það svo, ef velvilji er fyrir hendi til afgreiðslu mála, að nógur tími er til þess að afgreiða það mál, þó að það færi aftur til Nd.

Ég get vel skilið, að menn vildu ekki blanda þessu máli inn í háskólafrv., ef það frv. væri heillegt frv. og um alveg samkynja efni innbyrðis. En því fer fjarri, að svo sé. Auðvitað er allt það frv. varðandi störf háskólans og fjölgun kennara þar. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, varðar það líka. Frv. á þskj. 308 er um stofnun háskóladeilda og um lögfestingu á tveimur embættum í laga- og hagfræðideild, og loks er það um fjölgun kennara í norrænum fræðum. Mér virðist, að í slíku frv., sem fjallar um svo ólík efni, eigi líka heima lögfesting á embætti í kennslu viðkomandi læknisfræði.

Ég vil ítreka það, að fyrir mér vakti alls ekki að grafa þessu máli gröf. Ég hef ástæðu til þess, ekki síður — og kannske fremur en aðrir hv. þm., að vera háskólanum vinsamlegur og vilja veg hans og frama sem mestan, þar sem ég hef lengi við hann starfað og hef ekki annars en góðs að minnast þaðan. En mér virðist það ekki eiga að standa í vegi fyrir því, að mál, sem háskólann varða, séu athuguð á sem beztan hátt og afgreidd á sem hagfelldastan hátt.

Eitt af því, sem tímabært er nú að athuga, eru stærðarhlutföll deilda háskólans. Það er orðið þannig, að norrænudeildin þarf 5 eða 6 fasta kennara, og við læknadeildina eru svo margir kennarar, að það má ekki koma fram í l. um háskólann, hvað þeir eru margir, heldur verður að útbía þessu í sem flest lög, til þess að menn eigi sem erfiðast með að átta sig á því, hversu deildin er orðin stór. Og þá er ástæða til þess að athuga, hvort aðrar deildir háskólans, sem ekki síður hafa veigamiklu hlutverki að gegna, þurfa ekki að fá stækkun, t. d. lagadeildin. Ég álít, að sú hógværð, sem lagaprófessorar hafa sýnt, þar sem þeir hafa bætt á sig auknu starfi, svo að þeirra starf er orðið margfalt á við það, sem var, þegar háskólinn var stofnaður, eigi ekki að standa í vegi fyrir því, ef aðrar deildir skólans eru stórum stækkaðar, að það sé þá tekið til athugunar, hvort ekki er rétt að stækka þá deild líka. Það er ekki ákveðið í l. um þá deild, að hver kennari skuli kenna aðeins ákveðnar fræðigreinar, heldur er ákveðinn kennarafjöldinn.

Þetta mál er margþættara að vissu leyti en látið er í veðri vaka. Það er nokkuð komið undir, ég vil ekki segja frekju, en áliti formannsins í hverri deild háskólans, hversu miklum auknum starfskröftum er bætt við í hverri deild fyrir sig. Og um þetta þarf vitanlega skýrari og heillegri ráðagerðir af hálfu þess opinbera en fram að þessu hafa verið hafðar í frammi. Og ég legg áherzlu á, að l. um þetta séu sem mest í heild, vegna þess að það mundi gera forráðamönnum háskólans á Alþ. og almenningi ljósara, hvað er að ske í þessum efnum. Ég vil ekki gerast meinsmaður þess máls, sem hér liggur fyrir, ekki á nokkurn hátt. En ég vil, að það liggi alveg skýrt fyrir, hvað hér er verið að gera, og ekki sé verið að blekkja menn, heldur skýrt fram sett, að hér er um að ræða stórfellda útþenslu háskólans.

Ég vil ekki fallast á, að það sé rétt að stofna prófessorsembætti eingöngu í heilbrigðisfræði. Mér finnst skynsamlegra að stofna prófessorsembætti í læknisfræði og leggja fyrir þann nýja kennara að sjá um kennslu í þessari grein án aukaþóknunar, en láta það vera undir vilja deildarinnar hverju sinni, hvernig kennslustörfum er skipt á milli manna innan deildarinnar, því að af löggjafans hálfu er þetta yfirleitt óbundið varðandi háskólann.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur gersamlega misskilið frv. um manneldisráð. Það er ekki ætlazt til þess, að sá sérfræðingur, sem hér er um að ræða, prófessor í heilbrigðisfræði, komi undir það, sem segir í 2. málsgr. 1. gr. þessa frv., heldur á hann að vera beinlínis einn nefndarmanna í manneldisráði samkv. 1. málsgr. 1. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „og skal að minnsta kosti einn þeirra vera sérfróður um heilbrigðis- og manneldismál.“ — Ég er ekkert á móti þeim vexti háskólans, sem með þessu verður, en ég vil, að menn geri sér grein fyrir honum. En mér virðist undarlegt, að jafnglöggur maður og vinur minn hv. 1. þm. Reykv., sem er starfsmaður við háskólann, skuli ekki gera sér ljóst, að það er háskólinn, sem á að standa undir þessu og kosta þetta. (**MJ:** Þetta er kostnaður, sem annars yrði greiddur öðruvísi, en samt sem áður af ríkinu.) Það er gefizt upp við það af landlækni og þeim, sem samið hafa frv. um manneldisráð, að leggja fram frv. um varanleg útgjöld til manneldisráðs, og menn ætla þess vegna að fá embætti við háskólann, sem geti staðið undir þessu. Þetta virðist mér eins augljóst og verða má. Og annaðhvort verður háskólinn að vera með þessari málsmeðferð eða móti. Ef hann er með þessu, þá er þar um að

ræða vöxt háskólans, og verður þá kostnaður af þessu færður á hans reikning.

Ég legg því til, að þetta mál verði ekki afgreitt hér í dag, þó að mér sé mjög á móti skapi að vera á móti till. jafnágæts manns og hæstv. félmrh., sem ég treysti til alls hins bezta. Og vil ég ekki láta það skoðast sem nokkurt vantraust á hæstv. ríkisstj., þó að ég vilji ekki láta afgreiða þetta mál hér frá þessari umr. nú í dag. Ég vil fá tækifæri til að athuga, hvort ekki er hægt að tengja þetta frv. við háskólafrv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég er í þeirri n., sem fjallar um þessi mál. Og ég átti að nokkru leyti upptök að því, að hið svo kallaða manneldisráð var skipað. Það var á þeim tíma, er þessi störf við háskólana, kennsla í manneldisfræði og heilbrigðisfræði, sérstaklega við háskólana á Norðurlöndum, hafði tekið miklum stakkaskiptum. Þetta starf, sem kann að verða lítið starf við Háskóla Íslands, er með allt öðrum hætti við háskólana nú orðið heldur en áður hefur verið. En við urðum fyrir þeim sorglega hnekki að missa í slysi einn af þeim mönnum, sem hafði undirbúið sig til þess að starfa á þessu sviði og ríkisstj. hafði hvatt til þess að mennta sig á því sviði, einmitt vegna þess, hve þetta starf er víðtækt.

Þó að ég viðurkenni margt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði viðkomandi stækkun háskólans, sem ég viðurkenni, að verður að afgreiða með fullkominni varúð, eins og yfirleitt fjölgun á embættum, sem hefur orðið ákaflega mikil undanfarið, þá álít ég, að ekki verði hjá því komizt fyrir okkur, ef við viljum halda uppi sæmilegri kennslu í læknisfræði, að afgreiða þessi mál með einhverju móti þannig, að starf í þessum efnum við háskólann geti átt sér stað. Ég skal taka undir það, að það getur verið álitamál, hvort rétt er að afgreiða þetta mál út af fyrir sig eða í sambandi við annað mál, sem nefnt hefur verið hér. En það, sem ég vildi hér sérstaklega taka fram, er það, að þó að ég vilji með mikilli varúð fjölga embættum í landinu, þá er ég ákaflega hiklaus í því að fylgja fram því máli, sem hér liggur fyrir. Og þetta er í samræmi við það, sem nú er viðurkennt af læknisfræðilegum deildum við aðra háskóla, að þetta atriði er orðið stærri námsgrein og stærri þáttur í starfi háskóla en áður hefur verið. Ég efast t. d. mjög mikið um það, að það verði lítið hlutverk fyrir þennan prófessor, sem á að kenna heilbrigðisfræði við háskólann, að vera jafnframt í n., sem fram er tekið um í frv. um manneldisráð, og annast heilbrigðisfræðilegar rannsóknir fyrir ríkisstj., þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð.

Það er vitað mál, að nú eru komnar meiri breyt. á um allt, sem snertir manneldi, en verið hefur um langan tíma. Þess vegna eru komnar fram margs konar kenningar um manneldi, sem mikið gætir í öðrum löndum, og því þykir full ástæða fyrir háskóla hvers lands að hafa sérfróðan mann í þessum málum og láta hann segja fyrir um eitt og annað og leiðrétta kenningar, sem mjög er haldið á loft, sem kannske er lítið til bóta fyrir almenning að gleypa við.

Ég er ekki fær um að fara inn á sérstakar kenningar um þetta mál, en ég get upplýst, að háskólar í Ameríku hafa gert matseðilinn fyrir ameríska herinn, og er það stærsta tilraun, sem gerð hefur verið í þessu efni, og fyrir það hefur sjúkdómum í hernum fækkað svo, að undrum sætir. Ég er því viss um, að starf þessa manns ásamt rannsóknum á þessu sviði verður mjög yfirgripsmikið. Skýrsla sú, sem við höfum fengið í sambandi við þá rannsókn, sem hafin var árið 1939, er ekki ómerkilegt plagg. Þar eru meira að segja mörg atriði, sem eru ákaflega þýðingarmikil fyrir okkar þjóð.

Ég vil svo ekki orðlengja frekar um þetta. Það var aðeins þetta eina atriði, sem ég vildi taka fram. Ég get tekið undir margt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um þetta, en ég hika ekkert við að fylgja því, að þetta embætti verði stofnað, og ég álít það meira að segja of seint og hefði betur verið fyrr gert, því að það er atriði, sem læknisfræðin hefur lagt of litla áherzlu á, að fyrirbyggja sjúkdóma, en nú eru menn að komast á þá skoðun, að manneldissjúkdómar eru fleiri en menn hafa álitið hingað til. Ég tel því engan efa á, að þetta starf verði fullkomið starf, og ég mun því greiða atkv. með því, að frv. sé afgr. og bæði frv. látin verða samferða, þó að ég viðurkenni, að kannske hefði farið betur á því að fella bæði málin saman í eitt frv. og að það hefði að ýmsu leyti verið skynsamlegri afgr., en ég álít það ekki skipta svo miklu máli, að það varni því, að ég greiði atkv. með frv. eins og það liggur fyrir.

Magnús Jónsson: Það er aðeins af því, að hv. 6. þm. Reykv. taldi mig hafa misskilið, að eftir frv. ætti þessi prófessor að vera meðlimur í manneldisráði, en ekki sérfræðingur í þjónustu þess. Ég hélt mig við 2. gr. frv., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Auk kennslu í heilbrigðisfræði í læknadeild háskólans skal prófessorinn í heilbrigðisfræði annast heilbrigðisfræðilegar rannsóknir fyrir ríkisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð.“ Ég skil þetta svo, að ekki sé beinlínis gengið út frá því, að hann sé í manneldisráðinu, en ég get hugsað mér, að hann væri nokkurs konar framkvæmdastjóri ráðsins, og það getur vitanlega falið mönnum fullkomið starf, og það var ekkert annað, sem ég tók fram.

Út af orðum hv. þm. Str. vil ég taka fram, að ég hlýddi á fyrirlestur, sem Níels Dungal prófessor hélt á háskólahátíðinni um skylt efni, og ég undraðist að heyra, hvað mikil vísindagrein þetta er og hvað það getur varðað ófyrirsjáanlega miklu, hvort vel er fylgzt með í öllu, er varðar þessa vísindagrein. Það má segja, að við getum notað reynslu annarra, en bæði eigum við að leggja okkar skerf í slíkar rannsóknir og svo eru sjálfsagt mörg sératriði hjá okkur, sem við þurfum að rannsaka sérstaklega.

Bjarni Benediktsson: Ég vil eingöngu segja, að það er óþarft fyrir mig að vera að deila við meðdeildarmenn mína um þörfina. Ég get tekið undir það, sem þeir hafa sagt um nauðsynina á að stofna þetta embætti, en ég vil færa þetta inn í háskólafrv., og það vakir fyrir mér, að ef á að samþ. þetta, þá séu önnur störf, sem verði að meta, hvort séu eins mikils virði og þetta.

Ég er hissa á því, að hv. 1. þm. Reykv. skuli segja, að hann telji það ekkert atriði fyrir há-

skólann, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, og segist síðan hafa hlustað á prófessor Dungal lýsa því, hvílíkt stórkostlegt atriði væri hér um að ræða og hér væri aðaluppspretta sjúkdómanna í heiminum, og þá mundi ég telja, að háskólinn þyrfti ekki að skammast sín fyrir, að það væri látið hreinlega koma fram, að slíkar rannsóknir heyrðu undir háskólann og ekki neinn annan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HermJ, IngP, KA, MJ, PHerm, BBen, StgrA.
nei: GJ, ÞÞ.
7 þm. (BrB, EE, GÍG, JJ, LJóh, PM, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að líkur eru til, að frv. um manneldisráð verði samþ. í þessari hv. d., og þar sem því eru tryggðir nægir starfskraftar og ég tel hins vegar eðlilegt, að frv. um stofnun slíks embættis sem þessa verði fellt inn í annað frv., sem hér liggur fyrir, segi ég nei.

2. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 6 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti (StgrA): Hæstv. dómsmrh. hefur óskað þess, að þessi tvö mál (frv. til l. um stofnun prófessorsembættis við Háskóla Íslands og frv. til l. um manneldisráð) verði afgr. frá d. í dag. Ég fyrir mitt leyti vil verða við þessari ósk hæstv. ráðh., og er það þá að hinu leytinu á valdi hv. d., hvort hún vill veita afbrigði um málin.

Bjarni Benediktsson: Eins og ég sagði áðan og eins og kom fram í ummælum hv. frsm., þá hafa dm. ýmsir verið að hugsa sér og jafnvel komið áskoranir til n. um að flytja brtt. um að sameina þetta frv. við háskólafrv. Menn geta ekki tekið afstöðu til háskólafrv., fyrr en þeir vita, hvort sú sameining getur átt sér stað. En ef það yrði ofan á að láta þetta frv. halda áfram, mundi ég vilja bera fram brtt. við 2. gr., sem ég er ekki reiðubúinn að bera fram á þessum fundi, því að þær þurfa íhugunar við og ég hafði ekki gert mér grein fyrir, að svo mjög yrði flýtt afgreiðslu frv. sem nú er komið á daginn. Ég vil beina því til hv. þdm., að þeir létu málið fá þá venjulegu þinglegu meðferð og neituðu afbrigðum, fyrst haldið er fast við þá ósk að knýja málið fram í dag.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Það hefur skeð það sjaldgæfa, að ég hef sannfærzt undir umr. Mér finnst einsætt að láta frv. ganga fram sem sérstakt frv., en ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að þótt frv. væri afgr. úr þessari d., þá stendur jafnopið að koma með brtt. í Nd. við það eins og brtt. við háskólafrv. Ég skil, að hv. þm. er ekki viðbúinn að koma með brtt. við þetta frv. nú, en ég vil benda honum á, að það er hægt að koma á framfæri brtt. í Nd., og það er eðlilegt, að hæstv. ráðh. óski eftir að hraða málinu sem mest, þar sem nú er mjög liðið á þingtímann.

Bjarni Benediktsson: Það er nokkuð einstakt, ef á að meina mönnum að flytja brtt. við mál, og ég tel þýðingarlaust fyrir okkur að bera fram brtt. við háskólafrv., ef búið er að samþ. þetta frv. En varðandi það að koma með brtt. í Nd., þá er það svo, að ég á ekki svo innangengt þar, að ég eigi víst, að ég geti fengið hv. þm. þar til að flytja þar brtt. fyrir mig, og ég vil einnig benda á, að ef slíkar brtt. næðu fram að ganga þar, þá mundi sú meðferð, sem hv. 3. landsk. stingur upp á, verða til að tefja fyrir málinu, því að þá yrði það að ganga aftur til Ed. til einnar umr.

ATKVGR.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7:3 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, MJ, PHerm, HG, HermJ, IngP, StgrA.
nei: ÞÞ, GJ.
BBen, EE greiddu ekki atkv.
6 þm. (JJ, LJóh, PM, BSt, BrB, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkvæði sínu:

Eiríkur Einarsson: Með því að annað frv., sem liggur fyrir d., hefur sætt þeirri meðferð, að n., sem um það fjallaði, taldi sér nauðsynlegt að leita ýtarlegrar umsagnar háskólans sjálfs og einnig að leita annarra gagna, sem fyrir hendi eru, en mér hefur hins vegar ekki gefizt kostur á að ganga úr skugga um, hvernig sakir standa með þetta mál, þá treysti ég mér ekki til að leggja dóm á réttmæti frv. og greiði því ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 423, n. 800).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Frv. þetta er um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild háskólans og er nátengt frv. um manneldisráð. Aðalkostur þessa frv. er sá, að með því eru vísindamanni sköpuð skilyrði til þess að helga sig vísindalegum rannsóknum. Hon-

um hafa einnig borizt áhöld, og allir eru á einu máli um hæfileika hans.

Ég vænti þess, að frv. þetta nái fram að ganga, því að hér er um raunhæfa vísindastarfsemi að ræða, sem ávallt er landinu til gagns.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort nefndin hefur athugað þetta í samráði við læknadeild háskólans eða háskólaráð, en um það verður ekkert séð í nál., en slíkt mun þó vera venja. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ég get ekki varizt þeirri hugsun, að örlæti þessa þings í stofnun nýrra embætta sé um of. (**PZ:** Þetta er nýsköpunarþing.) Já, hv. 2. þm. N.-M. skaut því fram, að þetta væri nýsköpunarþing. Þetta er sú nýsköpun, sem hann og hans flokkur hafa unnið að sína stjórnartíð. Ég get ekki fallizt á það, að við getum farið út í það að stofna stöðugt ný embætti handa öllum efnilegum mönnum, Þótt ég viti, að þetta embætti, sem hér um ræðir, sé nytsamlegt og maðurinn, sem við því á að taka, mjög efnilegur, tel ég ekki neina sérstaka nauðsyn bera til stofnunar þess.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Það er leiðinlegt að hlusta á aðdróttanir síðasta ræðumanns um, að einstakir menn og flokkar geri ekki annað en að stofna embætti. Hann er ef til vill búinn að gleyma því, að hann fór fram á það hér fyrir skömmu að stofna heila deild embætta, sem hefði kostað millj. kr. Till. hans gat bara enginn fallizt á, en þær voru viðvíkjandi landhelgisgæzlu.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil svara fyrirspurn þeirri, sem beint var til mín áðan. Eins og ég gat um áðan, þá er þetta mál nátengt frv. um manneldisráð, og er hvort tveggja gert í samráði við háskólaráð og læknadeild háskólans, eins og sjá má af bréfi háskólaráðs um þetta efni, sem liggur frammi á lestrarsal. Mér finnst ummæli hv. þm. N.-Ísf. ekki í samræmi við framkomu hans, þegar verið var að stofna hér embætti í dauðum fræðum við háskólann, og hefði þá frekar átt við að tala um óþarfa eyðslusemi.

Sigurður Hlíðar: Herra forseti. Ég hélt í fyrstu, að óþarft mundi að stofna slíkt embætti við háskólann, sem hér um ræðir. En þegar ég fór að athuga, hvað lægi að baki þessu, þá komst ég að þeirri niðurstöðu, að upp úr þessu væri einna mest að hafa af þeim embættum, sem nú hafa verið stofnuð við háskólann. Þingmenn hafa ef til vill ekki veitt því athygli, að þetta frv. er svo nátengt frv. um manneldisráð, sem verið var að samþ. áðan, að vart verður að skilið. — Ég mæli svo eindregið með, að frv. þetta verði samþ.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. frsm. n. hefur svarað fyrirspurn minni, en bætti því við, að ég hefði heldur átt að tala um sparsemi viðvíkjandi vissu embætti, sem hefði verið hér til umræðu fyrir fáum dögum. En það flaut ekki fyrir minn atbeina út úr þessari deild, og má það svo vera útrætt.

Hv. þm. Rang. var með allmikla mælgi út af frv. mínu um landhelgisgæzlu. Ég ætla nú ekki að hefja deilur um það, en vil aðeins geta þess, hvernig þessi hv. þm. og n., sem hann átti sæti í, tók í þetta. Hún taldi ekki ólíklegt, að æskilegt væri, að þessi störf væru falin sérstakri stofnun, þótt það yrði ekki gert þegar. Ég lýk svo máli mínu, en get ekki verið áður umræddu frv. samþ.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð í sambandi við ummæli tveggja stuðningsmanna stjórnarinnar. Það er merki slíkra manna, að ef eitthvað er gert í nógu stórum stíl, þá er það ágætt, en ef eitthvað er lagfært, sem er óhafandi, þá er það með öllu ótækt. Hv. 11. landsk. talaði um, að stofnað hefði verið embætti í dauðum fræðum. Ef ég þekkti ekki trú þessa manns, þá mundi ég spyrja, hvaða fræði það væru. Það hefur verið fullyrt áður af mönnum, sem hafa verið miklu spámannlegar vaxnir en hann, að kristindómurinn væri dauður eftir nokkur ár. En enn þann dag í dag er hann betur lifandi en nokkur önnur vísindi. Og eftir því, sem ég hef vanizt, þá hafa hin verklegu vísindi hingað til verið talin dauð fræði, en kristindómurinn og ræktun mannsins hin lifandi vísindi, og er í þessu sambandi vert að athuga áhrif verklegra vísinda á nútímaheiminn. Það er ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta. En það er leiðinlegt að heyra hina sömu menn vera að hneykslast á smá-lagfæringum, sem leggja til að verja fleiri milljónum króna í auknar launagreiðslur.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Aðeins örfá orð viðvíkjandi ummælum hv. þm. N.-Ísf. um, að ég hefði verið hlynntur till. hans um landhelgisgæzlu. En sannleikurinn er sá, að enginn var með þessu, en till. var þó kurteislega afgreidd eins og önnur mál, en henni var gjörbreytt, og er það að vísu gott, hvað hv. þm. er nægjusamur.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Mér er það ekki alveg ljóst, af hverju hv. þm. N.-Ísf. getur ekki fellt sig við að samþ. þetta frv. Það er áður samþ. frv. til l. um manneldisráð. Ef það kemur til framkvæmda, þarf það framkvæmdastjóra. Og það er ætlazt til þess, að prófessorinn í heilbrigðisfræðum verði framkvæmdastjóri manneldisráðs, hér er því ekki í raun og veru um sérstakan kostnað að ræða. Ef þessi prófessor við háskólann er ekki skyldaður til þess að vinna við manneldisráð, þá þyrfti það framkvæmdastjóra, ef það ætti að koma að einhverju gagni, en honum þyrfti auðvitað að greiða laun.

Þessar umr. hafa farið á víð og dreif, og það miklu meir en mér gat dottið í hug. Það kom ákaflega illa við hv. þm. V.-Sk., er ég minntist á embætti, sem samþykkt var að stofna við háskólann hér fyrir nokkrum dögum. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur sú vizka að segja, að ég sé trúlaus, en þessi hv. þm. fullyrðir nú svo margt, sem enginn stafur er fyrir. Hv. þm. bar saman dauð fræði, sem ég kallaði, en hann kallar lifandi fræði, og teknisk fræði, og hann sagðist hafa litla trú á tekniskum fræðum og fór langt út í lönd til þess að sanna það. En það var óþarfi af hv. þm. að fara svo langt til þess að sanna hans litlu trú á þeim, — það hefur komið í ljós við mjólkursamsöluna. Þar eru þau ekki notuð sem

skyldi. En fyrir okkur hv. þm. V.-Sk. fer líkt og kerlingunum, þar sem önnur sagði „klippt var það," en hin sagði „skorið var það." Við verðum aldrei sammála, og eyði ég því ekki orðum að honum frekar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þetta frv. stendur í sambandi við frv. um manneldisráð, sem afgr. var til 3. umr. áðan, og einnig í sambandi við l. um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, sem afgr. hafa verið á Alþ.

Það er ætlazt til þess, að þessi prófessor verði kennari í heilbrigðisfræðum við hjúkrunarkvennaskólann og starfi enn fremur við manneldisráð. Og ég veit ekki til þess, að neinn ágreiningur hafi verið um afgreiðslu frv. um manneldisráð. Ég vildi heldur mælast til þess, að menn styttu mál sitt um þetta frv. og tekin yrði ákvörðun um afgr. þess í samráði við aðra afgr. á þessum heilbrigðismálum og að menn létu niður falla löngun sína til þess að gera þetta alsaklausa frv. að tilefni til almenns eldhúsdags hér í deildinni.

Páll Zóphóníasson: Ég ætla aðeins að benda hv. þm. N.-Ísf. á það, að það hefur þegar verið settur kennari í þessu við háskólann. Hann á bara í raun og veru að skipta um nafn og kallast prófessor og er um leið skyldaður til þess að vera framkvæmdastjóri manneldisráðs og kennari við Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, svo að hér er meir um formsbreytingu að ræða á embættum, sem þegar eru til, en um stofnun nýs embættis.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Hv. 11. landsk., frsm. n., sagði, eins og ég bjóst við, að hann vissi ekki neitt um það, hvað væru dauð og hvað væru lifandi fræði í þessum efnum. Og eins og ég hef áður sagt, þá veit ég, að það þýðir ekki að tala við þá menn um andleg efni, sem þessa trú hafa tekið, sem hv. 11. landsk. hefur. Og þetta staðfestir hann svo fullkomlega, með því að hann segir, að við verðum aldrei sammála. Það er með þennan hv. þm. eins og þann, sem sagði: „Ég er ekki kominn hingað til þess að láta sannfærast." (**STh:** Nei, ekki af síra Sveinbirni.)

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að með þessu frv. væri í raun og veru ekki um mikla breyt. að ræða, hvað snerti útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur væri það aðallega formsbreyting, því að sá maður, sem ætlað væri þetta prófessorsembætti, væri þegar kennari við háskólann. En þessi maður er þar aukakennari með mjög lágum launum nú. Og það er mjög mikill munur á því að vera þar aukakennari með lágum launum eða vera prófessor í fastri stöðu. Það er mikill munur á þessu tvennu. Ég skal svo ekki fjölyrða um það, ég vil ekki tefja þetta mál. En ég vil samt endurtaka það, út af því, sem hv. frsm. sagði, að ástæða mín til þess að vera á móti þessu frv. er sú, að mér virðist, að ekki verði hjá því komizt að drepa einhvers staðar niður fótum á þeirri braut, sem þingið er komið á nú, að stofna ný embætti, hvort sem það nú nefnist í dauðum eða lifandi fræðum. Ég hygg, að það sé búið að sjá nokkur dæmi þess nú á Alþ., að tiltölulega lítillar varúðar gætir hjá þinginu og fjárveitingavaldinu. Og þess vegna er það því betra, því fyrr, sem drepið er niður fótum. Og þess vegna er það, að ég sé mér ekki fært að styðja þetta frv., þar sem ég sé heldur ekki, að knýjandi nauðsyn sé að afgr. þetta mál.

Sá maður, sem þetta frv. er borið fram til þess að verði prófessor, er þegar starfandi við háskólann, og ég hygg, að að honum sé svo búið að öðru leyti, að hann sé ekki á flæðiskeri staddur.

Ég vil svo, út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, aðeins endurtaka það, að það er ekki vegna neinnar lítilþægni hjá mér, að ég las upp hér úr áliti fjvn. um till. okkar um landhelgismálin. Það stendur þarna, að stefna okkar í þessum málum hafi verið rétt. Og þegar við það bætist, að till. var afgr. svo, að við máttum vel við una, er óþarfi að segja, að það sé af lítilþægni okkar flm., að við erum ánægðir með afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:4 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 104. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og fer því fram atkvgr. um málið.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi óska, að hæstv. forseti frestaði atkvgr., þar sem svo fáir eru á fundi.

Forseti (BG): Ég mun verða við ósk hæstv. ráðh. um þetta, og er atkvgr. þá frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 105. fundi í Nd., 15. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 862).

---

19. Skipun læknishéraða (breyt. á l. 8/1944).

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. um breyt. á þeim l., nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942 (stjfrv., A. 641).

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Lög um skipun læknishéraða eru í allsherjarendurskoðun hjá mþn., en hún hefur ekki enn skilað áliti.

Á síðasta Alþ. voru afgr. l. um að stofna tvö læknishéruð, annað á Borðeyri, Borðeyrarhérað, hitt er á Snæfellsnesi. Nú hefur það komið í ljós, að meiri hluti þeirra hreppa, sem átti að skipa Borðeyrarlæknishéraðið fyrir, sættir sig ekki við þá skipun. Enn fremur eru vandkvæði á því að veita hið fyrirhugaða læknishérað á Snæfellsnesi, og hefur því mþn., sem starfað hefur að þessum málum, gert till., sem ríkisstj. hefur gert að sínum, að framkvæmd á stofnun þessara tveggja læknishéraða sé frestað um sinn, samkvæmt þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en vísa að öðru leyti til grg. frv.

Ég vil vænta þess, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 641, n. 730).

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. till. mþn., og nægir að vísa til nál. og grg. þess. En þar sem þetta var ekki afgreitt fyrir áramót, þá flyt ég brtt. við 3. gr. frv., og er hún afleiðing þess, að þessu seinkaði svona. Ég vil svo óska, að hæstv. forseti geti flýtt svo fyrir málinu, að það nái til Nd. í dag.

Forseti (StgrA): Brtt. sú, sem fram hefur komið frá hæstv. félags- og dómsmálaráðherra, er svohljóðandi: (sjá þskj. 754.)

Afbrigði þarf fyrir till., þar eð hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég vil benda á, hvort n. vill ekki athuga, hvort eigi væri rétt að færa allt í sama horf og var í fyrra með þessi mál, að því undanskildu, er viðkemur læknisbústað í Fljótsdalshéraði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 754 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 755).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Mér virtist, þegar brtt. var samþ. við 2. umr., að athuga þyrfti þetta nánar. Ég hef nú athugað þetta, og virðist mér heppilegt að afgreiða frv. með þeirri breyt., sem samþ. var, en hún hljóðar svo:

„Við 3. gr. Greinin orðist svo: Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað. Síðari málsgr. 8. gr. laganna falli niður. —“

Legg ég því til, að frv. verði samþ. svo breytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með tilvitnun til athugasemda og orða hv. 3. landsk. sé ég eigi ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Frv. þetta er samið af mþn., sem starfað hefur að endurskoðun á skipun læknishéraða. Miðar það að því að fresta því, að skipaðir verði læknar í 2 læknishéruð. Læknar hafa ekki fengizt í héruðin enn, vegna þess að þeir, sem við breyt. áttu að búa, vildu ekki við hana una. Þar sem þetta frv. átti í rauninni að koma í gildi um s. l. áramót, vildi ég óska þess, að málið fengi afgreiðslu sem allra fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 755, n. 785).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af ríkisstj. í Ed. og samið af mþn. um læknaskipan o. fl. Frv. fjallar um nokkrar breyt. á l., sem samþ. voru nýlega, eða l. nr. 8 1944, um breyt. á læknaskipunarl. Var með þeim l. m. a. stofnað Selfosshérað. Þá voru stofnuð á Austurlandi Bakkagerðishérað og Egilsstaðahérað. Breytt var Hafnarfjarðar- og Álafosshéraði, stofnað Suður-Snæfellsneshérað og stofnað Borðeyrarhérað. Jafnframt var ákveðið í l., að þau skyldu felld inn í meginmál læknaskipunarl. frá 1932, auk annarra breyt., sem gerðar voru á þeim l., og þau gefin út á ný. Þessi l. áttu svo að öðlast gildi 1. jan. 1945. Mþn. í læknaskipunarmálinu þótti sýnt um nokkur þessi atriði, að ekki væri rétt að láta þau koma til framkvæmda strax um síðustu áramót. Stj. flutti því frv. nokkru fyrir áramót, en því miður hefur ekki unnizt tími til að afgr. það fyrir þann tíma, sem ákveðið var, að l. frá í vor öðluðust gildi.

Efni þessa stjórnarfrv. er þríþætt. Fyrsta atriðið fjallar um Suður-Snæfellsneshérað, sem nær yfir Miklaholtshrepp, Staðarsveit og Breiðavíkurhrepp. Er þar um tvær breyt. að ræða. Önnur er sú að velja héraðinu heiti. Í samræmi við önnur læknishéruð er það miðað við læknissetrið. Þegar l. voru

sett í fyrravor, var ekki unnt að ákveða læknissetur þá þegar. Nú er í ráði, að það verði á Staðarstað, og er héraðið þá nefnt í samræmi við það Staðarhérað. Hin breyt. er sú, að þetta komi ekki til framkvæmda fyrr en héraðið verður skipað, og er átt við það, að meðan ekki er til læknisbústaður, sé tilgangslaust að auglýsa það til umsóknar. Hins vegar er verið að undirbúa byggingu læknisbústaðar. Frv. fer því fram á að leysa heilbrigðisstjórnina undan þeirri skyldu að auglýsa héraðið laust til umsóknar fyrr en þetta er komið í kring. Ég skal taka það fram í sambandi við Staðarhérað, eins og kunnugt er áður, að það er skipað íbúum 3 hreppa. 2 þeirra eru langfjölmennastir, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur, og eru þeir hreppar eindregið fylgjandi málinu, en í Miklaholtshreppi eru mjög skiptar skoðanir um þetta. Í þessu héraði er því yfirgnæfandi meiri hluti íbúanna, sem sótzt hefur eftir þessu.

Að því er snertir Borðeyrarhérað, hefur komið í ljós síðan, að af 3 hreppum í því héraði hafa 2 gert samþykkt þess efnis, að þeir óski ekki eftir þessari héraðsstofnun. Einn hefur hins vegar ekki látið í ljós álit sitt, en full ástæða er til að ætla, að íbúar þess hrepps hafi yfirleitt áhuga fyrir málinu. Íbúatala þessara hreppa er svo misjöfn, að í þessum 2 hreppum, sem mótmæltu, er aðeins tæplega helmingur af íbúum héraðsins. Vegna þessa eru mjög skiptar skoðanir um málið, og þótti mþn. rétt að fresta framkvæmd þessa atriðis, unz lokið væri þeirri endurskoðun, sem stendur yfir í læknisskipunarmálunum. Þetta er orðað svo í frv., 2. gr. l., „þó um Borðeyrarhérað kemur ekki til framkvæmda meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkv. þál. frá 11. marz 1944.“ Nú kynni einhver að vilja skoða þetta svo, að um leið og mþn. hafi skilað áliti sínu, kæmi þetta hérað af sjálfu sér í gildi, en ég vil taka skýrt fram, að tilgangurinn með þessu orðalagi er sá, að á meðan Alþ. hefur til meðferðar þessa endurskoðun, sem stofnað var til með þáltill., þá komi þetta hérað ekki til álita. Ég býst við, þegar mþn. hefur lokið störfum, þá samþykki hún nýja löggjöf um þetta efni, og Borðeyrarhérað kemur að sjálfsögðu ekki til framkvæmda á meðan. Ég vil taka þetta fram sem skýringaratriði um 2. gr. frv.

Viðvíkjandi 3. atriðinu vil ég segja, að til þess er ætlazt með l. frá því í fyrravor, að þessum l. sé öllum steypt saman og gefin út að nýju sem læknisskipunarl. Nú þykir n. óheppilegt, að l. séu gefin út, þar sem yfir stendur þessi endurskoðun, sem væntanlega verður lokið síðari hluta ársins, þannig að frv. verði lagt fyrir haustþingið. Það þótti því eðlilegt að fresta samsteypul. þangað til. Þetta felst í síðari málsgrein 3. gr. frv., að ein málsgr. 8. gr. l. falli niður.

Eins og ég tók fram, var ætlazt til, að þetta frv. næði samþykki og staðfestingu fyrir 1. jan., en það gat hins vegar ekki orðið. Ef frv. verður samþ. eins og það er, táknar það því, að það öðlast ekki gildi fyrr en 3 mánuðum eftir birtingu þess, m. ö. o. að þessi 2 héruð, Borðeyrarhérað og Staðarhérað, hafa þá verið til á pappírnum um nokkurra mánaða skeið. Landlæknir telur þetta óheppilegt við ýmiss konar skýrslur, sem hann og aðrir þurfa að semja, og hefur því eindregið óskað eftir við heilbrigðis- og félagsmálan., að hún léti þetta frv. gilda frá 1. jan. 1945 og að þessu leyti aftur fyrir sig. Þó að n. sé að vísu ekki ljúft að fara inn á þá braut, taldi hún þetta ekki skipta svo ýkjamiklu máli, að ástæða væri til að ganga á móti óskum landlæknis og rugla fyrir honum skýrslum, og féllst á að bera fram brtt. í nál., sem segir, að l. þessi skuli gilda frá 1. jan. 1945. Ég skal taka fram, að fyrir því eru að vísu ýmis fordæmi, að l. séu látin gilda aftur fyrir sig, en það stafar af þessari ástæðu, sem ég hef greint.

Jakob Möller: Ég hef hér með höndum skrifl. brtt. við þetta frv., sem ég tel heppilegt, að komi fram við þessa umr. málsins, þannig að hún liggi fyrir milli umr., en mun hins vegar ekki óska eftir, að atkvgr. fari fram um hana fyrr en við 3. umr. Það mun þurfa afbrigði fyrir þessari brtt., en síðan vænti ég, að hv. n. taki brtt. til athugunar.

Till. snertir skipun 2 læknishéraða, Álafoss- og Reykjavíkurlæknishéraðs, og er þess efnis, að til Álafosshéraðs leggist sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með l. nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Samkv. frv. er ætlazt til, að nokkur hluti gamla Kjósarlæknishéraðsins sé lagt við Reykjavíkurlæknishérað samkv. breyt. á lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en þessi hluti Mosfellssveitar er, eins og nú standa sakir, í raun og veru læknislaus, vegna þess að héraðslæknirinn í Reykjavík getur ekki og má ekki gegna læknisstörfum. Reykjavíkurlæknishérað er því læknislaust. Eins og kunnugt er, er Reykjavík sjálfri séð fyrir læknishjálp af praktiserandi læknum, en þessar sveitabyggðir utan við gamla læknisumdæmið verða óhjákvæmilega sama sem læknislausar. Þess vegna tel ég, og ég held allir þeir menn, sem athuga þetta mál, að nauðsynlegt sé að leggja þetta svæði aftur til hins gamla læknishéraðs. Enn fremur er lagt til og talið miklu eðlilegra, að Seltjarnarneshreppur, sem einn hefur með þessum l. frá 1944 verið lagður við Reykjavíkurlæknishérað, heyri því læknishéraði til.

Ég sé ekki að svo stöddu ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Brtt. kemur fram prentuð á þskj., svo að allir þm. hafi kost á að sjá hana.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. Hún er of seint fram komin og skrifleg. Þarf því tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 803) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Þessi brtt. liggur þá fyrir. Nú hefur þess verið óskað af hæstv. félmrh., að málið fengi helzt fulla afgreiðslu nú, og hef ég lofað að þessari umr. lokinni að setja nýjan fund. Það þarf ekki að breyta neinu, hvað áhrærir óskir hv. 3. þm. Reykv., að til atkv. verði ekki gengið um þessa brtt. fyrr en við 3. umr., en þá er aðeins, hvort mönnum finnst ástæða til þess að íhuga nánar þær till., sem fyrir liggja.

Það hefur ráðizt svo við hæstv. félmrh., að þessi brtt., sem hv. 3. þm. Reykv. ber fram, komi til athugunar í n. milli funda, og fer þá ekki fram 3. umr. eins skyndilega og ráð var fyrir gert í

fyrstu, og þessi brtt. kemur því ekki til atkv. nú við 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 785 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 804, 803).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jakob Möller: Herra forseti. Ég kom fyrst að þessu máli að þessu sinni, en vegna þess að ég þarf að ráðgast við landlækni um brtt., sem ég kom með, en ekki hefur unnizt tími til enn, vildi ég leyfa mér að óska þess, að málinu verði frestað.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Við 2. umr. málsins bar hv. 3. þm. Reykv. fram brtt. um Álafoss- og Reykjavíkurlæknishérað. Heilbrigðis- og félagsmálan. hélt fund um þessa till. og ræddi hana við flm. Það hefur síðan verið leitað álits landlæknis og einnig borizt munnleg umsögn héraðslæknis Reykjavíkur um till., og munu þeir ekki geta fallizt á hana, a. m. k. ekki óbreytta. Til þess að mál þetta, sem þarf að afgr. nú og helzt skjótlega, tefjist ekki, leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til hv. 3. þm. Reykv., að hann að þessu sinni taki till. sína aftur, en hins vegar verður hún að sjálfsögðu tekin til athugunar fljótlega af mþn. í læknaskipunarmálum, sem nú starfar, og ég fyrir mitt leyti gef honum það fyrirheit, að ég mun sjá um, að það verði gert fljótlega, svo að þetta mál hafi fengið rækilega athugun í samráði við hann fyrir haustið. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. þm., ef hann sæi sér fært, að taka till. aftur.

Jakob Möller: Hér er ekki um að ræða nema annaðhvort — eða, spurningin er um það, hvort þetta svæði á að vera læknislaust eða ekki. Mér skildist, að þessir háu embættismenn og ágætu upp á sína vísu settu það fyrir sig, og sérstaklega héraðslæknirinn, sem mér skildist landlæknir bera svo mjög fyrir sig, að nauðsynlegt sé, að þetta læknishérað heyri til læknishéraði Reykjavíkur vegna heilbrigðiseftirlitsins. En ég vil bara benda á, að nauðsynlegt er, að héraðslæknar hafi fulla samvinnu sín á milli um slík mál. Það er ómögulegt, að slíka samvinnu þurfi ekki. Skyldi þá vera minni nauðsyn á að hafa allt undir einum hatti, læknishérað Reykjavíkur og Hafnarfjarðar? Ætli samgöngur milli fólks í Hafnarfirði og Reykjavík séu ekki eins miklar og þessa fólks, sem um ræðir? Það eru margfalt meiri samgöngur milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og það er auðvitað, að fjöldi fólks í Hafnarfirði hefur atvinnu í Reykjavík, nákvæmlega eins og þetta fólk, sem þarna er um að ræða. Ef ætti að tryggja það, að héraðslæknirinn í Reykjavík hefði fullt yfirlit yfir heilbrigðismálin á öllu því svæði, þá þyrfti að færa út kvíarnar fyrir þann ágæta héraðslækni og, nota bene gera þá um leið allt svæðið læknislaust, því að honum er bannað að gegna læknisstörfum. Þetta er ósköp náttúrlegt, þegar skriffinnskan kemst í hámark og ekki tekið tillit til neins annars en þess, sem bezt þénar skriffinnskunni, að svona mál eigi að útiloka. En ég held, að skriffinnskan eigi að lúta hagsmunum hins lifandi lífs, og hér er um að ræða, hvort fólkið á þessu svæði á að vera læknislaust eða ekki.
Ég sé enga ástæðu til frestunar á því að taka ákvörðun um þetta mál og óska eftir því, að till. komi til atkvæða og hv. þm. skeri úr.

Forseti (BG): Umr. um mál þetta verður frestað um nokkrar mínútur. (Fundarhlé.)

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Fundarhlé var gefið áðan um stund, til þess að heilbr.- og félmn. gæti rætt þessa brtt. N. hefur ekki orðið á eitt sátt um afstöðu til þessarar brtt., og hafa því nm. frjálsar hendur um hana.
Ég skal taka það fram, að ég vil alls ekki ræða hér till. hv. 3. þm. Reykv. um skiptingu læknishéraðs í Reykjavík. Mér virðist hv. þm. hafa talsvert til síns máls. Hins vegar hafa þeir aðilar, sem sérstaklega eiga að hafa fyrirsvar um þetta, landlæknir og héraðslæknir hér, heldur lagt á móti samþykkt hennar á þessu stigi málsins. En n. hefur enga sérstaka till. að gera um þetta.

Jakob Möller: Ég vil, að hv. þm. geri sér það ljóst, hvaða ástæður það eru, sem þessir menn geta haft til þess yfirleitt að vera á móti þessari skiptingu. Þeir gera þá grein fyrir því, að þetta svæði þurfi allt að heyra undir Reykjavíkurlæknishérað, að fólkið á þessu svæði hafi aðallega samgang við Reykjavík. En í því sambandi er vert að gá að því, hvaðan héraðslæknir fær upplýsingar um heilbrigðisástandið á þessu svæði. Hjá þeim læknum, sem sinna sjúklingum á þessu svæði. En héraðslæknirinn hefur aðeins á hendi skrifstofustarf um heilbrigðismál og eftirlit með sóttvörnum. En upplýsingarnar, sem hann þarf til þess að geta staðið í sinni stöðu sem héraðslæknir, aðeins að þessu leyti, fær hann frá þeim læknum, sem sinna læknisstörfum á hverju svæði fyrir sig.
Þarna er svæði, sem enginn læknir er skyldugur að sinna. Héraðslæknirinn í Reykjavík er ekki skyldugur að sinna því. Menn halda því fram, að það sé ekki rétt hjá mér, heldur séu praktíserandi læknar skyldugir til þess að sinna sjúklingum á þessu svæði. Það geta verið til ákvæði um það, en það er dauður bókstafur. Maður getur símað til allra lækna í Reykjavík, e. t. v. er hægt að fá einhvern, en oftast mun heyrast sama svarið: „Ég get því miður ekki komið, ég þarf að sinna læknisstörfum hér.“ Þar við bætist það svo, að þetta svæði, sem hér er um að ræða, er svo landfræðilega samhangandi héraðinu, sem heitir Álafosslæknishérað, að það er ekkert vit í að skera það sundur. Það mundi engum manni detta í hug að skera það frá annars staðar á landinu, ef ekki stæði svo á, að þetta svæði hefði ekki verið lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þetta svæði heyrði ekki til læknishéraði Reykjavíkur fyrr en

eftir að hin nýju l. voru sett um að leggja þetta undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Það lá undir Álafosslæknishérað og sumpart undir Hafnarfjarðarlæknishérað. Það er enn fráleitara að leggja það undir Hafnarfjarðarlæknishérað heldur en Reykjavíkurlæknishérað, ef aðeins héraðslæknirinn í Reykjavík væri ekki undanþeginn því að gegna læknisstörfum. Að öðru leyti væri eðlilegra að láta það heyra undir Reykjavíkurlæknishérað, því að ef Hafnarfjarðarlæknir ætti að sinna þessu, þá yrði hann að fara gegnum Reykjavík.

Við höfum ekki þessa tvo embættismenn til þess að tala við um þetta. Þeir bjóða aðeins að taka þetta mál til velviljaðrar athugunar, en lofa engu um það. En það er engin skynsamleg ástæða til að fresta því, og mun hv. d. skera úr um þetta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta nokkuð af þeim misskilningi, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. Þessir menn eru í læknishéraði Reykjavíkur. Þetta breyttist með l. frá 1. jan. 1944, þegar lögsagnarumdæmi Reykjavíkur var stækkað, og allt þetta fólk heyrir til Reykjavíkurlæknishéraði, og aðsetur læknis er í Reykjavík. Þegar þetta var samþ. hér á þingi í fyrra, steinþagði hv. 3. þm. Reykv. Hann minntist ekki á, að önnur tilhögun væri betri, af því að hann var ekki búinn að átta sig á því, að þetta væri dálítið úti í jaðri bæjarins, lögsagnarumdæmisins eða hvað sem menn vilja kalla það. Hv. þm. áttaði sig ekki þegar í stað á því, að þegar þessir kæmu inn á svæðið, þyrftu þeir að fara í sjúkrasamlagið, og læknum var ver við að fara svo langt í sjúkravitjun. Það skyldi þó ekki vera, að það væri sjúkrasamlagið, sem vildi breyta þessu til þess að losna við lengri sjúkravitjun. Nú er það erfitt fyrir það fólk, sem þarna býr, ef það fær ekki að ganga í Sjúkrasamlag Reykjavíkur fyrir sama gjald og aðrir aðilar. Nú hefur landlæknir boðizt til þess, að mþn., sem átti að skila áliti fyrir næsta þing, taki þetta til rækilegrar athugunar og reyni að finna lausn á því, hvernig þessir menn geti bezt vitjað læknis og verið í sjúkrasamlagi.

Frá Grafarholtsvogi niður til Ártúns og í Seltjarnarneshreppi fyrir ofan Elliðaár voru í sumar níu tíundu hlutar af íbúunum Reykvíkingar, sem bjuggu þar í sumarbústöðum. Eiga þeir að vitja læknis upp að Álafossi, þegar þeir, margir þeirra a. m. k., fara á hverjum degi í bæinn? Það væri skrýtin tilhögun.

Ég held, að æskilegast hefði verið, að hv. 3. þm. Reykv. hefði orðið við ósk landlæknis að taka till. aftur, svo að landlæknir gæti, eins og hann bauð, tekið þetta mál til athugunar og leyst úr því. En fyrst hv. þm. vill það ekki, virðist mér þingið verði að verða við þeirri ósk að fella till. í trausti þess, að mþn. taki málið til athugunar. En ef mikil óþægindi eru á því fyrir fólkið að fara í sjúkrasamlagið, þá er sjálfsagt að reyna að finna leið til þess að bæta úr því.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. N.-M. var að tala um það, að ég væri seinn til að sjá, en hann virðist aldrei ætla að sjá, og það virðist líka vera fastur vilji hjá honum að vilja aldrei sjá.

Það er rétt, að ég hreyfði engum andmælum gegn þessari lagasetningu á síðasta þingi, en það var af því, að þetta var leyst með sérstökum hætti, sem ég áleit, að lög stæðu til, en nú er það gerbreytt. Það er margt af fólki, bæði á þessu svæði og annars staðar, sem ekki er í sjúkrasamlagi, fólki, sem alls ekki er tryggingarskylt, því að það eru hvergi nærri allir landsmenn tryggingarskyldir; þeir eru það ekki nema til ákveðins aldurs, og þar að auki er fjöldi fólks, sem er þó tryggingarskyldur, en hirðir ekki um að tryggja sig og hefur reynzt mjög erfitt að halda í tryggingu. Um þetta fólk þarf líka að hugsa og ekki síður en hitt. Þá fæ ég ekki betur séð en hv. 2. þm. N.-M. hafi láðst að færa sönnur á það, sem hann hélt fram, að þessu fólki væri séð fyrir læknum, burt séð frá sjúkrasamlaginu. Hv. þm. fullyrðir, án þess að færa nokkur rök fyrir því, að þetta svæði heyri undir héraðslækninn í Reykjavík, en hann gengur framhjá því, hvernig háttað er um störf héraðslæknis Reykjavíkur, að honum er bannað að sinna læknisstörfum. Og hvaða gagn er að því fyrir fólkið að vera í læknishéraði, sem enginn héraðslæknir er í? Ég skal ekki fullyrða um það, hvort einhver lagabókstafur er fyrir því, að praktiserandi læknar séu skyldugar til þess að hlýða kalli. En það er þýðingarlaus bókstafur. Það er undir geðþótta þeirra komið, hvort þeir vilja sinna kalli. En þeir geta alveg haft ástæðu til þess að færast undan. Og ég veit, að bæði hér og í læknishéraði Akureyrarkaupstaðar er það yfirleitt ómögulegt að fá praktiserandi lækna til þess að sinna læknisstörfum í héruðum utan bæjanna.

Nú skal ég víkja stuttlega að því, hvernig mörkin eru sett, samkvæmt þessum l. frá 1. jan. 1944, sem hv. 2. þm. N.-M. talaði um. Mörkin eru þó óljós, — það eru þarna tvær heiðar, Hólmsheiði og Grafarheiði, — hvaða mörk eru það? Á þessum heiðum eru svo og svo mörg býli. Í hvaða læknishéraði eru þau býli? Ég veit, að tilgangurinn með þessari ákvörðun um læknishéraðamörkin er að telja byggðina sunnan við Grafarholtsvog, sem kallast Smálönd, sem er þyrping sumarbústaða, með Reykjavíkurlæknishéraði. En hvort heyrir það til Reykjavíkur- eða Álafosslæknishéraði? Mér skilst það sé byggð í fætinum á Grafarheiði, en Grafarheiði öll á að vera mörkin, — hvar er þá þessi byggð? Ég tel vafasamt, að hún tilheyri Reykjavíkurlæknishéraði. Eru það ekki suðurmörk Grafarheiðar, sem eru mörkin? Ég tel það nauðsynlegt að ákveða þetta nánar. Og þarna hygg ég sé fólk, sem ekki veit, í hvaða læknishéraði það er.

Hv. 2. þm. N.-M. vísar til þess, að landlæknir hafi boðið að athuga þetta á milli þinga til hausts. Það er ekki annað en fyrirheit um að athuga þetta. En svo verður þingið að skera úr um þetta.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil ekki segja, að ég sé beinlínis mótfallinn þessari till., en vildi benda á það, að þetta frv. er fram borið vegna þess, að á fyrri hluta þessa þings voru samþ. breyt. á læknishéraðaskipuninni, sem heilbrigðisstjórnin gat ekki fallizt á og sýndi sig seinna, að ekki voru framkvæmanlegar. Ef þetta frv. nær ekki afgreiðslu á þessu þingi, sé ég ekki, að annað liggi fyrir en að auglýsa læknishéruð, sem sýnilegt er, að enginn læknir fæst nú til að gegna, og annað héraðið er þar að auki stofnað á móti meirihlutavilja þeirra manna, sem eiga að búa við þá breyt., sem gerð

var á læknishéraðaskipuninni á fyrri hluta þessa þings. Niðurstaðan af þessu yrði svo sú, að það yrði að fá héraðslæknana, sem nú eru skyldugir til að gegna þessum héruðum, til þess að gegna þessum aukastörfum og greiða þeim hálf læknislaun ofan á sín laun.

Ég legg áherzlu á, að ekki verði þvælt þessu máli of á þingi, heldur fái það afgreiðslu, ef ekki er ætlun hæstv. Alþ. hreinlega að greiða að gamni sínu læknislaun í tveimur héruðum umfram það, sem þörf er á.

Ég held, að ég muni lýsa því yfir, að ef ég hef eitthvað með þessi mál að gera, þá muni ég taka till. hv. 3. þm. Reykv. til athugunar, jafnvel þó að hún næði ekki hér samþykki. Og þegar þar að auki einn af nm. í mþn., sem er að athuga þessi mál og mun skila áliti fyrir næsta Alþingi, hefur lýst yfir, að hann muni einnig taka þessa till. til athugunar, tel ég ekki, að það geti verið nein áhætta fyrir hv. 3. þm. Reykv., þó að till. hans næði ekki afgreiðslu á þessu þingi, — með þeim velviljuðu ummælum, sem hún hefur fengið bæði frá landlækni og mþn. ásamt heilbrigðismálaráðh. Hitt álít ég, að sé miklu meira um vert að koma þessu frv. í gegnum þingið, þannig að ekki sé verið að greiða laun læknis úr ríkissjóði að óþörfu til þess að sinna tveimur læknishéruðum, sem auðsjáanlega er ekki hægt að stofna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég stend aðallega upp til þess að mótmæla því harðlega fyrir hönd allra lækna í Reykjavík, að þeir séu látnir vera þau ómenni, að þeir neiti að vitja sjúklinga, þegar þeir eru beðnir um það, en hv. 3. þm. Reykv. sagði þetta um læknana í Reykjavík. Ég þekki þá marga. Hv. 3. þm. Reykv. segir, að þeir geti alltaf fundið sér eitthvað til, til þess að fara ekki. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur læknir í Reykjavík reyndi að finna sér eitthvað til, til þess að fara ekki, þegar hann væri kallaður í nauðum, eins og 3. þm. Reykv. sagði, að þeir gerðu. Og ég vona, að reynsla hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki gefið honum tilefni til þess að fara þessum orðum um læknana í Reykjavík, heldur hafi þetta verið í misgáningi sagt hér í hv. d., af því kappi, sem hann leggur á það að fá sitt mál fram í sambandi við þetta mál, til þess að eiga hægara með skriffinnsku í sjúkrasamlaginu.

En mörkin, sem sett voru milli Reykjavíkur- og Álafosshéraðs á þessu þingi, þegar l. frá 10. marz voru samþ., eru óljós, ég viðurkenni það fúslega. Og það kann að mega deila um það, hvort einhverjir sumarbústaðir í heiðinni, sem er á þessum mörkum, tilheyri þessu eða hinu læknishéraðinu. En í því tilefni er ekki nema um sumarbústaði að ræða. Og fólkið í þeim er úr Reykjavík, og þess vegna finnst mér eðlilegast, að það sé áfram í Reykjavíkurlæknishéraði, sama héraði og það er, þegar það er heima hjá sér í Reykjavík. Það fólk, sem er svo efnum búið, að það getur átt þannig tvö heimili, en það er megnið af því fólki, sem um er að ræða í þessum sumarbústöðum, hefur efni á því að sækja lækni í sumarbústaðina. En það er ekki margt fólk, sem er í býlum þarna, sem alltaf er búið í. Þó kann að vera, að einhverjir, sem eiga sumarbústaði þarna, hleypi einhverju fólki í þá nú, þegar þeir ekki nota þá sjálfir, svo að þess vegna séu fleiri á þessu svæði heldur en á venjulegum tímum. Það er ekki ótrúlegt. En þó að tillit sé tekið til þess, er þar ekki um margt fólk að ræða. Og það á að lögum nú læknissókn í Reykjavík. Og það eru það margir læknar í Reykjavík, að það er hægara fyrir þetta fólk að sækja til einhvers læknis í Reykjavík en eins að Álafossi. Og vafalaust gæti Álafosslæknirinn ekki síður verið upptekinn heldur en allir þeir um það bil 90 læknar, sem starfa í Reykjavík.

Jakob Möller: Ég er þakklátur hæstv. félmrh. fyrir hans góðu fyrirheit um það, að jafnvel þótt þessi till. mín falli að þessu sinni, muni hann hafa hana í huga síðar meir. Og ég er líka þakklátur hv. frsm. n. og öðrum þeim, sem hafa gefið fögur fyrirheit í því sambandi. En ég vil vekja athygli hæstv. dómsmrh. á því, að vitanlega er ekki meining mín með þessari till. að bregða fæti fyrir það, að þessi löggjöf geti náð fram að ganga á þessu þingi, og það heldur fyrr en síðar. Enda sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að óttast neitt slíkt. Það er ekki sjáanlegt, að komið sé svo nærri þinglokum, að frv. þetta hafi ekki nægan tíma til þess að fara aftur til hv. Ed., sem það að sjálfsögðu verður að gera, ef samþ. verður brtt. n., sem væntanlega orkar ekki tvímælis, að verður gert. Og þó að þessi brtt. mín yrði samþ. hér, mundi hún ekki valda þeim ágreiningi í hv. Ed., að það yrði málinu að falli. Og ég er enn fremur sannfærður um það, að þótt hv. Ed. vildi ekki fallast á þá breyt., sem í brtt. minni felst, ef hún yrði samþ. hér, og felldi hana, þá væri nægur tími til þess að fá frv. afgreitt við eina umr. í þessari hv. d. Svo að þessi kvíði hæstv. félmrh. er ástæðulaus.

Þá sagði hæstv. félmrh., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði verið borið fram eingöngu vegna þess, að l., eins og frá þeim var gengið á fyrri hluta þessa þings, hefðu reynzt óframkvæmanleg. Þessar brtt. mínar eru bornar fram nákvæmlega af sömu ástæðum, vegna þess að svo var frá þessum l. gengið á fyrri hluta þessa þings, að þarna er svæði, sem er læknislaust. Eru því brtt. mínar leiðréttting á l. þessum og nauðsynleg leiðréttting. Það er því sama máli að gegna um brtt. mína eins og frv., sem hæstv. félmrh. segir, að þurfi að ganga hér fram, nú á þessu þingi.

Mér skildist á hv. 2. þm. N.-M., að hann áfelldist mig fyrir það, að ég vegna Sjúkrasamlags Reykjavíkur færðist undan því að auka skriffinnskuna þar. Ég verð að segja, að mér þykir bregða hálfundarlega við, að nokkur hv. þm. skuli rísa úr sæti sínu og áfellast annan þm. fyrir að vilja hamla á móti skriffinnsku. Ég vil gjarnan, hvar sem er, reyna að vera sem mestur hemill á allri skriffinnsku, og mér þykir heiður að því, ef það er skoðun hv. 2. þm. N.-M., að það ráði svo eða svo miklu fyrir mér, að ég vilji hafa minni skriffinnsku. — Það, sem sá hv. þm. sagði að öðru leyti, gefur lítið tilefni til svara, umfram það, sem ég áður er búinn að taka fram, nema það, að það er misskilningur hjá honum, að það, sem aðallega sé borið fyrir brjósti í sambandi við læknisleysið á þessu svæði, sé fólk í sumarbústöðum. Það fólk, sem fer úr Reykjavík í sumarbústaði, er í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, og hvaða lækni, sem það sækir, borgar Sjúkrasamlag

Reykjavíkur sjúkrahjálpina. Og það er ekki vegna þessa fólks, sem við erum að bera þetta svæði fyrir brjósti, heldur er það vegna fólks, sem býr þarna að staðaldri. Og þessir bústaðir í Grafarheiði eru margir bústaðir, sem búið er í vetur og sumar. En fólk, sem þar býr, kemur fyrst á manntal í Reykjavík eftir að lögsagnarumdæmið stækkaði nú fyrir skemmstu. Hins vegar eru sumarbústaðir þar líka. En, sem sagt, það eru býli á þessu svæði, sem byggð eru allt árið, og fólk á þeim er illa sett nú, með tilliti til skiptingar læknishéraða. Ég held, að þessi býli tilheyri Álafosshéraði, þó að l. skeri slælega úr um það.

Ég sé ekki, að neitt það hafi komið fram, sem réttlæti að gera neitt annað á þessu þingi við þessa brtt. mína en að samþ. hana. Ég hef gert svo skýra grein fyrir nauðsyn þess fólks, sem á þessu svæði býr, á því, að því sé tryggður réttur til þess að geta vitjað læknis, og það hefur ekki verið véfengt af neinum. — Svo þakka ég hv. 2. þm. N.-M. fyrir hans góða hug til læknanna í Reykjavík. Ég veit ekki, hvort sá hugur er í fullu samræmi við hans fyrri hug í þeirra garð. En ef svo er, er það gott. En ég þori að fullyrða það og leggja það undir dóm þeirra sjálfra, sem ég sagði um þá.

ATKVGR.
Brtt. 803,a—b samþ. með 14:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 835).
Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 865).

---

20. Gjaldeyrisvarasjóður.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum** (stjfrv., A. 424).

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 613).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það hefur orðið nokkur töf á afgreiðslu þessa máls hjá n. vegna þess, að það liggur við borð, að Ísland verði aðili í alþjóðlegum gjaldeyrissjóði, og verður þá þessi sjóður lagður niður. Nú munu aðrar þjóðir ekki taka mál þessi til meðferðar fyrr en upp úr áramótum. N. leggur því til, að frestað verði málinu um sinn, til þess að ríkissjóður þurfi ekki að taka ábyrgð á greiðslu vaxtataps vegna gjaldeyrisvarasjóðsins.
Vænti ég þess, að frv. verði samþ. Það heimtar litlar sem engar umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til. 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 846).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Þegar hinum miklu og alkunnu gjaldeyrisvandræðum fór að linna, þótti miklu varða, að ekki færi út í það sama aftur, og voru þá þessi l. sett.
Þar segir svo:
„Landsbanki Íslands skal leggja til hliðar upphæð í erlendum gjaldeyri, sem nemi jafngildi 12 milljóna íslenzkra króna umfram það, sem bankinn skuldar erlendis á hverjum tíma.
Skipa skal 7 manna nefnd, sem hafi með höndum verkefni það, sem tilgreint er í lögum þessum."
Sú kvöð hvíldi þó á ríkissjóði í sambandi við þessi lög, að búast mátti við, að Landsbankinn yrði að koma þessu fé fyrir á óhentugum stöðum, og átti ríkissjóður að greiða Landsbankanum þann halla, sem hann biði af að hafa þetta fé jafnan handbært.
Nú er svo komið, að þessi ákvörðun er orðin óþörf, og fer frv. fram á að undanþiggja bankann

þessari kvöð, meðan ekki er ástæða til að hafa hana í gildi.

Fjhn. beggja deilda mæla með, að frv. nái fram að ganga, og vil ég fyrir hönd fjhn. Ed. mæla með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 887).

---

21. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 43. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum** (stjfrv., A. 315).

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Þetta frv., sem hér er lagt fyrir hv. d., er um breyt. á þeim l., sem nú gilda um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Mál þetta var til meðferðar í hv. Nd. í fyrra um skamma stund, en var í samráði við atvmrh. frestað þá með það fyrir augum, að gera mætti ýtarlegri breyt. á því en þá voru gerðar. Málið fékk þá þá meðferð, að skipulagsn. á fólksflutningum með bifreiðum hafði fjallað um það og símamálastjóri hafði sagt sitt álit á því, og var nokkuð af því, sem þá var lagt til, tekið upp í þetta frv. í Ed. Það, sem helzt er gert ráð fyrir að breyta frá því, sem nú gildir, er, að framvegis skuli vera heimilt fyrir ráðuneytið að fela sérstakri stofnun þann rekstur, sem áður heyrði undir póst- og símamálastjórn. Ástæðan fyrir því, að það þykir rétt að gefa slíka heimild, er sú, að þetta er orðið allumsvifamikið starf og varla hægt að gera ráð fyrir, að það eigi alls kostar heima hjá póst- og símamálastjórn að hafa rekstur og starfsemi sem þessa.

Sú breyting var gerð á einni aðalsamgönguleiðinni, milli Akureyrar og Reykjavíkur, að hið opinbera hefur að forminu til tekið þennan rekstur í sínar hendur, og sýnist reynslan benda til þess, að það muni rétt vera að stefna að því á nokkrum leiðum, að hið opinbera taki reksturinn í sínar hendur. En þegar að því kemur, er eðlilegra, að það verði sérstök stofnun, sem annast slíkan rekstur, heldur en að íþyngja póst- og símamálastjórn með því, sem hefur í mörgu öðru að sýsla, enda er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að ef til þess kæmi, mundi það verða gert á þann veg, að haft væri fullkomið samráð við póst- og símamálastjórn um ferðaáætlanir og allt því um líkt.

Ein breytingin er sú, að það er lagt til, að sú ráðgefandi n., sem á að verða með í ráðum um ákvarðanir við sérleyfisveitingar, sé dálítið öðruvísi tilnefnd en áður var. Þess vegna þykir ekki ástæða til að láta sérleyfishafa kjósa meira en 2 menn í n. í stað 3, og verða þá 5 menn í n. í staðinn fyrir 6. Einnig ríður á að koma upp afgreiðslustöðvum fyrir þessar ferðir, fyrst og fremst í Reykjavík og ef til vill 2 eða 3 öðrum stöðum. Er gert að till., að til þess að afla peninga, skuli taka 10 prósent af fargjaldinu og nota til rekstrar og byggingar slíkra stöðva í Reykjavík og þar, sem þörf er á.

Þetta er í höfuðatriðunum það, sem þetta lagafrv. felur í sér, en að öðru leyti vil ég vísa til aths., sem frv. fylgja. Að umræðunni lokinni, leyfi ég mér að mæla með, að málinu verði vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 72., 73., 74. og 75. fundi í Nd., 13., 14., 15. og 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 315, n. 458).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er stjfrv., og eins og hv. þdm. sjá, er það sniðið nokkuð eftir því, sem bæði l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum frá 1935 og 1936 segja til, og einnig eftir framkomnum aths. og till., sem ýmsir hv. þm. þekkja, en á sínum tíma komu fram við ákveðna breyt., sem var aðeins um eitt einasta atriði, á fyrra ári, viðvíkjandi þessum flutningum. En þær till. til breyt., sem fram hafa komið frá aðilum utan þings, eru helztar þær, sem póst- og símamálastjórnin hefur borið fram, og svo annars vegar skipulagsnefnd fólksflutninga. Þessi skipulagsn. fólksflutninga er ákveðin samkv. l. og hefur starfað allan tímann síðan sérleyfi á fólksflutningum komu til framkvæmda. Hún hefur verið þannig skipuð þessi n., að bæði hefur ríkisvaldið átt í henni aðila, og í raun og veru skipað hana, og svo hafa aðrir átt þar sína fulltrúa, og er þar fyrst að nefna sérleyfishafa svo nefnda.

Nú hefur þótt nauðsynlegt að breyta þessum l. gagngert, og er það innifalið í þessu frv. Er hér gert ráð fyrir, að úr gildi séu numin öll ákvæði, sem áður gilda, fyrir utan reglugerð o. þ. h., sem eru l. nr. 62 28. janúar 1935 og l., sem breyta þeim á ýmsa lund, nr. 36 1. febr. 1936.

Samgmn. þessarar hv. d. hefur nú haft þetta mál alllengi til meðferðar. Og þótt hún á fyrra ári leitaði umsagnar og fengi góðar grg. og mjög rækileg álit frá þessum tveimur höfuðaðilum, þá vildi hún um þetta frv. enn leita álits þessara sömu stofnana. Og eins og greinir í nál., þá hefur póst- og símamálastjóri sent sitt álit á frv., sem

mikið víkur að því sama og í fyrra, að því tilbættu. að mikið af hans till. þá var tekið upp í frv., eins og það liggur fyrir og kom frá ríkisstjórninni. En skipulagsnefnd fólksflutninga hefur aðeins vísað til sinna till., sem hafa legið fyrir frá fyrra ári. En nú er einnig kominn, má segja, þriðji aðilinn til, sem er félag allra sérleyfishafa landsins, sem óskaði eftir að fá að láta sitt álit í ljós, sem það hefur gert með grg., sem n. hefur einnig meðtekið.

Mikið hnígur þetta allt, fyrr og síðar, að hinu sama, og hafa bæði frv. og samgmn. tekið þetta í heild upp, að svo miklu leyti sem henni hefur virzt rétt við grandgæfilegan samanburð á l. og till. þessum — og einnig samkv. umsögn um það, hvernig þessi mál hafa verið rekin —, og má segja, að frv., með þeim breyt., sem lagt er til í nál., að á því verði gerðar, sé orðið þannig úr garði gert, sem vel mætti við hlíta næstu ár að fenginni þessari reynslu. Skal þó undan tekið það, sem greinir á um, og er það eina atriðið, sem verulegur ágreiningur er um milli annars vegar frv., eins og það liggur fyrir, og hins vegar póst- og símamálastjóra og þar með meiri hl. samgmn. Minni hl. n., sem þó telur sig ekki reglulegan minni hl., þ. e. einn hv. nefndarmaður, þm. V.-Sk., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara og mun væntanlega gera grein fyrir því. Hann fellir sig betur við og fellst á það ákvæði, sem frv. sjálft inni heldur í 7. gr. En 7. gr. frv. er nýmæli, og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið getur falið ákveðinni stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir," o. s. frv.

Nú er málið þannig vaxið, eins og allir, sem komið hafa nærri þessum efnum, vita, að póst- og símamálastjórnin hefur einmitt haft þessa yfirumsjón og meðgerð með þessa flutninga, má segja, í umboði ríkisvaldsins. Og þótt ýmislegt megi finna að ráðstöfunum í þessum flutningum, eins og þeir koma fram úti um héruðin, þá býst ég við, að mest af því liggi í því, hvernig ástatt er um þessa flutninga og um sambönd og samgöngur í héruðum, sem við hefur orðið að hlíta, en stafi ekki af því, að það hafi orðið svo mjög áfátt í yfirstjórn þessara mála hjá póststjórninni. Því að í raun og veru kemur símastjórnin hér ekkert við mál. En póststjórnin hefur haft þessi mál með höndum og hefur að mínum dómi og að dómi meiri hl. samgmn. farið þannig með málin, að það er ekki sýnt, að bætt verði að neinu leyti úr, nema síður skyldi á ýmsa lund, þótt sérstök stofnun væri sett á fót til þess að hafa þetta með höndum. Nú er það líka að segja og greina, sem öllum hv. þm. ævinlega er minnisstætt við slík efni, að að vonum eru menn ófúsir til þess að koma á fót nýjum, sérstökum stofnunum, sem þá kosta miklu meira heldur en það, sem fyrir var, ef einhverjir aðilar eða stofnanir eru fyrir, sem hafa annazt um það, sem um er að ræða, haft umsjón, og að sumu leyti gert það þannig, að ekki verður á kosið betra, þótt ýmislegt megi að finna. Nú vil ég ekki segja, að þetta sé fullkomið hjá póststjórninni. En málið er tvíþætt. Mikið af þeim ráðstöfunum, sem hér þarf að gera, og þeirri samræmingu, sem nauðsynleg er í þessum efnum, áhrærir póstflutning, sem er frá sjónarmiði þess opinbera eitt höfuðatriði í slíkum samskiptum. Enda hefur það verið gert að skyldu sérleyfisbifreiðum öllum að taka póst að vissu marki, algerlega fyrir ekki neitt, og sérstaklega falin ábyrgð í því sambandi, og hefur sú ábyrgð verið sett á þessar ferðir að annast um þessa póstflutninga, — með því líka, að þrátt fyrir allt eru það öruggustu ferðirnar og tíðustu, sem út í héruðin ganga reglulega.

En það, sem nýjast er til komið í þessum málum, er það, að mþn. hefur nú starfað í málinu. Og álit þessarar mþn. er nú komið, sem hefur starfað án sambands við samgmn. Nd. né heldur beinlínis í sambandi við ríkisstjórnina um þetta efni. En í áliti þessarar mþn. kemur það beinlínis fram, að það er ætlazt til þess, að póststjórnin hafi áfram með höndum yfirstjórn og umsjón fyrir hönd ríkisvaldsins með sérleyfisferðunum. Og þessi mþn. var skipuð, eins og hv. þm. vita, þannig, að fullt tillit átti að vera tekið til þeirra óska, sem fram kæmu í héruðunum, enda gerði hún sér ekki aðeins far um að afla sér gagna og upplýsinga þaðan, heldur starfaði hún í samráði við póststjórnina að því leyti, að hún hafði fyrir sér allar ráðstafanir og till. til breyt., sem hjá póststjórninni lágu fyrir.

Þegar þetta bætist við hitt, að meiri hl. samgmn. telur það bezt farið enn um sinn, að póststjórnin hafi þessa yfirstjórn og að öðru leyti haldist þessi skipulagsnefnd fólksflutninga, sem grundvölluð er á því, að það fari bezt, þá tel ég, að ekki verði hjá því komizt að taka það tillit til reynslunnar og þeirrar n., sem hefur haft með að gera þessi mál, að álykta, að þessum málum muni verða bezt borgið á þennan hátt.

Ég tel og sjálfur persónulega, að engin ástæða sé til þess, að sett sé á fót ný stofnun fyrir þetta, heldur skuli þetta vera eins og það er, það muni ódýrast, aðgengilegast og öruggast.

Þetta er sú eina breyt., sem segja má, að hafi orkað nokkuð því, að n. gat ekki einhuga gert sínar till. Hitt voru smáatriði, sem sitt sýndist hverjum um á tímabili í n., en menn sameinuðust um að gera þau atriði ekki að sundurþykkjuatriðum, heldur lögðu til í n., að svo háttuð yrði breyt. á frv. eins og lagt er til á þskj. 458. Og er þá fyrst á því þskj. lagt til, að síðasta málsgr. 1. gr. frv. falli niður. En þessi síðasta mgr. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Að jafnaði skal aðeins veita eitt sérleyfi á hverri sérleyfisleið." Það má segja, að það mundi vera saklaust í sjálfu sér, hvort þetta ákvæði stæði eða ekki. En þeim, sem mest hafa um þetta fjallað, sýndist nú, að það væri rétt, að þetta væri ekki einskorðað á þennan hátt og að það skyldi ekki orða það svo, að það skuli jafnan veita eitt sérleyfi á hverri sérleyfisleið, heldur muni heppilegra, — og það álíta sérleyfishafar sjálfir —, að ákvörðunin eigi ekki að vera eins einstrengingsleg og þetta. Því að þótt þarna standi „að jafnaði", þá þýðir það í raun og veru: nær ávallt; sem sé, að hitt séu undantekningar, sem ekki er að jafnaði. — En samkomulag hefur orðið um, að í staðinn fyrir þessi orð í síðustu málsgr. 1. gr. komi ný málsgr. um, að sýslu- eða sveitarfélög skuli að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa. Það mun að vísu svo nú, að fæstum sýslu- eða sveitarfélögum mun þykja þetta mikils virði. Þó kom það fram í n., að það mundi vera ákjósanlegt að hafa þetta ákvæði til frambúðar, til

þess að ef sýslu- eða sveitarfélög vildu taka sérleyfin á viðkomandi svæðum, þá stæðu þau ekki aðeins jafnt að vígi um að fá það, heldur hefðu beinlínis forgangsrétt til þess að öðru jöfnu, þ. e. a. s. ef þau uppfylla lagaleg skilyrði, en þó skuli þeim ekki ívilnað að öðru leyti í þessum efnum.

Við 2. gr. taldi n. rétt að bera fram brtt. um það, að nokkur tilflutningur ætti sér stað á nefndarmönnum sérleyfisnefndar eða skipulagsn. fólksflutninga. Eins og lagaákvæðin hafa verið, var það 6 manna nefnd, og þá gilti kjör þeirra til eins árs. Samgmn. leggur hér til, í raun og veru í samræmi við stjfrv., að þetta skuli vera 5 manna nefnd og að kjör hennar skuli til þriggja ára. Því að, eins og í 3. gr. frv. segir, þá er sérleyfistíminn lengdur upp í þrjú ár. Samgmn. leggur til, að nefndarskipuninni sé breytt þannig, að í staðinn fyrir það, að í frv. er kveðið svo á, að atvmrh. skipi tvo menn í n., þá sé nægilegt, að atvmrh. skipi einn mann í n., en aðrir aðilar, sem eðlilegt sé, að hafi þarna hönd í bagga með, kjósi hina, og að sérleyfishafar kjósi tvo, í staðinn fyrir þrjá, sem áður var, og það sé nægilegt. En n. leggur til, að auk Alþýðusambands Íslands, sem ætlað er að tilnefna einn mann, komi annar aðili, sem sé Búnaðarfélag Íslands, sem tilnefni einn mann í n. Og þá má segja, að fært sé úr einum vasanum í hinn, þannig, að Búnaðarfél. Ísl. taki við útnefningu eins mannsins, en ráðuneytið hafi tilnefningu eins manns í n., með því líka, að þessi aðili, Búnaðarfélag Íslands, hefur orðið að vera eins konar fulltrúi héraðanna í ýmsum efnum. Og sannarlega eiga héruðin úti um landið mest undir þessum ferðum og miklu meira heldur en nokkurn tíma Alþýðusamband Íslands, ef farið væri í nokkurn jöfnuð um það. — Þessu telur n. bezt til hagað á þennan hátt, og býst ég við, að hv. þdm. fallist á það.

Þá hefur 6. gr. frv. það ákvæði, og er gerð grein fyrir því, að gjald það, sem sérleyfishafar skuli nú greiða og hafa að vissu leyti áður goldið, þótt ekki hafi það verið lögfest í þessum l., verði, eins og stendur í frv., 10% af andvirði afhentra farmiða. Nefndin leggur til, að þetta verði 7%. Gjaldið var áður 5%, sem rann til ferðaskrifstofunnar, sem aðrar reglur giltu um. Síðan hún lagðist niður, hefur þetta gjald verið notað í þarfir líkrar starfsemi, þ. e. a. s. til þess að hlynna að stofnun og rekstri gistihúsa og ferðamannahæla víðs vegar um landið. Nú er til þess ætlazt í frv., og lætur n. það halda sér, að þessu gjaldi megi verja til annars en þess, sem sé byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar o. fl.

N. telur, að það sé ekki rétt að gera helmings hækkun eða tvöfalda gjaldið þegar í stað, með því líka, að hún hefur í 7. gr. ætlazt til, að ekki þurfi að koma til ný stofnun, er kostnaður hlytist af, heldur hafi póststj. þetta eftirlit með höndum, eins og verið hefur. Ég býst og við, að það sæti ekki neinni undrun hér í hv. d., þó að þetta sé lagt til. Í rauninni hafa hv. þm. ekki haft grein á því áður, sem ekki er að undra, — hvorki til né frá um þetta gjald, en það hefur verið til, 5 af hundraði, og það hefur runnið til ákveðinna ráðstafana, en yrði nú lögfest hér með 7 af hundraði, og mætti þá nota það til eins eða annars, sem hentugt þætti. Þetta gjald mun hafa numið allmiklu, allt að 100—150 þús. kr. Hér stendur í aths. við 6. gr., að það nemi rúml. 100 þús. kr., en það mun þó vera nær 150 þús. Með þessari hækkun mundi bætast allveruleg upphæð við þá fúlgu.

Þá er að lokum það atriðið, sem einn hv. nm. hefur ekki verið alls kostar ánægður með, svo að hann hefur skrifað undir nál. með fyrirvara. Þetta er það atriðið, er lagt er til, að 7. gr. orðist svo, að ráðuneytið geti falið póststj. að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir, og kemur þetta í stað allrar 7. gr., en annar málsliður gr. fellur niður. — Þetta er það, sem máli skiptir um breyt. þær, sem samgmn. hefur lagt til, að gerðar yrðu, og vænti ég, að þessar brtt. verði samþ. og málið fái skjóta afgreiðslu og greiðan framgang af hálfu hins háa Alþ.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. frsm. n. hefur gert svo rækilega grein fyrir því nál., sem hér liggur fyrir, að ekki er ástæða til að bæta þar um. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð um það atriði, að ég hef ekki getað orðið hv. n. sammála, en hef skrifað undir með fyrirvara. Eins og hv. frsm. tók fram, er það fyrsta ákvæði 7. gr., sem ég vildi láta standa óbreytt, að fela sérstökum stofnunum eftirlit með bifreiðum hér á landi, en ekki að binda það við póststj. eina, og tel ég það óeðlilegt, eins og komið er. Það er nú svo með margar þessar stofnanir og þá sérstaklega vegamálastj. og póstmálastj., að ég álít, að þær séu svo stórum störfum hlaðnar, að ekki sé á það bætandi. Mörg þessi störf eru líka alveg óskyld þeim verkefnum, sem þær eiga að hafa með höndum, og finnst mér tími til kominn að greiða sundur þessi verkefni. Það er vitað, að bifreiðasamgöngumálin eru orðin svo geysimikilsverður þáttur hér á landi, að það má líkja honum við það, sem tíðkast í öðrum löndum um samgöngur með járnbrautum. Ég hef fengið upplýsingar um, að með áætlunarbifreiðum yfir Hellisheiði eina hafa á síðast liðnu ári verið fluttir 37000 menn, og daglega ganga rúmlega 100 áætlunarbifreiðir frá Reykjavík. Þetta er orðið svo geysiumfangsmikið starf, að það þarf mikillar skipulagningar við, ef það á að koma að fullum notum samanborið við samgöngumál í öðrum löndum. Það hefur farið svo, þó að ekki hafi verið til þess ætlazt, að nokkur hluti þessara flutninga og ferða hefur verið tekinn beinlínis til rekstrar af hinu opinbera, eins og ferðirnar milli Akureyrar og Reykjavíkur. Sömuleiðis hafa verið árekstrar við þá, sem höfðu einkaleyfi á Þingvallaferðunum, og mun sú leið hafa verið rekin af póststj. Nú er það vitað um þessa leið, að hún kemur póstmálunum mjög lítið við, því að það eru að mestu leyti skemmtiferðafólk og félög, sem þá leið fara. Þeir flutningar og það starf, sem sérleyfisbifreiðum er ætlað að annast, eru ekki nema að litlu leyti í þágu póstflutninga. Það er mjög svipað og t. d. með strandferðaskipin, að þótt þau annist póstflutning, hef ég ekki heyrt, að þau hafi verið sett undir yfirstj. póststj. fyrir þá sök. Nú er það vitað, að áætlunarferðir strandferðaskipa og flóabáta eru stærri þættir í samgöngumálum vorum en nokkru sinni áður, og er aðalleiðin þar milli Reykjavíkur og Akureyrar. Og það hlýtur að koma að því, að allar samgöngur verða

að meira eða minna leyti í höndum hins opinbera, og tel ég, að í raun og veru sé komið svo, að sjálfsagt sé, að sérstakri stofnun sé komið á fót til að annast þessar samgöngur. En ég sé ekki, að póststj. hafi neina þá sérstöðu, er geri það eðlilegt, að hún taki þessi mál að sér fremur en aðrar stofnanir í landinu. Það má segja, að menn gætu óttazt það, ef ný stofnun yrði til þess sett og þetta tekið undan yfirstj. póstmálanna, að þá gæti hlotizt af því meiri kostnaður. En ég sé ekki, með hvaða hætti það ætti að verða, því að eigi póststj. að hafa þetta á hendi, hlýtur hún að verða að hafa til þess sérstaka menn að sjá um þetta. Mér kemur það spánskt fyrir, ekki þó frá hv. frsm., að nýsköpun sé mönnum þyrnir í augum, því að mér virðist, að á þessum nýsköpunartímum ættu menn ekki að kippa sér upp við það, að ný stofnun væri nefnd, og þá ekki sízt, þegar hennar er þörf, eins og er í samgöngumálum í landinu, því að þær eru undirstaða að allri starfsemi og rekstri í landinu. Þess vegna er ekki hægt að setja þetta undir stofnanir, sem eiga að annast allt önnur störf. Ég hef því ekki getað orðið samferða hv. samnm. mínum, ekki einu sinni þeim, sem að nýsköpuninni standa, hvað þá öðrum, og er ég því einn af nm. um að vilja hafa sérstaka stofnun til að annast samgöngumál, eins og er hjá öllum öðrum menningarþjóðum. Ég vildi mega vænta þess, að það væru fleiri en ég af hv. þm., sem þyrðu í þessa nýsköpun að leggja og reyna þannig að skapa fasta undirstöðu undir slíkum meginþætti athafnalífsins í landinu sem samgöngurnar eru. Ég vona því, að hv. d. geti á það fallizt, að það sé óeðlilegt, eins og nú er komið, að yfirstj. samgöngumála í landinu sé í höndum póststj., sem ekki hefur þar um neina sérþekkingu eða sérfræðinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að ég hafi gert mína afstöðu nægilega ljósa. Ég legg þetta eina atriði á vald hv. d., en um öll önnur atriði hefur n. orðið sammála.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Þessi l. um fólksflutninga með bifreiðum eru nú orðin 10 ára. Þau eru frá 1935, og hefur lítið verið við þeim hróflað, síðan þau voru sett. Það er því ekki undarlegt, þar sem hér var um algerða frumsmíð að ræða, að reynslan hafi sýnt fram á ýmislegt, sem betur mætti fara, og komið hafi fram nauðsyn á breytingum, sem nú hefur og verið gert í frv.formi, og liggur frv. fyrir þessari hv. d. Ég hef athugað þetta frv. og get verið því sammála í meginþáttum. Það eru aðeins örfá atriði, sem mig langar til að fara um nokkrum orðum. Í fyrsta lagi er 6. gr., um sérleyfisgjald. Það var, eins og kunnugt er, ekki í þessum l. upphaflega, eins og tekið var fram af hv. frsm. Þetta gjald, sem nú er kallað sérleyfisgjald, er upphaflega komið inn í l. sem skattur til Ferðaskrifstofu ríkisins og var eingöngu sett til að halda uppi hennar starfsemi. Þetta gjald var þá 5% af andvirði farmiðans. Ég get vel fallizt á, að það sé haft 7%, eins og hv. n. leggur til, en stökkið upp í 10% er hins vegar nokkuð mikið. Síðan ferðaskrifstofan var lögð niður, hefur þetta gjald verið notað til að stuðla að því að koma upp gistihúsum úti um landsbyggðina, bæði til að stuðla að því, að þau settu upp hreinlætistæki og að þau uppfylltu lágmarkskröfur um hreinlæti, en á það hefur víða skort. Ég hefði talið æskilegt, ef möguleikar hefðu verið á því, að þetta gjald yrði að einhverju leyti notað til hins sama. Ég hef ekki hugsað mér að koma fram með brtt. við þessa umr., en vildi spyrjast fyrir um það, hvort hv. samgmn. sæi sér ekki fært að athuga þetta atriði. Ég mundi þá leggja það fyrir hv. d. í brtt. formi, svo að það kæmi fram, hvort hv. þm. vildu halda þessu áfram eins og verið hefur.

Um annað atriði vildi ég líka fara nokkrum orðum. Það er 4. gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.“ Þess er bæði getið í grg. og eins í framsöguræðu hv. frsm. n., að slík stöð kæmi, að minnsta kosti í Reykjavík og ef til vill líka á Akureyri. Á því er enginn vafi, að brýn nauðsyn er á, að einhver miðstöð verði höfð, þar sem bifreiðar kæmu inn á og færu frá, til hægðarauka fyrir þá, sem hafa við þær viðskipti. En það er ljóst, að ef þessari afgreiðslumiðstöð verður komið upp hér í Reykjavík, eins og hún þarf að vera, þá er það fyrirtæki, sem mundi kosta 1—2 millj. kr., eins og verðlag er nú, og það er sýnt, að með þessu fé fæst ekki sú upphæð greidd, svo að það verður að hafa önnur ráð til þess, og vildi ég því spyrja hv. n., hvort hún ætlist til, að í l., eins og hér er frá þeim gengið, felist að hennar dómi heimild til að reisa þessa miðstöð, eða hvort ekki þarf sérstaka heimild til að greiða andvirði hennar úr ríkissjóði. Í 1. gr. er heimild fyrir ráðuneytið til að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu póst- og farþegaflutning. Þetta hefur verið skilið svo, að í því og eins í 4. gr. felist heimild til að kosta byggingu slíkrar miðstöðvar og nauðsynlegan útbúnað, en um þetta óska ég skýrari ákvæða, svo að um þetta geti ekki orðið neinn ágreiningur, ef til þessara framkvæmda kemur, sem ég býst við, eins og þeir, sem um þetta hafa talað.

Í þriðja lagi vil ég minnast á þann ágreining, sem er milli hv. þm. V.-Sk. og annarra hv. nm. varðandi þetta mál. Ég skal lýsa yfir því fyrir mitt leyti, að ég er sama sinnis og hann, og ég tel það ekki heppilegt að binda sig við það á þessu stigi málsins, að póststj. ein hafi yfirstj. þessara mála. Nú virðist mér aftur, að málið sé að komast inn á þann vettvang, að meira eða minna af þessum rekstri verði yfirtekið af ráðuneytinu eða umboðsmönnum þess, sem fara með þessi mál, þótt yfirstjórn þessara mála verði á hverjum tíma að hafa mjög nána samvinnu við póststjórnina. Eins og þetta er orðað í 7. gr. frv., þar sem segir, „að ráðuneytið geti falið ákveðinni stofnun að hafa eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum“, þá er engin stofnun ríkisins útilokuð. En brtt. hv. meiri hl. n. virðist stefna að því að útiloka, að öðrum aðilum en póststjórninni verði falið þetta, og það held ég, að sé ekki alls kostar heppilegt, eða a. m. k. hefði ég heldur kosið, að það væri orðað á þá leið í frv. sjálfu, að opin leið væri fyrir ráðherra að fela málið þeirri stofnun, sem hann kann að óska eftir. Og ég sé strax, eins og hv. þm. V.-Sk., ýmsa annmarka á að fela málið póststjórninni.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Það eru ekki í frv. neinar verulegar eða róttækar breyt. frá þeim l., sem nú gilda um þetta, svo að mér virðist, eins og ég sagði áðan í upphafi ræðu minnar, að sú tilraun, sem gerð var með þessum l., sem sett voru fyrir tíu árum og voru þá alger frumsmíð, hafi ekki verið farin að reynast mjög óviðunanleg.

Ég vildi aðeins geta þess, að það er ef til vill heppilegra að leiðrétta í prentun, að það er talað um atvinnumálaráðuneytið, en þetta mál heyrir undir annað ráðuneyti. Það er skemmtilegra að orða það rétt.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. — Við umr. síðast, sem ekki varð lokið, komu fram frá hæstv. samgmrh. nokkrar athugasemdir við frv. og niðurstöðu n., eða sem þó öllu heldur mætti telja fyrirspurnir um skilning n. á ýmsum atriðum. Það var í þrennu lagi, sem hæstv. ráðh. gerði sínar aths. eða óskaði frekari skýringa. Í fyrsta lagi um það, hvort í frv. væri beinlínis ætlazt til eða lagt fyrir, að hið opinbera skyldi, ef fullnægt yrði 4. gr. frv., með einum eða öðrum hætti, standa fyrir eða leggja út í að byggja afgreiðslustöðvar fyrir sérleyfisbifreiðir. — Því er nú til að svara, að frv. þetta ber það ekki með sér, og mun hvorki hafa verið tilgangur ríkisstj., sem lagði þetta frv. fyrir, né heldur þeirra, sem upptök áttu að þessari breyt. á l., og í þriðja lagi heldur ekki ætlun samgmn., sem fjallaði um málið.

Í 4. gr. frv. er ráðuneytinu heimilað að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða o. s. frv. Þetta er heimild, en engan veginn hefur frv. farið inn á að leggja fyrir með lagaákvæði, að ráðuneytið skuli taka í sínar hendur þessa afgreiðslu, né heldur, að það skuli ráðast í að byggja eða standa fyrir byggingu afgreiðslustöðva, eins og 6. gr. tekur nú til í öðrum skilningi. En 6. gr. segir til um það, hvernig verja skuli sérleyfisgjaldinu, sem nú er kallað. Og þetta gjald, sem í upphafi var ákveðið í frv. 10% af andvirði afhentra farmiða, það verður eftir till. n. 7%. Og það hefur hæstv. ráðh. fallizt á. En upphaflega var gjaldið 5%, sem teknir voru til sérstakra nota eftir sérstökum l. um ferðamannaskrifstofu til viðhalds þeirrar stofnunar. En eftir að hún lagðist niður, var með ályktun gerð sú breyt., að þetta gjald héldi sér og af því mætti greiða til þess að styrkja þá, sem byggðu eða gerðu upp eða héldu uppi gististöðum fyrir ferðamenn. Af þessu fé, sem safnazt hefur og hefur nú á ári verið yfir 100 þús. kr., nærri 150 þús. kr., hefur verið notuð fúlga árlega til þessa. Og það taldi hæstv. ráðh., að væri æskilegast að héldi sér, heimildin væri áfram til, en honum fannst hún ekki nógu glöggt fram tekin í 6. gr., þar sem segir, að sérleyfisgjaldinu skuli varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum, samkv. lögum þessum svo og til bygginga afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni. — Hér er aftur vikið að þessu á þann veg, að ef til þess komi, að byggðar verði afgreiðslustöðvar meira eða minna á vegum þess opinbera, þá sé það nú fyrst og fremst í samráði eða samlögum fleiri aðila, sem sé ríkisvaldsins og þá hlutaðeigandi bæjaryfirvalda. Og má segja, að það sé eðlilegt, því að þar hafa nú allar þessar bifreiðar sínar stöðvar, og hvert bæjarfélag hefur þar mikið með að gera. En með þessu ákvæði er engin skylda heldur lögð á herðar ríkisvaldinu um að ráðast í þetta. Aðeins skal gjaldinu að einhverju leyti ætlað að verða til þessa, safnast til þessa til nota á sínum tíma. — Eftir samtali við hæstv. ráðh. býst ég við, að þetta sé fullnægjandi. Því að ef 4. gr. frv. verður framkvæmd á þann veg, að ráðuneytið taki í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða, þá ræki að því, að ríkið yrði að sjá fyrir afgreiðslustöðvum. Og þá vaknar spurningin um að reisa þær. En þá yrði um svo mikinn kostnað að ræða, að þetta mundi hrökkva lítt, nema fleiri ára söfnun kæmi til, eins og hæstv. ráðh. tók fram, og yrði þá ríkisstjórnin að afla sér heimildar hjá Alþ. til þess að ráðast í þetta og til þess að fá fullnægjandi fjárfúlgur til þessa. Þetta er allt óundirbúið — og má segja, að fyrstu drög að þessum undirbúningi séu þessar heimildir, sem frv. veitir, og ekki heldur meira. Og hygg ég, að það megi nægja um sinn, með því að þetta frv. hefur með höndum svo margvíslegt annað efni, sem nauðsynlegt er, að löggjöf sé skýr um. Og meira að segja er nauðsynlegt að hraða afgreiðslu málsins. En hitt mundi nokkuð orka tvímælis og yrði þá kannske að hafa meiri háttar undirbúning, ef ætti að fyrirskipa slíkar framkvæmdir eins og hér koma til orða.

En nú vill n. verða við því — og það var annað atriðið — sem hæstv. ráðh. gat um, að rýmka heimild 6. gr. um það, hvernig verja megi sérleyfisgjaldinu. Ég tel, að það mundi vera kleift fyrir ríkisstjórnina með þeirri ályktun, sem er í gildi, að halda þessu eitthvað áfram, a. m. k. næsta ár, að greiða til gistihúsanna. En vafasamt getur það verið, og þess vegna rétt, úr því að óskir koma fram um það af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, og getur verið nauðsynlegt, ef ekki er veitt sérstakt fé úr ríkissjóði, að af þessum fjármunum megi ætla eitthvað til gistihúsastyrkja. Og mun ég fyrir hönd samgmn. flytja skrifl. brtt. um það, að í 6. gr. á eftir orðunum: „sérleyfisgjaldinu skal“ í 3. málslið komi: aðallega. Sem sé fénu skal verja aðallega til þess, sem hér er á minnzt í greininni. En með þessari breyt. er sagt, að það megi verja því einnig til einhvers annars, og sérstaklega hef ég þá í huga einmitt styrki til gistihúsanna í landinu.

Hið þriðja, sem hæstv. samgmrh. gerði aths. eða fyrirspurn um, var brtt. n., eins og hún kemur fram í nál. á þskj. 458 undir IV. lið, sem er brtt. við 7. gr. frv., sem sé að eins og 7. gr. er, þar sem er algert nýmæli, að ráðuneytið geti falið ákveðinni stofnun að hafa með höndum yfirumsjón o. s. frv. eins og þar greinir, þá vildi meiri hl. n. ekki fallast á það, með því að n. hefur verið þeirrar skoðunar, að það sé bezt nú um sinn að raska ekki miklu því, sem verið hefur í þessu

efni. Hún telur nóg, að póststjórnin, sem hefur haft þetta með höndum og hefur haft sinn fulltrúa í þessum málum, muni bezt orka því að fara með þau fyrst um sinn. Og mér skilst, að hæstv. ráðh. hafi ekkert við þessa brtt. n. að athuga nema það, að með brtt. n. sé þetta of einstrengingslega bundið, og hann óskar ekki, að brtt. sé sjálfri breytt, heldur að inn í hana komi víðari heimild. Hefur n. fallizt á þetta, og mun ég fyrir hönd n. bera fram skrifl. brtt. við IV. liðinn, þannig, að á eftir orðunum: „Ráðuneytið getur falið póststjórninni" komi: eða annarri stofnun. Og þá er heimildin orðin það víð, að það má samkv. þessari lagagr. hugsa til að fela þetta öðrum aðila. En með stofnun er þá átt við, að það sé ekki einstaklingur, heldur eitthvað, sem hefur meira um sig en það, — sem sé stofnun, sem í almenningsþarfir ætti að gæta þessara mála. En ég vil vænta þess og veit, að hæstv. samgmrh. verður á sömu skoðun, að ekki verði ráðizt í það að finna til þess aðra stofnun, fyrr en samráð gæti orðið um það milli póststjórnarinnar og hæstv. ráðh. Og póststjórnin hefur bezt tök á því, enda mun það kostnaðarminnst að öllu leyti að fela henni framkvæmd þessa. — Með þessari breyt. vænti ég, að fullbægt sé ágreiningi, sem varð innan n., þar sem einn hv. þm., hv. þm. V.-Sk., hafði fyrirvara. Og ég vænti, að með því, sem hér er til stofnað og hann hefur fallizt á, sé hann þá ánægður eftir atvikum.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að fara út í mál hv. þm. V.-Sk. Hann taldi ekki rétt að fela póststjórninni þetta eins og gert var, eða þá a. m. k. ekki alls kostar, heldur ætti að stofna til annars aðila, sem yrði þá settur á laggirnar, svo sem skrifstofa eða fulltrúastofnun fyrir ríkisvaldið til þess að fara með málið. En mér skilst, að með þessari tilhliðran sé fenginn æskilegur jöfnuður á málin og allir verði nú sammála. — Vænti ég svo, að málið þurfi ekki að tefjast frekar af þessum sökum, og mun ég nú afhenda hæstv. forseta hinar skrifl. brtt. mínar.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt 2 skrifl. brtt. frá hv. samgmn., sem hv. frsm. hefur nú lýst. Þar sem þær eru bæði skrifl. og of seint fram komnar, þarf fyrir þeim tvenns konar afbrigði, til þess að þær verði teknar nú til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 543 og 544) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég vildi aðeins þakka hv. frsm. samgmn. fyrir það, hvernig hann hefur tekið undir þær óskir eða till., sem ég bar fram við þetta mál, þegar það var hér til umr. síðast. — Það er alveg rétt, eins og hann greindi, að þessar óskir eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi, að sérleyfisgjaldið fengi að ganga, eins og það hefur gert hingað til, að einhverju miklu leyti a. m. k. til þess að styrkja þá menn, sem við erfiða aðstöðu eiga að búa, til þess að halda uppi gististöðum fyrir sérleyfisferðir. Og virðist mér, eins og hv. frsm. hefur flutt brtt. um, með þeim skýringum, sem frá honum fylgja, þá sé heimilt að láta þetta ganga eins og hingað til. Og þá er mínum tilgangi náð.

Í öðru lagi óskaði ég eftir því, að stjórn þessara mála yrði ekki bundin með l. algerlega við póstmálastjórnina, eins og gert er ráð fyrir í brtt. n., heldur yrðu hafðir opnir möguleikar fyrir því, að öðrum stofnunum yrði falið þetta, ef hentara þætti. Póstmálastjórnin hefur farið með þetta nú um skeið, og í aðalatriðum sjálfsagt þannig, að tilganginum með því hefur verið náð. En eins og l. bera með sér og þeir vita, sem kunnugir eru, þá eru líkur til þess, að á þessu kunni að verða nokkur breyt. á næstunni, þannig að það starf, sem framkvæmd l. hefur í för með sér, mun að verulegu leyti kunna að aukast og að hentara kynni að þykja að fela það þá öðrum stofnunum heldur en póstmálastjórninni. Ef yfirstjórn þessara mála á að taka í sínar hendur að verulegu leyti rekstur sérleyfisbifreiða eða stjórn stöðvanna hér í Reykjavík, þá eykst þetta starf, sem póstmálastjórnin hefur með höndum. Og er því eðlilegt, að það sé a. m. k. opið, að hægt sé að fela annarri stofnun þetta starf. — Ég er þakklátur hv. samgmn. og frsm. hennar fyrir það, að hún hefur tekið þá aths. einnig til greina. Því að mér skilst, að eftir brtt. þessari, sem nú er flutt, sé þetta opið á svipaðan hátt eins og óskað var.

Þá er aðeins eitt atriði eftir, sem er um afgreiðslustöðvar og yfirtöku ríkisins á rekstri sérleyfisleiða að einhverju meira eða minna leyti. Það er heimild í l. til þess að gera þetta, en tæplega skapaðir möguleikar til framkvæmda þess eins og l. eru, eins og hv. frsm. tók réttilega fram. Hann sagði, að þetta yrði að duga til að byrja með, sem nú væri fyrir hendi. En miklar framkvæmdir er ekki hægt að hafa af þessu tagi af hálfu þess opinbera, nema með því að koma til Alþ. og fá um það sérstök l. Aðeins afgreiðslustöð hér í Reykjavík yrði svo stórt fyrirtæki, að það mundi kosta hundruð þús. kr. eða milljón að byggja hana, og er þá ekki óeðlilegt, að til Alþ. þyrfti að koma, ef í það ætti að ráðast, til þess að fara fram á sérstaka heimild í því skyni. En hvort sem ríkisstjórnin tekur að sér að reka þessar sérleyfisferðir að nokkru leyti eða ekki, þá er samt sem áður mjög nærri sú þörf, að sameiginleg afgreiðsla hér í Reykjavík verði tekin upp fyrir þennan rekstur, sem allar sérleyfisbifreiðar gætu gengið frá. Það eru mikil og margvísleg óþægindi fyrir fólk að þurfa að fara sitt í hverja átt, eftir því hvaða sérleyfisleið er ætlað að nota, en geta ekki gengið að þessu á vissum, ákveðnum stað; og sama gildir viðkomandi sendingum, sem fólk þarf að senda, og ýmislegu fleiru, sem með bifreiðum þarf að fara. Og með því að hafa afgreiðsluna svona á einum stað er ýmislegt fleira, sem hægt væri að lagfæra. Ég geri ráð fyrir, að framkvæmd þessa atriðis yrði á þann hátt, að ráðuneytið mundi rannsaka möguleika til þess að fá úr þessu bætt og bera þá, að athuguðu þessu máli, á ný fram sérstaka tillögu.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Eins og ég tók fram hér fyrr í umr., hafði ég skrifað undir nál. um þetta mál með fyrirvara. Og ég lýsti, af hverjum sökum það var. Það var vegna 7. gr. frv., sem meiri hl. n. vildi breyta, en ég var mótfallinn þeirri breyt. Brtt. meiri hl. samgmn. var í því fólgin að ákveða, að yfirumsjón þessara

mála væri hægt að fela póststjórninni einni, en ekki „ákveðinni stofnun", eins og aðeins stendur í 7. gr., þar sem um þetta atriði er að ræða. En ég flutti ekki neina sérstaka brtt., vegna þess að ég var því fylgjandi, að frvgr. fengi að standa óbreytt, eins og ég áður hafði upplýst. — Með þeirri skrifl. brtt., sem n. hefur nú orðið sammála um við 7. gr., um að rýmka til í þessu efni, þannig að hægt sé að fela þetta einhverri stofnun, án þess þó að fastbinda það, að það skuli vera póstmálastjórnin, þá get ég fallið frá mínum fyrirvara. Því að það liggur í hlutarins eðli, ef í 7. gr. stendur: „Ráðuneytið getur falið ákveðinni stofnun ..." o. s. frv., að sú stofnun getur verið póstmálastjórnin.

Fell ég því frá fyrirvara mínum, og er samgmn. því sammála um þær brtt., sem fyrir liggja, eftir að þessar skrifl. brtt. eru komnar fram.

ATKVGR.

Brtt. 458,I.a—b samþ. með 17:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 458,II (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 458,III samþ. með 20 shlj. atkv.
— 543 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 544 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 458,IV (ný 7. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 545).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 96., 98., 100. og 101. fundi í Ed., 9., 10., 11. og 12. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Ed., 15. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 545, n. 763).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Samgmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og gert við það nokkrar brtt. Fyrsta brtt. n. er eiginlega leiðrétting við 1. gr. frv. og er um, að í stað orðsins „atvinnumálaráðherra" komi: ráðherra. Kemur þetta til af því, að nú er það ekki atvmrh., sem fer með samgöngumál, heldur samgmrh. Þótti samgmn. rétt að gera þessa leiðréttingu. Þá er í 1. brtt. n. lagt til í b-lið, að í stað orðsins „Atvinnumálaráðuneytinu" í 2. málsgr. 1. gr. komi: Ráðuneytinu. Þetta er hvorugt nein efnisbreyt. — Hins vegar hefur n. gert till. um nokkra efnisbreyt. við 2. gr. frv., um það, hvernig sú n., sem á að gera till. um fyrirkomulag og rekstur á fólksflutningunum, skuli vera skipuð. Í frv. eins og það lá fyrir upphaflega var lagt til, að 5 manna nefnd sé skipuð til þessa og að ríkisstjórnin skipaði tvo af þeim, Alþýðusambandið einn og sérleyfishafar tvo. Í hv. Nd. var þessu breytt á þann veg, að ríkisstjórninni er ætlað að skipa aðeins einn mann í n. án tilnefningar, en hinir fjórir séu skipaðir þannig, að tveir séu útnefndir af sérleyfishöfum, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Búnaðarfélagi Íslands.

Samgmn. gat ekki séð, að það væri nauðsynlegt, að í þessari n. væru 5 menn, og fannst þunglamalegt að hafa svo marga menn í n. Það er búið að koma þessum málum í nokkuð fast form. N. fannst því nóg að hafa 3 menn í n. til þess að rækja þetta starf með þeirri stofnun, sem þetta verður falið. Leggur samgmn. því til, að 3 menn séu í þessari n. Ég persónulega hefði óskað, að það hefði verið falið hæstv. ráðh. á hverjum tíma, sem fer með þessi mál, að útnefna mennina. En um það varð ekki samkomulag í n., heldur að ráðh. skipaði einn án tilnefningar, sem væri formaður n., Alþýðusamband Íslands einn og sérleyfishafar skyldu kjósa einn. — Frá því fyrsta, er ég hef haft kynni af þessum málum, hefur því verið haldið fram, að því færri menn í þessa n., sem skipaðir væru af sérleyfishöfum, því betur væri þessum málum skipað. Mín kynni af þessum málum hafa leitt mig inn á þá skoðun, að bezt væri, að þessi mál væru sem mest í höndum ráðuneytis, úr því að l. er breytt á annað borð. En að fara að seilast til annarra aðila, eins og Búnaðarfélags Íslands, gæti skapað kröfur um það, að t. d. Fiskifélag Íslands eða félagsskapur útgerðarmanna gerðu kröfu um að fá að skipa mann í þessa n. Og samkomulag varð um það í samgmn. að leggja til, að það væri fellt úr frv., að Búnaðarfélag Íslands skipaði mann í þessa n.

Þá gerir samgmn. einnig brtt. við 7. gr. frv. um það, að orðin „eða annarri stofnun" falli niður. Í 7. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að fela póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir. En það lágu ekki fyrir neinar upplýsingar um það, hvort hugsuð væri einhver önnur stofnun í þessu sambandi. Og hæstv. samgmrh. sagðist ekki hafa neina sérstaka stofnun aðra í huga í þessu sambandi. Við í samgmn. gátum ekki séð, að það væri eðlilegt, að þetta væri falið einhverri annarri stofnun. Ef um aðra stofnun væri að ræða til þess, kæmi varla til mála önnur stofnun en Skipaútgerð ríkisins, sem væri kannske það eðlilegasta, — en okkur fannst það ekki nægilega undirbúið, — nema það vekti fyrir hæstv. ríkisstjórn að setja upp sérstaka nýja stofnun til þess að taka við þessum málum. En því var samgmn. á móti, svo framarlega að ekki komi sérstök greinargerð fyrir því og kostnaðaráætlun. Þess vegna leggur samgmn. til, að orðin „eða annarri stofnun" falli niður.

En í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að með 1. gr. frv., eins og hún er á þskj. 545, er ráðh. í raun og veru gefin ákaflega víðtæk heimild til þess að ráðstafa þessum málum eins

og honum þykir bezt henta, því að þar stendur: „Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta . . .“ Þetta bendir til þess, að ráðh. geti ráðið nokkuð mikið yfir þessum málum, eftir þessari 1. gr. frv., ef að l. verður. Einnig með tilliti til þessa ákvæðis þótti samgmn. ekki ástæða til að láta þessi áminnztu orð í 7. gr. standa þar og af því að n. álítur ekki, að það eigi að setja á stofn nýja stofnun til þess að reka þessi mál.

Þessi samgöngumál eru nú öll í þeirri deiglu, að það getur komið til mála að breyta ákvæðum um þau fljótt aftur. Eftir reynslu minni í mþn. í póstmálum hygg ég, að e. t. v. muni verða gerðar róttækar breyt. á póst- og símamálum að því er stjórn þeirra við kemur, e. t. v. að aðskilin verði stjórn á pósti og síma. Og ef svo yrði, gæti náttúrlega vel komið til mála, að póststjórnin hefði betri aðstöðu til þess að hafa þessi fólksflutningamál með höndum.

Samgmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fram eru komnar till. um frá n. á þskj. 763.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mig langar til að segja nokkur orð um brtt. hv. samgmn. á þskj. 763. Fyrsta brtt. er sjálfsögð, aðeins leiðrétting. En hinar tvær finnst mér orka nokkuð tvímælis. Frá því að l. voru sett, 1934—35, hefur 6 manna n. unnið að bættri skipan þessara mála, og hefur hún gert þær till., sem hér eru til umr. Í n. voru 3 fulltrúar frá sérleyfishöfum, 1 frá Alþsamb. Ísl. og tveir skipaðir af ráðherra. Æskilegt var talið, að í n. kæmu jafnt fram sjónarmið beggja, sérleyfishafa og þeirra, sem ferðanna eiga að njóta. Með þessu frv. var gert ráð fyrir 5 manna n. Þar af áttu sérleyfishafar að nefna tvo, Alþsamb. einn og ráðh. að skipa tvo án tilnefningar. Í Nd. var þessu þannig breytt, að Búnaðarfélag Íslands skyldi nefna annan þann, er ráðh. átti að skipa samkv. frv. Það er kannske ekki ýkja þýðingarmikið, hvort þessir menn eru 3 eða 5. En nú hagar svo til, að það eru einn eða tveir menn, sem hafa miklu meira af sérleyfum en allir aðrir. Það er eðlilegra, að sjónarmið þeirra beggja komi þarna inn heldur en að annar sé útilokaður. En séu 3 í n., getur ekki verið þar nema einn af sérleyfishöfum. Og með því lagi koma ekki fram nema annaðhvort sjónarmið hinna stærri eða hinna smærri sérleyfishafa. Þetta mælir heldur móti, að mönnum sé fækkað í n. Um síðustu brtt., við 7. gr., að binda alveg í l., að póststjórninni skuli falin yfirumsjón og eftirlit þessarar starfsemi, vil ég segja, að ágreiningur hefur um þetta verið. Í frv. hófst það ákvæði á þessum orðum:

„Ráðuneytið getur falið ákveðinni stofnun að hafa hina opinberu umsjón og eftirlit“ o. s. frv. En samgmn. Nd. gerði brtt. um, að póststjórninni yrði falið þetta, eins og n. þessarar hv. d. leggur nú til. En það varð að samkomulagi með mér og samgmn. Nd. að orða þetta eins og nú stendur í frv., fela umsjónina póststjórninni eða annarri stofnun, sem yrði falið það verk sérstaklega, ef hentara þætti. Það getur hugsazt, að svo verði. Það hefur skipazt svo, að póststjórnin hefur tekið að sér að ¼ reksturinn á leiðinni milli Borgarness og Akureyrar. Þeir, sem mest hafa að þessum málum unnið, telja ekki ólíklegt, að yfirumsjón póststjórnar geti leitt til þátttöku í rekstri miklu víðar. En rekstur bíla á sérleyfisleiðum er óskyldur aðalstarfi póststjórnar og samrýmist því ekki ætíð vel, svo að eðlilegra væri að fela hann sérstakri stofnun. T. d. er sala farmiða í Rvík fyrir farþega, sem ætla um Akranes norður, lögð af póststjórninni í hendur einkafyrirtæki, því að í pósthúsinu er ekki hægt að hafa farmiðasölu. Deilt er um, hve mikið af pósti sérleyfisbílarnir skuli flytja ókeypis. Póststjórnin heldur fram sínum þörfum, sérleyfishafar sínum, en þarna gæti póststjórnin orðið dómari í sjálfs sín sök, og væri það óheppilegt. Fleira má telja, sem bendir til, að póststjórnin verði ekki, þegar til lengdar lætur, heppilegasti aðilinn til yfirumsjónarinnar. Þetta vildi ég láta koma fram. Ég tel að vísu mega una við frv., þótt brtt. yrðu samþ., en betra væri að samþ. ekki 2 þær síðari.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af ræðu hæstv. samgmrh. vil ég segja, að ég get ekki verið honum samdóma um, að fella beri tvær síðari brtt. Ég tel, að með 1. gr. sé ráðuneytinu veitt mjög mikið vald, svo að með orðunum „yfirumsjón og eftirlit“ sé aðeins átt við framkvæmd þess valds að allmiklu leyti, og það var sú framkvæmd, sem eðlilegast þótti að fela póststjórninni, en yfirráðin eru í höndum ráðuneytisins. Reglugerð um framkvæmdina setur ráðherra. Ég teldi það mjög til hins verra, ef minnkuð væru þau ítök, sem póststjórninni eru ætluð í umsjón þessara mála, og það af mörgum ástæðum. Brtt. n. voru fluttar að vel athuguðu máli, og ég mæli fastlega með, að þær verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 763,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 763,2 (ný 2. gr.) samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, IngP, MJ, PHerm, BrB, StgrA.

nei: HG, LJóh, ÞÞ, BSt, BBen.

4 þm. (GÍG, HermJ, JJ, KA) fjarstaddir.

EE og PM greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eiríkur Einarsson: Ég er hvorki ánægður með þessa brtt. né frvgr. og greiði því ekki atkv.

3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 763,3 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, IngP, MJ, PHerm, BBen, StgrA.

nei: GÍG, HG, LJóh, PM, ÞÞ, BSt.

BrB og EE greiddu ekki atkv.

3 þm. (HermJ, JJ, KA) fjarstaddir.

7.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 864).

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Mál þetta var lagt fyrir d. í fyrradag, og var þá gerð

breyting á frv. eins og það var upphaflega. En við 2 þm. höfum komið okkur saman um að flytja skriflega brtt. við 2. gr. frv., þannig að fyrri málsgrein orðist svo:

„Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu áliti sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður."

Önnur till. er það, að ef þessi brtt. verður samþ., þá falli niður í næstu málsgr. orðin „og kosin", af því að þá er ekki nauðsyn á því, að neinn sé kosinn af þessum 3 nefndarmönnum. Okkur finnst eðlilegt, að þeir menn, sem hafa kannske einna mest not af þessu skipulagi, sérstaklega þeir, sem í byggðum og sveitum landsins búa, hafi einhvern málsvara fyrir sig, þegar á að skipuleggja þessar ferðir. Það, sem almennt vantar, eru aukaferðir eða hliðarlínur út frá meginlínunni út um sveitirnar. Það þarf mann, sem er kunnugur þessum þörfum, til þess að gera till. um þau atriði. Þessi n. mun verða lítið launuð, og þó að 5 menn séu í n. í stað 3, þá er enginn eða lítill munur á greiðslu til þeirra. Og það er ekki rétt að draga burtu fulltrúa frá Búnaðarfélaginu eða málsvara dreifbýlisins, þegar látinn er vera málsvari fyrir Alþýðusambandið. Það hefur jafnan verið svo hér á þingi, að það hefur verið látið haldast í hendur, að það væri einn maður frá hverri stétt í svona málum. Annars skal ekki þrautrætt meira um þetta atriði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 881) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það þyki fært að taka þessa till. til athugunar. Sams konar till. var felld við 2. umr. málsins. Ég vil jafnframt spyrja hv. flm. að því, hvort hann vilji ekki taka till. til baka og hún verði borin fram í Nd., því að þangað fer frv. hvort sem er. Þetta er ekki gert til þess að andmæla því, að n. sé þannig skipuð. Það er eðlilegt, úr því málið þarf að fara til Nd., að till. sé tekin til baka og borin fram þar. Ég vil aðeins minna á þetta og taka það fram, að það er ekki fyrir andúð á Búnaðarfélagi Íslands eða þeim mönnum, er þar sitja, að ég óska, að þessi aðferð sé höfð um málið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Þegar ég og hv. fyrri þm. Eyf. sömdum þessa till., sem nú liggur frammi, þá reyndum við að haga því þannig, að hún rækist ekki á þá till., sem hafði verið flutt hér áður. Og í raun og veru er þetta allt annað, því að hér er ekki farið fram á útnefningu á mönnum, þó að það hafi verið gert í hinni till., og það er sitt hvað, hvort bundið er við það eða það er óbundið. Úr því brtt. er komin fram, þá held ég, að það sé rétt, að hún haldi áfram hér í d. Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé réttast, því að Nd. getur, ef þessi till. verður felld, tekið hana upp, að mér finnst. Þeir geta alveg eins lagað þetta í Nd., þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að taka till. aftur.

Eins og ég tók fram, þykist ég vita, að hv. þm. Barð., eins og hann virðist vera velviljaður því, að ekki sé gengið á hlut sveitamanna frekar en sjávarmanna eða Alþýðuflokksins, sjái og skilji, að það er sjálfsagt, að hver þeirra hafi að jöfnu sinn aðila. Ég vil því fyrir mitt leyti ekki taka till. aftur.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég óska úrskurðar hæstv. forseta um till., ég treysti mér ekki til að fylgja henni af ástæðum, sem ég hef lýst.

Forseti (StgrA): Í tilefni af ósk hv. þm. Barð. skal ég taka það fram, að með þessari skriflegu brtt., sem nú er fram komin, er að vísu gengið í svipaða átt og gert er með 2. gr. frv. áður en henni var breytt við 2. umr. Hins vegar er formið nokkuð annað, og ekki er hægt að segja, að till. sé samhljóða greininni áður en henni var breytt, og þótt ég hins vegar telji till. færða í sama horf, þá sé ég ekki ástæðu til að vísa till. frá og mun bera hana undir atkv.

ATKVGR.

Brtt. 881 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, EE, GÍG, HG, HermJ, JJ, PHerm.

nei: BrB, GJ, IngP, KA, MJ, StgrA.

BBen, LJóh greiddu ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 882).

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 907).

---

22. Landssmiðjan.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt á l. nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju** (stjfrv., A. 497).

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Óþarfi er að hafa langt mál um þetta frv., sem fer fram á heimild til að taka lán fyrir landssmiðjuna, allt að 1 millj. kr., og ábyrgjast það. Hún hefur ráðizt í stórkostlega byggingu og búið vel um sig, en hefur orðið að taka til þess mjög óhagstæð smálán, svo að rekstrarkostnaður hennar, sem varð 70 þús.

kr. s. l. ár, er 20—30 þús. kr. hærri þess vegna en vera þurfti með hagstæðari lánskjörum. Ég vil vænta þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 614).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Í frv. þessu er farið fram á, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir 1 millj. kr. láni fyrir landssmiðjuna.

Orsök þessa frv. er fyrst og fremst sú, að landssmiðjan stendur nú í stórvirkjum. Hún er að reisa stórbyggingu fyrir starfsemi sína. Það er fjögurra hæða hús, með um 600 fermetra gólffleti hver hæð, auk kjallara af sömu stærð, og mun það kosta um 1½ millj. kr.

Skiptir því miklu að geta fengið hagkvæmt lán til framkvæmdanna.

Hagur landssmiðjunnar er nú á þessa leið:

Eignir kr. 2331000.00, þar af hrein eign kr. 900000.00. Mismunur kr. 1431000.00. Þar við bætast útistandandi skuldir kr. 200000.00, eða samtals kr. 1631000.00.

Föst lán landssmiðjunnar eru nú:

Hjá ríkissjóði kr. 50000.00, landsverzlunarvarasjóði kr. 10000.00 og hjá vegagerð ríkissjóðs kr. 90000.00, eða samtals kr. 150000.00.

Laus lán landssmiðjunnar eru nú um kr. 1480000.00, og lítur stjórn hennar svo á, að hagkvæmara mundi að koma lánum þessum í föst lán.

Fjhn. vill mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 860, 875).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er stjórnarfrv., borið fram í Nd. Og hefur fjhn. þeirrar d. mælt með því í einu hljóði. Fjhn. þessarar d. hefur farið yfir það og borið það saman við l. um landssmiðju frá 1936, en þeim l. er svo háttað, að þar er ríkisstj. veitt heimild til að ábyrgjast 100 þús. kr. lán handa landssmiðjunni til vélakaupa, bygginga og annars slíks. Nú hefur fyrirtækið ráðizt í miklar byggingarframkvæmdir, sem svo hafa leitt til mikils vélakostnaðar og annars slíks, sem mikinn kostnað hefur í för með sér. Þetta hefur orðið til þess, að landssmiðjan hefur orðið að bjarga sér með óhagstæðum lánum, víxlum og öðru slíku. Það væri mikið hagræði fyrir fyrirtækið, ef það gæti komið þessum lánum betur fyrir. Hér er því farið fram á það, að ábyrgðarupphæðin, sem í l. frá 1936 er 100 þús. kr., verði með þessum l. 1 millj. kr. Og verð ég að segja það fyrir mitt leyti, að ég tel þessa upphæð fremur of lága en hitt, til þess að fyrirtækið geti gert fjárhag sinn greiðan.

Eftir að n. hafði gengið frá nál. sínu í þessa átt, átti atvmrh. tal við mig um að breyta einnig 7. gr. l. um landssmiðju. Ég bar þetta svo fram á n.fundi. En grein sú, sem hér um ræðir, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landssmiðjan greiðir tekjuskatt til ríkisins eins og væri um einkafyrirtæki að ræða.“ En orðalagið er mjög óákveðið, og hefur staðið stapp um það, hvernig eigi að reikna tekjuskattinn, þótt ekki ætti þar að velta á miklu, þar sem hér er um að ræða, að ríkisstofnun borgi ríkinu. Sakir standa þannig nú, að tekjuskattur s. l. 2 ára er enn ógreiddur vegna deilna um þetta atriði. Atvmrh. fór fram á, að n. reyndi að skera úr um þetta með því að leggja til, að l. um landssmiðju yrði breytt þannig, að hún greiddi tekjuskatt eftir sömu reglu og hlutafélög. Þetta mundi skapa þessu fyrirtæki jafnrétti við þau fyrirtæki, sem hún starfar í samkeppni við. Einnig mundi það gera henni kleift að leggja í varasjóð og njóta varasjóðsfríðinda með þeim l. En n. leit svo á, að með þessu væri þó ekki úr því skorið, hvaða hliðstæða ætti að koma á móti hlutafé hlutafélaga, en frá því má draga ákveðinn hundraðshluta, áður en skattur er gefinn upp. N. taldi einna heppilegast, að stofnsjóðseign ríkisins í landssmiðjunni eða höfuðstóll, eins og það er venjulega kallað, komi til með að standa fyrir hlutafé að einhverju leyti. Þá gæti hún reiknað 5 prósent frá af höfuðstól sínum og hefði rétt til að draga frá af tekjum sínum og safna í varasjóð skattfrjálst. Eins og hv. dm. sjá, verður hér alltaf að nokkru leyti að ræða um keisarans skegg. Þetta fyrirtæki er reist og rekið af ríkinu, og það, sem ekki fer í ríkissjóð, gengur til landssmiðjunnar sjálfrar. En n. fannst sanngjarnt, úr því að fyrirtækið er rekið af ríkinu, að því sé gert mögulegt að starfa á hliðstæðum grundvelli og önnur hliðstæð fyrirtæki. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fjhn. leggur til á þskj. 875.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 875 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 891).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Sú breyt., sem gerð hefur verið á þessu frv. í hv. Ed., að bætt hefur verið við það nýrri gr., er breyt. á 2. málsgr. 7. gr. l. um landssmiðju frá 1936. Þessi breyt. er sett inn í samráði við mig og byggist á því, að í þessari 2. málsgr. 7. gr. landssmiðjul. eru ákvæði um tekjuskattsgreiðslu landssmiðjunnar, þar sem ákveðið er, að hún greiði tekjuskatt sem einstaklingur. Nú hefur verið ágreiningur um það, síðan hlutafélögum hafa verið veitt þau hlunnindi að mega draga frá skattskyldum tekjum 20%, ef það fé væri lagt í varasjóð, hvort landssmiðjan njóti þessa réttar. Og úrskurðað var, að svo gæti ekki talizt, vegna þess að einstaklingum væri ekki heimilað slíkt. Hins vegar er óeðlilegt, að landssmiðjan hafi ekki sömu réttindi og aðstöðu að því er skattgreiðslu snertir og aðrar smiðjur, sem reknar munu vera sem hlutafélög. Og það þótti rétt að fá úr þessu skorið, og m. a. til þess að geta gert upp allmikla skattskuld, sem landssmiðjan er komin í við ríkissjóð.
Með þessari breyt á frv. er aðeins slegið föstu, að landssmiðjan skuli greiða skatt eftir reglum um hlutafélög og þar með njóta hlunninda, sem hlutafélög hafa í skattal.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 908).

---

23. Skemmtanaskattur (viðauki 1945).

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945 (stjfrv., A. 477).

Á 65. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hér er aðeins um að ræða framlengingu á l., sem fallin eru úr gildi.
Þetta frv. veitir aðeins heimild til þess að innheimta skemmtanaskatt með viðauka, eins og gert hefur verið. Er ríkisstj. nauðsyn á þessum tekjum nú, engu síður en undanfarið, og legg ég til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 477, n. 844).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Frv. þetta er fram komið að tilhlutun ríkisstj. og fer fram á heimild fyrir hana til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1945.
Fjhn. hefur orðið sammála um að skjóta inn einu orði, af því að frv. var ekki afgr. fyrir áramót. Leggur hún til, að á milli orðanna „skal" og „árið" komi: allt.
N. er sammála um, að þetta sé sjálfsagður skattstofn, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 844 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 872).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 872, n. 896).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er nú verið að útbýta nál. frá fjhn., og hún leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 920).

24. Flugvellir o. fl.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um gerð flugvalla og lendingarstaða fyrir flugvélar** (stjfrv., A. 288).

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Þetta frv. er að undirstöðu til gert samkv. áliti þriggja manna n., sem sett var af ríkisstj. til að athuga mál þessi, og voru í n. Geir Zoega vegamálastjóri, Örn Johnson flugmaður og Agnar Kofoed-Hansen flugmálaráðunautur. Frv. slær því föstu, að ríkið skuli láta byggja og reka flugvelli, flugskýli og dráttarbrautir. Þar er gerð bráðabirgðaáætlun um, hvar og hvernig unnið verði að þessum framkvæmdum á næstunni, flugvellir flokkaðir í 4 flokka eftir stærð o. s. frv. Grundvöllurinn er að sínu leyti hinn sami og lagður hefur verið í vegalögum og brúalögum um samgöngur eftir landleiðum. Að sjálfsögðu má deila um, hvort nógu margt sé nefnt í frv., og vafalaust þarf þar að nefna fleiri staði á komandi árum. En ekki þótti rétt að sinni að fara lengra í upptalningum og ákvörðunum um framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir flugskýlum með dráttarbrautum á fimm stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, einhvers staðar á Austfjörðum og á Vestfjörðum á einhverjum öðrum stað en Ísafirði. Enn er ekki nægilega athugað á tveim síðastnefndu stöðunum, hvar réttast muni að koma upp þessum skýlum með dráttarbrautum.

Í aths. við 3. gr. frv. hafa orðið þau mistök, að aths. á ekki við greinina eins og hún er. En ríkisstj. mun sjá til þess, að þetta verði lagfært. Nýmæli eitt er í 7. gr. um skipun sérstakrar flugmálastjórnar og flugmálastjóra, þegar ráðuneyti þykir þörf á. Enn er það ekki brýnt, en þróunin erlendis og hérlendis er orðin svo hröð, að fyrr en varir getur rekið að því, að það sé nauðsyn. Fellur þá niður um leið starf flugmálaráðunautar ríkisins.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þörf sé á frekari framsögu fyrir frv., og geri að till. minni, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og samgmn.

Eysteinn Jónsson: Ég tel vel farið, að þetta frv. er komið fram. Ég hef litið yfir frv. og grg. þess, og mér finnst ég sakna þar ýmislegs, sem þurft hefði að vera. Þar er ekki sett fram nein áætlun um það, hvernig flugferðum verði fyrir komið á næstunni, en slík áætlun væri þó nauðsynleg. Ég finn til þess t. d. á Austurlandi, þar sem ég er kunnugastur, hve þar er ákaflega erfitt að átta sig á fyrirætlunum, sem gengið sé út frá í þessari löggjöf. Mér virðist ekki sízt ástæða til að efla loftsamgöngur við þá landshluta, sem tregastar hafa samgöngur með öðru móti. Það er gert ráð fyrir einum stórum flugvelli á Fljótsdalshéraði, nærri Egilsstöðum, einnig litlum flugvelli hjá Búðum í Fáskrúðsfirði og öðrum í Vopnafirði. Í 3. gr. er gert ráð fyrir dráttarbraut og flugskýli fyrir sjóflugvél einhvers staðar á Austurlandi, ekki tekið fram, hvort það skuli verða víðar en á einum stað. Ég vildi mjög eindregið skora á þá n., sem fær frv. til meðferðar, að kynna sér sem rækilegast, hvað þeir hafa hugsað, sem undirbjuggu frv., og hvernig þeir hafa byggt það upp. Ég veit, að ég mæli a. m. k. fyrir hönd allra þm. af Austurlandi, er ég ber fram þá ósk við n., að þm. fái að kynna sér öll gögn, sem hún fær frá þeim, sem undirbjuggu frv., og fái þm. að njóta góðs af þeirri þekkingu, sem n. getur aflað í málinu. Þá getur annaðhvort tekizt samkomulag við n. um nauðsynlegar brtt. eða einstakir þm. bera fram brtt. í samræmi við fengna vitneskju. Önnur leið, að hrúga saman brtt. án samvinnu við n., er ótæk að mínum dómi, og vildi ég með þessum tilmælum koma í veg fyrir, að það sé gert.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Á s. l. hausti, 1944, flutti ég ásamt hv. þm. Snæf. (GTh) og hv. 2. þm. Rang. (IngJ) frv. um sama efni og frv., sem fyrir liggur. Það frv. byggðist á skilningi okkar á hraðvaxandi þörf og skilningi alþjóðar á nauðsyn aukinna flugsamgangna. Frv. dagaði uppi. Samgmrh. lagðist á móti því, en boðaði, að ríkisstj. mundi á næsta þingi flytja frv. sama efnis. Við flm. féllumst þá að fenginni þessari yfirlýsingu á það, að halda ekki frv. okkar til streitu. Ég fagna þessu stjfrv., sem hér kemur fram og er í aðalatriðum samið eftir frv. okkar. Ég skal ekki fjölyrða um frv., þar sem það mun koma til þeirrar n., sem ég á sæti í. Nokkrum stöðum, sem reisa skal á flugmannvirki, hefur verið bætt inn í frv., aðrir hafa verið teknir út, svo sem flugvöllur á Snæfellsnesi. Ég heyrði, að ráðh. hefði haft samráð þriggja sérfróðra manna um samningu frv., og munu þeir hafa ráðið helztu breytingunum. En auðsætt er, að frekari breytingar þarf að gera á frv. Ég tel sjálfsagt, að n. ræði við þá kunnáttumenn, sem til eru hér í þessum efnum. Enn fremur er það sjálfsagt, sem hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) minntist á, að n. hefði sem bezt samráð við þm. sem víðast af landinu, m. a. um val staða, þar sem nauðsyn er að gera flugvelli.

Ég mun svo geyma mér frekari aths. við þetta frv. þar til við 2. umr., en vil ítreka þakkir mínar til hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún skyldi nú bera þetta mál fram, svo sem hún áður hafði heitið í tilefni þess frv., er flutt var á síðasta þingi af mér og tveimur öðrum hv. þm.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Það er vel,

að hæstv. ríkisstj. hefur getað efnt það loforð, sem gefið var um þetta mál í sambandi við frv. það um sama efni, sem lá fyrir síðasta þingi. Það frv. var þá til meðferðar í samgmn., en n. áleit réttast, að ríkisstj. hefði framkvæmdir á þessu með höndum, enda nýtur hún aðstoðar helztu sérfræðinga hér í þessum efnum. Málið var líka afgr. þannig á þingi þar áður, að því var vísað til ríkisstj. Það er samt sem áður óvéfengjanlegt, að frv. það, sem kom fram á síðasta þingi um þetta efni, hefur mjög flýtt fyrir málinu.

Eins og þetta frv. liggur fyrir, þá er þess ekki að vænta, að allir séu ánægðir með það, og fulltrúar hinna ýmsu héraða vilja að sjálfsögðu gæta sem bezt hagsmuna síns héraðs, hver um sig. Ég tel, að réttur háttur hafi verið hafður á um þetta frv., að hafa staðina heldur færri en fleiri í byrjun, því að hv. þm. vilja víst heldur bæta inn í en fella úr, enda er hægurinn hjá að gera það við meðferð málsins hér í þinginu. Þetta frv. mun koma til samgmn., og ég mun því fá tóm til þess að gefa því betri gaum. N. mun að sjálfsögðu leita aðstoðar sérfræðinga við álitsgerð sína, og auk þess mun hún leitast við að fullnægja sem bezt þörfum hinna ýmsu héraða landsins, því að tilgangurinn verður að vera sá að reyna að fullnægja sem bezt öllum hlutum landsins, en ekki að gæta hagsmuna eins héraðs umfram önnur. En það er margt, sem þarf að athuga í þessum efnum, og frv. er í sumu nokkuð ábótavant, en það munu gefast tækifæri til þess að taka það til rækilegrar athugunar. Ég vil aðeins benda á það, að sum héruð eru þannig sett, að ekki eru tiltök að skoða þau sem eina heild eða hvirfing, og nægir þeim því ekki að hafa flugvöll á einum stað fyrir allt héraðið, heldur þyrfti fleiri staði fyrir aðalflugvelli, sem ríkið stæði að. Mér er nær að halda, að réttara væri þegar að tilnefna tvo staði en einn fyrir hvert hérað.

Ég vil taka t. d. Skaftafellssýslurnar, sem munu standa einna verst að vígi í þessum efnum, þar sem þær eru allar á lengdina og margar torfærur hluta þær í sundur. Mundu þær því mjög illa settar með einn flugvöll hvor, sérstaklega ef hann væri í öðrum endanum. Um Austur-Skaftafellssýslu má segja, að vel sé séð fyrir henni, þar sem gert er ráð fyrir, að flugvöllur verði á Melatanga við Hornafjörð, sem er sjálfsagður og ágætur staður, og að annar flugvöllur verði á Fagurhólsmýri í Öræfum, en þar á söndunum er aðgengilegt að lenda, og í Öræfunum er mjög nauðsynlegt að hafa lendingarstað. Það mátti segja um hinar minnstu flugvélar, sem hér hafa verið, að þær gátu lent nálega víðast hvar eða notazt við hina minnstu flugvelli. En það verður að teljast æskilegast, að flugvélar yfirleitt geti lent á góðum stöðum, og er Fagurhólsmýri að líkindum einn slíkur. Það er hins vegar ekki hægt að segja, að fyrir Vestur-Skaftafellssýslu hafi verið séð jafnvel, því að þar er aðeins gert ráð fyrir einum flugvelli, sem skal vera í Mýrdal, en það er algerlega ófullnægjandi, því að það þyrfti nauðsynlega annan fyrir austan Mýrdalssand, helzt austur á Síðu eða þar í grennd. Annars kemur þetta allt til athugunar í samgmn. eins og fleira, sem mætti til telja, og eru þar m. a. vestari sýslurnar sunnanlands, t. d. Rangárvallasýsla, en þar er aðeins gert ráð fyrir einum flugvelli á Rangárvöllum, en austast í sýslunni, á Skógasandi undir Eyjafjöllum er og reyndar lendingarstaður fyrir flugvélar. Að því er snertir flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar, þá sakna ég þar staða, sem hafa þótt frambærilegir, a. m. k. fyrst í stað, og er það þá einkum Hornafjörður. Þar er ekki einungis Melatangi góður lendingarstaður á landi, heldur og fjörðurinn sjálfur, og væri því æskilegt að koma þar upp flugvélaskýli og dráttarbraut. Svona vekjast upp ýmis atriði, sem þurfa frekari athugunar við.

Ég vil fagna því, að þetta mál er nú fram komið og að hæstv. ráðh. hefur enzt aldur til þess að koma því inn í þingið, hvort sem honum auðnast nú að sjá það afgr. En ég vona, hvernig sem ríkisstj. verður skipuð, að góð samvinna verði milli þings og stj. um að leysa þetta nauðsynjamál á heppilegan hátt.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil taka undir þær raddir, sem fram hafa komið, og láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. skuli vera komið fram, og ég mun ekki ræða nema eitt atriði þess á þessu stigi málsins.

Það er gert ráð fyrir því, að flugvellir verði lagðir á ákveðnum stöðum á landinu, og þeir kunna að verða fleiri eftir meðferð þingsins á málinu. Í 6. gr. frv. er einnig svo ákveðið, að allur kostnaður við gerð flugvallanna og tilheyrandi tækja og mannvirkja skuli greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárl., sbr. þó 1. mgr. 9. gr., sem segir, að bætur fyrir landnám og jarðrask vegna flugvalla í 3. og 4. flokki skuli greiðast úr sýslu- og bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir. Nú er því í þessu frv. slegið föstu, að flugvellir skuli kostaðir af ríkinu og þeir gerðir eftir því, sem fé verður veitt til í fjárl. á hverjum tíma, og er það hliðstætt við það, sem segir í vegal., og um annað, sem ríkið kostar eingöngu. — Nú er það svo, að sums staðar eru flugvellir til nær því tilbúnir af náttúrunnar hendi, en annars staðar er mjög erfitt að koma þeim upp, en þörfin sú sama á báðum stöðum. Er það því heppileg stefna, sem tekin hefur verið, að láta ríkið bera kostnaðinn. En það getur orðið bið á því, að allir þessir flugvellir komist upp, og það fer eftir getu ríkissjóðs á hverjum tíma, hve mikið fé verður veitt í fjárl. til flugvalla í hvert sinn, og röðin verður að sjálfsögðu á valdi Alþ. Hins vegar geta þessar samgöngubætur verið svo aðkallandi, að einstök héruð sjái sér ekki fært að bíða þess, að fjárveiting fáist, — og hún er aldrei örugg, fyrr en búið er að samþ. hana, — að það væri vel hugsanlegt, að þau legðu sig fram til þess að knýja fram nauðsynlegar aðgerðir, áður en fé væri veitt til þeirra í fjárl. Hins vegar eiga allir landsbúar jafnan rétt í þessum málum og því erfitt að gera upp á milli þeirra, en það er einnig mjög ólíklegt, að geta ríkissjóðs verði nægilega mikil til þess að fullgera öll þessi mannvirki á sama tíma. Ég vil því á þessu stigi málsins beina því til n. þeirrar, sem kemur til með að athuga þetta mál, og til ríkisstj., sem hefur flutt það, að ef farið væri út í slíkar framkvæmdir af hálfu einstakra héraða, áður en fjárveiting frá Alþ. lægi fyrir, hvort viðkomandi héruð megi þá vænta endurgreiðslu úr

ríkissjóði, sem svarar því, sem mannvirkið hefur kostað, að því tilskildu, að ekki hafi verið lagt í það nema með samþykki flugmálastjórnarinnar og að verkið hafi verið unnið undir eftirliti hennar, sambærilegt við hafnarmannvirki, sem eru gerð undir eftirliti vitamálastjóra. Mér þætti mjög fróðlegt að heyra álit hæstv. ríkisstj. á þessu. Eins og allir vita, er hraðinn á ýmsum aðgerðum hins opinbera og einkaframtaksins nú orðinn miklu meiri en hann var, t. d. þegar vegal. voru sett. Það er ekki sízt í flugmálum okkar Íslendinga, sem er að skapast ör þróun, og hún verður áreiðanlega mjög ör nú á næstu árum, ef ekkert sérstakt kemur fyrir. Ég þykist því vita, að þörf almennings fyrir flugvelli hér á landi geti ekki beðið eftir fjárveitingum úr ríkissjóði nema því aðeins, að þær verði í stærri stíl en hingað til hefur þekkzt.

Ég vona, að ég hafi sett þetta svo skýrt fram, að allir hafi skilið það, og að það verði tekið til athugunar við meðferð málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 288, n. 557).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Samgmn. hefur haft þetta mál alllengi til meðferðar, athugað það ýtarlega og leitað álits sérfræðinga um þau atriði, sem sérstaklega skipta máli.

Þetta frv. markar nýja stefnu í framkvæmdum okkar varðandi flugmál. Meginkjarni þess er sá, að ríkissjóður tekst á hendur að kosta helztu mannvirki, sem þarf til þess að halda uppi flugsamgöngum. Um þessa meginstefnu frv. var n. sammála, svo og um þá staði, sem flugvellir skyldu vera á. Um gerð flugvallanna lét n. sér nægja að leita álits sérfróðra manna. Hins vegar kom það í ljós, þegar velja átti staði fyrir flugvellina, að einstakir hv. þm. voru ekki ánægðir með þá staði eina, sem tilteknir voru. N. tók þá upp þá aðferð að hafa samband við alla þm. og heyra óskir þeirra í þessu efni. Eftir það komst n. að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði hjá því komizt að fjölga flugvöllum í frv., enda ekki stefnt í neinn voða, þótt það sé gert. Þessi l. eru hliðstæð l. um brýr og vegi, þar sem ákveðið er, hvar vegi skuli leggja og brýr smíðaðar. Fjárveitingavaldið ræður síðan, hvenær hafizt er handa á hverjum stað. Með hliðsjón af þessu taldi n. ekki óeðlilegt að taka upp í 4. flokk allmarga nýja staði, en í hinum 3 flokkunum er séð fyrir hinum nauðsynlegustu þörfum að áliti sérfróðra manna.

Það kom til athugunar í n., hvort ekki væri þörf fyrir stóran flugvöll fyrir millilandaflug á Norðurlandi. Til þessa var þó ekki talin knýjandi nauðsyn, og var ekkert ákveðið þar að lútandi. — Samkv. till. n. skulu bætast í 4. flokk 16 nýir flugvellir, þannig að alls verða í 4. fl. 25 flugvellir. Ég sé ekki ástæðu til að nefna þessa staði, þeir eru greindir í nál. Enn þá hefur ekki farið fram nákvæm rannsókn á því, hvort þessir staðir eru heppilegir, en sú rannsókn verður að sjálfsögðu látin fram fara, áður en hafizt verður handa um framkvæmdir. En þessir staðir, sem teknir hafa verið inn, hafa verið teknir inn bæði samkvæmt óskum fulltrúa héraðanna og einnig í fullu samráði við forráðamenn flugmálanna, sem bezt bera skyn á þessi mál. Og þeir voru þeirri stefnu hlynntir, að inn í frv. væru teknir allmargir nýir staðir. Í stuttu máli sagt miða þessar brtt. allar að því, að stefnt verði að því, að sem fullkomnustu kerfi flugmannvirkja verði komið upp í landinu á næstu árum. Um það verður svo hins vegar að ráðast, hver röð verður á þessum framkvæmdum, og hljóta auðvitað yfirmenn og forystumenn þessara mála að ákveða það, eftir því sem þörf krefur og reynslan sýnir, að nauðsynlegt þykir.

III. brtt. n. er sú, að 2. mgr. 8. gr. frv. falli niður. En í þeirri gr. er ríkisstj. heimilað að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr. sömu gr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur. Taldi n. naumast viðeigandi að veita þessum aðilum slíka beina eignarnámsheimild og taldi það enda óþarft. Þessi heimild mun áður hafa verið fyrir hendi í l. frá 1941, og n. taldi ekki nauðsyn á því að taka þetta ákvæði upp í þessi l.

IV. brtt. n. er við 9. gr. frv., þar sem í frv. er svo fyrir mælt í 1. mgr., að bætur fyrir landnám og jarðrask vegna flugvalla í 3. og 4. flokki skuli greiðast úr sýslu- og bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir. — N. taldi óeðlilegt, að þetta ákvæði væri tekið upp í þessa löggjöf, þar sem meginreglan er sú samkv. vegal., að ríkissjóður greiði slíkar bætur, þegar um slíkt er að ræða vegna vegalagninga. Þetta ákvæði var tekið upp í vegal. með l. nr. 21 frá 1940. En í vegal. frá 1933 var gert ráð fyrir, að sýslusjóðir greiddu slíkar bætur. En því var breytt með l. frá 1940, þar sem ákveðið var, að ríkissjóður skyldi greiða allan slíkan kostnað. N. taldi óeðlilegt, að í sambandi við flugmannvirki væri þessi kvöð lögð á sýslu- og bæjarsjóði. Gerir hún því að till. sinni, að 1. mgr. 9. gr. frv. falli niður. Í samræmi við þá brtt. leggur n. til, að niðurlagsorðin í fyrri mgr. 6. gr. frv.: „sbr. þó 1. mgr. 9. gr." falli niður, því að þar er vísað til mgr., sem n. leggur til, að falli burt úr frv.

Loks er það V. brtt. n. við frv., að fyrirsögn frv. breytist, hún verði: Frv. til l. um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar. — N. taldi, að orðið „gerð" gæfi ekki fyllilega rétta hugmynd um aðalefni frv. En aðalefni þessa frv. er um byggingu flugvalla, flugvélaskýla og dráttarbrauta fyrir flugvélar. Orðið „gerð" svarar hins vegar meir til fyrirkomulagsatriða. Á þau er að vísu drepið í 1. gr. frv. En n. taldi þó réttara að hitt orðalagið yrði notað, þar sem það gæfi betur til kynna meginefni og tilgang þann, sem í frv. felst.

Ég hygg þá, að ég hafi gert nægja grein fyrir brtt. samgmn. við þetta frv. — En ég vil aðeins víkja að aths., sem hv. þm. Vestm. gerði við 1. umr. þessa máls varðandi flugvelli, sem gerðir hafa verið, áður en þessi l. ganga í gildi. Hann lét í ljós nokkrar efasemdir um það, að kostnaðarverð þeirra fengist greitt úr ríkissjóði, og áleit,

að e. t. v. þyrfti að kveða skýrar á um það með jákvæðum ákvæðum í sjálfum l. Samgmn. tók þetta atriði til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að að sjálfsögðu hlyti ríkissjóður að greiða slíkan kostnað, svo fremi að í framkvæmd mannvirkisins og byggingu hefði verið gætt þeirrar forsjálni, sem nauðsyn yrði talin krefja, þ. e. a. s., að ráði sérfróðra manna hefði verið hlítt og mannvirkið gert nokkurn veginn í samráði við þá aðila, sem nú fara með flugmálin. Ég hygg þess vegna, að þeim höfuðtilgangi, sem virtist vaka fyrir hv. þm. Vestm., sé nokkurn veginn náð með þessari yfirlýsingu n., að hún telur þetta felast í löggjöfinni, eins og hún er að þessu frv. samþ.

Ég vil svo segja fyrir hönd samgmn., að hún leggur áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga nú á þessu þingi, og telur slíka löggjöf vera nauðsynlegan hyrningarstein mjög merkilegra umbóta í samgöngumálum þjóðarinnar. Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að þótt nokkuð sé nú liðið á þingtímann, verði þetta mál ekki látið gjalda þess, að það hefur orðið mikilvægi síns vegna að vera alllengi hjá n., heldur fái frv. lokasamþykkt á hæstv. Alþ., áður en þessu þingi slítur.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég geri ráð fyrir því, að það sé álit allra hv. þm., að þetta frv. eigi að ná afgreiðslu nú á þessu þingi. Og ég fyrir mitt leyti tel það spor í rétta átt.

Ég vildi leyfa mér að beina því til hv. samgmn., hvort ekki mundi réttara að ákveða nokkru nánar viðvíkjandi þátttöku ríkissjóðs en gert er í 6. gr. frv. Í 2. gr. frv. er talið upp, hvar skuli gerðir flugvellir, og í 3. gr., hvar flugvélaskýli og dráttarbrautir skuli vera. Nú skilst mér, að ætlazt sé til af þeim, sem samið hafa þetta frv., að flugvélaskýli og dráttarbrautir njóti sama réttar og flugvellir. En ég tel, að það komi ekki nægilega skýrt fram í frv., a. m. k. mun það ekki vera málvenja að kalla dráttarbrautir úr sjó og flugskýli flugvelli. Í 6. gr. segir, að „kostnaður við gerð, rekstur og viðhald þeirra flugvalla, sem um getur í lögum þessum, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, tækjum og búnaði, greiðist úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til í fjárlögum ...“. — Á öðrum stað í frv. og sérstaklega í fyrirsögninni er gerður mismunur á flugvöllum og lendingarstöðum. Ég held, að það mundi vera réttara að kalla dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar og flugskýli lendingarstaði heldur en flugvelli, og vildi beina því til hv. samgmn., hvort hún vildi ekki athuga að flytja brtt. við frv. um það, að á eftir orðunum: „Kostnað við gerð, rekstur og viðhald flugvalla“ í 6. gr. frv. komi: og lendingarstaða — („sem um getur í lögum þessum ...“ o. s. frv.). Mér skilst, að erfiðleikar þeirra, sem ekki hafa aðstöðu til þess að fá landflugvöll hjá sér, hljóti að verða það miklir, að rétt sé að gera ekki upp á milli flugvalla annars vegar og dráttarbrauta fyrir sjóflugvélar hins vegar, a. m. k. á aðalstöðum, og því eigi að láta ríkissjóð taka sama þátt í kostnaði við dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar, sem eru dýrari í rekstri en landflugvélar, eins og við flugvelli, svo og flugvélaskýli.

Enn fremur vil ég beina því til hv. samgmn., að hún taki til athugunar, hvort ekki mundi rétt að hafa ákvæði í l. um það, að ríkisstj. setji ákvæði með reglugerð um afnot af flugvöllum, flugvélaskýlum og dráttarbrautum, sem ríkið byggir samkv. þessum l. Ég hef ekki tekið eftir því, að það standi neins staðar í frv.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Í þeim brtt., sem hér hafa komið fram á þskj. 557, hefur ekki verið gert ráð fyrir, að lendingarstaður flugvéla væri í Ólafsfirði. Ég hefði hins vegar álitið, að þar væri tilvalinn staður fyrir flugvélar að lenda, vegna þess að í Ólafsfirði er stórt og djúpt vatn, þar sem sjóflugvélar mjög auðveldlega lenda. Ég hef sjálfur — tvisvar sinnum, að mig minnir, — komið til Ólafsfjarðar í flugvél. Og eftir því sem Örn Johnson flugmaður hefur sagt mér, er mjög auðvelt að lenda þar og hefja sig til flugs vegna þess, hve vatnið er stórt og djúpt. Ég skil ekki, að það sé neitt verra fyrir flugvélar að lenda eða taka sig upp þarna en á sumum öðrum stöðum, þar sem gert er ráð fyrir í brtt., að flugvellir skuli vera, t. d. hjá Þórshöfn og í Vopnafirði og á mörgum fleiri stöðum. Að mínu áliti er Ólafsfjörður ekki heldur svo þröngur fjörður, að erfitt sé að fljúga um hann. Ég hygg, að ekki sé verra að fljúga inn og út Ólafsfjörð en t. d. Siglufjörð. — Mér finnst, úr því að hv. samgmn. tók upp svo marga staði sem væntanlega lendingarstaði, að Ólafsfjörður gæti mjög auðveldlega verið þar með. Mér finnst ekki heldur, að það eigi að draga úr þessu, þótt gert sé ráð fyrir aðallendingarstað á Akureyri, vegna þess að Ólafsfjörður hefur ákaflega erfiðar samgöngur við Akureyri. Ég veit ekki, hvort menn átta sig á því, hve erfitt er fyrir Ólafsfirðinga að hafa samband við Akureyri. Það er útilokað að komast þangað nema sjóveg, ef haldið er sig við jörðina, og það er tiltölulega löng sjóferð. — Ég vil þess vegna leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. við brtt. n., sem ég mun bráðlega afhenda hæstv. forseta, um, að Ólafsfjörður verði tekinn með í þeirri upptalningu, sem er í brtt. n.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það eru sjálfsagt allir hv. þm. sammála um það, að nauðsynlegt sé að koma upp þessum lendingarstöðum fyrir flugvélar eða flugvöllum, til þess að flugferðir geti orðið að sem mestum notum. Þeir staðir eru nokkuð margir, sem hér eru taldir í frv. og brtt., þar sem fyrirhugað er að hafa flugvelli eða lendingarstaði fyrir flugvélar, og munu því líða nokkuð mörg ár, áður en byggingu þeirra allra er lokið. Hins vegar er mér persónulega kunnugt um það, að áhugi um þessa lendingarstaði er svo mikill, að það eru margar sýslur á landinu, sem vilja töluvert á sig leggja til þess að fá þá sem fyrst hjá sér. Og þá kemur spurningin, hvort ekki sé rétt að notast við þann áhuga með því að nota til þessara framkvæmda þau framlög, sem sýslur, sveitarfélög og kannske einstakir menn vildu inna af hendi, til þess að lendingarstaðir fyrir flugvélar geti komið í byggðarlög þeirra sem fyrst. Eins og frv. er nú, er það útilokað, að slík framlög komi til greina eftir því. Þar er ætlazt til þess, að ríkið standi eitt undir þessu, en ekkert framlag komi þar á móti. — Ég vil vekja athygli hv. samgmn. á, hvort ekki væri hægt að koma því svo fyrir, að þótt það sé ekki gert að skyldu, að þessir aðilar leggi fram fé á móti ríkissjóði til

þessara framkvæmda, þá sé hægt að nota sér þann áhuga, sem nú er til staðar um þetta, að menn eru fúsir til að leggja fram ½ eða jafnvel helming kostnaðar við flugvelli til þess að fá þá sem fyrst. Ég hygg, að hægt sé að ganga svo frá frv., að hægt sé að nota þennan áhuga manna í þessu efni, og ég hygg, að í alla staði sé rétt að gera það.

Ég er sammála því, sem hæstv. dómsmrh. (FJ) sagði, að n. taki frv. til athugunar á milli 2. og 3. umr. Og vil ég þá, að n. athugi þetta, sem ég minntist á.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera margorður. Ég býst við, að það taki nokkuð langan tíma að koma upp öllum þeim flugvöllum, sem hér eru taldir í brtt. hv. samgmn., og er það að vonum, því að sums staðar kostar það stórmikið fé að koma upp slíkum lendingarbótum fyrir flugvélar. En t. d. í fjárlagafrv. nú eru áætlaðar 700 þús. kr. til þessara mála, og þar af er ætlað, að meira en helmingur fari til aðeins tveggja staða, Vestmannaeyja og Ísafjarðar, svo að við getum búizt við, að allmörg ár verði sumir að bíða eftir því að fá flugvélar til sín. Þess vegna álít ég áríðandi að velja þá staði til flugvallagerðar, þar sem lítið kostar að geta haft lendingarstaði fyrir flugvélar. En slíkir staðir eru til, að lítið þarf þar að gera, til þess að þar séu sæmilega góðir lendingarstaðir fyrir léttar flugvélar.

Ég er þakklátur hv. samgmn. fyrir það, að hún hefur fjölgað stöðum í mínu héraði, þar sem gert er ráð fyrir lendingarstöðum fyrir flugvélar, enda er þar nokkuð af söndum, þar sem tiltölulega ódýrt er að koma upp lendingarstöðum fyrir flugvélar. Ég sé, að í frv. ríkisstj., í 9. tölul. undir d. í 4. flokki, er gert ráð fyrir því, að flugvöllur komi á Geitasandi í Rangárvallasýslu. Og þar sem þetta frv. er útbúið af flugmálaráðunaut ríkisins og hann hefur tekið upp þennan stað og enn fremur þar sem búinn er að vera þarna flugvöllur í fjögur ár, þá kom mér það dálítið undarlega fyrir sjónir, að n. gerir till. um, að þessi staður verði felldur niður úr frv., en sett í staðinn: Á Rangárvöllum —; því að strax árið 1940, þegar brezka setuliðið kom hér, lét það á sínu fyrsta ári hér útbúa flugvöll á þessum stað. Og þessi staður liggur við þjóðveg í miðri Rangárvallasýslu. Það hérað er nokkuð stórt, og ég játa, að margir staðir þar geta komið til greina. En ég fullyrði, að þessi staður er beztur til þess að hafa þar flugvöll, vegna legu sinnar og eins vegna þess, að þar er þegar búið að útbúa flugvöll, þó að ekki hafi verið gert af okkur Íslendingum. Bretar lögðu mikla vinnu í það að tína grjót af sandinum á þessum stað og að þjappa völlinn til þess að undirbúa hann til lendingar fyrir flugvélar. Og þarna hafa flugvélar lent þangað til fyrir nokkrum dögum, þegar brezka setuliðið flutti burt af staðnum. Þess vegna legg ég til, að þessi staður verði tekinn upp í frv. og þar standi: Á Geitasandi í Rangárvallasýslu, — en ekki: Á Rangárvöllum, — annars mun ég koma fram með brtt. í þessa átt.

Forseti (BG): Komið hefur fram skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) og hljóðar svo: (Sjá þskj. 610.) Fyrir brtt. þessari þarf tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir að hafa tekið til athugunar þau orð, sem ég lét falla hér við 1. umr. Ég hef tekið eftir því í ræðu hv. frsm., að eftir þeirri skilgreiningu, er fram kom í þeirri ræðu, þá er skilningur hv. n. á því atriði, er þar ræðir um, — nefnilega því, hversu með skuli fara, ef á einstökum stöðum af sveitarfélögum, bæjarfélögum eða einstökum mönnum hafa verið gerðar ráðstafanir að flugvallagerð eða lendingarbóta fyrir flugvélar, án þess að fé hafi verið veitt til þess sérstaklega í fjárl. í því skyni, — sá, að kostnaður við það greiðist af ríkissjóði. Mér fannst upphaflega, að það yrði þegar í byrjun að taka afstöðu til þessa, því að ekki er ólíklegt, að til einmitt slíkra kringumstæðna yrði komið. Ég sem sagt hef þar með yfirlýsingu hv. samgmn. um þennan skilning og tel alveg rétt, að slegnir séu þeir varnaglar, sem hv. samgmn. hefur gert í þessu efni, fyrir þátttöku ríkissjóðs síðar meir. En þeir varnaglar eru, eins og hv. frsm. tók fram og ég raunar minntist á við 1. umr. málsins, að verkið sé unnið undir eftirliti þess opinbera aðila eða ráðuneytis, sem með flugmálin fer á hverjum tíma í landi hér.

Ingólfur Jónsson: Eftir að ég hafði séð nál. samgmn., hefði ég álitið þarflaust, að ég tæki til máls, og jafnframt fyrir hv. samþm. minn. En það þótti honum ekki. Honum var ekki nóg, að ákveðinn væri flugvöllur á Rangárvöllum, heldur saknaði þess, að ekki stóð: Á Geitasandi á Rangárvöllum. — Sandar eru við Rangárnar báðar, og munu Englendingar, sem höfðust við á eystri staðnum, einkum hafa notað flugvöllinn þar og tínt úr honum grjót, en um flugvallargerð var þar alls ekki að ræða hjá þeim. Á Hellusandi virðist flugvallargerð mundu verða þeim mun auðveldari, að þar þarf ekkert grjót að hreinsa burt. Þar er líka að verða komin þétt byggð, og bílar koma þar jafnan við, en Geitasandur er eyðisandur, þar þyrftu farþegar að ganga alllanga leið frá bæjum á flugvöllinn.

Eftir að frv. var útbýtt, kom ég að máli við formann flugfélagsins og flugmálaráðunaut ríkisins. Við fórum í reynsluför austur í flugvél og lentum á Helluvaðssandi. Flugmálaráðunauturinn fullyrti, að lokinni athugun, að þarna ætti flugvöllurinn að vera, og veit ég, að hann mun staðfesta þau orð, þegar til hans verður leitað.

Það er ofætlun, ef hv. þm. ætlast til, að þm., sem ókunnugir eru, fari að fastákveða það, hvar á Rangárvöllum flugvöllurinn skuli vera, í stað þess að sérfróðir menn ákveði það á sínum tíma. En menn geta e. t. v. skilið, hvers vegna þm. er órólegur að eiga að bíða um það sérfræðiúrskurðar, en ég rólegur að bíða. Það er af því, hve Geitasandur er óheppilegur, saman borinn við Helluvaðssand, þegar á alla hluti er litið. Ég sé raunar ekki, hvaða ástæðu hv. samþm. minn hefur til að sækja þetta mál svo fast. Ef við fáum flugvöll í Landeyjum og annan við Ytri-Rangá, megum við því vel una, og ég veit, að ekki hefur Helgi læknir talið eftir sér að skreppa í bílnum sínum út að Ytri-Rangá, þegar þörf gerðist. Það er óviðeig-

andi, að við séum að kýta um þetta hér. — Ég vil þakka n. góða afgreiðslu.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Ég vil leyfa mér að fara fyrst nokkrum orðum um það, sem hæstv. félmrh. sagði. Hann taldi hæpið samkv. frv., að önnur fyrirtæki en flugvellir nytu ríkisstyrks. Samgmn. leit svo á, að það kæmi skýlaust fram í frv., að dráttarbrautir og sjóflugvélaskýli nytu hans engu síður, því að þann veg er rætt í 2. gr. um þau fyrirtæki, og kunnugt var n., að til þess ætlaðist fyrrv. ríkisstj., sem bar fram frv. En ekki væri ég móti því að bæta inn í 6. gr. ákvæði til að gera þetta skýrt. N. mun athuga það fyrir 3. umr.

Varðandi hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. minntist á, að æskilegt væri að ákveða í l., að ríkisstj. skuli setja reglugerð um afnot flugvalla, vil ég segja, að n. mun einnig íhuga það mál, og fyrir mitt leyti virðist mér ekki óeðlilegt að taka ákvæði um það upp í 7. gr. frv.

Þessu næst vil ég svara hv. 2. þm. Eyf. (GÞ). Hann harmaði, að n. skyldi ekki fallast á að hafa sjóflugvélaskýli í Ólafsfirði. N. hafði hug á því, þangað til hún hafði rætt við sérfróða menn um þessi efni. Þeir sögðu það óþarft og töldu það ekki skapa aukna möguleika til flugsamgangna við Ólafsfjörð. Á Akureyri á hins vegar að verða flugskýli fyrir sjóflugvélar. Það er ætlunin engu að síður, að Ólafsfjörður verði viðkomustaður flugvéla, eftir því sem föng verða á, en svo dýra framkvæmd, sem um er að ræða, virtist alls ekki þurfa að leggja í, til þess að svo megi verða. Sjóflugvélaskýlið á Akureyri á að nægja, enda á næstu grösum við Ólafsfjörð. Ég vil mælast til þess, að hv. 2. þm. Eyf. taki aftur brtt. sína a. m. k. til 3. umr., og eins vildi ég óska, að aðrir þm., sem flutt hafa brtt., gerðu, og mun n. athuga þær milli umræðnanna.

Um það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, vil ég ekki fella neinn dóm. N. komst að því með viðtali við þm. Rang., að þeir voru mjög ósammála um staðinn fyrir flugvöll í sýslunni, og til þess að gera ekki upp á milli þeirra skoðana að lítt rannsökuðu máli lagði n. til að láta þetta vera óbundið í frv., en láta sérfræðingana um valið.

Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) hélt því fram, að þar sem ákveðið væri í frv., að ríkissjóður kostaði framkvæmdir, væri fyrir það girt, að flugvellir yrðu gerðir og aðrar framkvæmdir unnar, ef ríkissjóð brysti getu, þótt aðrir aðilar, hreppar, sýslufélög og jafnvel einstaklingar, hefðu hug á að leggja fram fé í því skyni. Ég held, að þetta sé á misskilningi byggt. Ef fé fæst til framkvæmda frá öðrum en ríkinu, er hægt að ráðast í þær og fá það fé síðar endurgreitt úr ríkissjóði, svo fremi að fylgt sé í framkvæmdunum réttum reglum við gerð mannvirkisins. Annars hafa hreppar og sýslufélög áreiðanlega nóg á sinni könnu, þó að þau séu ekki krafin um fé til flugvallagerða.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég skal ekki verða langorður. Það kom mér dálítið einkennilega fyrir sjónir, að hv. samþm. minn skyldi verða svo órólegur, þegar að því var spurt, hvers vegna breyta þurfti ákvæði frv. um flugvallarstað á Rangárvöllum. Hv. þm. N.-Ísf. veitti ráðning þeirrar gátu, breytingin var gerð að tilmælum flugmálasérfræðingsins 2. þm. Rang. (IngJ). Hann talar um að leggja valið undir dóm sérfróðra manna. Það er vitað, að sérfræðingar enska hersins eru búnir að velja milli staðanna og kusu hinn eystri, höfðu hann í fjögur ár fyrir flugvöll og héldu fjölda manns til að hreinsa hann og undirbúa sem lendingarstað fyrir flugvélar. Þar er því lokið miklu verki, sem gagn þyrfti að verða að. Báðir sandarnir eru eyðisandar, þar er lítill munur. Þm. gefur í skyn, að ég vilji fá flugvöll á Geitasandi af því, að hann sé nær Stórólfshvoli. Það getur ekki skipt mig neinu að fara þann spöl, sem um ræðir, milli sandanna. En þetta bendir til, að hv. samþm. skipti allmiklu persónulega, hvor staðurinn er valinn, Hellusandur liggur rétt hjá hans heimili.

Ég lít svo á, að flugvöllurinn eigi að koma þar, sem hann verður fullkomnastur, ódýrastur og fljótgerðastur, og þetta eru engin smáatriði við dýrar framkvæmdir, sem geta tekið áratugi. Val ensku sérfræðinganna getur ekki verið tilviljun, og þegar flugmálaráðunauturinn samdi frv., var hann ekki í vafa um, að flugvöllurinn ætti að vera á Geitasandi.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 288, n. 557, 610).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Ég hef við upphaf þessarar umr. gert grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur, og hef litlu þar við að bæta.

Hæstv. ríkisstj. hlutaðist til um, að málið yrði tekið af dagskrá til frekari athugunar. Nú vil ég mælast til, að þeir, sem flutt hafa brtt., taki þær aftur til 3. umr., svo að málið geti gengið áfram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 557,I. 1—25 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 610 tekin aftur til 3. umr.
3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 557,II samþ. með 20 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 557,III samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 557,IV samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 557,V (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 687, 610, 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 801. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Þetta mál hefur nú um hríð legið hjá samgmn. Það, sem veldur því, að afgreiðsla þess hefur dregizt, er það, að beðið hefur verið eftir niðurstöð-

um frá flugmálaráðstefnu þeirri, sem við Íslendingar sendum fulltrúa til í haust og nú eru komnir heim fyrir skömmu. Það var fyrir tilmæli ríkisstj., að n. lét afgreiðslu málsins bíða, þar til þessir fulltrúar á flugmálaráðstefnunni voru komnir heim. Eftir að þessir fulltrúar eru komnir heim, hefur í samráði við atvinnumálarh., sem einnig fer með flugmál, og enn fremur eftir að n. hefur kynnt sér niðurstöður þessarar ráðstefnu, orðið að ráði milli n. og hæstv. ráðherra, að málið gangi áfram og komi ekki til frekari breytinga af þeim sökum. Ríkisstj. hefur þess vegna ekki í hyggju á þessu stigi málsins að bera fram frekari brtt.

Ég vil fara örfáum orðum fyrir hönd n. um þær brtt., sem hún flutti á þskj. 801. Fyrri brtt. er sú, að bætt verði inn í 6. gr. frv.: og lendingarstaða. Þetta er eingöngu gert til þess að gera orðalagið greinilegra og fyllra. Síðari brtt. er við 7. gr., um það, að ríkissjóður setji með reglugerð ákvæði um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum þessum. N. taldi rétt, að þetta ákvæði kæmi þarna, ef horfið yrði að því ráði að taka gjöld fyrir viðkomu flugvéla á flugvöllum. — Það eru þessar tvær brtt., sem fluttar eru samkv. ósk hæstv. dómsmrh.

Svo var flutt hér við 2. umr. brtt. af hv. 2. þm. Eyf. um, að við 3. gr. kæmi nýr stafliður um, að flugskýli fyrir sjóflugvélar yrði sett upp í Ólafsfirði. N. taldi ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þessarar till., þar sem sérfróðir menn, sem hún hefur haft samráð við um þetta mál, leggja gegn því og telja það ekki nauðsynlegt fyrir Ólafsfjörð, að reist verði þar flugskýli fyrir sjóflugvélar, þar sem slíkt flugskýli er í svo lítilli fjarlægð, á Akureyri, það sé fullnægjandi og tryggi Ólafsfirðingum flugsamgöngur.

Þá drap hv. 2. þm. N.-M. á það við 2. umr. þessa máls, hvort ekki væri rétt að taka upp í frv. ákvæði um, að ef eitthvert hérað óskaði eftir að flýta fyrir gerð flugvallar hjá sér, gæti það hérað greitt ⅓ hluta kostnaðar þeirra framkvæmda og mundi við það sitja fyrir framkvæmdum þeim, sem frv. kveður á um. Skyldi það jafnframt sitja fyrir, hvað snerti fjárveitingu úr ríkissjóði. — N. hefur athugað þessa hlið málsins og varð sammála um það, að hún treystir sér ekki til þess að leggja til, að slík brtt. yrði samþ. Bæði er það, að með þessu væri brotið það meginprinsip, sem frv. er byggt á, að ríkissjóður greiði einn byggingarkostnað þessara mannvirkja, og eins er hitt, að ef út á þessa braut verður farið, gæti svo farið, að þeir aðilar, sem fjársterkastir væru, ættu greiðasta leið að því að fá þessi mannvirki. Það þyrfti þó ekki að vera á þeim stöðum, sem nauðsyn er brýnust fyrir þessar samgöngubætur. Af báðum þessum ástæðum taldi n. sig ekki geta tekið til greina þessa ábendingu hv. þm. og vill leggja til, að slík brtt. yrði ekki samþ.

Ég hygg þá, að ég hafi drepið á þau atriði, sem komu til athugunar í n. frá 2. umr. málsins, og vil svo að lokum óska þess, að þar sem þetta mál hefur dregizt mjög á langinn hér á hæstv. Alþ., en hins vegar brýn nauðsyn, að það gangi fram, verði því hraðað svo sem verða má hér eftir. Það hefur verið töluverð samvinna um þetta mál milli d., og getur hv. Ed. því verið greiðari í störfum en hv. Nd. Það er vitað, að þessi mál eru komin á það stig, að nauðsyn ber til þess, að löggjöf sem þessi verði sett og markvissar framkvæmdir hafnar í þessum málum, en það mun mál manna, að til þess að svo verði, sé þessi löggjöf eitt frumskilyrðið.

Leyfi ég mér svo að endurtaka, að ósk n. er sú, að þessu máli verði hraðað svo sem verða má.

ATKVGR.
Brtt. 801,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 801,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 815).

Á 102. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 108., 109. og 110. fundi í Ed., 22., 23. og 25. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 26. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 815, n. 901).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Samgmn. hefur haft mál þetta til meðferðar og leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að Seyðisfirði verði bætt inn í 2. gr. undir staflið d. N. hefur fengið þær upplýsingar, að hægt sé að hafa sæmilega góðan flugvöll á Seyðisfirði, nærri kaupstaðnum, og leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 901 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—12. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 968).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 968).

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. eftir 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Ed. hefur gert þá breyt. eina á frv. þessu, frá því að það var hér til meðferðar, að bæta inn í 2. gr. einum stafl. um nýjan flugvöll á Austurlandi. En ég vil einungis benda á það, í sambandi við þessa brtt., sem samþ. var í hv. Ed., að í brtt. stendur: við Seyðisfjörð —, en í frv. stendur einungis: Seyðisfjörður. — Ég tel rétt, að þetta yrði orðað í frv. eins og brtt. kveður á. Leyfi ég mér að vænta þess, að heimilt sé að leiðrétta það. Vil ég leyfa mér að bera það undir hæstv. forseta, hvort ekki er hægt að leiðrétta þetta án þess að bera fram sérstaka brtt. Annars þarf ég ekki að fara fleiri orðum um málið, en vil einungis leyfa mér að óska þess, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

Forseti (JörB): Ég tel það, sem hv. þm. vék að viðvíkjandi málsgr., ágalla, sem sjálfsagt sé að leiðrétta án sérstakrar brtt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 987).

---

25. Fjáraukalög 1941.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1941 (stjfrv., A. 841).

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 841, n. 1005).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Nál. á þskj. 1005 er stutt. Þar segir aðeins, að fjvn. hafi borið frv. saman við fjárl. ársins 1941 og hafi ekki fundið neitt við það að athuga og leggi því til, að frv. verði samþ. Þrátt fyrir það að n. hafi ekki gefið út nema stutt álit, hefur þó n. í heild, og þó einkanlega ég, ýmislegt um form þessa frv. að segja. Ég býst við, að hv. þm. undrist ekki, þó að þessi fjáraukal. séu nokkuð há, eða nærri 20 millj. kr., því að þetta var annað stríðsárið, og urðu mörg óvænt útgjöld á því ári. Þó er að minni hyggju og allra nm. ýmislegt í frv., sem allmikið orkar tvímælis um, að stj. sé skyldug til þess að leita samþykkis á. Það hefur verið litið svo á af mér og mörgum fleiri þm., að ríkisstj. beri ekki skylda til að leita samþykkis þingsins á öðrum fjárhæðum en þeim, sem ekki hafa áður fengizt samþ. Þar af leiðandi mundi ekki eiga að taka inn á fjáraukalög fjárhæðir, sem beinlínis eru veittar sem heimildir í sérstökum l., sem eru ákveðnar, án þess að gerð sé nokkur áætlun um fjárhæðina, og liggur þess vegna fyrir lögleg samþykkt fyrir greiðslum vegna slíkra heimilda. Mjög stórar fjárhæðir á þessum fjáraukal. eru einmitt þannig til komnar, að þær eru samkvæmt l., sem samþ. hafa verið eftir að frá fjárl. hefur verið gengið. Ég tek þetta fram sem bendingu til hæstv. stj. og þings til að fara eftir framvegis. Yfirskoðunarmenn gera venjulega till. um, hvað taka skuli á fjáraukal., að sönnu fylgir ekki ríkisreikningnum 1941 sú till., en ég hef fengið hana til athugunar hjá fjmrn. og borið tölurnar þar saman við frv., og það er í góðu samræmi. Ég vildi þess vegna beina því sem aths. til yfirskoðunarmanna, hvort það sé ekki réttur skilningur, að stj. beri skylda til að taka inn á fjáraukalög aðrar fjárhæðir en þær, sem til eru löglegar heimildir fyrir áður. Það hafa iðulega komið fyrir nú á þessum tímum margs konar fjárgreiðslur, sem ekki hefur verið vitað um, þegar fjárl. voru samþ. fyrir það ár, og þar af leiðandi verið leitað samþ. um þær síðar. En það er þó ekki hægt að neita því, að það er orðið algengt að greiða fé úr ríkissjóði upp á þessar heimildir, án þess að það sé brýn nauðsyn. Ég vil taka það til dæmis, að ég hygg, að það komi fyrir, við skulum segja, að flokksstjórnum kæmi saman um einhverjar fjárgreiðslur, þá mundi ríkisstj. vitanlega greiða slíka fjárhæð, en það þýðir vitanlega ekki að koma með fjáraukal. eftir að greiðslan hefði farið fram, því að vitanlega mundi Alþ. ekki fara að gera ríkisstj. ábyrga fyrir slíkum greiðslum. Bezt væri því að láta slíkar greiðslur bíða, og greiðsla færi fram eftir á, en það yrði vitanlega langt að bíða, ef það ætti að bíða eins lengi og hér er gert. Ég vil taka það fram, að þó að þetta frv. sé í alla staði frambærilegt frá stj. hálfu, er það ótækt í framtíðinni að fá fjáraukal. 4 árum eftir á. Þetta má ekki skoða sem neina sérstaka aths. við frv., en að sjálfsögðu er þetta gagnrýni á stj., enda er önnur stj. nú en þá var. Þetta er einungis sagt upp á framtíðina, og í sambandi við það vildi ég taka það fram, að það horfir óskyggilega um vöxt fjárl., hversu títt það er orðið að gera ríkisstj. að greiða stórar fjárhæðir og ganga í gífurlegar ábyrgðir með einföldum þál. Það er náttúrlega form, sem ekki samrýmist stjórnl. og er gersamlega óviðunandi. En eins og ég tók fram, er þetta ekki sagt sem gagnrýni á frv. eða stj., sem lagði það fyrir, því að út á það hefur n. ekkert að setja eins og fram er tekið á þskj. 1005.

Gísli Jónsson: Það þýðir sjálfsagt lítið að eyða löngum tíma í að ræða þetta mál, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir þessu nál., sem hér er fram komið, því að þeim manni, sem ekki hefur átt kost á því að kynnast málinu af öðru en nál., hlýtur að finnast, að hér sé ekkert athugavert. En fjvn. hefur látið það frá sér fara þannig, að fjáraukalagafrv. er nokkuð hærra heldur en aðalfjárl. 1941. Þetta finnst n. ekkert athugavert við, og hún hefur ekki séð ástæðu til þess að hafa nál. á þskj. 1005 lengra en 2 línur. Mér finnst,

þótt ekki sé hægt að spyrna fótum við því, sem búið er að greiða, að hér liggi stórkostlegar ástæður til fyrir fjvn. að senda út mjög sterkt nál. um þá stefnu, sem hér hefur verið hafin. Það er sjáanlegt, að ef sú stefna í fjármálum á Alþ. er látin viðgangast af fjvn., að fjáraukal. séu hærri en aðallögin, þá veit ég ekki, hvað á að gera með að hafa nokkurn hátt á fjárgreiðslum þingsins yfirleitt. Auk þess vil ég benda fjvn. á það, að á landsreikningi í lið 10 er gerð alveg sérstök aths. við þessar fjárgreiðslur, og því er svarað þannig af stj. og síðan af endurskoðendunum, að þessu er vísað til aðgerða Alþ., og nú skilst mér, að það ætti að vera fjvn., sem hefði tekið þennan lið upp til þess að segja álit sitt um það, hvort ástæða væri fyrir endurskoðendurna að finna að þessu við stj.

Það liggur fyrir till. í allshn. um að ráða bót á þessu, og tel ég til þess tvöfalda ástæðu, að hér sé farið inn á aðra braut. Það er langt í frá, að þessum greiðslum sé lokið og því full ástæða til að gera þessu betri skil.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Út af því, sem hv. þm. sagði, vil ég benda á, að skammt er liðið frá því, að ég gerði grein fyrir þessu.

Ég hef að vísu skrifað nál., en gerði það með samþykki n., og hún taldi óþarft að hafa það nákvæmara, þar sem fyrir þessu er gerð grein í framsögu og kemur þannig í þingtíðindum. Það er vart samboðið öðrum en mönnum á andlegu gelgjuskeiði að láta sér slíkt ekki nægja.

Gísli Jónsson: Ég vil benda hv. 7. þm. Reykv. á það, að nál. og framsöguræða er alls ekki hið sama, og það er engan veginn víst, að allir nm. skrifi undir allt það, sem háttv. 7. þm. Reykv. segir í framsöguræðu.

En það, sem orsakar, að ég hef hreyft þessu, er það, að hér er gengið fram hjá aðalatriði málsins og allar þingræðisreglur brotnar í meðferð þess.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég vil einungis taka fram, að þessi misskilningur hv. þm. Barð. stafar af því, að hann blandar saman tveimur atriðum óskyldum, sem sé fjáraukalögum og landsreikningi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1047).

---

26. Kjör forseta Íslands.

Á 37. fundi í Sþ., 2. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framboð og kjör forseta Íslands** (stjfrv., A. 276).

Á 44. fundi í Nd., 5. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Í stjórnarskránni er kveðið á um helztu höfuðatriði um kjör forseta, en í 5. gr. stjskr. segir, að ákveða skuli með l. um framboð og kjör forseta að öðru leyti en stjskr. mælir fyrir um. Ríkisstj. þótti sér bera skylda til nú þegar að verða við því fyrirlagi, sem stjskr. hefur að geyma, og hefur því tekið saman þetta frv.

Eins og við mátti búast er frv. að mestu leyti tilvísun til l. um kosningar til Alþ., því að kosningar forseta eiga samkv. stjskr. að fara fram á sama hátt. En hins vegar þurfti að skipa fyrir um þau afbrigði, af því að hér er um landskjör að ræða, sem þurfti að mæla sérstaklega fyrir um, þ. e., hvort setja ætti upp sérstaka stofnun, sem tæki yfir allt landið sem landskjörstjórn, eða notast við aðrar stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi. Störf undirkjörstjórna og yfirkjörstjórna verða þau sömu og við kosningar til Alþ., meðan landskjör þm. var, en þó er ekki svo alveg, því að gert er ráð fyrir því, að yfirkjörstjórn telji upp atkv. í sínu kjördæmi. En þessi nýja yfirkjörstjórn, sem um ræðir í frv., er hæstiréttur. Honum skal falið það, sem annars yrði komið undir landskjörstjórn, en hér hefur hæstiréttur ekki annað að sýsla en fara með úrskurðarvald, sem honum hæfir sérstaklega vel að hafa á hendi.

Annars er frv. svo einfalt, að ég hirði ekki um að fara um það fleiri orðum, en vil óska þess, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og þá líklega til stjskrn., sem hér er til í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til stjskrn. með 18 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 805).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Þetta frv., sem flutt var af fyrrv. ríkisstj., hefur verið til athugunar hjá stjskrn. um alllangt skeið, og hefur hún skilað nál., þar sem mælt er með því með nokkrum breytingum.

Í stjórnarskránni frá 17. júní 1944 eru nokkur ákvæði um framboð og kjör forseta. Í 3. gr. er ákveðið, að hann skuli vera þjóðkjörinn, og í 4. gr. segir, að kjörgengur sé hver 35 ára maður, sem fullnægi skilyrðum um kosningarrétt til Alþingis að búsetuskilyrðinu undanskildu. Þá segir í stjskr. nánar um forsetakjör, meðmælendur forsetaefna og ýmis fleiri atriði, en ákveðið er, að síðan skuli setja sérstök lög um framboð og kjör forseta. Frv., sem fyrir liggur, er flutt til að fullnægja þeim ákvæðum.

Í 1. gr. frv. segir, að við kjör forseta skuli fara eftir sömu kjörskrám og við alþingiskosningar.

Þar vill n. gera orðabreyt. eina, taka upp hið formlega heiti: forseti Íslands — fyrir forseti, sem í frv. stendur. 2. gr. er um kjörstjórnir. — 3. gr. er um það, að forsrh. ákveði, hvern dag í júní eða júlí forsetakjör fari fram, og tiltaki tölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum. N. leggur til, að gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar."

N. leggur hér til að ákveða sama sunnudag júnímánaðar sem ætlaður er til alþingiskosninga þau ár, sem þær fara fram, en þær ber ekki á sömu ár og forsetakjör, nema svo vilji til, að þingrof verði á því ári, er kjósa skal forseta. Margt má færa með því og móti að láta þetta tvennt falla saman eða búa svo um, að það geti ekki fallið saman, að kjósa þurfi í einu þingið og forsetann. Eigi þótti rétt að hafa forsetakjör síðar á sumri en þetta. Þar sem nýr forseti skal taka við embætti 1. ágúst og nokkur tími fer til að telja atkvæði, verður svo stuttur tími eftir fyrir hann til að búast undir að taka við, að ekki má minni vera. Á hinn bóginn þótti æskilegt, að ekki þyrfti að kjósa fyrr á sumri. Þá er í brtt. lengdur tíminn frá auglýsingu kosningar til kjördags úr 2 mán. í 3 mán. og loks ákveðið, samkv. leyfi stjskr., að tiltekinn sé meðmælendafjöldi úr hverjum fjórðungi í hlutfalli við kjósendatölu þar. Rétt þótti að tryggja þannig, að forsetaefni hefði nokkurt fylgi í öllum landshlutum.

Við 5. gr. er sú brtt., að nöfn forsetaefna skuli prentuð á kjörseðla í stafrófsröð. Ef þetta væri ekki tekið fram, ætti samkv. frv. að sníða kjörseðla eftir kjörseðlum við alþingiskosningar, þar sem tekið er fram, af hálfu hvaða flokks hver frambjóðandi sé í kjöri, en hér ætti það alls ekki heima.

Næst er brtt. við 6. gr., einföld orðabreyt., afleiðing af fyrri brtt.

Við 11. gr. eru tvær brtt. Önnur er um, að forsetaefni megi senda umboðsmann í sinn stað til að vera við úrslit atkvæðatalningar, hin er ákvæði um, að hæstiréttur skeri úr ágreiningi, sem verða kunni um kjörgengi forsetaefnis. Með þessum l. er nefnilega gerð sú þýðingarmikla breyt. frá því, sem gildir um kosningu alþm., að Alþ. á ekki að úrskurða um lögmæti kosningar forseta né um kjörgengi hans, heldur eru þau störf í höndum hæstaréttar samkvæmt frv. N. féllst á þá stefnu, sem þar kemur fram. Í því sambandi get ég bent á, að jafnvel úrskurður um kosningu þm. er ekki nærri alls staðar í höndum þ. eins og hér, heldur, t. d. í Englandi, í höndum sérstakra dómstóla. En í frv. vantar hins vegar ákvæði um það, hver úrskurði um kjörgengi, því að þegar maður býður sig fram sem forsetaefni, er ekki um leið gengið úr skugga um, hvort hann fullnægi kjörgengisskilyrðunum, fremur en er um kosningar til Alþ. En ef athugasemdir koma fram að kosningum loknum um, að eitthvert forsetaefnið, ef til vill það, sem flest atkvæði hefur hlotið, fullnægi ekki kjörgengisskilyrðum, þá þarf að vera sérstakur aðili, sem úrskurðar um það. Er eðlilegt, að það sé hæstiréttur, eins og hann úrskurðar um gildi kosningar.

Næsta brtt. er við 12. gr., sem er aðallega um skýrara orðalag. Ef aðeins er einn maður í kjöri, þá er hann réttkjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann skilyrðum um kjörgengi og um fullan framboðsfrest hafi einnig verið að ræða. Gefur þá hæstiréttur út kjörbréf.

Þá vantar í frv. ákvæði um kærur út af kosningu. Um það atriði er ekki hægt að vísa til kosningal. Þetta atriði er alveg óákveðið. Nú er það augljóst mál, að ef kært er út af kjörstjórn, framboði eða öðru slíku, þá má að sjálfsögðu eins og endranær kæra til viðkomandi dómara. Ef kærur hins vegar koma fram um gildi kosninganna sjálfra, virðist sjálfsagt, að þeim kærum sé eingöngu beint til hæstaréttar. Þess vegna flutti n. 7. brtt. sína, að aftan við 14. gr. komi ný málsgrein varðandi þetta. Það er óhjákvæmilegt, að hæstiréttur fái slíkar kærur til athugunar með nokkrum fyrirvara. Þegar kæra skal til refsingar, ber að fara venjulega dómstólaleið til þess að koma í veg fyrir, að slíkar refsikærur fari beint til hæstaréttar.

Síðasta brtt. n. er um það, að aftan við 14. gr. komi ný gr. um það, að l. þessi öðlist þegar gildi.

Fleiri eru brtt. n. ekki. Vænti ég, að þær verði samþ. og frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 805,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 805,2 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 805,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 atkv.
Brtt. 805,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 805,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 805,6 (ný 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 805,7 samþ. með 20 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 805,8 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 832).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Ég hafði alls ekki búizt við því, að frv. þetta yrði tekið nú á dagskrá. Bið ég hæstv. forseta að taka það af dagskrá, vegna þess að það mun þurfa að bera fram brtt. við frv., enda get ég ekki séð, að þessu máli liggi svo mjög á, að ekki sé nægur tími til að afgreiða það, þó að það fái athugun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Nd., 15. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 832, 847).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 847. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Hv. frsm. er ekki viðstaddur, en þar sem hér er ekki um flókið mál að ræða, held ég, að hægt sé að beina málinu áfram þrátt fyrir það.

Það kom í ljós við nánari athugun, að í frv. vantar ákvæði um, hversu með skuli fara um ákvörðun kjördags, ef forseti andast eða lætur af störfum, áður en kjörtímabili hans er lokið, en þá getur verið óþægilegt að vera alltaf fastbundinn við síðasta sunnudag í júní. Þess vegna hefur n. orðið ásátt um að leggja til, að aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, er hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður forsætisráðherra þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirmælum laga þessara.“ Ég leyfi mér að mælast til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.
Brtt. 847 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 858).

Á 103. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til stjskrn. með 10 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 858, n. 1044).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Þetta er stjfrv., fram borið samkvæmt fyrirmælum 5. gr. stjskr. um, að setja skuli l. um framboð og kjör forseta Íslands að svo miklu leyti sem stjskr. sjálf kveður ekki á um þessi efni.

Um forsetakjörið fer að sjálfsögðu eftir því, sem við getur átt eftir reglum kosninga til Alþ., en þar sem hér er um landskjör að ræða, hefur orðið að setja sérákvæði um undirbúning og úrslit kjörsins.

Frv. þetta er lagt fram í hv. Nd., og hefur stjskrn. þeirrar hv. d. haft það til meðferðar og gert á því nokkrar breyt., sem allar voru samþ. Ein aðalbreyt. er sú, að nánar er kveðið á um það, hvenær forsetakjör skuli fram fara. Í frv. (3. gr.) stóð: „Forsætisráðherra ákveður hverju sinni, hvern dag í júní- eða júlímánuði forsetakjör fer fram“. Í brtt. n. er kveðið svo á: „Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði“. Og til er þar tekið auk þess, að það skuli fara fram fjórða hvert ár, sem frv. ákvað ekkert um, hve langt kjörtímabilið skyldi vera.

Önnur breyt., sem n. gerði, er á 12. gr., en hún er um það, hvað gera skuli, ef aðeins einn maður er í kjöri til forsetaembættisins. Brtt. tekur fram til viðbótar, að hann sé þá réttkjörinn forseti Íslands án atkvgr., enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum.

Allar ganga brtt. n. í þá átt að gera ákvæði frv. nákvæmari og skýrari.

Stjskrn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar á tveim fundum, og hefur hún ekki séð ástæðu til að gera á því neinar breyt. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 1. þm. Eyf., var ekki á síðasta fundinum, er málið var afgreitt, en mun vera öðrum nm. sammála.

Sé ég ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, en vil aðeins mæla með því fyrir hönd n. við hv. d., að hún samþ. frv. óbreytt, eins og það er komið frá hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1080).

---

27. Síldarverksmiðjan á Sólbakka.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um sölu síldarverksmiðjunnar á Sólbakka** (stjfrv., A. 949).

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 949, n. 1011).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég sé, að frsm. n. er eigi mættur hér, en mér þykir hlýða að segja um þetta örfá orð.

N. var sammála um að veita ríkisstj. þá heimild, sem frv. fer fram á.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins er þessu samþykk, og mun vera í ráði, að þeir atvinnurekendur, sem hugsa sér að kaupa verksmiðjuna, ætli að reka hana í sambandi við annan rekstur sinn, en verksmiðjan hefur ekki verið starfrækt nú um lengri tíma.

Að þessu athuguðu mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 118. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 119. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 949, n. 1070).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil hins vegar beina því til hæstv. ríkisstj., að n. þætti eðlilegra, ef unnt væri að koma því þannig fyrir, þegar salan fer fram, að tryggður sé áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar frekar en hún yrði rifin niður og ekkert stæði í staðinn. Að öðru leyti mælir n. fullkomlega með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1089).

---

28. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1945.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1945 (stjfrv., A. 1014).

Á 119. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Frv. þetta fer fram á, að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.
Eins og kunnugt er, mælir stjórnarskrá landsins svo fyrir, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 15. febr. ár hvert, nema því sé breytt með sérstökum l. Ríkisstj. hefur eftir vandlega íhugun talið rétt, að nú yrði svo gert. Önnur leið hefði verið sú, að 15. febr. væri þing sett, og frestaði það sér síðan sjálft til næsta hausts. Yrði þá þessu þingi að vera lokið fyrir 15. febr. En hefði sú leið verið valin, þurfti samkv. stjórnarskrá að leggja þegar fjárlfrv. fyrir hið nýja þing. Eins og öllum þm. er ljóst, hefði það ekki getað verið nema nafnið eitt. Það er heldur óviðkunnanlegt um jafnstórt mál, að það sé lagt fyrir til málamynda, eingöngu til að fullnægja á pappírnum kröfu stjskr., en það fullnægði kannske að engu leyti raunveruleikanum.
Ríkisstj. er hins vegar ljóst, að margt getur komið fyrir, sem gera kann nauðsynlegt að kalla þing saman fyrr en 1. okt. Skynsamlegast er að vera við öllu slíku búinn á þessum tímum, og gerist eitthvað slíkt, er sjálfsagt að leita til forsetans um, að hann kalli saman þingið, eins og frv. leyfir. Ýmsir munu líka halda, að vegna verðlagsákvarðana á landbúnaðarvörum verði eins og s. l. haust að kalla þing saman í sept., og er frv. ekki því til fyrirstöðu.
Þinghald fram eftir þessu ári eða fyrr en 1. okt. ætti ekki að vera nauðsynlegt af öðrum ástæðum, því að nú hefur þing setið nær óslitið síðan 2. sept. s. l. Ég vona, að þetta frv. sé samið eftir sameiginlegum vilja allra þeirra þm., sem ég þekki til, og valdi ekki ágreiningi. Óska ég, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1014, n. 1058, 1061 og 1071).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Allshn., sem haft hefur þetta mál til athugunar, hefur rætt það á fundi hjá sér, en ekki getað orðið samímála um málið. Meiri hl. n. vill mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., hv. 1. þm. Árn., vill, að samkomudagur Alþ. sé ákveðinn eigi síðar en 2. maí n. k., og hefur hann flutt brtt. og skilar um málið sérstöku nál.

Samkvæmt l., eins og kunnugt er, á hvert reglulegt Alþ. að koma saman árlega 15. febr. Alþ., sem nú situr, hefur frá því var frestað áður setið óslitið frá 2. sept. í haust, að undanteknum nokkrum dögum um jólin. Nú er þess að geta, að störfum þessa þings getur ekki orðið lokið fyrr en eftir 10 til 14 daga. Samkvæmt stjórnarskránni ber að leggja fram fjárlagafrv. í byrjun hvers Alþ., en hins vegar er vitað, að ekki er nokkur leið að ganga frá fjárlagafrv. þannig, að það gæti orðið tilbúið og lagt fram í febrúar né heldur að mínu áliti í byrjun maímánaðar, því að á þeim tíma er ákaflega ólíklegt, að hægt sé að ganga svo frá áætlun um tekjur og gjöld ríkisins, að hægt sé að treysta nokkrum niðurstöðutölum þar, og kemur það til af ýmsu.

Í fyrsta lagi er alveg óvíst um það, hvenær núverandi styrjöld er lokið, og að sjálfsögðu geta úrslit hennar og hvenær styrjöldinni verður lokið haft mjög mikil áhrif á alla afkomumöguleika okkar. Það er ekki heldur vitað, hvernig fer með fisksölumöguleika Íslendinga. Eins og menn vita, standa nú yfir samningar um sölu fisks, og eftir þeim úrslitum kann mikið að ráðast um batnandi eða versnandi afkomu útvegs okkar. Það er ekki heldur enn vitað um, hvernig síldarútvegurinn fer næsta ár, bæði til bræðslu og söltunar, og það verður ekki heldur vitað um það 2. maí, því að eins og kunnugt er byrjar síldarútgerðin ekki fyrr en í júnímánuði.

Af þessum ástæðum er alveg útilokað, að hægt sé að áætla með nokkurri vissu um tekjur og gjöld ríkisins fyrir næsta ár, og reynslan hefur nú sýnt okkur þetta, því að á þessu ári hafa verið lögð fram 2 fjárlagafrv. fyrir árið 1945, annað í febr. og hitt í sept.

Þegar rætt var um það í febr. s. l., var meiri hl. Alþ. því meðmæltur, að það þing, sem næst yrði kallað saman, yrði kallað saman um 15. sept. Varð þó að ráði, að stj. kallaði saman Alþ. 2. sept., sem var vegna afurðasölumálsins. Ég skal játa, að það er að sjálfsögðu ekki gott fyrir einn eða annan að segja til um, hvenær nauðsyn krefji þess, að Alþ. yrði kallað saman, en ég hygg að fela verði hæstv. ríkisstj. að ákveða það. Hún á að vera þeim málum kunnugust, og í frv. er einmitt gert ráð fyrir, að hún geti kallað saman Alþ. fyrir 1. okt., ef nauðsyn krefji.

Þau mál, sem hv. minni hl. allshn., hv. 1. þm. Árn., telur upp og talar um í sínu nál., eru að sjálfsögðu mál, sem krefjast úrlausnar. Ég skal játa það, en ég hygg, og meiri hl. allshn. er mér sammála um það, að meiri möguleikar muni vera á því að leysa þau mál á viðunandi hátt síðar á árinu af þeim ástæðum, sem ég hef að framan getið um. Stjórnin hefur það á valdi sínu, ef eitthvað það kemur fyrir, sem gerir setu Alþ. nauðsynlega, að kalla saman Alþ. fyrr en 1. okt., og af þeim ástæðum vill meiri hl. n. mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Síðan meiri og minni hl. allshn. gáfu út nál., hefur komið fram brtt. frá hv. 2. þm. Rang. o. fl. hv. þm. um að hafa samkomudag Alþ. 1. sept. Það var leitað um þetta álits Alþ. s. l. ár, og meiri hl. þá vildi heldur hafa samkomudaginn 15. sept. en 1. sept. Ég veit, að það, sem vakir fyrir þessum hv. þm., er afurðasölumálið. Ég geri ráð fyrir, að ef þau mál verða ekki leyst af hæstv. ríkisstj. innbyrðis fyrir þann tíma, þá muni stj. væntanlega kalla saman Alþ. eða fá samþykki þingflokkanna fyrir lausn þeirra mála, og ég skil ekki, að það geti raskað neinu um það, þótt samkomudagur þingsins sé ákveðinn 1. okt., því að eins og ég hef margtekið fram hefur stjórnin á valdi sínu að kalla þing saman fyrr, ef hún telur þess brýna þörf.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég sé nú ekki ástæðu til þess af minni hálfu að tala langt mál um þetta, sem til ákvörðunar liggur nú. Það er um tilhögunina, sem höfð er á því, hvenær Alþ. verður kallað saman næst.

Ég hef vikið að nokkrum höfuðatriðum í nál. mínu, sem ég tel, að miklu máli skipti um þinghald nú á þessu ári, og get eiginlega skírskotað til þess, sem þar stendur. Mér finnst, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að þingið komi svo seint saman eins og frv. greinir, nema ætlazt sé til, að hæstv. ríkisstj. fari að vinna að því, sem fyrst og fremst er þó Alþ. að vinna. Á þær röksemdir gæti ég ekki fallizt, þótt fram væru bornar, og tel þess vegna einmitt, eftir því sem málefni standa nú til, að það nái ekki nokkurri átt, að Alþ. komi ekki saman fyrr en 1. okt.

Hitt getur verið, að menn geti greint á um, hversu löngu fyrr Alþ. ætti að koma saman, því að það getur verið skoðanamál. Mér þótti vænt um, að hv. frsm. meiri hl. virtist mér sammála um þann vanda, sem Alþ. og hæstv. ríkisstj. er á höndum um lausn þeirra höfuðvandamála þjóðarinnar, sem nú kalla að um lausn. Hann reyndi á engan hátt að andmæla því, að það væri ekki aðkallandi að leysa þessi mál, enda veit ég, að hv. 2. þm. Eyf., frsm. meiri hl., er það greindur maður, að hann sér, að það er ekki auðgert að gera það. Þó að þessir menn telji nú að vísu, að vel mætti dragast að kalla þing saman til 1. okt., og beri það fram, þá hefur þó af þeirra hálfu verið undirstrikað, hve mikilvæg vandamál kölluðu nú á úrlausn, og um leið og þetta er borið fram, er þó talað um að slá öllu á frest. Það er að vísu fært fram sem ástæða, að það verði ekkert gert fyrr en seinna á árinu. Er það máske vegna þess, að allt verði að vera komið í ófæru, áður en leitazt verður við að ráða bót á?

En þá vil ég segja, að þá hefur þjóðfélagið skaðazt svo mikið, að ekki verður tölum talið.

Hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ. heldur því fram, að engin von sé til að leysa þessi mál.

Við framsóknarmenn óskum þess af alhug, að takast mætti að leysa þessi vandamál, og vildum leggja því lið. Það væri eðlilegt, að því væri haldið fram, að hér væri ekki mikill vandi á ferðum og þess vegna mætti bíða, en því heldur enginn fram, og ég held satt að segja, að enginn leyfi sér að halda því fram.

Það er jafnvel gefið til kynna, að allt geti stórversnað frá því, sem er, en samt á að bíða. Því er haldið fram, að allra hluta vegna sé ekki unnt að semja fjárl. fyrr en síðla á árinu. Þetta skal viðurkennt, en það kann að vera, að þótt dragist fram á haustið, þá verði erfitt að sjá fram á árið 1946. Það má segja, að því lengra, sem líður, því fremur megi sjá, hverju fram vindur, en þetta er engan veginn nægileg ástæða til að réttlæta að kveðja þing svo seint saman, og þó er þetta

raunar eina frambærilega ástæðan. En þegar meta skal allar ástæður, sem mæla með og móti, þá held ég, að þær, sem mæla með því, að þingið komi snemma saman, verði svo miklu þyngri á metunum, að ekki komi til mála að draga það til hausts.

Hv. frsm. meiri hl. vék að því, að í maí væri ekki hægt að sjá, hvernig síldarútvegurinn yrði. En ég vil segja, að ef útlitið er þá sæmilegt, þá megi nokkurn veginn sjá, hversu fer. En ef þá er ekki unnt að sjá neitt, hvað verða mun, þá er útlitið ekki glæsilegt, og þá væri full ástæða til, að þingið væri til staðar til að leysa þau vandamál, sem að steðja og það kynni að geta bætt eitthvað úr.

Hv. frsm. sagði, að ríkisstj. hefði það í hendi sér að kveðja þingið saman og mundi haga því eftir því sem ástæður væru til. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er stjfrv., og er því sýnt, að hæstv. ríkisstj. finnst, að til mála geti komið að kveðja þingið ekki saman fyrr en 1. okt., úr því að hún tiltekur þann dag. En fyrst svo er, þá get ég ekki að því gert, að mér virðist nokkuð mikið muni geta þurft til, til þess að þing verði kvatt saman. Því að eins og kunnugt er gilda dýrtíðarráðstafanirnar ekki nema fram í miðjan september. Og um leið og þær falla úr gildi, stórhækka vörur í verði.

Gert er ráð fyrir, að niðurgreiðslur dýrtíðarinnar á þessu ári nemi 18 millj. kr., og um leið og þær falla niður fara vörur í sitt fulla verð, og ef engin ráðstöfun er gerð, hækka þær enn meir vegna aukins framleiðslukostnaðar, og ég hélt satt að segja, að háttv. þm. væru það kunnugir, að þeir vissu, að ástandið má ekki vera verra en það nú er, ef sumar starfsgreinar eiga ekki að dragast stórlega saman. Vísitalan mundi fara upp í 300 stig eða meir, og hvar hyggja menn svo, að slíkt mundi enda? Ég get ekki fallizt á, að ríkisstj. grípi til neinna ráðstafana um miðjan september, og ég trúi því ekki, að hún vilji ekki hafa þingið að baki þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða. Mér finnst þess vegna ekki þurfa að ræða þann möguleika, en ef svo færi, þá er hér í uppsiglingu nýtt stjórnarfar, sem kann að geðjast sumum vel, en ég treysti, að Alþingi sé svo skipað, að til þess komi ekki. Ég sé, að nokkrir þdm. hafa borið hér fram brtt. um, að þingið skuli kvatt saman 1. september.

Ég held, að það sé kannske fullseint, og þó er það mikil bót. Þá hefur þingið til umráða ½ mánuð áður en dýrtíðarl. falla úr gildi, og kynni það að nægja, ef Alþingi yrði samhent.

En ég tel þó heppilegra, að samkomudagur yrði ákveðinn fyrr, ekki einungis vegna þessa máls, heldur og annarra mála.

Ég get skotið því hér inn, að ef ekkert samkomulag yrði, gæti komið til kosninga. Skal þó viðurkennt, að þær gætu farið fram með eðlilegum hætti, þótt þingið yrði ekki kvatt saman fyrr en 1. sept. En ef til þess drægi, að þing kæmi ekki saman fyrr en 1. okt., og samt yrðu að fara fram kosningar, þá yrði það ekki fyrr en í svartasta skammdegi, og ég trúi ekki, að nokkur kjósi að svo fari.

Ef allt gengur vel, þá getur flotið til 1. sept., og þó er alls kostar teflt á tvær hættur með þeim hætti, og enginn getur fullyrt, hvernig fer.

Þá er ein leið eftir, sem háttv. frsm. gat um, og hún er sú, að hæstv. ríkisstj. kalli þing saman. En ég get ekki treyst því, að hún geri það fyrr en um seinan, fyrst hún flytur þetta frv. Þetta kann að vera óþarfa ótti, en ég get ekki varizt þeirri hugsun, að nokkuð mikið muni til þurfa, að hæstv. ríkisstj. noti sér vald sitt til að kveðja þing saman fyrr en ákveðið er. Ég ætla svo ekki að fjölyrða fremur um þetta, en vildi taka þetta fram til áréttingar því, sem getið er í nál. Ég get sætt mig við 1. sept., en ég fæ ekki skilið, hvernig háttv. þm. ætla að rökstyðja þá afgreiðslu, að komið geti til mála að kalla þing ekki saman fyrr en 1. okt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. Eftir núgildandi l. skal þing koma saman eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Það er mín skoðun, að þetta sé óheppilegt á slíkum tímum sem þessum, þegar miklar sveiflur eru á verði og öll viðskipti óviss. En jafnvel á normaltíma mun síðari helmingur ársins betur fallinn til þinghalds. Ég skal ekki vera margorður um þetta mál, en vænti, að um þetta atriði geti allir háttv. þm. verið sammála. Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Frsm. beggja hluta hafa talað, og ber þeim allmikið á milli. Ég legg til, að hér verði farinn millivegur, sem ég vænti, að báðir aðilar geti fallizt á. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að Alþ. getur ekki komið síðar saman en 1. sept.

Samkvæmt frv. getur ríkisstj. kallað þing saman fyrr en þar er gert ráð fyrir, og er það nokkur afsökun, en mér virðist það óþingleg aðferð að gera ráð fyrir samkomudegi, sem vitað er, að getur ekki komið til mála.

Þegar þingi var frestað á s. l. vetri, var líkt ástatt og nú er. Ég bar þá fram till. um, að samkomudegi Alþ. yrði ekki frestað lengur en til 1. sept. Og brtt. mín og nokkurra annarra hv. þm. er í samræmi við það. Okkur datt í hug, að það yrði e. t. v. fullseint, og höfðum látið okkur detta í hug 15. ágúst. En ég held, að ef hæstv. Alþ. vill leysa afurðasölumálin, þá eigi hálfur mánuður að vera nægilegur tími til þess að komast til botns í þeim málum.

Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Árn., leiddi nokkur rök að því áðan, hvers vegna Alþ. yrði að koma saman a. m. k. fyrir 15. sept., af því að þá er verðlagstímabilið, sem nú gildir, út runnið. Þá er heimildin til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum, sem seldar eru innan lands, úr gildi fallin og tryggingin fyrir útflutningsuppbótunum einnig úr gildi fallin. Og þá á sláturstíðin að hefjast í síðasta lagi. Og þá verður, sem sagt, að vera komið ákveðið verð á kjötið, til þess að ekki komist allt í öngþveiti í verðlagsmálum landsins. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. og þeir aðrir, sem vilja samþ. þetta frv. óbreytt, segja: Það kemur aldrei til þess, að ríkisstj. kalli ekki þingið saman fyrir þann tíma, fyrst þetta er alveg nauðsynlegt. En þá má einnig taka brtt. okkar til greina sem leiðréttingu á frv. Því að það virðist ekki sæmandi að ákveða, að Alþ. komi saman 1. okt., þegar það er á vitorði hæstv. ríkisstj. og Alþ., að ekki er mögulegt að draga samkomudaginn svo lengi. Þessi

brtt. okkar ætti þess vegna að skoðast sem leiðréttíng við frv. Á þeim tíma, sem við nú lifum á, getur margt orðið til þess, að nauðsynlegt sé að kalla þingið saman miklu fyrr. En um það er ekkert hægt að segja nú, og það er ekki hægt að spá neinu um það, þó að það sé eðlilegt og rétt að hafa augun opin fyrir þeim möguleika. En samkv. frv. getur ríkisstj. eða forseti Íslands kallað þingið saman miklu fyrr. Sú brtt., sem ég, ásamt nokkrum öðrum hv. þm., ber fram, miðast við óbreytta tíma. Hún er alveg jafnnauðsynleg, þótt tímarnir séu óbreyttir, vegna þess að þó að ástandið verði ekki breytt frá því, sem er, þá er sú staðreynd alltaf fyrir hendi, að fyrir 15. sept. verður þingið að hafa komið saman, til þess að koma sér saman um það, hvaða verð á að vera á landbúnaðarafurðum fyrir næsta verðlagstímabil. Og það er sannarlega ekki of langur tími fyrir Alþ., sem ekki hefur nú orð á sér fyrir að vera sérlega fljótt að koma sér saman um ágreiningsmál, þótt hálfur mánuður sé ætlaður því til þess í þessu sambandi. Og segi ég þetta með tilliti til þess, sem reyndin varð á síðasta ári, er ákveða skyldi verð landbúnaðarafurða. — Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ. og yfirleitt stuðningsmenn stj., eftir að hafa athugað málið og gert sér ljóst, að ekki er mögulegt að draga samkomudaginn til 1. okt., þá greiði þeir atkv. með brtt. okkar, sem þeir mega gjarnan skoða sem nauðsynlega leiðréttingu á frv. Og fyrr en ég sé, hvernig þessari brtt. verður tekið af meiri hl. d., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta atriði.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef nú hlýtt á nokkurn hluta þessara umr. og kynnt mér það langa nál., sem komið er frá hv. 1. þm. Árn., minni hl. n., og ég verð að segja, að mig undrar að vissu leyti öll þau ósköp, sem hér ganga á. Það er eins og aldrei fyrr hafi áður verið ætlað, að Alþ. sæti ekki svona nokkurn veginn stöðugt allt árið, og eins og hér sé það almennt viðurkennt, að það hafi aldrei verið örðugleikar fram undan fyrr en nú. Það þarf ekki að minna þann reynda hv. 1. þm. Árn. á það, að það hefur á undanförnum árum alltaf verið svo, þegar þingi hefur verið slitið, að menn hafa haft lögformlegar ástæður til að búast við, að ríkisstj. þyrfti að taka ákvarðanir um mörg og vandasöm úrlausnarefni. Og það kann að vera, og er sjálfsagt svo, að margir örðugleikar eru fram undan. Ég efast ekki um það, þó að mér sýnist þeir kannske hvað mestir, þegar verið er að lýsa ástandinu og horfunum í þeim blöðum, sem sum verða lögð undir ámæli um að hafa fremur kosið, að örðugleikarnir yrðu meiri heldur en minni á vegi ríkisstj.

Mér dettur ekki í hug að fara að svara orði til orðs þeim staðhæfingum, sem hér eru fram bornar, meðfram vegna þess, að mér sýnist ekki, að þær hafi nein úrslitaáhrif á niðurstöðu þessa máls, hvort sem fyrir þeim er meiri eða minni fótur. Ég endurtek það, að það er ekkert óvenjulegt í því, að fram undan eru vandasöm viðfangsefni. En mér skilst þá líka, að það sé tilætlunin með því að hafa stjórn í landinu, að það sé hún, sem eigi að glíma við þau og reyna að leysa þau, eftir því sem föng eru á, án þess að það megi ætla sér að leggja það á hv. þm., að þeir sitji hér allt árið, eða ríkissjóð að kosta veru þeirra hér. Sá háttur hefur ekki verið hafður í þessu landi og verður vonandi ekki á næstunni, enda mundi vafalaust það af því leiða, að margir hv. þm. mundu ekki hafa möguleika til að eiga sæti á þingi.

Ég get vísað til þess, sem hv. frsm. meiri hl. n. hefur sagt um þetta, og látið það að mestu nægja. Þess hefur ekki verið kostur að láta Alþ. hafa setu allan ársins hring. Hv. 1. þm. Árn. talaði nokkur orð um það, að þess mætti sjálfsagt vænta, að þegar kæmi fram í maí, stæðu málin ekki verr en svo, að líkur væru til, að hægt yrði að reka síldarútveg landsmanna, enda taldi hann voða vera fram undan, ef það væri ekki hægt. En ég vil minna á það, að það hefur komið áður fyrir í hans þingmennskutíð, að í júnímánuði hafi stj. þurft að taka ákvarðanir til þess að hrinda þeim atvinnurekstri af stað, án þess að Alþ. hefði þá setu. Og slíkt getur enn borið að höndum, og verður að ætlast til þess af hverri ríkisstj., að hún sé fær um að ráða fram úr því, en ella verði að grípa til þess að kalla saman Alþ. Mér finnst, að það komi ekki til mála, eins og nú standa sakir, að kveðja Alþ. saman til fundar á ný í byrjun maímánaðar, þótt hins vegar aðstæður gætu breytzt svo, áður en að þeim tíma kemur, að nauðsyn þætti liggja að því. Og þá yrði það líka gert. En eftir að þingið hefur nú setið lengur en nokkru sinni fyrr, þ. e. þingið, sem mestmegnis var háð á árinu 1944, en nú hefur það sama þing verið háð á annan mánuð af þessu ári, þá þætti mér líklegt, að það væri ósk hv. þm. almennt, að þeim yrði sleppt við það að þurfa að koma aftur á þing í maí, svo skömmu eftir að þetta þing væri úti, nema ýtrasta nauðsyn bæri til. Það má segja, að það væri sanni nær að kalla saman þingið 1. sept., út frá þeim forsendum, sem hv. 2. þm. Rang. gat um. Mér sýnist hins vegar ekki, að þörf sé á að slá því föstu nú. Það sjónarmið, sem hann færði hér fram, verður að sjálfsögðu athugað af ríkisstj., og ég gat um það hér í framsöguræðu minni við 1. umr. þessa máls, að það mætti vel fara svo, einmitt af þeim ástæðum, að ekki yrði talið hjá því komizt að kalla saman þing fyrr en 1. okt. En hins vegar er það heimilt samkv. frv.

Ég vil ekki eyða tíma þingsins með frekari umr., eins og þó tilefni hefur gefizt til í þeim umr., sem hér hafa farið fram. Ég vænti þess, eftir að hv. allshn. hefur fjallað um málið og komizt að þeirri niðurstöðu, sem hún hefur komizt að, þá megi heita tryggt, að frv. verði samþ., og það er í mínum huga aðalatriðið. En hitt er aukaatriði, hvort menn gera sér það til gamans meira eða minna að ræða þetta mál hér í hv. d.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef enga hvöt til þess að halda uppi löngum umr. um málið. Það er ekki það margbrotið, að langar umr. þurfi um það þess vegna.

Eins og við mátti búast af hálfu hæstv. forsrh., færði hann það fram, að ríkisstj. gæti haft það í hendi sér að kalla þingið saman fyrr en til er tekið í frv., m. ö. o. fyrr en 1. okt., ef henni sýndist nauðsyn bera til þess, Hæstv. forsrh. viðurkenndi erfiðleikana, sem nú er við að etja, en sagði nú að vísu, að þeir væru nú einna mestir, þegar blöðandstæðinga ríkisstj. væru að lýsa þeim. Ef þetta væri nú svo, að með sönnu gæti talizt, að það væri

þannig ástatt með þau mál, sem mönnum hefur gengið erfitt að ráða fram úr, að erfiðleikarnir við þau væru nú orðnir mestir á pappírnum, þá væri vel, og þá gætum við verið rólegir. En ég held, að þrátt fyrir það að hæstv. forsrh. beri sig karlmannlega, hafi hann samt það glöggt yfirlit yfir þessi mál, að hann sjái, að við höfum við aðra og miklu meiri örðugleika að etja hér á landi en þá, sem eru á pappírnum í blöðum andstæðinga hæstv. ríkisstj. Það er þó, sem betur fer, enn ekki svo komið, að stöðvun hafi orðið á atvinnurekstrinum í landinu. En þarf ástandið að breytast svo sérstaklega mikið frá því, sem er, til þess að atvinnuvegir landsmanna stöðvist? Og við þurfum ekki að eyða mörgum orðum til að sannfæra menn um, hvað koma mundi í kjölfar slíkrar stöðvunar. Ég ætla ekki að fara nú að fjölyrða um það, en ég veit, að hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. gera sér þess fulla grein.

Hæstv. forsrh. vék að því, að ríkisstj. mundi leysa vandamálin og þm. mundi ekki þykja æskilegt að þurfa að sitja hér kannske mestallt árið. Og það er rétt, að hv. þm. mundi ekki þykja það fýsilegt. Það er síður en svo, að manni þyki æskilegt að sitja svo lengi á þingi sem raun hefur á orðið, en maður verður að gera það. Og fyrir hvaða sakir mundi það þá helzt vera, að þingið hefur setið svo lengi? Það er vitanlega fyrst og fremst fyrir það að það eru það skiptar skoðanir og það ólík sjónarmið innan þingsins, að það fást þess vegna ekki fram nauðsynlegar ákvarðanir til þess að ráða vandamálunum til lykta á stuttum tíma. Og þetta er ekki nýtilkomið nú, heldur er þetta, því miður, búið að vera í þinginu í nokkur ár.

Ég efast ekkert um, að hæstv. ríkisstj. muni af sinni hálfu reyna að leysa vandamálin eftir því sem þau koma fyrir. En þau eru bara mörg þess eðlis, að ég get ekki búizt við, að hæstv. ríkisstj. telji sig m. a. hafa þá stoð í l., sem þarf til þess að leysa ýmis þau vandamál, sem manni virðist, satt að segja, vera til staðar nú, — og getur áreiðanlega bætzt við þau. Bæði fjárhagsmál, atvinnumál og dýrtíðarmál, sem eru nú til úrlausnar, eru það erfið viðfangs og þannig í eðli sínu, að manni virðist, að það megi tæpast dragast mjög lengi, að eitthvað verði reynt að gera í þeim. Og því meiri nauðsyn verður á því, sem erfiðleikarnir verða kannske meiri en þeir eru nú og e. t. v. meiri en við nú komum auga á.

Hæstv. forsrh. vék að því, út af brtt. hv. 2. þm. Rang., að ríkisstj. mundi taka það til athugunar, sem í brtt. felst, hvort nauðsyn væri á því að kalla Alþ. svo snemma saman, sem þar er til tekið. Það kann nú að vera, að ég hafi eitthvað skrýtnar hugmyndir í sambandi við þetta. En mér finnst enn, að það sé ákaflega fjarri, eftir því hvernig málin standa, að Alþ. verði ekki kallað saman fyrr en 1. október. Það getur verið, að menn geti talað um einhvern samkomudag Alþ. á milli 1. sept. og 15. sept. En ekki getur verið áhorfsmál að ákveða, að þingið komi saman ekki síðar en á þessu tímabili. Eftir því sem afurðasölumálin horfa nú við, hlýtur Alþ. að verða að koma saman það tímanlega, að búið sé í þeim dýrtíðarmálum að ráða ráðum sínum fyrir 15. sept. í haust, — nema hæstv. ríkisstj. ætli sér að gera eitthvað í því upp á sitt eindæmi án aðstoðar þingsins. Um það veit ég ekki.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, — þó að ég hafi vikið að þessu, og það er hv. þm. ljóst, hverju máli þetta kann að skipta —, að fjölyrða um þetta mál og get látið máli mínu lokið.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lét svo um mælt hér áðan, að þm. mættu gera sér það til gamans að tala um þetta mál hér í hv. d. Eg segi fyrir mitt leyti, að þó að ég taki til máls um málið örfáum orðum, þá er það ekki vegna þess, að það sé neitt til þess að skemmta mér né hæstv. forsrh., heldur gert í því trausti, að enn þá sé ekki komið svo langt í okkar landi með vissar stefnur í stjórnmálum, sem verið er að brjóta niður annars staðar í heiminum, að það sé þó til einhvers enn að bera fram rök í máli hér á hæstv. Alþ.

Það er vitað, að fyrir 15. sept. n. k. verður að taka til meðferðar eitthvert mesta vandamál Alþ., sem sé dýrtíðarl., sem þá falla úr gildi, þau er nú standa, um afurðasölumálin. Og verður ekki hjá því komizt, að þau verði tekin fyrir af löggjafarvaldinu fyrir þann tíma, nema ríkisstj. ætli upp á sitt eindæmi að taka þetta mál til meðferðar. Hefur komið fram í þessum umr., að mönnum hefur dottið slíkt í hug, þar sem hv. frsm. meiri hl. allshn. lét svo um mælt, að hugsanlegt væri, að verðlagsmálin yrðu leyst af núv. hæstv. ríkisstj. fyrir 15. sept. n. k. Nú er vitað, að þessi verðlagsmál verða ekki, eins og sakir standa, leyst nema með l., og hafa þau á undanförnum árum reynzt mestu og viðkvæmustu vandamálin, sem við er að fást. Það er því beinlínis gefið í skyn, og líka með frv. hæstv. ríkisstj., að hæstv. ríkisstj. geti hugsað sér þann möguleika að leysa þessi mál á eigin ábyrgð, með því að gefa úr brbl. um það, hvernig þessu skuli hagað. Nú er því haldið fram, að það sé hugsanlegt, að þetta mál og þau vandamál, sem fyrir hendi eru, sé hægt að leysa með því móti, að þingið komi ekki saman fyrr en 1. okt. og það verði gert á þremur síðustu mánuðum ársins að leysa þau erfiðu viðfangsefni, sem þá væru þó eftir, þó að ríkisstj. tæki þann hátt upp að leysa á eigin ábyrgð þau mál, sem eru viðkvæmust öllum þegnum þjóðfélagsins, og það fyrir 15. sept. n. k. Því var haldið fram á síðasta ári, að það væri nægilegt að kalla þingið saman 15. sept. En þegar til kom, taldi þáv. hæstv. ríkisstj., að ekki yrði hjá komizt að kalla þingið saman 2. sept. til þess að ráða fram úr um verðlagsmálin, sem skipan þurfti að komast á fyrir 15. sept. þ. á., og sama nauðsyn í þessu efni er alveg eins nú fyrir hendi. En var það nægilegt, að þingið kæmi saman 15. sept. þá, ef átt hefði að vera búið að leysa þessi mál á viðunandi hátt fyrir árslok? Svarið er, að við sitjum nú hér á þingi, 8. febrúar 1945, með þau mál óleyst, sem átti að vera búið að leysa fyrir lok ársins 1944. Og það sýnir, hvort hægt var á stuttum tíma að leysa þau. Og það er vitað, að alllangur tími er enn, þangað til búið verði að leysa þau. Og m. a. vandamálið, sem átti að leysa fyrir 15. sept. s. l., er ekki leyst enn í dag, þar sem framkvæmd dýrtíðarmálanna eftir till. búnaðarþings í haust er ekki búin að fá staðfestingu þingsins enn í dag. Og framkvæmd þeirra mála er eingöngu byggð á bráðabirgðasamþykkt þingsins um það, að þetta skyldi vera í gildi eins og áður, þar til fullnaðarsamþykkt

fengist um málið á þingi. Þetta liggur nú í fjhn. og er ekki komið til afgreiðslu. M. ö. o., það er staðreynd, að eftir 5½ mán., sem Alþ. hefur setið að þessu sinni, síðan í haust, er ekki enn búið að leysa það viðfangsefni, sem átti að vera búið að leysa fyrir 15. sept. s. l. Og allar þær ráðstafanir, sem gerðar eru og hæstv. ríkisstj. byggir sínar framkvæmdir á í dýrtíðarmálunum, eru eingöngu bráðabirgðaráðstafanir, sem falla úr gildi jafnskjótt sem verðlagstímabilið er liðið, sem nú er til tekið. — Nú skyldi maður ætla, að eftir svona langa þingsetu, sem nú er orðin, væri búið að ráða fram úr ýmsum þessum vandamálum þannig, að hægara væri að skipa þessum dýrtíðarmálum næsta haust en var á s. l. hausti og að ríkisstj. héldi því fram, að dýrtíðarfrv., sem nú liggur fyrir þinginu, hefði verið afgreitt þannig, að vandamálið, sem það er um, væri leyst, og sömuleiðis skyldi maður ætla, að búið væri á svona langri þingsetu að leysa skattamál, sem frv. hafa komið fram um, og annað slíkt, sem frv. liggja fyrir um nú, þannig að auðveldara yrði fyrir hæstv. ríkisstj. að ráða fram úr þessum málum á næsta hausti, og þess vegna þurfi ekki nema stutt þinghald, að áliti ríkisstj., til þess að ráða fram úr þessu. En það er ekki sannleikanum samkvæmt, því að yfirlýsingar eru í blöðum hæstv. ríkisstj. um, að þetta allt, sem bráðabirgðaráðstafanirnar eru um, sé alröng stefna í málunum, og þess vegna verði grundvöllur þessara bráðabirgðaráðstafana að takast upp á ný til athugunar og fullkominnar úrlausnar á næsta þingi. Það er þar af leiðandi augljóst, að það er skoðun hæstv. ríkisstj., að ekkert af þeim aðkallandi málum, sem verið er að reyna að leysa og vandasömust eru, fjárhags- og atvinnumál, hafi þá skipun nú, sem sé annað en bráðabirgðaskipun, lausn þeirra sé enn ekki annað en bráðabirgðalausn. Og þó tekur það kannske 6 mánuði að koma á þessari bráðabirgðalausn eftir þessari alskökku stefnu, sem blöð hæstv. ríkisstj. telja, að sé. Þegar það hefur tekið svo langan tíma, er þá líklegt að fljótar gangi, þegar snúa á alveg við og taka nýja stefnu? Mér virðist það svo augljóst mál eftir þessar yfirlýsingar ríkisstj. um, að hún sé á skakkri leið í fjármálum og að hún ætli ekki nema í eitt skipti að samþ. til ársins suma þá tolla, sem nú á að setja, að vandamálin geti ekki orðið leyst á stuttum tíma. Þjóðin á heimtingu á, að sú nýja stefna sé lögð fram fyrir hana í tæka tíð. Það getur ekki beðið þangað til í árslok. Ef svo færi, að þingið þyrfti ekki nema 3 mánuði til að leysa þessi mál, þyrfti það ekki að sitja neitt lengur, þótt það kæmi snemma saman. En ef þær lausnir ætti að knýja fram á of stuttum tíma og ljúka við rétt fyrir áramót, yrðu það óskemmtilegri vinnubrögð heldur en ef til þess væri ætlaður hæfilegur tími.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekki yrði séð um fjárhagsafkomuna fyrr en seint á árinu. Það er ekkert nýtt. Hana hafa menn aldrei séð fyrr en seint á árinu, og hefur það ekki verið því til fyrirstöðu að ákveða í stjórnarskránni samkomudaginn 15. febr. Það má líka segja, að 1. okt. sé ekki nokkur vegur að sjá fyrir afkomu ársins. Eftir er þá að selja megnið af landbúnaðarafurðunum og verulegan hluta sjávarafurða. Segja mætti því, að bezt væri að semja aldrei fjárl. né afgreiða vandamál fyrr en eftir lok þess árs, sem skylt er að afgreiða þau á. En ég vænti, að þm. skilji, hve háskaleg sú braut er.

Vitað er, að 15. sept. falla niður bráðabirgðaákvæðin um vandasamasta málið, sem fyrir þinginu liggur, og þann vanda verður ekki hægt að leysa með brbl. á ábyrgð ríkisstj. einnar. Mér þykir ekki líklegt, að Alþ. vilji hafa það eins og þing einnar þjóðar 1934 að samþ. að hverfa heim og fela ríkisstj. löggjafarvaldið framvegis, enda sjá menn nú, hve gott sú þjóð hefur haft af því. Ummæli hafa hér fallið, sem á það úrræði gætu minnt, en ég vona, að slíkt heyrist sem sjaldnast hér á Alþingi. S. l. sumar var alls ekki hægt að verðleggja sumar innlendar afurðir. Þannig var með nýtt dilkakjöt fram til 16. sept., og olli það mikilli óánægju meðal neytenda og markaðstapi fyrir framleiðendur. Öllum er mikill óhagur að því, að þetta endurtakist, en ekkert er líklegra en svo fari, ef þing kemur ekki saman í vor.

Boðorð *ríkisstj. í þessum efnum virðist vera*: Geymdu allt til morguns, sem gerast skal í dag, — ef nokkur leið er að skjótast undan skyldunni að gera það í dag. Hingað til hefur þetta ekki þótt hyggilegt og er það varla enn, þó að stjórnin hyggi þarna á nýskipun og nýsköpun.

Það má vel vera, eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, að ekki sé nauðsyn að kalla þing saman strax í maíbyrjun, og má deila um, hvaða dagur sé æskilegastur. En eins og hann sýndi ljóslega verður ekki komizt hjá þinghaldi miklu fyrr en frv. ráðgerir. Sé ég ekki ástæðu til að fara nú um það fleiri orðum.

Skúli Guðmundsson: Ég ætla mér ekki að lengja þessar umr. neitt að ráði, en vil þó minnast á eitt atriði í því sambandi. Ein af helztu ástæðum þeirra, sem mæla með frv., er, að mjög erfitt sé að afgreiða fjárlög í vor, svo mörgum mánuðum áður en þau eiga að koma til framkvæmda. Nokkuð er til í því. En þá vil ég benda á hitt, að ástandið í fjármálum ríkisins er þannig, að varla er verjandi að fresta samkomudegi Alþingis til 1. okt. Þessi ástæða vegur miklu meir en móti hinni. Útlitið um afkomu ríkissjóðs á þessu ári er allt annað en gott, og verður að telja ákaflega hæpið, að ríkisbúskapurinn verði hallalaus á árinu, þrátt fyrir nýju skattana. Sumir þessir nýju skattar eru þannig, að hæstv. stjórn hefur lýst því yfir, að óhugsandi sé að framlengja þá, en hins vegar óupplýst, hvað á að koma í þeirra stað. Ekkert *hefur komið fram frá ríkisstj. um það. Hins vegar* hljóta gjöldin að verða enn hærri á næsta ári en nú, ef sömu stefnu í fjármálum er framfylgt. Nú munu verða afgreidd ný launal., sem koma til fullra framkvæmda 1946, og verður af þeim mikill útgjaldaauki. Þá má búast við þörf á auknu fé til dýrtíðarráðstafana, eigi vísitalan ekki að hækka, en flestir munu á einu máli um, að útflutningsatvinnuvegir okkar þoli ekki meiri hækkun. Þá hefur stjórnin tilkynnt, að bráðlega skuli sett ný tryggingarlöggjöf, og gera má ráð fyrir, að ríkissjóður beri nokkurn þunga af henni. Tekjuþörf ársins 1946 hlýtur því að verða miklu meiri en 1945. Þetta er svo mikils varðandi mál, og mörg önnur, sem leysa þarf, að þeim viðfangsefnum er ófært að fresta til elleftu stundar. Mér virðist það sjálfsögð krafa til ríkisstj., að hún geri í tæka tíð grein fyrir því, hvernig hún hugs-

ar sér að leysa þessi mál. Það getur vel svo farið, að ekki verði unnt að komast að samkomulagi um fjármálaafgreiðsluna fyrr en að loknum kosningum. Hvernig erum við á vegi staddir, ef nauðsyn reynist að láta kosningar fara fram, vegna þess að samkomulag næst ekki um málin á þingi, sem hefst ekki fyrr en 1. okt.? Kosningar yrðu þá látnar fara fram á jólaföstu næsta vetur, og ætla ég ekki að ræða um, hversu óverjandi slíkt er. Síðan leiddi af þessu, að enginn kostur væri á að afgreiða fjárl. fyrir áramót.

Nú er það að vísu svo, að það er okkur þm. ekkert ánægjuefni að þurfa að sitja hér mikinn hluta af árinu, sízt okkur, sem eigum heima fjarri Reykjavík. Þó er til þess ætlazt af þeim, sem taka að sér þessi störf, að þeir skorist ekki undan skyldunni að sitja á þingi, þegar þess raunverulega þarf, og persónuleg sjónarmið verða þar að víkja.

Með því að skjóta þinghaldi ársins 1945 svo á frest sem ríkisstj. vill gera, tel ég aðkallandi málum teflt í allt of mikla tvísýnu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mig hefði langað til að fá dálitlar skýringar hjá hæstv. ríkisstj. Það eru ekki margir dagar, síðan frv. þessu var útbýtt. Aðalforsenda þess var þá sú, að þing væri búið að sitja lengi og ljúka afgreiðslu þeirra mála, sem aðkallandi væru í bili. Hvað á ríkisstj. við? Enn er óafgreitt dýrtíðarfrv. Er ekki aðkallandi að afgreiða það? Ef til vill ekki? Enn er ekki komið úr n. í Ed. veltuskattsfrv. og á síðan eftir að koma til þessarar d. Er ekki aðkallandi að afgreiða það? Launafrv. er ekki komið úr n. þessarar d. Er nú ekki lengur orðið aðkallandi að afgreiða það? Og sé þessi forsenda rétt, því er ríkisstj. þá að láta okkur sitja yfir málum, sem eru ekki talin aðkallandi? Það er víst búið að afgreiða hin, sem „aðkallandi" voru. Af því að nú er hér einn ráðh., en oftast sést enginn þeirra, vona ég, að hann geti skýrt þetta f. h. ríkisstj.

Hæstv. forsrh. talaði hér áðan og sagði, að hæstv. þm., eins og hann orðaði það, óskuðu þess almennt að þurfa nú ekki að sitja lengur þing og yrðu því fegnir, að þingið yrði ekki kallað saman fyrr en seint á árinu. Ég býst við, að ráðh. gleymi að gera greinarmun á persónulegum óskum þm. og skyldum þeirra. Enginn vafi er á, að hver þm. óskar eftir persónulega að þurfa ekki að sitja lengur á þingi nú og þurfa ekki að mæta á þing í vor. En þess þarf, og þá dugir ekki að mögla. Þingþreytan er talin valda því, að heill hópur þm. lætur ekki sjá sig á þingi dögum saman, og sumir þm. láta sig sífellt vanta, þegar afgreiða á mál. En ég hygg, að hér valdi miklu vöntun á því að finna, hvað er skylda, og framkvæma hana. En skylda og persónuleg löngun eru sitt hvað. Þann greinarmun fann ég, að hæstv. forsrh. gerði engan. En hann þyrfti að þekkja hann.

Ég get tekið undir það mjög ákveðið, að mér er með öllu óskiljanlegt, hvernig ríkisstj. getur hugsað sér, að þingið þurfi ekki að koma saman fyrr en 1. okt. Þegar hefur verið á það bent, hvað af því getur hlotizt og muni hljótast, og þarf ég ekki að endurtaka það. Finnst þm. ekki saka, þótt ekkert sé aðhafzt, fyrr en að morgni 16. sept., þegar núverandi verðákvarðanir eru fallnar úr gildi? Á þá mjólkurverðlagsn. að koma saman og setja sitt mjólkurverð, kr. 1,80 á lítra eða 2 kr. eða hærra, og kjötverðlagsn. í öðru lagi sitt verð á kjöt og láta þetta síðan verka á vísitöluna? Eða sér stjórnin svo langt fram í tímann, að hún treysti á, að þetta verði vandalaust mál?

Álit mitt er, að þing verði að koma saman í allra síðasta lagi um miðjan ágúst. Það taldi ég einnig nauðsynlegt í fyrra, en það var þá dregið, og afleiðingarnar þekkjum við.

Ég get þá líka hugsað mér, að einhver ástæða sé kannske í undirvitundinni til þess, að þetta frv. er fram komið. Kannske það hafi þótt svo ákaflega ánægjulegt 1942, þegar sami hv. ráðh., sem nú var að leggja þetta frv. fyrir þ., varð að láta bráðabirgðafjárl. gilda langt fram á árið 1943, vegna þess að ekki vannst tími til að samþ. fjárl. fyrir áramót? Kannske honum hafi þótt þetta fordæmi svo ánægjulegt, að hann langi til, að það endurtaki sig, með því að láta þ. koma svo seint saman, að vonlítið sé, að fjárl. séu samþ. fyrir áramót? Mér þótti skammarlegt, að það skyldi koma fyrir þá, og mig langar ekki á neinn hátt til þess, að það endurtaki sig.

Það var nú svo, að þegar núv. ríkisstj. settist í ráðherrastólana, var mikið talað um nýsköpun og um þá nýju merkilegu stefnu, sem hæstv. stj. ætlaði að taka upp á ýmsum sviðum. Þá voru allir vegir færir í fjármálum. Það þurfti bara að hvíla sig og hugsa málið svolítið, svo kom leiðin. Og Alþ. var gefið frí. Þegar það var búið, voru komin fram nokkur vandamál og vandræði að leysa þau. Á endanum komu þó nokkur frv., en öll með þeim formála, að þau séu einungis til bráðabirgða. Stefnan, sem fram komi í frv., sé algerlega röng og henni verði að gerbreyta.

Þegar ríkisstj. var búin að finna þetta, kom það næst, að hún þyrfti einhvern tíma til þess að finna þessa nýju stefnu, sem hún ætlar þá að fylgja, fyrst hún fann hana ekki áður en hún settist í stólana. Náttúrlega hefði verið skemmtilegast, að hún hefði fundið stefnuna áður, því að ævinlega er bezt að vita, hvert maður ætlar, áður en maður leggur af stað; það er verra að átta sig, þegar maður er kominn eitthvað áleiðis. En það var nú ekki, og nú er bara spurningin frá mínu sjónarmiði: Hvað þarf ríkisstj. langan tíma til þess að finna þessa stefnu? Hvað er langt þangað til, að hún getur sagt Alþ. og þjóðinni allri, hvaða stefnu hún ætli að fylgja í dýrtíðarmálunum og fjármálum? Hún er búin að lýsa því yfir, að það þurfi að hverfa frá þessari stefnu, sem fylgt hefur verið í fjármálum og afurðasölumálum, en þá er líka alveg nauðsynlegt, að hún lofi þ. og þjóðinni allri að heyra eins fljótt og verða má, hver nýja stefnan er, sem hún ætlar sér að taka upp. Eftir þessu frv. ætlar hún ekki að gera það fyrir 1. okt. Það er nokkuð löng bið, og það, sem af henni hlýzt, er líka það, að ef sú stefna ekki hefur meiri hluta þ. með sér, leiðir óumflýjanlega af því, að kosningar verða að fara fram á vetri komanda. Ég held, að hæstv. stj. hljóti að nægja skemmri tími til þess að forma stefnu sína og koma með hana fyrir þ.

Ég er ekki á sama máli og sessunautur minn um það, að bezt sé að hafa þ. á haustin. Eins og reikningshaldi ríkisins er nú háttað, fer því mjög

fjarri, að það sé hagkvæmt. Ef við ætlum að fara inn á þá braut, þarf líka að breyta reikningshaldinu. Í stað þess að hafa reikningsárið almanaksárið, yrði það að vera frá sept.lokum til nóv.byrjunar.

Svo að ég víki nú aftur að stefnumálum stj., þá langar mig að spyrja, hvort hún hafi ekki getað hugsað um stefnuna, sem hún er að leita að, í fríunum tveimur, sem hún hefur fengið, svo að þjóðin og þ. gæti heyrt hana nógu snemma, til þess að kosningar geti farið fram á hæfilegum tíma, ef meiri hl. þ. aðhyllist ekki þessa stefnu, þegar hún loks er fundin. En nú er fleira, sem til greina kemur. Það mun leiða til algers öngþveitis, ef ekki verður fyrir 16. sept. búið að ganga frá sölufyrirkomulagi landbúnaðarafurða, en þar sem þ. verður að gera það að einhverju leyti, þá tel ég með öllu ótækt að samþ. frv. þetta óbreytt. Ég tel, að það eigi að samþ. till. minni hl. n., sem miðar við byrjun maí, en ef hæstv. ríkisstj. getur fært rök fyrir því, að það sé of stuttur frestur til þess, að hún geti markað stefnu sína í fjármálum og dýrtíðarmálum, þá get ég gjarnan verið með því að gefa henni lengri frest um mánuð. Ég mun þó ekki koma með neina brtt., heldur fylgja brtt. hv. minni hl. n., og verði hún felld, fylgi ég brtt. á þskj. 1071, sem *er sýnu skárri en frv. stj. óbreytt.*

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég hef því miður ekki heyrt þær umr. allar, sem hér hafa farið fram, en þó nóg til þess, að ég tel mér ekki fært að sitja hjá með öllu við þessar umr., sérstaklega þar sem hæstv. ráðh. eru ekki viðstaddir, en til stj. hafa ýmis orð fallið.

Hv. 2. þm. N.-M. innti eftir því, hvað verða ætti af þeim frv., sem nú bíða úrlausnar: Skattal., launal. og fleiri l., sem hann nefndi. Þetta frv. segir ekkert um það. Það er alveg sama, hvort samkomudagur Alþ. er ákveðinn 1. maí, 1. sept. eða 1. okt. Það eru alveg sömu möguleikar á því að afgr. þessi frv., hvað sem samkomudeginum líður. Næsti samkomudagur Alþ. hefur lítil eða engin áhrif á það, hvort þessi mál verða afgr. (**PZ:** Hæstv. ráðh. segir sjálfur, að lokið sé að afgr. öll aðkallandi mál, og ég spurði, hvort búið væri að afgr. þau.) Það má vænta þess, að þau mál verði afgr. á þessu þ., hvort sem samkomudagur Alþ. verður ákveðinn 1. maí, 1. sept. eða 1. okt. Það breytir engu um afgr. þessara l., hvenær samkomudagur Alþ. verður ákveðinn. Hv. þm. sagði einnig, að hér væri blandað saman persónulegum óskum þm. og skyldum þeirra, og hann fullyrti einnig, að hæstv. forsrh. gerði sér ekki grein fyrir þeim mismun, sem þar er á milli. *Ég held, að þetta sé alveg ómaklega mælt hjá* hv. þm. Ég sé ekki, að í þessu frv. sé á neinn hátt blandað saman persónulegum óskum og þeim skyldum, sem þm. gera sér ljóst, að þeim ber að inna af hendi. Það, sem vakti fyrir ríkisstj., þegar hún bar fram frv. þetta, var það, að frestað yrði fram eftir árinu þeim þingstörfum, sem sýnilega yrði erfitt að ljúka, ef þ. kæmi saman 15. febr.

Það hefur verið svo undanfarið, að fjárl. hafa verið afgr. og gengið frá þeim síðari hluta ársins og um áramót. Það er því ekki í fyrsta skipti nú, að ætlazt sé til að afgr. þau í nóv. eða des., heldur hefur það verið gert á fjöldamörgum undanförnum þ., án tillits til þess, hvort horfur væru á samkomulagi um þau eða ekki. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða til að óttast, að afgr. fjárl. fyrir 1946 þurfi að fara frekar úrhendis en verið hefur á mörgum undanförnum þ. Ég held þvert á móti, að meiri líkur bendi til þess að takast megi að afgr. fjárl. næsta haust en verið hefur áður. S. l. tvö ár hefur setið hér stj. að völdum, sem ekki hefur haft þingmeirihluta að baki sér, en þrátt fyrir það hefur þó tekizt að afgr. fjárl. undir lok ársins, án þess að til kosninga hafi þurft að koma, og ég vildi ætla, að meiri ástæða væri til þess, að nú tækist að afgr. þau, þegar fyrir liggur ákveðinn þingmeirihluti, sem stendur á bak við núv. stj. Ég veit ekki, hvort fyrir hv. þm., sem andmælti þessu frv., vakti, að það ósamkomulag kunni að koma upp hjá þeim, sem að stj. standa, *að það leiði til þess, að samkomulag takist ekki* um afgr. fjárl., en eitthvað slíkt hlýtur það þó að vera. Ég sé ekki, að líkindin, eins og nú stendur, séu minni, heldur meiri fyrir því, að samkomulag náist um afgr. fjárl. nú heldur en oft áður, og það er náttúrlega aðalatriði málsins, því að ef líkur eru til þess, að afgr. fjárl. takist í árslok, er engin ástæða til að flýta samkomudegi þ.

Þá vil ég loks benda á, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er samkomudegi Alþ. ekki slegið föstum, heldur ákveðið, að hann skuli verða ekki síðar en 1. okt., en það er að verulegu leyti annað en að segja, að hann skuli verða þennan ákveðna dag, því að eins og hv. þm. væntanlega hafa séð og lesið í frv., þá stendur þar, að Alþ. skuli koma saman eigi síðar en þennan dag og þá, nema forseti Íslands hafi ákveðið annað. Ef málin hins vegar skipast þannig, að nauðsynlegt verði að kalla þ. saman fyrr en þá, verður það vitanlega gert. Ég tel þess vegna, að það sé engu sleppt og engu tapað, þótt frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir. Möguleikar til þinghalds fyrr á árinu eru fyrir hendi. Hægt er að kalla þ. saman bæði 1. maí og 1. sept., ef ástæður þykja til, svo að allt tal um, að hér sé verið að stofna einhverju í voða með þessu ákvæði, er alveg út í hött. Hins vegar eru mikil líkindi til þess, að það verði miklu hægara, þegar líður á árið, að semja skynsamleg fjárl. og því *heppilegra að fresta samkomudegi* þ. eins lengi og fært þykir.

Ég held, að í þessum tveimur síðustu ræðum, sem ég hef heyrt og voru hvassyrtar, má ég segja hafi ekki verið fleira, sem gefi mér tilefni til frekari andsvara.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér þykir leiðinlegt, að þessi hæstv. ráðh., sem var að setjast niður, skuli ekki vera búinn að læra að fara með rétt mál. Hann er að tala um, að það standi í 1. gr., að þ. skuli koma saman „eigi síðar" en 1. okt. Það stendur hvergi „eigi síðar" (**Samgmrh.:** Þetta er útúrsnúningur.) Hann sagði, að það stæði „eigi síðar", en það er ekki stafur um það. Ég vona, að hann dragi ekki lengi vondan dám af þeim félagsskap, sem hann er nú kominn í.

Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr grg. fyrir þessu frv.: „Eru til þess ýmsar ástæður (að frv. er lagt fram), þ. á m. sú, að þ. hefur nú starfað óslitið að heita má síðan 2. sept. og lokið þeim störfum, sem aðkallandi eru í bili."

Ég nefndi svo nokkur mál, sem liggja fyrir þ. og ekki er lokið, og spurði hæstv. ráðh. og hæstv. stj., hvort þessi mál væru ekki aðkallandi. Ég hef ekkert svar fengið. Ég fæ ekki annað svar hjá hæstv. ráðh. en að þ. muni sitja svo lengi núna, að þessi mál verði afgr. Það er allt annað mál. Það er sagt í grg., að búið sé að ljúka aðkallandi málum, svo að það mætti víst slíta þ. á morgun. Nú veit ég, hvaða mál eru eftir, og ég spyr aftur: Eru þau mál ekki aðkallandi? Á að svíkja launamálið? Eru skattamálin ekki aðkallandi? Þarf ekki að afgr. dýrtíðarmálin, eða er stj. að skrökva að þ., þegar hún hefur þessi ummæli í grg.? Ég talaði ekkert um, að það hafi staðið í frv., sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að þm. myndu yfirleitt óska þess að þurfa ekki að sitja lengur á þ. Það stendur ekki neitt um þetta í frv. Hann talaði um það sem eina aðalástæðu fyrir þessu og gerði þar engan greinarmun á því, sem þm. persónulega óskuðu, og því, sem væri skylda þeirra. Þetta segi ég, því að ég sé, að bæði hann og aðrir þekkja ekki mun á persónulegum óskum sínum og skyldu sinni. Þegar þm. vantar í 21 skipti af 42 við nafnakall, eins og dæmi eru til, þá þekkja þeir ekki mun á persónulegum óskum sínum og skyldum.

Hæstv. forsrh. áleit, að hann væri að gera þm. til geðs með því að láta þ. koma sem seinast saman, til þess að þeir þurfi sem stytzt að sitja þ. Þetta getur hann gert þeim persónulega til geðs, en ef þeir finna, að þeir hafa skyldur að rækja, þá meta þeir þær meir en persónulegar óskir, sem kunna að gera greinarmun á þessu tvennu, en það sjá allir nú, hafi þeir ekki vitað það áður, að það kann hæstv. forsrh. ekki. Ég óska þess, að hæstv. forsrh. komist í skilning um þetta, að það er munur á persónulegum óskum þm. og þeim skyldum, sem þeir hafa tekið að sér.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það eru aðeins nokkur orð til andsvara hv. 2. þm. N.-M.

Hann sagði, að ég hefði farið rangt með, að ég hefði sagt, að reglulegt Alþ. skyldi koma saman eigi síðar en 1. dag okt., og ég stend við þetta, hvað sem hv. þm. segir, því að í frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Reglulegt Alþingi 1945 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.“

Þetta þýðir, að þ. skuli koma saman eigi síðar en 1. dag okt., því að 1. okt. er sá síðasti dagur, sem á að verða samkomudagur Alþ., en öllum möguleikum fyrir samkomudegi fyrr á árinu er haldið opnum.

Í öðru lagi var hv. þm. að tala um þau mál, sem enn væru óafgr. Ég vil aðeins segja nokkuð svipað um það og ég sagði áðan, að það hefði engin áhrif á samkomudag Alþ., að þau mál væru enn óafgr. Það er alveg jafn möguleiki á því að afgr. launal. og skattal. á þessu þ., hver svo sem samkomudagur þ. verður. Þessi mál verða afgr. á þessu þ., eins og hv. þm. veit mæta vel, og það er því algerlega út í hött hjá honum að vera að ræða um þau.

Að lokum minntist hann á það, hverjir sæktu þingfundi og hverjir ekki. Ég tek það ekki til mín, því að ég tel, að ég hafi sótt þingfundi eins og efni hafa staðið til og ekki vantað a. m. k. á neitt að ráði af þingfundum, svo að hv. þm. hefur enga ástæðu til að drótta því að mér, að ég hafi ekki sótt þá.

ATKVGR.
Brtt. 1061 felld með 17:8 atkv.
— 1071 felld með 17:12 atkv.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Þegar þetta frv. var hér til umr. fyrr í dag, lágu fyrir tvær brtt. við það, í fyrsta lagi frá minni hl. hv. allshn. og í öðru lagi frá fjórum hv. þm. Þessar brtt. voru báðar felldar af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., svo að frv. er nú við 3. umr. eins og það var í fyrstu lagt fyrir.

1. gr. frv. kveður svo á um, að reglulegt Alþ. 1945 skuli koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Mér finnst ekki vera hægt að skilja þetta öðruvísi en þannig, að hæstv. ríkisstj. ætli sér ekki að kveðja hv. Alþ. saman til fundar fyrr en 1. október n. k., nema eitthvað óvænt komi fyrir, m. ö. o., að Alþ. verði ekki kvatt saman fyrr, nema eitthvað það komi fyrir, sem nú er ófyrirsjáanlegt, sem geri, að dómi hæstv. ríkisstj., nauðsynlegt að kveðja það saman fyrr. Ég get ekki skilið efni gr. öðruvísi en á þennan veg. — Nú vil ég benda á í þessu sambandi, að fyrir hv. Ed. liggur frv. til l. um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, sem hefur legið alllengi fyrir Alþ., og eftir því, sem fram hefur komið frá hæstv. ríkisstj., mun mega gera ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. nú, áður en þ. lýkur.

Þetta frv. er um bráðabirgðaákvæði, sem eiga að falla úr gildi 15. sept. n. k. eða hálfum mánuði fyrr en hæstv. ríkisstj. ætlar að kalla þ. saman til fundar. Nú er það ljóst, að ef engar sérstakar ráðstafanir verða gerðar í stað þessara bráðabirgðaákvæða, þegar þau falla úr gildi um miðjan sept. n. k., þá hlýtur það að hafa þær afleiðingar, að dýrtíðin eykst verulega, en hins vegar virðist svo, eftir þessu frv. um samkomudag reglulegs Alþ., sem hæstv. ríkisstj. ætli sér upp á eigin spýtur að ráða fram úr þessum dýrtíðarmálum, án þess að hafa Alþ. þar með í ráðum. Það, að þetta bráðabirgðaákvæði fellur niður um miðjan sept. n. k., er fyrirsjáanlegt nú í dag og er því ekki eitt af því óvænta, sem fyrir kynni að koma, sem gerði það að verkum, að hæstv. ríkisstj. teldi ástæðu til að kalla hv. Alþ. fyrr saman. Ég get því ekki dregið aðra ályktun af þessu en hæstv. ríkisstj. ætli sér að gera þær ráðstafanir, sem henni kunna að þykja nauðsynlegar í þessum dýrtíðarmálum upp á eigin spýtur, án þess að hafa þá þ. starfandi til þess að afgreiða þau mál. Út af þessu vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi nú þegar tekið nokkrar ákvarðanir um það, hvernig hún muni snúast við þessu máli, þegar þar að kemur, eða hverjar ráðagerðir hún kunni að hafa

á prjónunum um þessi mál. Þetta er síðasta umr. um þetta frv. hér í hv. d., og þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram þessa spurningu fyrir hæstv. ríkisstj. og óska svars.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. V.-Húnv. geri sér sjálfum ljóst, að enda þótt það frv., sem hér liggur fyrir, hljóði eins og hann las það nú hér upp, þá segir ekkert í því um það, að ríkisstj. hugsi sér ekki að kalla saman þ. nema eitthvað alveg óvænt komi fyrir. Varðandi það, sem hv. þm. sagði, gætu málin m. a. legið þannig fyrir 1. eða 10. sept. n. k., að ríkisstj. teldi sig ekki þurfa af þeim ástæðum að kalla saman þ., og mun hún þá ekki verða bundin til að kalla þ. saman, en ef ríkisstj. álítur hins vegar af þessum eða öðrum ástæðum, sem hvorki hv. þm. né ég getum sagt um með neinni vissu, þörf á að kalla saman þ. fyrir hinn tiltekna dag, þá mun hún gera það. Í ræðu hv. þm. kom ekkert nýtt fram. Frsm. minni hl. allshn. tók fram þessi atriði fullglögglega hér í dag, svo að fyrirspurn hans er óþörf.

Ég vil og í tilefni af öðrum ræðum, sem hér hafa verið fluttar í dag, endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég legg enga áherzlu á að fara að karpa um þetta mál, en legg áherzlu á, að það nái fram að ganga. Að öðru leyti getur hver sagt sem honum þóknast.

Skúli Guðmundsson: Út af ræðu hæstv. forsrh. finnst mér ástæða til þess að beina til hans þeirri fyrirspurn, hvort hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir því að gera einhverjar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, þegar bráðabirgðaákvæðin falla úr gildi, án þess að kalla þ. saman til þeirra ákvarðana.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ríkisstj. mun á þeim tíma gera það, sem hún hyggur farsælast í þessu máli sem öðrum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 121. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 122. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1014, n. 1086).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Hv. allshn. hefur nú haft þetta mál til meðferðar og gefið út um það nál. á þskj. 1086, og þar er í raun og veru allt það sagt, sem um þetta mál er að segja. Eins og nú er komið, er alveg sjálfsagt að fresta samkomudegi þingsins til hausts og með öllu ástæðulaust að ákveða hann fyrr en 1. október.

Ingvar Pálmason: Mér þykir rétt að láta þetta mál ekki fara svo úr þessari hv. d., að ég ekki geri grein fyrir atkvæði mínu. Ég greiddi frv. atkvæði til 2. umr. og n. og bjóst við, að við þetta mál yrðu höfð svipuð vinnubrögð og um mál almennt. Það má segja, að það sé nú tæplega, því að ekki munu vera liðnir nema tveir klukkutímar síðan málinu var vísað til n., og er nokkur ástæða til að halda, að það hafi verið fljótleg athugun.

Ég skal þá skýra frá því strax, að ég get ekki fylgt þessu frv. út úr þ. óbreyttu, og liggja til þess fleiri en ein ástæða. Það má nú benda á, að þetta þ., sem við nú sitjum enn, var upphaflega kallað saman 10. jan., að mig minnir, en var svo frestað til 2. sept., og var það náttúrlega að miklu leyti lýðveldisyfirlýsingin á Þingvöllum 17. júní, sem gerði að verkum, að nauðsynlegt var að fresta þ. Ég hygg, að hafi ekki verið mikill ágreiningur um það, og enn fremur hygg ég, að ekki sé mikill ágreiningur um, að eins og nú standa sakir er erfitt bæði að leggja fjárlagafrv. fyrir þ. nú í febr., enda augljóst, að þessu þ. verður ekki lokið 14. febr., svo að það verður að fresta þ. eitthvað, og í annan máta er það viðurkennt, að erfitt sé að afgreiða fjárl. til fullnustu fyrr en nokkuð er liðið á árið og frekar sést um fjárhagsafkomu ársins. En þessi reynsla, sem við höfum fengið af haustþingi, sannar mér a. m. k. það, að það að draga að kalla þ. saman þar til 1. okt. er sama og halda við sama vandræðaástandinu og verið hefur um, að við losnum ekki við ársþing fyrr en allmikið er liðið á næsta ár. Þetta tel ég mjög óvarlegt, m. a. af þeirri reynslu, sem við höfum fengið.

Þegar hin nýja stj. var mynduð, var hún mynduð á málefnasamningi, sem eðlilegt er, og ef ég man rétt, þá átti að leysa á þessu þ., sem enn þá stendur yfir og búið er að standa á annað ár, eitt af samningsmálunum, sem var endurskoðun á launal. starfsmanna ríkisins. Það mál var undirbúið af n., og ég skal engan dóm leggja á þann undirbúning, því að ég er ekki fær að dæma um það, en víst er það, að allmikil vinna hefur verið lögð í málið. Þó er það svo, að enn þann dag í dag er málið ekki komið lengra en það, að það er í n. síðari d. Þetta virðist mér benda til þess, að þegar á næsta þ. á að fara að leysa annað samningsmálið, sem ég hygg hafi verið nefnt tryggingamál, þá sé mikið, sem bendi til þess, þegar litið er til reynslu og útkomu fyrsta samningsmálsins, launamálanna, að tæplega muni vinnast á 3 mánuðum að ljúka því máli, svo að þ. gæti orðið lokið á skömmum tíma. Að vísu veit ég ekki neitt um, hvað undirbúningi þessa máls líður, en ekki veit ég til, að nein föst n. hafi starfað í því máli. Ég lít svo á, að þetta mál nr. 2. í málefnasamningi stj. sé bæði umfangsmeira og sízt vandaminna en það mál, sem leysast átti á þessu þ. og sennilega verður leyst, ef þ. stendur nógu lengi. Ég tel, að það sé tæplega vandaminna mál og auk þess lakar undirbúið, svo að ég tel hreinasta óráð, þó að ýmsar ástæður liggi til þess, að þ. verði frestað fram eftir sumrinu, að fresta því þar til í októberbyrjun, og fæ ég ekki skilið afstöðu ríkisstj. til þessa, vitandi vits, að málið verður ekki leyst fyrir árslok.

Ég veit, að því verður svarað til, að ríkisstj.

hafi í hendi sinni að kalla þ. saman fyrr, ef svo er ástatt, og ég efa ekki, þó að ég hafi ekki mikið traust á þessari ríkisstj., sem situr, að hún muni kalla þ. saman, ef eitthvað ber að, sem er alveg sérstakt. En ég hef litla von um, að hún kalli þ. saman fyrr vegna þessa máls, sem á að leysa á þ. og nokkuð er á huldu enn þá, hvernig verður leyst. Ég vil ekki vera með neinar getsakir um, að þetta mál verði ekki leyst og eigi ekki að leysast. Ég skal játa, að það er um það eins og launal., að það er mikið alvörumál, sem þarf mikillar athugunar við, og sennilegt, að ekki sé hægt að neita því, að það sé þjóðþrifamál. En manni dettur í hug, að þegar ríkisstj. leggur svona mikið kapp á, að samkomudagur þ. sé ekki ákveðinn fyrr en þetta, sé eitthvað, sem liggur til grundvallar, því að ég veit, og við vitum það allir, að í Nd. lá fyrir brtt. um að breyta samkomudegi Alþ. þannig, að þ. kæmi saman í byrjun sept., en það var fellt af stjórnarliðinu öllu. Framsfl. var með brtt. og ég hygg þeir innan Sjálfstfl., sem ekki styðja stj. Þetta sýnir, að það er eitthvað sérstakt, sem stj. hlýtur að hafa fyrir augum, þegar hún er ófáanleg til þess að ákveða samkomudag Alþ. fyrr en þetta. Það er ástæðulaust alveg að fara hér með nokkrar getgátur, en mér blandast ekki hugur um, að til þess kapps, sem stj. leggur á, að samkomudagur Alþ. sé ekki ákveðinn fyrr en þetta, hljóta að liggja alveg vissar ástæður. Ég veit ekkert, hverjar þær eru, og skal ekki hér neitt fara að gizka á það, en enginn, sem ekki hefur óskorað traust á þessari stj., getur láð mér, þó að ég telji mjög varhugavert að greiða þessu máli atkvæði út úr þ.

Ég get aðeins minnt á það, sem öllum er ljóst, að Framsfl. hefur ætíð talið, að vetrarkosningar væru mjög óheppilegar, sérstaklega fyrir sveitir landsins, þó að segja megi kannske, að þær séu ekki eins óheppilegar fyrir þéttbýlið. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að ein afleiðingin af því, að þ. væri frestað lengur, gæti óneitanlega orðið sú, að það verði vetrarkosningar, og mér finnst ég þurfi ekki að rökstyðja það mikið. Við, sem lítum í dagblöðin daglega, sjáum, að það má heita, að ekki einn einasta dag sitji þau blöð, sem standa að núv. ríkisstj., á sárs höfði. Það eru frá mínu sjónarmiði séð óþvegnar getsakir og óþvegin orð, sem falla í hvers annars garð, a. m. k. af hálfu tveggja stjórnarblaðanna. Þetta er kannske ekkert að marka, en ég hef litið svoleiðis á, að blöð hvers flokks túlkuðu nokkurn veginn skoðanir hans og afstöðu. En eins og samkomulagið er í stjórnarblöðunum nú, þá finnst mér það ekki nein goðgá, þó að okkur, sem ekki fylgjum ríkisstj. að málum, detti í hug að geti komið fyrir, að slitni upp úr samvinnunni, þegar þ. kemur saman aftur. Það má vera einkennilegt — og ég vil segja alveg ný stefna, ef það verður þannig, að samkomulagið í stjórnarflokkunum verði orðið verulega gott, eftir því sem nú kemur fram í blöðum þeirra.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá eru ýmsar orsakir, sem gera að verkum, að ég get ekki léð þessu máli fylgi út úr d., en stærsta ástæðan, sem ég hef þegar tilfært, er óttinn við, að af þessum fresti leiði vetrarkosningar, og það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. geti gefið skýringu á því, hvers vegna hún sækir svo mjög, að samkomudagur Alþ. sé ekki færður lengra fram til sumarsins, t. d. um einn mánuð, því að ég verð að segja, að þó að það muni ekki meira en því, að Alþ. kæmi saman í byrjun sept., þá eru miklu meiri líkur til, ef eitthvað kemur fyrir, — og alltaf getur eitthvað komið fyrir —, að þá væri hægt að koma við kosningum, ef á þarf að halda, á skömmum tíma. Að vísu er ekki útilokað, að fresturinn leiði samt sem áður til vetrarkosninga, en það eru þó meiri líkur til þess að byggja mætti fyrir það.

Ég hef reynt að haga svo orðum mínum um þann óttа, sem um það er, að eitthvað sérstakt og óþekkt okkur stjórnarandstæðingum liggi til grundvallar því, að stj. sækir svona fast, að hún hafi heimild til þess, að þingið komi ekki saman fyrr en 1. október, að þau væru ekki til áreitni. Mér væri það mjög kært, ef hæstv. stj. vildi gera fyrir því frekari grein en ég hef heyrt hana gera enn þá, hvernig á þessu stendur. Því að ég skil það vel, að stj. vilji gjarnan hafa nokkurn tíma, sem hún sé laus við þ. og geti gefið sig að stjórnarstörfum. En til þess var annað miklu handhægara ráð, það var að ljúka þessu þingi miklu fyrr og vera búin að ljúka því nú, því að það verð ég að segja, að dráttur á því, að þessu þingi sé lokið, er ekki stjórnarandstöðunni að kenna. Þó að ágreiningur kunni að vera um þau mál, sem hafi gert það að verkum, að þingi er ekki lokið, og stjórnarandstaðan sé á öndverðum meið við stj., þá er það víst, að sú andstaða hefur ekki verið það sterk, að stj. gæti ekki verið búin að ljúka þeim málum, ef fullt samkomulag væri innan stjórnarflokkanna. Þess vegna er það, að stj. hefur ekki enn getað haft það mikinn samstarfskraft, að hún hafi getað lokið aðkallandi málum nú, svo að hún geti losnað við þingið. Ég hef fulla ástæðu til að halda, að þegar næsta þing kemur saman, þá verði litlu betur ástatt innan hæstv. ríkisstj. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. Ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að bera fram skriflega brtt. við frv. eftir atkvgr. í Nd. Mér er alveg ljóst, að stj. hefur fastákveðið, að svona skuli það vera, það er því ekki nema tímatöf að vera að bera fram brtt. við frv. Ég mun því ekki hirða um það. Ég mun ekki heldur tefja að neinu leyti fyrir málinu eða afgr. þess, en hins vegar mun ég, byggt á því, sem ég hef sagt, greiða atkv. á móti frv.

Ég taldi óhjákvæmilegt, að þetta kæmi fram, þar sem ég hef greitt atkv. orðalaust með frv. til 2. umr., en það geri ég venjulega, þó að ég sé á móti málinu, svo framarlega sem það er forsvaranlegt, en hins vegar vildi ég gera fullkomna grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég hygg, þó að ég hafi ekkert umboð til þess að lýsa yfir, að svo sé, að svipuð sé afstaða Framsfl. alls. Ég mun svo ekki tefja þessar umr., og þótt ég hafi hér eytt nokkrum orðum að þessu máli, vona ég, að hæstv. forseti d. og hv. þdm. taki ekki hart á því, því að það er ekki venja mín að tefja fyrir málum með málþófi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hv. 1. þm. S.-M. flutti hér alllanga ræðu um þetta frv., sem fyrir liggur til umr., mjög hógværa málefnalega, og þar sem hann fór fram á frekari upplýsingar en fram hafa

komið, finnst mér sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. Ég þarf ekki að verja til þess löngum tíma, því að í þessu máli eru engin launbrögð í frammi höfð, ekkert, sem hulið þarf að vera, þó að mér skildist hv. þm. vilja gefa í skyn, að sú staðreynd, að stj. hefði sótt fast að fá þingi frestað til 1. okt., hlyti að byggjast á einhverjum sérstökum bollaleggingum, sem hún hefði í frammi haft og stjórnarandstaðan vissi ekki full skil á. Ég skal upplýsa það, alveg eins og það liggur fyrir, að stj. er ljóst, að enda þótt þetta frv. verði samþ., þá getur það vel farið svo, að hún telji sig tilneydda að kveðja saman þing 1. sept. eða jafnvel fyrr. Það geta mörg óvænt atvik kallað á þörf fyrir samankvaðningu Alþ., og það verður að sjálfsögðu á hverjum tíma, og einnig þá að þessu sinni, að fara undir mat stj., á hverju hún telur þörf. Það hefur verið rætt um það, einnig af þessum hv. þm., eftir því sem mér hefur skilizt, enda þótt ég ætti þess ekki kost að hlýða á alla ræðu hans, að það gengi úr gildi löggjöf um verðlagsákvörðun landbúnaðarafurða og uppbótargreiðslur innanlands, og af þeim ástæðum kynni nauður alveg sérstaklega að reka til að kalla saman þing fyrr en 1. okt. Einnig þetta kann að verða svo í reyndinni, en stj. hefur þá ályktað á þá leið, að samkvæmt ákvæði frv. verði hægt að fullnægja þeirri þörf, ef hún á þeim tíma verður jafnaðkallandi og stjórnarandstaðan og kannske fleiri óttast nú, að hún muni verða. Menn kunna þá að spyrja: Úr því að stj. viðurkennir þetta, hvers vegna er hún þá að beita sér á móti yfirlýstum vilja sumra þeirra manna, sem ekki beinlínis styðja stj., en hafa verið og eru í samstarfi við einn af stjórnarfl. og vilja í þessu efni koma fram áformum stjórnarandstöðunnar? Ástæðan er einföld. Hún er sú, að ef þess er nokkur kostur, en úr því sker ekkert nema reynslan, þá óskar stj. þess, og telur sig þar í fullu samræmi við vilja ekki eingöngu þeirra þm., sem styðja stj., heldur líka út af fyrir sig í samræmi við alla þm., að komast hjá því að kveðja þá til samstarfs fyrr en þennan tiltekna dag, sem stj. sýnist, að sé miðaður við síðustu forvöð og eðlilegt þinghald, og ætti þingi þá að vera lokið fyrir áramót, og er þá gengið út frá, að tími hefði unnizt til undirbúnings mála með öðrum hætti en verið hefur að undanförnu. Hv. þm. vék að því, að ef stj. óskaði eftir vinnufriði, þá hefði sá kostur verið nær að ljúka þessu þingi löngu fyrr en raun yrði á, og gat þess í því sambandi, að stjórnarandstaðan hefði ekki haft sig í frammi um það að tefja þingstörf. En þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hafi ekki haft í frammi nein óvenjuleg brögð um það að tefja störf þingsins svo, að þau hafi af þeim ástæðum dregizt svo úr hófi, sem nú er orðið, þá er vitað, að rætur þess meins liggja í því, að sú stj., sem sat að völdum næst á undan núv. stj., undirbjó ekki málin undir þingið og hafði heldur enga aðstöðu til þess. Núv. stj. styðst við þingmeirihl., svo að vona má, að það takist að undirbúa málin þannig, að þinghald þurfi ekki að vera eins langt næst og það hefur nú verið. En eitt skilyrði fyrir því, að svo megi fara, er, að stj. fái sem lengstan frest til þess að undirbúa málin, og í því skyni er þetta frv. flutt, enda þótt stj. sé ljóst, að vel megi svo fara, að sá tilgangur, sem lýsir sér í frv., nái ekki fram að ganga, ýmist af orsökum, sem sumpart mætti sjá fyrir, eða af orsökum, sem við gerum okkur enga grein fyrir, eins og sakir standa.

Þetta er nú, held ég, í meginatriðum það, sem fyrir okkur vakir, og það er miklu einfaldara mál en stjórnarandstaðan vill láta sér skiljast. Frá okkar bæjardyrum séð er þetta gert í því skyni að þjóna sameiginlega hagsmunum allra þeirra, sem óska, að þingstörfin megi ganga vel og stjórnarstörfin fara sæmilega úr hendi. Ég viðurkenni, að það er hugsanlegur möguleiki, að þinghald í haust gæti leitt til þingrofs, en ekkert fremur á þessu hausti en öðrum haustum, og við höfum látið okkur hafa það að halda þing á haustin ár eftir ár, og það hefur verið haft orð á því innan allra flokka, hvort ekki bæri að ákveða það sem reglu, að haustþing væri haldið fremur en vorþing, m. a. vegna þess, að það þykir hægara að ganga frá fjárl. af einhverju skynsamlegu viti með þeim hætti heldur en með því að halda vorþing. Ég viðurkenni, að þessi möguleiki er fyrir hendi, að ósamkomulag á næsta haustþingi gæti leitt til þingrofs, en ekki í ríkari mæli nú en verið hefur áður og verður væntanlega seinna. Að í þeim blöðum, sem að stj. standa, kemur fram nokkur rígur milli þeirra flokka, sem að stj. standa, er ekkert nýmæli. Ég hef áður átt sæti í samsteypustj., þar sem flokkur hv. þm. einnig átti sína umboðsmenn, og ég man mjög vel, að einnig þá deildu blöðin og báru sakir hvert á annað og hvert á annars flokk, og stundum svo, að okkur, sem í stj. áttum sæti, þótti langt úr hófi fram. En stj. undi vel sínum hag fyrir því og lét þá, sem í blöðin skrifuðu, þjóna sínu flokkslega eða mannlega eðli. En af því að ég hef orðið var við það í þessum umr., að stjórnarandstæðingar virðast sumpart hlakka yfir ósamkomulagi innan stj., en sumpart bera kvíðboga fyrir því, og það heyrðist mér vera alvara hjá þessum hv. þm., þá skal ég upplýsa það, og þá væntanlega honum til ánægju, að í okkar samstarfi er enn ekkert komið fram, sem bendir til þess, að menn þurfi fremur að bera kvíðboga fyrir núv. stjórnarsamstarfi en títt hefur verið. Ég verð að gera þá játningu, að mér hefur þótt það gegna furðu, hvað við höfum komizt yfir, miðað við þá örðugleika, sem við áttum við að etja, þar sem við tókum við öllu eins og það var, enda er það viðurkennt af öllum flokkum, að það hafi ekki verið neitt barnameðfæri að ráða fram úr þeim vanda. Þess vegna hef ég ástæðu til að hughreysta þá, sem bera kvíðboga fyrir stjórnarsamstarfinu, með því að segja, að úr því að við höfum komizt yfir byrjunarörðugleikana, þá standa vonir til þess, að eftir á verði ekki síður, heldur fremur, komizt yfir það, sem fram undan er, þegar okkur gefst meira næði til þess að starfa og við auk þess höfum öðlazt þann ávinning, sem persónuleg viðkynning jafnan færir, því að hún eykur alltaf líkurnar fyrir því, að menn geti sameinazt um ólík sjónarmið og haft hugann fastan við það eina stóra og öllu ráðandi sjónarmið, sem ætti að verða, og láta flokkssjónarmiðin víkja fyrir heildarsjónarmiðum. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, ég vænti þess, að mér hafi tekizt að segja mína skoðun og skýrt mitt mál ádeilulaust fyrir þessum hv. þm., eins og mér fannst hann hafa tilhneigingu til að túlka sína skoðun.

Jónas Jónsson: Af því að hæstv. forsrh. villtist rétt undir ræðulokin lítið eitt út af veginum og lét falla nokkur orð um það, að ekki hefði allt verið í sem beztu lagi, þegar hann tók við, þá vil ég með fáum orðum benda honum á það, að ég held, að þetta sé misskilningur hjá honum. Ef við lítum á dýrtíðarmálin, þá hafði fyrrv. stj., með góðum tilstyrk Alþ., tekizt að halda þeim á þolanlegum grundvelli. Hið sama var að segja um verzlunarmálin, en ég fer ekki út í þau, því að hæstv. ráðh. þekkir þau. En mér skilst, að það hafi verið til 10 millj. í stokk, eða því sem næst, þegar hæstv. forsrh. tók við völdum, og það hefði einhvern tíma þótt laglegur skildingur. Ég vildi aðeins vekja eftirtekt hæstv. ráðh. á því, að hann mætti sýna sínum fyrirrennara meiri þakklátssemi í huga fyrir það, hversu hlý aðkoman var, þegar nýja stj. kom. Annars get ég skilið, að það sé nokkur freisting fyrir þingið og stj. að vera með þessu frv., vegna þess að það er eitthvað örlagaríkt við þetta samband milli þingsins og stj., stj. vilja helzt losna við þingið og þingið er ekki hrifið af stj., en innri nauðsyn knýr þessa aðila til að vera saman, en það hefur verið fullmikið af því góða upp á síðkastið. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég væri yfirleitt fús til að styðja frv., ef ekki væri annað á bak við það heldur en það, að þm. ættu að fá frí. En þrátt fyrir velviljaða tilfinningu frá stj., get ég hugsað mér, að hún vilji losna við þingið og hafi því viljað knýja þetta fram. Ég vil þá segja það, sem hæstv. ráðh. kom að, að þessi þingtími, sem var ákveðinn síðari hluta vetrar, hefur reynzt ákaflega skammur, bæði upp á síðkastið og einnig áður en núv. stj. kom. Og mín skoðun hefur orðið sú, að þetta hefur orðið öðruvísi en til var ætlazt. Fyrst urðu vetrarþingin löng, svo komu haustþingin og stóðu stundum fram yfir áramót, eins og nú. En þetta er alveg óhafandi, og öllum er ljóst, að það væri ávinningur, ef á því væri ráðin bót og þingin stytt. Ég geri ráð fyrir því, þegar frá eru teknir þeir erfiðleikar, sem nú eru í sambandi við stríðið, að þá muni menn fallast á þá skoðun að reyna að ljúka þingi af fyrr en á þessum tíma, síðustu mánuðum ársins. En það er eitt mál, sem gerir það að verkum, að þessi ákvörðun, sem stj. sjálfsagt getur látið samþ., getur orðið örlagarík. Út af því atriði vil ég beina fyrirspurn til stj. Það er kunnugt, að undanfarin ár hafa haustþing verið kölluð saman í byrjun sept., af því að það hefur verið óúttalað, hvernig ætti að hindra óeðlilega hækkun vísitölunnar og kaupgjaldsins. Hæstv. ráðh. er ekki glaður yfir því að eiga að ná í peninga til að borga niður dýrtíðina og hefur haft um það stór orð, að það yrði ekki gert áfram. En út af fyrir sig held ég, að það sé óþarfi fyrir núv. stj. að vera svo undrandi yfir þessu formi, vegna þess að það, sem auðugustu og voldugustu þjóðir heimsins gera, t. d. Bretland og Bandaríkin, er það að eyða miklum peningum til þess að fá ekki dýrtíðina hærra en hún er komin, og það hefur tekizt vel, eins og við sjáum af átökunum um skipin, að stj. hefur orðið að óska eftir því að fá brezk skip, til þess að einhver von væri til þess, að hægt væri að halda sjávarútveginum á floti næstu mánuðina. Þetta byggist á því, að Bretar gerðu það sama og fyrrv. stj., að halda dýrtíðinni niðri með tilfærslum. Það er almennt litið svo á, að það, að setja samkomudaginn 1. okt., sé klókindabragð og meiningin sé sú að láta þingið ekki koma saman fyrr en 1. okt. og láta líða hálfan mánuð frá því, að niðurborgun sé hætt, og láta skeika að sköpuðu með dýrtíðina. Þetta er eina atriðið, sem varasamt er í málinu frá mínu sjónarmiði, því að það væri ósanngjarnt að gera ráð fyrir því, að stj. vildi losna við þingið og þm. við stj. En aftur á móti er þessi hálfi mánuður stærsta málefnið. Einmitt sú staðreynd, að nú er búið að selja allt kjöt innanlands, er af því, að kjötið er svo ódýrt vegna niðurborgananna, og fyrir það, að kaupgetan er meiri en hún var. Ég álít ekki ósanngjarnt, að hæstv. forsrh. segði okkur eitthvað um þetta atriði, sem er eina stóra atriðið viðvíkjandi þessari till., og hvers vegna stj. lét fella till. um, að þingið skyldi koma saman 1. sept. Ég álít, að það sé því betra, sem þingið er styttra, og málefnalega sé ég ekki annað en þessi till. sé réttlát og eðlileg, ef stj. sér skynsamleg ráð til þess að hafa bæði stutt þing og fá dýrtíðina niður.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég get ekki orðið við tilmælum hv. þm. S.-Þ. um að gefa meiri skýringu á þessu atriði en ég var búinn að gefa í fyrri ræðu minni. Stj. hefur engar ákvarðanir tekið í þessum efnum að öðru leyti en því að reyna að lengja friðartíma þingsins og stj. eftir því, sem l. kunna að standa til. Það væru undarleg búhyggindi af stj. að hugsa sem svo: Það er bezt að halda þinginu utan við þetta allt og ráðfæra sig ekki við neinn mann. Það væri undarlegt, ef stj. færi að taka örlagaríkar ákvarðanir upp á sitt eindæmi, því að það mundi koma stj. illa, og yrði hún þá sjálfri sér verst, ef hún færi að starfa að málum upp á eindæmi og taka ákvarðanir, sem hún ekki teldi sig hafa ákveðinn þingvilja fyrir. En ef þingvilji væri hins vegar fyrir slíkum ákvörðunum, þá breyttist hann ekki við það, þótt þingið kæmi saman nokkrum dögum fyrr. En verði eitthvað á huldu í þeim efnum og stj. þykist ekki vita, hvar hún stendur, þá leitar hún til þingsins. Ég er ekki eins klókur og þessi hv. þm. og sé ekki eins langt fram í tímann eins og hann og hef þess vegna sagt allt, sem innra býr með mér um þetta efni, og hef ég þar svo ekki meiru við að bæta. Hins vegar, í sambandi við fyrrv. stj., þá finnst mér virðingarvert, að hv. þm. skyldi reyna að halda uppi málsvörn fyrir hana, þótt einnig í því megi ganga nokkuð langt, ef hann vill halda því fram, að allt hafi verið í stakasta lagi, þegar stj. fór. Það var þó ekki í betra lagi en svo, að ef ekki hefði verið tekið í taumana, var tilgangslaust að stofna lýðveldi. Með þessu er ekki verið að bera sakir á þá menn, sem sátu í stj., að öðru leyti en því, að þeir hefðu fyrr átt að segja af sér.

Jónas Jónsson: Það er þessi hálfi mánuður, sem hæstv. forsrh. vill ekki svipta hulunni af. Ríkisstj. hefur nefnt 1. okt. sem mögulegan samkomudag Alþ., en hálfum mánuði áður verður að taka ákvarðanir í dýrtíðarmálunum. Ég gat ekki sannfærzt af rökum hæstv. forsrh. um, að ástandið hafi verið verra í tíð fráfarandi stj. Ef ég vildi, gæti ég bent á ýmislegt, sem hefur farið stórum versnandi síðan hin nýja stj. tók við. Má þar t. d.

nefna vöruflutningana. Og ummæli hans skýra ekkert viðvíkjandi þessum hálfa mánuði. Annars vil ég leiða athygli hæstv. ráðh. að því, að það, sem gerði honum mögulegt að setjast í þessa hlýju og góðu stóla, var fórn sú, er bændurnir færðu á s. l. hausti á búnaðarþingi, og það er alltaf fallegt að vera velgerðamönnum sínum þakklátur. Mætti hæstv. ráðh. vera þess minnugri hér eftir en hingað til.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég get ekki annað en látið undrun mína í ljós yfir þeim skoðunum, sem komið hafa fram gegn þessu frv. Þó verð ég að segja, að till. manna hafa verið hóflegri hér en sumra í Nd. Þeir vildu, að þingið stæði allt árið og ákveða samkomudaginn 1. maí.

Hvort sem það er nú fyrir það, að háttv. stjórnarandstæðingar hafa orðið varir við andúð manna á þessum till., eða forsvarsmenn þeirra hér í Ed. eru skynugri en í Nd., þá er það víst, að till. þeirra hér eru betri og hóflegri. Það, sem einkum mælti í móti 1. okt., var, að dómi háttv. 1. þm. S.-M., að það gæti leitt af sér vetrarkosningar, en þeim hafa framsóknarmenn ætíð verið mótfallnir. Þetta er gömul gryla, sem einatt hefur verið notuð á bændur, þegar mikils hefur þótt við þurfa, en sú gryla mun nú vera farin að missa gildi sitt. Bændur trúa því ekki lengur, að sjálfstæðismönnum séu vetrarkosningar neitt kappsmál. Annars sagði háttv. þm., að hann gerði það ekki að sínum orðum, að þetta vekti fyrir ríkisstj., enda mun þetta uppfundið af óvandaðri flokksbræðrum hans.

En það er vert að minnast þess í þessu sambandi, að ef framsóknarmenn hefðu fengið að ráða í haust, þá hefði landið annaðhvort verið stjórnlaust eða dregið hefði til vetrarkosninga. Það kemur þess vegna úr hörðustu átt, þegar þessir menn eru að saka hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar um það, að þeir vilji stofna til vetrarkosninga. Og við háttv. 1. þm. S.-M. vil ég segja það, að hann ætti heldur að reyna að hafa bætandi áhrif á flokksbræður sína en bera hér fram skoðanir sér verri manna.

Það voru þó einkum ummæli háttv. þm. S.-Þ., sem komu mér til að standa upp. Hann féllst á það, að haustþing væru skynsamlegri, og tók þannig afstöðu gegn till. um 1. maí. En hann áleit, að samkvæmt frv. væri þingið kvatt saman hálfum mánuði of seint, og taldi búa klókindi undir. Má þar segja, að margur heldur mann af sér. Í lok ræðu sinnar gat hann þó þess, að það var ekki nema að litlu leyti Alþ., sem leysti dýrtíðarmálin á síðasta hausti, heldur búnaðarþingið eða bændurnir. Alþ. hafði þá ákveðið frest eftir frest, en þegar loks leitað var til aðilanna sjálfra, þá fékkst viðunandi lausn. Af þessu er ljóst, að það er ekki fyrst og fremst þingið, sem hefur hér úrslitaáhrif. Hitt skiptir mestu máli, að ríkisstj. fái tóm til að undirbúa málin og semja við þá aðila í landinu, sem mest hafa að segja og úrslitaatkvæði hafa um þessi mál. Þegar þetta hefur verið rifjað upp fyrir háttv. þm. S.-Þ., þá vænti ég, að hann sjái, í hverju honum hefur skjátlazt, og fallist á frv. óbreytt.

Ingvar Pálmason: Ég hef ekki langt mál að flytja hér um.

Háttv. 6. þm. Reykv. taldi, að ég með ummælum mínum hefði verið að búa til grýlu handa bændum, og kom síðan inn á það, að Framsfl. hefði ekki síður gefið tilefni til vetrarkosninga með framkomu sinni á s. l. hausti. Þessi málafærsla háttv. þm. er þannig, að ég hefði talið hana sæma öðrum betur en fyrrv. kennara við Háskóla Íslands. Það, sem er hér aðalatriði, er það, að núv. stjórnarsamvinna stendur ekki traustum fótum, og rofni hún síðla í haust, leiðir það til vetrarkosninga. Og háttv. þm. virðist mér sammála um, að það væri böl, og fyrir það er ég honum þakklátur. Hann kvað stj. nauðsynlegt að fá frið til starfa, það skilja allir, en ég vil bara ekki kaupa þann frið of dýru verði, og þess er satt að segja ekki að vænta, að við framsóknarmenn treystum ríkisstj. til þess, að hún kalli saman Alþ., þótt óvænlega kunni að horfa.

Hæstv. forsrh. bar hér ekki fram nein rök; hann lýsti því einungis yfir, að hann hefði trú á, að samstarfið tækist. Ég ber virðingu fyrir öllum trúarbrögðum, en ég get því miður ekki haft sömu trú og hæstv. forsrh., þótt ég beri ekki fram neinar óskir um, að hans trú verði sér til skammar, en ég óttast það. Og ég get ekki treyst því, sem hæstv. ráðh. sagði um, að ef til kæmi, yrði þing kallað saman fyrr en ákveðið hefur verið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja um þetta umr. Það mun fyrir fram ákveðið, hvernig atkv. falla. Ég get fyrir mitt leyti tekið undir það, að ég hef enga löngun til að sitja hér mánuð eftir mánuð, og ég hygg, að stjórnarandstæðingar verði ekki sakaðir um þann drátt, sem orðið hefur á þinginu síðan um áramót. En heppilegra held ég það hefði verið fyrir hæstv. ríkisstj. að stytta þetta þing um hálfan mánuð og setja hið næsta hálfum mánuði fyrr og fá á þann hátt tóm til starfa.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil, áður en ég hverf af fundi, endurtaka það, að þessi langa þingseta stafar af því, að öll mál voru svo undirbúin, sem raun bar vitni, og má telja undravert, ef takast má að ljúka þinginu bráðlega. Ég endurtek það og, að ríkisstj. kallar saman þing, ef nauðsyn krefur. Varðandi trú og vantrú, þá mun það ekki vera neitt sérstakt um þessa ríkisstj., að hún trúir á, að samstarfið megi takast sem lengst. Hitt getur auðvitað komið fyrir, og má minnast þess úr sögu þess flokks, sem háttv. 1. þm. S.-M. telur sig í, að alloft á undanförnum árum hefur slitnað upp úr stjórnarsamvinnu, sem hann hefur tekið þátt í. Af því er ljóst, að vonir geta einatt brugðizt í þessu efni. Ég ætla það sannmæli, að ástæða sé ekki til að lengja þessar umr. frekar en orðið er.

Ég hefði ekki staðið hér upp, ef háttv. 1. þm. S.-M. hefði ekki beint nokkru sérstaklega til mín og gert það á þann hátt, að ég taldi skylt að svara.

Jónas Jónsson: Ég er nokkuð undrandi yfir ræðu 6. þm. Reykv. Mér finnst hv. þm. ekki hafa áttað sig á því, að það gekk allt öðruvísi til í haust um stjórnarmyndun en hann vildi vera láta. Búnaðarþing hafði vitanlega ekkert löggjafarvald í þessum efnum. Það var kallað saman, eins og Morgunblaðið hefur sagt frá, eftir óskum stjórn-

málamanna úr Framsfl. og Sjálfstfl., er þá voru að hugsa um stjórnarmyndun, sem raunar ekkert varð úr. Og það, sem kom öllum vel, sem voru að hugsa um stjórnarmyndun þá, var að fá það, sem kallað er „moralskan stuðning" bænda við það, að þeir féllu frá þessum rétti, sem þeir áttu eftir sexmannanefndarálitinu. Allan þann tíma, sem þeir, er ætluðu að taka á sig þessa byrði, voru að hertygjast, var stöðugt verið að framlengja heimild til að borga niður dýrtíðina. Er þetta ekki ósvipuð aðferð og þegar Jón Arason var tekinn af lífi. Það gekk mjög seint og varð að gera margar atrennur, áður en það heppnaðist. Á sama hátt var búið að sarga svo í þessu máli, að það hefði getað legið sem fyrir fram ákveðið á Alþ. og síðar verið um það gerð endanleg samþykkt.

Þegar 15. september var allt í óvissu um þetta, og þá þurfti þingið að taka ákvörðun tvisvar eða þrisvar og tók þær í raun og veru, stundum á þingi og stundum öðruvísi.

Það er því síður en svo stuðningur fyrir hv. þm. þessi saga frá því í haust, því að hún sýnir, að ekki hefur verið of langur tími til ályktana og ákvarðana, þótt þingið væri kallað saman 2. september.

En svo er annað atriði, sem gerir málið miklu erfiðara nú í haust, og það er, að hæstv. fjmrh. er búinn að segja, að hann vilji ekki borga niður dýrtíðina. En þá kemur sú stóra spurning: Hvað á þá að gera? Og það er stór ákvörðun. Annaðhvort að hleypa dýrtíðinni upp eða gera annað, sem er alveg óþekkt. Og þó að sleppa ætti hinum launuðu, væri betra, að það væri hæstv. Alþ., sem gerði það á formlegan hátt.

Fyrir því er þessi staðhæfing, að ekki sé heppilegt að hafa þing starfandi síðari helming septembermánaðar, ekki á neinum rökum reist og afsannast af reynslu frá því í vetur.

Hitt vildi ég enn fremur, að hv. þm. gerði sér grein fyrir, að hann gerði of mikið úr ákvörðun búnaðarþings, sökum þess að hún var aðeins óbein. Þeir flokkar, sem voru að hugsa um að vera stjórnarflokkar og höfðu gert skyndisáttmálofun, sem raunar ekki leiddi til giftingar, höfðu nægilegt atkvæðamagn til þess að gera þá ákvörðun, sem þurfti, og þeim bar blátt áfram skylda til að gera þetta strax. Búnaðarþing var aðeins kallað saman til þess að taka ábyrgðina af þinginu. Það var alveg fráleitt, að búnaðarþing hefði nokkuð um þetta að segja, heldur hafði Alþ. allt valdið. Alþ. hafði gert l., sem leiddu til sexmannanefndarsamkomulagsins, og hæstv. Alþ. virðist nú eftir stuttan tíma munu taka ákvörðun um það að svipta bændur þessum 8 millj. Það var því hæstv. Alþ., sem hafði öll völd í þessum efnum. Það þótti bara þægilegra fyrir þá stjórnmálaflokka, sem stóðu að þessu samkomulagi, að fá eins konar meðmæli frá búnaðarþingi, og ég get ekki leynt því fyrir hv. þm., að búnaðarþing hefði aldrei gefið þessi meðmæli, ef því hefði verið sagt, að það ætti að koma upp þessari ríkisstj., þar sem höfuðandstæðingar bænda fara með önnur eins völd og kommúnistaráðh. fara nú. Því er það, að röksemdir hv. þm. um þýðingu búnaðarþings liggja aðeins í þessu, að sökum villandi upplýsinga, sem þessum mönnum voru gefnar, gáfu þeir meðmæli, sem þeir áttu ekki að gefa og höfðu í rauninni enga aðra þýðingu en þá að létta samskipti þeirra, sem eiga nú að taka þessa fjárhæð af bændum.

Ég vil að lokum benda á það, að núv. hæstv. fjmrh., sem er ágætur lögfræðingur, hélt fyrir nokkru ræðu í flokksfélagi flokks síns í listamannaskálanum, að því er mig minnir. Þessi ræða var svo prentuð í aðalblaði flokksins, hinu ágæta Morgunblaði, og þar segir eftir þessum ágæta lögfræðingi, að bændur hafi haft lagarétt til að taka það fé, sem sexmannanefndarálitið úrskurðaði þeim til handa. Þetta er gagnstætt því, sem Hermann Jónasson, sem einnig er ágætur lögfræðingur, hélt fram og sömuleiðis Ólafur Thors í Morgunblaðinu. Þeir halda því sem sé fram, að sexmannanefndarálitið sé tóm vitleysa.

Af þessu getur hv. 6. þm. Reykv. séð, að það var aðeins gestavinátta, sem búnaðarþingið gerði, og áðurnefnd meðmæli einskis virði, þar sem ekki var staðið við þau skilyrði, sem sett voru.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég skal ekki deila við hv. 1. þm. S.-M. Ég vil þó láta uppi, að ég tel miður farið, að hann skyldi vera að blanda inn í umr. lífsstarfi mínu, sem ekki kemur málinu við.

Ég vil þó benda á eitt eftirtektarvert, sem kom fram hjá honum. Honum þótti það sem sé óviðeigandi, að maður í slíkri stöðu skyldi láta í ljós jafnlitla hrifningu af vinnubrögðum Framsfl. og ég gerði. Þetta lýsir vel hugarfari jafnvel þessa góða manns, að framsóknarmönnum ofbýður, að menn í opinberri þjónustu skuli geta verið Framsfl. andvígir. Eftir h. u. b. 20 ára valdasetu hafi þeir búið svo um sig, að menn, sem skipaðir voru í embætti á þeim tíma, hlytu að lúta flokksveldi þeirra.

Það hefði því verið sæmra fyrir hv. þm. bæði að vera ekki að blanda mér inn í þetta mál, eins og hann gerði, og eins hitt að láta hér í hv. d. liggja í þagnargildi þennan leiða framsóknarhugsunarhátt, sem lýsti sér í þessum orðum hans.

Að því er snertir hv. þm. S.-Þ., er hann búinn að staðfesta það, sem var meginatriði míns máls áður, að það, sem á veltur í þessum efnum, er ekki formleg samþykkt þingsins, heldur ákvörðun þeirra, sem með ríkisstj. fara á hverjum tíma, samningar ríkisstj. við atvinnustéttir landsins og samningar atvinnustéttanna innbyrðis. Við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. treystum henni vel til þess að beita sér fyrir skynsamlegum aðgerðum, t. d. skynsamlegum samningum milli atvinnustéttanna. Og til þess að koma í veg fyrir algerðan glundroða í landinu, getur verið, að þinglegt samþykki þurfi til að tryggja samkomulag, sem með þessum hætti verður gert. Þá verður þing kallað saman. Líklegast þykir mér, að það nægði vitneskja um þinglegan meiri hl., og ef þinglegur meiri hl. er fyrir hendi við ákvörðun ríkisstj., þá er hægt að vita um hann án tillits til þess, hvort þessir 52 menn sitja á þingi eða ekki. En ef svo illa skyldi fara, að hæstv. ríkisstj. rofnaði og kæmi sér ekki saman eða gæti ekki leyst þann vanda, sem á hennar vegi verður, þá er eitt ráðið að kalla hæstv. Alþ. saman, og það er auðvitað minnsta traust, sem við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. getum sýnt henni, að við treystum henni til að kalla Alþ. saman, ef ekki eru önnur úrræði fyrir hendi.

Varðandi það, sem hv. þm. S.-Þ. beindi til mín sérstaklega, um rétt bænda samkv. sexmannanefndarálitinu, vil ég taka fram, að ég hygg, að það

hafi einmitt verið, þegar bændur sáu, hve formlegur lagaréttur þeirra var, að þeir urðu að gefast upp við að fylgja honum eftir. Eftir að kjötverðlagsnefnd var búin að reikna út, að bændur ættu að fá eitthvað 18 kr. fyrir hvert kjötkíló, þá var ekki kippt grundvellinum undan þeirra rétti, en þeir sáu þá, að l., sem sköpuðu þennan rétt, voru vitlaus, og urðu þeir því sjálfra sín vegna að gefa þennan formlega rétt eftir.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að um þetta atriði var deilt þannig, að þessir tveir kunnu stjórnmálamenn, hv. þm. Str. og hæstv. forsætisráðherra, lýstu því yfir í haust, gagnstætt því, sem þessi ágæti lögfræðingur segir, að sexmannanefndarálitið hefði ekkert gildi. En nú hef ég aftur vitnað til annars flokksbróður hans, sem segir hið sama. Það er af ónógum kunnugleika mælt, að bændur hafi haft nokkurn grundvöll, því að ef um grundvöll var að ræða, ef t. d. hæstv. fjmrh. hefur á réttu að standa, var ekkert annað fyrir bændur en að setja gott verð á sína vöru og fara síðan í mál við ríkið, eins og verkamenn mundu gera, ef ekki væri staðið við þá kauptaxta, sem þeim eru ákveðnir. En þess vegna er það, að það, sem allt valt á að þessu leyti fyrir bændur, var ekki fyrst og fremst þetta. Það áttu þeir að vita og hafa vitað, að var rétt. En hitt var annað, að þeim var lofað tilteknu, ef þeir gerðu þetta, og það er það, sem ekki var staðið við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 124. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1091).

---

29. Nýjar síldarverksmiðjur.

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (stjfrv., A. 642).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Þetta frv. er fram borið samkvæmt ósk stj. síldarverksmiðja ríkisins. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa verið samþ. l. um síldarverksmiðjur ríkisins, og í þeim er heimild til lántöku, 10 millj. kr. Nú er svo komið, að þær framkvæmdir, sem stjórn verksmiðjanna hefur í huga, eru svo miklar, að þessi heimild nægir ekki. Nú er í ráði umfram þá stækkun, sem þegar hefur verið gerð, að byggja nýja verksmiðju á Siglufirði fyrir næstu vertíð, sem vinnur úr 4000 málum á sólarhring, og einnig verksmiðju á Skagaströnd, 5000 mál, einnig fyrir næstu vertíð, en hvort hún kemst upp, er fyrst og fremst undir því komið, hvort fyrirhuguð hafnarmannvirki komast þar upp svo snemma, því að það er ástæðulaust að byggja hana þar, ef höfnin er ekki komin, en það mál liggur nú líka fyrir þinginu. Þetta frv. er því nauðsynleg ráðstöfun til að geta framkvæmt l., sem þingið samþ. 1942. Fyrst eftir að málið hafði verið samþ., varð töf á framkvæmdum, fyrst og fremst vegna þess, að erfitt var að fá vélar, og það, sem var þá fyrst og fremst gert, var að byggja verksmiðjurnar, en nú er svo komið, að búast má við, að hægt sé að fá vélar frá Ameríku hindrunarlítið, og vonandi er hægt að reikna með, að 1946 getum við fengið vélar frá Svíþjóð, en Svíar eru einna lengst komnir í framleiðslu á slíkum tækjum, einkum þó lýsisskilvindum. Frv. er því fram borið til þess, að við getum hagnýtt okkur þá möguleika, sem stofnað hefur verið til með l. frá 1942.

Ég vil mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn., og vænti ég, að hún reyni að hraða málinu svo sem frekast er unnt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 642, n. 697).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv. er stjfrv. og fjallar um það að veita stj. heimild til að taka lán til að reisa síldarbræðslustöðvar, allt að 20 milljónir króna, en það þýðir að hækka heimildina, sem er í gildandi l., úr 10 millj. í 20 millj.

Það, sem ætlazt er til, að verði gert við þetta fé, er að reisa tvær nýjar verksmiðjur, sem sé að stækka ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði og reisa nýja verksmiðju á Skagaströnd, og með það fyrir augum er sótt um þessa heimild.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og mælir einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 642, n. 1094).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Í l. frá 1942, um að reisa skuli nýjar síldarverksmiðjur, var ríkisstj. veitt heimild til þess að taka 10 millj. kr. lán í þessu skyni. Síðan hefur verðlag mikið breytzt, og sú þörf, sem þá var fyrir auknar framkvæmdir í þessum efnum, er orðin enn þá brýnni nú en þá var.
Í þessu frv., sem hér er lagt fyrir og borið er fram af hæstv. ríkisstj. skömmu eftir að stjórnarskiptin urðu, er farið fram á það, að lántökuheimildin í l. frá 1942 verði hækkuð úr 10 millj. upp í 20 millj. kr. Þær undirbúningsathuganir, sem fram hafa farið, hafa leitt til þess, að gert er ráð fyrir, að fyrst verði byrjað á að reisa síldarverksmiðju á Siglufirði, sem er miðstöð síldveiðanna, sem geti unnið úr um 10 þús. málum á sólarhring, en að næst í röðinni eða jafnhliða, að svo miklu leyti sem kleift reyndist, yrði reist 5 þús. mála verksmiðja á Skagaströnd eða Höfðakaupstað. Ekki er auðið að tímabinda það, hvenær síldarverksmiðjan verði reist í Höfðakaupstað, vegna þess að áður en hægt er að koma verksmiðju þar á fót, þarf að gera þar meiri hafnarbætur á staðnum en enn er búið. Hins vegar segir í nál., að gert sé ráð fyrir, að sú áminnzta síldarverksmiðja á Siglufirði verði fullgerð fyrir síldarvertíð 1946. Þar segir og, að gert sé ráð fyrir, að verksmiðjan í Höfðakaupstað verði fullgerð „um sama leyti eða svo fljótt, sem hafnarskilyrði þar leyfa."
N. er sammála um það, að það sé hin mesta nauðsyn, að auknar verði síldarverksmiðjur hér á landi, og telur, að það sé einmitt rétt að byrja á þessum stöðum, sem ráð er fyrir gert í grg. frv. Fjhn. er því einhuga um að mæla með því, að frv. verði samþ. og ríkisstj. veittar þær heimildir, sem þar greinir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1117).

---

30. Tekjuskattsviðauki 1945.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1945 (stjfrv., A. 721).

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Frv. þetta er flutt af meiri hl. fjhn. og fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. Þessi skattur er áður þekktur og hefur verið lagður á einu sinni áður. Um tekjuþörfina þarf ekki að ræða, enda oft minnzt á hana í öðrum samböndum. Læt ég því ekki fleiri orð fylgja máli mínu af hálfu fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Eysteinn Jónsson: Ég var ekki við, þegar frv. var til 1. umr., og veit því ekki, hvaða umr. fóru þá hér fram um málið, en ég ætla að segja örfá orð við þessa umr.
Þetta er fyrsta tekjufrv., sem kemur frá hæstv. stj., en þó er ekki nema lítið eitt af því, sem vantar, sem þetta frv. getur útvegað. Þetta frv. er ekki ólíkt þeim l., sem giltu um skeið og hétu l. um verðlækkunarskatt, en þó nokkuð frábrugðið í ýmsum atriðum og gengur heldur skemmra en þar var gert.
Það er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvort ástæða sé til að bera fram brtt. við frv., því að enn eru ekki komnar fram fleiri till. af hendi hæstv. stj. varðandi tekjuöflun, en mönnum skilst, að von sé á fleiri till., enda hlýtur það að vera eftir afgreiðslu fjárl. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á við þessa umr., að ég hafði gert ráð fyrir, að fyrsta frv., sem kæmi frá hæstv. stj. til tekjuöflunar, mundi líta öðruvísi út en þetta frv., og byggði ég það sérstaklega á þeirri gagnrýni, sem hefur komið fram á gildandi skattalöggjöf frá tveimur af þeim flokkum, sem standa að núv. hæstv. ríkisstj., Alþfl. og Sósfl. Þessir flokkar hafa gagnrýnt mjög á undanförnum árum, að ekki hafi verið nægilega langt gengið í að skrapa saman fé af þeim, sem breiðust hefðu bökin í landinu og mest græddu. Sérstaklega hefur það verið gagnrýnt af hendi Alþfl., að hlunnindi væru allt of mikil í gildandi skattal., og það ákvæði mjög gagnrýnt, að ekki væri heimilt að leggja útsvör á þær tekjur, sem næmu yfir 200 þús. kr. Gagnrýni á svipaðan hátt hefur átt sér stað af hálfu Sósfl. Það hafa verið fluttar till. af honum, sem hafa gengið í þá átt að afnema eða breyta mjög ýmsum atriðum viðvíkjandi þeim sjóðum, sem um ræðir í þessum l., og stundum hafa þeir sjálfir átt þátt í að koma þeim fyrir kattarnef. Þó hefur verið haldið uppi gagnrýni um, að ekki væri nægilega fast að kveðið í skattal. um þá, sem mest græddu. Ég hafði því gert ráð fyrir, að í því frv., sem kæmi fyrst frá hæstv. stj. og snerti tekjuskatt, mundi eitthvað verða fjallað um þetta, einhverjar till. til úrbóta, en því er ekki til að dreifa í þessu frv. Þrátt fyrir það getur verið ætlunin að gera einhverja breyt. í þessa átt, og væri þá

ætlunin að hafa það í öðru frv., sem kæmi fram síðar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að af hendi Framsfl. verði fluttar brtt. við þetta frv. Við munum sjá til, hvað fleira kann að koma af skattafrv. frá hæstv. stj., áður en gerð verða slík afskipti. Við teljum, að þeim frv. hljóti að verða þannig fyrir komið, að hægt sé að koma fram þeim breyt., sem við leggjum til eða teljum, að nokkuð þýði að gera í því sambandi. En þó að við höfum ekki lagt fram brtt. við þetta frv., þá vil ég minna á þetta sjónarmið og láta í ljós undrun mína yfir því, að hér er farið allt öðruvísi af stað en vænta mátti eftir þeim skoðunum, sem áður höfðu komið fram og með tilliti til þess, að í sjálfum stjórnarsamningnum er tekið fram, að þeir, sem breiðust hafi bökin, eigi að bera álögurnar. Að öðru leyti hafði ég gert ráð fyrir, að hæstv. stj. mundi í samræmi við málefnasamning sinn og í samræmi við það, sem hefur komið fram undanfarin ár, leggja til, að hún fengi lögfest ýmis atriði og skýrari ákvæði varðandi framtöl til tekju- og eignarskatts en eru í gildandi l., og mundi leggja fram till. til að efla framkvæmd skattal. Við höfum nú ákvæði í l. um skattadómara, sem eru verri en þýðingarlaus, sumpart fyrir það, að ekki hefur tekizt val í þessar stöður, og sumpart vegna þess, að þau ákvæði eru ekki að mínum dómi fullnægjandi, sem um þetta eru, þar sem valdsvið skattadómara er tiltekið. Það hefur verið bent á þetta á undanförnum þingum og fluttar till. til úrbóta, en þær hafa ekki haft nægilegt fylgi. Ég gerði ráð fyrir, að hæstv. stj. mundi gera sér grein fyrir, hvað þetta er þýðingarmikið mál og mundi leggja fram till. um gagngerðar umbætur á þeim ákvæðum skattal., sem fjalla um framtöl, og að öðru leyti mundi hæstv. stj. leggja fram breyt. á sjálfum framtölum skattal., t. d. með því að setja á stofn sérstakan skattadómstól eða gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sem gætu orðið verulega til að styðja framkvæmd skattal. Þetta hefur einnig verið skoðun margra, sem standa að hæstv. stj. M. a. fluttum við hv. 4. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. frv. í fyrra um að setja sérstakan skattadómstól með mjög víðtæku valdi. Það bólar ekki heldur í sambandi við þetta frv. á neinu ákvæði í þessa átt og engu, sem sýni, að hæstv. stj. álíti þörf á að hækka skattstigann, en þetta getur verið á leiðinni. Ég vildi þó minna á þetta, um leið og þetta frv. fer í gegnum hv. d.

Ég hef heyrt fjöldamarga játa, að framkvæmd skattal. væri í verulegum atriðum ábótavant. Ég skal ekki fara út í það nánar hér, en það er hægt að benda á með skýrum rökum, að svo er því farið, og það er að miklu leyti vegna þess, að það vantar sterkt framkvæmdarvald í þeim málum, og sumpart vegna þess, að það hefur verið látið líðast, að opinberar stofnanir jafnvel hafi lagt stein í götu þess, að réttlát framkvæmd skattal. gæti átt sér stað. Á ég þar við banka landsins og einnig aðrar skrifstofur, jafnvel stjórnarskrifstofur, sem standa stj. enn nær en jafnvel bankarnir. Þetta má ekki svo til ganga. Það þarf bæði að breyta framkvæmdinni og setja sérstök lagaákvæði, og ég veit vel, að stuðningslið hæstv. stj. hefur gert sér grein fyrir því að undanförnu, hverju sem kann nú að vera til að dreifa. Það ætti þó ekki að vera ástæða til að efast um, að þeir hefðu eins mikinn áhuga fyrir slíkum umbótum, þegar þeir hafa aðstöðu til að gera eitthvað í þá átt.

Ég vildi aðeins minna á þessi atriði, um leið og málið fer í gegnum þessa d., en ég geri ekki ráð fyrir, að brtt. komi af hálfu Framsfl. í þessari d., heldur mun hann sjá, hverju fram vindur.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þessi aths. hv. 2. þm. S.-M. gefur mér ekki ástæðu til mikilla umr.

Hv. þm. segist hafa undrazt, þegar hann sá svipinn á þessu frv., og kvaðst hafa búizt við, að miklu fastara væri tekið á stríðsgróðanum en gert er í þessu frv. Benti hann á, að tveir stuðningsflokkar stj. hefðu látið í ljós þá skoðun, að meira þyrfti að taka af stríðsgróðanum en hefði verið gert. Ég vil benda honum á, að þessi skattur kemur ekki þyngst niður á þeim mönnum, sem venjulega eru kallaðir stríðsgróðamenn, hann kemur þyngst niður á mönnum, sem hafa kringum 100 þús. kr. tekjur, sem má nú kalla hærri meðaltekjur. Ef maður ætlaði að íþyngja stríðsgróðamönnunum meira en gert hefur verið, þá yrði að fara aðra leið en gert er í þessu frv. Eins og hv. þm. hefur sjálfur veitt athygli, þá fellur skatturinn niður, þegar tekjurnar eru orðnar 200 þús. kr., og ég býst við, að það, sem venjulega er kallað stríðsgróði, séu tekjur, sem eru þar fyrir ofan.

Þetta frv. er miklu lægra en sams konar frv., sem borið var fram 1943 og samþ., það er kringum 30% lægra. Það er skoðun mín, að skattar hafi verið of háir á undanförnum árum og ástæðan til þeirra erfiðleika, sem hv. þm. benti á, að hefðu verið á að fá rétt framtöl, stafi vafalaust að miklu leyti af því, að það hafi staðið í vitund almennings, að skattarnir hafi verið langtum of háir. Reynslan hefur sýnt, að það er erfitt að framfylgja l., sem á einhvern hátt brjóta í bág við meðvitund fólksins. Ástæðan til þess, að ég samt sem áður neyðist til að bera fram þetta frv., er ekki önnur en sú óhjákvæmilega nauðsyn fyrir ríkissjóð að fá fé til að standa undir fyrirsjáanlegum útgjöldum þessa árs. Og þó að skattstiginn sé lægri nú en í verðlækkunarskattsl. 1943, þá má gera sér von um, hvort sem hún stenzt dóm reynslunnar, að heildarupphæðin verði kannske eins há, vegna þess að tekjur manna hafa verið mun hærri á árinu 1944 en 1942.

Hitt atriðið, sem hv. þm. talaði um, var viðvíkjandi framtölum og hvað þyrfti að gera til þess að fá betri framtöl en verið hefur undanfarin ár.

Ég skal geta þess, að það fyrsta, sem ég leyfði mér að gera eftir að ég kom í fjmrn., var að óska eftir till. frá skattanefnd og skattstjóra um betri leið til að framkvæma skattal. en verið hafði. Mér er kunnugt um, að skattstjóri hefur verið að athuga þessi mál. Hann taldi mikil tormerki á því að hafa mætti öllu frekara eftirlit með skattaframtölum. Hv. þm. benti á, í sambandi við skattadómarafrv., sem samþ. var fyrir nokkrum árum, að það hefði komið að litlum notum, og það er rétt. Það hefur ekki verið til þess ætlazt, að skattadómari hefði framkvæmdaráð í þessu efni. Ég ætla að láta í ljós, áður en lengra er gengið á þeirri braut, með skipun skattadómara, að það er erfitt að koma því þannig fyrir, að þeir hafi framkvæmdaráð í skattamálum. Skattanefnd

hefur að því ég bezt veit snúið sér til skattadómara um, að hann taki málið til meðferðar, og ætla ég, að hann hafi gert það. Hins vegar verð ég að játa það, að mér finnst það einkennilegt, að skattanefnd skuli ekki hafa notað sér starfskrafta þessa manns meira en raun er á. Það er svo, að eftir allt virðist ástæða til að nota betur þá aðstöðu, sem stj. hefur, til að ná þeim tekjum, sem hér um ræðir. Ég held, að það sé hæpið, þegar sannanir eru fyrir því, að sú tilraun, sem hefur verið gerð í þessa átt, hefur ekki borið árangur, að færa út kvíarnar með því að skipa marga skattadómara. Það væri rétt að nota fyrst starfskrafta þess manns, sem nú situr í embættinu, og sjá, hvaða árangur það getur borið, áður en farið er lengra. Hv. þm. minntist á það, að bankarnir hefðu sérstaklega staðið í vegi fyrir því, að rétt framtöl fengjust. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá hv. þm. Ég veit ekki betur en bankarnir hafi, ef spurt var um innstæður ákveðins manns, svarað því. Hins vegar ef spurt er um innstæður manna í heilum hrepp eða heilli sétt og gefa á upplýsingar um þær, verður það að liggja komplett fyrir til þess að það sé hægt. Hv. þm. hefur lýst því yfir, að á þessu stigi málsins muni ekki verða bornar fram brtt. af hans flokki við þetta frv., og ég vænti þess, að frv. fái greiðan gang í gegnum þingið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. lagði áherzlu á það, að þetta frv. kæmi ekki þyngst niður á stríðsgróðanum, og það er alveg rétt. En eins og ég benti á með fáum orðum, má segja, að það komi nokkuð niður á stríðsgróðanum, ef tekjur frá 100—150 þús. kr. mætti kalla því nafni. En í vissum tilfellum kemur það ekki þyngst niður á stríðsgróðanum. Og þess vegna er líka rétt, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að gera frekari ráðstafanir en þetta frv. gerir ráð fyrir, ef breyta ætti í verulegum atriðum skattaálagningu á stríðsgróðann, en í daglegu tali eru hæstu tekjur kallaðar því nafni.

Ég er undrandi á því, að í fyrsta frv., sem kemur frá stj., skuli ekkert hafa unnizt á í þeirri stefnu að hækka skattana á stríðsgróðann. Búast mátti við því eftir stjórnarsamning þann, sem birtur var, þar sem talað var um hin breiðu bök og margir hverjir skildu sem svo, að átt væri við hæstu tekjurnar. En það er enn tími fyrir ríkisstj. að leggja fram till. um aukin álög á stríðsgróðann, og má vera, að hún hafi það í hyggju, en þó gaf ræða hæstv. fjmrh. ekkert í skyn um það efni, en það kemur í ljós á næstunni. Þá minntist hæstv. fjmrh. á framtöl og það, sem ég sagði um það efni. Það er í fyrsta lagi um skattadómara. Ég hef ekki mikla löngun til að ræða um störf einstakra manna og verðleika þeirra á ýmsa lund. En ég verð, að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., að láta í ljós, að vald skattadómara er mjög misheppnað. Ég dreg ekki í efa, að einmitt þetta vald hefur orðið til þess, að skattadómaraembættið hefur ekki notazt af þeirri ástæðu, að það hefur síður en svo ýtt undir skattayfirvöldin að koma á framfæri við skattstjóra þeim málum, sem þau hafa haft áhuga fyrir, að nánar yrðu athuguð. Ég mótmæli því algerlega, sem mér finnst vera skilningur hæstv. ráðh., að það eigi að dæma um skattadómarastöðuna eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur fyrir störf skattadómara. Ef það er meiningin að ráðstafa fyrst því starfi eins og hefur verið gert og vísa síðan á það til afsökunar, að ekki sé hægt að gera frekari ráðstafanir í þessu efni, þá tel ég málsmeðferð fyrir neðan allar hellur, og ég trúi því ekki, að það verði látið falla niður. Að vísu gaf ekkert af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, í skyn, að stj. hefði í hyggju að beita sér fyrir endurbótum í þessu efni. Ég trúi því ekki, að meiningin sé að láta við það sitja, sem orðið er í þessum málum. Í fyrsta lagi ætti að breyta l. um skattadómara, og að mínum dómi ætti að setja á stofn skattadómstól, sem hefði víðtækara vald og skipaður væri völdum dugnaðarmönnum, og hann hefði einnig vald til þess að taka upp mál, án þess að til hans væri vísað. Ef þetta yrði gert og vandað vel val manna í slíkan dómstól og jafnframt gerð gangskör að því að styrkja ákveðin skattal., mundu framtöl verða betri að mörgu leyti, og ég efast ekki um að ná mætti stórkostlegum árangri og tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. Það er óviðunandi fyrir þá menn, sem alltaf telja rétt fram, að skattar séu sífellt hækkaðir á þeim, en ekki gerð gangskör að því að bæta úr því, sem aflaga fer. Það er lítið að marka fullyrðingar, sem hver kastar framan í annan, að ólag sé á þessum hlutum, ef ekkert er gert til úrbóta í þessum efnum, þegar meiri hluti þingsins styður stj. Fram að þessu hefur því verið borið við, að ekki væri von á stórfelldum endurbótum í þessa átt, þar sem þingræðisstjórn væri ekki í landinu og þingviljinn ekki notaður í þessar stórframkvæmdir. Nú er ekki lengur hægt að bera þessu við, þar sem núv. stj. hefur stuðning 32 þm.

Hæstv. fjmrh. sagðist draga í efa, að bankarnir væru jafntregir til samvinnu og ég gat um. Mér er þetta mál vel kunnugt, og ég vil þess vegna endurtaka það, að bankarnir hafa neitað að gefa þær upplýsingar, sem skattayfirvöldin hafa farið fram á og þeim var að lögum skyldugt að gefa. Það er ekki hægt að bera því við, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þetta væri gert vegna þess, að ekki væri framkvæmanlegt að gefa þessar upplýsingar. Ég veit, að bönkunum er vel framkvæmanlegt að gefa upplýsingar um allar innstæður, miðað við vissan dag, vegna þess að það hefur verið gert. Fyrir nokkrum árum gaf Landsbankinn upplýsingar um allar innstæður, sem þar voru, miðað við vissan dag, og þessar upplýsingar reyndust mjög þýðingarmiklar fyrir skattayfirvöldin við að fá réttari og betri framtöl en áður hafði verið. Því hefur lengi verið borið við, að bankarnir teldu hæpið, að þeir ættu að gera þetta, vegna þess að það mundi draga úr sparnaðarlöngun manna, ef þeir vissu, að gefnar væru upp innstæður, og menn myndu leita annað með peninga sína en til bankanna, ef þessi háttur væri tekinn upp. Um þetta er það að segja, að það er ekki frambærileg röksemd á nokkurn hátt, að sparnaðarvilji þjóðarinnar sé byggður á því, að menn geti skotið sér undan sköttum, það sér hver maður í hendi sér, þegar hann athugar málið. Varðandi hitt, að menn mundu fremur koma peningum sínum fyrir á annan hátt, er það að segja, að allar peningastofnanir landsins myndu fylgjast að um þetta. Engin peningastofnun mundi taka að sér fjármuni manna og fela þá fyrir skattayfirvöld-

unum, svo að þetta mundi ekki hafa nein áhrif á viðskipti stofnananna innbyrðis. Það, sem ætti að gera í skattamálunum nú, er að gera ýtarlegar og öflugar ráðstafanir til þess, að skattaframtöl verði rétt, og taka létt á gömlum syndum og jafnvel að lækka skattstigann á móti heldur en að hækka hann stöðugt og láta sér í léttu rúmi liggja, þó að menn skjóti sér undan sköttum. Þetta ætti að taka til ýtarlegrar athugunar, til þess að þessi mál verði viðunandi. Það er gefið mál, að það verða alltaf erfiðleikar á því að hafa eftirlit með skattaframtölum, og það verða alltaf misbrestir á þeim efnum, en það má ekki láta það á sig fá, heldur verða menn að leggja sig fram til að ná þeim bezta árangri, sem hægt er. Og það er rangt að nota beina skatta nema með því að gera um leið öruggar ráðstafanir til þess, að skattaframtöl verði góð. Ef þeir eru notaðir eins mikið og líklegt er að verði, þá er misréttið, sem kemur fram við þau mál, svo mikið, að ekki er viðunandi. Ég vil láta það koma fram í sambandi við þetta mál, því að þetta er fyrsta skattafrv., sem kemur fram frá núv. stj., sem hefur stuðning þingmeirihluta, og virðist þess vegna, að hún ætti að hafa áhuga fyrir því að fá öruggari framkvæmdir í skattamálum en verið hefur, en það hefur farið í handaskolum fyrir þinginu í afgreiðslu á því, og lítil samvinna hefur verið við fjmrh. í þessu efni. Nú ætti öðru að vera til að dreifa, þar sem þingmeirihluti styður stj. Ég vil af sérstakri ástæðu benda á þetta efni í sambandi við nýju skattal.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Við umr. um fjárlfrv. gerði ég grein fyrir efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég skal láta þess getið, að frv. hefur gengið mótatkvlaust gegnum Nd., og hef ég leyft mér að mæla með, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn. til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil í tilefni þessa máls beina því til hæstv. fjmrh. og þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, hvort ætlunin sé, að þessir skattar verði einnig lagðir á þau félög, sem hafa sérstök skattahlunnindi samkv. 3. gr. l. frá 1935, a, b og c lið. Ég skal ekki segja, hvort það kemur nægilega skýrt fram í þeim l. sem hér um ræðir, hvort það eigi að ganga jafnt yfir alla skattþegana í landinu eða hvort þessi félög njóta sömu friðinda og samkv. l. frá 1935.
Ég vil aðeins beina athyglinni að þessu og fá ákveðið svar frá hæstv. fjmrh. og n., þegar þar að kemur og búið er að athuga málið, hvort öruggt sé, að svo verði án nokkurra umdeilna.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þetta atriði skal að sjálfsögðu verða athugað í fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 721, n. 1103).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið til athugunar í fjhn., og hefur hún lagt til, að það verði samþ. óbreytt. — Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um mál þetta langar umr., þar sem öllum er það kunnugt. — Vil ég þó aðeins taka það fram, að rætt var um það í n., hvort ástæða væri til þess að breyta lítils háttar orðalagi 2. gr., þar sem segir um álagningu og gjalddaga skatts þessa, en n. hvarf frá því, vegna þess að þetta er eins orðað í l. um dýrtíðarráðstafanir 1943. Eins og kunnugt er, er þessi skattur eins og sá skattur, sem þá var kallaður verðlækkunarskattur, og er ætlazt til þess, að hann nái til sömu aðila og sé framkvæmdur á sama hátt, þótt skattstigi frv. sé allmiklu lægri.
Vil ég svo mælast til þess, að hv. þdm. samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1124).

---

31. Ríkisreikningurinn 1941.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1941** (stjfrv., A. 840).

Á 107. fundi í Nd., 7. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þetta frv. er samið á venjulegan hátt í samræmi við ríkisreikninginn 1941, en honum mun verða útbýtt á þessum fundi. En ríkisreikningnum fylgja aftur á móti aths. og till. endurskoðenda stjórnarinnar.

Ég hef á þessu stigi að minnsta kosti ekki neitt frekar um málið að segja, en leyfi mér að mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 840, n. 915).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Fjhn. hefur haft frv. til athugunar og borið það saman við ríkisreikninginn, og ber þar ekkert á milli. En varðandi aths., sem reikningnum fylgir, þykir mér ástæða til að fara þar um nokkrum orðum og gera grein fyrir því, hvers vegna fjhn. gerir ekki neinar till. í sambandi við þær. Ég mun aðeins víkja að nokkrum aths., til þess að sýna fram á, hvernig þessu er varið. Fyrsta aths. er um það, að innheimta hjá sýslumönnum sé eins og endranær mjög misjöfn, jafnvel síðan yfirskoðunarmenn tóku við. Margir hafa auðvitað gert hrein og góð skil, en þó er einstaka embættismaður, sem á mjög mikið óinnheimt. Hafa yfirskoðunarmenn fundið að þessu æ ofan í æ. Þetta hefur lagazt upp á síðkastið, en ekki fullkomlega. 3. aths. er um skólann á Hvanneyri. Síðan það bú var gert að ríkisbúi, hefur megnt ólag verið á reikningum þess og ekki verið hægt að samþ. þá, eins og þeir liggja fyrir. En nú er búið að gera ráðstafanir til að koma reikningshaldi búsins í viðunandi lag; og vonir standa til, að það komist nú í allt annað horf en verið hefur, enda er nýr maður tekinn þar við. — Þá er 5. aths., sem er varðandi húseignir ríkisins. Okkur yfirskoðunarmönnum þykir það undarlegt, að í mörg undanfarin ár hafa húseignir ríkisins, sem margar hverjar eru í miðbænum, ekki gefið neinar tekjur af sér, heldur hefur orðið að gefa með þeim, vegna þess að viðhaldið hefur orðið dýrara en það, sem komið hefur inn fyrir leigu. Þetta er auðvitað óhæft, og standa vonir til þess, að eitthvað verði við því gert, áður en þessu þingi lýkur. Hvað snertir fasteignamatið, sem við vorum að gera breyt. á, þá er það að nokkru leyti vegna þess, hvernig það hefur gengið, að sú lagabreyting var gerð. Við höfðum í árslok 1942 ekki fengið reikningana frá yfirfasteignan., sem starfaði frá 1938. Nú hafa nokkrir reikningar frá henni komið til endurskoðanda ríkisins, en við erum ekki farnir að athuga þá. Þessi og fleiri atriði eru til athugunar. — 8. aths. er gamla sagan um hinar miklu umframgreiðslur frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, en þær hafa farið fram í mjög stórum stíl á þessu ári. Að þessu hefur verið fundið. — 9. aths. er um efnahagsreikning menningarsjóðs. Við höfum gert kröfur um að fá hann í hendur, en það hefur aldrei fengizt. Höfum við viljað fá hann til að geta séð, hverjar eru eignir sjóðsins og hvar málverk og listaverk hans eru niður komin. — 10. aths. er viðvíkjandi kostnaði við mæðiveikina. Í því efni hefur verið vísað til aðgerða Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári. Enn er ekki séð fyrir endann á því, hve mikill kostnaður verður við þær ráðstafanir.

Eg vík að þessu til að sýna fram á, hvernig á því stendur, að fjhn. þessarar d. gerir ekki neinar sérstakar till. í sambandi við aths. okkar yfirskoðunarmanna. Að öðru leyti leggur hún til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að tala um það frv., sem hér liggur fyrir. Það er frv. til l. um samþ. á ríkisreikningnum fyrir árið 1941. Nú er 1945, svo að eftir er að leggja fram frv. til l. til samþ. fyrir árin 1942—'44. Það er ekki hægt að ætlazt til þess, að nú séu lagðir fram reikningar fyrir árið 1944, en það væri eðlilegt, að reikningar fyrir árið 1943 væru nú lagðir fram í staðinn fyrir reikninga ársins 1941. Þannig er ástandið í þessu máli nú, endurskoðun og samþ. ríkisreikninganna er orðið langt á eftir eðlilegri áætlun. Þetta þarf að færast í betra lag, og ber Alþ. að sjá um það. Frv. ber með sér, að útborganir eru allt öðruvísi en gert var ráð fyrir í fjárlögum á sínum tíma. En þegar 4 ár eru liðin frá því að útgjöld fjárlaganna voru áætluð og þangað til reikningarnir eru bornir undir Alþ. til samþ., þá er of langur tími liðinn til þess að hægt sé að láta sök bíta sekan, ef um sök væri að ræða hjá einhverri ríkisstjórn. Ég mun ekki gera frv. að umtalsefni, en vil hins vegar vekja athygli á því, að það er mjög óeðlilegt að vera 3—4 ár á eftir með mál sem þetta, og gæti slíkt ekki viðgengist nema hjá ríkinu. Sumir segja, að ríkisbáknið sé orðið svo mikið og margþætt, að seinlegt sé að koma því við að endurskoða ríkisreikningana, en ég ímynda mér, að um leið og ríkisbáknið hefur aukizt, hafi starfsmönnum verið fjölgað við það í nokkuð svipuðu hlutfalli. Þess vegna mætti ætlazt til, að þessi mál kæmust í betra horf, þannig að ekki liði nema ár á milli, þangað til svona frv. er fram borið á Alþ. Auðvitað er ekkert annað að gera við svona frv. en að samþ. það, hversu vitlaust sem það er. Það eru liðin 4 ár síðan þetta, sem hér um ræðir, var gert, og þess vegna ekki um annað að gera fyrir hæstv. Alþ. en að samþ. þetta frv. Það er vonandi, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að reyna að koma þessu í lag og að frv. sem þetta verði ekki framar lagt fram til málamynda fyrir hæstv. Alþ.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 111. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 840, n. 1107).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv. og borið tölul. þess saman við ríkisreikninginn endurskoðaðan, og er hann samhljóða. Leggur því n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, án þess að hún taki nokkra afstöðu til þess, hvort allar útborganir ríkissjóðs á árinu hafi verið nauðsynlegar. Lýtur þar n. venju um samþykkt ríkisreikninga.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til umr. í Sþ. um þál. um hraðari afgreiðslu ríkisreikningsins og umr. við samþ. fjáraukal. fyrir 1941 vil ég taka fram, að mátt hefði gera ráð fyrir, að frá fjhn. heyrðist einhver rödd um, að þessi ríkisreikningur hefði mátt vera fyrr á leiðinni. Mér þykir dálítið undarlegt, að n. skuli ekkert víkja að því í áliti sínu. Það hefur komið í ljós, að eftir er að kjósa endurskoðendur landsreikninganna 1944. Ég vildi beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vildi ekki koma því til vegar, áður en þessu þingi lýkur. Ég veit það er ósk hans, að endurskoðunin dragist sem minnst. Þáltill. í Sþ. um, að þessu sé kippt í allt annað horf en er, hlýtur og að verða brýning til ríkisstj. um að láta ekki sitt eftir liggja.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Vitanlega eru ekki skiptar skoðanir um það, að mjög óheppilegt er, að ríkisreikningurinn skuli verða svo langt á eftir tímanum sem raun ber vitni. Ætlun ríkisstj. er að kippa þessu í lag. Endurskoðendur hafa fullan hug á að reyna að vinna upp það, sem tapazt hefur. En þannig er ástatt um húsnæðismál ríkisins, að þeirra vegna er ekki hægt að hraða þessu meir, eins og stendur. Ráðagerðir eru uppi um að reyna að bæta húsakostinn, og ef það yrði, mundi bráðlega sjást einhver breyting í þessum efnum. Hv. þm. Barð. spurði, hvort ég vildi ekki koma því til vegar, að kosnir yrðu endurskoðendur fyrir árið 1944. Ef nokkuð vinnst með því, skal það verða gert. En ég er hræddur um, að svo seint gangi, að ekkert sé unnið með því að kjósa þá fyrr en á haustþinginu. Ég lofa, að þetta skal verða athugað.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): N. áleit ástæðulaust að blanda þál. í Sþ. inn í nál., enda tekur hún sinn þátt sem aðrir þm. í afgreiðslu þál. þar. Ég geri ráð fyrir, að nm. séu því sammála, að ríkisreikningurinn hefði átt að verða fyrr tilbúinn en raun hefur á orðið, þessi ríkisreikningur, sem nú á að afgreiða á þingi, sem er enn þing ársins 1944, hefði átt að afgreiðast á þinginu 1943.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1140).

---

32. Bygging nokkurra raforkuveitna.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um byggingu raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur** (stjfrv., A. 426).

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. Með þál. í nóv. 1943 fól hæstv. Alþ. ríkisstj. að kaupa efni til lagningar rafveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur. En um það leyti var að fást leyfi til þess að flytja þetta efni út frá Bandaríkjunum. Hins vegar var ekki þá af hinu háa Alþ. tekin nein ákvörðun um það, hvernig fara skyldi með byggingu þessarar línu, þegar efnið kæmi til landsins. En þá var það mjög aðkallandi þörf fyrir hreppana þar suður frá að geta fengið þessa línu sem fyrst upp, vegna þarfar á auknu rafmagni og vegna þess, hvernig á stóð þá með þær olírafstöðvar, sem héldu uppi rafmagnsframleiðslu fyrir Keflavík. Efnið hefur verið að koma til landsins smátt og smátt, og er nú kominn mikill hluti þess hingað.

Á síðasta sumri, þegar séð var, að efnið mundi berast bráðlega, og með tilliti til mjög aðkallandi nauðsynjar þess, að sem fyrst yrði komið upp þessari línu, þá sneri atvmrn. sér þá þegar til stjórna allra fjögurra þingflokkanna og spurðist fyrir um það, hvort flokkarnir teldu rétt og vildu þegar veita samþykki sitt til þess, að ríkið léti hefjast handa um að byggja þessa rafmagnslínu, þegar efnið kæmi. Allir þingflokkarnir svöruðu því játandi, og voru þá þegar gerðar ráðstafanir til þess að byggja línu þessa, og er verið að því nú.

Hins vegar hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það, hvernig eða hvar á að taka endanlega peninga í þessa línu. Það var að vísu spurt um álit þingflokkanna í þessu efni, en svör voru ekki eins frá öllum. Það þykir því rétt að bera hér fram frv. til l. um þetta, fyrst og fremst til þess að fá staðfestingu á því, að ríkið skuli byggja

línuna, og í öðru lagi til þess að ákveða, hvernig peningar skuli til þess fengnir. Þeir hafa í bráðina verið lagðir fram úr ríkissjóði. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að fé til þessarar framkvæmdar verði tekið að láni. Það kom tvennt til álita í þessu: annað að taka fé að láni, en hitt að taka það úr raforkusjóði. En hér er lagt til, að fé sé tekið að láni, með því að ráðuneytið telur það eðlilegri skipun á þessu máli heldur en að ráðstafa nú fé úr raforkusjóði, meðan mþn. í raforkumálum hefur ekki enn lokið störfum. Þess vegna má sýnast svo, að réttara sé að láta bíða að ráðstafa fé úr þeim sjóði, þangað til fullnaðarákvarðanir n. liggja fyrir. Samkvæmt þessu er lagt til í 2. gr. frv., að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 1.800.000 kr. lán til þess að framkvæma þetta.

Frv. gerir og ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að láta reka rafveituna fyrst um sinn, þar til önnur skipan verður þar á gerð, og getur ríkisstj. falið það Rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

Eins og ég sagði áðan, þá er þetta mál eins til komið og ég hef lýst um byggingu raforkuveitunnar, og er hér farið fram á, að Alþ. með löggjöf staðfesti það, sem flokkarnir hafa fallizt á, að gera skyldi um byggingu veitunnar, og að Alþ. ákveði, hvar taka skuli peninga til þessarar framkvæmdar.

Ég vísa að öðru leyti til aths., sem fylgja frv., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og n., sem væntanlega verður fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 1045).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. hefur legið alllengi fyrir í d. Það var lagt fram 13. okt. í fyrra og var borið fram af hæstv. fyrrv. ríkisstj. Mál þessi hafa verið ofarlega á baugi á þ. undanfarin ár, og á þ. 1943 var ríkisstj. heimilað að kaupa efni í aðalorkulínu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og verja til þess úr ríkissjóði allt að 1 millj. kr.

Þegar sýnt þótti, að efni fengist í þessa línu, og það sumpart var komið til landsins, þá lá fyrir að taka ákvörðun um, hver koma skyldi línunni upp. Ríkisstj. ráðgaðist um það við Rafmagnseftirlit ríkisins, sem taldi, að um 2 leiðir væri að ræða í þessu máli. Önnur sú, að ríkið byggði línuna og sæi um rekstur hennar fyrst um sinn, þar til ákveðið væri, hver við henni tæki. Hin leiðin er sú, að farið væri að á svipaðan hátt og gert var, þegar línan var lögð frá Sogsvirkjuninni til Hafnarfjarðar. Þá var það Reykjavíkurbær, sem lagði þá línu, og um það gerður sérstakur samningur.

Um þessar tvær leiðir leitaði ríkisstj. svo álits þingflokkanna og fékk hjá þeim samþ. til þess, að ríkissjóður legði fram fé til þess að byggja línuna til Keflavíkur. Þegar þessi samþ. þingflokkanna var fengin, var svo ráðizt í framkvæmdir, og er þeim komið nokkuð á leið.

S. l. haust bárust hingað fregnir um það, að efni fengist nú í Bandaríkjunum, ekki aðeins það, sem fengið hafði verið til Keflavíkur, heldur einnig nægilegt til allra helztu þorpanna á Suðurnesjum. Þá var borin fram í Sþ. till. um það, að ríkisstj. skyldi einnig heimilt að kaupa efni í framlengingu Keflavíkurlínunnar um Suðurnes. Þessi till. fór til hv. fjvn., sem einhuga mælti með því, að ríkisstj. yrði veitt þessi heimild, og síðan nál. var gefið út, hefur nú verið samþ. ályktun þess efnis í Sþ. Í nál. fjvn. út af þáltill., sem ég nefndi, er á það bent, að þar sem fyrir liggi frv. um raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur, sé hér um framhald á því verki að ræða og því eðlilegt, að þær breyt., sem leiðir af samþ. till., verði teknar upp í frv. það, sem hér liggur fyrir.

Á þetta féllst fjhn. og leggur því til, að á frv. verði gerðar þær breyt., sem beinlínis leiðir af samþ. þáltill. um innkaup á efni til rafveitna um Reykjanes, og að ríkisstj. sé einnig heimilað að koma upp veitu, sem nái til þeirra staða, sem greint er í till. n.

N. hefur leitað álits Rafmagnseftirlits ríkisins um, hversu mikið þessi aukning aðallínunnar muni kosta, og er talið, að hækkunin muni nema 1 millj. og 200 þús. kr., og er þá miðað við aðallínu og háspennustöð, en gert var ráð fyrir, að aðallínan til Keflavíkur mundi kosta 1 millj. og 800 þús. kr., svo að kostnaðurinn í heild yrði um 3 millj. kr.

N. leggur því til, samkvæmt þessu, sem ég hef sagt, að frv. verði samþ. með þeim breyt., að auk Njarðvíkur og Keflavíkur skuli hún einnig ná til Grindavíkur, Miðnes-, Gerða- og Hafnahreppa. Upphæðin, sem ríkissjóði er heimilað að verja í þessu skyni, hækkar samkv. áætlun Rafmagnseftirlitsins úr 1 millj. og 800 þús. kr. í allt að 3 millj. kr.

Nm. allir eru sammála um þetta, að ég hygg, en einn nm., hv. 1. þm. Eyf., var ekki á fundi, þegar málið var afgr., og er mér ekki fullkunnugt um afstöðu hans, en ég hygg, að ég muni það rétt, að hann væri meðmæltur því, að þetta yrði gert.

Eiríkur Einarsson: Það er síður en svo, að ég vilji amast við því, að þetta frv., sem liggur hér fyrir til umr., eða þeirri niðurstöðu, sem hv. n. hefur komizt að um orðalag, heldur er það heildaraðstaða þessa málefnis, sem vikið er hér að, sem gerir mér það nauðsynlegt að segja fáein orð.

Það var nú svo, að þegar hrundið var af stað til framkvæmda raflögn til Keflavíkur, sem skyldi koma fyrst, varð það óskabarn að njóta fyrst þeirra gæða, sem af því gat leitt fyrir hina smærri staði, að orkuverið tók til starfa við Ljósafoss og orkan komin hingað til höfuðstaðarins og Hafnarfjarðar, því að í upphafi var það margra manna ætlan, að fjölmennari þorp og kauptún, sem liggja mjög í námunda við Ljósafossorkuverið, myndu nú varðveita frumburðarrétt sinn í þeim efnum, verða fyrst. En úr því að það varð Keflavík, sem varð á undan, þá er ekkert við því að segja, og njóti hún þess heil, í stað þess að vera að amast við slíku. En úr því að hér er um að ræða lögfestingu og nokkuð ákveðna skipun um Keflavíkurveituna og áframhaldandi rafveitur um Suðurnes og þorpin þar, þá vil ég — og stenzt ekki við

annað — láta vita af því hér í þessari hv. d., að ég mun fyrir 3. umr. þessa frv. í hv. d. bera fram brtt. þess efnis, að lögfest verði heimild fyrir ríkisstj., sams konar og hér um ræðir, að því er varðar raforku til kaupstaða fyrir austan heiði. Þessi rafvirkjun, sem átti að koma fyrst, dróst einhvern veginn aftur úr lestinni, og segi ég það ekki til þess að spilla fyrir málinu. Það er öðru nær. Það er mér ekkert öfundarmál. En þess vil ég vænta af þeim, sem hlutdrægnislaust líta á málið, að þeir sjái, að þorpin austan heiðar mega ekki dragast lengra aftur úr.

Ég hef rætt um þetta við Rafmagnseftirlit ríkisins, og það kom forstjóra þess ekkert spánskt fyrir, þótt þetta yrði lagt til viðvíkjandi þorpunum þarna eystra. Forstjórinn skilur vel, hve erfitt það er fyrir þessi þorp að horfa á ljósadýrðina, án þess að fá hennar notið. Hann áætlar, að það megi gera ráð fyrir, að þetta nemi allt að 2 millj. kr. hækkun, þannig að í staðinn fyrir 3 millj. kr. kæmi 5 millj., en þá gildir þetta bæði fyrir Hveragerði, Stokkseyri og Eyrarbakka. Eins og þessi till. ber með sér, þá er Þykkvabæ bætt við, en ég hygg þó, að litlar áætlanir liggi fyrir um, hvað leiðslur þangað myndu kosta. Eg sé svo ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta við þessa umr., en milli 2. og 3. umr. mun ég bera fram brtt. Ég álít ástæðurnar fyrir því, að þarna verði hafizt handa, svo mikilvægar, að um það verði ekki deilt.

ATKVGR.

Brtt. 1045,1 samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, EE, GJ, HG, IngP, KA, StgrA.

Þb, BBen greiddu ekki atkv.

8 þm. (MJ, PM, BSt, BrB, GÍG, HermJ, JJ, LJóh) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 1045,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 1045,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

Á 121. og 122. fundi í Ed., 8. og 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 125. fundi í Ed., 12. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 1072, 1076).

Eiríkur Einarsson: Ég á brtt. á þskj. 1076. Það er nokkurrar athygli vert, að þegar áhuginn vex um alla landsbyggðina á því að nota sér vatnsorku okkar til rafmagnsframleiðslu, þá skuli stærstu orkulindirnar, sem hagnýttar eru, ekki hafa komið að notum í þeim þorpum, sem næst liggja virkjununum. Þegar Sogsfossar voru virkjaðir, hygg ég það hafi verið mistök, að þorpin í Árnessýslu fengu ekki þegar rafmagn þaðan. Nú er komið sem komið er, og úr því að ráða, sem er.

Raflínan til Keflavíkur er nauðsynjamál, sem allir styðja. Ekkert er nema gott um það að segja, að hún verði síðan framlengd um Suðurnes. En þá er einkennilegt, að því nær sem dregur orkustöðinni við Sog, því örðugra verði fyrir jafnstórar þorpabyggðir að fá rafmagn. Til að jafna þann halla, sem svo er óeðlilegur að öllu leyti, hef ég borið fram brtt. um, að í þál. verði bætt raflínu frá Sogsvirkjuninni til þorpanna þar innan héraðs og til Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu. Ég skal ekki fara langt út í samanburð. Keflavík er að vísu allstórt kauptún, auk þess má þar með telja Njarðvíkur. En þorpin í Árnessýslu eru ekki mannfærri alls, 2 þús. manns eða fleiri mundu þar njóta raflínunnar.

Viðvíkjandi þátttöku þorpanna í kostnaði og um lagningu heimtauga verður að taka fram, að sum þeirra eru ekki sjálfstæð hreppsfélög. En úr þeim vandkvæðum ætti að mega leysa. Hveragerði og Selfoss hafa hvort um sig nær 300 íbúa, svo að ekki er mannfæð því til fyrirstöðu, að þau geti orðið sérstök hreppsfélög.

Eg tók Þykkvabæ með af því, að ekki er mög löng leið þangað frá Stokkseyri og í Þykkvabæ eru yfir 40 búendur, en aðrir 20—30 á næstu grösum, alls 60—70 bændur, sem gætu notið þessa á tiltölulega litlu svæði, og er það óvenjulegt í sveitum.

Ég tók Þykkvabæ með af því, að ekki er mjög sjálfsagt að leiða orku frá Soginu til Þykkvabæjar, þar sem öll skilyrði eru þó fyrir hendi, þá þykir mér verr horfa með þá stórhuga fyrirætlun að leiða rafmagn um landsbyggðina yfirleitt. Það á ekki heldur neitt að vera að óttast, þó að þessi brtt. verði samþ. og skeytt við Keflavíkurfrv. Það er nú sífellt verið að reyna að fá útflutningsleyfi fyrir efni til raflýsingar þorpanna í Árnessýslu, jöfnum höndum og til Suðurnesja. Málið stendur fyrst og fremst og fellur með því, hvort hægt verður að fá það, sem til þess þarf. Mjög ákveðinn vilji er fyrir hendi, og þörfin er einnig mjög brýn, og eðli málsins segir fyrir um, að þarna er frumburðarrétturinn til þess að njóta þessara gæða, og ég held, að það sé fyrir að þakka, þó að í samræmi við frv. og brtt. sé hætt á, að íbúarnir sjálfir kosti heimtaugarnar, að þá sé hinn góði vilji, sem ég hef þegar lýst, samfara efnalegum möguleikum, það afl, sem geri það kleift, þó að hluttaka og framkvæmd ríkisins nái ekki nema heim að túngarði, að þessu leyti. Svo að hér er ekkert að óttast um vegalengdina, eins og ég hef áður tekið fram, þ. e. a. s. frá höfuðvirkjuninni til kauptúnsins, sem lengst er, þá er fjarlægðin í mesta lagi 35 km. Aftur á móti mun vegalengdin, ef ég man rétt, frá Hafnarfirði til Keflavíkur vera nálægt 37 km eða dálítið lengri en þar, sem lengst er austan fjalls. Svo að mér þætti það koma dálítið „spánskt" fyrir, ef sá reyndist vilji hv. þm., að það þætti sanngjarnt að heimila lögfestingu á rafmagnsveitu tli Suðurnesja umfram það, sem fyrir liggur til Keflavíkur, svo sem komið er á leið, en sjá ekki ástæðu til sams konar heimildar til þorpanna austan fjalls. Ég vil ekki segja meira í þeim efnum heldur en ég veit eða get fullyrt, en ég veit, að Rafmagnseftirlit ríkisins annars vegar og svo hins vegar sá hæstv. ráðh., sem um þessi mál fjallar, vita af þessari till., og mér finnst, að þeim hvorugum komi hún neitt undarlega fyrir sjónir, að ég ekki segi meir.

Í sambandi við þessi málefni, sem miða að því

að auka raforkunotin frá Ljósafossi, má varpa fram þeirri spurningu, hvort Reykjavík, sem á fyrirtækið fyrst og fremst sér til hagnýtingar, sé aflögufær. Svarið kynni að verða á ýmsan veg, eftir því hversu langt er litið fram um þarfir höfuðborgarinnar. En það er a. m. k. hægt að segja sem svo, að þegar langt er litið fram í tímann og miðað er við framþróun í þessum efnum, að meira vatnsafl sé í Soginu, og hvað er líklegra og eðlilegra en að það verði hafin aukin virkjun umfram það, sem þegar hefur átt sér stað? Og þó að sú hagnýting, sem hér er um að ræða, sé bæði mikil og góð, þá er það ekki nema sandkorn á sjávarströnd, miðað við það, sem í vændum er, þegar að heildarvirkjuninni kemur, svo hlutfallslega lítil er sú orka, sem hér um ræðir.

Ef hinir fjarlægari og kannske minni staðir koma til greina, þá því fremur þeir nálægari, sem hafa sambærilega eða betri aðstöðu. Ég veit, að í sambandi við þann leiða drátt, sem orðið hefur á því, að þorpin austanfjalls fengju raforku, þá er Reykjavíkurbæ ekki um að kenna. Það eru leiðinleg og slysaleg mistök frá upphafi vega, sem valda þar um. Saga, sem hér er hvorki tími né tækifæri til þess að rekja, þó að hún væri kannske að sumu leyti lærdómsrík.

Ég vil að síðustu aðeins taka það fram, að þar sem hér er í brtt. lagt til, að þessir staðir austanfjalls fái sams konar lögfestingu og þeir staðir, sem nefndir eru í frv., þá verður breyting á fjárhæðinni, sem er stungið upp á eftir áætlun Rafmagnseftirlits ríkisins, að úr 3 millj. kr. miðað við Keflavík og Suðurnes verði hér settar 6 millj. kr. Það hef ég gert í samráði við rafmagnseftirlitsmann ríkisins, þar sem hann áætlar, að til háspennulínu til kauptúnanna þriggja í Árnessýslu muni fara nærri sanni að þurfi að áætla 2 millj. kr., og þá miðað við framlengingu til Þykkvabæjar þurfi að áætla lauslega 3 millj. kr. samtals.

Ég vona nú, að þær skýringar, sem ég hef veitt á þessu máli, geti verið þeim til hugsvölunar, sem hafa verið hikandi um réttmæti þessarar samþykktar, og að enginn sé nú um það á báðum áttum, að samþykkt þessarar brtt. á fullan og sjálfsagðan rétt á sér.

Það er þó að segja, að framkvæmdirnar eru fyrst og fremst komnar undir því, að efni fáist til landsins, og er það fastur ásetningur hæstv. ríkisstj. og Rafmagnseftirlits ríkisins að vinna að því að leita eftir útflutningsleyfum og kaupum á efni. Það er verið að vinna að því fast og ákveðið, og úr því að þannig stendur á, er ekki nema sjálfsagt að lögfesta þetta og nauðsynlegur liður til þess, að ljós geti úr því orðið.

Það hefur komið fram nokkur ótti um það, að þegar þessi till. sé borin fram, muni fleiri koma á eftir.

Ég tel, að það þurfi ekki að óttast slíkt svo mjög. Fyrst og fremst er þess að geta, að nokkur ágreiningur er kominn fram á Alþ. um meginaðferðir við rafveitu fyrir landið. Sú deila kemur þessu ekkert við að því leyti, að þessi rafveita, sem ég ber fyrir brjósti, til nokkurra þorpa austanfjalls hefur alveg sérstaka aðstöðu, og breytir engu, hvaða aðferð verður ofan á í þeirri deilu.

Ég vil nú án frekari ummæla fela sanngirni og réttdæmi hv. þm. þessa brtt. mína, sem ég hef orðið til að standa hér einn að, vegna þess að sæti mitt er í þessari hv. d., en vitanlega er þetta sameiginlegt málefni okkar beggja fulltrúa Árn.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Ég er sammála hv. flm. þessarar brtt. á þskj. 1076 um það, að hin mesta nauðsyn sé að vinna bráðan bug að því að leggja þessa línu frá Sogsvirkjuninni, og eftir því sem ég bezt veit, hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að hagnýting Sogsvirkjunarinnar fyrir sveitirnar yrði framkvæmd í þeirri röð, að fyrst kæmi Reykjanesveitan og síðan veitan til Eyrarbakka, Stokkseyrar og þorpanna austan fjalls.

Ég mun því greiða þessari till. atkv., en þó með þeim greinilegu fororðum, að sú röð haldist, sem gert er ráð fyrir, enda virðist mér líka, að það komi greinilega fram í frv. að samþ. brtt. eins og hún er. Þó vil ég ekki neita því, að mér finnst ekki ósennilegt, að þetta geti orðið til að tefja framgang málsins í hv. Nd. að samþ. þessa brtt., vegna þess að ef að vanda lætur, má búast við, að viðleitni verði til að hengja fleira aftan í, eins og hv. þm. kannast við. En það sýnir sig við meðferð hv. Nd. á málinu, hvort það verður.

En í þessu sambandi þykir mér rétt að minna hv. þm. á, sem ég tók ekki eftir að kæmi fram hjá honum, að samkv. almennum l. um rafvirkjanir og afskipti ríkisins af þeim efnum er gert ráð fyrir því, að áður en ríkið leggi í að byggja rafmagnsveitur, liggi fyrir fullnægjandi undirbúningur þess. Áætlun ekki aðeins um kostnaðinn við að koma virkjuninni upp og leggja veituna, heldur einnig áætlun um rekstrarútlit rafveitunnar, miðað við þann kostnað, sem gert er ráð fyrir, að verði við að koma henni upp.

Mér er ekki fullkunnugt um það, hvort sá undirbúningur, sem ég veit, að er nokkur, varðandi þessa línu, hvort hann telst fullnægjandi í þessu efni, en þá yrði það væntanlega hæstv. ríkisstj. að skera úr því, áður en hún réðist í framkvæmdir í málinu. Get ég svo látið þetta nægja.

Eiríkur Einarsson: Það er aðeins örstutt. Ég þakka hv. frsm. n. fyrir ummæli hans, að vilja ljá brtt. minni samþ. sitt, en jafnframt vil ég taka það fram, að frá mínu sjónarmiði kemur sá háttur lagasetningarinnar, ef þetta verður sameiginlega lögfest, jöfnum höndum til greina. Ég tel það ekki á valdi einstakra þm., hvort sem það er hv. frsm. n. eða ég, að ákveða, í hvaða röð framkvæmdir skuli verða. Til þess er faglegt eftirlit þessa mikilsverða máls fyrir hendi og kostað af ríkissjóði, að það verður aðalleiðsögnin um framkvæmdaröðina. Og mér finnst, þegar á það er litið, þá geti ég lifað í nokkuð mikilli bjartsýni um, hvaða röð muni verða. Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm., að hann sagði, að sér væri ekki fullljóst, hve fullkominn undirbúningur væri fyrir hendi að því er þessa væntanlegu rafveitu austan fjalls snerti. Ég staðhæfi það, að það hefur ekki síður verið, og var fyrr upp á teningnum, undirbúningur um allt, er að því laut, þar fyrir austan til kauptúnanna heldur en um áframhald veitunnar suður Reykjanes; af skiljanlegum ástæðum var farið að vinna að því á undan. Ég vissi, að lengi hafði verið unnið að því, að Rafmagnseftirlit ríkisins athugaði allt, er að gagni mætti verða við fullkomna áætlun um rafveitu fyrir

kauptúnin austan fjalls, og það var gert fyrr en áætlunin um Reykjanesveituna. Kom í ljós, að rafveitan austan fjalls hefur allar líkur til þess að bera sig. Þetta styðst nú nokkurn veginn við hlutarins eðli, þar sem um er að ræða öðrum þræði mjög fjölbyggð kauptún og svo stuttar vegalengdir hins vegar. Þó að ég vilji forðast að bera fræðimennina fyrir mig lengur en hóflegt er, þá vil ég þó segja þetta.

Kristinn Andrésson: Ég hef nú ekki fylgzt með þessum umr., en sé, að fram hefur komið brtt. um að bæta við fleiri stöðum, sem ættu að fá rafmagn frá Sogsvirkjuninni. Ég hef nú viljað, að þetta mál næði fram að ganga með Reykjanesveituna, og ekki viljað tefja það á neinn hátt með því að koma fram með brtt. við frv., en þegar að því kemur að bæta við fleiri stöðum inn í frv., sem að vísu er ekki óeðlilegt, þá er einn staður enn, sem fylgt hefur þessum, og á ég þar við leiðsluna frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er til fyrir því ríkisábyrgð, sem nýlega hefur verið samþ. hér á Alþ., þannig að ríkisstj. mun greiða fyrir innkaupum til þessarar virkjunar að ég hygg samtímis og til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þrátt fyrir þetta, að ég tel, að þessar rafveitur eigi að fylgjast að og efni að verða útvegað til þeirra og þær byggðar samtímis, þá vil ég nú ekki fara að tefja neitt fyrir þessu máli með því að hnýta fleiri stöðum aftan í, sem ef til vill yrði til þess, að frv. yrði fyrir hrakningi af þeim sökum. Ég get þó lýst því yfir, að ef frv. þetta verður samþ. hér með þessari breyt., þá verð **ég að flytja á næsta hausti** sérstakt frv. um byggingu rafveitu fyrir Húsavík, því að ég tel það í alla staði óeðlilegt, að Húsavík dragist þarna aftur úr. Ákveðið hefur verið, að Húsavík og Reykjahverfi fái rafmagn frá Laxárvirkjuninni, og samtímis því, sem leitað var til Bandaríkjanna um efniskaup fyrir Reykjanesveituna, var það einnig gert fyrir Húsavíkurveituna og alltaf gert ráð fyrir, að þessar veitur fylgdust að, og er á allan hátt jafnt á veg komið. En engu að síður vil ég láta mál þetta fara svo nú, en aðeins lýsi því yfir, að ég mun flytja frv. á næsta þ., sem ég vona, að nái fylgi Alþ. á sama hátt og þessi till., sem nú er verið að samþ.

ATKVGR.

Brtt. 1076,1.a—b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 1076,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 1076,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kauptúna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.

Á 128. fundi í Nd., 13. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1100).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson: Þetta frv. er, eins og hv. þm. er kunnugt, komið frá Ed. Upphaflega var það aðeins um rafveitu til Suðurnesja, en Ed. bætti inn í það heimild um rafveitu til Selfoss og fleiri staða í Árnes- og Rangárvallasýslu og fleiri staða. Þetta frv. fer sennilega til n. hér, og ég vil skjóta því til þeirrar n., hvort hún vildi ekki taka til athugunar að bæta inn í frv. heimild til þess að leggja línu frá Akureyri út Eyjafjörð til Dalvíkur og Hríseyjar í samræmi við þáltill., sem samþ. hefur verið með sérstöku tilliti til þess, sem ráðh. hefur sagt, þar sem hann óskaði að hafa þingvilja fyrir því og það kæmi í frvformi. Mér þætti vænt um, ef hv. n. vildi flytja þetta, þó að ég gæti komið till. á framfæri um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 130. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1100, n. 1115).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 1100, er komið frá Ed. og hefur gengið í gegnum hana. Það fer fram á, að ríkisstj. heimilist að reisa á þessu og næsta ári rafveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Suðurnesja og að hinu leytinu línu frá Sogsvirkjuninni til kauptúnanna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu.

Fjhn. hefur athugað þetta frv., og eins og menn sjá á þskj. 1115, mælir hún með því, að frv. verði samþ. með tveimur breyt., annars vegar, að inn verði tekin lína, sem búið er að samþ. till. um, frá Akureyri til Dalvíkur og til Hríseyjar. Er þessi till. gerð eftir tilmælum hv. 2. þm. Eyf. Hins vegar er till. um línu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis.

N. gerir að sjálfsögðu ráð fyrir, að heimildin verði því aðeins notuð, að hæstv. ríkisstj. komist að samningum um kaup á efni og að öðru leyti sé fært að koma þessum rafveitum upp, án þess að það sé með nokkrum ókjörum.

N. álítur, að hér sé um svo mikils vert mál að ræða, sem sé réttlátur og eðlilegur áfangi á þeirri leið, sem hún vill, að farin verði í þessum málum, að það sé sjálfsagt að herða á framkvæmdum á þessu sviði, og telur því, að Alþ. beri að samþ. þetta frv. á þann veg, sem n. leggur til.

Í samræmi við þessa brtt. um að bæta við þessum tveimur rafveitum flutti svo n. hækkunartill. á þeirri lánsheimild, sem stj. er veitt með þessu frv.

Eins og ég hef skilið þetta mál, þá er ástæðan til, að þetta frv. kom fram, að ekki þótti nægilegt að fá um það þál., heldur yrði að fá lagaheimild, þar sem ákveðið væri, að stj. væri heimilt að taka lán til þessara framkvæmda, þegar til kæmi.

Fyrirsögn frv. leggur n. til, að sé breytt, af því að hér er orðið um fleiri raforkuveitur að ræða, á þann einfalda veg, að frv. heiti frv. um byggingu á nokkrum raforkuveitum. N. telur fara betur á að hafa fyrirsögnina á þá leið en að fara að telja þar upp allar þær rafveitur, sem um ræðir í aðalgr. frv.

Ég geri ráð fyrir, að mönnum sé ljóst, hvað hér er um að ræða, og þarf ekki að hafa um málið fleiri orð. Hv. 3. þm. Reykv. skrifar undir nál. með fyrirvara, en hann er ekki viðstaddur, og verður hæstv. forseti að ráða því, hvort hann vill bíða hans eða ljúka nú þegar afgreiðslu málsins við þessa umr.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið og vænti, að það fái greiðan gang í gegnum þingið.

Forseti (JörB): Hv. 3. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, en þetta er 2. umr. málsins, svo að ég vil mega vænta þess, að ekki komi að sök, þó að málið haldi áfram nú.

ATKVGR.
Brtt. 1115,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1115,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1115,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um byggingu nokkurra raforkuveitna.

Á 131. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1122).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 130. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 131. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1151).

---

33. Kaup setuliðseigna.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi (stjfrv., A. 357).

Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta frv. er samhljóða brbl. frá 26. apríl þ. á. Lögin voru gefin út í samráði við alla þingflokka. Aðalástæðan til að setja l. var, að landsmenn þyrftu að hafa í hendi sér, hversu skjótt yrði rýmt burt þeim hernaðarmannvirkjum, sem hér voru reist til bráðabirgða, og haft var í huga, hvernig landsmenn mættu hafa sem mest not af þeim eignum. Af hernaðarástæðum er þess óskað, að ekki verði mikið um þetta rætt opinberlega. En að sjálfsögðu eru allar upplýsingar til reiðu fyrir þá þm., sem þeirra kynnu að óska.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 357, n. 618).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Þessi brbl. voru gefin út með samþykki þriggja þingflokka. N. hefur ekki talið ástæðu til að skýra frá störfum sínum, þar eð þeim er enn ekki lokið.
Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en einn nefndarmaður hefur sérstöðu.

Jakob Möller: Ég hef frá upphafi verið því mótfallinn, að ríkið stofni sér í þá fjárhagslegu hættu að kaupa eignir setuliðsins. Eins og meðferð þessa máls er nú háttað ber þingið alla ábyrgðina, en fjarri mun fara, að vel horfi með sölu þessara eigna, og því lengra sem líður, því verðminni verða þær.

Jón Pálmason: Ég mæli með, að þetta frv. verði samþ., en er þó samþykkur hv. 3. þm. Reykv. um það, að framkvæmd þessa máls er varhugaverð. Ríkið blandaði sér í þetta mál til þess að tryggja einstaklingum hagkvæm kaup, en koma í veg fyrir allt brask með eignir þessar. Þessum tilgangi mun ekki hafa verið náð. En úr því að ríkið er búið að taka þetta að sér á annað borð, þá mæli ég með þessu frv. í því trausti, að hæstv. ríkisstj. sjái um, að þessi viðskipti lendi ekki á neina braskbraut.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 618 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 686).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hefði helzt óskað þess, að þetta mál yrði geymt, þangað til fjhn. er hér, en til hennar býst ég við, að málið fari, — í það minnsta þar til formaður n. væri hér viðstaddur.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mig langar til á þessu stigi málsins, áður en það fer í n., að gera nokkra aths., sem mér þætti vænt um, að hv. fjhn. vildi taka til athugunar. Í 1. gr. t. d. er ekkert talað um, hvort þessar eignir skuli keyptar á þessu ári. Í 2. gr. er talað um ráðstafanir og sölu á þessum eignum, en ég vildi gjarnan vita (fjmrh. er nú ekki við), hvort reiknað sé með að greiða af þessu toll til ríkisins eins og af innfluttum vörum, en það sýnist eðlilegt, að reiknaður sé tollur af öllum þessum eignum, hvort sem það eru fasteignir eða vörur, eins og öðrum vörum.

Þá langar mig til að vita, hver ræður og hvort þetta er undir verðlagseftirliti, eða er þeim mönnum, sem með þetta fara, eða þessari n. heimilt að selja fyrir hvaða verð sem er? Ég hef orðið var við, að sumt af þessu er selt með uppskrúfuðu smásöluverði, þannig að það er óhugsandi fyrir þá menn að kaupa neitt af þessu, sem þurfa að kosta flutning á því. Og það mun hafa komið fyrir, að þetta gamla drasl, sem búið er að rífa og lítur illa út, hafi verið selt með 20% afslætti frá því, sem verðið var hjá Völundi og fleiri timburverzlunum. Ég skil ekki í því, að ætlazt sé til, að þjóðin fari í kapphlaup um að kaupa lélegt, brotið og bramlað efni með slíku okurverði, og ég er á móti því að notfæra sér neyð þeirra manna, sem verða að kaupa þetta efni, af því að þeir geta ekki fengið annað. Ég vildi gjarnan, að þetta væri athugað, og þá vildi ég gjarnan fá að vita um það, hvernig þessi mál standa yfirleitt. Ég sé í nál. á þskj. 618, að n. hefur fengið skýrslu og reikningsjöfnuð sölunefndarinnar án þess að getið sé í nál., hvort um er að ræða, að það verði til ágóða fyrir ríkissjóð. Það virðist ekki óeðlilegt, fyrst þetta mál kemur á annað borð fyrir þingið, að þm. fái að vita, hvernig þessi mál standa fjárhagslega fyrir ríkið.

Þá er það viðvíkjandi 3.—4. gr., að ríkisstj. veitist heimild til þess að fela hæstaréttі að nefna 3 manna matsn., sem meti kröfur og landspjöll, sem kunni að stafa frá þessum byggingum. Og síðar er sagt, að úrskurður n. sé fullnaðarúrskurður um bætur. Ég get ekki fellt mig við, að 3 manna n. geti að fullu og öllu gert út um stórar fjárupphæðir, þegar menn jafnvel geta deilt um tveggja krónu upphæð, farið með það í undirrétt og jafnvel til hæstaréttar. Ég álít, að það séu svo miklir gallar á þessu ákvæði, að nauðsynlegt sé að fá því breytt, áður en þetta frv. verður að l. — Þá er það 5. gr. frv., þar sem ríkisstj. getur, að fengnu leyfi hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, látið mannvirkin vera þar áfram. Ég teldi mjög æskilegt, að sett yrði þar ákveðið tímatakmark, hve lengi það yrði leyft. Ég hygg, að það hafi verið skoðun landsmanna yfirleitt, að það færi bezt á því, að þau verksummerki, sem setuliðið hefur sett á land okkar, hyrfu sem fljótlegast, er það hefur farið héðan fyrir fullt og allt. Enda þótt ríkið sjálft sé orðið eigandinn að flestu þessu drasli, verður það til lítils sóma fyrir okkur, ef við ætlum að fara að láta t. d. braggana standa kannske í fleiri ár.

Á þessu stigi málsins vildi ég taka þetta fram við n. og vænti, að þegar til 2. umr. kemur, fái ég skýringar á þeim atriðum, sem n. sér sér e. t. v. ekki fært að taka til greina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 686, n. 1093, 1102).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 1102. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Frv. þetta er borið fram af fyrrverandi hæstv. ríkisstj. og var borið fram til staðfestingar á bráðabirgðal., sem sú sama ríkisstjórn fékk gefin út 26. apríl 1944. Ríkisstj. hafði þá borið sig saman við þingflokkana utan þings um, hvað gera skyldi í því máli, hvernig ráðstafa ætti eignum setuliðsins hér á landi, og fengið samþykki þeirra til ákveðinnar heimildar til kaupa á þessum eignum og dreifingu á þeim meðal landsmanna. Og það voru þá tvær ástæður, sem fram voru færðar fyrir þessum athöfnum, annars vegar það, að rýma þyrfti burt merkjum um veru setuliðsins hér með því að hreinsa burt þau hýbýli, sem eru til óprýði eða trafala, og hins vegar að tryggja landsmönnum góð kaup á efni því og munum, sem hér var um að ræða. Um þetta er þetta frv., sem hér liggur fyrir, og er í raun og veru ekki mjög margt um það að segja, því að það er í sjálfu sér staðfesting á þeim bráðabirgðal., sem stjórnin hefur gefið út. Fjhn. Nd. mælti með þessu frv., og fór það í gegnum þá d. óbreytt og tiltölulega ágreiningslítið, og fjhn. þessarar hv. d. hefur einnig mælt með, að það yrði samþykkt óbreytt.

Við 1. umr. þessa máls hreyfði einn hv. þm. þessarar d., hv. þm. Barð., ýmsum aths. við þetta frv., sem hann skaut til þeirrar n., sem hafði málið til meðferðar, og liggja nú þessar till. hans fyrir, eins og hann hefur orðað þær á þskj. 1102. Ég get nú ekki í nafni n. borið fram nein skilaboð um þessar till., því að þær komu ekki fram fyrr en nál. hafði verið skilað. Þau atriði, sem þar um getur, voru ekki rædd í n. sérstaklega, og stafaði það meðfram af því, að þegar málið var tekið til meðferðar, voru nm. margir ekki heilir heilsu og voru fáir á fundi um málið, en þetta stutta nál. var sent til þeirra til undirskriftar, því að það þótti ekki svo mjög orka tvímælis um málið.

Mér þykir þó hlýða við þessa umr. að gera ofur litla grein fyrir, hvernig þessi mál standa eða

stóðu, þegar skýrsla var gefin út síðast. Sú skýrsla var gefin hv. fjhn. Nd., en ég held, að niðurstöðum hennar hafi ekki verið neitt lýst þar. Ég hef a. m. k. ekki séð það í þeim skrifuðu umr. frá hv. Nd., svo að ég tel því rétt, að ég skýri frá aðalniðurstöðutölum þeirrar skýrslu. Þessi skýrsla er miðuð við 31. okt. 1944: Fyrst eru seldir hermannaskálar fyrir kr. 3526982.00, því næst selt úr birgðaskemmu fyrir kr. 549761,92 og ýmislegt selt fyrir kr. 20372,26. Alls eignir seldar fyrir kr. 4097116,18. Stærsti útgjaldaliðurinn og um helmingur af kostnaðinum eru greiddar skaðabætur, kr. 1405300,00. Svo kemur: verð bragga greitt, kr. 605971,00, vinna við niðurrif, kr. 499816,00, verð lausafjár, kr. 181461,00, og flutningur á setuliðsskálum kr. 50600,00. Alls er þá kostnaðurinn, fyrir utan kostnað við nefndarstörf og ýmislegt slíkt kr. 2852377,15, og er þá ágóðinn af þessari verzlun, eins og hún hefur staðið 1. okt. 1944, kr. 1244739,03. Maður sér því, að skaðabætur, sem greiddar eru fyrir landspjöll og slíkt, eru nákvæmlega helmingur kostnaðar. Þessi ágóði stendur nú í þessum aðalliðum: Viðskiptamenn kr. 642876,35, innistæða á hlaupareikningi kr. 525604,15 og peningar í sjóði kr. 88285,53. N. hefur verið send skrá yfir viðskiptamennina, bæði einstaklinga og bæjar- og sýslufélög, og það langmesta, sem er hjá einum einstaklingi, er um 200 þús. kr.

Ég veitti því ekki athygli fyrr en nokkuð seint, að þessi skýrsla er frá 31. okt. 1944, og spurðist því fyrir um, hvort ekki væri til nýrri skýrsla, og var hún ekki til uppgjörð, en mér var lofað, að hún skyldi gjörð, a. m. k. aðal-niðurstöðutölur, svo fljótt, að ef hv. þm. óskuðu þess, mundi hún sennilega liggja fyrir við 3. umr. málsins.

Ég hef svo ekki fleira að svo komnu að segja um þetta mál, en hér er, eins og náttúrlega liggur í augum uppi, um mál að ræða, sem í raun og veru er að mestu um garð gengið, svo að ég er ákaflega hræddur um, að veruleg breyt. á þessu hafi ekki mjög mikla raunhæfa þýðingu, og vil ég fyrir n. hönd mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr.

Gísli Jónsson: Þegar þetta mál var hér til 1. umr., þá hreyfði ég, eins og hv. 1. þm. Reykv. gat um, nokkrum atriðum, sem ég óskaði eftir, að n. athugaði. Ég veit ekki, að hve miklu leyti það hefur verið gert, og ætla heldur ekki að fara út í það, en þegar ég sá nál., fannst mér skylt að bera fram þær brtt., sem ég ber fram á þskj. 1102.

Mér hefur skilizt á ræðu hv. frsm., að hann hafi ekki haft tækifæri til að ræða þessi sérstöku atriði í n. Bæði er það, að till. kom ekki fram hér fyrr en í dag, og auk þess hefur n. m. a. ekki neitt grennslazt eftir hjá mér, hvað fyrir mér vakti, þegar ég hreyfði mínum aths. á sínum tíma, en með því að sumar af þessum till. eru mjög veigamiklar till. í málinu, vildi ég mælast til þess, að hv. frsm. fengi þessari umr. frestað og tæki málið fyrir aftur á fundi, fengi þar ræddar þessar ákveðnu till. á þskj. 1102 og athugaði svo, hvort n. sæi sér ekki fært að fylgja þeim, annaðhvort í þeirri mynd, sem þær koma fram þar, eða einhverri annarri mynd, sem næði að einhverju leyti þeim tilgangi, sem til er ætlazt. Ég geri að vísu ekki að neinu kappsmáli, hvort þessari umr. er frestað eða hvort það er gert fyrir 3. umr., en ég vænti þess, að hv. frsm. fari þannig með málið.

Áður en farið er út í málið sjálft, þykir mér hlýða að minnast svolítið á, hvernig þetta mál hefur verið borið fram, og leiðrétta þar dálitla missögn, sem kom fram í ræðu hv. frsm., sem ég hygg, að ekki hafi verið af ásettu ráði, heldur af athugunarleysi, er hann minntist á samþykktir þingflokkanna í þessu máli. Þá er þess fyrst að minnast, að eftir að Alþ. hafði setið a. m. k. í 3 eða 4 mánuði af árinu 1943 og síðan fram undir vor 1944, þá kemur hæstv. fyrrv. ríkisstj. — ekki einungis nokkrum dögum eftir, heldur nokkrum klukkutímum eftir að búið er að fresta Alþ. — og spyrst fyrir hjá flokkunum, hvort þeir séu ekki samþykkir því, að keyptar séu eignir af setuliðinu. Ég álít, að þessi meðferð málsins sé algerlega óverjandi út af fyrir sig. Bæði hæstv. utanrh., sem ég hygg að hafi staðið í þessu aðallega, og eins hæstv. fjmrh. hlaut að vera ákaflega ljóst, að þetta mál lá fyrir, fyrr en því var hreyft við þingflokkana, og þess ber að gæta sérstaklega, að þegar um þetta mál var að ræða, sat ríkisstj., sem ekki hafði fylgi nokkurs þm. og gat þess vegna ekki tekið svo stórkostlegt málefni á sínar herðar. Ég skal ekki fara mikið út í þetta atriði, því að það er liðið og því verður ekki kippt aftur, en hitt er ekki rétt með farið hjá hv. 1. þm. Reykv., að hér hafi legið fyrir samþykkt allra flokka, því að send voru mótmæli frá Sjálfstfl., stærsta þingflokknum, um að þessi háttur væri hafður á um kaupin. Mér er fullkomlega kunnugt um þetta og m. a. kunnugt um það, að sá fulltrúi, sem Sjálfstfl. síðar útnefndi í n., Helgi Eyjólfsson byggingarfulltrúi, hrakti ofan í hana hver einustu rök, sem hún færði fyrir málinu til sönnunar um, að hér væri í rauninni um hagkvæm kaup að ræða. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta um leið, að hér hefði Sjálfstfl. ekki verið að verki í þessum málum. Það, sem rætt var um alveg sérstaklega í Sjálfstfl., þegar þetta fór fram, og megináherzla var lögð á, var einmitt, að ef ætti að kaupa þetta, þá yrði það gert þannig, að öll tákn setuliðsins væru afnumin sem allra fyrst burt úr landinu, þ. e. að öll þessi hús og mannvirki yrðu rifin, jörðin yrði jöfnuð til og það yrði grætt upp, sem áður hefði verið spillt, svo að engin tákn sæjust eftir hernámið innan ákveðins og hæfilegs tíma. Það kann að kosta ríkissjóð töluvert, en það er alveg áreiðanlegt, að þá kröfu átti landið á hendur setuliðinu frá upphafi.

Nú vil ég benda á, að þegar þessi mál voru rædd, þá var rætt um, að sjálfar eignirnar mundu ekki kosta nema sem svaraði 1 millj. kr. Ég hef heyrt síðan, að þær hafi allar fengizt fyrir minna verð, og hv. frsm. upplýsti, að þær eignir hefðu verið keyptar á kr. 605971.00. — Ég veit ekki, hvort á að skilja það þannig, að meiri hlutinn sé seldur. Ef svo er, er langt frá, að áætlunin geti staðizt, en ef hins vegar mikill hluti eignanna er óseldur, skilst mér, að miklu meira hafi verið gefið fyrir eignirnar en gefið hefur verið út almennt, því að mér hefur verið sagt, að þessar eignir allar hafi verið keyptar á 750 þús. kr., eða 250 þús. kr. minna en gefið var út til flokkanna á sínum tíma. Þá var gefið upp, að eignirnar mundu að vísu ekki kosta nema 1 millj. kr., en þegar allt kæmi til alls og búið væri að greiða allt jarðrask og allar þær

kröfur, sem kæmu frá viðkomandi aðilum í sambandi við það, og búið væri að rífa þetta allt niður og koma því í fé, væri ekki að ræða um 1 eða 2 millj. kr., heldur milli 11 og 12 millj. kr. í heild. Það var alltaf gengið út frá því, að það væri sá kostnaður, sem þessi kaup kynnu að hafa í för með sér. Sé það raunverulega rétt, sem ég hef enga ástæðu til að rengja, því að það lágu fyrir um það mjög miklar upplýsingar og útreikningar, þá verð ég að segja, að ef enn þá er ekki búið að selja nema fyrir 4 millj. kr., þá er langt í land enn, til þess að það sé nægilegt gegn þeim 11 til 12 millj., sem gert er ráð fyrir, að það kosti ríkissjóð. Sé hins vegar líka rétt, að allar eignirnar hafi ekki verið keyptar nema fyrir 750 þús. kr. og þegar sé búið að selja verðmæti keypt fyrir rúmar 600 þús. kr., má vel selja afganginn, ef hann á að greiða þær 8 millj., sem á vantar í þessum efnum, en út í það skal ég ekki fara mjög nánar. Ég hefði þó talið það vera ákaflega eðlilegt, að þær tölur, sem hér liggja fyrir, hefðu verið látnar fylgja með í þskj., því að vitanlega er hér enginn leyndardómur á ferðinni.

Ég vil lýsa dálítið þeim brtt., sem ég hef borið fram, og hvað liggur á bak við, að ég hef borið fram svo róttækar brtt. á þeim l. Ég viðurkenni, eins og ég sagði áðan, að það þýðir ekki að tala um hluti, sem búið er að gera, en það raskar ekki því, að sjálfsagður hlutur sé enn að fara eins viturlega með þessi mál og unnt er og ná einmitt því takmarki, sem til var ætlazt í upphafi, eftir því, sem hv. 1. þm. Reykv. hélt fram, m. a. með því að reyna að nema í burtu öll merki, eins fljótt og unnt væri. Hann hélt einmitt fram, að þetta hefði verið önnur aðalástæðan fyrir því, að þessi kaup hefðu verið gerð, og svo hin, að tryggja landsmönnum góð kaup á mörgum og heppilegum efnum, og skal ég nokkuð koma að því nánar.

Ég hef hér undir a-lið lagt til, að sá háttur yrði hafður á, að í lok hvers mánaðar skyldi n. senda tollstjóra nákvæma skýrslu yfir allt efni, sem selt er, hvort heldur það hefur verið selt sem fasteign eða lausafé, og síðan skyldi tollstjóri reikna tolla eftir tollskránni af því efni, eins og það væri flutt inn, og innheimta þá hjá n. Það má vel segja, að þetta sé kannske nákvæmlega sama, því að síðan verði það, sem afgangs er, fé ríkissjóðs. En það er ekki nákvæmlega sama. Það er ákaflega eðlilegt, að ríkissjóður fái á þann hátt tollgreiðslur strax, og það er þá líka auðveldara að sjá, hvort þetta fyrirtæki út af fyrir sig kemur til að bera sig fjárhagslega eða ekki, því að það er vitanlega ekki að bera sig fjárhagslega, þótt það á sínum tíma, kannske á mörgum mánuðum eða mörgum árum, skili einhverjum hagnaði, sem er t. d. ekki það mikill, að hann nægi til að greiða tollinn af sams konar efni, ef það er flutt inn, en allt þetta efni hefur verið flutt tolllaust inn í landið. Ég vænti þess því, að hv. fjhn. geti fallizt á þessa till., þótt hins vegar megi segja, að það sé kannske að reikna dæmið svona eða hinseginn og útkoman geti verið sú sama.

Ég hef hins vegar lagt til í b-lið, að sala og endursala á þessu efni skuli háð verðlagseftirliti á sama hátt og aðrar vörur, og þegar efnið sé selt, beri að taka tillit til þess, að það sé gamalt og notað og verðið sé ákveðið eftir því. Ástæðan til þess, að ég ber þetta fram, er sú, að mér er persónulega ljóst, að hér er gengið langt út fyrir verðlagsákvæðin. Ríkið hefur hér selt í stórum stíl efni í smásölu, og síðan hefur mönnum verið leyft að selja það aftur í smásölu, og það út af fyrir sig er alveg gagnstætt verðlagslögunum. Mér er algerlega ljóst, að langmest af þessu timbri hefur verið selt við Rauðhóla fyrir 20% minna en hægt er að taka nýtt og gott timbur fyrir í Völundi í smásölu. Þegar litið er á þetta, er raunverulega verið að vernda ríkið til að pranga með vörur, hvorki góðar né nýjar, og ríkinu þar með skapaður langtum meiri réttur en þegnunum. Þetta er svo ákaflega mikið atriði, að það er ekki hægt að ganga fram hjá því og sjálfsagt að fara með þetta, bæði með sölu og endursölu, eins og aðrar vörur í landinu. Því var haldið fram, þegar rætt var um, hvort kaupa ætti þessar eignir eða ekki, að þetta skapaði svo mikla vinnu í landinu, að það skipti millj. Ég hef hins vegar alltaf álitið og álít enn, að það hefði verið miklu skynsamlegra að nota þessar 11 til 12 millj. kr. til þess að flytja inn nýtt efni og byggja upp nýja verkamannabústaði eða nýja bústaði í landinu heldur en að fara þá leið, sem farin er, en eins og ég sagði áðan, þá þýðir ekki að deila um það. Það er ekki hægt að leyna því, að með þessu var erlendu herliði sleppt við afar veigamiklar kröfur, sem það átti að uppfylla gagnvart íslenzku þjóðinni, kröfur, sem voru metnar hvorki meira né minna en yfir 10 millj. kr.

Í 2. lið hef ég lagt til, að 4. gr. frv. verði breytt, þannig að úrskurði n. megi skjóta til aðgerða dómstólanna. Ég tel algerlega óverjandi, að 1. fari héðan eins og 4. gr. er nú, að úrskurður n. sé fullnaðarákvörðun um bætur. Nú skulum við líta á, hvernig þessi n. er skipuð. Hún er skipuð samkv. 3. gr., þannig að ríkisstj. felur hæstarétti að tilnefna 3 manna n. til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins. Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í n., og skal hann vera lögfræðingur. Þessum dómi, sem er eini dómurinn í málinu, sem ef til vill getur oltið á tugir og kannske meira en tugir þúsunda fyrir þegnana, á ekki að vera hægt að krefjast yfirmats á. Það eru ekki einu sinni 5 menn í n. og aðeins einn maður lögfróður og ekki hægt að áfrýja þessum úrskurði. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á því, að nokkur maður í þessari hv. d. leyfi l. að fara út með þessum ákvæðum og sízt að þeir menn í hv. fjhn., sem þekkja meðferð mála og sókn og vörn fyrir hæstarétti, eins og hv. þm. Seyðf., láti sér ekki detta í hug að gera ágreining, þegar hafðar eru svona aðfarir. Ég tel svo freklega gengið á rétt þegnanna, að öllu öryggi sé kippt undan kröfum þeirra gagnvart ríkinu í sambandi við þetta mál.

Þá kem ég að 3. og síðustu till., og hún er náttúrlega langveigamesta till. í þessu máli, en hún er sú að tryggja, að öll merki eftir setuliðið séu numin burtu. Ég hef lagt hér til, að við 5. gr. á eftir meginmálsgreininni komi ný málsgr., þar sem algerlega sé ákveðið í l., að áður en 2 ár séu liðin, skuli allar þessar fasteignir, sem hér um ræðir, vera rifnar niður og allt jarðrask grætt. Ég veit, að þetta er vilji þjóðarinnar. Hún vill ekki, að þessi tákn og þessi merki séu á landinu, og úr því að ríkið hefur tekið að sér að ganga

inn í skuldbindingar annarra ríkja, og það hefur það gert hér, ber því að sjálfsögðu skylda gagnvart þegnunum og gagnvart landinu til að uppfylla þessa skyldu, eins og hún hefði verið uppfyllt af hinum, og það er, að allt verði rifið í burtu og jarðrask ekki aðeins bætt, heldur grætt. Þetta er mér meginatriðið í þessu máli, og ég verð að segja, að þótt þetta ætti að kosta ríkissjóð nokkrar milljónir, hika ég ekki við að greiða atkvæði með því, að þetta ákvæði verði uppfyllt. Ég hef hins vegar talið rétt, að hér væri gerð alveg sérstök undanþága, þegar sérstaklega stendur á, þannig að þau vörugeymsluhús eða önnur stórhýsi, sem hafa verið reist, annaðhvort hér í þessum bæ eða annars staðar og nota mætti áfram sem framtíðarbyggingar í landinu, fengju að standa áfram, en þó því aðeins, að skipulagsstjóri ríkisins og byggingarnefndir hlutaðeigandi bæjarfélaga fallist á, að þessar byggingar megi standa til frambúðar.

Ég vil nú fastlega vænta þess, að hv. frsm. leiti álits t. d. skipulagsstjóra um þetta atriði og byggingarnefndar í Reykjavík, hvort það út af fyrir sig sé þeirra hugmynd að leyfa eða láta þessar byggingar standa til langframa hér í bænum, en ef álitið er, að ljótt sé að hafa þær sem varanlegar byggingar hér í höfuðborginni, getur ekki verið nein prýði að hafa þær sem varanlegar byggingar meðfram öllum vegum úti um landið, til að gereyðileggja áhrif íslenzkrar náttúru.

Ég hef tekið fram hér flest af því, sem ég þarf að segja í þessu máli, nema sérstakt tilefni gefist. Ég varð raunverulega undrandi yfir þeim tölum, sem ég fékk upp, því að ég hafði búizt við, að ágóðinn yrði miklu meiri en gert var ráð fyrir, sumpart miðað við verðlagið hér og sumpart við það magn, sem mér skilst, að búið sé að selja. Ég verð að segja, ef þessi viðskipti eiga að standa í 2 ár eða svo, að þá geri ég ekki ráð fyrir, að um feitan gölt sé að ræða fyrir ríkissjóð. Annars geri ég það ekki að deiluatriði. Hitt legg ég miklu meiri áherzlu á, að sett sé inn í frv., að þetta sé allt numið í burtu fyrir ákveðinn tíma, svo að landið, eins og það var áður, beri þess engin merki, að þessar leiðinlegu og ljótu byggingar hafi staðið hér á landi.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en ég vil leiðrétta annaðhvort háttv. þm. Barð. eða mig. Ég ætlaði að segja, að stj. hafi borið þetta undir þingflokkana, en ekki, að þingflokkarnir allir í sameiningu hafi samþ. þetta.

Ég skal ekki fara út í brtt. háttv. þm. Barð., en ég held, að gott væri, ef hann vildi taka þær aftur til 3. umr.

Þótt fjhn. hafi lokið miklu nú síðustu dagana, þá eru samt mörg mál eftir, svo að hún hefur nóg að gera. Það kann vel að vera, að rangt hafi verið að kaupa skálana, en ég held, að brtt. háttv. þm. Barð. miði ekki í rétta átt. Sennilega hefðu verið sendir verkfræðingar hingað upp með stórvirk tæki, sem hefðu rifið skálana í heilu lagi og jafnað síðan yfir. En ég hygg, að mörgum hafi þótt þetta góður fengur, og það hefði verið smásálarlegt að vilja ekki greiða þessar krónur fyrir. Ég skal sjá til, að þessar brtt. verði teknar fyrir í n., enda þótt mér sé ekki fullkomlega ljóst, hvernig ætti að framkvæma fyrri brtt., að heimta toll af því, sem þegar er búið að selja. Ef þetta hefði verið gert þegar í upphafi, þá var það auðvitað framkvæmanlegt, en það hefði komið niður á þeim landsmönnum, sem kaupa þetta. En ég vil helzt skoða þetta sem nokkurs konar hvalreka, sem landsmenn eiga að fá að njóta, enda mjög erfitt að koma við verðlagseftirliti. Viðvíkjandi því, að sölunefndin úrskurði endanlega ef ágreiningur verður, þá mun það vera gert til þess að gera þetta einfaldara og forðast fjölda dóma og málaferli, sem ella yrðu.

Síðasta till. hv. þm. er ég sammála, að skálarnir eigi að hverfa. Að vísu mun fyrst um sinn víða mega sjá þessi hvolfþök úti um land, en með tímanum munu þau alveg hverfa, enda mun till. háttv. þm. fyrst og fremst eiga við heil hverfi, fremur en við einstaka bragga. Í 5. gr. frv. stendur. „Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður." En samkvæmt brtt. skal þetta orðast svo í síðari hluta málsgr.: „Undanþegin þessu ákvæði eru þó stór vörugeymsluhús eða önnur stórhýsi, enda hafi skipulagsstjóri ríkisins og byggingarnefndir hlutaðeigandi bæjarfélaga fallizt á, að byggingin mætti standa þar sem framtíðarbygging." Í báðum till. eiga byggingarnar að hverfa að fáum undanteknum, og ég er ekki viss um, hvor till. er sterkari því viðvíkjandi. En um það erum við sammála, að þessar byggingar eiga að hverfa. Ég get lofað, að þessar brtt. verði athugaðar í n., en ég get ekki lofað, að leitað verði umsagnar margra tímans vegna.

Mér fannst gæta nokkurs ósamræmis í því hjá háttv. þm. Barð., þar sem hann talar annars vegar um, hvað þessi viðskipti séu varasöm og útlitið slæmt, en hins vegar er hann óánægður með þá skýrslu, sem ég gaf hér, og sýnir hún þó allmikinn gróða.

Gísli Jónsson: Ég verð að segja það, að mig undrar ræða háttv. 1. þm. Reykv. Hún bar með sér, að hann hefur ekki lesið brtt. mínar. Þar er skýrt fram tekið, að n. skuli greiða tollana, en ekki almenningur, svo að hér á alls ekki að skerða þann hag, sem einstaklingar hafa haft af þessum viðskiptum. Það má segja, að með þeim hætti sé ríkissjóður að greiða ríkissjóði, en það er þó það, að á þann hátt fær ríkissjóður það, sem hann hefði fengið, ef þetta hefði verið flutt inn, og það finnst mér sjálfsagt. En mér þykir líklegt, að mörgum sé forvitni á að vita, hver útkoman verður af þessari verzlun, þegar búið er að greiða þessa tolla.

Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki geta skilið, hvernig hægt væri að láta verðlagseftirlitið ná til þessa. En um það eru alveg skýr ákvæði, að engin keðjuverzlun má eiga sér stað, en fyrir því er enginn varnagli sleginn með þessar eignir, enda þótt hér sé um efni að ræða, sem skiptir milljónum króna. Það má segja, að ekki sé unnt að koma þessu við með það, sem búið er að selja, en ef skýrslur eru réttar, þá er geysimikið eftir, og ég hygg, að það liði meir en eitt og meir en tvö ár, þangað til þessari

sölu er lokið. Þó er ég mest hissa á skilningi hv. þm. á brtt. mínum við 5. gr. frv. Sú brtt. er einungis viðbót við greinina, sem á að standa eftir sem áður. En án þess að þessum ákvæðum verði bætt við er engin trygging fyrir því, að þessar byggingar verði látnar hverfa. Það er engin trygging í því, þótt braggarnir séu fluttir til, þar sem þeir eru einatt byggðir upp aftur í sama formi (**BSt:** Er þá ekki höggvið fullnærri frelsi einstaklingsins, ef á að hefta þetta?) Við höfðum þann rétt gagnvart setuliðinu, að þessar byggingar yrðu látnar hverfa, og þegar ríkið keypti þetta, þá hvíldi raunverulega hin sama skylda á því, en það lét bara af hendi þennan rétt, sem það aldrei átti að gera.

Ég veit um fjölda fólks, sem óskar eftir því, að þetta hverfi að fullu og öllu. Ég skal ekki ræða meira um útkomuna á þessari verzlun, en ef búið er að selja afl af þessu, sem ég ekki trúi, þá er útkoman ekki góð. Það má vera, að búið sé að selja það skásta, en það lélegasta sé eftir, og ég held, að ekki hefði verið vanþörf á að losna við það með fljótvirkum og góðum tækjum. Ég hygg, að enn þá sé ekki búið að semja um bót á jarðraski nema þar, sem búið er að rífa skálana, enda verður ekkert lagfært fyrr en þeir eru farnir, en ég sé ekki betur en þeir standi óhreyfðir hér víðs vegar um bæinn, svo sem við Þjóðleikhúsið.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég ætla ekki að verja þessa verzlun, en ég verð að segja það, að ef háttv. þm. Barð. er hissa á minni ræðu, þá er ég undrandi yfir hans ræðu.

Ég sagði aldrei, að það ætti að leggja toll á eftir á, slíkt er vitanlega alls ekki hægt. Ég skildi till. hans rétt að því leyti, að það væri n., sem ætti að greiða þennan toll, en ef svo ætti að vera, yrði ekkert fé afgangs til að bæta skemmdir og skaða.

Um verðlagsákvæðin er það að segja, að mér er enn þá jafnóskiljanlegt, hvernig hægt er að láta þau ná til þessa efnis. Mér finnst þetta helzt sambærilegt við fornsölu. Mér er t. d. sagt, að hlutir hafi verið fluttir inn og verðlagðir hóflega, en svo hafi sams konar hlutir, notaðir, verið seldir dýrara. Ég held, að það verði ákaflega erfitt að elta uppi alla þá, sem kaupa of háu verði, og hvernig í ósköpunum á að gera upp á milli þeirra, sem búnir eru að kaupa þetta efni, og þeirra, sem eiga það eftir? Ég skal játa, að mér yfirsást um viðbótarliðinn við 5. gr. En það var vegna þess, að ég hafði alls ekki hugsað mér, að þessi hv. þm. kæmi fram með slíka bolsevikkaaðferð, sem þar kemur fram. Hugsum okkur, að maður hafi keypt heilt hverfi, og svo er honum allt í einu skipað að rífa það. Það yrði ljóta eftirspilið, ef við ættum að fara um allt land og taka hvern skála og þetta allt eignarnámi, en öðruvísi færum við ekki að þessu, og er ég hræddur um, að kostnaðurinn yrði nokkuð mikill við það. Ég veit, að hv. þm. dytti ekki í hug, ef við létum byggja einbýlishús eftir lögum landsins, að síðan yrði hægt að ganga að okkur og krefjast þess, að þau yrðu rifin niður, af því að þau væru svo ljót. Ég held þess vegna, að brtt. hv. þm. Barð. fái ekki staðizt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en tel, að rétt sé að setja þessi l. úr því sem komið er, og vildi mælast til þess, að hv. þm. Barð. tæki brtt. sínar aftur til 3. umr., en þá eru líkur til, að liggi fyrir fullkomnari upplýsingar. Hefur starfsmaður hjá n. lofað að gefa upplýsingar um það, hvernig þessi mál standa nú. Ég hélt, að málið mundi ganga ágreiningslítið gegnum þessa hv. d., eins og hv. Nd., af því að málið er svo langt komið, að erfitt er að koma við nokkrum aðgerðum á því hér eftir.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins upplýsa hv. 1. þm. Reykv. um það, að það væri enginn vandi að reikna út toll af bröggunum. Þeir eru allir byggðir í sama stíl og úr sama efni, og þyrfti því ekki annað en að taka efnið úr einum bragga, og síðan getur n. reiknað út, hve mikinn toll ætti að greiða af hverjum bragga. Einnig vil ég benda á það, að ég hygg, að þegar þetta frv. hefur verið samþ., verði það einnig látið ná til annarra setuliðseigna, svo sem bifreiða og annarra véla, og að þá sé því auðveldara fyrir n. að reikna með því, hvernig ætti að greiða ríkissjóði toll af þeim vörum, því að ég er ekki sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að það sé alveg sama og að ríkissjóður fái ekki þessa tolla öðruvísi en í ágóðahluta, ef hann yrði einhver, en skal ekki fara nánar út í það.

Ég skal viðurkenna, að það eru ýmis vandkvæði á því að krefjast þess, að niður séu rifnir skálar, sem hafa verið byggðir upp aftur, þótt ég viti hins vegar vel, að oft hefur verið gengið nær eignarrétti manna með ýmsum öðrum lagafyrirmælum. En ég vil aðeins benda á, að þegar byrjað var á þessu verki, var það ótvírætt skylda ríkissjóðs að sjá um, að öll verksummerki þessara skála yrðu tekin af landinu, og ef hún hefur vanrækt að gera allar þær ráðstafanir, sem gera þurfti í sambandi við þessi mál, þá er það heldur ekkert óeðlilegt, að þessi n., sem fjallar með þessi mál, taki að sér þann kostnað, sem það kann að hafa í för með sér að afmá þennan blett af íslenzku landi. Sá möguleiki er fyrir hendi að breyta stíl þessara skála í samræmi við það umhverfi, sem þeir hafa verið reistir í, t. d. að breyta þaklagi þeirra, en alls ekki láta stíl þeirra sitja í landinu, því að það er alveg ljóst, að engin takmörk eru fyrir því, hvað hann getur haldizt lengi í landinu, ef engin ákvæði verða um þetta sett.

Ég skal fúslega taka till. mínar aftur til 3. umr., en vænti þess, að þær verði teknar alvarlega til athugunar í n. Einnig er ég fullkomlega viljugur til þess að hafa samkomulag um orðabreytingar, sem n. kynni að gera á þessum till., en hins vegar verð ég að halda fast við, að meginatriðum sé náð, áður en frv. er afgr. úr hv. d.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af þessu tollspursmáli. Mér sýnist, að það skipti litlu máli, hvað hermannaskálana snertir, hvort tollur er reiknaður af efni, sem tekið er úr þeim, eða ekki. Hv. þm. Barð. veit, að ríkið er þarna aðeins að skipta við sjálft sig, og það hefur þess vegna enga fjárhagslega þýðingu, hvort tollur er reiknaður af þessu eða ekki. Hv. þm. veit einnig, að þessir skálar voru ekki keyptir í hagnaðarskyni, þótt margir hafi gengið út frá því, að svo hafi verið. Það, sem vakti fyrir hinu opinbera, þegar skálarnir voru keyptir, var það, að ríkið gæti haft íhlutun um og

séð fyrir því, hvernig gengið yrði frá skálunum og þeim grundvelli, sem þeir höfðu staðið á. Ríkið tók málið í sínar hendur til þess, að þannig væri farið með allar þessar eignir, að þær yrðu nýttar sem mest og sem minnst spjöll yrðu unnin á því landi, sem skálarnir höfðu staðið á.

Á þessu stigi er ekki unnt að segja fyrir um það, hvernig fjárhagsafkoman verður í þessum efnum, en eftir síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, virðist mér meiri líkur til þess, að um einhvern ágóða verði að ræða, og ef svo verður, sem óskandi er, þá fyrst kæmi til athugunar, hvort reikna ætti þennan hagnað sem toll af þessum vörum og hægt væri að nokkru leyti að hafa fullt eftirlit með, hvað mikið hefur verið greitt. Það er hins vegar alveg tilgangslaust að vera að þrátta um slíkt á þessu stigi málsins, meðan ekkert er endanlega um það vitað, hverjar skaðabætur ríkið þarf að greiða.

Hv. þm. Barð. vék að því í síðustu ræðu sinni, að honum sýndist rétt, að sú aðferð verði viðhöfð um aðrar eignir, bifreiðar og vélar, sem keyptar verða af setuliðinu, að tollur verði greiddur af þeim jafnóðum og þær væru látnar af hendi. Ég er alveg á sömu skoðun og hann hvað þetta snertir. Sannleikurinn er sá, að það er annað viðhorf um þessar eignir en skálana. Það er ef til vill ekki beinlínis hægt að segja, að þær eignir séu keyptar í því skyni, að ríkissjóður hagnist af því, en þær eru þó keyptar í því skyni, að hægt verði að hafa þeirra not hér á landi og til þess að koma í veg fyrir, að þær verði fluttar út, sem vafalaust hefði verið gert, ef ekki hefðu náðst samningar um kaup á þeim, öfugt með skálana, sem hefðu verið malaðir eða rifnir niður. En einmitt af því, að sjónarmiðin að þessu leyti eru allt önnur en varðandi skálana, sýnist mér, að eðlilegt sé, að önnur aðferð sé viðhöfð um sölu á þessum setuliðseignum. Ég get upplýst hv. þm. Barð. um, að fjmrn. hefur gefið fyrirmæli um það, að tollur verði reiknaður af öllum þessum bílum að minnsta kosti eins og notuðum bílum, sem fluttir hafa verið inn í landið á undanförnum árum, og efast ég ekki um, að þessum fyrirmælum hafi verið hlýtt, að svo miklu leyti sem þau hafa enn komið til greina. Ég vildi láta þetta koma fram, til þess að ekkert væri á huldu um það, hver aðferð verður höfð um þetta í framtíðinni.

ATKVGR.
Brtt. 1102 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 686, 1102).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að nokkrar frekari upplýsingar mundi verða hægt að láta í té um það, hvernig nú væri komið viðskiptum þeim, sem stöfuðu af kaupum hermannaskálanna af setuliðinu hér og byggt er á í bráðabirgðalögum þeim, sem hér á að staðfesta. Það hefur ekki unnizt tími fyrir fjhn. til þess að koma saman og ræða málið. Hefði þá ef til vill verið æskilegt að gefa út framhaldstölur á nál., ef hún óskaði eftir, að þær lægju fyrir prentaðar, og ef menn teldu það svo mikils virði, væri hægt að taka málið nú af dagskrá. Hins vegar tel ég ekki nauðsyn á að gefa út slíkt framhaldsnál. og vil vekja athygli á þessu einnig í sambandi við væntanlegar breyt. á frv., að sannleikurinn er sá í þessu máli, að það er svo langt komið, að það væri næsta undarlegt, ef fara ætti að breyta þessum l. nú. Bráðabirgðalögin voru gefin út 26. apríl 1944, og eftir þeim hefur verið starfað, og er sölu hermannaskálanna að verulegu leyti lokið. Það væri því næsta furðulegt, að um leið og þessi bráðabirgðalög eru staðfest, þá ætti að fara að breyta þeim l., þannig að það eitt út af fyrir sig er nægilegt um þessar brtt., sem liggja fyrir. Ég vil því skýra frá því hér, að fjhn. hefur borizt bréf frá sölunefnd setuliðseigna, og það bréf ber með sér, að n. hefur veitt viðtöku 6233½ hermannaskála af 7400, sem samið hafði verið um kaup á, og eru þessir skálar greiddir. Óafhentir eru því 1166½ skáli. Af þessum 6233½ skála hefur verið ráðstafað eða unnið að 5901½, þannig að eftir eru 332 skálar. Þessu hefur verið ráðstafað þannig, að seldir hafa verið 3471¾ skáli, rifnir að innan 2350 og rifnir niður að fullu 79¾. Óseldu skálarnir eru flestir við Seyðisfjörð, nálægt Reykjavík og við Hvalfjörð, þessir 332, sem ekki hefur verið ráðstafað. — Þannig stendur málið. Eins og ég hef áður sagt, er þessum viðskiptum ákaflega langt komið, og hefur verið fylgt þeim reglum, sem bráðabirgðalögin ákveða, og virðast því vera erfiðleikar á því að fara að breyta nú til. — Ég hef hér einnig reikningsyfirlit á sama hátt og það, sem ég birti hér við 2. umr., sem miðað var við 1. okt. s. l., en þetta yfirlit er hins vegar miðað við 31. des. s. l. eða árslokin, og er það að ýmsu leyti nokkuð svipað. — Seldir hafa verið hermannaskálar fyrir kr. 3994613,00, svo og ýmislegt fleira, þannig að sala alls, bæði úr birgðaskemmum og af lausafé úr hermannaskálunum hefur numið alls kr. 4918166,00. Langstærsti útgjaldaliðurinn eru skaðabætur, sem greiddar hafa verið, og nema þær kr. 1513100,00. Síðan er næsti liður greiddur setuliðinu fyrir herstöðvar, kr. 605971,00, og fyrir lausafé kr.183521,00. Þá er kostnaður við vinnu vegna niðurrifs skálanna, og nemur hann kr. 728305,00. Mismunurinn eða ógreitt til þessa er talið nema kr. 1684793,00, og liggur þessi mismunur að mestu leyti á innistæðu í Landsbanka Íslands, eða kr. 1039567,00. Svo að segja allt hitt er hjá viðskiptamönnum, eða kr. 584854,00, og fylgir hér skrá yfir viðskiptamenn, er sýnir, að talsvert hefur komið inn, síðan yfirlitið frá í október s. l. var gert. Um þetta er það að segja, að mestar líkur eru til, að mest kæmu til greina verulegar landkröfur frá Austfjörðum, þ. e. a. s. frá Seyðisfirði. Mér er ekki vel kunnugt um þetta, en þar eru talsverðar þyrpingar hermannaskála, og lítur helzt út fyrir, að þar verði ekki af sölu. Gæti það orðið til þess, að þeir yrðu rifnir niður, og yrði þá að bæta þar landspjöll, þannig að af því gætu orðið nokkrar kröfur, en annars hafa þessir hermannaskálar yfirleitt verið seldir þannig, að þegar sýslur, bæir eða hreppar hafa keypt, hafa þau keypt með því skilyrði, að skálarnir yrðu ekki aðeins rifnir niður, heldur yrði einnig að bæta þau spjöll, sem um yrði að ræða í því sambandi. — Hér í Reykjavík er

talsvert enn þá um þessa hermannaskála, og eru margir þeirra ekki frá amerísku hernaðaryfirvöldunum, heldur frá þeim brezku. Svo mun vera um hina stóru vörugeymsluskúra niður við höfnina, sömuleiðis um stóra hverfið hjá Stúdentagarðinum á háskólalóðinni, einnig er hér mjög stór hermannaskálaborg fyrir vestan og sunnan íþróttavöllinn, og mun sú þyrping alveg vera fyrir utan þessa samninga, hvernig sem á því stendur. Hér og þar um bæinn eru miklar þyrpingar, en tilætlunin mun vera sú, að bærinn kaupi þá skála og eignist þá, og er sennilegt, að gerðir verði sams konar samningar við brezku hernaðaryfirvöldin hér og gerðir hafa verið við þau amerísku. Verður það þá með þeim hætti, að ekki yrði um kröfur um landspjöll að ræða á þeim lóðum, sem bærinn á. Hins vegar standa sumir skálarnir á lóð, sem er einkaeign, og eru lóðirnar í flestum tilfellum þannig, að ekki þarf að bæta þær öðruvísi en að rýma þær og koma þeim í jafngott stand og þær áður voru í.

Ef hv. þm. Barð. óskar, að málið sé tekið út af dagskrá, skal ég gjarnan fallast á það. N. hefur ekki haft tök á að halda fund og vissi ekki, að málið yrði tekið á dagskrá í dag.

Annars virðist mér, að ekki sé unnt að láta þau ákvæði, sem greinir í þessum brtt., koma til framkvæmda varðandi hermannaskálana, úr því sem komið er. Varðandi aðrar eignir, svo sem bíla o. fl., þá upplýsti hæstv. ráðherra, að öðru máli gegndi um það, þar sem það er keypt til beinna nytja, en skálarnir voru fyrst og fremst keyptir til að losna við þá, þótt gott sé auðvitað að fá timbrið. Ég talaði heldur á móti þessum brtt. við 2. umr. En ef hv. þm. Barð. vill, skal ég láta athuga þetta, en eins og kunnugt er, líður nú að síðustu dögum þingsins, svo að óvíst er, að n. geti varið miklum tíma til þess.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið. En ég hefði talið æskilegt, að gefið yrði út nýtt nál. með þeim, svo að þessar upplýsingar lægju fyrir skjallega. Ég get þó látið mér nægja, ef hæstv. ráðherra vildi lýsa því yfir, að það, sem ég legg til, yrði framkvæmt við þá skála, sem nú eru óseldir, en þeir munu vera um 3000. Ég get fallizt á, að erfiðleikar séu á því að framkvæma þetta við þá skála, sem búið er að selja. Það hefur komið fram, sem ég gat til í fyrstu, að ríkið hefur komið af sér þeirri skyldu, sem hvíldi því á herðum, að þetta yrði allt rifið burtu og jarðrask bætt.

Brtt. mína við 4. gr. tel ég fullkomlega tímabæra. Nú þegar liggur mikið fyrir af skaðabótakröfum, en samkvæmt 4. gr. frv. eru menn sviptir þeim rétti að sækja og verja mál sitt. — Ég hefði mælt með, að n. gæfi út nýtt nál. og ræddi þetta við hæstv. ráðh., en málinu yrði frestað þangað til þessu væri lokið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég tel sjálfsagt, að svo fljótt sem kostur er á verði jafnað þar yfir, sem skálar hafa staðið. Þetta er þó ekki hægt, fyrr en til þess hafa fengizt verkfæri, en líkur eru til, að þau fáist í vor, og verður þetta þá strax gert. Ég get ekki lofað því, að þeir skálar, sem seldir hafa verið og byggðir upp aftur t. d. á bændabýlum, verði rifnir niður, enda virðist mér það ástæðulaust. Þetta er ekki verra en önnur geymsluhús, en fyrir þau er víða mikil þörf. Að því er snertir stærri hús eins og íþróttahús og fleira hér í Reykjavík, verða þau látin standa, svo lengi sem bæjarstjórn Reykjavíkur gefur leyfi til, enda mun hv. þm. Barð. til þess ætlast. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur þetta nægilegt, en ég get ekki lofað meiru. Ríkisstj. skal hlutast til um, að svæðin, þar sem skálarnir hafa staðið, verði sléttuð eins fljótt og kostur er á.

Ég get fallizt á, að eðlilegt væri, að skaðabótamál þessu viðvíkjandi gengju eðlilegan gang. Það er réttur borgaranna að skjóta málum sínum til dómstólanna.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins bera fram fyrirspurn viðvíkjandi yfirlýsingu hæstv. ráðh., hvort ekki sé öruggt, þegar skálar eru komnir í eigu einstaklinga eða félaga og fullt samkomulag er við landeiganda, að þessi hús fái að vera í friði. Ég get getið þess, að í mínu héraði er það svo, að þar hafa félög í héraðinu keypt stóran spítala og breytt honum svo, að þetta er einn bezti samkomustaður héraðsins.

Annars vil ég taka það fram, að ég tel, að brtt. hv. þm. Barð. við 5. gr. komi alls ekki til mála, enda mun hann nú fallinn frá henni. Samkvæmt henni ætti að rífa alla skála niður á 2 árum, jafnvel þótt þeir væru komnir í eigu bænda sem hlöður eða geymsluhús. — Ég skil ekki þá andstyggð, sem sumir virðast hafa á þessum byggingum. Minn fegurðarsmekkur er á þá lund, að mér finnst þessar byggingar fallegri en margskekktir torfkofar. En ég ætla ekki að fjölyrða um þetta atriði, heldur einungis spyrja að því, hvort einstaklingar og félög fái ekki að halda þeim eignum, sem þau hafa keypt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég þarf naumast að svara þessari fyrirspurn. Það liggur í augum uppi af því, sem ég sagði áðan, að ef skálarnir hafa verið seldir, þá er það ekki lengur á valdi ríkisstjórnarinnar að ráðstafa þeim. Til þess þyrfti eignarnámsheimild, en inn á þá leið mun tæpast verða farið.

Gísli Jónsson: Út af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. hefur gefið, vil ég í fyrsta lagi lýsa því yfir, að ég get tekið aftur 1. brtt. mína á þskj. 1102, a. og b. lið. Aftur á móti óska ég þess, að gengið verði til atkv. um 2. brtt. mína á sama þskj., við 4. gr.

Ég harma það, að þessi ákvæði voru ekki sett strax, en ég fellst á, að erfitt er að eiga við þetta úr því sem komið er, og það er vítavert af ríkisstjórninni að hafa farið þannig með þetta, að eignarnámsheimild skuli nú þurfa til að taka þetta rusl. Vegna þess að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að öll spjöll verði löguð hið bráðasta, tek ég aftur 3. brtt. mína, við 5. gr., en ég endurtek, að ég harma, að svo var frá þessu gengið sem nú er raun á orðin.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég get raunar fallið frá orðinu, úr því að hv. þm. Barð. ætlar að taka aftur þessar till. Mér virðist, að 2. brtt. skipti ekki miklu máli, þar eð hægt er, eftir því sem mér er sagt, að láta dómstólana dæma um gildi matsins.

Þegnarnir eru þá ekki sviptir neinum rétti. En ég álít heppilegra, að n. afgreiði þetta, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

ATKVGR.
Brtt. 1102,1 og 3 teknar aftur.
— 1102,2 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, PM, GJ, GÍG.
nei: IngP, JJ, MJ, BSt, BrB, StgrA.
PHerm, EE greiddu ekki atkv.
4 þm. (HermJ, ÞÞ, BBen, HG) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1184).

34. Skattgreiðsla Eimskipafél. Íslands.

Á 129. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33. 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (stjfrv., A. 1106).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur Eimskipafélag Íslands notið skattfrelsis að miklu leyti síðan árið 1928. Með l. frá 7. maí 1928 var það fyrst undanþegið að greiða tekju- og eignarskatt. Þessi l. hafa verið framlengd síðan um 2 ára skeið í senn, en skattfrelsið féll niður nú um síðustu áramót.

Ríkisstj. hefur nú leyft sér að flytja það frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., og er efni þess, að þetta skattfrelsi Eimskipafélags Íslands verði framlengt um 2 ár, fyrir 1945 og 1946, með nokkrum frekari skilyrðum þó en verið hafa áður. Í sjálfu sér er ekki hægt að segja annað en hagur Eimskipafélagsins sé nú mjög góður. Eftir síðustu reikningum, sem fyrir liggja, fyrir árið 1943, er nettóeign þess rúmlega 30 millj. kr. Það má því segja, að út af fyrir sig ætti það að greiða skatt ekki síður en margir aðrir skattgreiðendur hér á landi og jafnvel fremur en aðrir. Samt sem áður taldi ríkisstj. rétt að gera till. um, að skattfrelsið yrði framlengt, og byggist það fyrst og fremst á því, að hún lítur á Eimskipafélagið sem almenningseign, því að þótt ekki sé ríkisrekstur á því í orðsins eiginlegu merkingu, þá eru hlutabréfin mjög dreifð. Það eru menn í öllum landsfjórðungum og öllum stéttum, sem eiga hlutabréf í félaginu, og það er ekki hægt að segja annað en félagið hafi fyrr og síðar verið rekið fyrst og fremst með hag almennings fyrir augum.

Ríkisstj., a. m. k. meiri hl. hennar, er þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að félagið gæti haldið áfram að bæta hag sinn, því að það er naumast hægt að efast um, að það fé, sem safnast fyrir hjá Eimskipafélagi Íslands, gangi til að auka skipastól landsins, en um það munu naumast vera skiptar skoðanir, að þess sé þörf. Til frekari tryggingar þessu var samt sett í þetta frv. ákvæði um, að skattfrelsið væri bundið því skilyrði, að tekjuafgangnum yrði varið einvörðungu til þess að kaupa skip eða á annan hátt í þágu samgöngumálanna. Er þar átt við, að ekki væri útilokað, að félagið gæti lagt t. d. í flugsamgöngur og fært út starfsemi sína á þann hátt. Stjórnin taldi ekki ástæðu að þessu leyti að skera félaginu mjög þröngan stakk, þótt gert sé að sjálfsögðu ráð fyrir, að meginhlutanum af því fé, sem félagið hefur til ráðstöfunar, sé varið til samgöngubóta.

Eins og kunnugt er, hefur félagið á árinu 1943 haft óvenjulega góða afkomu. Rekstrarhagnaðurinn á því ári varð yfir 18 millj. kr., og sá hagnaður stafar einvörðungu af rekstrarafgangi á leiguskipum, sem félagið hafði þá. Það hafa orðið nokkrar deilur um þetta og félaginu lagt það til ámælis, að það hafi haldið uppi óþarflega háum fröktum á árinu 1943, og ég skal ekki fara út í að rökræða það að svo stöddu. En hvað, sem má um þetta mál segja, þá hljóta menn að sjá, að hér sé ekki um neina hættu að ræða, ef tryggt er, að þessi rekstrarafgangur gangi einvörðungu til þess að bæta samgöngur landsins, auka skipastól þess og tryggja samgöngur, bæði utan lands og innan.

Um rekstrarafkomu þessa árs er það að segja, að það liggja ekki fyrir neinar endanlegar upplýsingar um hana enn þá, en eftir því, sem framkvæmdastjóri Eimskipafélagsins hefur sagt mér, er útlit fyrir, að nokkur rekstrarafgangur verði á árinu 1944, en hann stafar af því, að fraktalækkunin kom ekki fyrr en liðið var nokkuð á síðasta ár. Ég hygg, að það hafi verið 8. maí, sem hún kom, þannig að talsvert mikill hagnaður var orðinn fyrri hluta árs. Aftur á móti hefur framkvæmdastjóri upplýst það, að ef fraktirnar haldi áfram óbreyttar á þessu ári og ekki verði nein breyting á rekstrarkostnaði skipanna, sé útlit fyrir, að talsverður tekjuhalli verði á þessu ári. Út af fyrir sig mætti segja, að ekki skipti miklu máli, ef sú verður raunin, að tekjuhalli verði á árinu, hvort félagið er undanþegið tekjuskatti, en þrátt fyrir það þótti stjórninni rétt, að því væri slegið föstu, að eðlilegt væri, að félagið héldi áfram skattfrelsi sínu á sama hátt og það hefur haft á undanförnum árum.

Ég vildi því gera það að till. minni, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. til athugunar, og er þess að sjálfsögðu óskað, að afgreiðsla þess fari fram eins fljótt og frekast er auðið, því að það er gert ráð fyrir, að nú fari að styttast þinghald.

Eysteinn Jónsson: Ég dreg það ekki í efa, að þetta frv., sem hér er lagt fram af hendi hæstv. ríkisstj., komi mörgum á óvart, eftir það, sem á undan er gengið í þessu máli, og það er tæpast, að menn geti trúað sínum eigin eyrum, þegar þeir heyra, að núv. ríkisstj. standi að þessu máli, að því er virðist í heild sinni. Ég vildi gjarnan fara um þetta mál örfáum orðum, áður en það er tekið til meðferðar í hv. fjhn. d.

Það munu margir vera þeirrar skoðunar, að það sé í raun réttri ákaflega vafasöm stefna að veita einstökum fyrirtækjum hlunnindi með skattfrelsi og það sé miklu heppilegri stefna, að ríkisvaldið fari þá leiðina, þegar það vill styðja einhverja starfsemi, að veita heldur fé úr fjárhirzlum ríkisins til þeirrar starfsemi en láta einstök fyrirtæki eða starfsgreinar sleppa við að greiða venjuleg

gjöld. Ég hef heyrt marga taka undir þetta, en þó hefur það verið svo, að undanfarin ár hefur nokkuð verið af þessu gert og þá sérstaklega það, að Eimskipafélag Íslands hefur haft undanþágu frá venjulegum sköttum, enda þótt það sé hlutafélag, — félag einstakra manna —, og ekki að neinu leyti háð ríkisvaldinu. Það hefur að vísu komið fram á þessu nokkur gagnrýni á undanförnum árum, einkanlega man ég eftir af hendi Jafnaðarmannaflokksins og að því er ég hygg af hendi Sósfl. T. d. hafði Jafnaðarmannaflokkurinn lengi þær till. í málinu, að réttmætt væri, að ríkið ætti hlut í Eimskipafélaginu, jafnan öðrum, og því ýmist veittur beinn styrkur eða látið hafa skattfrelsi. En samt hefur það ævinlega verið svo, að meiri hluti á Alþ. hefur verið fyrir því að halda þessari skattfrelsisstefnu hjá Eimskipafélaginu áfram og styðja félagið til þess að verða fjárhagslega vel stætt fyrirtæki, til þess að geta komið upp talsvert öflugum sjóðum til að endurnýja skipaflotann og halda uppi millilandasiglingum. Þannig hefur það verið, að þótt menn hafi verið óánægðir með þessa leið í sjálfu sér, þá hefur hitt sjónarmiðið verið það ríkara, og meiri hluti þingsins hefur gengið með í þessu efni á undanförnum árum.

Nú er hins vegar svo komið, að ástandið í þessum efnum er alveg gerbreytt og snúið við frá því, sem áður var. Nú er þannig komið þessum málum, að Eimskipafélag Íslands er tvímælalaust ríkasta stofnun í landinu og sú stofnun í landinu, sem er bezt fjárhagslega undir það búin að rækja það hlutverk, sem hún ætlar sér. Félagið á marga tugi milljóna í sjóðum, reiðubúna til að leggja fram til skipakaupa, þegar skip fást, og félagið á auk þess skuldlausar allar eignir sínar, bæði skip og fasteignir. Félagið var að vísu sæmilega statt í byrjun styrjaldarinnar, en á styrjaldarárunum hefur félagið hagað þannig farmgjaldasetningu sinni, að það hefur stórgrætt og grætt meira á einu styrjaldarári, 1943, en nokkur dæmi eru til áður í sögu landsins um eitt einasta fyrirtæki.

Ég skal nú víkja nokkuð sérstaklega að þeirri stefnu, sem Eimskipafélagið hefur rekið að þessu leyti á styrjaldarárunum, vegna þess að óhugsanlegt er annað en sú stefna, sem það hefur rekið um flutningsgjöld, hafi gagngerð áhrif á skoðanir manna um, hvað rétt sé nú að gera í þessu efni. Á árinu 1940, sem var fyrsta heila styrjaldarárið, græddi Eimskipafélagið mjög verulega og meir en menn höfðu þá áður þekkt hér. Þá voru auðvitað lægri tölur en nú orðið, en ég hygg, að það hafi verið á 6. millj. kr. Þetta þótti þó ákaflega mikið og olli miklum umr., og ekki er nokkur vafi á því, að sú mikla farmgjaldahækkun, sem Eimskipafélagið setti þá strax á og hafði m. a. í för með sér hinn mikla gróða, varð mjög mikið atriði í dýrtíðarmálunum og er orsök í þeirri dýrtíðarbylgju, sem flæddi yfir landið. Samt varð ekki ákaflega mikill styr út úr því, því að menn vissu, þrátt fyrir allt, að Eimskipafélagið þurfti að verða mun ríkara en áður var, og þótt menn fyndu hættulegan hlut á ferðinni, þá féll þessi gagnrýni furðulega niður.

Árin 1941 og 1942 hafði félagið áfram mjög góðan hagnað og hélt áfram að eflast, en árið 1943 markaði alveg ný tímamót í sögu félagsins, því að þá græddi félagið á einu ári milli 20 og 30 millj. kr., og er slíkt, eins og ég sagði áðan, alveg óþekkt fyrirbrigði í sögu landsins, að eitt fyrirtæki komist á einu ári yfir jafnmikla fjármuni. Á þessu ári voru menn, ekki sízt stjórnarvöldin, önnum kafnir við að stöðva vöxt dýrtíðarinnar, og þá var þannig komið þeim málum, að menn voru farnir að greiða háar fjárhæðir úr ríkissjóði til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Enn fremur er mönnum kunnugt um þær stórfelldu deilur, sem hafa átt sér stað í landinu, hvort kenna ætti dýrtíðina hinum miklu deilum um vinnulaun og verði landbúnaðarafurða.

Eimskipafélagið hefur haldið uppi flutningsgjöldunum á sama tíma og Alþ. hefur verið önnum kafið að halda dýrtíðinni í skefjum. Þetta er fóðrað með því, að flutningsgjöldin hafi ekki áhrif á vísitöluna, en þessar 20—30 milljónir, sem Eimskipafélagið hefur grætt, eru ekki komnar annars staðar frá en frá landsmönnum. Flutningsgjöld á timbri hafa t. d. verið svo há, að það munar um 200 kr. á byggingarverði hvers tonns í mótorbát. Þetta er rétt eitt dæmi, sem sýnir, hvernig þessi flutningsgjöld hafa lagzt eins og mara á allt, sem unnið hefur verið í landinu. Ég hygg, að varla hafi verið nokkur maður, sem ekki áleit, að Eimskipafélagið hefði gengið of langt í þessu, enda þótt menn vildu, að það væri sterkt. Og margir hafa litið svo á, að félagið ætti að endurgreiða þetta fé, því að það eru fleiri en Eimskipafélagið, sem hafa nauðsynlegum verkefnum að sinna. Þetta fé hefði t. d. mátt nota til þess að greiða niður dýrtíðina.

Ég hygg enn fremur, að enginn alþm. hefði gefið samþykki sitt til að láta þetta skattfrelsi í té, ef þeir hefðu vitað, hversu það yrði misnotað, þótt þeir vilji svo vera láta eftir á.

En hvað sem því líður, hefði a. m. k. mátt ætla, að gert yrði upp að einhverju leyti, áður en ný hlunnindi yrðu veitt. Og vil ég í því sambandi minnast á, hvernig nú er ástatt um Eimskipafélagið. Ég hef ekki reikninga félagsins, en það mun láta nærri, að eignir þess í reiðu fé 31. des. 1943 hafi numið 32 millj. kr. Þar fyrir utan eru skip félagsins og fasteignir. Þetta er langbezt stæða stofnun í landinu. Hún á meira handbært fé en ríkið sjálft og er þar af leiðandi betur fær um að framkvæma það hlutverk, sem hún hefur að gegna.

Nú verður manni á að spyrja: Hverjir ráða þessu mikla fjármagni? Jú, það eru hluthafarnir. Þeir munu vera allmargir, en ég hef fyrir satt, að enginn viti nákvæmlega um fjölda þeirra. Er það einkum vegna þess, að handhafar bréfanna hafa öll réttindi sem hluthafar, enda þótt þeir séu ekki eigendur. Nú mun fjáreign félagsins vera fertugfimmtugföld á við hið upphaflega hlutafé, og niðurstaðan er sú, að þessu fé ráða tiltölulega mjög fáir hluthafar, sem mæta á aðalfundi. Ég ætla ekki að leggja dóm á ákvarðanir og störf þessara manna. En ég álít, að það sé fyrir neðan allar hellur, að fyrirtæki, sem er svo öflugt og er stjórnað á þennan hátt, fái skattfrelsi áfram, án þess að ríkið hafi þar nokkra íhlutun.

Það er lágmarkskrafa, að fullkomin samvinna verði milli ríkisvaldsins og félagsstjórnarinnar um ráðstöfun eigna þess, ef skattfrelsi skal veita áfram.

Það er varhugavert að gefa einu félagi einok-

unaraðstöðu um allar siglingar landsmanna. Þetta væri athugavert, hversu ágætir menn sem kynnu að fá þessa aðstöðu.

Það er engin trygging fyrir því, að félaginu verði stjórnað með alþjóðarhag fyrir augum. Mér er kunnugt um, að núv. framkvæmdastjóri Eimskipafélagsins er duglegur maður og ágætur, en samt hefur félagið sýnt sig í því að misnota aðstöðu sína. Er það gott dæmi þess, hversu það er ógætilegt að ausa fé úr ríkissjóði, — því að skattfrelsið er í rauninni ekkert annað en framlag ríkissjóðs, — án þess að setja nokkur önnur skilyrði en að féð skuli notað til að kaupa flutningaskip eða togara. Það skilyrði haggar í engu einveldi félagsins.

Ég er undrandi á öllum þeim, sem að þessu frv. standa. *Sjálfstæðismenn hafa löngum talið sig á móti allri einokun og þótzt vera fulltrúar frjálsrar samkeppni.*

Nú er augljóst, að ef Eimskipafélagið fær sömu aðstöðu áfram, þá er öll samkeppni útilokuð, því að það er auðvitað á einskis færi að keppa við svo öflugt félag, sem auk þess þarf ekki að greiða skatta.

Jafnforviða er ég á framkomu jafnaðarmanna og sósíalista í þessu máli. Þeir hafa undanfarið gagnrýnt stjórn félagsins harðlega og talað um, að ríkið ætti að hafa íhlutun um stjórn þess. En eins og þessu er nú komið, mætti líkja rekstri félagsins við lélega grautargerð, sem hefur hvorki kosti ríkisrekstrar né frjálsrar samkeppni, en galla hvors tveggja.

Ef á þessu á að ráða bót, verður að velja aðra hvora leiðina. Það ætti að vera öllum ljóst, hverja þýðingu flutningar og samgöngur hafa fyrir þjóðina. En eins og nú horfir, á Eimskipafélagið að verða einrátt í þessu mikilsverða máli. Ríkið hefur nú tekið að sér strandferðirnar, og ég teldi eðlilegt, að það tæki einnig að sér millilandasiglingar.

Þá kem ég að þeirri spurningu, hversu ástatt sé fyrir ríkinu til að veita þetta skattfrelsi. Hæstv. fjmrh. upplýsti hér, að þetta fyrirtæki væri bezt stætt allra fyrirtækja hér á landi til að greiða skatt og hefði meira fé handbært en ríkissjóður. Það er þess vegna miklu betur fært um að framkvæma þá nýsköpun, sem það þarf að sjá um, heldur en ríkið til að framkvæma það, sem það þarf. *En samt á að fara þannig að að láta Eimskipafélagið halda áfram að græða, meðan verið er að éta upp sjóði ríkisins.*

Á þeim tíma, sem þannig hagar til, að gróði Eimskipafél. er 20—30 millj. kr., — það er eins og allir bændur, sem leggja inn í Mjólkursamsöluna á mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, fá fyrir allar sínar afurðir, og þekkja allir þær deilur, sem staðið hafa um það, hvort þessar vörur væru verðlagðar 10 aur. of hátt eða lágt fyrir hvert kg, — á þessu sama ári hefur Eimskipafélag Íslands grætt 20—30 millj. kr., en ríkisstj. borgar á sama tíma milli 10 og 20 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að halda niðri verðlagi vara í landinu sjálfu, — þá er erfitt að hugsa sér meiri Kleppsstarfsemi heldur en þá, sem hér hefur átt sér stað, að eitt félag, sem starfar með sérstökum hlunnindum frá ríkinu, tekur 20—30 millj. kr. inn umfram kostnað við rekstur sinn, en ríkið borgar með 10—20 millj. kr. niður verðlag vara í landinu, til þess m. a. að vega upp á móti þessu. Um þetta hafa staðið miklar deilur, sem er ekki að furða. Og hér við bætist, að verðlagsyfirvöldin í landinu hafa haldið því fram, að Eimskipafélag Íslands hafi komizt þetta langt með gróða á árinu 1943 með því að gefa verðlagsyfirvöldunum vafasamar upplýsingar um það, sem þau yfirvöld áttu rétt á að fá upplýsingar um.

Hlutafélagar eiga að verða enn ríkari en þeir eru nú, — það er ekki nóg, að þeirra fé sé þrítugfalt eða fertugfalt.

En sjóðir ríkisins hverfa eins og dögg fyrir sólu ýmist til eyðslu ríkisins eða til þess að standa undir venjulegum fjárframlögum. En Eimskipafélagið á að vera með fullar hendur fjár til þess að standa undir því, sem því er ætlað að vinna að, nýsköpuninni í landinu. En ríkissjóður á að *vera févana. Það tekur ekki betra við, þegar bornar* eru saman þær tekjuöflunarleiðir, sem ríkisstj. þarf að taka upp til þess að skrapa saman í ríkissjóð. Þá er þar fyrst að nefna veltuskattinn, sem kom fram í Ed., og með hverjum endemum fjárveitingarvaldið er að draga saman fé í ríkissjóð.

Hæstv. fjmrh. játaði það sjálfur, að þessi veltuskattur gæti auðveldlega orðið til þess, að menn yrðu að borga hann af eignum sínum, ef ágóðinn af þeirra atvinnurekstri nægði ekki til. Hæstv. ráðh. játaði þetta. Á sama tíma sem hann leggur til, að þannig sé búið að skattþegnunum í landinu, leggur hann einnig til með frv. að undanþiggja til skattgreiðslu til ríkisins Eimskipafélagið, eftir allt, sem á undan er gengið, — eftir að Eimskipafélagið hefur grætt 20—30 millj. kr. og upplýst er, að Eimskipafélagið á í reiðu fé upp undir 40 millj. kr. og allar eignir skuldlausar. Og eftir það, að hæstv. ráðh. hefur sagt sjálfur, að Eimskip væri það fyrirtæki, sem helzt gæti greitt skatt, vill hann veita því undanþágu með skattgreiðslu. En hann vill ganga svo nærri öðrum þegnum þjóðfélagsins, að það geti verið hætta á, að þeir þurfi að ganga á eignir sínar til þess að borga skatt, þó ekki með því móti, að lagt sé á eftir því, hve eignirnar séu miklar, heldur vegna þess, að tekjuafgangur af rekstri þeirra nægir ekki fyrir skattgreiðslu, sem þeim er ætlað að borga. Ofan á þetta bætist það, að það er alls ekki gert ráð fyrir því, að þessi skattur endist til þess að standa undir gjöldum ríkisins, heldur að ríkissjóður verði ofan á *þetta rekinn með halla. Hæstv. ráðh. sagði,* — eða það var efnið í því, sem hann sagði —, að menn skyldu ekki hafa áhyggjur af því, þó að Eimskipafélagið slyppi við skattgreiðslu, þó að það væri ríkt, því að hér væri um þarfa starfsemi að ræða og það hefði mikið og þarft unnið. Enn fremur sagði hæstv. ráðh., að það væri ekki nein hætta á ferðum, þó að Eimskipafélagið græddi. Við skulum nú ganga inn á þessa hugsun hæstv. ráðh., að engin hætta sé á ferðum, þó að þetta félag græði. En þá mætti líka spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann beitti sér fyrir þeim skattgreiðslum, sem ég nefndi áðan, af því að það væri svo hættulegt, að þeir, sem hlut eiga að máli, fengju að halda eftir einhverju af hreinum ágóða af þeirra atvinnurekstri. Nei, ég hygg, að hæstv. ráðh. geti verið mér sammála um það, að það er ekki vegna þess, sem hann beitir sér fyrir veltuskattinum og líka fyrir skattfrelsi Eimskipafélagsins, heldur er það sú fjármálastefna, sem hann fylgir, sem knýr hann til þess að ganga svo hart

að mönnum og gert er með veltuskattinum. Hæstv. ráðh. getur ekki losað sig frá þessum samanburði með því aðeins að slá því föstu, að það sé ekki svo hættulegt, þó að Eimskipafélagið fái að halda sínum millj. kr. og losni við að borga í ríkissjóð. Málið er alls ekki svo einfalt. Fjárþörf ríkissjóðs, samkvæmt fjármálastefnu þeirri, sem hæstv. fjmrh. fylgir, er svo gífurleg, að hann verður að ganga hart að mönnum með skattgreiðslu. Hæstv. ráðh. verður því að koma með rök fyrir því, hvers vegna Eimskip á þá að sleppa við skattgreiðslu, — hvers vegna það sé eðlilegt, að það sleppi og fái að halda sínum mikla gróða fremur en þeir, sem hæstv. ráðh. gengur harðast að. Hitt eru engin rök, þó að hann segi, að það sé ekkert hættulegt við það, þó að Eimskip græði.

Ég gat þess áðan, og ég endurtek það, að ég er alveg hissa á því, að þetta frv. er komið fram. Ég er alveg undrandi yfir því, að núv. hæstv. ríkisstj. skuli treysta sér til þess að bjóða mönnum upp á að flytja slíkt frv. eins og þetta, eftir annað það, sem fram hefur komið af hennar hendi í sambandi við fjármál ríkisins, — og að þeir menn sem þykjast trúa á frjálsa samkeppni, sem sé eini heilbrigði grundvöllurinn fyrir atvinnurekstri í landinu, skuli leggja til að veita Eimskipafélaginu skattfrelsi, jafnríkt og það er nú orðið, sem þýðir að allir flutningar í landinu verða um ófyrirsjáanlegan tíma alveg einokaðir af einni stofnun og engin samkeppni getur komizt þar að. Og ég er alveg undrandi yfir því, að menn úr Alþfl. og Sósfl. skuli standa að því frv., sem hér er fram komið, því að það er í beinni mótsögn við allt það, sem frá þeim hefur komið fyrr og síðar um þessi mál.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál. Það verður að sjálfsögðu athugað í hv. fjhn., og gefst þá tækifæri til þess að fara nánar út í einstök atriði, þegar málið kemur frá n., og gera þá brtt., ef menn telja það sé til nokkurs, þ. e. a. s. eins og ástatt er.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ræða hv. 2. þm. S.-M. gæti gefið ærið tilefni til þess, að hér væri flutt nokkuð ýtarleg ræða um stjórnmálastefnu þá, sem hann hefur fylgt undanfarin ár, og sérstaklega um það mál, sem hér er nú til umr. Ég skal stilla mig um hvort tveggja. Ég get þó ekki látið vera að gera nokkra athugasemd við þessa ræðu hans. Það má kannske segja, að það sé ekki réttlátt að undrast ræður um skattamál frá þessum hv. þm. vegna þess, að maður er orðinn svo vanur að heyra margt undarlegt um skattamál frá honum. En sannarlega átti ég von á að heyra margt annað frá þessum hv. þm. en þennan grátstaf og harmakvein fyrir hönd skattþegnanna í landinu. Enginn maður, sem hefur komið inn á Alþ., hefur látið eins greipar sópa um skattainnheimtur landsmanna og hann. Og það er á allra vitund, að þau skattsvik, sem skattþegnarnir hafa framið undanfarið, má rekja aftur í stjórnartíð þessa hv. þm. og telja aðalorsökina fyrir þeim þá gífurlegu skattaálagningu, sem hann barðist fyrir. Og ég minnist þess, sem hinn gætni stjórnmálamaður Jón sálugi Baldvinsson sagði oftar en einu sinni, að sér ofbyði sú skattastefna, sem þessi ungi fjmrh. væri að innleiða hér á landi.

Þessi hv. þm. hefur gengið fremstur af öllum þm. fyrir því fram á þennan dag að ná sem mestum skatti af þjóðfélagsþegnunum. Þess vegna er hann dálítið undarlegur þessi harmagrátur hans nú, nema að því leyti, sem við vitum og oft hefur verið lýst yfir af honum og hans fl., að þeir eru argir yfir því, að einhver aðili skuli eignast eitthvað hér á landi, án þess að sá fl. fái að ráða yfir þeim hagnaði. En það telur hann og hans fl. frumskilyrði fyrir því, að nokkur maður megi eignast eitthvað í þessu landi.

Ég vil svo ekki fara langt út í að svara einstökum ummælum, sem þessi hv. þm. hefur viðhaft.

Ég veit, að hv. þm. gera sér fulla grein fyrir því, að Eimskipafélagið á að hafa sérstöðu, eins og það hefur haft, í þjóðfélaginu. Ég má segja það, þessum hv. þm. til lofs, að hann hefur barizt fyrir því, að Eimskipafélagið hefði skattfrelsi, alveg síðan hann kom á þing. Síðast, þegar það var til umr. hér á Alþ., kom fram till. frá flokksbróður hans, sem er kunnur fyrir það að vera honum jafnvel enn þá verri í skattamálum, — og þó að ég teldi hv. 2. þm. S.-M. þann versta, hvað þessi mál snerti, áðan, þá er það af því að ég tek miklu meira mark á honum, — þessi flokksbróðir hans lagði til, að Eimskipafélagið fengi skattfrelsi aðeins eitt ár, en hv. 2. þm. S.-M. beitti sér eindregið gegn því, og sú framkoma kom vel heim við þá grundvallarskoðun, sem virtist ríkja í huga þessa hv. þm. þá.

Ég veit, að hv. þm. gerir sér grein fyrir því nú, eins og hann gerði þá, að það gegnir allt öðru máli með Eimskipafélagið heldur en nokkurn annan aðila, sem hér starfar á því sviði. Eimskipafélagið er í eign 13 eða 14 þús. manna, flestra búsettra hér á landi og nokkurra búsettra í Vesturheimi. Það er kannske ekki hægt nú í dag að telja upp alla eigendur þessa félags, en það er á allra vitund, að það hafa ekki orðið neinar verulegar breyt. á hluthafaskránni frá því sem hún lá fyrir. Það eru 13—14 þús. eigendur.

Þegar ég var atvmrh. fyrir nokkrum árum, fór ég fram á að fá að vita, hve margir ættu yfir 5 þús. kr. í Eimskipafélaginu. Það voru örfáir menn. Og ég hygg, að skattstofan hafi vitað það. Og það er hægt fyrir n., sem athugar þetta mál, að fá um það upplýsingar. Ég hygg, að tekin séu af öll tvímæli um það í nútíð og framtíð, að engar verulegar breyt. á hluthafaskránni hafi átt sér stað nema fyrir ráðstafanir ríkisstj. Ég er þakklátur Eimskipafélaginu fyrr og síðar fyrir það mikla þjóðþrifastarf, sem það hefur haft á hendi. Og ég veit ekki betur en hv. 2. þm. S.-M. sé mér nákvæmlega sammála um það. Og ég man ekki um neinn af mínum samstarfsmönnum í ríkisstj. heldur en hann, að hann, sem ráðh., gæti borið því vitni, að Eimskipafélagið hefði ekki jafnan farið eftir óskum ríkisstj. þeirrar, sem hann hefur tekið þátt í. Sama hef ég heyrt frá öðrum ríkisstj. Þetta er líka mín reynsla. Ég tel Eimskipafélagið bezta varasjóðinn, sem ríkið á, og frá því sjónarmiði er ég mjög eindregið fylgjandi skattfrelsi Eimskipafélagsins. Ég hef oft hugsað um þetta mál. Og ég tel, að við séum öruggari með það fé, sem safnazt hefur hjá því félagi heldur en mörgum öðrum sjóðum, sem við höfum umráð yfir, af því að við höfum oft orðið að ganga feti lengra en okkur hefur gott þótt um ráðstafanir á þessum sjóðum og ríkiseignum, sem Eim-

skipafélagsstj. hefur ekki þurft að gera, enda haldizt betur á sínu fé heldur en okkur á fé ríkisins.

Ég hef helzt skilið það á hv. þm., að meginóttu hans um einhverja þjóðarógæfu, sem af þessu gæti stafað, væri í því fólginn, enda þótt hann ekki neitaði, að í öllum aðalefnum væri hluthafaskráin eins og hún var, að Eimskipafélaginu væri stjórnað af aðeins fáum mönnum, sem þar réðu öllu, sem máli skipti. Nú má það vera, að svo sé, en slíkt má og getur aðeins átt sér stað, að hluthafar allir telji sig við una, og ég hygg, að svo sé.

Ég er þess fullviss, að ef stj. Eimskipafélagsins lýsti sér þannig, að þjóðarhagurinn væri fyrir borð borinn, þá dreg ég ekki í efa, að allur hinn mikli fjöldi hluthafanna mundi fáanlegur til þess að rísa gegn þeirri stefnu og fáanlegur til þess að láta sín gæta öðruvísi og meira á stj. félagsins en raun hefur borið vitni að þessu.

Sú staðreynd, að fáir menn stjórni þessu félagi, er ekkert annað en sönnun þess, að Eimskipafélagið hefur alltaf hagað sér fram á þennan dag eins og bezt verður á kosið. Að ástæða sé nú til, að öðruvísi verði, get ég ekki viðurkennt. Og ég sé ekki heldur neinn skiljanlegan grundvöll fyrir því.

Við hv. 2. þm. S.-M. vitum báðir, að hér á landi er starfandi annar félagsskapur, — ég veit ekki, hvort hann er eins ríkur og Eimskipafélagið, — ég á þar við S. Í. S. og samvinnufélagsstarfsemina í landinu. Sú starfsemi nýtur alveg sérréttinda í skattgreiðslu. Við vitum báðir, að það eru tiltölulega fáir menn, sem þar ráða öllu, enda þótt félagsmenn séu mjög margir. En ég hygg, að þeim haldist það uppi aðeins vegna þess, að þeir mörgu, sem á bak við þá standa, en þeir munu skipta þúsundum eða tug þúsunda, eru ánægðir. Ég hygg, að það sé að þessu leyti mjög svipað um bæði þessi félög, að þótt í þeim sé mikill fjöldi meðlima, séu það tiltölulega fáir menn, sem þar ráða. Bæði þessi félög njóta sérréttinda, — sem ég þó skal viðurkenna, að það geti komið til athugunar að afnema skattfrelsi þeirra, en mér virðist það ekki liggja fyrir nú. Og á meðan Eimskipafélagið heldur áfram að haga sér í einu og öllu að allra dómi eftir vilja ríkisstj. á hverjum tíma, sé ég ekki ástæðu til þess að óttast, þó að þetta félag hafi eignazt nokkra fjárupphæð, sem kannske nægir til þess að byggja 5—6 miðlungsskip.

Þessi ótti, sem lýsir sér hjá hv. þm. og er honum í blóð borinn, við fjármuni er mér alveg óskiljanlegur. Ég hef hvað eftir annað orðið þess var, að þessi hv. þm. er hræddari við fjármuni, sem hann þá hefur ekki umráð yfir sjálfur, heldur en krakki er hræddur við drauga. Mér finnst þetta eins konar sjúkleiki, sem fram kemur í ræðu hv. þm. gagnvart Eimskip, þegar því einu er til að dreifa, að þetta félag, sem hefur tekið að sér allan meginhlutann af þörf hins íslenzka eyríkis um samgöngur á sjónum, þó að það hafi nú hina erfiðustu aðstöðu til þess, eftir að það hefur misst tvö af sínum beztu skipum, að það þarf að eignast 5—6 skip til flutninga að ófriðnum loknum.

Hv. 2. þm. S.-M. hefur verið mjög harðorður í garð ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. fyrir þau ummæli hans, að hann teldi það engan skaða, þó að Eimskip eignaðist eitthvað; og enn fremur að hæstv. fjmrh. bæri þá að sýna fram á, hvers vegna væri meiri ástæða til þess að halda þessum hlífiskildi yfir Eimskipafélaginu heldur en þeim, sem nú er verið að íþyngja með sköttum.

Ég vil spyrja þennan hv. þm., sem sjálfur, meðan hann var fjmrh., lagði þá þyngstu skatta á þjóðina, sem lagðir hafa verið á hana, — og t. d. sjávarútvegurinn var um það bil að gefast upp, meðan hann var ráðh., — og um leið barðist fyrir skattfrelsi Eimskipafélagsins: Var það af því, að hann vildi gjarnan pynta menn með þessum sköttum? Þetta verður varla skilið á annan veg en að ótti og hræðsla grípi þennan hv. þm., ef tveir krónupeningar liggja saman, — ekki í bókstaflegum skilningi, heldur í yfirfærðum skilningi, — vitandi þó, að samkvæmt íslenzkum venjum og lögum er hægt fyrir ríkið að ná tökum á hvaða starfsemi sem er, um leið og hún fer út fyrir það að þjóna þjóðarheildinni.

Ég kalla þetta þess vegna sjúklegan ótta og ekkert annað.

Hv. þm. sagði, að ríkissjóður væri fátækur og hann yrði í fjárþörf. Mér er það fullkomlega ljóst, að hann er fátækur nú, en það mun þó varla vera verr ástatt fyrir honum en einmitt, þegar þessi hv. þm. var fjmrh. En við skulum láta það liggja á milli hluta. Reynslan verður að skera úr um þörf ríkissjóðs.

Hins vegar var þessi hv. þm. með margar fullyrðingar um það, að Eimskipafélaginu yrði engin skotaskuld úr því að standa undir nýsköpuninni. Ég fagna því, að það skuli eiga þessar millj. kr., en ég harma það, hvað þær eru fáar. Þær nægja aðeins til þess að byggja 5—6 miðlungsskip.

Eimskipafélagið hefur snúið sér til nýbyggingarráðs til þess að fá leyfi til þess að byggja eða kaupa skip. En þó að þessi 5 eða 6 skip komi hingað, þá er það ekki nóg nema aðeins til þess að bæta úr hinni brýnustu þörf okkar á þessu sviði.

Norðmenn hafa rekið sem arðvænlegan atvinnurekstur að láta skip sín sigla um úthöf alheimsins. Ég dreg í efa, að Norðmenn séu betri siglingamenn en Íslendingar. Og ég hygg, að við Íslendingar ættum að reyna að feta í fótspor þeirra og koma hér upp skipastóli, ekki aðeins til þess að annast flutninga milli Íslands og annarra landa, heldur líka til þess að sigla á um úthöfin og draga þannig fé í þjóðarbúið. Ég tel það hina mestu þörf. Og ef Eimskipafélagið gæti gengið þar á undan, teldi ég það vel farið.

Svo skal ég viðurkenna það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði viðvíkjandi flutningum Eimskipafélagsins, að það getur vel komið til mála að leggja á Eimskipafélagið einhverjar kvaðir um það, að ríkið þurfi ekki að annast strandferðir og Eimskipafélagið þann hluta af siglingunum, sem telja mætti arðvænlegri. Ég er fullkomlega viðmælandi um það. Það vakir ekki fyrir mér að halda óeðlilegri verndarhendi yfir Eimskipafélaginu, heldur vil ég, að það haldi áfram að vinna fyrir þjóðarheildina. Ég álít Eimskipafélagið hina þörfustu þjóðareign, og ég vil vernda það sem slíkt.

Hv. þm. talaði um okurgróða Eimskipafélagsins. Það er satt, Eimskipafélagið hefur grætt stórkostlega 1943, en ég held, að það sé í eina skiptið, sem ríkisvaldið hefur ákveðið tekjur félagsins. En þó að menn vilji sjá ofsjónum yfir þessum tekjum, þá er það ekki annað en það, að þjóðin hefur á þessu ári eignazt 2—4 ný skip, og það er út af fyrir sig ekkert sorgarefni. Öðru máli væri að

gegna, ef hluthafarnir hefðu fengið þetta fé allt saman, en ég vænti, að hv. þm. sé ljóst, að af þessum peningum hafa hluthafarnir ekki fengið nema 52 þús. kr., nema þá ríkið. Þetta er í sjóðum, sem ætlað er að taka á sig að rísa undir þeirri þörf, sem hvað mest kallar að, að við verðum sjálfir færir um að annast alla flutninga til landsins að stríðinu loknu, undir eins og við höfum getað fengið byggð ný skip.

Það þýðir ekki að tala um Eimskipafélagið eins og einhverja okurstofnun, sem reki þjóðhættulega starfsemi. Það er staðreynd, að Eimskipafélagið hefur rekið eitt hið mesta þjóðþrifastarf í landinu og hluthöfunum hefur aldrei verið greiddur arður meira en 4% af þeirra hlutafé, og nú er ætlað að tryggja það með beinum ákvæðum þeirra l., sem nú eru hér borin fram.

Ég hef skrifað hjá mér ýmislegt fleira, sem hv. þm. sagði, en ég held, að ég fari ekki að svara honum frekar. Ég býst við, að málið skýrist ekki, þó að ég fari að ræða hans afstöðu til skattamála yfirleitt, því að það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það, sem hefur verið margtekið fram, að hér er um að ræða félagsskap, sem í áratugi hefur sýnt, að hann starfar á þjóðhollum grundvelli, félagsskap, sem þessi hv. þm. hefur alltaf verið ásáttur um að láta njóta skattfrelsis, félagsskap, sem vitað er um, að hefur í framtíðinni nákvæmlega sömu, ef ekki meiri, þjóðarþýðingu en fram að þessu. Af þessum ástæðum lít ég svo á, að það sé ekki síður ástæða nú en áður til að veita þessu félagi skattfrelsi, um leið og ég skoða mig óviðbúinn að bera ábyrgð á því, að þetta félag sé, með því að þingið synjaði því um skattfrelsi, losað undan þeirri kvöð, sem á því hvílir um að halda uppi svipaðri starfsemi eins og það hefur rekið fram að þessu. En ef þessi hv. þm. getur ekki aðhyllzt þessa stefnu, — því að hann orðaði það svo, að það væri þjóðhættulegt að veita einkarekstri sérréttindi og það yrði annaðhvort að vera einkarekstur eða ríkisrekstur, en ekkert þar á milli, — ef hann heldur fast við þá grundvallarskoðun, þá má athuga að gera þá breyt. á skattal., að þar njóti engir neinna sérstakra hlunninda.

Ég skal svo til að forðast að lengja umr. fram úr hófi stilla mig um að svara ýmsu, sem væri ærið yrkisefni, ef menn vildu það viðhafa, af ummælum hv. 2. þm. S.-M.

Samgmrh. (**Emil Jónsson**): Herra forseti. Mér þykir hlýða, þó að ég hafi ekki ætlað mér það við þessa umr., að fara um þetta frv. nokkrum orðum vegna þeirrar gagnrýni, sem það hefur sætt frá hv. 2. þm. S.-M. nú áðan.

Ég vil þá fyrst minnast á, hvernig þetta frv. er til orðið og hvaða munur er á því og öðrum frv. svipaðs eðlis, sem áður hafa verið flutt hér á þingi.

L. um skattfrelsi Eimskipafélagsins voru fyrst flutt á þingi 1928 og hafa síðan á hverju einasta þingi eða öðru hverju þingi verið framlengd á svipaðan eða sama hátt. Það hlýtur þess vegna að vakna sú spurning, hvort sé nokkuð sérstök ástæða nú til að stöðva þessa skattaívilnun eða hvort félagið hafi með starfsemi sinni gefið það til kynna eða hagað sér á þann hátt, að nú beri að taka aðra afstöðu til þessa máls en áður var gert, því að afstaða hv. 2. þm. S.-M. er nú vissulega allmiklu öðruvísi en verið hefur áður. Áður hefur hann, eins og hæstv. forsrh. réttilega tók fram áðan, staðið mjög fast með því, að þetta skattfrelsi yrði veitt, í staðinn fyrir það, að nú þykir honum það svo óhæfilegt, að hann kallar þetta stappa nærri einræði eða einveldi félagsins, sem gerði það alls ráðandi, eftirlitslaust og samkeppnislaust, eins og hann orðaði það, ef frv. yrði nú samþ.

Það, sem mér skilst, að sé það eina, sem hann fettir fingurna út í eða gerir greinarmun á frá því, sem áður var, er það, að félagið hafi nú safnað fé meira en nokkru sinni áður. Þá hlýtur fyrst að vakna sú spurning, hvort þetta fé, sem félagið hefur safnað, sé óhæfilega mikið til þess, að það geti innt sitt starf af hendi, eða hvort þessum gróða hefur verið ráðstafað til hluthafa svo mikið, að óforsvaranlegt sé að láta félagið hafa þau skattfríðindi, sem það hefur haft að undanförnu.

Mér hefur borizt bréf frá stjórn Eimskipafélags Íslands fyrir ekki löngu, þar sem félagið fer fram á, að stj. aðstoði það við byggingu nýrra skipa, sex að tölu. Var tekið fram í bréfinu, að bréf svipaðs efnis væri sent til nýbyggingarráðs til þess að leita aðstoðar þess og leyfis til að byggja skip, byggja mörg skip. Það er talað um sex skip og gert ráð fyrir því, að það sé miðað við þá upphæð, sem félagið hefur nú fyrir hendi til þessara framkvæmda. Ef frekara fé væri fyrir hendi, þá mætti ætla, að fleiri skip yrðu byggð eða hærri tala nefnd.

Ég lít svo á, að sú fjárhæð, sem félagið hefur safnað á þessum árum, sé alls ekki of há, heldur þvert á móti of lág til þess, að það geti rækt þá starfsemi, sem það ætlar hér að inna af hendi. Ég vil í þessu sambandi benda á, að fyrir stríð voru hér starfandi erlend skipafélög, sem voru í harðri samkeppni við Eimskipafélag Íslands. Allt fram undir ófriðinn var þessari starfsemi haldið áfram. Ég hef heyrt óljósan ávæning af því, þó með nokkrum rökum, að það sé hugsað til þess, að starfsemi, ekki ósvipuð þessari, verði tekin upp hér að ófriðnum loknum, a. m. k. til þess hugsað af ýmsum aðilum. Það er þess vegna óhætt að gera ráð fyrir því, að Eimskipafélag Íslands mundi þegar að stríðinu loknu lenda í allharðri samkeppni, og í slíkri samkeppni er það venjulega, að allur kostnaður er lækkaður eins og mögulegt er. Og þá er fyrsta skilyrðið, liggur mér við að segja, til þess að geta staðizt samkeppni hinna fjársterku erlendu félaga, að þetta félag okkar geti átt skuldlaust eða sem allra skuldminnst skipin, sem það hefur í siglingum, og því aðeins geti það haldið uppi launakjörum og öllum útbúnaði, sem þarf að hafa í sæmilegu lagi, að það þurfi ekki að eyða óhæfilega miklu fé til vaxta og afborgana, þegar samkeppnin fer að harðna. Ég vil því segja, að það sé nauðsynlegt skilyrði, hvernig sem þessum málum er skipað og með þau farið, að sá innlendi aðili, sem fer með þessar skipaferðir okkar eftir stríðið, verði eins vel undir það búinn og frekast verður við komið og eigi skuldlaust þau skip og áhöld, sem hann notar til siglinganna. Út frá þessu vil ég draga þá ályktun, að því aðeins sé hægt að draga úr möguleikum félagsins til skipakaupa, að það hafi þegar safnað óþarflega miklu fé til þeirra, svo að það þurfi ekki á

því að halda til þessarar starfsemi í landinu og það eitt eigi að ráða úrslitum um, hvort eigi nú að breyta um þá stefnu, sem ráðið hefur frá 1928 og hingað til óslitið og nálega samhljóða. Ef þessir fjármunir eru orðnir svo miklir, að þeir teljist óþarflega miklir, þá á að vera á móti þessu, — annars ekki.

En svo kemur hitt atriðið, en það er að tryggja, að meðferð þessa fjár í höndum félagsins verði á þann hátt, að þjóðin geti vel við það unað. Þegar l. um skattgreiðslu Eimskipafélagsins voru sett 1928, var sett það skilyrði, að það greiddi ekki hærri arð til hluthafa en 5%. Nú vitum við, að ekki var úthlutað 5%, heldur fyrstu árin eða öll árin 4%, og þegar illt var í ári, og það var alloft, þá var engum arði úthlutað, og nú á síðustu árum hefur verið horfið að því, og er það sett inn í þetta frv., að miða við 4%. Engin ákvæði hafa verið sett um, hvað gera skuli við tekjuafganginn, ef um gróða er að ræða, að honum skuli varið til skipakaupa eða á annan hátt í þarfir félagsins. Þessi atriði er ég fús að ræða og að frv. verði orðað þannig að tryggja sem bezt, að þetta fé verði að sem mestu gagni, án þess að athafnafrelsi félagsins sé skert. Það er eðlilegt, að ríkisvaldið eigi rétt til, fyrir þessi skattfríðindi, að hafa hönd í bagga með starfsemi félagsins og fylgist með, hvernig það notar sér þessi fríðindi, og álít ég, að félagið eigi að sætta sig við það að sínu leyti.

Því hefur verið haldið fram, að félagið væri ekki eins almenn eign íslenzkra borgara og talið hefur verið. Ég veit ekki, hvað rétt er í þessu. Ég hef enga aðstöðu haft til að kynna mér það, en tel rétt, að það komi fram og verði upplýst, hvort hér er um fyrirtæki fárra einstaklinga að ræða, og líka til þess að eyða óþarfa tortryggni, sem komið hefur verið af stað og ég skal ekki dæma um, hvort hefur við rök að styðjast eða ekki.

Það er sagt, að þetta félag sé efnaðasta fyrirtæki í landinu og þess vegna ætti því að vera auðveldara en öðrum að greiða skatta. Þetta þarf ekki að fara saman. Félagið er efnað, það er rétt. En til þess að það geti innt störf sín af hendi eins og það á að gera, þarf það ákaflega mikilla fjármuna með. Og ef taka á fjármuni af félaginu, þá getur það þýtt stöðvun á starfsemi þess, því að skipabyggingar á þessum tímum eru svo fjárfrekar, að jafnvel þær 30 millj. eða rúmlega það, sem félagið telst nú eiga, munu ekki einu sinni nægja til þeirra skipabygginga eða -kaupa, sem þarf að inna af hendi í náinni framtíð, ef gera á það á þann hátt, sem ég tel að þurfi. Þetta er aðalatriðið í málinu, og þá er burt fallinn sá möguleiki, sem hv. 2. þm. S.-M. vill halda fram, að þetta félag hafi fram yfir önnur fyrirtæki í landinu til að greiða skatta.

Hv. þm. segir, að hann skilji ekkert í, að stj. skuli hafa getað flutt þetta frv. Hann skilur ekki sjálfstæðismenn vegna þess, að þeir vilja með þessu útiloka samkeppnina, og hann segir, að frv. sé í beinni mótsögn við allt, sem jafnaðarmenn og sósíalistar hafa sagt um þetta mál fyrr og síðar. Þetta er ekki rétt að því leyti, sem ég hef nú sýnt fram á, því að þótt jafnaðarmenn og sósíalistar hefðu helzt kosið að sjálfsögðu, að fyrirtækið væri rekið af ríkinu eða fyrirtæki hliðstætt þessu, þá er ekki fyrir hendi í þjóðfélaginu sá grundvöllur, sem til þess þarf, að það geti orðið, en það, sem þeir vilja næsthelzt, er það, að félagið sé rekið eins sterkt og öflugt og mögulegt er, en með þeirri íhlutun ríkisvaldsins, að það komi almenningi að þeim notum, sem stefnt er að í þessu frv.

Pétur Ottesen: Það er að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. S.-M., sem mér þykir ástæða til, áður en ég greiði atkv. um þetta mál, að segja um það nokkur orð. Það eru sérstaklega tvö atriði í ræðu hans, sem gefa mér tilefni til þess að taka hér til máls. Í fyrra lagi er það, að hann vitnaði til afstöðu þm. til afgr. þessa máls fyrir tveimur árum, þar sem hann sagði, að ef vitað hefði verið um, að félaginu hefði áskotnazt svo mikill gróði á árinu 1943, þá mundi enginn hafa greitt atkv. með skattfrelsi félagsins. Þetta var fyrra atriðið. Hitt atriðið var það, að mér virtist öll ræða hans falla mjög á þá lund, að æskilegt væri að þoka rekstri þessa félags inn á ríkisrekstur, m. ö. o. að ríkið færi að seilast þar til valda, þannig að endirinn yrði sá, að félagið yrði gert að ríkisfyrirtæki.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu verð ég að segja, að mér fannst það uppþot, sem varð, þegar vitað varð um gróða Eimskipafélagsins 1943, harla einkennilegt, en þetta liggur sjálfsagt í því, að ég lít öðrum augum á þetta félag en hv. 2. þm. S.-M. gerir. Ég lít nefnilega þannig á og styðst þar við margra ára reynslu eða jafnmargra ára reynslu og félagið er gamalt, að við hefðum ekki með öðrum hætti getað betur séð fyrir því að leysa siglingaþörf landsmanna, sem er eðlilega æðimikil, þar sem við búum á eyju langt frá byggðum annarra þjóða. Ég sé ekki, að það hefði verið hægt að hitta á öllu betri og heppilegri leið til að leysa þessa þörf en þá, sem farin var með stofnun Eimskipafélags Íslands. Ég get ekki betur séð en rekstur félagsins hafi ávallt verið þannig, að þar hafi ætíð verið þræddir hagsmunir þjóðarinnar og allt gert til að gera félagið að hagsmunafyrirtæki fyrir þjóðina í heild, og ég tel ekki líkur til, að með öðrum hætti hefði verið betur fyrir þessu séð.

En jafnframt því, og það er annar meginþátturinn í því hlutverki, sem félagið hefur innt af hendi, þá hefur sótzt allmikið í þá átt, að félagið geti að fullu orðið við hinni vaxandi þörf þjóðarinnar um flutninga landa milli. Þó hefur félaginu engan veginn tekizt enn að sjá fyrir þessum þörfum til fulls, sem sést bezt á því, að við höfum þurft á öðrum skipum að halda til siglinga landa milli til viðbótar við skip félagsins. Ég tel því, að reynslan af starfsemi félagsins sé sú, að það sé mikið lán, að því skuli nú hafa tekizt að tryggja svo fjárhagsaðstöðu sína, að líkur séu til, að það geti nú stigið allverulega stórt skref í áttina til þess að byggja upp siglingar fyrir þjóðina nú að stríðinu loknu.

Þá er eitt, sem er mjög athyglisvert í sambandi við þetta, og það er það, að síðan Eimskipafélagið var stofnað, hafa tvær heimsstyrjaldir dunið yfir, sem hafa teygt anga sína og arma til okkar Íslendinga. Hvernig hefðum við verið staddir í fyrri styrjöldinni, ef Eimskipafélagið hefði ekki verið komið á nokkurn rekspöl með rekstur sinn, sem var þó ekki mikill þá, og hvernig hefðum við verið staddir nú, ef við hefðum ekki búið að Eimskipafélaginu? Mér finnst aðstaða okkar í þessu

stríði gefa okkur bendingu um, hvers virði sé að efla þennan félagsskap, til þess að hann sé þess megnugur að flytja inn nauðsynjar handa þjóð okkar, því að það er sannarlega hart fyrir okkur, að það skuli þurfa að vera styrjöld og við skulum þurfa að vera herteknir til að geta komizt í slík sambönd við aðrar þjóðir, að við getum bjargað siglingum okkar, því að þrátt fyrir þann vöxt, sem orðið hefur í starfi Eimskipafélagsins, þá er það enn ekki þess umkomið að geta séð fyrir öllum okkar siglingum, og einmitt í skjóli þess, að við vorum fyrst herteknir og gerðum síðan herverndarsamning við aðra þjóð, hefur okkur tekizt að afla okkur þess skipakosts, sem við þurftum nauðsynlega til viðbótar við Eimskipafélagið til þess að geta sinnt þessum þörfum þjóðarinnar að fullu. Ástandið hjá okkur er því ekki betra en það, að það verður stríð að dynja yfir, til þess að við getum leyst þau verkefni, sem enn bíða óleyst á þessu sviði. Með tilliti til þessarar þarfar þjóðarinnar og hvernig ég lít á starfsemi Eimskipafélagsins, get ég ekki tekið undir neitt af þeirri ádeilu, sem flutt var á Eimskipafélagið fyrir að hafa notað aðstöðu sína á þessu ári til að leggja grundvöll að því að geta í framtíðinni leyst að fullu þetta starf af hendi fyrir þjóðina.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði mikið um það, að Eimskipafélagið væri í höndum fárra manna og af þessu gæti stafað hætta fyrir þjóðina. Ef litið er á þá áratugastarfsemi, sem Eimskipafélagið á að baki sér, þá sé ég ekki, að nokkurn tíma hafi hillt undir neina hættu af þessu fyrirkomulagi í uppbyggingu Eimskipafélagsins, því að ég álít, að rekstur þess hafi alltaf verið miðaður við það tvennt, að leysa sem flest spursmál með sem ódýrustum hætti fyrir þjóðina og jafnframt að haga rekstri félagsins þannig, að það gæti eflt starfsemi sína og þar með mætt þeirri þróun og aukningu í þjóðfélaginu, sem átt hefur sér stað að undanförnu.

Ég verð að segja það í sambandi við ummæli hv. 2. þm. S.-M., þar sem hann var að tala um hættuna af því, að félagið væri í höndum fárra manna, að félagið hefur verið rekið þannig eins og ég hef lýst, að þeir ráðandi menn í félaginu hafa síður en svo sýnt nokkra viðleitni til að nota þetta félag sem gróðastofnun fyrir hluthafa þess, sem sést m. a. af því, að í mörg ár greiddi félagið engan arð til hluthafa, og þegar það græddi mest, eða um 20 milljónir, greiddi það aðeins 4%. Ég held því, að ekki sé hægt að álasa þeim, sem stjórna félaginu, þó að þeir hafi notað þessa aðstöðu til að tryggja hag félagsins og leggja þar með grundvöll að því, að við getum eftir stríðið eflt allverulega siglingar okkar landa milli. Ég *fyrir mitt leyti lít svo á og byggi* þar á reynslunni, að engin breyting muni í þessu efni verða á starfsemi félagsins, heldur muni það nota sinn bætta hag einvörðungu samgöngunum til eflingar. Þar að auki má á það benda, að Alþingi hefur vitanlega þau tök á þessu félagi, að ef það sýndi sig í því að vilja víkja af þeirri braut, sem það hefur gengið að undanförnu og ber að ganga framvegis, hefur það aðstöðu til að skakka þann leik, en reynslan af rekstri félagsins er þannig í mínum augum, að engin ástæða er til að ætla, að til slíks þurfi að grípa.

Nú eru margir í þessu landi, sem gera sér ákaflega bjartar vonir um framtíðina. Nú er talað um að gera öflugt átak til að auka atvinnulíf okkar og endurnýja atvinnutæki okkar. Við státum af því, að við eigum inneignir erlendis, sem nema mörg hundruð millj. kr., og allar þær stóru fyrirrætlanir, sem allir tala nú um, og ekki sízt hæstv. ríkisstj., eru byggðar á þessum inneignum, sem við eigum þar. Einn hlutinn af þessum inneignum er sá gróði, sem aflazt hefur hjá Eimskipafélaginu, sem við vitum, að það ætlar að verja eingöngu til að leysa það hlutverk í vaxandi mæli, sem það hefur innt af hendi að undanförnu, og ég lít svo á, að þessi þáttur í að leysa samgöngur okkar sé miklu betur tryggður hjá þessum félagsskap en hjá ríkinu. Þarf þar ekki annað en benda á, að Eimskipafélagið hefur nú safnað fé á þriðja tug milljóna til að byggja hér upp siglingarnar milli landa og nokkrar siglingar meðfram ströndum landsins. Ríkið hefur haft í sínum höndum strandferðirnar að mestu leyti á þessu sama tímabili, og það hefur haft aðgang að buddu hvers einasta borgara í landinu, og það má með sanni segja, að þeir hafi ekki verið neitt feimnir að opna lásinn á þeirri buddu. En hvað hefur verið gert til að byggja upp strandferðirnar? Og hvernig er ástandið þar? Við eigum eitt skip, sem er fært um að sigla meðfram ströndum landsins. Hitt eru meira og minna léleg eða ónýt skip, sem við verðum að bjargast við, af því að ekki er annað fyrir hendi. En við höfum ekki lagt einn einasta eyri til hliðar af gróða þessara ára til að byggja upp strandferðirnar.

Ég vil í þessu sambandi benda á, sérstaklega af því að hv. 2. þm. S.-M. vill þoka rekstri Eimskipafélagsins yfir í ríkisrekstur, að reynslan sýnir okkur, að þó að svo sé fyrirhugað, að eitthvað af því fé, sem lagt er á þjóðfélagsborgarana, fari til ákveðinna framkvæmda, þá verða ýmsar torfærur á leið þess fjár, sem fer um hendur ríkisstjórnarinnar þar til það er komið í þessar ákveðnu framkvæmdir. Þetta þekkjum við af reynslunni, og hún hefur ekki tekið stakkaskiptum á síðustu árum, nema síður sé.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að útlit væri fyrir, að jafnvel yrði taprekstur hjá Eimskipafélaginu á þessu ári. Við vitum, að gróði Eimskipafélagsins stafar frá leiguskipum, sem félaginu tókst að fá, því að skip félagsins sjálfs eru mörg orðin gömul og hefur mjög á þau reynt á þeim löngu siglingaleiðum, sem þau hafa verið á undanfarin ár, þar sem orðið hefur að knýja þau áfram í fylgd með stærri og kraftmeiri skipum, til þess að þau nytu þeirrar verndar, sem talið er, að þau hafi í skipalestum undir vernd herskipa. Það er því eðlilegt, að þessi skip séu farin að ganga úr sér. Á þessum tíma hefur verið höggvið stórt skarð í skipaflota félagsins, þar sem það hefur misst tvö af sínum beztu skipum, og hefur ekki enn tekizt að fylla það skarð. Það er því hvort tveggja, að skip hafa helzt úr lestinni, og þau, sem eftir eru, eru mjög farin að ganga úr sér. Vil ég í því sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort það er svo, að ríkisstj. telji það geta samrýmzt þeirri nýsköpunarstarfsemi, sem hún hefur beitt sér fyrir, að Eimskipafélagið sé látið eyða sjóðum sínum í rekstrartöp á þessu ári, sem það er búið að ákveða að verja til að byggja nýjan flota til að leysa

framtíðarsiglingaþörf þjóðarinnar. Það er vitað, að þegar er víst varð um þennan gróða, þá voru lækkuð flutningsgjöldin með þessum skipum. Afleiðingin af því hefur orðið sú eftir upplýsingum hæstv. fjmrh., að í staðinn fyrir álitlegan gróða 1942, þá eru nú ekki miklar líkur til, að félagið verði rekið með hagnaði. Ég vil því endurtaka það, hvort hæstv. fjmrh. telur það geta samrýmzt þeirri stefnu, sem hæstv. stj. hefur tekið upp, að félagið verði rekið þannig fyrir ráðstafanir hins opinbera og íhlutun um flutningsgjöld, að það verði að eta upp meira eða minna af þeim sjóðum, sem nú eiga að ganga til að byggja ný skip. Mér virðist, að þetta sé svo alvarlegt atriði, að það sé fullkomlega vert þess, að ríkisstj. athugi það. Og þó að ég sé ekki stuðningsmaður hæstv. stj., þá finn ég fulla ástæðu til að benda henni á þetta atriði, því að ég hef að sjálfsögðu áhuga fyrir því, að framtíðarþörf okkar á þessu sviði sem öðrum verði sem bezt og hagkvæmlegast leyst.

Ég vil svo aðeins bæta því við það, sem ég hef áður sagt um það, hvernig ég lít á Eimskipafélagið og afstöðu þess í þjóðfélaginu og að með því fyrirkomulagi sé siglingaspursmálið miklu betur leyst heldur en í höndum ríkisins og hef m. a. í því sambandi bent á ákveðin dæmi að því er snertir fyrirhyggju ríkisins í að byggja upp strandferðir þjóðarinnar, að ég tel það mikið lán, að ríkið stóð á móti endurteknum tilraunum frá Alþfl., að í staðinn fyrir að veita félaginu styrk, þá væri það fé lagt fram sem hlutafé, því að með því hefði ríkinu á örstuttum tíma tekizt að fá yfirráð í félaginu og gera félagið að ríkisfyrirtæki. Ég vil þess vegna telja það mikla framför hjá hæstv. samgmrh. og Alþfl. frá því, sem áður hefur verið, og tel, að hann hafi gert mikla bragarbót, þar sem hann hefur getað fallizt á að styðja að því, að Eimskipafélagið fái skattfrelsi, án þess að nokkur slík kvöð sé lögð á herðar félaginu eða nokkur tilraun gerð af flokksins hálfu eða hæstv. ráðh. til að færa félagið af þeirri braut, sem það hefur verið á, og yfir í ríkisrekstur.

Ég get aðeins bent á það sem dæmi um, hvað félagið er haganlega rekið og með mikilli fyrirhyggju og framsýni, að það tókust samningar milli stjórnar Eimskipafélagsins og annarra aðila um að hafa skipti á einu af skipum félagsins gegn því að fá annað skip til sinna þarfa í þess stað, og þau skipti voru þannig, að það skip, sem Eimskipafélagið fékk, flutti tvöfalt vörumagn við það, sem það skip flutti, sem hinn aðilinn fékk til bráðabirgða til sinna þarfa. M. ö. o., það samsvarar því, að Eimskipafélagið fékk þarna sama sem tvö skip fyrir eitt til að leysa siglingaþörf þjóðarinnar.

Ég ætla í þessu sambandi ekkert að fara að ræða um skattamál, þó að það hafi verið dregið inn í þessar umr. Það eru nóg tækifæri til að ræða um það. Ég vil aðeins segja það í sambandi við það, sem ég hef sagt um stefnu stj. og hinar margumtöluðu yfirlýsingar, ekki sízt af hennar hálfu, að því er snertir nýsköpun í þessu landi, að það er ekki, eins og ég tók áður fram, í samræmi við þá nýsköpun, að Eimskipafélagið verði fyrir afskipti þess opinbera rekið með tapi á þessu ári. Eins má á það benda, að það er ekki heldur til að þjóna þessari hugsun hæstv. ríkisstj. um nýsköpun að leggja verulegan skatt á einn þátt útgerðarinnar, sem ekki ríður minna á að endurnýja en annan flota landsmanna. Það er ekki heldur fullkomlega samrímanlegt við þessa stefnu að fara svo að sem stj. hefur gert í því efni, þó að hún geti fært verulegar ástæður fyrir, að það skuli vera gert. Ég vil enn fremur benda á, að það er ekki heldur í samræmi við þá yfirlýstu stefnu stj. um nýsköpun í landinu, að farið sé að höggva skarð í þá löggjöf, sem gilt hefur hér lengi um skattafríðindi til handa samvinnufélögum landsins, og fara nú að skerða það opna hlið til þess frá því, sem verið hefur, að það sé gert. Það er ekki heldur í samræmi við það skattfrelsi, sem farið er fram á til handa Eimskipafélaginu, að fara inn á þessa braut gagnvart samvinnufélögunum, því að margt er sameiginlegt um þennan tvenns konar félagsskap. Báðir þessir aðilar vinna að því að byggja upp sjálfstæði þjóðarinnar, þó að þeir eðlilega geri það hvor með sínum hætti, af því að þarna er um mismunandi rekstur að ræða.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Það gefast tækifæri til að ræða um þetta, þegar skattamálin koma hér á dagskrá, og geta því frekari umr. af minni hendi beðið nú. En ég vil leggja á það megináherzlu, að af ríkisvaldsins hálfu séu ekki lagðar þær hömlur á rekstur Eimskipafélagsins, að það þurfi að fara að eta upp sjóði, sem því hefur tekizt að safna til að byggja upp ný skip til þess að leysa það þarfa hlutverk, sem félagið hefur innt af hendi í siglingum milli landa og meðfram ströndum landsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég verð að lýsa yfir óánægju minni yfir því, að hæstv. forseti hefur í hyggju að halda áfram umr. um þetta mál eins og d. er skipuð. Það eru aðeins örfáir þm. viðstaddir, og þeir, sem hafa tekið þátt í umr. hér og ég þarf að svara, eru hvergi nærri.

Ég verð að segja, að mér finnst skörin vera farin að færast upp í bekkinn í óvirðingu í garð þingsins, þegar ráðh. sumir hverjir eru farnir að leggja í vana sinn að halda hrókaræður sparkandi í allar áttir og láta á allan hátt ganga hvers kyns fullyrðingar, sem þörf væri að svara, en eru svo hvergi nærri til að heyra svör þeirra, sem þeir eiga viðræður við.

Ég vil skora á hæstv. forseta, að hann geri gangskör að því, að þeir ráðh., sem hafa talað í þessu máli, geri svo lítið að heyra, hvað hinir, sem eru á annarri skoðun en þeir, hafa um málið að segja. En þar sem ég sé, að hæstv. samgmrh. er mættur, skal ég fyrst víkja að því, sem hann sagði um málið, en geyma það, sem hæstv. forsrh. sagði, í trausti þess, að hann komi síðar.

Hæstv. samgmrh. færði fram nokkra ástæðu fyrir því, að hann væri fylgjandi því, að skattfrelsi Eimskipafélagsins væri framlengt. Hann hóf ræðu sína á því, að það væri þörf á því, að ég gerði grein fyrir því, hvers vegna ég væri því ekki fylgjandi nú að framlengja skattfrelsi Eimskipafélagsins, þar sem ég hefði verið það áður. Ég hygg, að það sé nær fyrir hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að hann og hans flokkur vill nú framlengja skattfrelsi Eimskipafélagsins með þeim hætti, sem hér er lagt til, þrátt fyrir það, sem á undan er gengið.

Það væri nær fyrir hann að rekja þetta heldur en óska skýringar frá mér; ég gaf skýringu í minni fyrri ræðu.

Ég hef greitt atkv. með því, að Eimskipafélagið fengi undanþágu frá skattaákvæðunum, vegna þess að ég áleit svo ríka nauðsyn á því, að Eimskipafélagið gæti safnað fé til þess að standa undir endurnýjun og aukningu skipaflotans. Það hef ég gert vegna þess, að mér hefur fundizt þar vera svo brýn nauðsyn fyrir hendi. Hins vegar benti ég á það, að í fyrsta lagi hefði Eimskipafélagið áreiðanlega misnotað á mjög ámælisverðan hátt þann trúnað, sem þingið hefði sýnt því með skattfrelsinu, með því flutningsgjaldsokri, sem hefur leitt til þess, að félagið hefur grætt 20—30 millj. kr., og er það önnur ástæðan fyrir því, að ég tel, að það verði að breyta um stefnu. Í öðru lagi benti ég á það, að Eimskipafélagið er orðið margfalt fjársterkara en aðrir hafa orðið, og af þeim ástæðum eru burtu fallnar styrkar stoðir fyrir því að veita félaginu þessi hlunnindi.

Eimskipafélagið er nú, með sínar 40 millj. kr. í sjóði og aðrar eignir, áreiðanlega mun betur statt til þess að standa undir verkefni sínu en nokkur annar einstakur aðili í þessu landi. Það er ekki hægt að meta þessi hlunnindi nema í samanburði við aðra. Það verður að meta það, hvernig Eimskipafélagið stendur samanborið við ríkið og atvinnuvegi landsmanna. Í samanburði við ríkið er Eimskipafélagið stórríkt. Sum fyrirtæki eiga nokkra sjóði til þess að standa undir endurnýjun og viðaukningu atvinnurekstrarins, en þar kemst enginn í hálfkvisti við Eimskipafélagið að ríkidæmi. Þetta eru góð og gild rök, sem verður að mótmæla með öðrum rökum, ef þau eiga ekki að vera tekin gild.

En um afstöðu hæstv. samgmrh. og hans flokks til þessa máls er allt öðru máli að gegna. Flokkur hæstv. samgmrh. hefur oft verið mótfallinn því, að Eimskipafélaginu væru veitt skattahlunnindi. Þegar þetta mál kom fyrst fyrir á Alþ. 1924, en ekki 1928, eins og hæstv. ráðh. sagði, þá var þáv. form. fl., Jón Baldvinsson, mótfallinn því, að félaginu væru veitt þessi hlunnindi. Að vísu hefur Alþfl. ekki alltaf haft svo hreina afstöðu sem Jón Baldvinsson, en hvað eftir annað kom fram sú skoðun frá flokknum, að eðlilegt væri, að styrk til félagsins fylgdu aukin yfirráð í félaginu, og oft að því vikið, að ríkið eignaðist hlut í því, til móts við þá, sem ættu hluti fyrir. Þessa afstöðu hafði flokkurinn, meðan Eimskipafélagið átti lítið brot af því, sem það á nú, og þegar það var miklu vanmáttugra til þess að anna hlutverki sínu en það er nú.

Enn fremur er full ástæða til þess að benda á það, að þegar Eimskipafélagið ákvað flutningsgjöld fyrir árið 1943 þannig, að á því ári var stórkostlegur gróði, sem flestum blöskrar, gekk blað hæstv. samgmrh. fram fyrir skjöldu í að útmála fyrir mönnum, hvílíkt hneyksli það væri, að Eimskipafélagið notaði aðstöðu sína til þess að græða á þennan hátt. Og þegar þessi mál voru til umr. á Alþ., gengu þeir fram fyrir skjöldu hæstv. félmrh. og hv. 3. landsk. og jusu sér yfir fyrrv. ríkisstj. fyrir að láta annað eins hneyksli viðgangast og það, að Eimskipafélagið héldi flutningsgjöldum svo háum, og töldu það versta hneyksli, sem hefði komið fyrir um lengri tíma.

En nú er svo skipt um í þessu máli, að þegar þessi hæstv. ráðh. er kominn í stj., skyldi maður halda, að þeir myndu leiðrétta þetta hneyksli, sem þeir töluðu svo mikið um. En þá lýsir núv. samgmrh. því yfir, að hann hafi reiknað þessi mál út og komizt að þeirri niðurstöðu, að Eimskipafélagið hafi grætt of lítið 1943. Það sé sem sagt ekki búið að safna nægilega miklum fjármunum og verði þess vegna að bæta við og sé ekki megnugt að borga skatta eins og aðrir þjóðfélagsborgarar.

Hæstv. ráðh. verður að afsaka, þó að mörgum finnist lítið upp úr því að leggja, sem þeir menn segja, sem þannig snúa snældunni með jafnskömmu millibili og hér hefur átt sér stað og að óbreyttum öllum ástæðum. Það þarf góða heilsu til þess að halda því fram, eins og hæstv. samgmrh. gerði, að þessi afstaða hans nú, sem skyldar hann um leið til þess að taka upp hanzkann fyrir Sósfl., sé í fullu samræmi við afstöðu hans áður til Eimskipafélagsins um skattfrelsi og starfsemi þess.

Ég hygg, að það dyljist engum, að þessi afstaða er í fullu ósamræmi við allt það, sem frá þeim hefur komið fyrr og síðar, um afstöðuna til Eimskipafélagsins og skattfrelsisins sérstaklega.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. forsrh. sagði. Annars virtist mér hann koma lítið að kjarna þessa máls og þeim stefnumun, sem hér hefur komið fram í sambandi við meðferð þessa máls. Ég minntist á áðan, að mér finnst mikið ósamræmi í því, að ríkisstj. fyrirhugar nýjar skattaálögur, en leggur hins vegar til, að Eimskipafélagið haldi skattfrelsi sínu. Ég lýsti þá með fáum orðum þeim skattaleiðum, sem nú eru fyrirhugaðar. Út af þessu sagði hæstv. forsrh., að það væri einkennilegt að heyra þessi harmkvæli um skattþegnana í landinu, því að enginn maður hefði látið eins greipar sópa um fjárhirzlur manna og ég. Og ég hefði gengið svo langt í þessu efni, að þáv. form. Alþfl., Jón Baldvinsson, hefði þráfaldlega látið þess getið, að honum þætti meira en nóg um. Ég held, að hæstv. forsrh. ætti að gera sem minnst af því að vitna í það, sem menn hafa sagt hingað til, og ég held, að hann ætti að láta það liggja milli hluta, hvað Jón Baldvinsson kann að hafa sagt um þetta við eitt eða annað tækifæri. En hitt veit ég, þótt hæstv. forsrh. viti það kannske ekki, að þegar samvinna var milli Alþfl. og Framsfl., þurfti að leggja á allþunga skatta, og þá stóð sízt á Alþýðuflokksmönnum að vera með í því að afla þess fjár, sem með þurfti.

En fyrst farið er að ræða hér um skatta og ég gerði það að nokkru leyti, þá ætla ég að upplýsa hæstv. forsrh. um eitt, sem hann virðist vera búinn að gleyma. Það var mikið talað um það hér á árunum, að langt hefði verið gengið í skattaálögum 1934—1938. En hvernig er ástatt nú í þessu efni? Hvað hefur verið gert í þessu máli nú, síðan flokkur núv. hæstv. forsrh. tók við fjármálum ríkisins? Á þessum árum var mjög erfitt um fjármál, sem enginn dró í efa, en síðan flokkur hæstv. forsrh. tók við forustunni hefur verið mjög auðvelt að eiga við þessi mál, vegna þess að þjóðartekjurnar hafa margfaldazt. Efnahagurinn er miklu betri en áður, og ef allt hefði verið með felldu, hefði mátt lækka skattana stórlega á landsmönnum eða þá, að ríkissjóður hefði safnað stór-

fé. En hver er niðurstaðan? Hún er sú, að fjmrh. þessa forsrh. hefur látið alla þá skatta og tolla standa, sem þeir hafa eytt 10 árum ævi sinnar í að gera tortryggilega í augum landsmanna. Hann hefur látið þá standa alla eins og þeir voru, nema að því leyti, að beinu skattarnir hafa stórlega hækkað frá því, sem þeir voru.

Það er svo fjarri því, að hæstv. forsrh. hafi efni á því að hefja umr. um þetta mál. Það væri bezt fyrir hann og flokk hans, að aldrei yrði á þetta minnzt. En þó að þetta standi þannig, að þessir tollar og skattar séu framlengdir og nú sé meiningin að bæta við nýjum sköttum með aðferð, sem þannig er vaxin, að hinir djörfustu menn í skattamálum hafa aldrei látið sér detta hana í hug fyrr en nú, að stjórn þessa hæstv. forsrh. ætlar að láta taka hana til framkvæmda, er fyrirsjáanlegur stórkostlegur tekjuhalli á ríkissjóði. Ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir hæstv. forsrh. að nefna þessi mál aldrei.

Svo óskaplega er þetta komið í höndum hæstv. forsrh. og þeirra manna, sem hann hefur kvatt til að stjórna fjármálunum, að skattaálögin eru þannig, að þeir, sem að þeim standa, telja þau vera meingölluð og alveg óhæf nema í eitt skipti og fullkomið neyðarúrræði. En á sama tíma og þannig er um þetta búið af hendi þessa hæstv. ráðh., þá kom fram till. um að undanþiggja skatti ríkasta fyrirtæki í landinu. Aðalrökin fyrir þessu eru þau, að það sé ekki skaði skeður, þó að þetta fyrirtæki safni auði.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ósamræmi í afstöðu minni, að ég hafi á undanförnum árum barizt fyrir því, að Eimskipafélagið hefði skattfrelsi, og þá gert grein fyrir þeirri skoðun, en teldi nú ekki fært að gera þetta lengur.

Það hefur ekkert ósamræmi verið í afstöðu minni til málsins. Hæstv. forsrh. sagði, að þessu máli væri vel borgið í höndum Eimskipafél., þar sem svo margir landsmenn hefðu þar íhlutun. Engin hætta væri á því, að nokkur klíkuskapur gæti átt sér stað eða fél. væri stjórnað öðruvísi en með heill þjóðarinnar fyrir augum. Ég byrjaði í ræðu minni að sýna, að þessu er ekki þannig farið. Það eru tiltölulega fáir menn, sem ráða í Eimskipafél. Ísl. Mikið af atkvæðunum er á höndum örfárra manna. Ég hef ekki fullkomið yfirlit um, hverjir eiga Eimskipafélagið. Það hafa víst ekki margir, vegna þess hvernig hlutaskráningu er háttað. Hitt veit hæstv. forsrh., að eigendur 25—100 kr. bréfanna hafa aldrei nein áhrif á gang málanna í Eimskipafél., enda er reynslan ólygnust um það atriði eins og önnur. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvernig menn það eru, sem fara með atkvæði á fundum Eimskipafélagsins, eða hvort formaðurinn er starfi sínu vaxinn. Það skiptir engu máli, þó að það væru englar, sem nú stjórna þar, þá vita allir, að breyting getur orðið á því áður en varir, og á slíku er ekki hægt að byggja neina stefnu í þessum málum. Menn verða því að gera upp við sig, hvort þeir vilja halda áfram endalaust að veita þessu fél. hlunnindi og völd í hendur sérstakra manna eða hvort menn vilja nú, að hætt sé að veita þessi hlunnindi á þann hátt, sem verið hefur, og án þess að nokkur greinileg skilyrði séu sett um íhlutunarrétt ríkisins í rekstri fél. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vanda að gera þetta upp, þó að ég hafi góða trú á framkvæmdastjórn fél. Ég álít, að það sé ekki hægt að halda áfram sömu stefnu og farin hefur verið.

Hæstv. forsrh. dró S. Í. S. inn í þessar umr. og benti á það, að ef breyta ætti um stefnu varðandi skattfrelsi Eimskipafélagsins, þá ætti einnig að afnema skattfrelsi það, sem aðrir kynnu að hafa, og talaði eins og útlendingur, ekki aðeins nýkominn á Alþ. Íslendinga, heldur nýkominn til landsins og landshögum með öllu ókunnur. Mér dettur ekki í hug, að hæstv. forsrh. viti ekki betur en fram kom, en þá kann ég ekki heldur við, að hann tali þannig um þessi efni. Það vita allir, að samvinnufél. hafa ekki skattfrelsi. Þau eru undir sömu skattal. og aðrir, varðandi stríðsgróðann. Þau búa að vísu við nokkuð annan skattstiga og nokkuð aðrar reglur við útsvar vegna séreðlis þeirra og vegna þess, að þau eru allt annars eðlis en nokkur annar félagsskapur í landinu, en skattfrelsi hafa þau ekki. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort hæstv. forsrh. væri reiðubúinn til að samþykkja, að Eimskipafélag Íslands væri skattlagt eftir sömu reglum og S. Í. S. Ef hæstv. forsrh. trúir því, sem hann segir, að samvinnufél. njóti skattfrelsis, ætti ekki að standa á honum að fallast á, að Eimskipafélagið verði skattlagt eftir sömu reglum og S. Í. S. (**Fjmrh.**: Og úthlutaði þá arði á sama hátt?) Ég sagði bara undir sömu skattareglum og S. Í. S. Því fer nefnilega alls fjarri, að þar sé um nokkurt skattfrelsi að ræða. Þetta er ekki annað en slagorð, sem búið er að kasta svo oft á milli sín, að menn eru farnir að trúa því. Ég trúi því ekki, að menn séu að tala um það þannig, að þeir viti ekki, hvað þeir eru að segja.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það væri eins í samvinnufél. og Eimskipafél., að færri menn réðu öllu, sjálfsagt fyrir það, að þeir líkuðu vel. Þetta er náttúrlega sú helberasta fjarstæða að bera saman atkvæðisrétt og uppbyggingu samvinnufél. og hlutafél. eins og Eimskipafél. Í samvinnufél. hafa allir jafnan atkvæðisrétt, en í Eimskipafél. er atkvæðisrétturinn eftir því, hve mikið fjármagn menn eiga í fél. Ef einhver tæki sig til og keypti upp hlutabréfin í Eimskipafél., sem auðvitað gæti átt sér stað þá og þegar og gæti verið að gerast í dag, gæti farið þannig, að atkvæðisrétturinn í Eimskipafél. væri horfinn úr höndum smábréfaeigendanna, áður en menn gætu áttað sig á því. Í samvinnufél. er atkvæðisrétturinn jafnan bundinn við persónuna, en ekki fjármagnið. Það er því furðulegt, að nokkur maður skuli koma fram með annað eins og það, að sama trygging sé fyrir því, að fjöldinn ráði í Eimskipafél. og samvinnufélögum.

Þá vék hæstv. forsrh. að því, að það væri engin ástæða til þess að halda annað en að Eimskipafél. mundi, og fyrir því væri fengin reynsla, á hverjum tíma fara með þessi mál alveg eins og bezt væri fyrir þjóðarheildina og taka tillit til þess, sem t. d. Alþ. og ríkisstj. teldu rétt, eins og hér væri um opinbert fyrirtæki að ræða, og sama skoðun kom fram hjá hv. þm. Borgf., sem sé, að málum landsmanna væri jafnvel komið í höndum einkafyrirtækis eins og Eimskipafél. og þótt opinber aðili ætti í hlut. Ég er algerlega á annarri skoðun en hv. þm. Borgf. og hæstv. forsrh. og skal færa fyrir því nokkrar ástæður til viðbótar því, sem ég gerði í fyrri ræðu minni. Ég skal

nefna hér dæmi um tvennt eða þrennt, sem áreiðanlega hefði ekki verið gert af hendi Eimskipafél., ef það hefði einvörðungu miðað rekstur sinn við þarfir landsmanna. Mér dettur ekki í hug að segja, að landsmenn hafi ekki haft stórkostlegan hag af starfsemi Eimskipafél., enda væri það undarlegt, ef ég hefði styrkt Eimskipafél. í þ. undanfarin ár og hefði ekki þá skoðun. Samt sem áður er hægt að finna ákveðin dæmi, sem benda mjög greinilega í þá átt, að ekki er heppilegt, að einkafél., hversu vel, sem rekið er, hafi með höndum samgöngur algerlega, eins og Eimskipafél. hefur haft. Menn hafa talað hér um flutningsgjaldahækkunina eins og þar hafi verið farið rétt að og sumir alveg þvert ofan í það, sem kom fram frá þeirra nánustu. Ég tel, að þessi flutningsgjaldahækkun hafi verið mjög óheppileg, ef menn hafa nokkuð meint með allri baráttu sinni í dýrtíðarmálum, og mér dettur ekki í hug, að þannig hefði verið haldið á málunum, ef ríkið hefði haft meiri áhrif á störf Eimskipafél., og ég dreg ekki í efa, að betur hefði gengið að ráða við dýrtíðina, ef svo hefði verið. Auk þess má benda á annað dæmi. Á árunum fyrir stríð var mikið rætt um að auka skipakost landsmanna. Mikill ágreiningur varð á milli Eimskipafél. annars vegar og meginþorra þ. hins vegar um, hvernig bezt væri að koma því fyrir. Eimskipafél. vildi leggja áherzlu á að eignast stórt nýtízku farþegaskip, en ekki flutningaskip. Aftur á móti virtist mér meiri hluti alþm. leggja áherzlu á að fá flutningaskip. Það væri vissulega gott að eiga nýtízku farþegaskip, en hitt væri þó enn meira virði. Um þetta varð verulegur ágreiningur, og það er ekki nokkur vafi á því, að ef stríðið hefði ekki brotizt út, hefði Eimskipafél. haft sitt mál fram. Þá er það náttúrlega öllum ljóst, sem fylgzt hafa með samgöngum undanfarið, að Eimskipafélag Íslands hefur tekið þann kostinn að taka í sínar hendur allar beztu samgönguleiðirnar, fleytt rjómann ofan af, en ríkið hefur orðið að sitja uppi með lakari samgönguleiðirnar og ver stórfé af sinni hendi til þess að sjá landsmönnum fyrir þeim flutningum. Það var alltaf að verða minna og minna, sem Eimskipafél. lagði á sig fyrir stríð, til þess að sinna flutningaþörfinni með ströndum fram; það var að vísu nokkuð, en dró alltaf úr því, en aftur á móti meira og meira, sem ríkið þurfti að leggja af mörkum til þess að sjá fyrir þessum þörfum. Stefna Eimskipafél. á stríðsárunum hefur líka orðið til þess að binda ríkisstj. mjög þungan bagga í sambandi við þessa flutningaþörf innanlands. Eimskipafél. hefur spennt farþegagjöldin svo hátt, að orðið hefur að hafa strandferðaflutningsgjöldin miklu lægri en þurft hefði að vera. Í öllu þessu hefði orðið miklu betra samræmi á alla lund, ef mál þessi hefðu verið tekin heildartökum og Eimskipafél. ekki verið algerlega út af fyrir sig um verðlagningu. Það er því alveg áreiðanlegt, að þar er engin trygging fyrir því, að siglingum milli landa og með ströndum fram verði hagað á þann hátt, sem bezt hentar þjóðinni í heild, með því að hafa þær í höndum Eimskipafélagsins, hversu vel, sem það er rekið, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að hér eru tvö sjónarmið: Annars vegar sjónarmið heildarinnar og hins vegar sjónarmið hinna, sem vilja reka fyrirtækið með sem glæsilegustum árangri, sýna dug sinn með sem mestum nettóafgangi og sem beztum hag fél. Hér eru tvö sjónarmið, sem verður að sameina, en rekast hvort á annað, og árekstrinn er erfiður og þungur, ef allt er látið leika lausum hala, eins og verið hefur. Það verður því áreiðanlega langhyggilegast að koma á fót meiri íhlutun, hvað sem menn álíta um einkarekstur og opinberan rekstur, að koma á fót meiri íhlutun af hálfu hins opinbera en verið hefur, og leiðin til þess er ekki sú að láta Eimskipafél. hafa skattfrelsi án nokkurra skilyrða af hendi ríkisvaldsins. Það rekur nú enginn nauður til þess að fara þá leið, því að fél. er orðið það vel stætt, að því eru allir vegir færir, og það á að hverfa af þeirri braut og inn á hina að hafa þetta sameiginlegt mál ríkisins og Eimskipafél. Ég hygg líka, að sú stefna sé miklu meira í samræmi við hugsunarhátt manna yfirleitt, eins og hann er orðinn, og meira í samræmi við það, sem gert er um aðrar samgöngur, t. d. flugsamgöngur í öllum löndum og aðrar samgöngur, þar sem menn hafa tök á að taka málið eins og þeim sýnist í öndverðu. Það er eftirtektarvert, að nú þykir mönnum yfirleitt ekki rétt, þar sem flugsamgöngur byrja, að hafa þær íhlutunarlaust í höndum einstaklinga eða einkafél., heldur finnst mönnum rétt, að það sé sameiginlegt mál þjóðfélagsins og einstaklinganna og þjóðfélagið hafi eins mikið að segja og einstaklingarnir.

Þannig er haldið á málunum, þar sem hægt er að taka þau frá byrjun. Ég hygg, að sama megi segja um þessi samgöngumál og þau. Ég held, að við ættum einmitt nú að taka upp þá stefnu, en ekki halda áfram eins og stjórnin leggur hér til.

Í þessu sambandi get ég líka minnzt á það, að hv. þm. Borgf. taldi það til gildis því fyrirkomulagi, sem er og hefur verið, hve lítið fjármagn ríkisstj. hefði til þess að standa undir strandferðunum. Þessi rök tel ég ekki haldgóð, og má vísa til þess, hvernig starfsemi Eimskipafél. hefur orðið óneitanlega til þess að þyngja stórkostlega undir fæti einmitt á strandferðum, og það hefur orðið til þess að auka kostnaðinn við þær og þar með minnkað möguleikana fyrir því, að hægt væri að endurnýja skipin. Mér sýnist, að það sé nokkuð út úr götunni að benda á slíkt sem rök fyrir því, að það sé gott að hafa þetta eins og það er. Ég get ekki fallizt á það, sem hefur komið fram hér, að það sé engin ástæða til þess að gefa þessu gaum í sambandi við stórkostleg hlunnindi eins og skattfrelsi, vegna þess að hvenær, sem er, geti ríkið gripið fram fyrir hendur fél. eins og Eimskipafél. og skipað þar öllu eins og því sýnist. Þetta er alls ekki rétt. Reynslan hefur sýnt, að þetta er rangt. Það er yfirleitt, eins og allir hlutir eru hér uppbyggðir, ekki talið fært að grípa þannig algerlega fram fyrir hendur einstaklinga eða félaga, og ef á annað borð félag eins og Eimskipafél. er vanið á afskiptaleysi og hlunnindi án afskipta, verður niðurstaðan sú, að það er ekki gripið inn í, þó að mönnum mislíki mjög þær framkvæmdir, sem gerðar eru. Þá rís upp sterk alda gegn slíkum afskiptum og því haldið fram, að það sé hættulegt fordæmi að gera slíka ráðstöfun, og í því sambandi er mér sem ég sjái framan í menn, ef t. d. meiri hluti þ. hefði verið sammála um, að þetta þyrfti að gera núna, að Eimskipafél. stefndi svo rangt um þessi mál, og till. kæmi fram um, að ríkið tæki að sér stjórn Eim-

skipafél. til þess að beina því inn á þá braut, sem ríkisvaldið teldi heppilega. Mér er sem ég sæi framan í menn, ef slík till. kæmi fram. Það er alveg út í bláinn að segja, að allt megi ganga sinn vanagang, því að hægt sé að grípa fram fyrir hendurnar á félaginu, ef þörf þykir. Ég hef ekki trú á, að það yrði þannig í reyndinni.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki vilja vera með því að afnema skattfrelsið m. a. vegna þess, að þá væri Eimskipafél. þar með leyst undan allri þegnskyldu. Þetta finnst mér harla einkennilegur hugsunarháttur, þegar þess er gætt, að eiginlega allt það fjármagn, sem Eimskipafél. hefur undir höndum, hefur það einmitt vegna þeirra hlunninda, sem ríkið hefur veitt því, eða bróðurpartinn af því, ýmist með skattaundanþágum eða þá nú á síðari árum með því að afhenda Eimskipafél. til þess að stjórna og hafa veg og vanda og ágóða af þeim leiguskipum, sem ríkisstj. náði samningum um og notuð hafa verið í Ameríkuferðum. Meginhlutinn af því fjármagni, sem Eimskipafél. ræður yfir, er vegna þessarar starfsemi og vegna þess, að því hefur verið hlíft við skattgreiðslum, hliðstæðum þeim, sem aðrir greiða. Mér þætti hart, ef svo væri álitið, að þá væru horfnar allar þegnskyldur Eimskipafél., þó að nú sé látið staðar numið um skattfrelsið, en þeir héldu öllum sínum fjármunum og hefðu þá sem aðalstarfsfé um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég lít allt öðrum augum á þetta. Þótt þessi leið sé farin, þá er þegnskylda Eimskipafél. engu minni en áður.

Hæstv. forsrh. skaut því inn í, þegar hann talaði um þann mikla ágóða, sem Eimskipafél. hafi haft, að það hafi verið eina árið, sem ríkisvaldið ákvað farmgjöldin, þ. e. a. s. 1943.

Það er ekki hægt að fara langt út í það, enda hef ég ekki við höndina þau gögn, sem að því lúta, en heldur skýtur þessi skoðun hæstv. forsrh. skökku við það, sem þeir aðilar hafa um þau mál sagt, sem hafa haft með höndum þau trúnaðarstörf að ákveða flutningsgjöldin, því að þeir hafa haldið því fram, og ég hef ekki séð því mótmælt með það gildum rökum, að því hafi verið hnekkt, að þessum flutningsgjöldum hafi verið haldið uppi vegna þess, að þeim hafi verið gefið í skyn, að um óhagstæðari rekstur væri að ræða en reynslan sýndi, og haldið þeim upplýsingum í langan tíma til þess að koma í veg fyrir flutningsgjaldalækkun.

Þessu hafa þeir haldið fram, og ég hef ekki séð því mótmælt þannig, að mér finnist hægt að taka það til greina, svo að mér finnst skörin færast upp í bekkinn, þegar hæstv. ráðh. heldur þessu fram.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að svara ummælum eins og þeim, sem hæstv. ráðh. viðhafði líka, að Eimskipafél. ætti að halda áfram að hafa þetta skattfrelsi án frekari íhlutunar en orðið hefur, vegna þess að félagið reki mestu þjóðþrifastarfsemi. Ég hygg, að það sé mörg starfsemin í landinu, sem mætti kalla þjóðþrifastarfsemi, og yrðu æðimargir, sem ættu að njóta skattfrelsis, ef þetta ætti að gilda um alla þá, sem hægt er að segja með réttu að hafi þjóðþrifastarfsemi með höndum. Mér dettur ekki í hug að draga úr því, að Eimskipafél. hefur haft með höndum þjóðþrifastarfsemi, jafnhliða margri annarri starfsemi, sem rekin hefur verið, en hitt veit ég og vita allir, að þó að Eimskipafél. hafi haldið uppi slíkri starfsemi, hefur það ekki rekið hana sem neina góðgerðastarfsemi. Efnahagur Eimskipafél. sýnir, að það hefur fullkomlega séð sínum hlut borgið í viðskiptum sínum við landsmenn. Það verður ekki dregið í efa. Félagið hefur haldið sínum hlut, og er þess vegna óþarfi að fara út í meting um það, hvort starfsemi þess sé meira þjóðþrifastarf en ýmislegt annað, sem er innt af höndum. Mér virðist fátt hafa komið fram, sem hnekkti þeim rökum, er ég hef haldið fram um þetta mál, en þau eru í aðalatriðum þessi: Að nú sé ástæða til þess að breyta um stefnu í þessu máli vegna þess, hve Eimskipafélagið er vel á vegi statt, að það er betur á vegi statt í þessum efnum en flestir aðrir, ef ekki öll önnur fyrirtæki í landinu, miðað við þau verkefni, sem því verður ætlað að leysa. Ég er ekki í neinum vafa um það, að Eimskipafél. er betur fært um það að standa undir endurnýjun og aukningu flutningaskipaflotans að sínu leyti en t. d. þeir, sem stunda útgerð í landinu, eru undir það búnir að standa undir endurnýjun og aukningu fiskiskipaflotans. Ég get ekki látið vera að minna á það í þessu sambandi, að ég flutti hér í fyrra till. um það eða frv., að útgerðarmenn skyldu ekki þurfa að greiða útsvör af því, sem þeir legðu til nýbyggingarsjóðs, en það hafði fallið niður í skattalöggjöfinni að ætla þeim þau hlunnindi, og það hefur verið lagt útsvar á nýbyggingarsjóðstillag útgerðarinnar. En þessu máli var sýnt einkennilegt tómlæti, og 1943 greiddi helmingur dm. atkv. á móti því, að útgerðarmenn fengju útsvarsfríðindi af nokkrum hluta tekna sinna. Ég flutti málið aftur á þessu þingi, og eftir að hafa lagt talsverða vinnu í það að fá nál. var þetta mál loks samþ. með hinni mestu fýlu, að því er virtist, og sumir, t. d. sósíalistar, greiddu atkv. á móti þessu. Ég gat ekki komizt hjá því að benda á þetta til dæmis um það, hvað þetta er allt óeðlilegt og hversu fjarri því fer, að mínum dómi, að menn hafi haft glöggan samanburð um það, hvernig ástatt er í landinu. Það er ekki hægt að taka Eimskipafél. út úr og líta ekki á annað. Við skulum segja t. d., að sú skoðun væri réttlát, sem komið hefur fram í ýmsum ræðum, að Eimskipafél. þyrfti að eignast enn meira fé. Hvað má þá segja um marga aðra, sem þurfa að standa undir þungum verkefnum af hliðstæðu tagi, þó að það væri ekki að kaupa flutningaskip? Það er ekki hægt að taka eitt mál út af fyrir sig, heldur verður að taka það í sambandi við önnur mál, svo sem fjárþörf ríkisins og möguleika þess til að leggja fram fé, og einnig í sambandi við aðra einstaklinga og félög; það er ekki hægt að taka einn aðila út úr, þó að hann reki þjóðþrifastarfsemi, án þess að hafa þar einhvern samanburð.

Það virðist svo sem það sé komin einhver kergja í þetta mál, og virðist mér menn hugsa sem svo, að fyrst þetta sé komið á, þá sé nauðsynlegt að halda því áfram, og vegna þess að það er fast sótt af þeim áhrifamönnum, sem hafa áhuga fyrir Eimskipafél., að fá ekki yfir sig skatta og útsvarsálögur. Menn láta þetta hafa áhrif á sig, en taka ekki tillit til þess, hvernig ástatt er almennt um þessi málefni. Það er oft þannig, að ef menn hafa lengi haldið uppi einhverri starfsemi og fyrirkomulagið verið lengi, þá finnst mönnum óhæfa, að því sé ekki haldið áfram, og mér finnst

þess gæta í sambandi við þetta mál. Aðalatriðin eru þessi, að samanborið við aðra virðist mér Eimskipafél. óvenju vel á vegi statt og það miklu betur en nokkru sinni fyrr, að fjárhagsafkoma ríkisins sé þannig vaxin, að það sé ekki hægt að færa rök fyrir því, að rétt sé að halda þessu áfram eins og verið hefur, og í þriðja lagi er það áreiðanlega röng stefna að styrkja þannig án afláts einn stóran aðila óháðan ríkinu til þess að hafa með höndum starfsemi, sem Eimskipafél. hefur og án íhlutunar ríkisins. Það þarf að taka þetta mál allt til endurskoðunar, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég er undrandi yfir því, að það skuli ekki hafa verið gert, — ég er undrandi yfir því, að þeir, sem hlut eiga að þessu máli, skuli hafa tekið þá afstöðu, sem nú hefur komið fram.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég ætla að leiða hjá mér hinar almennu hugleiðingar hv. 2. þm. S.-M. um skattalöggjöf og skattaálögur eins og þær hafa verið undanfarin ár, það verður sjálfsagt tækifæri til að ræða þau mál nánar í öðru sambandi, í sambandi við mál, sem koma þeim málum meira við en þetta frv. Ég vil því víkja örfáum orðum að því, sem hv. þm. hefur sagt um þetta mál, sem liggur hér fyrir, um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands, og sýna fram á, að hann er þar á villigötum að mínu áliti. Hv. þm. lagði á það áherzlu, að gróði Eimskipafélagsins hefði verið svo mikill undanfarin ár og eignir þess svo miklar nú, að með öllu sé ástæðulaust að hlífa því við sköttum, enda þótt ástæða hafi verið til þess undanfarin ár, og hann hefur margendurtekið, að gróði Eimskipafélagsins 1943 hafi verið 20—30 millj. kr. En það er ekki rétt, eftir reikningum hefur gróðinn verið rúmar 18 millj. kr., og þm. vildi rökstyðja þessa staðhæfingu með því, að ekki sé talið með það fé, sem lagt er til hliðar fyrir viðgerðarkostnaði nokkurra skipa, og ef því sé bætt við gróðann, þá kæmist hann undir 22 millj. Ég man ekki betur en það hafi verið upplýst, að það fé, sem lagt hefur verið til hliðar fyrir viðgerðum, hafi ekki hrokkið fyrir kostnaði. Þess vegna er villandi að telja það með gróða félagsins á árinu, því að vitanlega er það ekkert annað en rekstrarkostnaður. En hvað, sem því líður, verður því ekki neitað, að hagnaður félagsins á þessu eina ári er mikill. Um eignir félagsins er það að segja, eins og við höfum báðir tekið fram, að þær eru taldar á efnahagsreikningi 1943 32 millj. Þarna er þó þess að gæta, að síðan hefur félagið misst eitt af skipum sínum, varasjóðir hafa því skerzt um það, sem mismun vátryggingar og verðmætis þess nemur, því að félagið hefur haft skip sín í sjálfstryggingu, eins og hv. þm. mun kunnugt. Eignirnar verða því sennilega fremur minni, ef ekki er tekið tillit til afskrifta af skipinu heldur en ef reiknað hefði verið til kostnaðar. Hv. þm. vex þessi mikla fjárhæð svo í augum, að hann telur, að félagið sé, að því er mér skilst, miklu meira en fært um að fullnægja hlutverki sínu í þjóðfélaginu. Nú geta verið skiptar skoðanir um það, hvert sé hlutverk Eimskipafélagsins í þjóðfélaginu, og hefur hver og einn leyfi til þess að halda sinni skoðun fram um það efni. Ég álít, að Eimskipafélagið sé ekki búið að fullnægja sínu hlutverki í þjóðfélaginu fyrr en svo er komið, að það geti annazt alla flutninga milli Íslands og annarra landa, því að það er a. m. k. praktist talið þannig, að við höfum ekki nema eitt skip til flutninga á milli landa nú, svo að þar er ekki um að ræða skipsrúm, sem gætir nokkuð verulega í þessu sambandi. Hitt veit hv. þm., að það er langt frá því, að Eimskipafélagið sé enn þá komið á þann veg, að það sé stóratvinnurekstur. En við skulum ganga út frá því, að öllum þessum fjárhæðum, sem Eimskipafélagið hefur yfir að ráða nú, segjum 32 millj., væri varið til þess að kaupa skip. Með því verði, sem hefur verið á skipum, eftir því, sem við þekkjum, þá væri það ekki ákaflega há smálestatala, sem Eimskipafélagið gæti fengið fyrir þessa sjóði sína. Við þekkjum ekki lægra verð á skipum heldur en 5 þús. kr. smálestina, og ef ætti að reikna með þeim byggingarkostnaði, þá gæti Eimskipafélagið eignazt eitt 6 þús. smálesta flutningaskip. Við skulum segja, að félagið vildi eignast 3 þús. smálesta skip, þá gæti það keypt tvö af þeirri stærð. En hv. þm. veit vel, að það er langt frá því, að flutningaþörfinni væri fullnægt, þó að félagið eignaðist tvö þetta stór skip. Það skiptir ekki miklu máli, hvort hér er miðað við rétta skipastærð eða ekki, því að ef skipin eru fleiri og smærri, þá mun kostnaðurinn verða hlutfallslega hærri. Enn fremur veit hv. þm. það, að sum af skipum Eimskipafélagsins eru orðin svo gömul, að á venjulegum tímum væri ekkert við þau gert annað en höggva þau upp, a. m. k. tvö elztu skipin, og sum hin skipin eru farin að eldast og verða viðhaldsfrek og gefa lakari rekstrarafkomu en ný skip. Ef þess er gætt, þá held ég, að það sé of lítill stórhugur hjá hv. þm. að vilja nema staðar hér, ég held, að það eigi að hugsa hærra. Ég held, að við eigum að hugsa okkur, að Eimskipafélagið geti komizt á þann rekspöl í framtíðinni að geta annazt alla flutningaþörf landsmanna. Það hefði getað farið svo síðustu árin, þó að svo lánsamlega hafi tekizt til, að við vegna vinsemdar erlendrar þjóðar höfum ekki lent í stórvandræðum með vöruflutningana, að við hefðum getað fengið dýrkeypta reynslu af að eiga ekki stærri skip en raun varð á, þegar styrjöldin skall á. Hv. þm. vildi halda því fram í þessu sambandi, að féð hefði átt að renna í ríkissjóð, til þess að hann gæti aukið sjóði sína. Er hv. þm. svo bjartsýnn, að hann trúi því, að þó að Eimskipafélagið hefði greitt skatta eins og hver annar, þá hefðu sjóðir ríkisins aukizt svo mikið, að það hefði verið fært um að taka að sér það hlutverk, sem Eimskipafélaginu er nú ætlað að hafa. Ef svo er, þá hefur hann óeðlilega bjartsýni til að bera. Ég er hræddur um, að þetta hefði farið þá leið, að þetta fé hefði, eins og aðrar stórtekjur ríkissjóðs, orðið að eyðslueyri, það hefði sjálfsagt verið hægt að finna nægar holur til þess að fela slíka fjárhæð, eins og raun hefur á orðið um annað. Hv. þm. talaði um það, og er ég sammála um það, að það sé frá skattteknisku sjónarmiði talsvert varhugavert að veita einstökum fyrirtækjum skattfrelsi. Þetta er alveg rétt, og það væri æskilegt, að við gætum breytt skattalöggjöf okkar þannig, að á þessu þyrfti ekki að halda. Hitt veit hv. þm., að til þessa hefur oft orðið að grípa; það eru fleiri fyrirtæki en Eimskipafélagið, sem hafa notið skattfrelsis, það hefur orðið að grípa til þess, af því að skattalöggjöf

okkar er þannig, að ætíð, ef nauðsyn þykir á, að fyrirtæki geti safnað fé, þá hefur orðið að veita því skattfrelsi að verulegu leyti. Hv. þm. minntist á veltuskattinn, og munum við fá tækifæri til að ræða hann, áður en langt um líður, en ég skildi hann þannig, að Eimskipafélagið ætti einnig að vera laust undan veltuskattinum. En þetta er misskilningur. Það er berum orðum tekið fram í veltuskattsfrv., að hann lendi á flutningum. Eimskipafélagið er með þessu frv. aðeins undanþegið tekjuskatti, eignarskatti og stríðsgróðaskatti, en ekki veltuskatti. Hv. þm. var að tala um það, að veltuskatturinn gæti orðið eignarskattur. Ég vil minna hv. þm. á það, að það situr illa á honum að ráðast á núv. stj. fyrir það, þó að hún beri fram frv., sem í einstaka tilfellum gæti orðið eignarskattur, þar sem hann og hans flokkur hafa beitt sér fyrir því þing eftir þing að leggja á stórkostlegri eignarskatt en þarna er um að ræða. Því að það eru algerðar undantekningar, ef veltuskatturinn getur orðið tilfinnanlegur eignarskattur. Þá talaði hv. þm. um skattpíningu, að það færi illa saman að pína skattborgarana með sköttum og veita svo einstökum fyrirtækjum skattfrelsi. Það er ekki skemmtilegt að skattpína borgarana, en heldur hv. þm., að skattborgurunum sé þyngra að borga skatta nú heldur en á þeim tíma, þegar hann stjórnaði skattamálum landsins? Það getur verið, að hann haldi það, en ég held, að þrátt fyrir allt of háa skatta eigi menn hægara með að komast frá þeim nú heldur en þeir áttu þá. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort það hefur mikla praktiska þýðingu, hvort Eimskipafélagið fær skattfrelsi á árunum 1945 og 1946. Það er að vísu ljóst, að félagið mun verða að borga eignarskatt af eignum sínum eins og önnur hlutafélög, ef það væri svipt skattfrelsi. Hins vegar er útlitið þannig nú, að tekjuskattur sem aðalskattur mundi ekki verða tilfinnanlegur á félaginu á árinu 1945 og sennilega ekki á árinu 1946 heldur. En það eru fleiri viðhorf, sem koma til greina þarna heldur en það eitt, hverja praktiska þýðingu þetta hefði, bæði fyrir ríkið og Eimskipafélagið. Hv. þm. lagði sérstaklega í síðari ræðu sinni áherzlu á það, að ríkið þyrfti að hafa íhlutun um fyrirtæki slík sem Eimskipafélagið. En ég held, að hann hljóti að geta séð það, að ef Eimskipafélagið nýtur ekki skattfrelsis, þá er aðstaða ríkisins til þess að hafa íhlutun um rekstur þess orðin miklu erfiðari en ef félagið nýtur sérréttinda. Mér finnst þess vegna hv. þm. vera í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann í öðru orðinu talar um nauðsyn þess, að ríkið hafi áhrif á rekstur félagsins og íhlutun um rekstur þess, en segir í hinu orðinu, að félagið eigi að vera sett eins og hver annar skattborgari. Ég get ekki séð, hvaða sanngirni mælir með því, að ríkið fari að teygja fingurna inn á svið Eimskipafélagsins, ef það á að vera að öllu leyti sett eins og hver annar skattborgari ríkisins. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Borgf. um það, að það sé langt frá því, að Eimskipafélagið sé enn þá búið að safna þeim varasjóðum, að það geti fullnægt hlutverki sínu. Ég get þess vegna svarað honum því, að ég álít, að það mundi stríða algerlega á móti þeirri nýsköpun, sem nú er talað um, að láta Eimskipafélagið nú eta upp sjóði sína, og að svo miklu leyti, sem ég get áhrif á það haft, mun ég beita áhrifum mínum gegn því, að svo verði gert. Hvort Eimskipafélagið á þessu ári komi með lítils háttar rekstrartap eða lítils háttar rekstrarafgang, skiptir engu aðalmáli í þessu sambandi. Hitt álít ég fjarri lagi, ef nú ætti að láta félagið fara að ganga verulega á sjóði sína. Ég tel, að ég hafi þá svarað þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. Borgf. beindi til mín. — Að þessu öllu athuguðu sýnist mér, að það sé í rauninni í fullu samræmi við það, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur haldið hér fram um nauðsyn þess, að ríkið sleppi ekki öllum tökum af fyrirtækjum eins og Eimskipafélaginu, að félagið njóti þeirra sérréttinda, sem það hefur verið látið njóta í 7 ár, en ríkið hins vegar leggi á það þær kvaðir, sem tryggja það, að þeim hagnaði, sem safnast vegna þessara sérréttinda, verði ekki varið öðruvísi en í alþjóðar þarfir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hv. 2. þm. S.-M. beindi allmörgum ummælum til mín, og út af því ætla ég að segja örfá orð, en um efnishlið málsins, skattfrelsi Eimskipafélagsins og rök, sem að því hníga, get ég vísað til þess, sem samstarfsmaður minn í stj., hæstv. fjmrh., hefur sagt, og þess, sem ég sjálfur hef um það sagt. Það var að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. S.-M., að ég vil víkja nokkrum orðum að skattamálum almennt og þá sérstaklega að stefnu hans í skattamálum undanfarin ár.

Það var þá fyrst og fremst út úr þeim skilningi ræðu minnar og þeim ummælum, sem ég hef viðhaft í þessu sambandi, sem hann vék að mér. Hv. þm. sagði, að mér væri bezt að vera ekki að draga látna menn og ummæli þeirra inn í umr., og átti hann við það, sem ég hafði haft eftir látnum form. Alþfl., Jóni heitnum Baldvinssyni, í sambandi við skoðun hans á skattastefnu hv. 2. þm. S.-M. Ég endurtek það, sem ég hef áður um það sagt, að þessum varfærna, en þó vinstrisinnaða manni ofbauð, hversu langt hv. 2. þm. S.-M. gekk, en við skulum láta það liggja milli hluta og halda okkur við það, sem hv. þm. sjálfur hefur sagt. Ég man ekki betur en hv. þm. viðhefði þau ummæli í Tímanum 1942, að svo langt væri gengið í skattaálögum, að lengra yrði ekki komizt. En þótt hann viðhefði þessi ummæli, vildi hann þó ganga enn lengra eftir það í þessum efnum; um það bera till. hans vitni, og vil ég segja það, að enda þótt ég hafi staðið að skattalöggjöf með honum, hefur það verið til þess að girða fyrir það, sem verra var og hann vildi standa að sjálfur. Ég tiltek þetta vegna þess, að hv. þm. lét eins og það væri í fyrsta skipti komið óvægilega við skattþegna landsins. En ég veit engan þm., sem hefur í þeim efnum viljað ganga lengra en hann sjálfur. Ég vil minnast á því til sönnunar, að ég man ekki betur en blað hans miklaðist yfir því, að við sjálfstæðismenn hefðum verið tilneyddir að ganga lengra í skattaálögum en við hefðum óskað.

Hv. þm. sagði, að nú væri tiltölulega auðvelt að leggja á skatta, þar sem menn hefðu yfirleitt meiri tekjur en áður, en taldi þó álögurnar óhóflegar. Þetta er að nokkru rétt, en það er hins vegar ekki mikið samræmi í till. hans og hans flokksmanna. Annars vegar koma þeir ekki með neinar till. til að spara eða lækka skatta og

fullyrða, að tugi milljóna vanti í ríkissjóð, en hins vegar ráðast þeir á ríkisstj. fyrir eyðslu, en hafa þó staðið að öllum útgjaldatill.

Varðandi einstök atriði úr ræðu hv. þm., taldi hann mestan voða stafa af því, hve fáir menn réðu Eimskipafélaginu. Ég benti á, að sama hættan væri til staðar hjá S. Í. S. Hann kvað það rangt vera, þar sem samvinnufélögin væru allt öðruvísi byggð upp. En ég hygg, að þessi hætta sé þar ekki minni, og ætla, að allir kunnugir séu mér þar sammála.

Viðvíkjandi fríðindum þeim, sem ég benti á, að samvinnufélögin hefðu, þá voru ummæli hv. 2. þm. S.-M. útúrsnúningar einir. Ég talaði um fríðindi samvinnufélaganna, en ekki skattfrelsi. En ef svipta skal annan aðilann forréttindum sínum, hvað á þá að gera við hinn? Og þótt fríðindi og frelsi sé ekki það sama í þessu tilfelli, þá er þó skylt skegg höku. Það má segja, að eðlilegt hafi verið að styrkja þessa hreyfingu meðan hún var veik. En nú hlýtur að vakna sams konar spurning gagnvart samvinnufélögum og Eimskipafélaginu: Eru þau ekki orðin nægilega sterk? Ég hef ekki borið fram till. hér um, en ég hef ekki heldur lagt hitt til, að Eimskipafélagið yrði svipt skattfrelsi sínu. Ég er sammála hv. 2. þm. S.-M. um það, að ekki sé rétt að byggja á því, að löggjafinn megi ekki hafa þá aðstöðu að geta komið og krafizt fjár af Eimskipafélaginu. En ég er þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að ekki þyrfti að skerast í odda milli ríkisins og félagsins.

Ég marka stefnu mína í þessu máli af því, hvernig þessi stofnun hefur rekið starfsemi sína. Það er með hag ríkisins fyrir augum. Við erum ekki sammála um það, hvort heppilegra sé, að það verði rekið á sama hátt framvegis eða af ríkinu. Ég tel, að það verði ekki eins vel rekið af ríkinu eins og af þeirri stj., sem er skipuð á sama hátt og sú, er nú situr.

Og ég tel ekki hættu á, að félagið gerbreyti um stefnu meðan 1300 menn eiga þar hluti.

Ég er fús til að tryggja rétt hvers hluthafa, ef áhrif þeirra eru dregin í efa, en ég vil halda félaginu á þessum frjálsa grundvelli.

Trú mín á ríkisrekstri er takmörkuð, og ég held, að hann mundi ekki reynast eins vel í þessu tilfelli. Ég skal ekki þrátta um það, hvort það var ámælisvert af félaginu að ákveða farmgjöldin svo hátt. En sú nefnd, sem ákvað farmgjöldin, hafði öll skilyrði til að meta þau réttilega.

Ég skal, til að lengja ekki umr., sleppa að svara ýmsu í ræðu hv. 2. þm. S.-M. En ég vil taka það fram, að þótt tekinn hefði verið skattur af Eimskipafélaginu á undanförnum árum, þá hefði það fé runnið út í sandinn, og niðurstaðan hefði verið sú, að ekkert fé hefði verið til til þess að byggja upp flotann. Ég held einnig fast við það, að þótt líklegt sé, að félagið haldi áfram sínu starfi á sama veg hér eftir sem hingað til, þó að skattfrelsi þess væri afnumið, en það mun nú skoðun flestra þm., þá er enn þá síður ástæða til að ætla, að það breyti um stefnu, ef það fær skattfrelsi áfram.

Ég skal svo ekki lengja fremur þessar umr., nema tilefni gefist.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki að þessu sinni að ræða efnishlið þessa máls, en það voru nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. S.-M., sem ég þarf að svara.

Hann vildi svo vera láta, að afstaða mín væri allt önnur en stefna Alþfl. í þessu máli hingað til. Hann sagði, að þetta frv. væri bein mótsögn við allt það, sem jafnaðarmenn hefðu lagt til.

Ég hef nú dálítið athugað gang þessa máls allt frá 1924, og virðist ekki hafa verið ágreiningur um það nema fyrst, þegar það kom fram. En þá var Jón heitinn Baldvinsson því andvígur.

Síðan hefur þetta æ ofan í æ verið samþykkt án andstöðu Alþfl. Það eru því ósannindi, að þetta sé á móti stefnu flokks míns. Það er hins vegar skoðun mín, að sjálfsagt sé að tryggja það, að Eimskipafélagið noti þetta skattfrelsi þannig, að það komi þjóðfélaginu í heild að notum, og ég er fús til að ræða það, á hvern hátt þetta verði bezt tryggt.

Það er annað mál, hvaða álit ég hef á hinum háu flutningsgjöldum félagsins síðasta ár, en þessi skattur mundi aldrei ná til þeirra. Og þótt það komi þessu máli í rauninni ekki við, þá get ég getið þess, að þegar verðlagseftirlit er komið á í landinu, mætti ætla, að það liti eftir, að slíkir hlutir væru í lagi.

Hv. þm. sagði, að ég hefði fundið út, að félagið hefði grætt of lítið á þessum háu farmgjöldum. En ég sagði, að eignir félagsins mundu ekki nægja til að kaupa þau skip, sem það þarf. Að þetta sé það sama og ég hafi sagt, að félagið hafi grætt of lítið, það kalla ég einkennilegan skilning. Það, sem er aðalatriðið fyrir mér, er það, að félagið geti aflað skipa og veitt þeim, sem við það vinna, lífvænleg laun.

Þá sagði þessi hv. þm., að ekki væri hægt að taka þannig út úr einn aðila og veita honum skattfrelsi. Ég er honum ekki sammála um það. Ég held, að það sé gerlegt með þeim skilmálum, sem Alþingi kann að setja. Þegar og þess er gætt, að starf þessa félags er svo kostnaðarsamt, að það mun ekki geta orðið við hlutverki sínu að öðrum kosti. Það, sem kann að safnast í varasjóði, er ekki það mikið, að með því verði keypt þau skip, sem félagið þarfnast.

Fleira mun það ekki vera, sem ég þurfti að svara um sinn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég get ekki fallizt á það, sem hæstv. samgmrh. sagði um fyrri afstöðu Alþfl. í þessu máli. Það er vitað mál, að Alþfl. hefur verið þeirrar skoðunar, að Eimskipafélagið ætti að verða félagseign ríkisins og ríkið hluthafi. Þessi stefna hefur oft komið fram og verið stefna flokksins í málinu. Þáv. form. fl. var á móti því að veita þetta skattfrelsi, eins og ég benti á.

Þá vildi hæstv. ráðh. ekki heldur viðurkenna þá mótsögn, sem ég hef tilfært um stefnu flokksins frá 1924 við það, að nú beri að framlengja skattfrelsið og Eimskipafélagið sé of fátækt til að sinna hlutverki sínu. Ég hef nú ekki við höndina það, sem Alþfl. sagði um þetta, en ég held, að enginn, sem gagnrýndi þetta þá, hafi komizt í hálfkvisti við Alþfl. um þetta efni. Ég held því, að mörgum komi það næsta einkennilega fyrir og hafi búizt við öðru en því, að Alþfl. legði blessun sína yfir skattfrelsi Eimskipafélagsins, án þess að nokkur ný skilyrði kæmu til af hendi hæstv.

Alþ. eða íhlutun um rekstur félagsins. En öðru máli væri að gegna, ef slík till. hefði legið fyrir af hálfu Alþfl.

Hæstv. ráðh., sem talað hafa þrír, þ. á m. hæstv. fjmrh. og hæstv. samgmrh., hafa lagt á það mikla áherzlu, að félagið væri ekki nógu öflugt til að standa undir því, sem það á að gera. Má vel vera, eins og ég tók fram, að enn þá stærri fjárhæð þurfi en félagið á nú, til þess að það geti keypt allan þann skipastól, sem landsmenn vildu gjarnan, að Íslendingar ættu. En þetta verður að skoða í samanburði við aðra. Og getur nú hæstv. ráðh. dottið það í hug, að hægt verði að koma við uppbyggingu atvinnuveganna í landinu, án þess að til þess sé notað nokkurt lánsfé af nokkrum aðila? Hvernig er háttað fyrirtækjum manna í sambandi við fiskveiðarnar? Er þar gert ráð fyrir, að allir þeir aðilar, sem reka einhvers konar útveg, geti keypt sér ný skip, án þess að taka nokkurs staðar lán? Nei, það er þvert á móti ætlazt til, að þeir taki lán til að koma því í framkvæmd, til viðbótar því fé, sem þeir eiga sjálfir. Hæstv. fjmrh. hefur reiknað út, til hve mikils hrökkvi það fé, sem Eimskipafélagið hefur nú með höndum, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta fé nægi til að kaupa 1—2 5 þúsund smálesta skip. Ef þetta er rétt, ætti allt nýsköpunarfé hæstv. ríkisstj., 300 millj. kr., að nægja til að kaupa 10—20 slík skip, og ekki hægt að kaupa neitt meira. Þessar tölur hæstv. ráðh. eru vitanlega nefndar út í bláinn.

Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þessa lund: Eimskipafélagið er ekki nógu öflugt til að framkvæma allt, sem af því er krafizt. Því verður það að vera skattfrjálst. Ber að skilja hæstv. ráðh. þannig, að allir þeir, sem verða að borga skatta, séu þar með útilokaðir frá því að aðhafast nokkuð verulegt til umbóta? Það er ekki hægt að skilja þessi ummæli á aðra lund en þá, að ef Eimskipafélagið komi undir l., geti það ekki gert neitt frekar um endurbyggingu eða slíkt. Og ef þetta er skoðun hæstv. ráðh., hvernig getur hann þá tekið að sér að vera fjmrh. og auka þessa skatta frá því, sem þeir eru? Því að ef þetta væri rétt, væri loku skotið fyrir þessa þróun, ef félagið fengi ekki skattfrelsi, og þá á það við um annan atvinnurekstur í landinu. Þetta rekur sig hvað á annað. Róðurinn mundi verða þyngri fyrir Eimskipafélagið að safna stórsjóðum til viðbótar, en þó ekki útilokað, eins og sést af því, að það mundi koma undir almennan rétt hlutafélaga til að safna sér peningum. Og þessi skilyrði, sem hæstv. ráðh. lýsir svona, eru skilyrði þeirra, sem eiga að standa undir stjórnarfari í atvinnulífinu. Nei. Hér er allt of langt seilzt til raka. Höfuðatriði málsins er að bera möguleika Eimskipafélagsins saman við þá möguleika, sem aðrir hafa. Það er bara fjarstæða, að þessi nýi atvinnurekstur í landinu geti orðið byggður upp, án þess að nokkurt lán sé tekið. Einstaklingum og félögum er þvert á móti ætlað að taka lán til viðbótar sínu eigin fé, til þess að koma því í framkvæmd.

Þá er þess að geta, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að það væri sýnilega útilokað, að nokkur aðili kæmi nærri siglingum annar en Eimskipafélag Íslands. Vitanlega er æskilegt, að við Íslendingar eigum sem stærstan skipastól. En ég álít, að það sé ekki heppilegt, að Eimskipafélagið eða einn aðili eigi þann flota og hafi ekki neina samkeppni við að etja. Og þetta er máske eitt mesta vandamálið varðandi þá stefnu, sem nú ríkir í þessum efnum. Öll eðlileg samkeppni er útilokuð í þessum atvinnurekstri með þessu áframhaldi. Engum öðrum aðila, sem ætlar sér að leggja stund á þennan atvinnurekstur verður veitt sama undanþága.

Hæstv. forsrh. sagði, að menn skyldu ekki hafa áhyggjur af þessu, því að Eimskipafélagið hefði verið vel rekið og mundi verða vel rekið framvegis. Fyrir þessu er engin trygging með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum hlutum, engin íhlutun af hálfu þjóðfélagsins um rekstur fyrirtækisins.

Því er haldið hér fram, að þeir, sem eiga félagið, geti ekki haft í því sambandi neinar gróðavonir. Slíkt er vitanlega mesta fjarstæða, þar sem enginn annar aðili getur komið til greina eins og allt er í pottinn búið, og því held ég, eins og ég hef margtekið fram, að þetta sé mjög slæmt fyrirkomulag, að láta eitt stórt félag hafa þennan atvinnurekstur með höndum með slíkum sérréttindum, að allir aðrir eru útilokaðir og ríkið hefur þar enga íhlutun. Og ég efast um, að það sé víða, sem slíkt fyrirkomulag er haft um jafnþýðingarmikið mál.

Það eru margir, sem hafa látið það villa sig, hvað þetta var og er merkilegt átak, stofnun Eimskipafélagsins. En þetta er ekki heppilegt, og ég held, að ýmsir, sem fylgja þessu máli, hljóti að vera sömu skoðunar, þótt þeir ekki vilji beina málinu á aðra braut.

Hæstv. forsrh. endurtók það, að Jóni heitnum Baldvinssyni hefði ofboðið mín stefna í skattamálum. Þetta er náttúrlega í mesta máta óviðkunnanlegt af hæstv. forsrh. Ég held, að hann ætti a. m. k. að vita, að það var fullt samkomulag milli Framsfl. og Alþfl. um þá skattamálastefnu, sem haldið var uppi, og að Alþfl. átti allan hlut að því skattfrelsi, sem mþn. 1944 gerði. Ég kann því illa við þetta klif hæstv. forsrh. um skoðun þessa látna manns á þessum málum. Og ég vil segja það, að hafi Jóni heitnum Baldvinssyni ofboðið stefna mín í skattamálum, hvað mætti hann þá segja nú, ef hann gæti litið upp úr gröf sinni, um þá stefnu, sem þessi hæstv. ráðh. heldur nú uppi í þessum sömu málum? Ég vildi því vara hæstv. forsrh. við að vera að klifa á þessum skattamálum.

Þá sagði hæstv. forsrh., að ég hefði sagt í grein í Tímanum, að það væri búið að ganga svo langt í skattamálunum, að ekki yrði lengra gengið. Læt ég það liggja á milli hluta, hvort ég hef sagt þetta eða ekki. En hafi ég sagt það, ganga hæstv. forsrh. og fjmrh. lengra en ég hafði nokkurn tíma hugsað mér, að gengið yrði, þegar ég viðhafði þessi ummæli, því að nú þegar hefur verið miklu lengra gengið og verr gengið en nokkrum manni hafði dottið í hug, svo að uppskátt hafi verið látið. — Ég held því, eins og ég áður sagði, að hæstv. forsrh. ætti að fara gætilega í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. spurði mig um það, hvort nokkurt samræmi væri í því að gagnrýna væntanlegan halla á fjárl. og hækkun skatta, en hafa samt ekki komið með lækkunartill. Hann ætti þó að muna, að honum sjálfum óx ekki í augum að gera þetta og það í ríkulegum mæli. En hæstv.

forsrh. gleymir því, að það er hann, sem komið hefur öllum þeim till., sem hér hafa verið fluttar hvað eftir annað um stöðvun dýrtíðarinnar, fyrir kattarnef, ýmist í þinginu, sjálfri ríkisstj. eða í framkvæmd. Vegna þess að dýrtíðin hefur fengið að leika lausum hala, er komið sem komið er.

Ég sé svo ekki, að ég megi reyna meira á þolinmæði hæstv. forseta, og skal ekki hafa þessa aths. lengri.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil ekki eiga hlut að því, að mál þetta komist ekki til nefndar, og skal því ekki hefja hér almennar umr., þó að hv. þm. gæfi tilefni til þess. Ég sé mér ekki fært að leiðrétta þær veilur, sem komu fram í röksemdafærslu hans, í stuttri aths. Ég vil þó mótmæla því, sem hann sagði varðandi afskipti mín af dýrtíðarmálunum, en vísa að öðru leyti um það efni til minnar fyrri ræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1106, n. 1146 og 1164).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á að framlengja l. um skattfrelsi h/f Eimskipafélags Íslands um tveggja ára skeið, eins og gert hefur verið ávallt síðan 1928. Það, sem liggur hér til grundvallar, er það, að litið er á þetta félag sem alþjóðarstofnun. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um þetta. Hv. þm. V.-Húnv. neitaði að fylgja meiri hl. og hefur skilað séráliti.

Þegar Eimskipafélagið var stofnað, olli það meiri gleði en nokkur önnur félagsstofnun, og allur almenningur taldi sér skylt að leggja eitthvað af mörkum. Um gagn þessa félags þarf ekki að deila. Það er alþjóðarstofnun, og þykir því skylt og eðlilegt, að ríkisvaldið fari ekki að taka hagnað þess í skattgreiðslur og draga þannig úr möguleikum þess til að bæta samgöngur landsins. Ég skal ekki fara inn á þá braut að ræða afstöðu minni hl., því að hv. þm. V.-Húnv. mun gera það, en ég vona, að hv. þingd. geti orðið sammála meiri hl.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. *Það varð ekki samkomulag um afgreiðslu* þessa máls í fjhn. Ég gat ekki fallizt á að mæla með samþ. frv., nema með breytingum, sem meiri hl. fjhn. vildi ekki samþykkja.

Það eru liðin um 20 ár síðan Eimskipafélaginu var veitt undanþága frá skattgreiðslu með l. Þessi l. hafa síðan oft verið framlengd, og árið 1928 var það skilyrði sett, að félagið borgaði ekki hluthöfum nema 4 af 100 í arð og veitti ákveðinni tölu manna ókeypis far með skipum sínum — samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs.

Þannig hafa þessi skilyrði verið síðan. Og það mun oftast nær hafa verið nokkurn veginn samkomulag um það hér á Alþ. áður að framlengja þessi l. Alþ. hefur yfirleitt litið svo á, að réttmætt væri að styrkja félagið á þennan hátt og hjálpa því úr fátæktinni til bjargálna og vel það, vegna þess að það er ákaflega þýðingarmikil starfsemi fyrir þjóðina, sem Eimskipafélagið hefur haft með höndum frá fyrstu tíð.

En síðan þessi l. voru síðast framlengd og þessi hlunnindi veitt, tel ég svo miklar breytingar hafi á orðið og viðhorfið sé nú allt annað og ekki réttmætt að veita félaginu þessi réttindi með sama hætti og áður hefur verið gert.

Þegar reikningar félagsins fyrir árið 1943 komu fyrir almenningssjónir á s. l. ári, kom í ljós, að félagið hafði safnað gróða á því eina ári, sem nemur á okkar mælikvarða stórfé. Ég tel, að félagið hafi þarna gengið óhæfilega langt í því að safna fé í sjóði sína á þessu eina ári, þegar á það er litið, að á sama tíma hefur ríkið orðið að verja mjög miklum fjárhæðum til þess að hafa hemil á dýrtíðinni í landinu. Eins og ég hef vikið að í nál. minni hl., er rekstrarágóði félagsins fyrir árið 1943 rúmar 18 millj. kr. En tekjuafgangur á árinu er í raun og veru nokkru meiri, vegna þess að þá er búið að telja með rekstrargjöldum hjá félaginu yfir 2 millj. kr., sem það hefur lagt í eigin vátryggingarsjóð af tekjum ársins og sömuleiðis lagt til hliðar 3½ millj. kr. til þess að mæta væntanlegum kostnaði við viðgerðir á skipum félagsins, og er þetta fært með gjöldum. Þá má einnig benda á, að á reikningnum er einnig, eins og hann er upp gerður, varið 1 millj. og 600 þús. kr. rúmlega til afskrifta á eignum félagsins, aðallega á einu skipi, sem áður hafði verið fært nokkuð hærra en hin skip félagsins. En jafnvel þótt þessari afskrift sé sleppt, hefur tekjuafgangur félagsins á þessu eina ári verið yfir 23 millj. kr.

Efnahagur félagsins er líka mjög góður orðinn á okkar mælikvarða, þar sem það á samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1943 um það bil 31 millj. 700 þús. kr. hreinar eignir. En raunverulegar eignir félagsins eru miklu meiri, því að fyrst og fremst má bæta við þessum 3½ millj. kr., sem teknar hafa verið frá til þess að mæta viðgerðarkostnaði skipanna, og er sú upphæð talin með skuldum á efnahagsreikningnum. Og þá má einnig líta á, að eignir félagsins eru bókfærðar fyrir sáralítið verð eða svo að segja ekki neitt, þar sem skip þess, 6 að tölu, eru þá talin til eigna á aðeins 5 þús. kr. hvert og fasteignir og áhöld einnig mjög lágu verði.

Ég tel því, að það séu allt aðrar ástæður nú en nokkru sinni hefur verið áður að því er snertir þetta mál. Og þó að ég viðurkenni réttmæti þess, eins og ég hef áður sagt, að styrkja félagið áður fyrr til þess að gera það vel bjargálna, þá horfir vitanlega allt öðruvísi við, eftir að það er orðið svo auðugt nú, og sennilega auðugra en nokkurt annað fyrirtæki hér á landi. Mér dettur hins vegar ekki í hug að bera á móti því, að þörf sé fyrir mikið fé til þess að bæta við flutningaskipaflota okkar næstu ár, en ég vil minna á í þessu sambandi, að það er fleira, sem þarf að gera. Það er engu minni þörf á því að endurbyggja fiskiskipaflotann. Og þeir, sem þann rekstur hafa með höndum, útgerðina, munu yfirleitt vera stórum verr á vegi staddir nú og hafa minni möguleika til þess að leysa sín verkefni en Eimskip hefur til þess að sinna þeim þörfum, sem því er sérstaklega ætlað að leysa.

Það má gjarnan í þessu sambandi víkja að því, til samanburðar, hvernig löggjafarvaldið býr að öðrum fyrirtækjum, þ. e. a. s. útgerðarfyrir-

tækjum, sem nú eiga að borga aukaskatt samkvæmt því frv., sem var hér til umræðu næst á undan þessu frv. á fundi í dag, til viðbótar við alla þá skatta, sem fyrir eru. En vegna þess að ég viðurkenni fúslega þörfina á því, að til séu sjóðir til þess að verja til kaupa á flutningaskipum, hef ég þó ekki viljað leggja til, að frv. væri fellt, heldur yrði gerð á því sú breyting, að Eimskipafélaginu væri gefinn kostur á því að njóta hlunnindanna áfram með því móti, að ríkið gerðist þátttakandi í félaginu frekar en hefur verið áður og fengi þar með meiri íhlutun um stjórn þess og rekstur. Mér virðist einkum hagur félagsins hin síðustu ár, og þó einkum 1943, gefa fullt tilefni til þess, að farið sé inn á þessa braut.

Samkvæmt till. minni vil ég, að Eimskipafélagi Íslands verði heimilað að greiða skatta til ríkisins, þ. e. a. s. tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og eignarskatt með hlutabréfum í félaginu, sem verði reiknuð til skattgreiðslu með nafnverði, og ríkið hafi hlutfallslegan rétt til þess að ráða málefnum félagsins. En þó vil ég ekki, að lengra verði gengið í þessu en svo, að eftir að ríkið hefur eignazt hluti í félaginu, sem nema jafnmikilli fjárhæð og samanlagðar hlutafjáreignir annarra hluthafa, m. ö. o., þegar ríkið er orðið eigandi félagsins að hálfu, þá verði félagið leyst undan frekari skattgreiðslum til þess, og gildi þá framvegis ákvæði l. frá 1928 um skatt- og útsvarsgreiðslu félagsins.

Ég vil benda á, að ef fallizt verður á þessa leið, sem ég vil kalla samkomulagsleið í málinu, þá heldur Eimskipafélagið öllum sjóðum sínum sem það nú á, og því, sem það kann að græða hér eftir, og getur varið þeim fjármunum til þeirra verkefna á sviði samgöngumála eftir þörfum. Aðeins með þessu móti er ríkinu gefinn réttur á því að hafa meiri áhrif á stjórn og rekstur félagsins. Þetta yrði félagsrekstur ríkisins og einstaklinga eins og víða á sér stað bæði hér og í nágrannalöndum okkar.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þegar Útvegsbanki Íslands var settur á stofn 1930 á rústum Íslandsbanka, þá var sú leið farin að gera úr þeirri stofnun félagsrekstur ríkisins og einstaklinga með fjárframlagi frá ríkinu til þess að reisa við bankann. Ég sé ekki, að það ætti að þurfa að ganga nokkru verr, að því er snertir þennan rekstur, þó að slíkt fyrirkomulag væri tekið upp. Og ég vil benda á í þessu sambandi, hve ríkið hefur mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli. Það má t. d. benda á, að ríkið hefur nú eina útgerð, skipaútgerð ríkisins, og ef farið væri inn á þessa leið, sem ég geri hér till. um, fyndist mér ekki ólíklegt, að nánara samstarf gæti orðið einmitt á milli ríkisins og annarra eigenda félagsins um þessa starfsemi alla og þar á meðal um strandferðirnar.

Eins og segir í nál. mínu, sé ég mér hins vegar ekki fært að mæla með því, að frv. verði samþ., nema þessi breyting verði á því gerð eða einhver önnur, sem leiddi til svipaðrar niðurstöðu. Ég held, að einmitt með því að fara inn á þessa braut verði bezt borgið hagsmunum allra, sem hér eiga hlut að máli, bæði ríkisins og Eimskipafélagsins einnig. Félagið gæti þá haldið sínum sjóðum og losnað undan skattgreiðslu og varið fé sínu til skipakaupa og e. t. v. annarra framkvæmda á þessu sviði.

Við 1. umr. þessa máls flutti hæstv. samgmrh. ræðu m. a. og bar þar fram meðmæli með því, að þessi l. yrðu framlengd eins og áður. Hæstv. ráðh. ræddi í því sambandi um þá miklu þörf, sem væri á því að auka skipastólinn og hve mikill kostnaður yrði því samfara, og hafa reyndar fleiri að því vikið í þessu sambandi. En ég held þó, að ýmsir séu óþarflega svartsýnir í þessum efnum, þ. e. a. s., að þeir telji verð og byggingarkostnað skipa munu verða meiri en ef til vill verður. Það er náttúrlega ekki gott að segja um þetta. En í umr. um þetta, held ég, að menn yfirleitt líti um of á það, hvað kostnaður við bátasmíði hér á landi hefur orðið mikill. Ég vil einmitt í sambandi við þetta mál geta hér um upplýsingar um verð á flutningaskipum, sem birtar voru í brezku tímariti í janúarmánuði í vetur. Þetta tímarit heitir The motorship. Þar er m. a. skýrt frá greinum, sem þá hafa nýlega verið birtar í sænsku blaði varðandi byggingarkostnað skipa í Svíþjóð fyrir stríð og nú. Þetta sænska blað segir, eftir því sem þetta brezka blað skýrir frá, að sænska eimskipafélagið hafi upplýst, að burðarmagnstonn í 7 þús. smál. mótorskipi, sem gekk 16 mílur, hafi hjá því félagi kostað 440 sænskar kr. fyrir stríð. En nú kostaði burðarmagnstonnið í slíku skipi 700 sænskar kr. Þá mun láta nærri, með því gengi, sem er á sænskri kr., að það kostaði nálægt 1100 ísl. kr. Og þess er getið, að hækkun á byggingarkostnaði skipa af þessari gerð frá því fyrir stríð sé 59%. Í þessu sambandi upplýsir þetta brezka tímarit, að burðarmagnstonn í 9500 tonna Dieselmótorskipi, 12 mílna, byggðu í Bretlandi rétt fyrir stríð, hafi kostað 14½ sterlingspund, en kostnaðurinn nú um það bil 24 sterlingspund hver smálest, og er þá hækkunin um það bil 65,5%. Ef miðað er við þessar tölur, sem gefnar eru upp nú, að kostnaðurinn sé 24 sterlingspund hver smál., þá verður hann í ísl. kr. 630,00. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur byggingarkostnaður skipa hækkað heldur meira í Bretlandi en í Svíþjóð frá því fyrir stríð. Enn fremur bendir blaðið á það, að þar sem 700 sænskar kr. jafngildi 40,5 sterlingspundum miðað við núverandi gengi, þá líti út fyrir, að það sé mun ódýrara að fá byggð skip í Bretlandi en í Svíþjóð.

Mér þykir líklegt, að það megi taka töluvert mark á því, sem þetta brezka tímarit segir, og þeim upplýsingum, sem það gefur, því að það virðist vera þar um að ræða tímarit, sem sérstaklega hefur þessi málefni til meðferðar.

Jafnvel þótt við tækjum hærri upphæðina, byggingarkostnaðinn í Svíþjóð, sem er nálægt 1100 ísl. kr., mundi samkvæmt því hægt að fá 7 þús. smál. flutningaskip, sem gengi 16 mílur, fyrir 7—8 millj. ísl. kr. Aftur ef miðað er við það, sem gefið er þarna upp um byggingarkostnað slíkra skipa í Bretlandi, þá er hann 40% lægri en í Svíþjóð. Mér sýnist því þetta benda til þess, að horfurnar séu ekki eins ískyggilegar í þessu efni og mér hefur skilizt, að margir telji, að þær muni vera.

Þegar farið verður að vinna að því að bæta siglingar okkar, þá getur vitanlega fleira komið til greina en smíði á svo og svo mörgum skipum. Það væri vert að taka það til athugunar, hvort hægt væri að fá á leigu með sæmilegum kjörum hentug flutningaskip. Gæti það verið hentugt, ef um það væri að ræða, því að þá þyrfti ekki eins

að hraða nýbyggingum skipa, og mætti þá ef til vill vænta þess, að byggingarkostnaður skipa lækkaði síðar.

Annars virtist mér, að í ræðu hæstv. samgmrh. kæmu fram nokkuð önnur sjónarmið og stefna hans nokkuð á annan veg en maður hefði getað gert ráð fyrir, eftir því, sem áður hefur komið frá hans fl. um þetta. Og sama er að segja um afstöðu flokksbróður hans, hv. 5. landsk., sem kemur fram í undirritun hans undir nál. meiri hl., þótt að vísu sé með fyrirvara.

Á s. l. ári, 1944, var allmikið rætt hér í sumum blöðum um Eimskipafélagið og málefni þess, eftir að uppvíst var um það, hve miklum gróða félagið hafði safnað á árinu 1943. Og í málgagni Alþfl., Alþýðublaðinu, var m. a. að þessu vikið í grein 27. maí 1944, og segir þar m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Eimskipafélag Íslands hefur á einu einasta ári grætt 24 millj. kr. á farmgjöldum til landsins, þó að allt sé á sama tíma að sligast af völdum dýrtíðar innanlands.

Hvernig eiga menn að skýra annað eins fyrir sér?“ 3. júní 1944 ræðir þetta sama blað einnig um þetta mál og bendir á það, að nú sé einmitt varið stórkostlegum upphæðum úr ríkissjóði til þess að halda niðri vöruverði í landinu, og segir blaðið síðan um Eimskipafélagið: „Það getur að minnsta kosti varla hjá því farið, að þjóðin geri kröfur til, að þetta hneykslismál sé upplýst til hlítar þannig, að úr því verði skorið, hver sökina ber á því, að dýrtíðin í landinu hefur verið mögnuð á svo ábyrgðarlausan hátt.“

8. júní 1944 segir enn fremur í sama blaði: „Félagið er hálfopinber aðili, eins og viðskiptaráð bendir alveg réttilega á. Það nýtur ýmislegra fríðinda og hlunninda af hálfu ríkisvaldsins, svo sem skattfrelsis.“

Og enn fremur segir: „Félagið hefur unnið gegn fyrirætlunum ríkisvaldsins í baráttunni gegn ægilegasta dýrtíðarböli, er þjakað hefur þetta land, og orðið til þess að magna dýrtíðina mjög tilfinnanlega.“ Þessar ásakanir á hendur Eimskipafélaginu eru svo þungar, að þær geta engan veginn legið í þagnargildi.

Og Alþýðublaðið segir einnig um þetta mál þann 29. júlí 1944: „En þetta óskabarn verður að hafa aðhald ekki síður en önnur börn, ef það á að verða þjóðinni að því gagni, sem af því hefur verið vænzt. Og fyrr má græða og búa í haginn fyrir framtíðina en að 24 millj. kr. sé rakað saman á einu ári á flutningsgjöldum til landsins, meðan þjóðin sjálf berst í bökkum til þess að verjast hrapandi flóði dýrtíðarinnar.“

Mér finnst sem sagt, að það muni vera orðin nokkur breyting á afstöðu hæstv. samgmrh. og hans fl. til þessara mála, ef athuguð eru fyrri ummæli hans og flokksbræðra hans um félagið og gróða þess árið 1943.

En það eru fleiri góðir menn, sem hafa látið eitthvað til sín heyra um þetta mál á þessu síðasta ári. Það er einnig gefið út blað, sem heitir Þjóðviljinn og er málgagn Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. Og þar var nú stundum vikið að þessu félagi og málefnum þess árið sem leið.

2. júní segir svo í Þjóðviljanum: „Það passar ekki í kramið hjá Birni Ólafssyni, að ríkið hefði grætt 23 millj. á farmgjöldum eða lækkað verð í landinu um þá upphæð. Það er betra að láta „óskabarn Jóns Árnasonar og Eggerts Claessens“ taka 23 millj. og segja svo við þjóðina: Ríkissjóður er tómur, og það verður að lækka launin.“ (**EystJ**: Þeir eru farnir út, þessir tveir sósíalistar, sem voru inni.) Og enn segir í Þjóðviljanum: „Þjóðin heimtar Eimskipafélagshneykslið krufið til mergjar.“ — En það eru nú liðnir a. m. k. 4 mánuðir, síðan tveir hv. þm. frá þessum flokki, sem svo skrifaði, settust í ríkisstj., og mér þykir ekki ólíklegt, eftir þeim kröfum, sem þarna voru fram bornar, að þeir hafi látið það verða eitt af sínum fyrstu verkum að rannsaka þetta hneykslí. Og mætti spyrja um niðurstöðurnar af því. Því að ég geri tæplega ráð fyrir því, að þeir hafi gleymt þessu, þegar í stj. var komið.

Nú, það er fleira um þetta í þessu blaði þennan sama dag, t. d.: „Hvað hefur ríkissjóður og Reykjavíkurbær orðið að borga mikið fé aukreitis í launauppbætur vegna þessarar skipulögðu dýrtíðar? Er það máske einn milljónatugurinn enn? Þjóðin heimtar fullkomna rannsókn á þessu máli . . . . . Og Eimskipafélagið verður að takast til gagngerðrar meðferðar af ríkisins hálfu. Stjórnleysið og sérréttindin þar geta ekki lengur farið saman. Eimskipafélagið er alveg skattfrjálst og útsvarsfrjálst. Það græðir 23 millj. kr. s. l. ár og á um 50 millj. kr. í skuldlausum eignum.“ Og svo er talað um, að stríðsgróðafélögin hin þurfi ekki að borga útsvör af yfir 200 þús. kr. gróða. Og svo er bætt við: „Með þessum aðferðum gamla þjóðstjórnarafturhaldsins á þingi, gegn vilja Sósíalistafl., hefur afturhaldið fengið því framgengt að skella mestöllum þunga útsvaranna yfir á láglauna- og miðlungstekjumenn. Þess vegna er útsvarsálagningin í Reykjavík nú sú óréttlátasta, sem þar hefur lengi, máske nokkurn tíma verið. Það er verið að sliga fjöldann af launþegum með svívirðilegum útsvörum á sama tíma sem Eimskipafélagið er útsvarsfrjálst af 23 millj. kr. gróða.“ — Og enn er í Þjóðviljanum: „Reiði manna yfir öllu þessu hróplega óréttlæti er þess vegna eðlilega meiri en nokkru sinni fyrr. En til þess að breyta þessu, er ekki nóg að vera reiður. Til þess að breyta þessu þarf alþýðan að ná meiri hluta í Reykjavíkurbæ og svo miklum áhrifum á þingi, að hún geti hnekkt mestu hneykslum afturhaldsins þar.“ — Ég veit ekki um reiðina; að hún sé nokkuð farin að sjatna, það kann nú að vera. En það er sagt þarna, að það sé ekki nóg að vera reiður, heldur þurfi meira til, til þess að breyta þessu. Og nú skyldi maður ætla, að þegar tveir af hv. alþm. þessa flokks eru komnir í ríkisstj., þá hefði verið tekið til hönd unum þarna. En það hefur bara farið ákaflega leynt, því að maður hefur ekkert af þessu heyrt — fyrr en nú, þegar hv. 8. þm. Reykv. undirskrifar nál. meiri hl., — nú er hann ekki lengur í minni hluta, blessaður, — um það að láta nú þetta félag hafa þessi fríðindi áfram, sem það undanfarið hefur notið.

Ég skal nú ekki þreyta hæstv. forseta eða hv. þm. með því að lesa miklu meira upp úr þessu blaði. Þó eru hér ein eða tvær klausur enn, sem mætti minnast á. 5. júlí 1944 segir í Þjóðviljanum: „Það má ekki dragast lengur, að allt Eimskipafélagsmálið sé tekið til gagngerðrar endurskoðunar. Það er ópolandi, að fyrirtæki, sem nýtur hvers konar fríðinda og forréttinda af hálfu hins opinbera, skuli misnota þessa aðstöðu

sína til þess að féfletta almenning með óhæfilega háum flutningsgjöldum.“ — Og síðan er 19. júlí í sama blaði talað um Tímann og framsóknarmenn, að þeir hafi verið fremstir þar í flokki, er þetta skattfrelsi var veitt. Og þar segir: „Sósíalistar stóðu gegn því, en máttu ei við margnum.“ — Blessaðir. — Og svo stendur hér: „Framsfl. er sjálfur einn höfuðpaurinn í öllu því hneyksli ... En það er vitanlegt mál, að til þess, að nokkuð verði gert í þá átt og aðra endurbótaátt, þá verður sú dulbúna Framsóknarflokksafturhaldsstjórn, sem nú ríkir, að víkja og frjálslynd, framsækin stjórn að taka við.“ — Þarna hafa menn það. — Og nú er hún farin fyrir fjórum mánuðum, þessi „dulbúna Framsóknarflokksafturhaldsstjórn“, og nú er „frjálslynd og framsækin stjórn“, að dómi Þjóðviljans, tekin við. — Og niðurstaðan er þetta: Hv. 8. þm. Reykv. mælir með frv., sem hér liggur fyrir. Áður máttu þeir ekki við margnum, blessaðir, segir í Þjóðviljanum. Og það er sagt í Þjóðviljanum, að *fleiri sósíalista þurfi í bæjarstjórn* og á þing. En mér finnst þetta mesti misskilningur. Mér virðist, að þessir, sem hér eru frá Sósíalistafl., geti vel runnið frá öllum stóryrðunum, þótt þeir séu ekki fleiri. Mér virðist ofaníátið ganga mjög greiðlega hjá þeim, þótt þeir séu ekki fleiri en tíu hér á þingi, sem sitja að því borðhaldi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég kann ekki við annað en svara hv. þm. V.-Húnv. nokkrum orðum og kvitta fyrir það, sem hann beindi til mín í sinni síðustu ræðu. Hann hafði réttilega eftir mér, að ég hefði haldið fram, þegar þetta mál var til 1. umr., að ég bæri mjög fyrir brjósti, að Eimskipafélagið hefði efni á að kaupa þann skipastól, sem það þyrfti til þess að annast flutninga að landinu og frá því, eftir því sem þörf krefði og án þess að útlendir menn þyrftu þar að koma nærri til aðstoðar, og helzt á þann hátt, að okkar íslenzka félag, Eimskipafélagið, væri þannig sett í þeirri samkeppni, að líkur væru til þess, að það þyrfti ekki að bíða þar lægri hlut.

Nú kemur þessi hv. þm. með þær upplýsingar úr einhverju tímariti, sem hann telur sig hafa lesið, en að vísu liggur ekki hér frammi, svo að hægt sé að sannprófa þær tölur, sem hann talaði um, — en að sjálfsögðu eru þær rétt eftir hafðar og með farnar, ég dreg það ekki í efa að svo stöddu, — en samkv. þessum tölum og útreikningi þessa hv. þm. eiga skipabyggingar í Svíþjóð að vera með því verði, að í 700 smálesta mótorskipi kosti það tæplega 1100 íslenzkar kr. að byggja burðarmagnssmálest, eins og hann orðaði það, og er ekki alveg ljóst, hvað hann á við með því, svo að það fari ekki á milli mála. Í Englandi sagði þessi sami hv. þm., að það kostaði 630 íslenzkar kr. að smíða smálestina í mótorskipum.

Þetta eru svo lágar tölur, að ég hef ekki heyrt neitt líkt þeim fyrr. Ef maður spyr hér á Íslandi, hver byggingarkostnaður sé á húsum hér, þá getur maður fengið mismunandi svör, kannske, að það kosti 100 kr. á teningsmetrann, jafnvel 80 kr. á teningsm., og líka getur maður fengið það svar, að byggingarkostnaðurinn á teningsmetrann í húsum sé 300 kr. Og allt þetta getur verið satt. Byggingarkostnaður á húsum á Íslandi fer eftir því, hvernig húsin eru gerð. Og byggingarkostnaður skipa í Svíþjóð og á Englandi fer eftir því, hvernig skipin eru gerð. Og það mætti vel segja mér það, að búa mætti til einhvers konar skip, sem e. t. v. gætu flotið úr höfn, fyrir 630 kr. á smálest. En tæplega geri ég ráð fyrir, að það yrðu skip við okkar hæfi og til siglinga á þeim leiðum, sem við þurfum að beita okkar skipum á. Því að fyrir þetta verð er gefið, að ekki er hægt að byggja skip nema með lakasta útbúnaði. Það vill svo til, að ég hef fengið tilboð um smíði skipa frá Svíþjóð. En kostnaðurinn við það er ekki 630 kr. á smálest, heldur 7 þús. kr. á smálest. Það eru líka flutningaskip, og þetta tilboð er gefið fyrir nokkrum mánuðum og er frá skipasmíðastöð og að öllu leyti ábyrgum aðilum eins og frekast er hægt að gera sér grein fyrir. Það má nú mikið á milli vera, hvort skipin kosti á smálestina 630 kr. eða 7 þús. kr. Þarna skakkar ekki nema nærri tífaldri upphæðinni, sem hv. þm. nefndi. Þessi gögn er ég fús til að leggja *á borðið fyrir þennan hv. þm., ef hann vefengir þau.* Og ég óska þess, og sjálfsagt fleiri, að hann legði einnig gögn á borðið um það, hvar í heiminum sé hægt að kaupa skip við okkar hæfi, sem fá megi fyrir 630 ísl. kr. smálestina í. Við mundum vera honum þakklátir, ef hann legði okkur þessi gögn upp í hendurnar. Þau yrðu þakksamlega móttekin. En að tala um hluti, sem ekkert koma málinu við, heldur eru einhvers staðar uppi í skýjunum, það getur að vísu gilt í vissum herbúðum, en á ekki við hér. Við 1. umr. þessa máls taldi ég mig ekki þess umkominn að segja nákvæmlega um, hve mikið þessi skip mundu kosta eða hverju maður gæti reiknað með sem meðalsmálestarverði í þessum kaupskipum, og ég er heldur ekki tilbúinn til þess í dag. En ég er alveg viss um, að það verður ekki hægt að leggja þetta 630 kr. verð til grundvallar, þrátt fyrir það, þótt ég mjög gjarnan vildi óska þess, að svo gæti verið. En það þýðir ekkert að tala um tölu, sem er ónothæf í þessu sambandi. En ef Eimskipafélag Íslands á í handbærum peningum 30 millj. kr., þá er það að sjálfsögðu mikið fé, og hægt er að fá fyrir það mörg skip á okkar mælikvarða. En hve mörg og stór þau gætu verið, treysti ég mér ekki til að segja. Eftir þeirri lauslegu kynningu, sem ég hef af þessu máli, tel ég líkur til þess, að ekki verði hægt að fullnægja þeirri þörf til skipasmíða, sem við nú höfum í augnablikinu, með þessari upphæð. Það liggur fyrir sem staðreynd í málinu, að Eimskipafélag Íslands hefur misst tvö af sínum beztu skipum og um leið stærsta farþegaskipið. Ég hef ekki í höfðinu, hve marga farþega þau tóku, en hygg, að þau hafi tekið 50—60 farþega hvort um sig. En þau skip, sem eftir eru, hafa hæst innan við 20 farþegarými á skip. Það er því þannig, að þau skipin, sem dýrast er að byggja og mest kosta vegna sinnar innréttingar per smálest, þau hefur félagið misst. Enn fremur má segja, og félagið hefur beinlínis lýst því yfir, að tvö af þeim skipum, sem félagið enn hefur í notkun, séu þannig á sig komin, að þau mundu ekki vera notuð nema í ýtrustu nauðsyn og þegar annars er ekki úrkosta. Það má því segja, að félagið þurfi að fá fjögur ný skip, til þess aðeins að halda í horfinu, svo að skipastóllinn verði ekki rýrari heldur en hann var í stríðsbyrjun. Og enn fremur hefur félagið við nána athugun komizt að þeirri niður-

stöðu, að það þurfi að bæta við tveimur til þremur skipum þar fram yfir, til þess að geta innt af hendi þá flutninga, sem ætla má, að nauðsynlega þurfi að taka upp til landsins að stríðinu loknu.

Ég tel því, — og það voru meginrökin fyrir afstöðu minni til málsins — að með þessari fjársöfnun, hvað sem menn kunna að segja um hana að öðru leyti, þá er enn tæplega aflað nægilegs fjár til þess að fullnægja þeirri þörf, sem landið hefur í augnablikinu fyrir flutningaskip.

Hv. þm. V.-Húnv. vildi halda fram, að það væru önnur sjónarmið, sem ég tileinkaði mér nú, heldur en komið hafa fram áður frá mínum flokki. Og svona til þess að sanna sitt mál, kom hann með uppskriftir, sem hann sagði úr Alþýðublaðinu, og má vera, að þær séu það, og áttu þær að sanna þessi ummæli hans. En ég reyndi nú að leggja eyrun við þessum upplestri, og ég gat hvergi í honum fundið, að Alþýðublaðið tæki afstöðu á móti skattfrelsi Eimskipafélagsins. Sjálfsagt hefur hv. þm. leitað vel til þess að finna þetta, en þó hefur honum ekki tekizt betur en svo, að í þessum greinum, sem hann segir, að séu úr Alþbl., þá kemst hann það næst um þetta mál, að hann segir, að blaðið hafi sagt eitthvað á þá leið, — um leið og blaðið spyr, hver eigi sökina á því, hve dýrtíðin sé há, — að félagið magni dýrtíðina með svo háum farmgjöldum, þar sem félagið njóti frádrátt, svo sem skattfrelsis. M. ö. o. blaðið slær föstu, að félagið njóti skattfrelsis. En þar með er ekki sagt, að blaðið segi, að það eigi ekki að njóta skattfrelsis. En það er annað, sem kemur þarna til greina og blaðið leggur aðaláherzluna á, og það er farmgjaldahæðin. Og það getum við verið sammála um, að farmgjöldin 1943 hjá félaginu voru óhæfilega há, og sá gróði, sem safnaðist þá hjá félaginu, var óhæfilegur. En þetta hefur verið leiðrétt og kemur skattfrelsinu ekkert við, annað en það, sem blaðið segir, að þar sem félagið njóti skattfrelsis, — og það er í blaðinu engin till. um að afnema það, — þá eigi það að haga farmgjöldum sínum í samræmi við það og þarfir þjóðfélagsins í heild. — Ég sé því ekki annað en þau ummæli a. m. k., sem hv. þm. V.-Húnv. las upp úr þessu blaði, séu mjög samhljóða þeirri afstöðu, sem ég hef haldið hér fram, sem er í stuttu máli, að félagið eigi að njóta þess skattfrelsis, sem það hefur haft, en það eigi að binda það þeim skilyrðum, sem Alþ. og ríkisstj. tekur gild, til tryggingar því, að fé félagsins verði varið til skipakaupa og á annan hátt í þágu samgöngumála og annars þjóðheillavænlegs rekstrar, sem Alþ. og ríkisstj. geri nánari grein fyrir.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að eitthvert blað, sem hann las upp úr, — ég tók ekki alveg eftir því, úr hvoru blaðinu það var, en ætla þó frekar, að það hafi verið úr Þjóðviljanum, — en ég ætla ekki að fara að svara fyrir það blað; þeir hafa verið hingað til færir um að gera það sjálfir, sem að því standa, — en ég hjó eftir því, að hv. þm. sagði, að þetta blað heimtaði, að Eimskipafélagshneykslið væri krufið til mergjar, og nú hefði ríkisstj. setið í 4 mánuði eða vel það og ekkert verið krufið til mergjar í þessu efni. Ég vil nú benda hv. þm. á, að það, sem hér var um að ræða, var farmgjaldahæðin, sem olli því, að gróði félagsins varð svo mikill sem raun ber vitni. Þetta atriði var tekið til athugunar af viðskiptaráði og verðlagsstjóra, og farmgjöldin voru lækkuð mjög verulega, ekki aðeins frá þeim tíma er lækkunin var ákveðin, heldur einnig nokkuð aftur í tímann. Og farmgjöldin voru færð eins langt niður og þá var af þessum aðilum talið forsvaranlegt. Og ég ætla, að við þessa ráðstöfun hafi flokkur hv. þv. V.-Húnv. átt svo marga fulltrúa, að hans sjónarmið hafi komið fullkomlega til álita. Yfirleitt var ekki krafizt frekari aðgerða en að þetta væri gert. Og þetta hefur verið gert.

Hvað viðvíkur því, sem annars má segja um farmgjaldahæðina hjá þessu félagi, þá er það alltaf stjórn viðkomandi félags, sem mesta ábyrgð hlýtur að bera á því á hverjum tíma, hvernig þeim málum er skipað, og erfitt er fyrir utanaðkomandi aðila, nema með mikilli vinnu og fyrirhöfn, að komast þar alveg til botns í, fyrr en eitthvað eftir á. Þess vegna hljóta ásakanir, ef nokkrar eru, að beinast að þeim, sem þessum ráðum hafa ráðið. En þar hafa hvorki ég né minn flokkur átt neinn hlut að. Hins vegar hefur flokkur hv. þm. V.-Húnv. átt fulltrúa í stjórn Eimskipafélags Íslands. Og ég hef aldrei orðið þess var, að fulltrúi Framsfl. hafi átt þátt í ágreiningi út af farmgjöldum hjá félaginu. Hvenær hefur fulltrúi Framsfl. í stjórn Eimskipafélagsins gert ágreining um þetta atriði?

Ég skal svo ekki fara miklu frekar út í þetta mál. Ég hef nokkuð lýst afstöðu minni til þess. Og ég tel mig mega fullyrða, að það gæti einskis ósamræmis í afstöðu minni nú á við þá afstöðu, sem flokkur minn hefur haft til þessa máls áður. En hv. þm. V.-Húnv. hefur reynt að blanda hér saman alls óskyldum málum, sem eru farmgjöld félagsins annars vegar og skattfrelsið hins vegar. En það eru óskyldir hlutir, sem ekki þarf endilega að ræða samtímis.

Þá skal ég að lokum ræða þá aðferð, sem hv. þm. V.-Húnv. vill hafa um afgreiðslu þessa máls, sem er í stuttu máli á þá leið, að héðan í frá verði Eimskipafél. gefinn kostur á því að greiða alla skatta, bæði tekjuskatt, stríðsgróðaskatt og eignarskatt, til ríkissjóðs með hlutabréfum í félaginu. Við skulum nú ögn athuga þessa brtt. Hlutafé Eimskipafélagsins mun vera kringum 1,6 til 1,7 millj. kr., eftir því sem bezt er vitað, en þó sennilega ekki svo há upphæð, þegar öll kurl koma til grafar, vegna þess að ýmislegt af smábréfum er komið úr sögunni. Líklega má því telja, að hlutafé félagsins sé 1,5 millj. kr., en eign félagsins sé á milli 30 og 40 millj. kr., þannig að hvert hlutabréf sé, ef félagið væri gert upp nú, í um það bil tuttugu-og-fimmföldu verði. M. ö. o., það kostaboð, sem hv. þm. V.-Húnv. vill gera félaginu, er það, að hver króna, sem félagið á að borga í skatt í peningum, verði ekki framvegis borguð með einni kr., heldur með 25 krónum eða sem því svarar, og yfirráð yfir félaginu þar með afhent af núverandi eigendum þess og afhent ríkinu. Það væri eins og ef einhver maður skuldaði einhverja upphæð í krónum og honum væri gefinn þess kostur að lúka þessari upphæð í jafnmörgum sterlingspundum eða einhverju slíku.

Ég lýsti því yfir við 1. umr., að ég teldi út af fyrir sig langbezt á því fara, að þetta félag væri rekið af ríkinu og ríkið ætti það, og ég vildi líka

stuðla að því, þar sem sjálfsagt væri ekki um það að ræða, að ríkisstj. og það opinbera fengi þær tryggingar, sem metnar væru nægilegar, fyrir því, að reksturinn gæti orðið með hag almennings fyrir augum. En mér hefði aldrei dottið í hug — aldrei — að fara þessa leið, sem hv. þm. V.-Húnv. vill fara, til þess að ná yfirráðum yfir félaginu, því að hún er tæplega heiðarleg. Með því er verið að gera tilraun til að sölsa eignir félagsins undir ríkissjóðinn með óheiðarlega lágu verði. Ef ríkissjóður ætti að taka yfirráð yfir félaginu, sem er mjög eðlilegt og rétt, þá mælir okkar stjskr. þannig fyrir, að eigendum skuli borgað fyrir að fullu, og kringum það komumst við að sjálfsögðu ekki. En að fara þessa leið til þess að ná yfirráðum yfir félaginu undir ríkissjóð, að gefa því kost á að borga tuttugu og fimmfaldan skatt, það þarf svo mikið hugmyndaflug til að gera þetta, að mér hefði aldrei dottið í hug, að nokkrum manni gæti dottið í hug að fara þá leið.

Ég held fast við það, sem ég áður sagði um það, að ég tel heppilegast, að félagið fái sitt skattfrelsi. Ég geri ráð fyrir því, að af hálfu Alþfl. verði bornar fram við 3. umr. einhverjar þær brtt., sem tryggja það, sem ég taldi þurfa að tryggja í þessu máli, að rekstri félagsins verði hagað með hag þjóðfélagsins fyrir augum. Mun ég þess vegna greiða atkv. með frv. til 3. umr. í trausti þess, að þær brtt. verði teknar til greina við þá umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Það kann að vera, að það sé heldur illa varið tíma þ. þessa síðustu daga að fara langt í það að svara ræðu eins og þeirri, sem fram kom áðan hjá hv. þm. V.-Húnv., enda skal ég ekki langt út í það fara. Það er ábyggilegt, að þetta mál verður samþ., hvort sem það verður rætt skemur eða lengur, og því aðeins til þess að tefja tímann að ræða það meir en gert hefur verið. Samt sem áður finnst mér ástæða til þess að segja örfá orð út af ræðu hv. þm. V.-Húnv., enda þótt hæstv. samgmrh. hafi nú gert henni allrækileg skil og ekki sé miklu við að bæta.

Hv. þm. V.-Húnv. játaði, að það hefði oftast verið þannig, að skattfrelsi Eimskipafélagsins hefði verið framlengt með samkomulagi undanfarin ár og 1928 hefði verið sett það skilyrði, að félagið borgaði aldrei meiri arð en 4% á ári af höfuðstól. Ég veit ekki annað en félagið hafi staðið við þetta skilyrði, og það mun ekki ætla sér að brjóta á neinn hátt þetta skilyrði um 4% ársarð til félagsmanna sinna. Það, sem virtust vera aðalrök hv. þm. V.-Húnv. fyrir því að afnema núv. l. um skattgreiðslur Eimskipafélags Ísl., kemur fram í nál. hans og er á þá leið, að fél. hafi grætt svo mikið árið 1943, að ekki sé hægt að framlengja skattfrelsi þess nú. Það er eins og upp hafi verið rekið harmakvein yfir því, að félagið skyldi hagnast svona á árinu. Ég álít, að það eigi að vera okkur Íslendingum gleðiefni, að okkar eigið félag, Eimskipafélagið, bætir hag sinn til þess síðar að geta aukið við skipastól sinn, alþjóð til hagsældar. Það má náttúrlega um það deila, að hve miklu leyti farmgjöldin voru réttlát á þessu ári. Ég hef litið svo á, að það væri að mjög miklu leyti fyrir óvænt höpp, sem Eimskipafélaginu féll þessi gróði í hlut. Ég hygg, að farmgjöldin hafi að mestu leyti verið miðuð við, hvað borgaði sig fyrir eigin skip fél. Ég hygg, að það sé rétt með farið, að á eigin skipum félagsins á þessu ári hafi verið lítill hagnaður. Næstum allur eða allur hagnaðurinn, sem kom fram hjá fél. á þessu ári, var á rekstri leiguskipanna, sem fél. fékk til afnota. Það, sem helzt ætti að vera ásökunarefni á hendur fél. í þessu sambandi, var það, að það skyldi ekki hafa flutningsgjöldin miklu lægri á leiguskipunum en sínum eigin skipum. Það má miklu frekar vera gleðiefni en sorgar fyrir þjóðina, að fél. bæti hag sinn, því að það gefur fél. tækifæri til þess að gegna betur þeirri skyldu að halda uppi samgöngum við önnur lönd.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að gróðinn hefði numið 23 millj. kr., og ég skal ekkert mótmæla því, en hvað ætli megi byggja mörg skip fyrir 23 millj. kr., eins og verðlagi er háttað nú?

Þá sagði hv. þm., að það væri ólíkt, hvernig að öðrum félögum eða útgerðarfél. í landinu væri búið, því að það væri illa að þeim búið.

Þetta er satt, og það hefur oft verið á það bent hér á Alþ., bæði af mér og mínum flokksbræðrum, en það er nýtt að heyra það orð frá hv. þm. V.-Húnv., að það sé verr búið að útgerðarfyrirtækjum í okkar landi en skyldi.

Fjárþörf ríkissjóðs er svo mikil, að þurft hefur að grípa til þess úrræðis að leggja meiri og hærri skatta á útgerðarfélögin eða fyrirtækin en hyggilegt er vegna framtíðarinnar, og það er náttúrlega alveg rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að þetta þyrfti að vera á annan veg, til þess að unnt væri að auka útgerðina og gera hag hennar betri en nú er að stefnt. En hver eru þá ráðin, sem hv. þm. vill grípa til? Hann vill ekki taka þessa peninga frá Eimskipafélagi Íslands í skattgreiðslum til þess að létta á öðrum fyrirtækjum, heldur vill hann, eins og hæstv. atvmrh. lýsti, til þess að þynna út og gera rýrari eignir fél. Tilgangurinn virðist vera sá einn að ná yfirráðum yfir þessum félagsskap.

Nú er það vitað mál, að flutningsgjöldin hafa síðan 1943 verið lækkuð til stórra muna, og það er ekki líklegt, að um neitt svipaðan gróða verði að ræða hjá fél. á næstunni og sennilega aldrei um ókomna framtíð og því sennilega ekki um það að ræða að setja undir þann leka, að slíkt endurtaki sig, sem gerðist 1943. Það er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að ríkið hafi mikilla hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Það hefur mikilla hagsmuna að gæta og þjóðin öll í því, að þetta fél. vaxi og dafni og geti sem bezt sinnt hlutverki sínu. Það getur það því betur sem betur er að því búið af ríkisins hálfu.

Það virtust nú vera einhver heilabrot um það hjá hv. þm., að í stað þess að kaupa skip eða láta smíða skip fyrir Eimskipafélagið væri réttara nú fyrst um sinn að taka leiguskip og komast þannig hjá að byggja skip. Hvort tveggja getur komið til mála, ég held þó, að hitt verði farsælla að láta byggja skip, og bezt hefði verið, að það hefði verið gert fyrr, en það voru skoðanabræður hv. þm. V.-Húnv., sem komu í veg fyrir það, að Eimskipafélagið byggði stór skip fyrir stríðið. (**HelgJ:** Þetta er ekki rétt.)

Varðandi þær greinar, sem hv. þm. V.-Húnv. var að lesa upp úr blöðum annarra flokka, þá þarf ég ekki að segja neitt um það. Þeir eru menn til þess að svara fyrir sig, en ég held, að hv. þm.

hefði getað bætt því við að lesa upp úr Tímanum ýmsar greinar, sem birtust á árunum 1943—1944. Það var eðlilegt, að hann gerði það ekki, en ég tel, að það sé ekki ástæða til að harma það á neinn hátt, þó að þeir, sem standa að þeim blöðum, sem hv. þm. var að lesa upp úr, hafi öðlazt betri skilning á því en sumir þeirra höfðu þá, hvílík nauðsyn það er að búa vel að óskabarni þjóðarinnar, Eimskipafélagi Íslands.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég skal gera mjög stutta grein fyrir afstöðu minni.

Það er þá fyrst til máls að taka, að það er höfuðnauðsyn að auka kaupskipastól landsmanna stórlega, og þessi nauðsyn hefur nú orðið því berari, sem svo hefur til tekizt, að tvö af beztu skipum siglingaflotans eru nú glötuð. Það, sem er þá spurningin í þessu máli, er: Hvaða aðili á að annast um þessa óumflýjanlegu aukningu flotans?

Ég dreg enga dul á það, að frá mínu sjónarmiði væri æskilegast og réttast, að það væri ríkið sjálft. En hitt er alþjóð kunnugt, að flokkur sá, sem ég fylgi, hefur gert samkomulag við aðra flokka, sem að ríkisstj. standa, að gera ekki svo mjög að ágreiningsefni, hvaða aðilar það væru, sem stæðu að nauðsynlegum endurbótum og nýsköpun atvinnulífsins, heldur lagt á það áherzlu, að nýsköpunin ætti sér stað. Það er því í fullu samræmi við þetta, að við getum fallizt á það, að Eimskipafél. Íslands verði nú gert kleift og raunverulega falið að auka kaupskipastól landsmanna svo sem verða má á allra næstu árum. Ég vek sérstaka athygli á því, að nú, begar lagt er til að framlengja skattfrelsi Eimskipafélagsins, kemur nýtt ákvæði, sem ekki hefur sézt áður, um það, að það fé, sem félagið fær vegna þessara fríðinda, verði notað til þess að kaupa skip til samgöngubóta.

Ég skal svo víkja örfáum orðum að málæði hv. þm. V.-Húnv. Hann leitast við að ræða þetta mál á allt öðrum grundvelli en fyrir liggur. Hann talaði um álag Eimskipafélagsins og þann óhæfilega gróða, sem því hefði hlotnazt, slælegt eftirlit og stjórn félagsins, sem lítt væri í samræmi við alþjóðarhag.

Ég vil fyrst á það minna, að það er upplýst, að fél. hefur notið skattfrelsis í 20 ár, og hverjir voru það, sem að því stóðu fyrst og fremst? Hverjir hafa verið ráðamestir í stjórnmálum og stórmálum undanfarin ár? Engir aðrir en framsóknarmenn, flokksmenn hv. þm. V.-Húnv., og sjálfur hefur hann setið á rökstólunum og fjallað um þetta mál, en fyrir því skattfrelsi, sem framsóknarmenn stóðu að, voru engin skilyrði sett. Fél. var veitt skattfrelsi, en ekkert spurt um, hvernig því fé væri varið, sem þannig sparaðist. Það var ekki hugsað um, að féð yrði notað til þess að auka skipastólinn eða verða alþjóð til hagsbóta á neinn hátt. Í sambandi við þetta get ég ekki látið hjá líða að minnast á afstöðu annarrar mjög virðulegrar stofnunar í þjóðfélaginu, sem þm. V.-Húnv. og aðrir framsóknarmenn hafa mjög um fjallað og miklu um ráðið, en þar á ég við S. Í. S. Oft og einatt hefur það komið fram hjá félagsmönnum í S. Í. S., að rétt væri og sjálfsagt, að þetta mikla verzlunarfyrirtæki ætti skip til þess að flytja vörur til landsins í samkeppni við Eimskipafélagið.

Úr framkvæmdum hefur þó ekki orðið, vegna þess að framsóknarmenn, undir forustu hv. þm. V.-Húnv. og fleiri manna, hafa jafnan eytt málinu. Síðast, þegar um þetta mál var spurt, var það upplýst, að ekki væri rétt, að S. Í. S. stofnaði til samkeppni við Eimskipafélagið. Þannig hefur afstaða Framsfl. verið gagnvart Eimskipafélaginu. Því hefur verið veitt skattfrelsi skilyrðislaust, og flokkurinn hefur komið í veg fyrir, að stofnað væri til eðlilegrar samkeppni við það, og komið í veg fyrir, að neytendur í landinu, sem standa að S. Í. S., mættu sjálfir flytja eigin vörur með eigin skipum. Það er kunnugt, að valdamesti maðurinn innan S. Í. S. hefur, í stað þess að beita sér fyrir þessu þjóðþrifamáli, setið í stjórn Eimskipafélags Ísl., tilkvaddur af hálfu framsóknarmanna og beitir sér fyrir því, að Eimskipafél. hafi skattfrelsi og einokunaraðstöðu um alla flutninga. Svo líður og bíður. Undir þeirri stjórn, sem situr í Eimskipafél., þar sem einn af valdamestu framsóknarmönnunum á sæti, gerist það, að álagið á farmgjöldum verður svo óhæfilega hátt, að fram úr öllu hófi keyrir. Þá er við völd stjórn, sem má telja framsóknarstjórn. Valdamesti maðurinn í stjórninni var miðstjórnarmaður í Framsfl., Vilhjálmur Þór. Undir tvö- og þrefaldri stjórn framsóknarmanna, Jóns Árnasonar í Eimskipafél., Vilhj. Þór í ráðherrasæti og Svanbjörns Frímannssonar í verðlagsráði, viðgengst mesta hneyksli, þar sem misnotuð er aðstaða Eimskipafél. á þann hátt að leggja óhæfilega á vörur landsmanna og auka þannig verð erlendra vara stórkostlega.

Þessu hefur nú verið kippt í lag. Farmgjöldin hafa verið lækkuð, og það mun fyrirbyggt, að slíkar álögur eigi sér stað framvegis.

Ég skal nú ekki lengur rekja afstöðu framsóknarmanna til þessara mála fyrr og síðar. Ég get aðeins bætt því við, að ef þeir hefðu valdaaðstöðu á þ. núna, þá er það eins víst og 2 og 2 eru 4, að þeir stæðu allir með skattfrelsi Eimskipafél. og mundu væntanlega eins og áður gleyma að setja nokkur skilyrði um not fjárins til þess að bæta úr brýnni þörf á fleiri skipum og bættum samgöngum.

Ég ætla að síðustu að segja hv. þm. V.-Húnv. það, að ég mun ekki taka afstöðu til þessa máls eins og hann, eftir einhverju orðakasti og fleipri. Ég hef gert grein fyrir því, að ég mun fylgja því fram hér á þ. með þeim breyt., sem kynni að verða samkomulag um með þeim, sem stjórnina styðja, en ég mun sízt þiggja ráð hjá framsóknarmönnum og ekki frekar hjá hv. þm. V.-Húnv. en öðrum.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Það virðist svo, sem stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafi ekki mikinn áhuga fyrir framgangi þessa máls, ef dæma ætti eftir sókn þeirra á þingfundi, enda er það ekki undarlegt, þegar tekið er tillit til fyrri afstöðu sumra þeirra í málum Eimskipafélagsins. Hæstv. samgmrh. gerði hér að umræðuefni áðan sumt af því, sem ég ræddi um í framsöguræðu minni, og þá einkum ummæli mín viðvíkjandi skipabyggingum. Kvaðst hann ekki hafa heyrt svo lágar tölur eins og ég nefndi, og talaði um tilboð frá Svíþjóð, en þær tölur voru miklu hærri en þær, sem ég hafði úr hinu enska tímariti. En ég hygg, að hann geti náð í þetta rit,

og skal ég jafnvel vera hjálplegur í því efni, ef með þarf. Hæstv. ráðh. telur, að þótt eignir félagsins séu miklar, þá muni þær ekki nægja til að fullnægja þörfum félagsins um skipakost.

Ég vil vekja athygli á því, að samkvæmt mínum brtt. fær félagið að halda öllum sjóðum og aðstöðu til áframhaldandi tekjuöflunar til að mæta þörfunum. Ég legg einungis til, að ríkið fái aukna íhlutun í rekstri félagsins.

Hæstv. ráðh. kvaðst hvergi finna það í því, sem ég las upp úr Alþýðublaðinu frá í fyrra, að þar væri sagt, að afnema skyldi skattfrelsi Eimskipafélagsins. En ég hygg, að það hafi verið vilji Alþfl. og þessa málgagns hans, að þessi fríðindi skyldu niður falla. Hann viðurkenndi, að farmgjöldin hefðu verið of há, en segir svo, að það komi málinu ekkert við. Það virðist alleinkennileg málfærsla að viðurkenna annars vegar, að hér hafi átt sér stað óhæfilegt athæfi, en segja svo, að það komi málinu ekkert við. Hæstv. ráðh. kveðst fús að styðja að því, að ríkið fái aukið eftirlit með rekstri félagsins. Ég held, að hann geri það ekki betur á annan hátt en styðja mína till. Hann kvað erfitt að komast til botns í gögnum félagsins fyrir aðra en stjórn þess. Þetta mælir mjög með mínu máli. Það vill svo til, að einn maður í stjórn Eimskipafélagsins er framsóknarmaður, en er þó ekki kosinn í stjórnina af Framsóknarfl., heldur stjórnskipaður. En ég held, að allir sjái, hversu það er fráleitt að halda því fram, að þessi maður, sem er einn af 7 eða 9 í stj., geti ráðið málum félagsins. En þessi maður hefur gert ágreining í stjórn félagsins. Fyrir stríð vildi hann byggja flutningaskip, en hinir aðrir vildu byggja farþegaskip, og svo var auðvitað ekkert gert. Nú er það ljóst orðið, hvert tjón hefur orðið af því, að ekki var farið að till. þessa manns.

Þá kem ég að mjög eftirtektarverðum kafla í ræðu hæstv. ráðh., en það var viðvíkjandi hlutafénu. Hann kvað hlutaféð vera 1 millj. og 600 þús. kr., en eignir félagsins nú eru 30—40 millj. kr. Og síðan segir hann, að hvert hlutabréf sé tuttugu og fimm sinnum meira virði en það er skrásett fyrir. Þetta er rétt samkvæmt þessum tölum. En svo talar hæstv. ráðh. um, að ég sé að gera fél. það kostaboð að kaupa bréfin við nafnverði. Þótti honum þetta hin mesta fjarstæða. Með þessu hefur hæstv. ráðh. gefið í skyn, að þetta sé gróðafyrirtæki og verið sé að taka fé af hluthöfunum, ef ríkið eignist hlutina. Því hefur verið haldið fram, að hér væri ekki um að ræða venjulegt hlutafélag og félagana dreymdi ekki um að fá meira í arð en sem svaraði hæfilegum vöxtum, en nú kemur hæstv. ráðh. og telur ekkert athugavert við það, að hluthafarnir selji hlutabréf fyrir tuttugu og fimm sinnum hærra verð en þau eru skráð að nafnverði. Ég held, að þessi yfirlýsing gefi tilefni til nánari athugunar. Ef líta ber á þetta sem gróðafyrirtæki, þá er ekkert vit í að láta það hafa skattfrelsi.

Hæstv. ráðh. telur það óheyrilegt, að ég ætli að sölsa eignir félagsins undir ríkissjóð. Það, sem ég hef lagt til, er byggt á þeim skilningi, sem hefur ríkt um starfsemi þessa félags. Hann telur það ganga nærri stjórnarskrárbroti að taka þær eignir af félaginu, sem það hefur fengið sem ágóða af rekstri leiguskipa, sem ríkisstj. lét því í té.

Nei. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort á að fást í sambandi við þetta mál einhver trygging fyrir því, að félagið verði rekið með almenningshag fyrir augum. Að því er stefnt með till. minni.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að segja út af ræðu hæstv. ráðh.

Hv. frsm. meiri hl. er ekki hér í hv. d. Hann sagði um þetta mál nokkur orð og talaði um Eimskipafélagið á sama hátt og oft hefur verið gert áður, að þetta væri alþjóðarfyrirtæki. Talaði hann um, að þessar 23 millj. segðu nú ekki mikið, er að því kæmi að endurbyggja flutningaskipaflotann. Má vel vera, að það þurfi meira fé. En mín till. gengur ekki heldur í þá átt að takmarka á neinn hátt þá sjóði, sem þarna eru fyrir hendi til þeirra hluta. Hann virðist vera á þeirri skoðun, eins og hæstv. ráðh., að þetta fé sé raunverulega allt eign hluthafanna, enda er það svo, að lagalega séð er það auðvitað rétt. En ég vil endurtaka það, sem ég hef um þetta sagt, að því hefur alltaf verið haldið fram af þeim sjálfum, að ekki væri gert ráð fyrir því, að hluthafarnir fengju meira fé út úr þessu en það, sem þeir höfðu upphaflega í félagið lagt, og hæfilega vexti af fé sínu. En ef þessi skoðun fer að skjóta upp kollinum, að það sé eðlilegt, að hluthafarnir noti sér út í æsar þessa aðstöðu, þá er enn ríkari ástæða til að spyrna hér við fótum í þessu máli en að halda áfram að láta félagið auðgast, ef sú er meiningin, að þetta sé allt eign hluthafanna og renni í þeirra vasa.

Þá kom fram ýmislegt fleira í ræðu hv. þm. A.-Húnv., sem hann hefði helzt ekki átt að segja, því að þar fór hann ekki með rétt mál, t. d. það, að mínir skoðanabræður hefðu komið í veg fyrir, að Eimskipafélagið keypti skip fyrir stríðið. Ég er búinn að víkja að þeirri till., sem Jón Árnason kom með, um kaup á skipum fyrir stríð, en var hafnað.

Þá sagði hv. þm. A.-Húnv., að ég hefði vel mátt lesa upp úr Tímanum eins og ég las úr öðrum blöðum um Eimskipafélagið. Það er raunar rétt, að ég hefði vel getað það. En ég held, að framkoma mín og till. í þessu máli sé í góðu samræmi við það, sem hefur verið haldið fram í Tímanum um þetta mál.

Þá er það hv. 8. þm. Reykv. Það var raunar ekki margt merkilegt í ræðu hans, sem ástæða er til að svara. Hann byrjaði á að tala um, að hann hefði talið eðlilegast, að ríkið annaðist um nauðsynlega aukningu flotans, En hins vegar hefði flokkur hans gengið inn á það til samkomulags við aðra, sem stóðu að hæstv. ríkisstj., að Eimskipafélagið annaðist þetta. Hafi flokknum nokkru sinni verið alvara með það, sem hann hefur haldið fram í þessu máli, sem ég lýsti hér að nokkru í fyrri ræðu minni, þá hefði hann vitanlega haft allt aðra aðferð við afgreiðslu þessa máls.

Þá ræddi hv. þm. um Eimskipafélagsgróðann og sagði hann til orðinn vegna slælegs eftirlits og slæmrar stjórnar þeirra, sem ráðið hafa í síðustu 20 ár, og Framsfl. hafi beitt sér fyrir þessu skattfrelsi. Það er allt annað mál, þó að félaginu væri hjálpað á þennan hátt, þegar það var fátækt, en nú, þegar það er orðið auðugasta félagið í landinu og skattar eru lagðir á aðra með öldungis óviðurkvæmilegum aðferðum. En Sósfl. söðlar hér alveg um. Einmitt þegar félagið er orðið ríkt og þarf síður á stuðningi að halda, vill hann

veita því fríðindi áfram til að græða enn þá meira. En þessi hv. þm. telur, að áður hafi flokkurinn verið á móti þessu, meðan félagið hafði lítið fé og þurfti á meiri stuðningi að halda. Þetta er bara í góðu samræmi við aðra framkomu þessa hv. þm. í ýmsum málum.

En svo kom annar þáttur í ræðu hans, sem ég get ekki látið hjá líða að mótmæla, því að hann fór þar beinlínis með rangt mál, þar sem hann talaði um S. Í. S. í þessu sambandi. Sagði hann, að margir menn innan þessa félags hefðu haldið því fram, að félagið ætti að eignast skip. Svo kemur það furðulegasta í ræðu hans, sem sé það, að þessi hugmynd hafi verið barin niður af Framsfl., þ. á. m. af mér, og á þann hátt hafi verið komið í veg fyrir, að samvinnufélögin stofnuðu til samkeppni við Eimskipafélagið.

Hér er öllu snúið öfugt, þannig að ég get ekki hjá því komizt að fara um þetta nokkrum orðum.

Það eina, sem er rétt í þessu, er það, að nú fyrir nokkru komu till. fram um það á fundum hjá S. Í. S. og ýmsum kaupfélögum, að rétt væri að safna fé í því skyni, að Sambandið og félög þess gætu eignazt eitthvað af skipum til að annast flutninga fyrir félögin að einhverju leyti. Aðalupphafsmaður að þessu máli var einn af framkvæmdastjórum Sambandsins, Jón Árnason, sem hv. þm. talaði um í þessu sambandi, þótt hann nefndi hann ekki með nafni. Jón Árnason og fleiri, sem kjörnir voru í nefnd til að vinna að þessu máli, sendu síðan erindi um þetta til allra kaupfélaga úti um land, og var hafin almenn fjársöfnun hjá kaupfélögunum í þennan sjóð. Undirtektir voru misjafnar, en víða hafa ýmsir kaupfélagsmenn og kaupfélög lagt allmikið fé í þennan sjóð. Ég tel það enn þá ámælisverðara, að hv. 8. þm. Reykv. skuli snúa þarna öllu við, vegna þess að hann hefur haft aðstöðu til að vita hið rétta, þar sem hann hefur verið fulltrúi á aðalfundum Sambandsins undanfarið, þar sem gefnar hafa verið skýrslur um þetta mál. Þessi hv. þm. hefur einnig verið í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur, sem er í Sambandinu. Ég veit ekki, hvað hann hefur beitt sér fyrir þessu máli og hve mikið hefur safnazt til skipakaupa þar í félaginu. En ef miðað er við mannfjölda í þessu samvinnufélagi og borið saman við félagsmannafjölda í mörgum öðrum kaupfélögum, hefði þetta félag nú átt að vera búið að leggja fram allmikla upphæð til þess að komast þar hlutfallslega jafnlangt og ýmis önnur kaupfélög og félagsmenn þeirra.

Annars var megnið af ræðu hv. þm. tilraun til þess, eftir að hann var kominn í vandræði og gat ekki fært nein rök fyrir hringsnúning sínum, að koma sínum ávirðingum á aðra og kenna öðrum um það, sem miður hefur farið í stjórn þess félagsskapar, sem þarna er um að ræða. Það er bara mannlegt, þótt hann reyni þetta. Árangurinn verður að sjálfsögðu lítill, þótt hann reyni á þann hátt að klóra í bakkann, því að allt, sem hann sagði um þessa hluti, er vitanlega út í bláinn og alveg öfugt við það, sem rétt er í málinu.

Hv. þm. endaði með því að segja, að ef Framsfl. væri nú í valdaaðstöðu, mundi hann samþ. skattaafstöðuna án nokkurra skilyrða. En ég vil segja honum það, að þótt flokkur hans sé búinn þegar og verði ekki mikið fyrir að gleypa allt, sem hann hefur áður sagt um þetta mál, munu aðrir ekki vera eins fúsir til þess að hverfa þannig í einu vetfangi frá sinni stefnu, enda hafa þeir ekki gert það.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það mun ekki vera til þess ætlazt, að það hafi mikla þýðingu að ræða þetta mál, því að heita má, að stjórnarliðið, sem stendur að málinu, sé flúið og uni sér illa undir þeim umr., sem hér eiga sér stað. Þeir, sem hér hafa talað fyrr á deginum, hafa vandlega falið sig og vilja þannig vera lausir við að hlusta á það, sem aðrir hafa um málið að segja, og taka á móti því, sem þeir yrðu að kingja, ef þeir væru ekki horfnir úr salarkynnum þingsins.

Hjá hv. þm. A.-Húnv. kom fram atriði, sem sýnir vel, hversu ástatt er í hugskoti þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Hann sagði sem sé, að það væri ákveðið, að þetta mál yrði afgreitt og þýddi ekkert að ræða. Það er erfitt að hugsa sér, að fyrirlitning fyrir þingræði og almennri skynsemi, fyrir því, sem er grundvallaratriði í almennri meðferð mála á þingi, að menn ræði málin með rökum, geti komið betur fram en í orðum þessa hv. þm. Og ég geri ráð fyrir, að þessi fyrirlitning fyrir rökræðum og þessi andlega eymd, sem liggur til grundvallar ummælum eins og þessum, sé víða til staðar, en hún komi óvanalega skýrt fram hjá þessum hv. þm. í þessum orðum.

Ég skal ekki vera langorður um þetta mál, þar sem ég talaði ýtarlega um það við 1. umr. Þó vil ég bæta nokkru við, bæði í tilefni af ummælum hv. þm. A.-Húnv. og ýmissa annarra, sem talað hafa hér í dag.

Ég vildi þá fyrst minnast á verð skipanna. Ber mjög á milli, hve hátt það muni verða. Hv. þm. V.-Húnv. hefur bent á ummæli í merku ensku tímariti, að verð skipanna sé talið af þarlendum mönnum miklu lægra en hér hefur heyrzt. Hæstv. samgmrh. skýrir frá tilboði, sem hann hefur fengið um miklu hærra verð en greinir í þessu tímariti. Um þetta er ekki hægt að segja. En hæstv. ríkisstj. verður að rannsaka þetta mál mjög vel og sjá til þess, að niðurstaðan verði ekki sú, að okrað verði á okkur í sambandi við væntanleg skipakaup til landsins. Eins og er, þá er mjög mikið að gera í öllum skipasmíðastöðvum og engum þægð í að fá nýja samninga um skipasmíðar. Má því búast við, að væntanleg tilboð verði mjög há. Er því mjög þýðingarmikið, að hæstv. ríkisstj. láti rannsaka þetta eins vel og henni er unnt, og mér finnst hæstv. samgmrh. þurfi ekki að setja á sig stút, þó að hv. þm. V.-Húnv. hafi hér lesið upp úr merku tímariti nokkur ummæli í þessa átt, er benda til, að tilhneiging er í ýmsum löndum til að selja skip dýrara en ástæða er til og landsvenja.

Ég gat um það við 1. umr., að ég áliti ekki mikla þörf fyrir Eimskipafélagið að safna meiri fjármunum í sjóði. Ég hélt því fram, að það væri ekki heppilegt að veita félaginu skattfrelsi að óbreyttum aðstæðum þess. Þessi till., sem hér liggur fyrir, gengur að því leyti til móts við till. hæstv. ríkisstj., að ef þessi leið yrði farin af hendi Eimskipafélagsins, gæti félagið haldið áfram að safna öllu því fé, sem það kemst yfir gegnum reksturinn. En hins vegar er haldið fast við þá skoðun, er ég lýsti við 1. umr., að þetta er ekki hægt að gera nema því aðeins, að í móti komi

af hálfu Eimskipafélagsins, að það geti fallizt á, að félagið eða eigendur þess verði ekki aðeins í eðli sínu, heldur einnig formlega sameign allrar þjóðarinnar.

Það hefur verið talað mikið um það, að Eimskipafélagið væri alþjóðareign. Ef okkar till. væri samþ., þá hefði Eimskipafélagið um tvennt að velja í þessum efnum: Annaðhvort að borga skatta eða að fá skattfrelsi um alveg óákveðinn tíma gegn því, að félagið verði sameign allra landsmanna.

Hæstv. samgmrh. lét þau furðulegu ummæli falla í sambandi við þessa till., að hér sé gert ráð fyrir, að ríkið sölsi undir sig eignir þessara manna. Það er ekki sæmilegt að viðhafa slík ummæli, þegar þess er gætt, að með þessari till., ef samþ. verður, eru engar skyldur lagðar á Eimskipafélagið að láta neitt af hendi, heldur er því bara gefinn kostur á skattfrelsi eða það vilji láta á móti þessi hlunnindi. Gegnir furðu, að hæstv. ráðh. skuli vera að þreyta sig á því að koma fram með aðra eins fjarstæðu, sem ekki kemur til mála í þessu sambandi.

Nú mætti vel vera, að menn vildu ekki fara þá leið, sem stungið er upp á í till. hv. þm. V.-Húnv., og kjósi heldur að koma samstjórn ríkis og hluthafa fyrir með öðru móti en þar um ræðir. Þá væri rétt, að menn legðu fram slíkar gagnuppástungur í stað þess að lemja höfðinu við steininn og halda því fram, að engra umbóta sé þörf, því að það er í samræmi við skoðanir þorra manna í landinu á þessu máli. Það er ég sannfærður um eftir því, sem maður hefur orðið var við á undanförnum tímum.

Hæstv. samgmrh. gerði mikið úr því, að það væri ósanngjarnt að fara þessa leið, sem við hefðum stungið upp á, í garð félagsins. En ég vil minna á það, að ég veit ekki betur en það hafi verið stefna Alþfl. á undanförnum árum, t. d. í sambandi við styrkveitingar til félaga á fjárl., að réttast væri, að sett væru þau skilyrði, að styrkurinn yrði veittur því aðeins, að hann væri gerður að hlutafé í félögunum jafnóðum, og ríkisvaldið fengi þannig íhlutun í félögum á við þann stuðning, sem það veitti þeim. Hve oft þessi stefna hefur komið fram á Alþ., hef ég ekki rannsakað. En hæstv. samgmrh. veit, að þessi stefna hefur mjög oft komið fram í sambandi við styrkveitingar á fjárl. Og ég býst við, að það hafi vakað fyrir þeim Alþfl.mönnum, sem héldu fram þessari skoðun, að félög gætu, ef þau vildu, verið laus við styrkinn, ef þau kysu heldur. Enda er það ekki okkar till., að styrknum verði neytt upp á Eimskipafélagið með þessum skilyrðum, heldur hitt að gefa félaginu kost á því, ef það vildi, að verða alþjóðarstofnun, ef það vildi fá skattfrelsið til frambúðar. Hitt er fjarstæða, sem hæstv. ráðh. sagði, að með till. okkar væri miðað að því, að félagið greiddi skilyrðislaust skatt með hlutabréfum. Till. okkar er um, að félagið skuli borga skatt með hlutabréfum, þangað til komið er að vissu marki, en þegar því marki væri náð, þá væri skattfrelsi fyrir þá stofnun, sem Eimskipafélagið þá væri orðið. Hæstv. samgmrh. og aðrir, sem hér hafa talað, hafa sagt, að það yrði að setja einhver ákvæði til tryggingar því, að það fjármagn, sem félaginu hefur bætzt nú nýlega, yrði notað til samgöngumála þannig, eins og þeir hafa komizt að orði, að það væri notað á sem þjóðheillavænlegastan hátt. En í því efni hafa hinir sömu menn í umr. gengið mjög framhjá kjarna málsins. Ég hef haldið því fram, að engin trygging væri til fyrir því, að þannig yrði þetta notað, önnur en sú, að á þessu félagi væri samstjórn ríkisvaldsins og hluthafanna. En þó að einhverjar ómerkilegar klausur væru settar inn í þál. um þetta skattfrelsi, svo sem það, sem hæstv. samgmrh. vildi setja þar inn, að það sé gert að skilyrði, að þessu fé verði varið til samgöngumála, þá hefur slíkt sáralitla eða enga þýðingu. Það er hægt að verja fénu til samgöngumála með svo misjafnlega hentugu móti, eftir því, hvernig rekstri samgangnanna er háttað. Það mætti t. d. segja, að það væri verið að verja þessu fé til samgöngumála að leggja kannske mest af þessu fé í fyrirtæki eins og gistihús. Og það hefur a. m. k. verið meining Eimskipafélagsins að eiga hlut í því. Og ég veit ekki, hvað hægt væri að teygja þetta orð, en það væri hægt að teygja það mjög langt, svo loðið sem það er. Auk þess hef ég bent á það við fyrri umr., að það er engin trygging fyrir því, þótt þetta ákvæði væri samþ., að Eimskipafél. hagaði skipakaupum sínum eins og hentugast mundi fyrir þjóðina í heild sinni. Og í því sambandi er vert að athuga það, að Eimskipafél. var fyrir stríð farið meira og meira að láta þær siglingar eiga sig, sem erfiðast var að halda uppi, en ríkið varð að halda þeim uppi með ærnum kostnaði. Auk þess var deilt um það fyrir stríð, hvort félagið ætti að láta byggja dýrt og vandað farþegaskip eða láta byggja vandað vöruflutningaskip. Það voru þá margir, sem héldu því fram og færðu fyrir því glögg rök, að það að láta það sitja fyrir að byggja vandað farþegaskip, lúxusskip, sem kallað var, væri ekki það, sem þjóðinni væri fyrir beztu, heldur kæmi metnaður þeirra, sem standa að Eimskipafélaginu, þar mjög til greina.

Auk þess hef ég bent á það hér, og það er ekki hægt að hrekja það, að það er ákaflega óheppilegt að hafa aðeins eitt skipafélag í landinu, sem nýtur sérstakra hlunninda, sem gerir það að verkum, að enginn annar aðili í landinu getur haldið uppi eðlilegri samkeppni við félagið, og að það skuli þá ekki heldur vera nein opinber íhlutun um það, hvernig rekstri félagsins skuli háttað. Þetta er ákaflega óheppilegt fyrirkomulag. Og mér skilst, að við þessar umr. treysti enginn sér til að halda því fram, að þetta fyrirkomulag sé hentugt. Það er stagazt á því sí og æ, að það þurfi að safna fé til þess að kaupa skip. Það er rétt. Og það er sagt, að þetta óskabarn þjóðarinnar hafi komið að miklu liði. Og hver dregur það í efa? En það er bara gengið framhjá því, hvað er heppilegast fyrirkomulag á samgöngunum í heild sinni. Og það hafa ekki verið færð rök fyrir því, að það væri óheppilegt, að einstaklingar og ríki ættu saman þetta voldugasta fyrirtæki, sem að samgöngumálum hefur starfað hér á landi. Þá væri t. d. hægt að koma því svo fyrir, að Eimskipafélagið, sem er fjárhagslega sterkt fyrirtæki, tæki flugmálin að meira eða minna leyti í sínar hendur alþjóð til hagsbóta. Og þá væri einnig auðvelt að koma við því fullkomnasta skipulagi ekki aðeins á millilandaferðum, heldur einnig strandferðum, í sambandi við það fyrirtæki, sem Eimskipafélagið væri orðið, ef það opinbera hefði

íhlutun um rekstur þess. En eins og þessu er háttað nú, er ekki hægt að koma slíku við, nema fá það í hendur tiltölulega fáum mönnum, sem hafa yfirráð í Eimskipafélaginu. — Það er eins og það sé ekki hægt að safna saman fjármunum til þess að auka skipastól og bæta samgöngur, nema með því að hafa stjórn þessa félags eins að öllu leyti og hún er. Og er eiginlega óskiljanleg sú þrjózka, sem kemur fram hjá sumum hv. þm. í sambandi við það.

Enginn hv. þm. Sósfl. hefur haft andlegt þrek til þess að vera viðstaddur hér þessar umr. nú, nema rétt á meðan hv. 8. þm. Reykv. talaði. En eftir það hafði hann sig fljótlega á brott. Hv. 8. þm. Reykv. ræddi hér um S. Í. S. og verzlunarmál. Hann deildi, að mér skildist, á S. Í. S. fyrir það, að það hefði stutt Eimskipafélagið. Þessu skýtur heldur skökku við úr munni manns, sem ætlar að fylgja þessum hlunnindum til handa Eimskipafélaginu. En afstaða S. Í. S. var sú, að það studdi Eimskipafélagið með ráðum og dáð, og það var vegna þess, að S. Í. S. taldi, að það væri þjóðnytjaverk, sem Eimskipafélagið innti af höndum. Hitt er annað mál, að á síðari árum hefur komið upp óánægja innan samvinnuhreyfingarinnar út af því, hvernig Eimskipafélagið hefur hagað sínum rekstri, út af því, að Eimskipafélagið virðist hafa sífellt tekið minna og minna tillit til þarfa þjóðarinnar í sambandi við rekstur sinn. Og þess vegna hafa samvinnumenn farið að vinna að því á síðari árum, að samvinnufélög gætu komið sér upp eigin skipum til þess að koma á eðlilegri samkeppni í landinu á milli Eimskipafél. og þeirra skipa, sem S. Í. S. ræki, og til að gera tilraun í þá átt, hvort ekki væri unnt að koma flutningum heppilegar fyrir með þessu móti. Og þannig er afstaða S. Í. S., að það hefur ævinlega tekið skip Eimskipafél. fram yfir erlend skip, sem hér hafa starfað. Og ég hygg, að mörg fyrirtæki í landinu geti ekki sagt sömu sögu í sambandi við flutninga fyrir sig undanfarið. En af ástæðum, sem ég hef getið, hefur S. Í. S. talið heppilegt að stefna að því að eignast sjálft skip til flutninga. Og ef það kemst í framkvæmd, tel ég það ekki aðeins gott fyrir samvinnumenn í landinu, heldur líka alla, því að þá kæmi samanburður um það, hvernig öðrum en Eimskipafél. gengi að reka slíka starfsemi. En vitanlega getur enginn aðili í landinu keppt við Eimskipafél., meðan það hefur fullkomið skattfrelsi. Og það er einn versti ágallinn á því fyrirkomulagi, sem væri hægt að sníða af að nokkru með því að Eimskipafél. væri sameign ríkisins og hluthafanna. En þessi ágalli verður aldrei sniðinn af, meðan haldið er áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið í þessu efni.

Hv. 8. þm. Reykv. ræddi lítið um þann snúning, eða það ofaníát, eins og hv. þm. V.-Húnv. kallaði svo, sem Sósfl. hefði orðið að taka á sig í sambandi við þetta mál. Þegar rætt var um farmgjöldin 1943, þá gagnrýndi Sósfl. mjög stefnu Eimskipafél. í þeim málum og hét mönnum því, að ef sá fl. gæti nokkru ráðið um þetta mál, þá skyldi það hneyksli verða rannsakað til fulls, eins og það var orðað. En hér hefur átt sér stað gerbreyt. á stefnu hjá þessum fl. í þessu sambandi. Nú segir hv. 8. þm. Reykv., að það þurfi engum á óvart að koma, þó að þeir hafi söðlað um í þessu máli, því að þeir hafi komið sér saman um það í sambandi við stjórnarmyndunina að gera ekki ágreining um það eða önnur efni, sem snerta sérstaklega deilumál milli flokkanna. Hv. 8. þm. Reykv. þurfti náttúrlega ekki að gefa þessa yfirlýsingu, því að Sósfl. hefur orðið og verður að kingja fleiru en því, sem hann hefur sagt um Eimskipafél. Nægir í því sambandi að benda á það, sem flokkurinn hefur orðið að kingja í sambandi við dýrtíðarmál, skattamál o. fl. En Sósfl. hafði bent á, að eitt aðalatriði í sambandi við dýrtíðarmálin væri að lækka eða afnema tolla, en nú verður flokkurinn að vera með því að leggja á veltuskatt, sem verður einn tollurinn enn. Og flokkurinn verður líka að kingja því, að ekki verði hreyft við gömlu tollunum. Hitt er óðugt að sjá, hvað þeir fá í staðinn annað en það, að allt af þokar í áttina til þess fyrirheitna hruns, sem þá dreymir um, að verði í landinu. Það er það, sem þeir eru að stofna til. Og það er ekki furða, þó að þeir geti séð af gömlum áhugamálum sínum, til þess að geta náð árangri í þessu efni. — Það hefur undanfarið mjög mikið verið rætt um, að þjóðarnauðsyn krefðist þess, að landinu væri stjórnað með einingu allra flokka, til þess að koma í framkvæmd þeim stórfelldu umbótamálum, sem fram undan væru og biðu úrlausnar. Og það væri fróðlegt að fá að heyra frá hv. þm. Sósfl., — en því er ekki að heilsa, þeir eru ekki viðstaddir frekar en áður —, hverjir það væru í ríkisstj., sem hefðu ekki meiri skilning á þörfum þjóðarinnar fyrir samstarf um þessi miklu vandamál, sem svo mikið er talað um, en svo, að þeir færu úr ríkisstj. og slitu samstarfinu, ef þingið fengi að njóta sín um mál eins og Eimskipafélagsmálið og um mál eins og ýmsa þætti skattamálanna. Hverjir eru það í ríkisstj., sem hafa svona daufan skilning á þörfinni fyrir samstjórn þá, sem nú er, að þeir hafi í hótunum um það að fara úr ríkisstj., ef hin og önnur hneyksli, sem upplýst hefur verið um, fá ekki að standa, og sem eru svo aðgangsharðir, að heilir flokkar verða að beygja sig í duftið, til þess — að manni skilst — að samstarfið rofni ekki og allt fari út um þúfur? Þjóðin þarf að fá að vita, hverjir starfa svo í ríkisstj. að heimta t. d. það, að þetta mál sé afgreitt með því móti, sem hér liggur fyrir till. um frá stjórnarfl. Það væri fróðlegt að fá þetta upplýst, svo að þjóðin fái að vita, hvað liggur á bak við allt þetta skraf um nauðsyn á þjóðlegri einingu og hve hátt einstakir flokkar, sem standa að ríkisstj., setja þá nauðsyn alþjóðar, sem þeir eru sífellt að tala um. Því að það er auðséð á vinnubrögðunum hjá stjórnarflokkunum, að sá háttur er á hafður í ríkisstj., að hótanir ganga á víxl um að rjúfa samstarfið, ef þessi eða hinn fær ekki að halda sínum kreddum eða að halda hlífiskildi yfir þeim, sem hann telur sig þurfa að halda hlífiskildi yfir, fjárhagslega eða með öðru móti. Og svo leka menn niður hver fyrir öðrum á víxl. En það væri nauðsynlegt, að það kæmi gleggra fram en orðið er, hvernig þessu er háttað hjá stjórnarflokkunum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Hv. 2. þm. S.-M. undraðist það, að menn skyldu ekki hafa andlegt þrek til þess að sitja hér og hlusta á þessar uppbyggilegu ræður hans og hans félaga, sem nú hafa farið fram undanfarið. En ég undrast það nú ekki spor, þó að menn hafi ekki af

því mikla ánægju, því að fátt nýtt hefur komið fram í þeim ræðum. Og meira hafa þær verið fyrir mínum eyrum sem eitthvert óánægjunöldur, sem þeir hafa fundið sig knúða til að hafa í frammi, heldur en að efni stæðu til þeirra andmæla, sem þeir hafa komið fram með.

Hv. þm. V.-Húnv. hélt hér nokkurt framhald af sinni fyrri ræðu og fór um það ýmsum orðum, sem ég sagði þá á eftir honum. Hv. þm. sagði, að byggingarkostnaður sá, sem hann hefði minnzt á, að væri greindur í þessu tímariti, væru upplýsingar í málinu, sem ríkisstj. þyrfti að taka til greina og athuga. Og það er vissulega rétt. Það er sjálfsagt að athuga þetta. Ég skýrði aðeins frá því, að ég hefði aldrei séð eða heyrt nefndar svona lágar tölur um byggingarkostnað í þeim tilboðum, sem ég hefði átt kost á að sjá og kynnast. Og einnig sagði ég, að það, sem hv. þm. greindi, þótt rétt reyndist, segði ekki nema hálfan sannleikann. En það er oft einkennandi fyrir málfærslu þessara hv. þm., að þeir segja ekki nema hálfan sannleikann. Og eftir því á svo, skilst mér, að fella dóm. Þeir segja, að það megi fá smíðuð skip í Englandi fyrir 630 kr. ísl. á smálest og í Svíþjóð fyrir 1100 kr. á smálest, en þeir segja ekkert um það, hvernig þessi skip séu, sem fáist smíðuð fyrir þetta verð. En ef þessi skip uppfylla ekki kröfur okkar, sem við verðum að gera til skipa, þá má okkur í léttu rúmi liggja, hvort það kostar 630 kr., 1100 kr. eða eitthvað annað að smíða í þeim smálestina, því að þá getum við ekki notað skipin. Til þess að þessar tölur séu athugandi, þarf það að liggja fyrir, að þetta sé kostnaður á smíði skipa, sem okkur geti orðið til nota við okkar flutninga. En þessarar hliðar málsins lét hv. þm. V.-Húnv. ekki getið. En ég vænti, að það standi ekki á honum með að gefa upplýsingar um þetta. Ég þarf svo ekki fleiri orð um það. En þessi málfærsla, að setja þetta fram svona einhliða, er málfærsla, sem helzt ekki á að nota í þessu sambandi, — að segja aðeins sannleikann hálfan.

Hv. þm. V.-Húnv. sagðist óska eftir því, að ríkið hefði meiri íhlutun en nú um stjórn þessa félags. Ég er honum sammála um þetta. Eins og ég hef áður tekið fram, tel ég æskilegt, ef unnt er, að ríkissjóður hefði þá aðstöðu til stjórnar í þessu félagi, sem þyrfti, til þess að geta stjórnað því með alþjóðarhag fyrir augum. En ég tel bara, að sú aðferð, sem hér er bent á til þess að ná þessu marki, sé svo langt fyrir neðan allar hellur, að hún komi ekki til greina. (**EystJ**: Hver er þá aðferð hæstv. ráðh.?) Hún mun koma fram síðar í brtt., sem ég hef boðað, að Alþfl. muni flytja. — Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að Alþfl. mundi vilja, að skattfrelsið væri af félaginu tekið, og hann las nokkrar greinar úr Alþýðublaðinu, sem áttu að sanna, að afstaða mín til málsins væri önnur en afstaða sú, sem Alþfl. hefði haft til þessa máls áður. En hv. þm. tókst ekki að sanna þetta. Því að í þessum greinum var gengið út frá því, að félagið héldi þessu skattfrelsi, og af þessu var svo dregin ályktun um þörf á meiri íhlutun hins opinbera um störf félagsins, sem ég er einnig samþykkur. — Ég lét þau orð falla, að Alþfl., ætti engan fulltrúa í stjórn félagsins og þyrfti þess vegna ekki honum um að kenna, ef eitthvað hefði farið þar öðruvísi en vera ætti. Hins vegar sagði ég, að Framsfl. hefði átt þar fulltrúa, sem aldrei, mér vitanlega, hefði gert neinn ágreining um þessa miklu farmgjaldaaukningu, sem þar hefði átt sér stað og leiddi til gróða þess, sem hv. þm. krítiseraði mest. Hv. þm. sagði, að þessi framsóknarmaður í stjórn Eimskipafél. væri ekki fulltrúi Framsfl. í þessari stjórn, og það er rétt. Hann er fulltrúi ríkisstj., og hann hefur verið settur inn í stjórnina af ríkisstj. til að gæta alþjóðarheilla í sambandi við rekstur félagsins. Og þar sem þessi maður er auk þess ágætur framsóknarmaður, þá hefði hann a. m. k. átt að láta ríkisstj. vita, hvað hér var á ferð, og aðvara hana, ef um annað eins hneyksli var að ræða í stjórn félagsins og hér hefur verið talað um. En hvað gerir þessi framsóknarmaður í stjórn Eimskipafél.? Ég veit ekki til þess, að hann hafi látið nokkuð á sér bæra. Þá sagði hv. þm. V.-Húnv., að það væri fjarstæða, að þessi maður gæti stjórnað félaginu. Vitanlega gat hann það ekki einn, en hann gat þó látið ríkisstj. vita um það, hvað væri að gerast í félaginu, svo að ríkisstj. gæti gert sínar ráðstafanir gegnum verðlagsyfirvöldin og viðskiptaráð. Þetta bar honum að gera undir öllum kringumstæðum.

Hann segir, að hann hafi gert ágreining í stj. um skipakaup, þegar um hafi verið að ræða á síðustu árum fyrir stríðið, að félagið keypti nýtt skip, hann hafi viljað kaupa vöruflutningaskip, en ekki fólksflutningaskip, eins og sennilega meiri hl. stj. vildi þá. Ég vil engan dóm á það leggja, hvað réttast hefði verið að gera þá, en ég vil aðeins á það benda, að þá var skorturinn á farþegaskipum til landsins svo mikill, að það varð að taka eina almennilega strandferðaskipið, sem við eigum, Esju, og senda það til útlanda til að flytja fólk. (**SkG**: Það var gamla Esja.) Hvað sem um það er, þá var tekið það einasta strandferðaskip til að fara í fólksflutninga, sem Eimskipafélagið virtist ekki hafa skip til að annast. Ég hygg, að það hefði verið rétt að kaupa bæði fólksflutningaskip og vöruflutningaskip, ef félagið hefði getað keypt bæði skipin, og sennilegt er, að ef ekki hefði verið ágreiningur um þetta, þá hefði það orðið til þess, að bæði skipin hefðu verið keypt. Hann segir, að það hafi verið mikill skaði, að ekkert hafi orðið úr þessum skipakaupum, og er ég honum þar sammála, en ég veit ekki, hvern ég á að ásaka í þessu efni; ég er ekki kominn til að kveða upp neinn dóm um það.

Þá kem ég að því, sem hann sagði, að væri aðalatriðið í gagnrýni hans á ræðu minni, en það voru þau ummæli, sem ég hafði látið falla, að ég teldi mjög ósanngjarnt, svo að ekki væri meira sagt, að félaginu væri gert að greiða skatta, tekjuskatt og eignarskatt, í hlutabréfum, því að bréfin væru miklu meira virði en nafnverð þeirra segir til. Þetta þótti hv. þm. vera mjög undarleg yfirlýsing af minni hálfu. Í alveg sama streng tók hv. 2. þm. S.-M., sem taldi, að bréfin væru að vísu einkaeign hluthafanna, en vildi þó telja, að hluthafarnir hefðu einhverja móralska skyldu til að afsala þeim til annarra.

Ég skal fara um þetta nokkrum orðum og skýra, á hverju ég byggi þessa umsögn mína.

Félagið á, eins og ég sagði, rúmlega 1½ millj. kr. í hlutafé. Eignir þess eru aftur milli 30 og 40 millj. króna. Ég vil draga af því þá ályktun, að hlutabréfin væru metin með venjulegum hætti

20—25-falt að verðmæti á við það, sem nafnverð þeirra segir til. Þetta er nefnilega sú raunalega staðreynd fyrir þá í málinu, að hluthafarnir hafa ekki undirgengizt neinar kvaðir um meðferð þessara bréfa, og þessir hv. þm. hafa báðir verið með því að veita félaginu skattahlunnindi, sem eingöngu voru bundin við það, að félagið borgaði ekki hærri arð en 4% til hluthafa og veitti nokkrum námsmönnum ókeypis far til útlanda. Lengra náðu skuldbindingarnar ekki, en svo þegar tímabil skattfrelsisins var útrunnið, þá hafði félagið rétt til að haga starfsemi sinni eins og önnur einkahlutafélög.

Nú er lagt til að gera verulegan mun með þessu frv. Nú er lagt til að setja það skilyrði í fyrsta sinn, að tekjuafgangi félagsins verði varið til að kaupa skip eða á annan hátt í þágu samgöngumála. Þetta hafa þeir, sem áður hafa verið ráðh., aldrei sett sem skilyrði fyrir skattfrelsinu, og því er komið sem komið er, að nú er félagið frjálst að fara með sínar eignir nákvæmlega eftir eigin geðþótta og við stöndum frammi fyrir því opna spursmáli, m. a. fyrir aðgerðir þessara hv. þm., að félagið geti nú hagað starfsemi sinni eins og hvert annað einkafyrirtæki, en það, sem hér er verið að tryggja, er að færa það í það lag, sem hefur verið vanrækt m. a. af þessum hv. þm. (**EystJ**: Hefur það þá ekki líka verið gert af þessum hæstv. ráðh.?) Jú, það voru á sínum tíma ekki sett nein skilyrði, en þó hefur félagið aldrei gert tilraun til að leika sér með þetta fé, sem það hefði þó getað. Þingið stendur nú frammi fyrir þeim möguleika að veita félaginu hlunnindi með þeim skilyrðum, að það verði þjóðinni að gagni, án þess að hnekkja rekstri þess í neinu, eða veita ekki þessi skattfríðindi og félagið hafi þann möguleika að reka starfsemi sína eins og hvert annað einkafyrirtæki.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um móralska skyldu í þessu sambandi. Hann sagði, að hann væri hræddur um, að hluthafarnir kynnu að fara að líta svo á, að þeir mættu fara með bréf sín og eignir sínar eins og þeim kynni að henta bezt. Þetta væri meira en hugsanlegt, ef þeim skyldi detta í hug, að þeir hefðu uppfyllt öll skilyrði, sem sett hefðu verið fyrir skattfríðindunum. Nú er þessu skattfríðindatímabili lokið, og þeir standa uppi með þennan hagnað að loknu tímabilinu. Ég tel ákaflega illa farið, ef Alþingi yrði til þess að hrekja félagið út af þeim grundvelli, sem það hefur starfað á undanfarin ár. Það hefur starfað hingað til á þeim grundvelli, sem er óvéfengt af þessum hv. þm., að það hefur ekki notað hagnað sinn til að greiða hluthöfunum arð. Það hefur eingöngu borgað eins og til stóð 4—5% af nafnverði hlutabréfa og stundum ekkert, en það hefur hagað rekstri sínum, eftir því sem mér skilst, oftast á þann veg, að þjóðin má þar vel við una. Vil ég þó taka undan þetta ár, 1943, með fragthækkuninni þá, því að það hefði að mínu viti mátt betur fara, en ég tel, að það mál eigi ekki að taka upp í þessu sambandi, heldur af viðkomandi verðlagsyfirvöldum og ráðast til lykta af þeim. Ég tel hins vegar, að félagið hafi yfirleitt hagað rekstri sínum og starfsemi á þann veg, að það hefur verið þjóðinni í heild til mikils ávinnings. En ef nú ætti að neita félaginu um skattfríðindi eða setja þau skilyrði fyrir þeim, eins og hv. þm. V.-Húnv. vill, sem eru raunverulega sama og neitun, þá er félagið hrakið út af þeirri braut, sem það hefur starfað á, og hefur möguleika til að fara út í sams konar rekstur og venjuleg hlutafélög, þ. e. a. s. að einstaklingssjónarmið verði þar gildandi, og það er mikil freisting fyrir hluthafana að gera það, en ég tel, að það yrði illa farið, ef það yrði árangurinn, í staðinn fyrir að fara út í þær skipabyggingar, sem félagið óskar að fara út í og þjóðin hefur mikla þörf fyrir.

Hv. þm. báðir sögðu, að það væri ekki viðeigandi og alls ekki sæmandi orðbragð hjá mér, þegar ég sagði, að till. hv. þm. V.-Húnv. gengi út á að sölsa eignir félagsins undir ríkið, en ég get satt að segja ekki séð, að það sé neitt ofmælt. Félaginu er samkvæmt till. hans heimilað að greiða tekjuskatt, eignarskatt og stríðsgróðaskatt, sem því ber að gjalda ríkinu í hlutabréfum í félaginu, er reiknuð séu til skattgreiðslunnar með nafnverði, enda verði engar takmarkanir á atkvæðisrétti á hluthafafundum félagsins, að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. (**SkG**: Vill hæstv. ráðh. ekki lesa till. alla?) Jú, með ánægju, með leyfi hæstv. forseta. „Eftir að hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er orðin jafnhá samanlagðri hlutafjáreign annarra hluthafa, gilda ákvæði laga nr. 33 7. maí 1928 um skattgreiðslu félagsins."

Mér skilst, að hv. 2. þm. S.-M. vilji skjóta sér undir það, að þessi greiðsla í hlutabréfum sé eingöngu bundin við það tímabil, þangað til hlutafjáreign ríkisins er orðin jafnhá hlutafjáreignum annarra hluthafa í félaginu, en svo komi þessi miklu hlunnindi, sem í skattfrelsinu felist. Sér eru nú hver hlunnindin, þegar ríkið er búið að eignast félagið. Það hefur þá fengið meirihlutaaðstöðu í félaginu og getur ráðið því til fulls. Ég tel, að þessi aðferð, sem stungið hefur verið upp á af hv. þm. V.-Húnv., sé fyrir neðan það, sem ríkisstj., ríkissjóður og Alþingi geti leyft sér að gera. Ég er með því fullkomlega, að ríkissjóður eignist aukin ítök í félaginu, en ég vil ekki gera það á þann hátt, sem ég tel allt að því ósæmilegt.

Hv. þm. V.-Húnv. segir, að því sé haldið fram, að þetta sé alþjóðarfyrirtæki og menn hafi ekki dreymt um það að fá neinn arð af þessu fé nema venjulega vexti, og ég get gengið inn á það, að þannig muni féð hafa verið lagt fram af fjölda mörgum, þegar félagið var stofnað. En það er eins með þetta félag og önnur, að þegar félagið hefur eignazt einhver verðmæti, þá eru menn ekkert sérstaklega fúsir til að gefa þau frá sér. Ég heyri sagt, að S. Í. S. hafi eignazt talsvert mikið af sjóðum, safnað sér digrum sjóðum, meðan styrjöldin hefur staðið. Ég er ekki viss um, að þetta fyrirtæki kæri sig um, að þeim verði stráð út í veður og vind og jafnað milli landsmanna. Þannig er ég óviss um, að hluthafar Eimskipafélagsins kæri sig um, að fé, sem þeir hafa lagt fram í upphafi og hafa átt síðan, verði dreift milli allra landsmanna, ef þeir eru til með að tryggja, að félagið sé rekið eins og í upphafi var ætlazt til með hag alþjóðar fyrir augum.

Ég lýsti yfir í fyrri ræðu minni, að það mundu verða bornar fram af hálfu fulltrúa flokksins í fjhn. nokkrar brtt. við þetta frv., og ég hef átt þess kost að sjá þær og veit, að þær eru m. a. í þessa átt, í fyrsta lagi að setja það skilyrði, að ekki verði borgað nema 4% í arð af hlutafé, í

öðru lagi, að tekjuafgangi félagsins verði eingöngu varið til samgöngubóta og skipakaupa, í þriðja lagi, að fram fari könnun á því, hverjir séu nú eigendur hlutabréfa félagsins, og í fjórða lagi, að samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar. Ég tel, að með þessu sé náð því, sem fyrir mér er aðalatriðið í þessu máli, nefnilega það, að hagnaðinum af rekstri félagsins sé varið til siglinga- og samgöngubóta og félagið eigi þess kost að efla skipastól sinn og kaupa þau 6—7 nýju skip, sem það hefur lýst yfir, að það þurfi að kaupa, þegar stríðinu lýkur og samkeppnin byrjar við útlendinga, því að þá megi ekki, eins og ég sagði í minni frumræðu, hvíla á skipum félagsins það miklar skuldir, að félagið neyðist til að þrengja í þeirri baráttu niður kaupi skipshafna eða draga úr aðbúnaði þeirra. En til þess, að það megi takast, verður félagið að eiga sem allra mest í sínum skipum skuldlaust.

Það fór ekki hjá því, og ég tók eftir því, að hv. 2. þm. S.-M. endaði bæði fyrri og síðari ræðu sína á sama atriði, og það gefur mér tilefni til að ætla, að það sé fyrir honum mjög verulegt atriði í málinu, svo að ekki sé meira sagt, en það voru skipakaup S. Í. S. Hann virtist áhyggjufullur um framtíð þess fyrirtækis vegna þeirra skattfríðinda, sem Eimskipafélaginu hafa verið veitt. Hann sagði, að það hafi verið talið heppilegt af Sambandinu að búa sig undir að kaupa skip, sem kæmi til að sigla í samkeppni við Eimskipafélagið, og er ekkert við því að segja. En þó að hann standi að þessum skipakaupum með S. Í. S., þá má það ekki verða til þess, að hann standi betur að vígi í samkeppninni við Eimskipafélagið, leggi stein í götu þess. Ég er ekki að segja, að þetta hafi verið meiningin, en ég aðvara hann um það, sem kom fram hjá honum áðan, að hugsunin um skip S. Í. S. verði ekki til að leggja stein, kannske óviðráðanlegan, í götu Eimskipafélagsins. Annars virðist nú vera ofarlega á baugi hjá Framsfl. að taka upp samkeppni og frjálsa verzlun á sem flestum sviðum, og er ekkert við því að segja, og gefst kannske síðar tækifæri til að verða við þeim óskum að verulegu leyti, en ekki hefur það alltaf verið efst á baugi hjá Framsóknarflokknum að berjast fyrir þessu.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði frá því í lok ræðu sinnar, hvernig samningar gengju til í ríkisstj. Mér þótti það æríð furðulegt, hvernig hann sagði frá um það atriði. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur fengið þær upplýsingar, sem þar komu fram. Hann sagði, að þar gengju hótanir um að rjúfa samstarfið fjöllunum hærra og svo lækju menn þar niður á víxl hver fyrir öðrum. Ég er satt að segja undrandi yfir, hvaðan hv. þm. hefur þessar upplýsingar. Þetta er ánægjulegt fyrir hann og hans flokk, ef samstarfið gengi svona stirt, en ég get fullvissað hann, að ekkert þess háttar hefur átt sér þar stað. Þau mál, sem fram hafa komið frá stj., hafa flest verið borin fram á þeim grundvelli, sem lagður var í þeim málefnasamningi, sem gerður var við stjórnarmyndunina, og þurfti ekkert um það að rífast og enginn að leka niður fyrir öðrum, eins og hann orðaði það. Ég get fullvissað hv. þm. um, að það hafa engar hótanir eða átök eða neitt þess háttar valdið því, að þetta mál var borið fram og afstaðan til þess er eins og hún er. En æskilegt væri, að hv. þm. hefði betri heimildir fyrir fullyrðingum sínum næst, þegar hann talar, en hann hefur haft fyrir þessum fullyrðingum sínum.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að hafa um þetta nokkuð fleiri orð. Ég tel mig hafa svarað öllum meginatriðum, sem fram hafa komið hjá hv. þm. Ég fyrir mitt leyti vil gjarnan, að málinu verði hraðað, svo að hægt sé að ljúka afgr. þess sem fyrst, og geri því ekki ráð fyrir að ræða um það frekar að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hæstv. samgmrh. sagði. Annars geri ég ráð fyrir, að menn hafi hug á að ljúka þessari umr. á þessum degi, og skal ég ekki vera meinsmaður þess.

Hæstv. samgmrh. hefur vikið að því hvað eftir annað út af flutningsgjöldunum hjá Eimskipafélaginu, að Framsfl. hafi átt fulltrúa í stj. Eimskipafélagsins, sem hefði látið undir höfuð leggjast að aðvara ríkisstj. um það hneyksli, sem þar hefði verið í uppsiglingu. Framsfl. hefur engan fulltrúa þar, en hins vegar er fulltrúi ríkisstj. framsóknarmaður, en vinnur þar á engan hátt sem fulltrúi flokksins. Hæstv. ráðh. veit vel, að málefni eins og þau, hvernig farmgjaldataxtanum er háttað, heyra aðallega undir framkvæmdastjórnina. Hæstv. ráðh. og flokksbræður hans ættu að minnast þess, að verðlagsyfirvöldin hafa yfirleitt mjög látið uppi þá skoðun, að framkvæmdastjórn Eimskipafélagsins hafi gefið ranga hugmynd um, hvernig farmgjöldin þyrftu að vera, og verðlagsráðið hefur afsakað sig með því, að það skyldi ekki hafa tekið fyrr í taumana.

Hann segir, að þau boð, sem boðin eru í till. Framsfl., séu þannig, að þeim hlyti að verða neitað. Þar er aðeins gert ráð fyrir, að menn fái nafnverð fyrir þau nýju bréf, sem út eru gefin. Þetta er náttúrlega alveg byggt á misskilningi hjá hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi er það, að Eimskipafélagið fær að vísu ekki nema nafnverð greitt, þegar það lætur nýju hlutabréfin af hendi við ríkissjóð, en það fær skattfrelsi um óákveðinn tíma, og það er miklu meira virði. Ráðh. sagði, að eftir að nýju hlutabréfin væru afhent, væri félagið orðið ríkisfyrirtæki. Ríkið ætti þó aldrei meira en helming hlutabréfa, og munur er á helmingi og heilu. Það hefur aldrei komið neitt fram, sem sýni, að hluthafar félagsins ætli sér meira gagn af eign sinni í félaginu en nafnverði bréfanna nemur. Þessi afstaða hluthafanna hefur ekkert breytzt við efnaaukning félagsins, ekkert t. d. við hinn mikla gróða 1943. Þeir munu telja sig siðferðislega bundna við að gera það ekki. Ég er undrandi, að hæstv. ráðh. skuli ekki vilja leggja þessa skoðun, sem hluthafarnir hafa viðurkennt í verki, til grundvallar samningum við félagið og fallast á brtt. hv. þm. V.-Húnv. Eða vill hann í alvöru halda því fram, að hluthafarnir séu á gagnstæðri skoðun um skyldur sínar og takmörkin fyrir því, hvernig leyfilegt sé að verja fé félagsins? Eiginlega var það á honum að heyra. Menn hljóta að undrast það stórlega, að enginn hefur gengið lengra í því en hann að halda fram 100% rétti hluthafanna til að gera af félagseignunum það, sem þeim sýnist. Hvað gengur honum til þess? Hann talar eins og hluthafarnir muni nota sér þann

rétt til hins ýtrasta. Mér finnst glapræði að tala slíkt — að óreyndu.

Mér finnst það ófrávíkjanleg skylda forráðamanna landsins að halda hinum skilningnum fram gagnvart félaginu, ef einhverjir hluthafar vildu láta sjálfræði hluthafanna verða slíkt sem ráðh. bjóst við. Hinar sterku fullyrðingar forystumanna félagsins um, að hluthafar ætli sér ekki persónulegan hag af velgengni félagsins, eru sá grundvöllur, sem ófyrirgefanlegt væri að eyðileggja. Það virðist vera sjónarmið hæstv. samgmrh., að úr því búið sé að veita félaginu skattfrelsi áður, dugi ekki annað en gera það áfram ótakmarkað, því að ella yrðu eignir félagsins lagðar í eitthvað og eitthvað, sem hluthöfum þætti gróðavænlegast, eða fluttar úr landi, — félagið hefði engar skyldur, sem byndu það. Þetta er háskalega óheilbrigð skoðun. Skattfrelsi bindur. En mér finnst ekki hægt að veita hlunnindin áfram, nema það sé fest með nánari ákvæðum, hvers eðlis skuldbindingar félagsins við ríkið eru. Það, sem ráðh. stingur upp á í því efni, skilst mér vera heldur þýðingarlítið, þótt skárra sé en ekki neitt, að féð skuli notað til samgangna. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvort svo eigi að skilja, að félaginu sé þá skylt að verja til þeirra ekki aðeins framtíðargróða, heldur einnig fengnum gróða, t. d. fúlgunni frá 1943.

Ráðh. reyndi tvívegis að draga S. Í. S. inn í þetta mál og sagðist ekki vera viss um, að það kærði sig um, að þessu fé yrði sundrað með löggjöf. Það mundi vissulega líta slíka löggjöf óhýru auga. En hér er um gersamlega óskylt mál að ræða: skuldbindingar, sem félagi er ætlað að gangast undir, ef það vill njóta tiltekinna hlunninda. Hvað kemur þetta S. Í. S. við? Ég var ekki að draga skipakaup inn í umr., þótt ég gæti um athuganir S. Í. S. viðvíkjandi skipakaupum og gerði það að gefnu tilefni í ræðu hv. 8. þm. Reykv. Þá var hæstv. ráðh. að brýna okkur framsóknarmenn á hlutum liðins tíma, tala um áhuga okkar á frjálsri verzlun o. þ. h. Við höfum báðir staðið að innflutningshömlum af illri nauðsyn á sínum tíma og hvorugur af því, að hann teldi slíkt ástand æskilegt, sem gerði þær nauðsynlegar. Enginn óskaði þess meir en ég, að unnt yrði að létta þeim af og leyfa frjálsa verzlun.

Ráðh. lét vel af samkomulaginu innan ríkisstj. og spurði, hvaða heimild ég hefði fyrir því, að það væri ekki gott. Ég hafði bara ræðuna, sem hv. 8. þm. Reykv. flutti í dag, þegar hann skýrði, hvers vegna flokkur hans hefði orðið að ganga inn á að viðhalda öðru eins fyrirkomulagi og blað flokks hans hafði lýst allsvæsið og hér hefur verið lesið upp. Ástæðan var sú, sagði hann, að það yrði flokkurinn að vinna til samkomulags. Ef flokkur neyðist til að sætta sig við það, sem hann telur hneyksli, er erfitt að skilja, að hann telji það gott samkomulag að vera neyddur þannig. Mér dettur ekki í hug, að það sé. Mér er sama, hvað ráðh. vitnar oft um elskulegt samkomulag. Nóg tilefni eru til að benda á hið gagnstæða.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er sitt hvað að gera yfirlýsingu eins og hv. 8. þm. Reykv. gerði, um að flokkur treystist ekki til að framkvæma stefnumál sín, eða að slæmt samkomulag hljóti að vera í samstjórn flokka, sem starfa að lausn mála á afmörkuðum grundvelli. Þetta veit hv. 2. þm. S.-M., þótt hann láti öðruvísi.

Hv. þm. taldi, að mér væri skylt sem einum af forráðamönnum landsins að halda fast fram hinum „móralska" rétti ríkisins til að ná valdi yfir Eimskipafélaginu og láta hluthafana afsala sér yfirráðunum yfir því. Ég vildi gjarnan geta farið eins langt í því og frekast væri unnt. En ég sé ekki nokkra minnstu lagalega átyllu til að knýja hluthafa félagsins til að semja á þeim grundvelli, og það fást þeir áreiðanlega ekki til að gera, þótt ég álíti og treysti, að þeir telji sér skylt að nota ekki eigur félagsins til persónulegs hagnaðar fyrir sig. Á þeim einum grundvelli, sem áður hefur verið markaður, þegar félaginu var veitt skattfrelsi, er nú hægt að semja, svo að starfið geti haldið áfram. Þetta er óumflýjanlegt að gera.

Sigurður Kristjánsson: Nú er mjög framorðið, og skal ég ekki verða margorður. Ég lít svo á, að þetta pex hv. framsóknarmanna sé orðið sjálfsagður þáttur í meðferð allra merkari mála og líklega illskást að umbera það með þögn og þolinmæði. Sú skoðun er þar uppi, að Eimskipafélagið hafi drýgt einhverja misgerð með því að hagnast á erlendum leiguskipum 1943. Hitt er sannleikurinn, að sá gróði félagsins var eitthvert allra mesta happ, sem fyrir landið hefur komið. Að stríðinu loknu verður það með allra erfiðustu hlutverkunum að sjá fyrir nægum siglingum. Um það verður ekkert samkomulag milli þjóða, heldur hörð samkeppni, þar sem búast má við, að þær þjóðir, sem geta haft ódýrasta flutninga, geti brátt „keppt út" þær þjóðir, sem hafa gömul og óhentug skip og skuldug útgerðarfyrirtæki, sem megna ekki að endurnýja skipastólinn, hlaðin vaxtagreiðslum og álögum.

Ég býst við, að það verði ekki vefengt, að Eimskipafélagið þurfi að byggja 6 eða 7 skip. Það fé, sem því hefur áskotnazt, hrekkur hvergi nærri fyrir því. Auk þess býst ég við, að litið verði til þess sem eina fyrirtækisins, sem fært sé um að taka að sér flutninga á hraðfrystum fiski á markað. Hér vantar skip með kælirúm nema það litla, sem er í Brúarfossi. Vitað er það um gróðann 1943, að hann varð ekki af íslenzkum skipum, á þeim varð tap. Farmgjöld á þeim voru því sízt of há, og þannig var gróðinn ekki tekinn af almenningi með því að setja farmgjöld óeðlilega há. Þetta verður að viðurkenna til að geta skilið, hvert happ þjóðina henti í það sinn. Í öðru lagi er vitað, að landsmenn hefðu soltið í hel, ef félagið hefði engin skip haft í förum.

Þetta er ekki fyrsta sinn, sem Framsfl. sýnir Eimskipafél. hug sinn og vill koma því undir ríkið. Tilgangurinn var að ná því undir sig til þess að geta misnotað þetta félag eins og öll félög, sem sá flokkur hefur náð á tökum, og geta beitt því með sín markmið fyrir augum. Ráð á ½ hlutafé eru meir en nóg, því að dreifðir hluthafar mæta aldrei allir á fundum. Þá var tillagan sú, að styrkur, sem félagið hafði til strandferða, skyldi reiknast sem hlutafé. Þá var sett n. til að rannsaka, hvort félagið græddi á strandferðum. N. komst að því, að félagið beið sífellt tap af strandferðunum, stundum svo að nam hundruðum þús. kr. Í þessari n. var m. a. hæstv. forseti þessarar

d. Við þetta þagnaði kliðurinn um, að styrkurinn yrði hlutafé. Og þessi öfund, sem fram hefur komið hjá þessum flokki fyrr og síðar, stafar af því, að þessi félagsskapur virðist vera óvinnandi borg fyrir Framsfl. til þess að misnota hann. Það má kannske segja, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé frekar „principmál" heldur en það hafi praktíska þýðingu. Það er nú fyrst og fremst vitað, að félagið mun ekki greiða hærri arð heldur en 4%. Það er vitað, að það mun halda áfram rekstri sínum í þágu alþjóðar. Það er vitað, að félagið hefur ákveðið að verja gróða sínum til þess að auka skipastólinn og gera landsmönnum mögulegt að flytja til landsins og frá því. Þetta er allt vitað og einnig það, að félagið hefur ekkert grætt á því ári, sem var að líða, og næsta ári á undan ekki svo, að neinu næmi. Það eru því ekki nein friðindi, þótt það sé gert skattfrjálst fyrir árið, sem leið. Og það má heita útilokað, að það geti grætt á yfirstandandi ári. Þetta er því ekki praktískt mál, en það hefur mikla óbeina þýðingu. Því að með samþ. þessa frv. stj. er það staðfest, sem alltaf hefur verið samþ. á Alþ., að félagið er skoðað sem alþjóðarfyrirtæki, sem eigi að koma fram við á allan hátt í samræmi við þá siðmannlegu framkomu, sem félagið hefur alltaf sýnt með starfsemi sinni. Og það mun verða til þess að staðfesta þann hugsunarhátt hjá yfirráðamönnum þess, að þeim ber ætíð að starfa á þeim grundvelli, að félagið sé ekki einkahagsmunafyrirtæki, heldur fyrirtæki, sem vinnur að öryggi og hagsmunum alþjóðar.

Ég hef ekki mikla tilhneigingu til að blanda mér inn í þann ágreining, sem varð á milli hv. 2. þm. S.-M. og hæstv. samgmrh., varðandi sinnaskipti Framsfl. En það er alltof skoplegt mál, til þess að hægt sé að ganga framhjá því. Hv. 2. þm. S.-M. stóð hér og signdi sig, eins og hann og hans nánustu eru vanir að gera, þegar þeir ætla þar inn fyrir, sem þeir eiga ekki að koma, og sagði, að þeir framsóknarmenn hefðu alltaf verið samkeppnismenn. Einu sinni man ég eftir því að þeir uppnefndu Sjálfstfl. og kölluðu hann samkeppnisflokk, því að þeim finnst sjálfsagt að uppnefna alla, sem eru á móti þeim. (**SvbH:** Gerir Sjálfstfl. það ekki?) Ég var aðeins að tala um Framsfl. Eða álítur hv. þm., að ef maður hefur í frammi óknytti, þá sé sjálfsagt fyrir Framsfl. að vera ekki eftirbátur í því? Framsóknarmenn uppnefndu Sjálfstfl., svo að árum skipti, og kölluðu hann samkeppnisflokk. En nú ætlar hv. þm. að gera sig heilagan með því að segja, að hann sé samkeppnismaður. Hvað sýnist mönnum um þetta? Og það er alveg rétt, sem hæstv. samgmrh. tók fram í ræðu sinni, að nú tala framsóknarmenn ákaflega mikið um frjálsa verzlun, frjálsa samkeppni og skattalækkanir. Þetta eru nú aðalmálin. En þetta er þó flokkurinn, sem hefur hætt aðra fyrir að vera samkeppnismenn, flokkurinn, sem hefur beitt sér fyrir höftum og böndum meir en nokkur annar flokkur og skaðað Íslendinga um milljónatugi með haftatrú sinni, illu heilli. Og þetta er flokkurinn, sem frægur er fyrir mestu skattakúgun, sem þekkzt hefur í landinu. Þeir eru ekki spéhræddir þessir menn. En nú hlær líka hver Íslendingur, þegar þessir sömu menn koma fram og gera þessi mál að sínum aðalmálum. [Fundarhlé kl. 7,40—9 síðdegis.]

Forseti (JörB): Það eru að vísu ekki nema 9 þm. hér, og mun þeim ekki ætlað að ráða úrslitum málanna.

Það er því miður ekki í þingsköpum, að þm. tali fyrir auðum stólum, þótt það hafi tíðkazt hér upp á síðkastið.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vil aðeins láta þess getið, að einhvern tíma var sú tíð, að framsóknarmönnum þótti hlýða að ganga úr salnum, þegar vissir þm. töluðu, og þótti viðeigandi, að þeir töluðu yfir tómum stólum, og væri ekki nema gott og sanngjarnt, að framsóknarmenn æfi sig að tala yfir tómum stólum.

Forseti (JörB): Hv. 8. þm. Reykv. kann að hafa eitthvað til síns máls, að þm. hafi séð sig knúða til þess að ganga úr salnum, en ég hygg þetta taki ekki til mín.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti — (**SigfS:** Munum vér nú út ganga.) Hv. 8. þm. Reykv. kvartar undan því að hlýða á mál mitt, og verður hann vitanlega að taka það ráð að hverfa af hólminum. Ég tel nú líka, að þessu máli, sem hér liggur fyrir, muni verða ráðið eins heppilega til lykta, þótt hann komi þar hvergi nærri, og mundi ég sízt harma, þótt hann væri fjarri, ekki aðeins við umr., heldur einnig atkvgr. Býst ég við, að það væri málinu fyrir beztu.

Ég sagði hér í dag frá upplýsingum, sem er að finna í brezku tímariti, sem ég nafngreindi og kom út í des. s. l. Eru þar upplýsingar um verð á flutningaskipum af ákveðnum stærðum, bæði í Svíþjóð og Englandi, og er verðið tilgreint eins og það var fyrir styrjöldina og einnig nú. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, en það er eins og þær upplýsingar, sem ég gat um, hafi komið eitthvað óþægilega við hv. samgmrh. og hann virðist ekki geta stillt sig um að dylgja um það, bæði í síðustu ræðu sinni og eins áður, að þessi málafærsla mín væri þeirrar tegundar, sem ekki ætti að nota, og ég segði ekki nema hálfan sannleikann.

Ég held satt að segja, að það væri sæmilegra fyrir hæstv. ráðh. að kynna sér það, sem stendur í þessu tímariti, hann á þess vafalaust kost, heldur en að fara með þessar dylgjur, að það sé ekki rétt. (**Samgmrh.:** Það hefur enginn sagt, að það væri ekki rétt.) Hvers vegna er þá hæstv. ráðh. að halda því fram, að ég segi ekki nema hálfan sannleikann og þessi málfærsla mín eigi ekki við? Ég hef aðeins sagt frá því, sem stendur í þessu brezka tímariti, og getur hæstv. ráðh. sjálfur kynnt sér það, hvort ekki er rétt, sem ég sagði um verð á skipunum, eins og frá því er sagt í tímaritsgreininni. Ég geri alls ekki ráð fyrir því, að þekkt tímarit, brezkt, fari að gefa upp verð flutningaskipa, sem séu þannig, að þau séu ekki hæf til þess að sigla á sjó og flytja vörur. Hins vegar segi ég aðeins frá þessu, sem stóð í tímaritinu um verðið, og ég held, að það væri rétt fyrir hæstv. ráðh., ef hann ekki trúir orðum mínum, að kynna sér það, áður en hann fer að halda því fram, að þetta muni ekki rétt vera.

Hæstv. ráðh. sagðist telja það æskilegt, að ríkið hefði meiri íhlutun um stjórn Eimskipafél. en það nú hefur. En hvað er þá í veginum? Hvers

vegna getur þá hæstv. ráðh. ekki fallizt á till. mína í þessu máli?

Ég þarf ekki að svara því, — hæstv. ráðh. eða aðrir þeir, sem nú hafa skipt um stefnu í þessu máli, bjarga sér ekki með því að reyna að koma ábyrgð á því, sem aflaga hefur farið, yfir á einn mann af 7 eða 9, sem í stjórn Eimskipafél. eru. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði einmitt vantað farþegaskip fyrir stríð, og í því sambandi minntist hann á það, að Esjan hefði verið notuð til farþegaflutninga milli landa. Esjan hefur líklega farið fáeinar ferðir fyrir stríð milli Skotlands og Íslands og flutt aðallega farþega. Ég býst ekki við, að þetta hafi eingöngu verið fyrir það, að svo sérstaklega hafi vantað skip til þessara farþegaflutninga eða það sanni nokkuð um það, að meiri þörf hafi verið fyrir farþegaskip en vöruflutningaskip. Ég hygg, að þetta hafi verið þannig, að Esjan hafi verið látin fara þessa ferð til þess að ná inn einhverjum tekjum til að mæta halla á útgerð skipsins að öðru leyti. Fyrst hæstv. ráðh. fór að tala um Esjuna í þessu sambandi, þá má gjarnan minna á, að það voru framsóknarmenn, sem stóðu fyrir því, að Esjan var keypt til landsins rétt fyrir stríð. Eimskipafél. hins vegar var þá með ráðagerðir um að kaupa stórt farþegaskip, en ekkert varð úr framkvæmdum. Mér þykir hins vegar ekki ólíklegt, að það hefði verið mögulegt fyrir Eimskipafél. á þeim árum að ná í skip til vöruflutninga, ef stjórn fyrirtækisins hefði lagt kapp á það.

Þá sagði hæstv. ráðh., að bæði ég og hv. 2. þm. S.-M. hefðum verið með því áður fyrr að veita Eimskipafél. skattfrelsi. Það er einkennilegt, að hæstv. ráðh. gerir ekki neinn greinarmun á því að veita fél. stuðning, þegar það átti litla sjóði og var fátækt fél., eða hinu að veita fél. sams konar fríðindi eftir að það er orðið fjársterkasta fyrirtækið í landinu. Hæstv. ráðh. sagði, að nú séu sett fram ný skilyrði fyrir þessum hlunnindum og vegna þess að slík skilyrði hafi ekki verið sett áður, hafi fél. verið frjálst að fara með eigur sínar eftir eigin geðþótta og það hafi verið eins og hvert annað hlutafél. Ég vil út af þessum ummælum hæstv. ráðh. spyrja um það, hverjir af ráðamönnunum í þessu fél. hafa verið með bollaleggingar um það að verja fé fél. til annarra hluta en til þess að efla samgöngurnar. Ég hef, sem betur fer, ekki orðið var við bollaleggingar um slíkt eða að neinum hafi dottið það í hug. Það hefur ekkert komið fram, sem bendir til, að nokkrum ráðamanni í Eimskipafél. hafi dottið í hug að draga fé út úr þeim rekstri, sem fél. hefur með höndum. Mér finnst liggja í þessum orðum hæstv. ráðh. ásökun á fél. og ráðamenn þess, um að þeir ætli sér þetta og því nauðsynlegt að taka það fram, að fél. eigi að verja tekjuafgangi sínum til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumálanna. Það er svo gengið frá þessu í stjórnarfrv., að ekki er gott að skera úr um, hvort fél. er lögbundið til þess að verja þannig því fé, sem það hefur safnað í sjóð, eða ekki. Það er a. m. k. mikill vafi á því, að þannig sé hægt að skilja frvgr. eins og hún er orðuð. Ég vil nú bara benda á það, að ég sé ekki, að það sé neitt betur tryggt, nema síður sé, að fé fél. verði eingöngu varið til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála, þótt þetta frv. sé samþ. eins og stjórnin leggur það fram, heldur en þótt málið verði afgr. á þann hátt, sem við framsóknarmenn leggjum til. Það er vitanlega meiri trygging fyrir því, ef till. okkar verður samþ., að fé fél. verði varið á þann hátt, því að jafnvel þótt þetta ákvæði sé í stjórnarfrv., þá getur fél. vitanlega komizt hjá því, með því að nota sér ekki þau hlunnindi, sem l. veita. Þ. e. a. s. ef það ver fé sínu með öðrum hætti, þá skilst mér það verði ekki aðnjótandi þessara hlunninda, en þá er ekkert hægt við því að segja, a. m. k. kemur þetta frv. ekki í veg fyrir, að slíkt gæti átt sér stað, ef vilji væri fyrir hendi til slíkra ráðstafana, en ég hef aldrei orðið var við það. Ég sé því ekki, að það sé neitt merkilegt á ferðinni með þessu ákvæði eða skilyrði, sem sett er í frv., og þess vegna sé það ákaflega hæpið fyrir hæstv. ráðh. að afsaka snúning sinn og annarra stjórnarstuðningsmanna með þessu.

Hæstv. ráðh. fór nú að lesa upp till. mína í síðustu ræðu sinni. Ég held, að hann hefði átt að gera það í upphafi umr. En ég vil nú vænta þess, að það verði til þess að auka eitthvað skilning hans á málinu. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að ég legði til, að ríkissjóður eignaðist meiri hluta í fél., og yrði þá engin meirihlutastjórn þar. Ég hef nú ekki heyrt fyrr, að helmingur væri meiri hluti, að annar helmingurinn væri stærri en hinn. Það er ný uppgötvun hjá hæstv. ráðh., en annars verð ég að segja það, að einhvern tíma hefði það þótt í frásögur færandi, ef því hefði verið haldið fram, að ráðh. Alþfl. teldi það fyrir neðan allar hellur, að ríkið ætti helming af hlutafé Eimskipafél. Ísl. Sá hefði ekki þótt spámannlega vaxinn, sem hefði haldið því fram fyrir nokkrum árum, að ráðh. Alþfl. á árinu 1945 myndi telja það fyrir neðan allar hellur, ef till. kæmi fram um það, að ríkið eignaðist helming af hlutafé Eimskipafél.

Svo fór hæstv. ráðh. í ræðu sinni að bera saman Eimskipafél. og S. Í. S. Hann hefði átt að láta það ógert, því að það, sem hann sagði um þá hluti, sýndi allt of litinn skilning á þeim mun, sem er á samvinnufél. og hlutafél. Hann fór að tala um, hvað við því yrði sagt, ef til þess yrði ætlazt, að S. Í. S. færi að dreifa sjóðum sínum út meðal landsmanna. Ég skal segja hæstv. ráðh. það, af því að það lítur út fyrir, að hann viti það ekki eða hann læzt ekki vita það, að hver einasti maður hér á landi hefur rétt til þess að gerast félagsmaður í samvinnufél. og þar með meðeigandi að þeim sjóðum, sem samvinnufél. og sambönd þeirra eiga. Hann þarf að vísu að uppfylla viss skilyrði, en þau eru þannig, að það mun fæstum erfitt. Það mun vera þannig, að til þess að öðlast inngöngu í samvinnufél. þurfa menn að leggja fram 10 kr. inngöngugjald og svo að hafa náð vissum aldri, þó ekki háum. Að bera þetta svo saman við Eimskipafél., sem er hlutafélag, lokaður félagsskapur, það er náttúrlega málfærsla út af fyrir sig, sem hæstv. ráðh. ætti sízt að hafa með höndum, og ég get einnig frætt hæstv. ráðh. um það, hvernig farið hefði, ef samvinnufélagsskapur hefði haft með höndum þann rekstur, sem Eimskipafél. hefur haft. Þá hefði þessu verið hagað þannig, að þau árin, sem tekjuafgangur varð verulegur hjá fyrirtækinu, hefði ríflegum hluta af honum verið úthlutað milli félagsmanna í hlut-

falli við viðskipti þeirra hvers um sig, því að það er eitt af grundvallaratriðum samvinnufél. Þeir, sem borguðu of há flutningsgjöld, fengju hluta af því aftur í sinn vasa.

Ég sé sem sagt ekki, að það séu nema tvær leiðir til í þessu máli. Önnur leiðin er að breyta þannig stjórn fél. og valdaaðstöðu, að það verði sameign ríkisins og einstaklinganna, sem fyrir eru í fél., á þann hátt, sem við framsóknarmenn leggjum til, — að þar verði framvegis samstjórn ríkisins og einstaklinganna í málum fél. og fél. njóti þá áfram þeirra hlunninda, sem það hefur notið. Þetta er önnur leiðin. Hin leiðin er, að fél. starfi eins og hvert annað einstaklingsfyrirtæki og njóti þá ekki neinna hlunninda umfram önnur, því að þá verður fél. að taka því, að aðrir stofni til samkeppni við það á þessu sviði, og það er yfirleitt ekki hægt, ef það nýtur sérstakra hlunninda fram yfir önnur fyrirtæki. Hitt, að veita þessu fél. áframhald þessara hlunninda, án þess að íhlutun ríkisins um stjórn þess og rekstur verði aukin, er óverjanlegt með öllu, því að þannig er fél. veitt einokunaraðstaða, án þess að ríkið geti haft þar hönd í bagga að nokkru verulegu leyti, til þess að sjá um, að vel sé séð fyrir þörfum heildarinnar á hverjum tíma.

Hv. 7. þm. Reykv. flutti hér ræðu, en hann er nú ekki sjáanlegur hér núna. Ég vil þó með örfáum orðum víkja að ræðu hans. Hann virtist vera í mjög slæmu skapi (**SK**: Nei, í ágætu skapi), en síðast í ræðu hans kom fram skýring á því, þá sást það gjörla, af hverju þessi geðvonzka hans stafaði. Hv. 7. þm. Reykv. fór þá að tala um skattamál; þar er hundurinn grafinn. Ég benti á það í dag, hvað ýmsir af stuðningsmönnum núv. stj., ekki sízt þm. Sósfl., hafa orðið á sig að leggja í sambandi við þessa samvinnu, þar sem þeir hafa orðið að eta ofan í sig öll stóryrði sín frá s. l. ári um Eimskipafél. Ísl. En það er fleira, sem stuðningsmenn stj. munu hafa orðið að taka á sig og sumt óþægilegt, og er einn af þeim hv. 7. þm. Reykv., og það einmitt í sambandi við skattamálin, sem hann var að tala um. Ég minnist þess, að hér á árunum, meðan framsóknarmenn fóru með fjármálastjórnina, var því haldið fram dag eftir dag og ár eftir ár af sjálfstæðismönnum, að framsóknarmenn væru allt að sliga með skattaálögum, og ég held, að hv. 7. þm. Reykv. hafi ekki gengið skemmra í því en aðrir að ásaka framsóknarmenn fyrir það, sem hann og flokksbræður hans kölluðu „skattabrjálæði." En svo kom að því, að menn úr flokki þessa hv. þm. urðu fjmrh., og þá fór þetta nokkuð á annan veg en menn höfðu búizt við, sem áður höfðu tekið mark á skrifum hans um skattamálin, því að nú tók ekki betra við, og aldrei hefur keyrt um þverbak eins og á þessu þ. Aldrei í sögu þjóðarinnar hafa verið bornar fram jafnmargar tegundir af sköttum og nú, og aldrei hafa verið lagðar jafnþungar byrðar á landsmenn og nú á þessu þ. Hv. þm. er því neyddur til þess að strika yfir öll sín stóru orð frá fyrri tíð, hvort sem honum líkar betur eða verr. En hann kveinkar sér undan þessu, og ber það meiri vott um manndóm heldur en hjá sósíalistum, og gremja hans yfir þeirri meðferð, sem hann hefur sætt, brýzt nú fram í miður fallegum orðum um Framsfl. Hv. þm. finnur sig standa nokkuð höllum fæti í skattamálunum, og þess vegna brýzt gremja hans fram í tilefnislausum ásökunum á hendur Framsfl., sem engar stoðir eiga í raunveruleikanum, enda getur hann engin rök fært fyrir máli sínu, sem ofur eðlilegt er, þar eð þau munu ekki fyrirfinnast.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér fáein orð út af ummælum hæstv. samgmrh. og hv. 7. þm. Reykv.

Hæstv. samgmrh. minntist á það í sinni síðustu ræðu eða viðurkenndi, að ég mundi sennilega hafa nokkuð rétt fyrir mér í því, þegar ég lýsti því yfir, varðandi hluthafa í Eimskipafélagi Íslands, að það væri ekki þeirra ætlun að nota félagið sem féþúfu fyrir sig, og þar með viðurkenndi hæstv. samgmrh., að þeir myndu líta allt öðrum augum á þessa afstöðu til hlutabréfanna en hann hefur lagt svo mikla áherzlu á í þessum umr. En nú vil ég beina því til hæstv. samgmrh., ef hann er þessarar skoðunar eins og þeir, hvort það sé þá ekki rétt fyrir hann að vera með okkar leið, því að þá fá hluthafarnir í Eimskipafélaginu að segja til um það, hvort þeir vilji, að ríkið verði áfram eignaraðili eða ekki.

Að öðru leyti skal ég ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta út af því, sem við samgmrh. höfum talað um.

Hv. 7. þm. Reykv. sletti hér í ýmsar áttir, áður en hann fór í mat, kannske er hann nú eitthvað geðbetri, — um það á reynslan eftir að skera úr, — en það lá við, að hann fengi kast. Hann sagði, að Framsfl. hefði flutt till. á þingi hvað eftir annað um, að Eimskipafélagið yrði háð ríkinu. Í þessu er engin hæfa, því að það hafa aldrei komið till. frá Framsfl. í þessa átt. Hins vegar hefur Alþfl. flutt till. áður um þessa stefnu, og í Alþýðublaðinu í gær er játað, að það hafi verið stefna þeirra að koma Eimskipafélaginu undir yfirráð ríkisins. Hv. 7. þm. Reykv. ætti því að beina þessum ummælum sínum að einhverjum öðrum en okkur framsóknarmönnum, að því er líðna tímann snertir. Maður þekkir orðið þennan söng um óvildina í garð Eimskipafélagsins, — þessar upphrópanir, sem af og til kveða við úr herbúðum Sjálfstfl., og ef einhver vill benda á, að eitthvað ætti að vera öðruvísi, þá er þetta óp rekið upp og menn bornir ásökunum. Afstaða Framsfl. hefur frá öndverðu verið þannig, að hann hefur viljað beita sér fyrir því, að Eimskipafélagið fengi skattfrelsi og hefði það meðan það þyrfti á því að halda. En þá var það, sem sumir sjálfstæðismenn, t. d. Magnús Jónsson, voru á móti þessu, og form. Alþfl. beitti sér einnig gegn þessu, en Framsfl. og nokkrir þm. úr Sjálfstfl. fluttu málið og komu því í gegn. Hv. þm. sagði, að Framsfl. væri ráðamikill innan samvinnufélaga, en samvinnufélögin hafa samt ávallt verið með beztu stuðningsaðilum Eimskipafélagsins. Hitt er svo allt annað mál og í fullu samræmi við það, sem áður hefur verið sagt og komið hefur fram, að nú er hag Eimskipafélagsins allt öðruvísi háttað en nokkru sinni fyrr og að ýmsu leyti þannig, að ógerlegt er að halda áfram eins og verið hefur, hvað snertir fyrirkomulag félagsins.

Hv. 7. þm. Reykv. er ekki of gott að viðhafa sín köpuryrði; það tekur sér enginn þau nærri, hvort sem er. (**SK**: Annað heyrist mér nú.) Þessi

hv. þm. gerði nokkrar athugasemdir um Framsfl. almennt, sem hv. þm. V.-Húnv. hefur nú svarað, en ég get samt ekki stillt mig um að minnast örlítið á skattamálin, úr því að hv. 7. þm. Reykv. gerði það. Hann sagði, að það væri ákaflega undarlegt, að Framsfl. skuli ekki gleypa við samþ. allra þessara skattatill., sem hér liggja fyrir, og að þeir skuli hafa áhyggjur út af því, að landsmenn verði þannig þjakaðir af sköttum, sem þeir, sem við þessum málum hafa tekið, hafa gengið jafnlangt með sem raun ber vitni um. Ég segi aðeins það, ef við í Framsfl. erum frægir fyrir skattaálögur, þá mun sá orðstír og sú frægð senn fölna, því að nú eru komnir aðrir miklu fremri, sem hafa tekið við þessum málefnum og halda þannig á þeim, að þeirra, sem þar áður komu nærri, verður ekki mikið getið í sögunni, samanborið við þá, sem nú eiga hér hlut að máli undir forustu Sjálfstfl. Þeir hafa nú ekki aðeins valið að búa við þá skatta, sem áður hafa verið settir og sumir þeirra hafa eytt hálfri ævi sinni í að skammast hér út af, heldur koma þeir nú með nýjar skattaálögur, sem eru svo óréttlátar, að menn standa sannast að segja á öndinni yfir því, að nokkrum heilvita manni skuli geta dottið önnur eins firra í hug og þessar skattaálögur eru. Þeir hafa nú orðið að grípa til slíkra óyndisúrræða í skattamálunum og það jafnvel á hinum mestu gjaldeyristímum, sem yfir landið hafa komið.

Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn nokkuð óþolinmóður, en vil aðeins segja við hv. 7. þm. Reykv. að lokum, að hann ætti framvegis að vera þess minnugur, að það á aldrei að nefna snöru í hengds manns húsi.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst ég verða að svara þeim tveim hv. þm., hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. S.-M., sem töluðu hér á undan mér, með nokkrum orðum, af því að hæstv. forseti hefur ekki amazt við því, að minnzt væri á skattamálin almennt, sem að vísu eru þessu máli óviðkomandi, þar eð hér er til umr. skattfrelsi ákveðins félags, en ekki skattamál almennt.

Þeir minntust báðir á það, að mér hefði ekki farizt að vera að bera Framsfl. sökum fyrir framkomu hans í skattamálunum. Ég gat þess, sem alkunna er, að Framsfl. var búinn að geta sér landsfrægð fyrir skattaálögur sínar, og um margra ára skeið stóð deila milli Framsfl. og Sjálfstfl. um þessi mál, þar sem Sjálfstfl. hélt því fram, að skattaálögurnar væru meiri en landsmenn gætu borið, en Framsfl. virtist hins vegar aldrei verða saddur af að leggja á skatta, — og það, þegar þjóðin var sízt fær um að bera þá. Hv. 2. þm. S.-M. sagði í lok ræðu sinnar, að núv. ríkisstj. væri að leggja á þunga skatta og það í góðæri, og sýnir þetta, hvernig hugsunarháttur hans er, þegar um skattaálagningar er að ræða. Hann álítur réttara að leggja þunga skatta á í harðæri. Það er ekki hægt að búast við heilbrigðri skattapólitík af hendi manns, sem er svo gersamlega varnað skilnings á þessum málum. — Hv. þm. V.-Húnv. sagði, og hv. 2. þm. S.-M. endurtók það, að þjóðin hefði aldrei fengið yfir sig þyngri skattaálögur en þær, sem núv. ríkisstj. hefði lagt henni á herðar, og hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ég ætti ekki að minnast oftar á skattamálin, því að það ætti aldrei að tala um snöru í hengds manns húsi. Ég sé hér enga snöru eða gálga nema þann, sem Framsfl. sjálfur dinglar í, því að Framsfl. er nú til hliðar lagður í íslenzkri pólitík, m. a. fyrir stórsyndir sínar í skattamálunum. Þó held ég, að þessi flokkur hafi aldrei gert sig hlægilegri fyrr en hann samþ. lög vegna landbúnaðarafurðanna, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, sem skipta tugum milljóna króna, en svo þegar núv. ríkisstj. kemur til valda og á að standa við þessa samninga sína og Framsfl., þá rísa þeir nær allir upp á móti hæstv. ríkisstj. Þeir vilja ekki, að aðrir efni loforð sín. Ég veit ekki, hvernig hugsunarháttur þeirra er, ef þeir geta samþ. þung útgjöld fyrir ríkissjóð, en neita síðan næsta dag að samþ. leiðir til þess að afla ríkissjóði tekna upp í þessi útgjöld. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hafið göngu sína með því að leggja þungar skattaálögur á þjóðina; hún hefur ekki setið nema örskamma stund og verður að biðja þjóðina um fjármuni upp í það mikla fen, sem aðrir hafa stofnað til og fyrst og fremst Framsfl. (**EystJ:** Við höfum ekki haft fjmrh. síðan 1939.) Framsfl. hefur ekki ráðh. í ríkisstj. lengur. Ég þarf ekki að strika yfir nein stór orð frá fyrri tíð og held því fram, að í skattamálum þjóðarinnar eigi að gæta hófs eins og annars staðar, en held því jafnframt fram, að ef einhver ríkisstj. hefur drýgt syndir í fjármálum þjóðarinnar, þá verði þjóðin að afplána þær, hver sem hefur drýgt þær, og eigi að standa við allar þær skuldbindingar, sem gerðar hafa verið, og það er aðeins það, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að gera. Þá vildi hv. 2. þm. S.-M. halda því fram, að ég hefði farið með ósannindi, þegar ég hélt því fram, að Framsfl. hefði verið óvinveittur Eimskipafélaginu. Ég held, að það þýði ekkert fyrir hv. þm. Framsfl., sem hér hafa talað, að vera að breiða yfir þetta, því að öllum er of kunnugt um, að þessi flokkur hefur einatt borið kala til Eimskipafélagsins. Það þýðir ekki að vitna í það, að samvinnufélögin hafa haft mikil viðskipti við Eimskipafélagið, því að það sáu ekki aðrir fyrir flutningum til landsins, að heita mátti. Hitt er líka alkunna, að Eimskipafélagið hefur oft orðið að dekra við samvinnufélögin, þegar það hefur ekki getað annað flutningum til landsins.

Ég vil að lokum segja þessum hv. þm., sem töluðu hér á undan mér nú eftir matarhléð, að það er alger óþarfi að vera að tala um geðvonzku í mér. Ég veit ekki betur en að ég hafi orðið fyrir þeirri miklu gleði að sjá flokk þessara hv. þm. víkja burt af umráðasviði stjórnar landsins; hlýtur því hver maður að skilja, að ég er í góðu skapi. Ég sé, að þessi óhappaandi er horfinn burt af valdasviðinu, og veitir slíkt mér mikla hamingju. Hitt get ég skilið, að þeim sé þungt innanbrjósts, sem nú liggja undir dómi og búast ekki við honum of mildum og vita ekki, hvort þeir verða nokkurn tíma leystir úr því fangabúri, sem þeir nú sitja í.

ATKVGR.
Brtt. 1164 felld með 14:6 atkv.
1. gr. samþ. með 15:4 atkv.
2. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:4 atkv.

Á 135. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1106, 1187).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 1187. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Ég skrifaði með fyrirvara undir nál. á þskj. 1146, sem varðar frv. til l. um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands.

Nú hef ég leyft mér að bera fram brtt. við frvgr., sem er að finna á þskj. 1187. Brtt. er viðvíkjandi skattgreiðslu Eimskipafélagsins og er svo hljóðandi, að skattfrelsi nái ekki nema til ársins 1945, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að það nái einnig til ársins 1946, og skattfrelsi verði ekki veitt nema að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt: Í fyrsta lagi, að arður hluthafa fari eigi yfir 4%. Þetta ákvæði er í frv. sjálfu, svo að hér er ekki um breyt. að ræða. Annað atriði er um það, að tekjuafgangi félagsins á árinu 1944, að frádregnum arði skv. tölulið 1, verði varið til kaupa á skipum og á annan hátt í þágu samgöngumála, svo og öðrum sjóðseignum félagsins. Í þriðja lagi, að fram fari á árinu, samkv. reglum, er samgmrh. setur, könnun á því, hverjir séu núv. eigendur hlutabréfanna og hvað af bréfunum kunni að vera glatað. Að þessari könnun lokinni skal semja nýja hluthafaskrá og birta hana opinberlega. Í fjórða lagi, að samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, er hlutaðeigandi ráðh. samþ.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar brtt., a. m. k. í mínum augum eru þær allar sjálfsagðar.

Um þá síðustu og fjórðu er þess að geta, að hún er fram komin af öryggisástæðum. Það mundi fara mjög illa á því, ef ágreiningur risi á milli stj. Eimskipafélagsins og ríkisstj. um þátttöku Eimskipafélagsins í strandsiglingum eftir að félagið hefði hlotið af hálfu löggjafans sín sérstöku fríðindi innan þjóðfélagsins, sem fólgin eru í skattfrelsinu. Í þessu felst ekki frá minni hálfu á nokkurn hátt nein aðdróttun að stj. Eimskipafélagsins um það, að ég búist við, að hún verði óbilgjörn í framkvæmdum sínum. En allur er varinn góður. Og ég hef alveg sérstakt traust til þess ráðh., sem með þessi mál fer, að hann misbeiti ekki valdi sínu á hinn bóginn til óþurftar fyrir Eimskipafélagið.

Í brtt. undir 3. tölulið er farið fram á, að skoðun verði gerð á því, hvort eigendaskipti hafi orðið mjög mikil á hluthafabréfum félagsins miðað við það, sem í öndverðu var. Hv. þdm. hafa tekið eftir því, að í umr. um þetta skattfrelsismál hefur verið látinn mjög í ljós grunur um það, að hluthafabréfin muni nú vera í miklu færri manna höndum en var í upphafi; meira að segja, að það sé orðin svo mikil röskun á, að það séu tiltölulega fáir menn innan þjóðfélagsins, sem eigi megnið af því hlutafé, sem hér er um að ræða. En á hinn bóginn hefur því líka verið haldið fram í hv. d., að Eimskipafélagið sé alþjóðareign. Hæstv. forsrh. lagði ríka áherzlu á það, og ég man eftir því, að hv. þm. A.-Húnv. talaði um Eimskipafélagið sem alþjóðareign og alþjóðarfyrirtæki. Frá beggja hálfu, þeirra, sem sett hafa fram þessar grunsemdir, og hinna, sem telja Eimskipafélagið vera alþjóðareign, er það talið aðalatriðið, að það sé alþjóðareign. Hvort sem réttara er í þessu tilfelli, að félagið sé alþjóðareign, sem ég skal ekki draga í efa, eða það sé það ekki, heldur eign tiltölulega fárra manna, þá mega báðir þessir aðilar vel við una, að þessi gr. verði samþ. Og ég trúi ekki fyrr en ég tek á, að hv. þdm. séu mér ekki sammála um það, að brýn nauðsyn sé að ganga úr skugga um þetta atriði, sem hér er um að ræða.

Hvað viðvíkur öðrum tölulið, þá er hann eiginlega settur aðeins til skýringarauka, því að þar er bætt við, að einnig sjóðseignum félagsins skuli varið í þágu samgöngumála og til skipakaupa. Þetta er auðvitað sjálfsagður hlutur, og kannske hefði ekki verið nauðsynlegt að taka þetta fram. En vel má það standa, og gott er, að það standi þar, því að nú hefur Eimskipafélagið það einmitt á prjónunum að útvega sér í það minnsta 6—7 skip og þau miklu stærri og dýrari en þau skip, sem áður hafa verið í íslenzka flotanum. Og það er bersýnilegt, að sjóðir félagsins munu ekki meira en svo hrökkva fyrir því að koma þessum framkvæmdum vel fyrir, og ætla má, að þessar eignir geri ekki meir en nægja til þess. Og einmitt till. um skattfrelsið er höfuðkjarni frv. og er miðaður við, að alls ekki megi rýra á nokkurn hátt sjóðina, þ. e. handbært fé félagsins, með skattaálagningu, vegna hinnar stöku nauðsynjar, sem á því er, að sjóðunum verði varið í þessum tilgangi. Ég geri ráð fyrir, að gr. geti ekki orkað tvímælis.

Meira sé ég ekki ástæðu til þess að ræða um þessar brtt. að sinni, á meðan enginn andmæli koma fram.

Forseti (JörB): Þar sem ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs, er umr. lokið, og verður nú gengið til atkv.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að óska þess, að síðast komi til atkvgr. einmitt byrjunin. Því að það fer alveg eftir því, hvernig atkv. falla um hina liði brtt., hvernig ég fyrir mitt leyti greiði atkv. um það spursmál, hvort það eigi að vera 1 eða 2 ár, sem þetta eigi að gilda. (**EystJ:** Þetta er vandamál.)

Forseti (JörB): Ég ætla, að vandinn leysist við atkvgr. um þetta atriði, en ég held, að eftir eðli málsins verði maður að byrja á upphafinu. Og ég álít ekki hægt að bera það upp síðast, sem er fyrst í brtt. — Ég ber þá fyrst upp það atriði upphafsmálsgr., hvort í stað „1945 og 1946“ skuli koma: 1945.

ATKVGR.

Brtt. 1187, inngangsmgr., felld eða 15:12 atkv.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. — Vegna þess að þetta fyrsta ákvæði var ekki samþ., má til að breyta orðalaginu undir 3. málslið: „Fram fari á árinu“; það verður þá að vera: Fram fari á árunum. — Það er hastarlegt, að það skuli þurfa að slíta þetta svona heiftarlega sundur. Ég skoða það, að það leiði af eðli málsins, að þetta sé leiðrétt.

Brtt. 1187,1—3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 1187,4 samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, SÁÓ, SvbH, ÞG, BG, JörB.
nei: GÞ, GTh, IngJ, JakM, JPálm, HarJ, ÓTh, PO, SEH, SK, ÁkJ.
6 þm. (BÁ, GG, GSv, JJós, SB, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1202).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta frv. hefur verið rætt svo mikið í Nd. og er hv. þdm. svo kunnugt, að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar og vænti, að því verði vísað til 2. umr. án frekari umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég er dálítið undrandi yfir orðum hæstv. ráðh., því að mér virðist málið komið í það horf, að það sé full þörf á að athuga það nánar. Mér skilst, að félagið geti ekki þegið þetta skattfrelsi, eins og hér er frá gengið.

Í 4. tölul. frv. segir:

„Samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, sem hlutaðeigandi ráðherra samþykkir.“ Það er og ljóst, að íhlutun ráðh. mun þýða það, að Eimskipafélagið verði að annast allar strandferðir. Og tel ég eftir þessu mjög vafasamt, að félagið geti þegið skattfrelsið, og þá vitum við, hvernig þetta fer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11:1 atkv.

Á 139. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1202, n. 1243 og 1244).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Frv. þetta er stjórnarfrv., lagt fram í Nd., og er um það að framlengja um tvö ár l., sem hafa verið í gildi, viðvíkjandi skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands. Við meðferð málsins í Nd. voru gerðar svo miklar breyt. á frv., að Eimskipafélagið getur ekki notað sér þau hlunnindi, sem stóð til, að því yrðu veitt eftir frv., eins og það kom fram í Nd. Fjhn. þessarar d. hefur tekið frv. til meðferðar og lagt til, að það verði fært aftur í það horf, sem það var í, þegar það kom frá ríkisstj., en þó bætt við sem skilyrði fyrir skattahlunnindum, að birt verði skrá yfir hluthafa félagsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Að vísu er hagur félagsins góður, en þörfin fyrir fé hefur aldrei verið meiri en nú, þar sem félagið hefur af styrjaldarástæðum misst 3 af sínum beztu skipum. Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um málið. Þetta félag hefur verið álitið sameignarfélag allra landsmanna og hefur unnið það mikið þjóðþrifastarf, að sjálfsagt sýnist vera að veita því þann styrk, sem frv. felur í sér. Ég skal taka það fram, að á fundi n., þar sem málið var til meðferðar, var hv. 3. landsk. þm. ekki við, en hv. 1. þm. Eyf. hefur lagt fram sömu brtt. sem hv. þm. V.-Húnv. kom með í Nd. og meiri hl. n. getur ekki mælt með.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Ég skal ekki segja um það, hver niðurstaða fjhn. hefði orðið í þessu máli, ef málið hefði legið þar fyrir til algerlega frjálsrar ákvörðunar. En ég varð var við það í n., að samið hafði verið um málið, og taldi því ekki hafa neina þýðingu að bera fram sérstakt nál. En ég hef þó talið rétt, að atkv. gengju um brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. flutti í Nd., einnig í þessari d. og hef því tekið þær upp. Ég hefði verið fús til samkomulags um aðra tilhögun þessa máls en hann hefur lagt til í sínum brtt., en þar sem ekki var eftir því samkomulagi leitað, taldi ég tilgangslaust að bera fram nýjar brtt. Mér finnst ekki úr vegi að rifja upp sögu þessa máls, þar sem ég hef verið við þetta mál riðinn frá upphafi. Þessi l. eru að stofninum til frá 1924, en ekki frá 1928, eins og stóð í einu blaggi um málið í Nd. Þegar fyrst var flutt frv. um skattfrelsi Eimskipafélagsins, var ég einn af flm. þess máls ásamt þm. úr Framsfl. og Íhaldsfl., sem þá var kallaður. Frv. þetta var sent til n., sem ég átti sæti í. N. klofnaði, og lagði meiri hl. til, að frv. yrði samþ. aðeins með þeirri breyt., að félaginu væri ætlað að greiða nokkurt útsvar til Reykjavíkurbæjar, en vera laust við skatt til ríkisins. Í þeim meiri hl. voru Jón Kjartansson núv. ritstj. Morgunblaðsins, ég, sem var form. meiri hl., og 1. þm. Árn.

Í minni hl. voru Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson, núv. 1. þm. Reykv., og lögðu þeir eindregið á móti þessu máli, í fyrsta lagi vegna afstöðunnar til bæjarsjóðs, og báru þeir fyrir sig bréf frá bæjarstjórn Reykjavíkur, en tóku fram í sínu nál., að hið sama gilti um skattfrelsið til ríkissjóðs. En það fór svo, að frv. var samþ. Það er þetta frv., sem er grundvöllur þeirra l., sem síðan hafa gilt, því að 1928 voru þessi l. endursamþ. í lítið eitt breyttri mynd og hafa síðan verið samþ. hvað eftir annað.

Aðalástæðurnar til, að þetta frv. var fram borið og samþ. á Alþ. og síðan framlengt, voru fjárhagslegar ástæður félagsins, sem þá voru ekki glæsilegar. Um árabil gat Eimskipafélagið t. d. ekki greitt hluthöfum sínum neinn arð. Af þessum ástæðum var það, að félaginu var veitt skattfrelsi.

Við flm. þessa frv. töldum okkur ekki fært að fara fram á annað en að þetta skattfrelsi, sem reyndar var takmörkun á sköttum, gilti til 1928. Ef við hefðum farið fram á lengri tíma, hefði frv. án efa verið fellt. Og þannig hefur það ávallt verið síðan, að þegar l. um skattgreiðslu Eimskipafélagsins hafa verið framlengd, hefur það alltaf verið um ákveðið tímabil, en ekki til frambúðar. Að sjálfsögðu hefur löggjafarvaldið meint eitthvað ákveðið með þessu að setja ekki þessi l. til frambúðar, og hefur það auðvitað verið það, að ef hagur þessa félags breyttist svo verulega, að það ætti jafnhægt með að greiða skatta og önnur fyrirtæki í landinu, væri réttlátt, að það gerði það. Ég held því, að það geti ekki orðið um það deilt, að þær ástæður, sem ollu því, að þessi l. voru sett í fyrstu,

séu burtu fallnar, því að sem betur fer hefur félaginu tekizt að bæta hag sinn svo stórlega, að það er sízt hægt að tala um fjárþröng hjá því, eins og áður var gert.

En þó að þessar gömlu ástæður til þess, að þetta var fram borið og samþ., séu burtu fallnar, þá geta að sjálfsögðu verið komnar nýjar ástæður til sögunnar, og þær ástæður, sem nú eru taldar til þess að framlengja skattfrelsið eða takmörkun á skattgreiðslum til ríkissjóðs, eru þær, að óvenjuleg þörf sé á því að auka skipastól félagsins, svo að það geti sem fyrst innt það af hendi, sem var ætlunin með stofnun félagsins, en tilgangur þess var að gera okkur Íslendinga alveg sjálfbjarga að því er flutninga til og frá landinu snertir og með ströndum fram, að því leyti, sem fyrir þeim málum er ekki séð á annan hátt af ríkinu sjálfu. En ég held, að það sé ekki hægt að neita því, að þótt brtt. sú, er hv. þm. V.-Húnv. flytur og ég hef tekið upp til prófs, yrði samþ. og félagið njóti þeirra hlunninda, sem þar eru tilgreind, þá væri á nákvæmlega sama hátt hægt að verja fjármunum félagsins til aukningar skipastólsins eins og þótt frv. sé samþ. óbreytt eða með breyt. hv. meiri hl., því að höfuðstóll félagsins minnkar í rauninni ekkert, þó að það gefi út ný hlutabréf sem greiðslu á skatti til ríkissjóðs um ákveðið árabil. Og möguleikar til nýbyggingar verða nákvæmlega þeir sömu fyrir því.

Þess vegna er mér það alveg óskiljanlegt, sem ég hef þó séð í blöðum og heyrt í hv. Nd., að till. sem þessi er talin einhver fjandskapur við Eimskipafélagið og nýsköpunarskipastól þess. Að vísu má segja, að nokkuð sé dregið úr gildi hvers hlutabréfs, ef þetta yrði samþ., samanborið við það, að félagið héldi áfram þessum fríðindum kvaðalaust. En þess er að gæta, að ef eignir Eimskipafélagsins væru metnar nú, mundi hlutaféð reynast vera margfalt að verðgildi, og þessi aukning á verðgildinu stafar að ekki litlu leyti frá skattfrelsinu, sem ríkið hefur veitt undanfarin ár. Ég sé því ekki, að ríkið gerði neitt illa við félagið, þó að það gerði því að greiða skatt eins og öðrum fyrirtækjum í landinu, en veitti því þau réttindi að greiða þessa skatta í hlutabréfum. Það liggur t. d. í augum uppi, að ef ekkert ófyrirsjáanlegt kemur fyrir, þá mundi mjög auðvelt að greiða sama arð af hlutabréfunum og gert hefur verið, þó að þessi brtt. hv. þm. V.-Húnv., sem ég hef tekið upp, yrði samþykkt.

Ég vil þá, áður en ég lýk máli mínu, geta þess, að ég skildi ekki vel orð hv. frsm. meiri hl. n., enda skýrði hann þau ekki neitt, um það, að félagið mundi ekki geta notað þau hlunnindi, sem fram væru borin í frv. óbreyttu. Enn fremur skal ég geta þess, að mér þótti nú fullríflega til orða tekið hjá honum, þegar hann sagði, að Eimskipafélag Íslands væri sameignarfélag allra landsmanna. Ef ég gæti viðurkennt þau ummæli fyllilega, þá hefði hvorki hv. þm. V.-Húnv. borið fram þessa brtt. né ég tekið hana upp, því að till. er einmitt fram borin til þess að gera félagið að sameignarfélagi allra landsmanna í ríkara mæli en nú er. Ég held, satt að segja, því miður, að félagið hafi aldrei verið sameignarfélag allra landsmanna. En það var þó svo, þegar félagið var stofnað fyrir rúmlega 30 árum, að mjög almennur áhugi var fyrir því og svo að segja allir þeir, sem ég þekkti, lögðu fram sinn litla skerf. Það hefði því máske mátt segja þessi orð með töluverðum rétti á fyrstu árum eftir stofnun félagsins, en vitanlega er þetta gerbreytt nú á öllum þessum árum, og í raun réttri veit enginn um þetta nú. Má vera, að stofnendur Eimskipafélagsins viti það, en við á hæstv. Alþingi og almenningur ekki, hve margir landsmenn það eru, sem eru í þessu félagi, og það er áreiðanlega ofmælt, að þetta sé sameign allra landsmanna.

Ég skal þá í allra síðasta lagi taka fram út af þessari brtt., sem ég hef tekið hér upp, að ég hefði vel getað hugsað mér annað form á því að gera félagið raunverulega að sameign, annaðhvort allra eða a. m. k. sem allra flestra landsmanna, heldur en það form, sem hér er stungið upp á í brtt. En að ég hef ekki farið neitt út í það, er af því, að *málið var ekki yfirleitt sent í n. sem slíkt*, og ég fann, að það mundi ekki þýða neitt að vera með bollaleggingar um þetta, og þess vegna fannst mér réttast, að atkv. gengju um það, sem atkv. hafa þegar gengið um í hv. Nd., og vera ekki á þessu stigi með neinar till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls benti ég á, hve óheppilegt það væri, að þetta frv. yrði samþ. eins og það kom frá hv. Nd. á þskj. 1202.

Ég vil nú leyfa mér að flytja meiri hl. hv. fjhn. þessarar hv. d. þakklæti fyrir þær till., sem hún hefur flutt í málinu, sem sýna, að þeir hafa einnig skilið þá hættu, sem í því er fólgin, ef frv. væri samþ. á þann hátt, sem kemur fram á þessu þskj. Ég verð að segja það, að ég álít, að ef frv. yrði samþ. eins og það kom frá hv. Nd., þá yrði það nokkru lakara en þótt samþ. yrði till. hv. 1. þm. Eyf., vegna þess að ég er sammála hv. frsm. um það, að það er ekki hægt fyrir félagið að njóta skattfrelsis undir þeim ákvæðum, sem eru í frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 1202. Það væri t. d. ekki hægt fyrir félagið að taka eftirlaunasjóð og byggja fyrir hann skip, af því að þessi sjóður er bundinn til allt annars starfs. Þar að auki er ekki gott fyrir félagið að hafa sífellt yfir sér ákvæði eins og í 4. lið, að þurfa að ná saman við viðkomandi ráðh. á hverjum tíma um kostnað af ekki *minni rekstri en strandsiglingarnar eru, sem á* s. l. árum hafa kostað eitthvað um 3—6 millj. kr., eftir því hvernig þær hafa verið reknar. Væri ekki gott að eiga slíkt yfir höfði sér, og mundi engin ríkisstj. taka þar neina áhættu um, heldur gera sérstakar ráðstafanir til að umskapa rekstrinn.

Af þessum ástæðum er ég þeirrar skoðunar, að það væri jafnvel betra að samþ. till. hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 1244, því að það er rétt, að hún fyrirbyggir ekki, að félagið geti alveg notað að fullu það fé, sem það hefur nú yfir að ráða, til þess að halda áfram að byggja upp skipastólinn.

En þessi till. mundi gera allt annað að verkum, — það, að þegar búið væri að samþ. hana, getur hæstv. fjmrh. gengið til félagsins og sagt: Nú er það ég, sem ræð einn, — eins og hann hefur gert alla tíð við Útvegsbankann. Það var sama, hve margir hluthafar voru við bankann. Meðan ríkissjóður átti meiri hl., var beitt valdi við bankann og atkvæðamagn hans takmarkað við 20%. Fjmrh. kom á sínum tíma og sagði: Þið eruð raun-

ar hluthafar og í stjórn, en það er ég einn, sem ræð.

Þetta finnst mér vaka fyrir framsóknarmönnum, þegar þeir koma með þessa till., að breyta Eimskipafélaginu í það horf, að viðkomandi ráðh. fái allt vald yfir stjórn félagsins og öllum eignum þess og geti ráðið einn, án þess að spyrja aðra menn. Þetta gæti nú verið gott og blessað, meðan góður maður er í þessari stöðu, t. d. núv. hæstv. fjmrh. En það er með þetta eins og hvað annað, að þegar kemur verri maður, þá sjást afleiðingarnar fljótt, og ég held, að Eimskipafélagið fengi ekki þá samúð, sem það á skilið, ef því yrði breytt í það horf.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði um það, að hann gæti ekki fallizt á, að Eimskipafélagið væri sameign allra landsmanna. Ég held, að ef þetta er athugað, þá sé það í dag eins mikil sameign landsmanna og á sínum fyrstu árum. Ég held, að það sé orðið fast í meðvitund fólks, að hver, sem kann að eiga hlutabréf í þessu félagi, sé þessi eign sameign allrar þjóðarinnar. Að því er mér skilst, þá er það tvennt, sem veldur því, að okkar þjóð vill ekki láta rífast um Eimskipafélagið. Annars vegar það, að félagið hefur virkilega bjargað þjóðinni frá mjög mikilli glötun á þeim tíma, sem hún hefur þurft á því að halda, og svo hins vegar, að það hefur auk þess verið langsterkasti þátturinn í félagsbaráttu Íslendinga. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að menn vilja ekki láta deila á félagið, þó að ég viðurkenni, að um margt mætti deila. Og þó að ekki eigi allir hlut í félaginu, er ekki hægt að neita því, að það hefur verið rekið þannig, að það hefur hvers manns bón viljað leysa, sem hefur sent erindi sín til þess í því fulla trausti, að þau erindi væru leyst, þó að þeir væru ekki hluthafar.

Það er því misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf., að félagið sé ekki alþjóðareign.

Þá vil ég einnig mótmæla því, sem hv. þm. hélt fram, að hlutabréf félagsins væru í margföldu verði, því að það, hvað þau eru í háu verði, fer eingöngu eftir því, hvað leyft er að greiða í arð. Ég skal viðurkenna, að þetta er rétt hjá hv. þm., ef gera á Eimskipafélagið upp í dag og selja eignirnar. En þá held ég heyrðist söngur á hæstv. Alþ., ef Eimskipafélagið tæki sig til á næsta aðalfundi, skipti öllum eignunum upp og hætti rekstri. Þá gerði hæstv. Alþ. bezt í því að taka sjóði félagsins og setja í ríkissjóð, því að þá væri það réttlátt. En við vitum, að þetta vakir ekki fyrir Eimskipafélaginu. Fyrir því vakir það eitt að halda áfram að leysa sömu vandamálin og það tók að sér 1915. Og þótt sjóðir félagsins séu meiri nú en þá, þá eru líka erfiðleikarnir, sem fram undan eru, meiri en nokkru sinni áður.

Ég vil svo að endingu vænta þess, að hv. þdm. samþ. till. meiri hl. hv. n., eins og hún liggur fyrir hér.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál, en kemst þó ekki hjá því að segja nokkur orð, til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Hv. frsm. meiri hl. tók svo til orða, að Eimskipafélagið væri sameign allra landsmanna. Þetta er ofmælt hjá hv. þm. En ég held, að það sé ósk meiri hl. allra landsmanna, að félagið geti orðið full sameign, þó að ég þykist hins vegar sjá fram á, að engin tök séu á því að koma því til vegar á þessu þingi.

Afstaða Eimskipafélagsins nú er mjög einkennileg. Það nýtur allra sömu réttinda og aðstöðu eins og um fullkomlega opinbert fyrirtæki væri að ræða. En yfirráðunum er þannig háttað, að stjórn félagsins og hluthafafundur geta ráðið öllu um stjórn félagsins að öðru leyti en því, hve hátt hlutirnir eru greiddir út. Hluthafar og stjórn félagsins geta þess vegna alveg ráðið því, hvort félagið starfar eins og opinbert fyrirtæki með hag landsmanna allra fyrir augum eða hvort það starfar eins og venjulegt hlutafélag með eiginhagsmuni hluthafanna sjálfra fyrir augum.

Enda hefur það verið svo, að jafnan hafa verið skiptar skoðanir um, hvort halda skyldi áfram að veita þetta skattfrelsi, eins og hv. frsm. minni hl. réttilega gat um, og það, hver afstaða manna hefur verið á hverjum tíma til skattfrelsisins, hefur verið mikið eftir því, hver afstaða Eimskipafélagsins hefur verið á líðandi stund. Ég skal viðurkenna, að Eimskipafélagið hefur á margan hátt og oftsinnis, mér liggur við að segja oftast, hagað starfi sínu á þá lund, að það hefur ekki brugðizt þeim skyldum, sem ég vil segja, að skattfrelsið hafi lagt því á herðar. Mér er ánægja að lýsa þessu yfir. En það þýðir ekki að reyna að dylja það, að stundum hefur brugðið stórlega frá þessu. Ég geri þá játningu einlæglega, að ef mig hefði órað fyrir, þegar skattfrelsið var síðast veitt félaginu, fyrir 1943 og 1944, að félagið mundi nota aðstöðu sína á þann hátt, sem það gerði árið 1943, þá hefði ég greitt atkv. á móti skattfrelsinu, og ég hygg, að svo hefði verið um fleiri menn.

Ég kemst ekki hjá að minnast nokkuð á, hvernig aðstaða félagsins var á þessum árum. Hún var sú, að félagið fékk að láni hjá ríkinu skip, sem stj. Bandaríkjanna lánaði hingað í því skyni, að ríkisstj. væri mögulegt að fullnægja flutningaþörf landsmanna, og það er enginn efi, að eins og ástatt er í heiminum, voru ýmsir örðugleikar á því fyrir Bandaríkjastj. að missa af þessum skipum til okkar. Á þessum skipum græðir Eimskipafélagið hvorki meira né minna en yfir 20 millj. kr., sem er ekki til neins að leitast við að dylja, að hefur komið fram í hærra verði á vörum, sem skipin hafa flutt til landsins. Nú hafa stjórnarvöldin a. m. k. í orði kveðnu leitazt við að halda niðri dýrtíðinni. Er auðséð, hversu auðvelt það er, þegar félag eins og Eimskipafélagið gerir slíkar ráðstafanir. Ég skal játa, að það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að vissulega er þörf á þessu fé fyrir félagið í skipabyggingar, og má sjálfsagt með réttu segja, að þeirri þörf verði ekki fullnægt, þó að þetta fé verði allt notað. En það breytir ekki því, að þeir menn, sem eiga Eimskipafélagið, hafa engan siðferðilegan rétt til að afla þessa fjár á þennan hátt, og það er á móti þeirri yfirlýstu stefnu, sem stjórnarvöld og Alþingi hafa margsinnis látið í ljós. En það, sem skeð er, verður ekki aftur tekið. En mér kom til hugar, þegar þetta varð heyrum kunnugt, hvort ekki væri hægt að grípa til sérstakra ráða, til þess að þingið tæki sér ráðstöfunarrétt á þessu fé, en vegna þess að í gildandi l. um skattfrelsi félagsins eru engin slík ákvæði, þá er það orðið of seint. Eimskipafélagið hefur orðið fyrir miklu áfalli í styrjöldinni, misst þrjú af sínum beztu skipum og

hefur mikilla muna þörf. Ég tel því fjarri lagi að taka nokkuð af þessu fé til annars en að bæta úr flutningaþörf landsmanna. Hins vegar skiptir það miklu máli í mínum augum, hverjir eru umráðendur þessa fjár og þeirra verðmæta, sem fyrir það eru keypt. Nú er það mjög haft í munni, að Eimskipafélagið sé þjóðareign, og talið, að þetta megi réttlæta með því, að hluthafar muni vera um 13—14 þúsund. Ég verð að játa, að mér er algerlega ókunnugt um, hversu margir hluthafar eru nú í Eimskipafélaginu. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það veit enginn, ekki einu sinni félagsstj. sjálf. Ég styð það, að það er lítið, sem virðist vera um eigendaskipti á bréfunum, miklu minna en maður verður að gera ráð fyrir, að hlyti að vera að eðlilegum hætti. Sú einfalda skýring mun vera á því, að ekki nema lítill hluti eigendaskipta á bréfunum er tilkynntur til félagsstjórnar, og því fylgist hún ekki með þessu. Ég held, að það sé meira að segja ástæða til að ætla, að talsverður hluti bréfanna sé glataður, og væri ástæða til að innkalla bréfin og ganga úr skugga um, að hve miklu leyti er þannig ástatt, auk þess sem er sjálfsagt, að allur almenningur viti, hvernig ástatt er um eignarhald á bréfunum. Ég legg því mikið upp úr, að á þeim tíma, sem skattfrelsið gildir fyrir, þ. e. a. s. á árinu 1945, verði gengið úr skugga um, hverjir eru hinir raunverulegu eigendur fyrirtækisins, og ég vil ekki neita því, að það, hvaða niðurstöðu sú rannsókn gefur, getur að minni hyggju gefið tilefni til þess, að niðurstaða ýmissa manna til skattfrelsis félagsins verði á einn veg eða annan, breytilegan eftir því, hver niðurstaðan verður. Ég tel, að tryggilegar sé að þessu búið í frv. eins og það kom frá Nd. heldur en í till. meiri hl. n. í þessari d., og mun ég því greiða atkv. á móti till. n. Þar eru ákvæði um það, að tekjuafgangi félagsins frá árunum 1944 og 1945, svo og öðrum sjóðseignum félagsins, verði varið til skipakaupa. Ég sé enga ástæðu til að breyta þessu frá því, sem það er í frv. Ég lít svo á, að eftirlaunasjóður félagsins sé ekki sjóðseign félagsins, heldur sjóður, sem settur er til hliðar til að mæta skuldbindingum, sem félagið hefur tekið að sér vegna starfsmanna sinna. Þá er enn fremur í frv. gert að skilyrði, að samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, sem hluthafeigandi ráðh. samþ. Þetta leggur meiri hl. til, að sé fellt niður. Er það að minni hyggju varhugavert. Eimskipafélagið flytur hingað til Reykjavíkur mikið af vörum, sem síðan er dreift með öðrum skipum út um land, sérstaklega með skipum, sem Skipaútgerð ríkisins hefur annazt rekstur á, og það er enginn efi, að sú greiðsla, sem Ríkisskip hefur fengið fyrir það, hefur ekki verið hærri en svo, að ekki er unnt að komast hjá halla af því, á sama tíma sem Eimskipafélagið græðir stórfé á að flytja vörurnar til landsins, eftir að hafa greitt þetta flutningsgjald til Skipaútgerðar ríkisins. Það er óeðlilegt, að Eimskipafélagið græði á að flytja vörur til landsins, en Skipaútgerð ríkisins tapi á að flytja þær út um land, þar sem flutningsgjöld Eimskipafélagsins eru miðuð við endanlegan ákvörðunarstað varanna.

Ýmsir segja, að það sé fjandskapur við félagið, sem valdi því, ef menn vilji ekki umyrðalaust fallast á skattfrelsið. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla því. Ég skal játa það, að þegar Eimskipafélagið á sínum tíma var stofnað, voru við það tengdar glæstar hugsjónir og miklar vonir og, að því er ég bezt fæ séð, engar arðvonir hjá einstökum mönnum. Hinu er ekki til neins að reyna að leyna, að stofnendum félagsins hefur þegar fækkað mjög og fækkar með hverju ári, sem líður. Bréfin hafa smátt og smátt komizt í eigu annarra eins og hver önnur gjaldgeng verðbréf, sem nema svo og svo miklu verðmæti í krónum og aurum. Það er óhjákvæmilegt, að þeir tímar líði, sem þeir menn stjórna félaginu, sem voru með í stofnun þess og fyrsta starfi og nærðust við þann eld, sem þá logaði. Og þá koma nýir menn, sem líta á félagið eins og hverja aðra eign, og þá er sjónarmiðið breytt. Það er því nauðsynlegt að stefna að því, að félagið megi verða sameign þjóðarinnar, og varast að gera breyt., sem geta valdið erfiðleikum við að ná því marki. Ég vil leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt., sem hljóðar þannig: Orðin: „og 1946" falli niður. — Ég hef stílað þessa brtt. við 1. gr., en athugaði ekki, að hæstv. forseti ber fyrst upp brtt. n., og vil ég því biðja hann að taka brtt. mína sem brtt. við efnismálsgr. till. meiri hl. fjhn., þó að hún hafi verið stíluð við frv., en ég skal taka fram, að þó að þessi till. yrði samþ. sem brtt. við till. n., þá mun ég greiða atkv. gegn þeirri till., en ef brtt. yrði felld, þá óska ég þess, að forseti taki hana sem varatill. við 1. gr. Ég vona, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum mínum, þó að ekki sé formlegar frá því gengið en þetta.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1262) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Ég vil athuga nokkuð þær breyt., sem orðið hafa á þessu frv. í Nd., og þær till., sem hv. 1. þm. Eyf. hefur borið fram, og minnast lítillega á afstöðu Eimskipafélagsins til siglinga til landsins og til strandferða hér.

Ég skal taka fram strax, að ég álít, að till., sem var samþ. í Nd. um að binda á óákveðinn hátt Eimskipafélagið við strandferðirnar, hafi verið borin fram af ókunnugleik og sennilega samþ. í góðum tilgangi, en ekki nógum kunnugleik á sögu þessa máls og aðstæðum öllum. Ég hygg því, að hún sé engan veginn til bóta, hvorki fyrir strandferðirnar né Eimskipafélagið. Aftur á móti er vafasamt, hvort till. hv. 1. þm. Eyf. verður samþ. nú, en hún bendir á það, sem kalla mætti nýskipun í þessum siglingamálum, sem getur orðið í þessari mynd eða svipaðri varanlegt umræðumál síðar meir, eins og kom fram í ræðu hv. 3. landsk., sem minntist á þá breyt., sem gæti orðið í Eimskipafélaginu, þegar áhugamennirnir, sem stofnuðu félagið, féllu frá og félagið yrði í höndum hluthafanna eingöngu peningalegt fyrirtæki.

Ég ætla fyrst að minnast á það, sem er aðalgallinn á þeirri breyt., sem Nd. gerði á þessu máli, þegar hún vildi gera þá kröfu til Eimskipa-

félagsins, að það borgaði til strandferðanna. Það er að vísu mikið satt í því, sem hv. 3. landsk. sagði, að það hefur varla verið réttlátt skipulag á skiptingu á farmgjöldum til landsins nú sem stendur, en það er hlutur, sem ráðuneytið getur alltaf lagað, en þarf ekki löggjöf til, svo að það er ekkert undirstöðuatriði, og ég hygg, að Eimskipafélagið mundi ekki halda til streitu. En það, sem er aðallega að till. n., er það, að þar á að hlekkja saman strandferðirnar og Eimskipafélagið. Félagið er fyrst og fremst stofnað til að halda uppi siglingum til útlanda, en strandferðirnar eru til flutninga með ströndum fram. Strandferðirnar eru hliðstæðar þjóðvegunum. Þjóðin leggur þá ekki af því, að þeir borgi sig, heldur af því, að það er óhjákvæmilegt. Nú er verið að leggja plan um nýsköpun strandferðanna og reynt að finna þá leið, að þær geti orðið með sem mestum hraða og kostnaður ekki meiri en svo, að þjóðin geti risið undir. Mér skilst, að sú ráðagerð geri ráð fyrir, að fyrir austan og vestan, þar sem þörfin er mest, og á Breiðafirði og til Vestmannaeyja verði góðir flóabátar lagaðir eftir þörfum fólks og flutninga, og það, að ég beitti mér fyrir, ásamt fleiri mönnum, að fá n. skipaða til að rannsaka það mál, var ekki sízt af því, að mér fannst ástandið t. d. á Vesturlandi og í Múlasýslum alveg óviðunandi. Við skulum hugsa okkur allt það fólk, sem þarf að ferðast á Vesturlandi milli fjarða eða innan sýslu og verður að nota tilviljunarferðir með mótorbátum eða að kafa yfir fjöllin. Víðast á Suður- og Norðurlandi er þetta betra. Þar er víðast hægt að nota bíla og samgöngur sæmilegar í mörgum sveitum, en Vestfirðir eru út undan. Ég vil skjóta því til þeirra hv. þm., sem eru hér fyrir Vesturland, að ég held, að aldrei fáist lausn á þessu, nema fenginn sé bátur, sem gengur frá Arngerðareyri og til Bíldudals eins og skytta í vefstól, með því móti getur maður hugsað sér, að fólkið geti komizt leiðar sinnar tafarlítið og sómasamlega. Sama er að segja um Austurland. Þar verður að ganga bátur milli Hornafjarðar og Vopnafjarðar, og svo er hugmyndin að bæta við öðru strandferðaskipi á stærð við Esju, en það fer ég ekki út í, en menn vita það, að þessir flóabátar verða mikil tekjuhallafyrirtæki, og ég sé ekki annað en það verði að horfast í augu við það, alveg á sama hátt og vegir og brýr hljóta að kosta ríkið mikið fé. Strandferðirnar hljóta alltaf að verða með tekjuhalla, sem þjóðin verður að bera. Ég tel það mikinn kost, að strandferðirnar eru ríkisfyrirtæki, og af því að hér eru rúmlega 50 þm. og flestir fyrir ákveðin kjördæmi, þá berast stöðugt óskir um strandferðir til þings og stj., svo að þar er lifandi samband á milli. Þegar Eimskipafélagið var stofnað, var það hlutafélag og ekki annað hægt við það að gera, ríkið átti lítinn hlut í því. Þessu félagi var ætlað að vinna að utanlandssiglingum, en ekki strandsiglingum. Í raun og veru virðist manni það heilbrigt, að Eimskipafélagið sigli milli landa, en strandferðaskipin taki svo við, því að félagið verður að standast samkeppni við útlend skip, sem hingað koma, en ef ætti að fara að hlekkja saman félagið og strandsiglingarnar eins og ætlazt er til í frv., eins og það kemur frá Nd., þá er ómögulegt, hvað vel sem félagið er rekið, að það geti staðizt í samkeppninni við útlendinga, því að strandsiglingarnar geta aldrei borið sig, og við, sem búum í þessu landi, verðum að sætta okkur við, að ríkið beri þann halla.

Ég held, að þeir, sem samþ. þessa brtt., hafi ekki áttað sig á þessu, að strandferðirnar eiga að vera hjá ríkinu, en ég vil segja, að allar millilandasiglingar séu betur komnar hjá félagi eins og Eimskipafélaginu heldur en ríkið fari út í það. Það er talað um þennan mikla gróða Eimskipafélagsins, og menn krítisera, hvernig hann er til orðinn. En athugum, hvernig aðstaða félagsins er nú. Það hefur misst þrjú af beztu skipum sínum, á nú eitt gott skip, hin eru gömul og meira og minna úr sér gengin. Það verður að fá ný skip í stað þeirra, sem týnzt hafa, og það er enginn vafi, að það ætlar sér að byggja stærri skip en áður og jafnvel fleiri skip. Nú er gert ráð fyrir kælitækjum í öllum slíkum skipum, sem sigla til Ameríku. Þegar á þetta allt er litið, þá sjáum við glögglega, að þótt félagið hafi nú safnað sér álitlegum sjóði og þar til viðbótar komi tryggingarfé skipanna, sem tapazt hafa, þá mun jafnvel það fé ekki nægja til þessara nýbygginga.

En svo er eitt enn, sem vert er að athuga, þó að það komi ekki beinlínis við kjarna þessa máls, og það vil ég biðja hv. 3. landsk. að aðgæta vel, þegar hann er að tala um og að sumu leyti með réttu, að Eimskipafélagið hafi sett farmgjöldin of hátt. Hvernig er þessi gróði félagsins til kominn? Hann er fenginn vegna skipa, sem Bandaríkjastjórn lánaði okkur, og á sama tíma og félagið græðir allt þetta fé á útlendu skipunum, þá gera skip félagsins sjálfs ekki betur en bera sig. Og þó að þessi gróði þyki mikill, þá er ég ekki viss um, að hann hefði getað lent á betri stað eða komizt þangað, sem betur hefði verið tryggt, að honum verði varið til skipakaupa, sem við höfum mikla þörf fyrir. Við erum nú að sigla út úr þessu stríði, kannske ekki nema nokkrir mánuðir, þangað til því er lokið. Hvar er nú fé til að hefja nýbyggingar eins og þessa? Er það hjá ríkissjóði, er það hjá bæjarfélagi Reykjavíkur? Ég segi nei. Tveir þessir stærstu aðilar eiga ekki neitt, en aftur á móti hlaðast á þá ógurlegar kröfur, sem erfitt er að standa undir. Ég bið hv. frsm. minni hl. að athuga það, að þegar við svipumst um í þjóðfélaginu eftir sjóðum, þá sjáum við ekkert, sem við getum tekið til skipabygginga, nema þennan hálfilla fengna sjóð Eimskipafélagsins. Og þegar maður spyr, hvernig þetta fé sé fengið, þá er það gjöf, sem Ameríkumenn hafa gefið Íslendingum.

Áður voru það einu möguleikarnir hjá Eimskipafélaginu að kaupa skip með því að fá lán til þess. Ef enginn gróði hefði verið þessi 2 ár, hefði einnig orðið að gera það. En af því að skipt hefur um í þessu máli, þá eru aðrar leiðir færar nú. En það er nú samt svo, að í raun og veru er þessi gróði skattur af okkur þegnunum, þungur skattur ofan á útsvörin, sem eru orðin mjög þung hér í Reykjavík og víðar. En ég geri ráð fyrir, að reynt verði að tryggja, að þessu fé verði eingöngu varið til þjóðfélagsþarfa.

Nú mun ég koma að því, sem rætt hefur verið um, að ef frv. verður samþ., bæri að vinna að því að breyta skipulagi Eimskips þannig, að það yrði öllum opið. Það væri þá viðeigandi, að öllum unglingum, við skulum segja 18 ára, væri gefinn

kostur á að kaupa hlutabréf í Eimskipafélaginu. Með því væri slegin niður sú „krítik", að hlutirnir lentu hjá fáum mönnum. Þessu vil ég beina til forráðamanna fél. Þeir ættu að taka það til athugunar, hvort ekki væri hollt fyrir félagið, að inn í það væri hleypt æsku landsins um leið og hún vex upp.

Ég tel, úr því að við höfum fengið þessar 20 millj. kr. frá Ameríkumönnum, að ekki eigi að verja þeim í dýrtíðaruppbætur, heldur eiga þær að staðfestast í skipum. Ég álít enn fremur, að það sé mjög athugunarvert, að félagið fái framhald á aðstöðu sinni í 1—2 ár. En þá rennur upp nýr tími. Þótt ég sé enginn spámaður, get ég nokkurn veginn hugsað mér, hvernig þeir tímar verði fyrir Eimskipafélagið. Það, sem gerist hjá Eimskip, þegar stríðinu lýkur, er, að það verður að leggja öllum gömlu ryðkláfunum. Nú, á tímum þessara óheyrilegu farmgjalda, gera þau rétt að bera sig. Þeir tímar eru fram undan, að engin von er til þess, að Eimskip geti rekið þessi skip, en verður í staðinn að fá leigð útlend skip, sem verða vafalaust ódýrari en okkar. Það kemur tímabil, sem vörurnar verða fluttar á útlendum skipum, því að við, fólkið á Íslandi, erum of dýr til þess, að okkar skip geti gert það. Nú vilja kannske sumir segja, að það sé misræmi hjá mér að vilja láta Eimskip fá peninga, þar sem ég álíti, að rekstur þess á íslenzkum skipum hljóti að stöðvast. En ég álít, að það verði ekki um langan tíma, sem Íslendingar una því, að skip þeirra liggi, meðan þjóðin hefur ráð á að gera þau út. Þess vegna vil ég, að Eimskip fái peningana til að verja í ný skip, flugvélar, gistihús og aðra nauðsynlega hluti. Þess vegna álít ég, að framlengja eigi skattfrelsi félagsins út þetta gróðatímabil, sem áreiðanlega verður ekki meira en í 2 ár enn.

Og þá kem ég að einu, sem ég skaut að frsm. meiri hl. Það er, að eins og ég álít, að mörg rök hnígi nú að því, að Eimskip fái skattfrelsi, úr því að fél. hefur grætt þessa peninga, svo að það geti byggt upp flota sinn, þá liggja eins mörg rök til þess, að það fái ekki skattfrelsi, þegar þessu tímabili lýkur. Eftir stríðið rísa hér upp stórfyrirtæki, sem vilja láta siglingar til sín taka. En þau munu sjá, að það væri ekkert vit að leggja út í slíkt, eins og framleiðslukostnaði hér er háttað, nema þau fengju tryggingu fyrir því að fá að búa við skattfrelsi eins og Eimskip. Það mundi borga sig langtum betur fyrir þau að taka erlend skip á leigu. Þess vegna á Eimskip ekki að hafa forréttindi fram yfir alla aðra. Ég ætlast ekki til, að Eimskip verði látið bera þyngri byrðar en normalt er. Það ber að efla siglingarnar og sjómannastéttina, sem er einhver sú bezta í heiminum. Okkur ber að vinna að því að koma upp skipastól og sjómannastétt, sem siglir út um allan heim. En þetta getur ekki orðið nema ef atvinnureksturinn verði arðbær. Okkar ungu menn verða ekki ánægðir með að hafa bara smákænur, sem sigla hér við land og til næstu landa. Það verður að skapa öllum jafna aðstöðu, svo að fyrirtæki geti risið upp, sem gera skip út til siglinga til landa víðs vegar um hnöttinn. Ég held því, að það fyrsta, sem Eimskip eigi að gera, þegar þessu tímabili lýkur, er að biðjast undan að vera skattfrjálst, því að þegar svo er komið, væri það orðið hindrun á framkvæmdum annarra manna. Og það má það aldrei verða. Ég held við þurfum ekki að hafa vonda samvizku af því, þótt við höfum grætt á skipum, sem Ameríkumenn hafa lánað okkur. Allur gróðinn er af þeim skipum. En við verðum að gera okkur það ljóst, að þetta skipulag getur ekki þrifizt eftir að við förum að sigla upp brekkuna eftir stríðið.

Hins vegar greiði ég fyrst atkvæði með till. hv. fyrri þm. Eyf., því að hún stefnir í rétta átt. En ef hún fellur, mun ég greiða atkv. till. meiri hl., þar sem ég álít, að hún bæti úr þeim misskilningi, sem Nd. lét í frv., þar sem ruglað er saman millilandasiglingum og strandferðum. Það er miklu betra, að ríkið hafi strandsiglingarnar heldur en hlutafélag. Þessu var breytt í Nd., en það stafar af ónógri þekkingu á gangi málsins.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. taldi betra að samþ. till., mína, sem að vísu er tekin frá öðrum manni, heldur en samþ. frv. óbreytt. Ég er honum sammála um það, og ég held það sé ekki nein frágangssök að neinu leyti að samþ. þessa till. Það, sem hann hefur mest á móti þessari till., var það, að samkv. henni fengi ríkið raunverulega allt vald yfir Eimskipafél. og ráðh. gæti sagt hverjum, sem væri, í stjórn fél. fyrir verki o. s. frv. Nú er þetta auðvitað ekki rétt, ef hluthafarnir halda saman og nota atkvæðisrétt sinn, ríkið hefur aðeins jafnan rétt samkvæmt till. minni. En ég gat um það í minni fyrri ræðu, að ég hefði verið fús til samkomulags á þessum grundvelli, ef á þetta sjónarmið hefði verið litið í n. Og ég sagði, að ég gæti einnig tekið það til athugunar, ef um það væri að ræða að fá breytingu í þessa átt, að láta nægja minni hlutdeild ríkissjóði til handa heldur en talað er um í till., en láta hlutdeild hans halda áfram að vaxa, þangað til ríkissjóður hefði eignazt helming hlutabréfa. Það mætti hugsa sér, að félagið borgaði á tímabili með hlutabréfum upp í skatta, en það hætti svo, áður en það væri orðið helmingur þeirra. Og þá væri félagið skattfrjálst til frambúðar. Það er gagnrýnt, að ríkið geti ráðið í félaginu samkv. minni till. Það er því til að svara: Hvað er það, sem ríkisvaldið getur ekki ráðið nú? Mér sýnist ríkisvaldið taka sér vald svo að segja hvar sem er. Og samkv. yfirlýstri stefnu núv. ríkisstj. skilst mér, að ekki standi til að draga úr því valdi. Það er auðvitað, að ráðh. eru misjafnir, einn getur verið heppilegur og annar óheppilegur, en hitt efa ég ekki, að þótt stefnur manna séu misjafnlega heppilegar fyrir þjóðina, þá er ég viss um það, að enginn ráðh. úr hvaða flokki, sem hann er, gerir annað en það, sem hann telur, að þjóðinni sé heppilegt. Ef hann gerir það ekki af þjóðfélagslegum ástæðum, þá gerir hann það af eigingjörnum ástæðum, því að aldrei borgar sig að gera vísvitandi rangt. Ég geri því ekki mjög mikið úr þessum ástæðum hv. þm. En þar að auki er ég fús til frekari samninga um takmarkanir á þessu.

Hv. þm. vildi vefengja það, sem ég hafði sagt, að Eimskip mundi ekki vera eins mikil sameign landsmanna og það var. Tveir aðrir þm. hafa vikið að þessu og verið mér sammála um þetta. Og þótt það hafi verið eftir öðrum hugsanagangi, þá komust þeir að sömu niðurstöðu. Og ég er sannfærður um, að það er rétt. Ég gæti einnig

hugsað mér þá samkomulagsleið, að í stað þess, að ríkið eignaðist hlutabréfin, þá væri höfð sú tilhögun, að hafið væri nýtt útboð á hlutabréfum. Með því væri félagið gert að meiri sameign þjóðarinnar heldur en það er nú. En þótt það sé ekki rétt, að fél. sé sameign allrar þjóðarinnar, þá er það rétt, sem hv. þm. sagði beint og óbeint, að auðvitað hefur þetta félag mikla samúð allrar þjóðarinnar. Og ég álít það sé alls ekki af neinu samúðarleysi eða illvilja í garð félagsins, þótt slík till., sem ég hef tekið upp, sé borin fram, þótt í það hafi verið látið skína. En það gerði ekki hv. þm., þarf ég ekki að segja þetta til hans.

Út af verði hlutabréfanna skal ég geta þess, að ég veit ekki beinlínis, að þau gangi kaupum og sölum. En trúað gæti ég því, ef þau eru seld á annað borð, að þau færu þá æðimikið yfir nafnverð. Og það er vitað, að ef athugaður er hagur Eimskips, þá er verð þeirra í raun og veru orðið margfalt. Það er í sjálfu sér réttmætt að miða við það, hvaða eignir eru á bak við þessi hlutabréf. Og þær eru margfaldar á við hlutafjárupphæðina. Og ekkert félag hefur bætt hag sinn, án þess að hlutabréf þess hækkuðu í verði, og það gildir einu, þótt það sé að þakka aðgerðum löggjafarvaldsins. Og það er ekki hægt að neita því, að gróði Eimskips er fyrst og fremst löggjafarvaldinu að þakka. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að gróði Eimskips væri í raun og veru gjöf frá Ameríkumönnum. Ef svo er, má eins segja, að gróði ýmissa fyrirtækja sé gjöf frá Bretum eða einhverjum og einhverjum, sem keypt hafa vörur frá okkur fyrir hátt verð. Slíkar gjafir eru skattlagðar hjá fyrirtækjum. Eimskipafélag Íslands er alls góðs maklegt, en að það sé svo yfir alla gagnrýni hafið, að ekki megi nefna það á nafn, það get ég ekki fallizt á, m. a. vegna þess, að mörg fyrirtæki í landinu greiða mikla skatta, án þess að nokkur landsmaður óski, að rekstur þeirra legðist niður. Nú er mín till. í raun og veru ekki um það að afnema á neinn hátt þau fríðindi, sem Eimskip hefur haft undanfarið. Þess vegna gæti Eimskip notað allt sitt handbært fé og það fé, sem fél. kann að fá, til þess að koma upp nýjum skipastól. Og það er rétt, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að í landinu er ekki til fé í neinum opinberum sjóði til nýrra skipakaupa annað en það, sem Eimskip á. Það er hárrétt að nota féð í sama tilgangi og þess er aflað. Mín till. raskar því ekki á neinn hátt.

Ég vil svo segja það að endingu, án þess ég vilji fara langt út í það mál, að ég skil tæplega afstöðu hv. 3. landsk. Mér virðist hann að mörgu leyti sammála mér. Mér virtist munurinn liggja aðallega í því, að hann vildi ganga enn lengra en ég. Ég skildi hann ekki öðruvísi en hann vildi gera Eimskipafél. a. m. k. á sínum tíma að meiri alþjóðarstofnun heldur en það væri. Það, sem ég ekki skildi, var niðurstaðan, sem er sú, að hann ætlar að greiða atkvæði á móti till. minni. Eftir ræðu hans að dæma skildist mér hann ætti að greiða atkvæði með þeirri till., eins og hv. þm. Barð. ætti einnig að gera. Þá ætti þetta að geta orðið miðlunarleið, sem hægt væri að sættast á.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er náttúrlega algerlega rangt skilið hjá hv. fyrri þm. Eyf. að taka ummæli mín þannig, að ég teldi mig geta fylgt hans till. Ég fullyrti, að hún væri skárri en önnur, sem er ómöguleg, en var komið inn í frv. í Nd. Vitanlega get ég ekki fylgt till. hans, nema ég hafi aðeins um þessa tvo kosti að velja. (**BSt:** Hv. þm. álítur till. til bóta á frv.) Já, eins og frv. er nú. En samþykkt hennar þýðir 1½ millj. kr. skatt á félagið. Það er ekki hægt að neita því. Ég mun ekki ganga inn á að fylgja þeirri till., nema ég eigi um ekkert annað að velja en milli hennar og frv., eins og það er.

Hv. þm. sagði, að samkv. till. hefði ríkið aldrei nema jafnan rétt og hluthafar. Ég tel óþarfa að skýra það hér, að ef ríkið á helming hlutafjár á móti hluthöfum og atkvæðisréttur takmarkast af upphæð þess fjár, sem þeir eiga, þá er útilokað annað en ríkið ráði öllu. Ef annað á að vera, verða öll hlutabréf að koma fram, en það verður aldrei í svona dreifðu hlutafélagi. Auk þess má enginn einn hluthafi hafa meira en 20% af atkvæðum. Því verður ekki neitað, að það er rétt, sem ég hef sagt um þetta.

Frá tveim hv. þm. hafa komið fram sterk meðmæli um, að eðlilegt sé að gera þetta félag að meiri almenningseign en verið hefur, m. a. með nýju hlutafjárútboði. Ég vil benda hv. 1. þm. Eyf. og einnig þessum tveim hv. þm. á það, að árið 1938 skrifaði ég langa og ýtarlega grein um þetta mál og stakk þá upp á því, að hlutafjársöfnun yrði hafin, sem næmi ekki aðeins 1 millj. króna, heldur 25 millj. króna. Þá þótti það brjálæði að safna 25 millj. fyrir Eimskipafélagið, og ræddi ég þetta þá við nokkra af stjórnendum félagsins, og þótti þeim það hin mesta fjarstæða að fara inn á þessa braut. En sannleikurinn er sá, að mesta syndin, sem Eimskipafélagið hefur framið, er sú að loka fjársöfnun. Ég álít, að það þyrfti að breyta l. félagsins þannig, að það yrði hægt fyrir hvern einstakling að kaupa ný hlutabréf með nafnverði, svo að ómögulegt yrði að gera félagið að fjársöfnunarfyrirtæki fyrir einstaka menn. Ég vildi því fyrir mitt leyti, — og mæli ég þar ekki fyrir hönd hv. fjvn. —, taka upp umr. um þetta mál, því að mín skoðun er sú, að það eigi að opna hlutafjársöfnun fyrir almenning og aldrei að loka henni. Þegar vel gengur, á að safna félaginu fé, sem það hefur sem varasjóði og getur notað, þegar illa gengur. Þá mundi það koma fram, sem hv. þm. S.-Þ. hefur talað um, að ungum sem gömlum gæfist kostur á að gerast meðeigendur og haldist þá sá andi, sem byrjað var í, þegar félagið var stofnað. — Ég vildi svo leiðrétta það, sem hv. þm. S.-Þ. og einnig hv. 3. landsk. hafa hér sagt, að það er rangt, að Eimskipafélagið hafi flutt vörur til landsins, eingöngu með sínum ágóða, en látið svo skipaútgerðina flytja vörurnar út á land fyrir annað verð. Í flestum tilfellum hefur Eimskipafélagið sjálft dreift þessum vörum. Hef ég sjálfur nokkra persónulega reynslu í þessum efnum, og hafa vörur, sem ég hef fengið fluttar til landsins með skipum Eimskipafélagsins, verið látnar liggja hér í Reykjavík yfir lengri tíma til þess að félagið fengi sjálft tækifæri til að senda þær með sínum eigin skipum út á land. Eimskipafélagið hefur haft hér ákveðin skip til þess að dreifa vörum sínum út á land og annast þessa flutninga mest með sínum eigin skipum, þótt það hafi einnig sent sérstakan áburð út á land með skipum Skipaútgerðarinnar.

Að binda saman strandferðirnar, eins og kemur fram í frv., er það kom frá hv. Nd., þá vildi ég

segja það út af ummælum hv. þm. S.-Þ., að ég er ekki sammála honum um þetta mál. Ég veit ekki nema það væri mikill kostur að því að binda saman þetta tvennt, en þó má ekki gera það á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. nú. M. a. hefur verið rætt í n. um það, sem hv. þm. talaði um, hvort ekki væri hægt að tryggja miklu betri strandferðir meðfram ströndum landsins með því að binda þær við aðila, sem flytja vörur til landsins, og ef ekki yrði um sömu eigendur að ræða, þá yrði þetta a. m. k. undir sameiginlegri stjórn, en ekki yrði þar um Eimskipafélagið að ræða, svo að ég er ekki alveg sammála hv. þm. S.-Þ. um þetta mál.

Einnig vildi ég leiðrétta það, er hv. þm. S.-Þ. sagði, að það væri rangt að gefa Eimskipafélaginu skattfrelsi, vegna þess að það mundi halda uppi kaupverðinu og „standardinum" í landinu. Þetta er alveg röng hugsun, því að það hefur sannazt nú, að eftir því, sem ríkissjóður hefur farið dýpra ofan í vasa atvinnurekenda, þá hefur skapazt hjá þeim nýtt viðhorf til þess að fara að bæta kjör manna sinna og greiða þeim hærri laun, og hefur þetta því hækkað dýrtíðina í landinu. Mér er kunnugt um þetta, og hafa þessir aðilar sagt við mig: Okkur finnst betra að láta okkar menn, sem hætta lífi sínu og limum, fá svona mikið af gróðanum, heldur en ríkissjóður taki hann og skilji ekkert eftir.

Auk þess er það rangt hjá hv. þm. S.-Þ. að halda því fram, að Íslendingar hafi ekki verið samkeppnisfærir um vöruflutninga fyrir stríð. Mér er vel kunnugt um það, að við gátum alltaf slegið út Norðmenn í þeirri grein hér við land. Ég var þá meðeigandi í einu skipi, sem Eimskipafélagið á nú; og gátum við alltaf fengið hærri frakt heldur en Norðmennirnir, af því að okkar menn unnu betur. Okkar íslenzku menn komu fljótar á staðinn, þeir gættu betur vörunnar og stálu engu af henni. Við fengum því hærri frakt og gátum borgað hærri laun. Reynslan hefur alltaf sýnt það, að ef íslenzku sjómönnunum eru gefin góð skip og góð lífsskilyrði, þá afkasta þeir meiri vinnu heldur en þeir, sem búa við verri kjör. Ég vildi ekki láta þetta mál út úr hv. d. án þess að taka það fram, að reynslan hefur sýnt, að við getum keppt við Norðmenn í þessari grein. Það fór svo, að þetta félag, sem hét h/f Ísafold og varð alltaf að slást við Norðmennina, skilaði ágóða, þegar það hætti störfum, en öll árin, sem félagið starfaði — ekki aðeins síðustu árin — hafði ríkissjóður tekið skefjalausa skatta af fyrirtækinu, en það stóðst samt samkeppnina við Norðmenn, sem enga skatta borguðu hér. (**JJ**: Þeir borguðu heima.)

Ég er ekki heldur sammála hv. þm. og þeim öðrum mönnum, sem halda því fram, að ekki skuli byggja nein skip fyrr en að stríðinu loknu. Það verður að byggja skip, því að ef einhverjir menn eiga peninga og vilja stöðva endurnýjun flotans, þar til hægt er að byggja skip fyrir sama verð og var fyrir stríð, þá munu þessir sömu menn fá að komast að raun um það, að við verðum þá búnir að missa allt þetta fé í atvinnubótafé. Þess vegna eru það búhyggindi, og það eru klókir menn, sem halda því fram, að við eigum að viðhalda flotanum, en ekki að grafa peningana, og á því veltur framtíð þjóðarinnar og nýsköpunin.

Ég álít, að viðvíkjandi gróðanum frá 1943, sem hv. 3. landsk. þm. var að tala um, að þótt ríkissjóður hefði fengið þessar 23 millj. kr. Eimskipafélagsins til viðbótar, þá hefði þeim milljónum áreiðanlega ekki verið varið betur heldur en ef þessu fé verður varið til þess að byggja upp ný skip, sem yrðu til þess að auka ferðir umhverfis landið og milli landa og sem myndu bæta úr því öngþveiti, sem hefur verið, er og verður sjálfsagt lengi í samgöngumálum vorum.

Jónas Jónsson: Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. Barð., sem ég vildi gera athugasemdir við. — Hann heldur því fram, að það sé ekki rétt, sem ég hef hér reynt að sanna, að það væri eðlilega verksviðsmunur á Eimskipafélaginu og strandferðaskipunum. Skal ég ekki ræða mikið um það, en hins vegar vitum við, að um það kom till. fram í hv. Nd., að Eimskipafélagið tæki þátt í kostnaði við strandsiglingarnar. Og ef yfirleitt væri farið að krefjast þess af félaginu, að það borgaði mikið fé í strandferðirnar, þá fyndist mér eðlilegra, að það óskaði frekar eftir að hafa strandferðirnar með ávinningi, en sagði aftur á móti, af því að þetta væri hugsunarskekkja í eðli sínu, að af því yrði enginn ávinningur. — Hins vegar er ég sammála hv. þm. um það, að ég sé ekki, hvaða ástæða var fyrir Eimskipafélagið að loka nokkru sinni fyrir hlutaféð, og vil nota tækifærið til þess að skora á hv. frsm. meiri hl. fjhn. og hv. þm. Barð., að þeir leggist báðir á eitt um það, að opnaðar verði dyrnar að þessu fyrirtæki, því til gagns og þjóðinni sömuleiðis. — Nú vil ég ekki keppa við hv. þm. Barð. um sérþekkingu hans í útgerðarmálum, en sumt er það þó viðvíkjandi þeim málum, sem hver leikmaður getur skilið.

Þegar verið var að byggja upp Eimskipafélagið, var siglingum fyrst haldið uppi til útlanda og að nokkru leyti með ströndum fram. Jafnframt því var gert ráð fyrir nokkrum sérstökum strandferðaskipum, sem hefðu sérstakan ríkisstyrk til þess að bera tekjuhallann, því að strandferðir hér hljóta að verða reknar með tekjuhalla, ef þær eiga að ná tilgangi sínum með ströndum fram. Ég held, að sú hugsjón mundi gefast bezt, t. d. í kjördæmi hv. þm. Barð., að við hefðum næga mótorbáta, með góðum útbúnaði, sem gengju árið um kring, eins og norsku strandbátarnir, og kæmu inn á smáhafnirnar oft á dag. Efalaust yrði mikill munur að slíku fyrir fólkið úti á landi, bæði hvað snertir fólks- og vöruflutninga. En slíkum strandferðum er ekki hægt að halda uppi á eigin kostnað, og væri fjarstæða að fara að binda strandferðirnar við annað fyrirtæki, sem ekki má vera tekjuhallafyrirtæki, heldur verður að vera vel sjálfstætt. Rekstur strandferðanna á Íslandi er dæmdur til þess að vera tekjuhallafyrirtæki, og þess vegna er það ekki sanngjarnt að ætlast til, að það tap falli á herðar Eimskipafélagsins.

Þá kem ég að öðru atriði í þessu máli, sem sé því, að það er mjög dýrt að láta skip Eimskipafélagsins, eins og Brúarfoss, koma inn á hverja höfn, og þyrfti því einmitt að leiðrétta það, að Eimskipafélagið byggi ekki skip eins og Dettifoss og Goðafoss, heldur byggi stór skip, sem eiga að ganga milli landa og eru fljót í förum, en noti strandferðabáta eða smáskip milli hafna landsins, því að það versta fyrir Eimskipafélagið er að hafa orðið að þvæla skipum sínum inn á smáhafn-

irnar, og á það m. a. þátt í því, hve farmgjöldin eru dýr.

Þá er ég alveg undrandi yfir því, hvernig hv. þm. Barð. hefur getað komizt að þeirri niðurstöðu, þegar hann lítur á málið í ljósi reynslunnar, að við höfum fengið eðlilega aðstöðu um siglingar með okkar duglegu sjómönnum, sem ég er sammála honum um, að við höfum á skipunum. En það er eins og að tala í austur, þegar á að tala í vestur, að halda því fram, að við séum samkeppnisfærir við Norðmenn á höfunum, og þarf ekki annað en líta á hagskýrslur til þess að sjá, að við megum okkar einskis á höfunum. Við erum með okkar gömlu skip, eins og Nielsen byggði, og þetta er af því, að það hefur verið svo illa haldið á málum okkar í þessu efni. Ég veit, að hv. þm. Barð. er vel kunnugt um það, að það, sem er sérstakt glansnúmer Norðmanna í þessu stríði, er, að þeir áttu skip úti um allan heim. Mér er kunnugt um norskan skipstjóra, sem lá á norsku 10 þús. tonna skipi vestur við Kyrrahaf og hafði Kínverja sem undirmenn á skipinu, því að jafnvel Norðmenn voru of dýrir. Reynslan sýnir, að Norðmenn hafa breitt sig út yfir höfin af einhverjum ástæðum, en við höfum ekki getað það. — Eitt atriði enn þá vildi ég minna þennan stóra skipaeiganda á, að hann ætti að skoða þann aðbúnað, sem undirmennirnir hafa á okkar skipum. Ég minnist þess, að ég kom eitt sinn niður í eitt okkar beztu skipa; maður fer fyrst inn um járnhurð framarlega á þilfari; þá blasir við manni djúp gjá, og þarna niðri er lítil vistarvera fyrir átta menn. Þetta er þeirra annað heimili, og þannig búum við um okkar hetjur. Þetta fyrirkomulag er allt fjörgamalt, og við getum ekki staðizt samkeppni á höfunum, og er því líklegast, að Eimskipafélagið verði að stöðva skip sín að stríði loknu, af því að útlendu skipin verða hlutskarpari í samkeppninni. — Þessar 20 millj. króna, sem félagið hefur grætt, þær hafa ekki komið af okkar eigin skipum, heldur eru þær komnar frá öðrum þjóðum sem nokkurs konar gjöf. Það er mjög óheppilegt, að maður eins og hv. þm. Barð. skuli reyna að loka augunum fyrir því, að við höfum ekki hina minnstu möguleika — undir neinum kringumstæðum — til að keppa á höfunum, nema því aðeins, að við breytum stórlega til, sumpart með því að bæta aðbúnað sjómannanna á skipunum og sumpart með því að gera aðrar kröfur til þeirra.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Hv. þm. Barð. hefur að nokkru leyti tekið af mér ómakið af að svara ræðu hv. 3. landsk. þm. og hv. 1. þm. Eyf. Vil ég aðeins í tilefni af því, að þeir lögðu svo mikið upp úr orðum mínum, er ég sagði, að Eimskipafélag Íslands væri sameignarfélag allra landsmanna, og töldu það ofmælt, benda á það, að samkvæmt skýrslu stjórnar félagsins, sem lögð var fyrir aðalfund félagsins s. l. ár, er getið um, hvernig skráningu hluthafa sé varið. Þá var tekið fram eftirfarandi í ræðu Guðmundar Vilhjálmssonar, er hann hélt á aðalfundi 3. júní 1944, — með leyfi hæstv. forseta:

„Tala hluthafa í félaginu hefur verið hæst 14609, en nú er hluthafatalan 13724. Er af þessu augljóst, að engin tilraun hefur verið gerð til að safna hlutafénu á fárra manna hendur.“

Ég geri ráð fyrir því, að lækkun sú, sem þarna hefur orðið, sé m. a. vegna uppkaupa, sem gerð voru í Ameríku á sínum tíma fyrir stríð.

Þá vil ég og taka það fram, að ég eða skrifstofa mín höfum reynt að útvega hlutabréf úr Eimskipafélaginu fyrir mann nokkurn, — ekki til þess að græða á því, heldur af því, að hann vildi vera félagi. Var auglýst eftir hlutabréfunum yfirleitt í 4—5 ár, og held ég, að það, sem við höfum fengið, hafi numið samtals um 4—5 þús. króna, en síðustu 2—3 ár ekki neitt, og þau, sem seld voru, voru eingöngu frá dánar- og þrotabúum.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, hvers virði þessi bréf væru, en það er fyrir fram vitað, að þau bréf gefa ekki nema 4% og fara aldrei yfir parí eða þar um bil, hversu mikið verðmæti, sem liggur á bak við. (**BSt:** Það er ekkert vitað um það nema meðan l. gilda.) — Hins vegar hefur Eimskipafélagið verið rekið þannig, að það hefur ekki verið rekið sem gróðafyrirtæki, og held ég, að það væri sennilega nú ekki til, ef það hefði ekki fengið skattfrelsi, sem þessi hv. þm. barðist fyrir 1924. Okkar skattalög eru þannig, að það er ákaflega erfitt uppdráttar fyrir þennan atvinnurekstur eða félagið, af því að það hefur ekki verið rekið eftir viðskiptareglum, heldur þannig, að það kæmi að sem beztum notum fyrir almenning.

Ég hygg, að það sé nokkuð rétt hjá hv. þm. S.-Þ., að það hafi ekki verið eðlilegur gróði eða skapazt af rekstri eigin skipa, heldur af skipum þeim, sem Bandaríkin lánuðu félaginu, af því að þau voru ódýrari í rekstri og fóru fleiri ferðir en búizt var við. Ég álít, að það sé ekki æskilegt eða framkvæmanlegt að fara þá leið, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, meðan öll ráð eru ekki komin í hendur ríkisins. Og nú er svo komið, að skipastóll okkar er horfinn og Eimskipafélagið verður að kaupa skip strax. (**BSt:** Till. mín hindrar það ekki.) Og það er skoðun mín, að það verði ekki mörg ár þar til hagur Eimskipafélagsins verður öðruvísi en núna. Ég legg til, að till. meiri hl. fjhn. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 1244 felld með 10:4 atkv.
— 1262 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BSt, GÍG, HG, IngP, JJ.
nei: PM, ÞÞ, BBen, BrB, GJ, KA, LJóh, MJ, StgrA.
2 þm. (EE, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 1243 samþ. með 9:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 1263).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal ekki halda uppi neinum umr. um málið, en aðeins leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: og birtingu hluthafaskrár.“

Þetta er aðeins í framhaldi af því, sem áður hefur verið sagt.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk. þm., sem hv. þdm. hafa nú heyrt. Hún er of seint fram komin og skrifl., og þarf fyrir henni tvenns konar afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1273) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1273 samþ. með 9:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1274).
Á 142. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umræðu.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1282).

---

35. Meðferð einkamála í héraði (frv. allshn. Nd.).

Á 8. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (þmfrv., A. 24).

Á 9. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Frv. það, er hér liggur fyrir, er frá allshn., og er það flutt eftir ósk frá forsetum Alþ., eins og grg. ber með sér.
Þegar l. um einkamál voru sett árið 1936, var nokkuð hert á skilyrðum til þess, að menn gætu orðið héraðsdómarar, og í 32. gr. í þessum l. var m. a. ákveðið, að menn þyrftu að hafa gegnt vissum störfum í þrjú ár til þess að geta öðlazt þetta embætti. Í 7. tölul. 32. gr. fyrrnefndra l. eru talin upp þau störf, sem menn þurfa að hafa gegnt í þessu skyni, og er þar aðallega átt við lögfræðileg störf, málflutningsstörf og störf fulltrúa í stjórnarráðinu o. fl. En frv. það, er hér liggur fyrir og flutt er eftir ósk frá forsetum Alþ., fer fram á nokkrar orðabreyt., sem gerðar eru í samræmi við lagabreyt. á síðasta Alþ. um skiptingu lögmannsembættisins. Aðalbreyt. er því sú að bæta því við, að menn, er hafa unnið þessi störf í þrjú ár, öðlist þennan rétt.
Ég þykist þess fullviss, að allir hv. þm. viti, að þeir menn, er starfa í skrifstofu Alþ., fái margs konar reynslu í að undirbúa og semja lagafrv., og því er það ekki ófyrirsynju, að forsetar hafa farið fram á þessa breyt., svo að þeir geti orðið aðnjótandi réttar til þessa embættis. Ég vil og taka það fram, að þegar góðir menn hafa valizt til þessara starfa, þá er nokkur hætta á því, að þeir hverfi frá þessum störfum, fyrr en skyldi, vegna þess að þeir öðlast ekki rétt til þess að verða héraðsdómarar með því að sitja í þessum störfum, og mundu þeir því sækja um að komast í önnur embætti, sem veittu þeim þennan rétt.
Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil taka það fram, að í allshn. hafa komið fram raddir um að áskilja sér óbundnar hendur í málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 8. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 9. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 54).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Frv. þetta er flutt af allshn. Nd. samkv. sameiginlegri ósk frá forsetum þingsins. Hér í þessari hv. d. hefur frv. verið vísað til allshn., sem hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.
Eins og tekið er fram í grg. frv., er tilgangur þess sá að samræma orðalagið í l. um meðferð einkamála í héraði frá 1936 við orðalag síðari l., sem snerta sama efni. Er það einkum 7. tölul. 32. gr. l. um meðferð einkamála í héraði, sem þetta frv. hefur til meðferðar. Í 32. gr. l. nr. 85 frá 1936 er þess krafizt um þá, sem skipun vilja fá í föst dómaraembætti, að þeir verði að hafa gegnt mikilvægum störfum í þrjú ár fyrir þjóðfélagið. Þessi störf eru talin upp í 32. gr., og meðal þeirra er talið fulltrúastarf við lögmanns- og lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Með l. frá 1939 var lögreglustjóraembættinu í Reykjavík skipt og stofn-

að sakadómaraembætti. Síðan hefur lögmannsembættið verið lagt niður og stofnuð tvö embætti í þess stað, borgardómaraembætti og borgarfógetaembætti. Hér hafa því myndazt fulltrúastörf sem dómstörf við þrjú embætti í bænum, borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti og sakadómaraembætti, án þess að þau störf séu nefnd í l. um meðferð einkamála í héraði. Þótt litið kunni að verða svo á, að lögjöfnun leiði til þess, að fulltrúar við þessi embætti falli undir ákvæði 7. tölul. 32. gr. einkamálal., þykir þó réttara að taka af allan vafa þar um og breyta því tölul. á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Hin breyt., sem telja má efnisbreyt., er í því fólgin, að skrifstofustjóri Alþ. og fulltrúi í skrifstofu þess njóti sama réttar og samsvarandi starfsmenn í stjórnarráðinu. Allshn. taldi þessa breyt. sjálfsagða. Störf skrifstofustjóra Alþ. eru fullkomlega sambærileg við þau önnur störf, sem menn þurfa að leysa af hendi, til þess að skipa megi þá í dómaraembætti, og meira að segja eru skrifstofustjóri Alþ. og fulltrúi hans miklu betur þjálfaðir undir dómarastörf en fulltrúar og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Virðist því ekki nema sjálfsagt, að þessi breyt. sé einnig gerð.

Ég vil svo fyrir hönd allshn. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 77).

---

36. Réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

Á 22. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi (þmfrv., A. 75).

Á 19. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Samkv. því, sem nú rétt áðan var samþ. í Sþ., þá er gert ráð fyrir, að niður verði felldur sambandslagasamningur sá, sem gilt hafði milli Dana og Íslendinga. Það mun einróma álit alþingismanna, að þótt sú ráðstöfun eigi sér stað, þá sé eðlilegt, að enn gildi um sinn réttur sá, sem danskir ríkisborgarar ættu samkv. sambandslögunum. Upphaflega voru ákvæði um þetta í þál. um sambandsslitin, en það þótti rétt að taka þau þaðan burtu og setja sérstök lög um það, og er nú frv. sett hér fram í þessari deild, samið af dómsmrh. í samvinnu við stjskrn. Nd. Frv. ákveður, ef það verður að lögum, að réttur danskra ríkisborgara á Íslandi haldist fyrst um sinn, eða þangað til 6 mánuðum eftir að samið hefur verið um þetta mál milli Danmerkur og Íslands. En ef eigi hefur þá verið gert ráð fyrir skiptingu, þá fellur hann af sjálfu sér.

Ég sé ekki ástæðu til að vísa þessu máli til n., þar sem það hefur fengið mjög ýtarlega athugun í stjskrn., og legg til, að það verði samþ. og vísað áfram nefndarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

37. Menntaskólinn á Akureyri.

Á 6. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akureyri (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 25, er flutt samkv. beiðni skólameistara við Menntaskólann á Akureyri og kennara við þann skóla. Tilgangur frv. er að nema burt það misræmi, sem nú er á vinnutíma kennara Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans í Reykjavík.

Þegar sett voru l. fyrir Menntaskólann á Akureyri, þau er þetta frv. er breyt. við, frá 19. maí 1930, var sett í 14. gr. l. ákvæði um, hvernig kennslustundir kennaranna skyldu vera á viku hverri eða alls 26. Í reglugerð, sem Menntaskólinn í Reykjavík starfar eftir, er hins vegar svo ákveðið, að hámark kennslustunda skuli þar vera 24 stundir á viku. Hins vegar er yfirkennurum við þann skóla ekki ætlað að kenna nema 22 stundir á viku og yfirkennurum, sem eru yfir sextugt, aðeins 20 stundir á viku. Slíkur greinarmunur mun ekki vera gerður á Akureyri, enda mun titillinn yfirkennari ekki vera notaður þar, en hér mun sá talinn yfirkennari, sem hefur kennt í 16 ár við skólann. Sá mismunur, sem þannig kemur fram á stundafjölda á Akureyri og í Reykjavík, er þannig frá 2 og upp í 6 kennslustundir á viku. Auk þess er gert ráð fyrir við báða skólana, að fækka megi kennslustundum hjá þeim, sem hafa mikla heimavinnu vegna skriflegra verkefna, á Akureyri mest 4 stundir á viku, en í Reykjavík mest 5 stundir á viku. Mesti munur á fjölda kennslustunda í Reykjavík og á Akureyri er því 7 stundir, sem stundafjöldinn er meiri á Akureyri en í Reykjavík.

Kennurum og skólameistara við Menntaskólann á Akureyri hefur fundizt ósanngjarnt, að þessi munur væri látinn eiga sér stað. Hafa þeir því farið fram á, að þetta frv. væri flutt með það fyrir augum að fá numinn úr gildi þann mismun, sem nú er á kröfum til vinnustundafjölda við hvorn skólann fyrir sig.

Það mun hafa verið svo, þegar sett voru l. um Menntaskólann á Akureyri og hann var að byrja að starfa, að kennslutími var styttri á hverju ári en hér í Reykjavík. Mun Akureyrarskólinn í byrjun hafa starfað mánuði skemur en skólinn í Reykjavík, og mun stundafjöldi fyrir kennarana hafa verið ákveðinn hærri þar, m. a. með tilliti til þess. Síðan hefur þessu verið breytt, svo að nú er starfstíminn á Akureyri sá sami og hér, svo að sú ástæða er ekki lengur fyrir hendi.

Vera má, að það hafi einnig verið talin ástæða til þess mismunar, að á þeim tíma var ódýrara að lifa á Akureyri en í Reykjavík og kennarar þar því ekki haft lakari aðstöðu til afkomu, þó að þessi munur væri gerður á kröfum til vinnustunda við skólana. Ef það hefur verið talin ástæða þá, þá er hún einnig fallin niður, því að það er alkunnugt, að fyrir þær verðlagsákvarðanir, sem nú hafa verið framkvæmdar af ríkisvaldinu síðustu árin, hefur gersamlega fallið niður sá munur, sem áður var á dýrtíðinni í Reykjavík og annars staðar, því að eins og kunnugt er, gilda sömu verðlagsákvæði fyrir allt landið, en leggja má aukalega á vöruna vegna flutningskostnaðar. Ef því einhverju munar, þá er dýrtíðin jafnvel meiri utan Reykjavíkur. Hafi þetta verið talin ástæða, þá er hún nú brottu fallin. Ég álít þess vegna, að engin ástæða sé til, að þessi mismunur sé lengur gerður, og vænti því þess, að allir hv. þdm. og síðan þingið allt geti orðið sammála um að samþ. þetta frv., svo að kennslustundafjöldi kennaranna við báða menntaskólana verði hinn sami.

Ég skal aðeins geta þess, að 14. gr. l. eins og hún er nú felur ekki annað í sér en upptalningu kennslustundafjölda kennaranna. Með því að breyta henni í þá átt, sem lagt er til í 1. gr. frv., þá er sú upptalning felld niður, en í staðinn kemur aðeins það ákvæði, að um stundafjölda skuli farið eftir þeirri reglugerð, sem Menntaskólinn í Reykjavík starfar eftir. Af því mundi leiða, að hvenær sem þeirri reglugerð væri breytt, mundi kennslustundafjöldi kennara við Menntaskólann á Akureyri breytast að sama skapi og skólarnir þannig ætíð fylgjast að.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 63).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Jónsson): Menntmn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Einn nm. var lasinn, þegar málið var afgr., en hinir tveir mæla með, að það verði samþ. óbreytt.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða um frv. Þar er farið fram á, að kennarar við Menntaskólann á Akureyri hafi sama kennslustundafjölda og stéttarbræður þeirra í Reykjavík. Það getur ekki verið réttlátt, að þeirra kostur sé á neinn hátt þrengri. Þetta er því einfalt réttlætismál, og mælir n. með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 14. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Mér þykir hlýða, að ég segi hér örfá orð, áður en frv. er vísað til n., og geri ég ráð fyrir, að mál þetta fari til menntmn. þessarar hv. d.
Eins og sjá má á frv. og eins og frá því hefur verið gengið í hv. Ed., er hér aðeins um þau nýmæli að ræða, að starfsmönnum við Menntaskólann á Akureyri séu búin sömu kjör og tilsvarandi starfsmönnum við Menntaskólann í Reykjavík. Mér finnst öll sanngirni mæla með því, að báðar þessar stofnanir hafi sömu réttindi gagnvart starfsmönnum sínum, hvort heldur er í Reykjavík eða á Akureyri. En ég vil hér benda menntmn. sérstaklega á eitt atriði, að hér vantar ákvæði inn í, til þess að þessar tvær stofnanir séu alveg hliðstæðar. Samkv. l. er ákveðið, að fjórir fastir aukakennarar skuli vera við Menntaskólann á Akureyri, en ef ég man rétt, eru sjö hér við Menntaskólann í Reykjavík. Nú er þannig ástatt, að það hafa verið skipaðir fjórir fastir aukakennarar á Akureyri samkvæmt l., en einn aukakennara, sem hefur unnið þar í 20 ár og hafði því fullan rétt eða kröfu til þess að verða fastur aukakennari, var ekki hægt að skipa, vegna þess að það vantar pláss fyrir þetta í l.
Ég vildi því leyfa mér að beina því til hv. menntmn., hvort hún gæti ekki lagfært þetta og fært það til samræmingar við Menntaskólann í Reykjavík. Það var aðeins þetta, sem ég vildi segja við n., hvort hún sæi sér ekki fært að gera þessa sanngjörnu breyt., og var þess vegna nauðsynlegt að koma með till. í þessa átt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 109).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Þetta frv. um breyt. á l. um Menntaskólann á Akureyri hefur verið athugað af menntamn., og leggur hún einróma til, að það verði samþ. óbreytt.
Við 1. umr. beindi hv. þm. Ak. (SEH) þeirri ósk til n., að hún gerði við það brtt. þess efnis, að fastir kennarar Akureyrarskólans yrðu ákveðnir 5 í stað 4 til samræmis við fjölda fastra menntaskólakennara í Reykjavík. Hann hefur ekki veitt því eftirtekt, að föstu kennaraembættin við Menntaskólann í Reykjavík eru ekki 5, heldur 12. Þó að n. hefði fallizt á, að 5 yrðu fastir nyrðra, hefði engin samræming með því fengizt. Nú er starfandi mþn. í skólamálum og mun að öllum líkum skila áliti á þessu ári. Einn nm. á sæti í menntmn. þessarar d. og lýsti yfir því á nefndarfundi, að skipun menntaskólakennara og fjöldi þeirra yrðu að sjálfsögðu íhuguð af n. Þess vegna þótti menntmn. réttara að fresta því máli, þar til fyrir lægju umsögn og till. mþn.

Sigurður E. Hlíðar: Ég vonaðist til, að n. tæki bendingu mína til athugunar og mundi fallast á leiðréttinguna, þar sem megintilgangur frv. er, eins og segir í grg., „að starfsmönnum þessara stofnana séu búin sömu kjör.“ Það er ekkert nema kákbreyting, að fjöldi kennslustunda hvers fastakennara lækki um einn eða tvo tíma á viku, ef ekki verður jafnrétti með skólunum um fjölda fastakennara. Einn kennarinn við Akureyrarskólann hefur verið þar aukakennari 20 ár án þess að heita nokkru sinni fastur aukakennari né öðlast rétt fastakennarans, svo sem eftirlaunarétt, er hann léti af embætti. Það er hart, að ekki skuli vera leyfilegt að lögum að veita honum rétt hinna föstu kennara, þótt hann sé raunar búinn að vera fastur kennari allan þennan tíma. Mér þykir miður, að n. gat ekki fallizt á að leiðrétta þetta misræmi. Ég hef litla trú á millibinganefndum og mjög litla í þessu máli, fyrst n. lét það ógert, sem mér finnst vera réttlætismál.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Það væri hreint kák að sinna tilmælum hv. þm. Ak. um að samræma fjölda fastra aukakennara við menntaskólana með því að fjölga nyrðra um einn úr 4 í 5. *Mér þykir það dálítið hart, ef hann vill væna n. um að vera móti réttlátri samræmingu á kjörum skólanna,* þótt hún vildi eigi taka þar fram fyrir hendur mþn. í allstóru vandamáli. Þarna getur verið um 10—12 embætti alls að ræða, og eðlilegt er, að mþn., sem ætlar að gera um þetta till., kunni því illa, að nú sé þar gerð kákbreyting, en málið þarf allt náinnar athugunar, unz ákveðið verður, hve embættin þurfi að vera mörg við hvorn skóla um sig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 151).

38. Lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Á 11. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur í Breiðdalsvík (þmfrv., A. 44).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv. er flutt samkv. ósk sveitarstjórnar Breiðdalshrepps í bréfi dags. 6. janúar s. l. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur haft þetta mál til undirbúnings undanfarandi ár, og síðastliðið ár lét vitamálastjórinn eftir beiðni hreppsnefndarinnar athuga skilyrði til lendingarbóta í Breiðdalsvík. Hefur hann gert uppdrátt að mannvirkinu og kostnaðaráætlun, eins og vísað er til í grg. fyrir frv. Í þeirri grg. eru að mestu teknar fram þær ástæður, sem liggja til þess, að þetta frv. er fram komið. Ég vil aðeins bæta því við, að Breiðdalshreppur er ein af stærri og blómlegri landbúnaðarsveitum austan lands og hefur alla tíð átt við afar erfið verzlunarskilyrði að búa, vegna þess að svo erfið lendingarskilyrði hafa verið þar á víkinni. Allir að- og fráflutningar eru þarna ákaflega stopulir og óvissir. Og mér er óhætt að segja, að síðan um aldamót hafa verið gerðar a. m. k. þrjár tilraunir til þess að setja þarna upp verzlun, bæði af einstaklingum og einnig hefur verið myndað þar kaupfélag, en endirinn varð sá, að vegna erfiðra skilyrða til upp- og útskipunar var kaupfélagið á Breiðdalsvík sameinað Kaupfélagi Stöðvarfjarðar. Oftast þarf að taka vörurnar, sem eiga að fara til Breiðdalsvíkur, í land á Stöðvarfirði og flytja þær á smábátum til Breiðdalsvíkur. Og í sambandi við það er rétt að geta þess, að á Breiðdalsvík er slátrun, en ekki frystihús, svo að kjötið hefur þar allt verið saltað. En það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að saltkjöt, sem hefur verið selt þaðan til annarra staða á landinu, hefur orðið að bíða mánuðum saman, vegna þess að það hefur ekki verið hægt að skipa því fram.
Þegar á allt þetta er litið, virðist það vera mjög sanngjörn krafa, að Breiðdalsvík komi undir það form, sem skapað hefur verið um lendingarbætur á svipuðum stöðum, sérstaklega þegar það er nú upplýst, að þessar lendingarbætur, — eftir því sem vitamálastjóri hefur rannsakað og hefur sagt við mig, að víst væri, að kæmi að fullum notum við upp- og útskipun og sömuleiðis afgreiðslu fiskibáta, — kosta ekki nema innan við 100 þús. kr.
Ég vil því vænta þess, að hv. d. ljái þesssu máli liðsinni og að þetta mál fái að þessari umr. lokinni að ganga til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 79).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd sjútvn. hef ég það eitt að segja, að n. hefur athugað frv. og borið saman við hliðstæð l., sem afgreidd voru frá Alþ. á síðasta ári, og leggur hún til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Að vísu var einn nm., hæstv. forseti, ekki á fundi, þegar málið var afgr., en mér er ekki kunnugt um, að hann geri nokkurn ágreining um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 122).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Sjútvn. hefur athugað þetta frv. til l. um lendingarbætur við Breiðdalsvík og borið saman ráð sín og vitamálastjóra. Leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og greinir í nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 157).

39. Lendingarbætur í Höfnum.

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu (þmfrv., A. 52).

Á 12. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Frv. þetta til lendingarbóta í Höfnum í Gullbringusýslu hef ég borið fram samkv. ósk hreppsnefndar Hafnahrepps.
Fyrir 11 árum var veitt nokkur fjárhæð úr ríkissjóði til lendingarbóta í Hafnahreppi, og var þeirri fjárhæð varið til bryggjusmíði. Á fjárl. yfirstandandi árs (1944) var veittur 25 þús. kr. styrkur til lendingarbóta í Höfnum gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Þrátt fyrir þessar fjárveitingar eru ekki enn til l. um lendingarbætur fyrir þetta byggðarlag, og hefur hreppsnefndin óskað eftir því, að l. um lendingarbætur yrðu sett fyrir Hafnirnar eins og annars staðar, þar sem veitt hefur verið fé úr ríkissjóði til lendingarbóta.
Frv. er orði til orðs samhljóða l. um lendingarbætur, sem afgreidd voru á síðasta Alþ., að öðru en því, að upphæðin, 250 þús. kr., er veitt sérstaklega fyrir þennan stað. — Í grg. frv. er gerð grein fyrir nauðsyn þessa máls, og sé ég því ekki ástæðu til að eyða tíma í að ræða það frekar.
Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn., þar sem ég veit, að það fær þá athugun, sem nauðsynleg er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 78).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta frv. til athugunar og einnig borið frv. saman við gildandi l. um lendingarbætur. Að þeirri athugun lokinni leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.
Þess vil ég þó geta, að einn hv. nm. gat ekki komið á fund, þegar málið var tekið fyrir. En það er ekki vitað, að hann hafi neinar aths. við niðurstöður n. að gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 123).

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Það hafa verið veittar á fjárl. þessa árs 25 þús. kr. til lendingarbóta í Höfnum. Hafnamenn ætla að hefjast handa um verkið í sumar, en þurfa ríkisábyrgð. Miðar þetta frv. að því að gera þeim kleift að færa sér það í nyt, sem veitt hefur verið til verksins, og annað það fé, sem þeir hafa ráð á.
N. hefur borið sig saman við vitamálastjóra og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 158).

---

40. Fjárskipti.

Á 11. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti (þmfrv., A. 47).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég flutti þetta frv., en þó dálítið lengra, á þinginu fyrir jólin s. l., en það varð þá ekki útrætt. Sauðfjárveikinefnd lagði á móti því, að gerð væri sú breyt. á l. En nú hafa

bændur í hálfri Suður-Þingeyjarsýslu og Keldu-hverfi óskað eftir, að ein af gr. þess frv., sem ég flutti á þinginu síðasta, væri tekin upp aftur og flutt sem frv. á Alþ., og flyt ég hana á þskj. nr. 47.

Fjárpest er að leggja í auðn búskap á þessu svæði öllu nema í einum hreppi, Reykdælahreppi, þar sem fjárskipti hafa farið fram, og það virðist ganga vel með þau. Af þessum ástæðum, að fénu hefur fækkað svo í sýslunni vegna fjárpestarinnar, er það, að víða er það svo á bæjum, að bóndinn á ekki einu sinni 25 kindur eftir.

Hér í þessu frv. er farið fram á, að þessir menn, sem svo mjög hafa misst af völdum fjárpestarinnar af sauðfjáreign sinni, fái atkvæðisrétt um fjárskiptamál. Og þar sem hér er ekki um efnisbreyt. á l. að öðru leyti að ræða, sé ég ekki ástæðu til að ætla annað en hv. landbn. taki þessu máli vel. Vil ég óska þess, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til þeirrar hv. n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 68).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. — Þetta frv. er nú hvorki svo langt né torskilið, að um það þurfi langa ræðu, enda er greinilega tekið fram í grg. þess, hvert það stefnir. Auk þess var ýtarlega um það rætt við 1. umr. — Ég vil aðeins geta þess, að landbn. hefur athugað málið á tveimur fundum og kvatt framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarnanna, Sæmund Friðriksson, til samráðs við sig. Eftir að n. hefur talað við hann, hefur hún orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, nema tilefni gefist til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef ásamt öðrum landbnmönnum lagt til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem í því felast. En mér þykir rétt að taka það fram, að ef framkvæma þarf niðurskurð, svo að nokkru verulegu nemi, þá þurfa þessi l. endurbóta við. — Hér er einungis talað um atkvæðisrétt manna, en ég tel, að fleira verði að koma til greina í því sambandi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 121).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Landbn. hefur orðið sammála um að mæla með þessu frv. Eina breyt., sem þarna er gerð á gildandi l. frá 1941, er á þá leið, að í stað þess að miða við, að framteljandi hafi átt 150 kindur eða fleiri, sé miðað við, að hann hafi átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattaframtal, áður en veikin kom sannanlega fram í fjárstofni hans. Þetta þykir sanngjarnara. Það er ósanngjarnt, að þeir bændur missi rétt til atkvæðagreiðslu, sem orðið hafa fyrir verulegum fjárskaða.

N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 159).

---

41. Hafnarlög fyrir Ísafjörð.

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922** (þmfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég get látið nægja um þetta frv. að vísa til þeirrar grg., sem því fylgir. Óska ég, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 81).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 135).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Sjútvn. þessarar d. hefur athugað frv. Meðan sjútvn. Nd. hafði það til meðferðar, leitaði hún um það umsagnar vitamálastjóra, sem mælti eindregið með samþykkt þess. Sjútvn. Ed. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

42. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 9. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 26).

Á 10. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég get verið mjög fáorður um þetta mál. Það er gamalkunnugt, má segja, í þessari hv. d. Er hér farið fram á að fá framlengda þá heimild, sem í l. er nú um það, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fái að starfa sjálfstætt, þ. e. óháð l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, frá 11. júní 1942, og að þessi framlenging gildi um 4 ár eða til ársloka 1948.
Ég sé ekki, að það sé þörf á því fyrir mig að tala neitt hér frekar um þetta. Það liggja greinilega fyrir á þskj. 26 þau rök, sem fyrir hendi eru um þetta mál, og hef ég í sjálfu sér engu við þau að bæta að svo komnu máli.
Óska ég þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 83).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég get verið stuttorður um þetta mál, það er gamalkunnugt.
Það, sem hér er farið fram á, er að fá heimild handa Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til að starfa áfram framlengda til fjögurra ára. — Sjútvn. kom sér saman um að mæla með, að heimildin yrði framlengd um tvö ár, og þó að mér finnist það stuttur tími, verð ég að sætta mig við þau málalok í bili.

ATKVGR.
Brtt. 83 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, n. 134).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar. Í Nd. var frv. dálítið breytt. En n. leggur eindregið til, að það verði samþ. eins og það kom þaðan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 174).

---

43. Atkvæðagreiðsla um skilnað við Danmörku og lýðveldisstjórnarskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um tilhögun atkvgr. um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og samkv. 81. gr. lýðveldisstjórnarskrár Íslands** (þmfrv., A. 86).

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Frv. það, er hér liggur fyrir, hefur að tilhlutan lýðveldisnefndar verið samið af dómsmálaráðherra. Síðan hefur það verið hjá stjórnarskrárnefnd og hlotið nokkrar breytingar og er nú þannig breytt flutt af stjskrn. hv. deildar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Það er sniðið eftir kosningalögum og vikið þar frá, sem eðlilegt sýnist vera.

Aðalbreytingar eru þær, að kjördagar skulu vera fleiri en einn, eða allt að 4 — mega þó vera færri, ef atkvæðamagn er orðið yfir 80%. Þá er og gert ráð fyrir, að heimakosningar eigi sér stað með víðtækari hætti en almennt gerist og venja hefur verið. Segir svo í 8. gr. frv.

„Þeir, er sakir sjúkdóms, ellihrörnunar eða óhjákvæmilegra heimilisanna geta eigi, samkvæmt drengskaparyfirlýsingu sinni og vottorði hreppstjóra í sveitum og oddvita yfirkjörstjórnar í kaupstöðum eða fulltrúa hans, farið af heimili sínu eða dvalarstað til atkvæðagreiðslu, mega greiða þar atkvæði, enda fari sú atkvgr. fram síðustu viku fyrir fyrsta kjördag eða í síðasta lagi á kjördegi."

Svo víðtæk heimakosning er undantekning frá því, sem nú er venja. Þó má finna svipað ákvæði frá því 1913, og er það þó ekki jafnvíðtækt. En rétt þykir að láta veikindi ekki hamla því, að menn geti greitt atkvæði í svo mikilsverðu máli. Fyrir þessu er gert ráð strax í sambandslagasamningnum 1918. En þar segir svo:

„Fyrir þeim, sem hræddir eru við kröfuna um hluttökuna, mun það vaka, að atkvgr. þurfi að haga eins og nú er hagað atkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis. Og ef svo væri, væri þá sönnu nær, að svo mikil hluttaka gæti verið erfiðleikum bundin í víðlendum hreppum, eftir að bæði konur og hjú hafa fengið atkvæðisrétt. En það er alger misskilningur, að atkvæðagreiðslan eftir 18. gr. þurfi að fara fram með þeim hætti. Íslenzka ríkinu er alveg í sjálfsvald sett, hvernig það hagar henni, því að í 18. gr. er þess aðeins krafizt, að þátttakan í atkvæðagreiðslunni sé svo sem þar segir, en engin skilyrði sett um það, hvernig henni skuli hagað. Það má því setja svo marga kjörstaði í hverjum hreppi sem þurfa þykir, til þess að allir geti sótt. Einnig má láta hvern kjósanda greiða atkvæði á heimili sínu eða þar, sem hann er staddur, og er slíkt sjálfsagt um þá, sem eigi eru heimanfærir eða utan hrepps síns eða kaupstaðar.

Svo má og taka fleiri en einn dag til atkvgr., svo að menn mættu fara til skiptis hver af sínu heimili. Og loks, ef eigi þætti enn nægilega tryggt, mætti skylda menn til að greiða atkvæði, að viðlögðum háum sektum eða réttindamissi, svo sem dæmi eru til í Belgíu, á Spáni, í sumum sambandsríkjum í Svisslandi og víðar."

Við sjáum, að hér hefur ekki verið gengið eins langt og þarna er gert ráð fyrir. Verður því ekki sagt, að hér sé um neitt óviðeigandi aðferð að ræða. Það var ekki ætlun okkar, að þetta yrði afgr. frá deildinni fyrr en lýðveldisstjórnarskráin hefði verið samþ. Til þess þarf því að gera lítils háttar breyt., og mætti gera till. þar um, til þess að tefja ekki málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, 96).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 96. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Eins og ég sagði hér í framsöguræðu fyrir frv. þessu á laugardaginn, þá þarfnaðist 1. gr. og 3. gr. frv. nokkurra leiðréttinga, til þess að hægt væri að afgreiða málið úr hv. d., áður en stjórnarskrárfrv. verður afgr. frá þinginu. Og þær brtt., sem fram hafa verið bornar á þskj. 96, eru einungis til þess að koma þessum leiðréttingum að, en breyta engu meginefni frv., og má skoða þær sem hreinar leiðréttingar.

Ég vil geta þess út af fyrirspurn utan umr., að eins og frv. liggur fyrir, þá er ráðgert, að talning eigi sér stað í hverju kjördæmi, þannig að atkv. verði safnað saman í hverju einstöku kjördæmi og talin þar, en ekki á öllu landinu í heild.

ATKVGR.
Brtt. 96,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 96,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 101, 102).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 102. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Á þskj. 102 á ég þrjár brtt. við þetta frv. Það eru tvær brtt. við 5. gr. frv. og ein við 6. gr. Fyrstu tvær till. eru dregnar saman í eina á þskj. Sú fyrri af þeim er um það, að þegar loka á kjördeildum, skuli kjörstj. öll vera sammála um lokunina. Þetta er dálítið annað en almennt er við þingkosningar, þar sem engir umboðsmenn eru þarna við. Þykir rétt, að ákveðnari ákvæði séu um þetta atriði, að öll kjörstj. sé sammála, svo að öruggt sé, að ekki sé of snemma lokað. Í öðru lagi fannst mér orðalag óákveðið í 2. málsgr. sömu gr., þar sem segir: „Ef lokað er í öllum kjördeildum, geta þeir gefið sig fram hjá oddvita kjörstjórnar, er tekur þá við atkv. þeirra og bókar þar um í kjörbók." Þótti mér nauðsynlegt að bæta við orðinu „hreppsins" á eftir orðinu „kjördeildum", því að annars mætti leggja í þetta þann skilning, að lokað væri í öllum kjördeildum kjördæmisins. Ég verð að játa, að stundum getur verið eins hægt fyrir mann að fara út fyrir hreppinn til að kjósa, en sjaldnast er þó svo, og er þá hægara að fara og kjósa hjá hreppstjóra eða oddvita. Þetta raskar ekki l., en er skýrara.

Þá er brtt. við 6. gr. Ég held, að það sé eðlilegt, enda venjulegt, að gera greinarmun á ógildum og auðum seðlum, enda er það gert í kosningal., og þess vegna vil ég bæta inn í orðunum „auða seðla."

Ég held, að þessar breytingar séu þörf skýring, ef ekki nauðsyn til að koma í veg fyrir deilur að kosningum loknum.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Það virðist ljóst, að síðari brtt. hv. þm. Dal., sú við 6. gr., sé til bóta, og eins brtt. við upphaf 5. gr., þannig að sú brtt. gerir torvelt að loka kjördeild, nema full ástæða sé til. Aftur má segja, að hæpið sé að bæta við orðinu „hreppsins" í síðari hluta gr., en það getur þó varla gert skaða. Sýnist því rétt að samþ. þessar till. eins og þær liggja fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 102,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 102,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., 1. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 114).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, 133).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Stjskrn. hefur athugað þetta mál, sem hér liggur fyrir, og flytur brtt. á þskj. 133 við frv. á þskj. 114. Fyrri gr. er á þá leið að vísa um atkvgr. í stjskrl. frá 1943 í stað lýðveldisstjskr., sem nú hefur verið samþ. á Alþ., því að sú síðari hefur ekki fengið staðfestingu. Önnur brtt. er í samræmi við þetta og er orðabreyt. í fyrirsögn frv.

ATKVGR.
Brtt. 133,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 133,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um tilhögun atkvgr. um þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 152).

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 201).

---

44. Hafnarlög fyrir Bolungavík.

Á 10. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Bolungavík (þmfrv., A. 28).

Á 11. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Í sambandi við frv. þetta, sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk., tel ég rétt að geta lítils háttar um sögu hafnargerðar þessa staðar og þá einkum að því, er sú saga viðkemur Alþ.

Upp úr síðustu aldamótum var stofnaður sjóður til hafnarbóta í Bolungavík, og lögðu útgerðarmenn ákveðinn hluta af afla sínum til sjóðsins.

Af opinberu fé mun fyrst hafa verið veitt til hafnarbóta 1909 og síðar 1911 og 1913. Var þá hafizt handa um byggingu öldubrjóts. Síðan hefur stöðugt verið unnið að þessu. En í þessu langa starfi hafa mörg mistök átt sér stað, og er það að vonum, því að hér er í rauninni um að ræða eitthvert hið fyrsta hafnarmannvirki hér á landi. Þess vegna ber ekki að líta á mistökin, heldur á brautryðjendastarfið og alla þá örðugleika, sem því eru samfara, og dæma þetta sem slíkt.

Það var engin hending, að hafizt var handa um þetta verk í Bolungavík, því að þar hefur frá ómunatíð verið ein hin helzta verstöð á landi hér. Það mun ekki hafa verið fyrr en fjórum árum seinna, að hafizt var handa í Reykjavík um hafnargerð, og 10 árum síðar í Vestmannaeyjum.

Ríkissjóður mun nú hafa greitt um ½ millj. kr. til þessa verks gegn jafnmiklu úr sveitarsjóði og hafnarsjóði, en hann hefur ekki aðrar tekjur en hlutatolla. Verður þetta því að teljast mikið átak hjá jafnfámennum hreppi. En nú er svo komið, að verði verkinu ekki haldið áfram, verður ekki komizt hjá því, að staðurinn dragist aftur úr, en hann er hins vegar að allra dómi, sem til þekkja, talinn vel settur til sjávarútvegs. Þess vegna flutti ég á þingi 1942 þáltill. um hafnarbætur í Bolungavík, og var hún samþ.

Nú hefur vitamálastjóri lokið undirbúningi þessa máls, og er frv. byggt á þeim niðurstöðum. Enn fremur er það flutt í samráði við hreppsnefnd Óshrepps. Að öðru leyti vil ég vísa til grg. um nánari atriði.

Eins og er, er ekki unnt að gera út stærri báta en 10 smálesta frá Bolungavík, og útheimtir sú stærð þó mikið erfiði og þjálfun þeirra manna, sem að útgerðinni starfa. Það virðist auðsætt í landi, sem byggir framtíð sína fyrst og fremst á sjávarútvegi, að hlúð sé að stöðum sem Bolungavík. — Gert er ráð fyrir, að helmingur kostnaðarins verði greiddur úr ríkissjóði, og enda þótt þetta framlag sé með nokkuð öðrum hætti en annars staðar, þá liggja til þess allgildar ástæður, og vísa ég þar til grg. fyrir frv.

Ég vil svo að lokum segja það, að enda þótt brýna nauðsyn beri til þess fyrir þennan stað að fá þessar hafnarbætur, sem gert er ráð fyrir í frv., þá er það skoðun mín, að verulegar hafnarbætur í Bolungavík hafi ekki einungis þýðingu fyrir þann stað, heldur einnig þjóðfélagslega þýðingu. Það er eindregið skoðun mín, að í hafnarmálum okkar beri framvegis að líta meir á hin þjóðfélagslegu sjónarmið en gert hefur verið og hversu hægt sé að auka heildarframleiðslumagn sjávarafurða þar með og leggja aukinn skerf í þjóðarbúið. Ég er alveg viss um, að með því að skapa góð skilyrði á þessum stað til sjósóknar skapast stórkostlega aukin skilyrði til þess að auka framleiðsluna þar.

Það er mikið atriði í þessu sambandi, að þessi staður liggur við fiskimið, þar sem fiskur bregzt varla allt árið. Á miðin við Ísafjarðardjúp og við norðanverða Vestfirði er róið árið um kring. Þess vegna er auðsær hagur að því, að á þessum stað séu sem allra bezt hafnarskilyrði. Enn fremur má benda á það, að í Bolungavík eru skilyrði til landsins einnig ágæt. Þar eru mikil upplönd, grösug svæði, þar sem mikil og góð skilyrði eru til landbúnaðar, sem mikinn stuðning getur veitt atvinnulífi og afkomu þorpsbúa. — Um þetta vil ég svo ekki fara frekari orðum, en vil vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir og sem skjótasta afgreiðslu, því að það er ætlun Bolvíkinga að hefjast þegar handa að undirbúningi framkvæmda í þessum efnum.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 112).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur verið athugað af sjútvn. þessarar hv. d., og n. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. N. hefur þó gert á því nokkrar breyt., þ. e. a. s. við 1. og 2. gr. frv. En þær breyt. eru á þá leið, að í staðinn fyrir, að gert er ráð fyrir því í frv., að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við hafnargerðina í Bolungavík, þá hefur n. lagt hér til á þskj. 112, að þessu verði breytt þannig, að ríkissjóður leggi fram, eins og venja er til um hafnargerðir utan kaupstaðanna, ⅔ hluta kostnaðarins. En þá breytist af sjálfu sér ríkisábyrgðin samkv. 2. gr. þannig, að hún nær til ⅔ hluta kostnaðarins. Það hefur nú verið svo, að þær lendingarbætur, sem gerðar hafa verið í Bolungavík, hafa verið kostaðar að hálfu af ríkinu og að hálfu af sveitarfélaginu, og hefur verið kostað til þeirra framkvæmda um ½ millj. kr. Hv. flm. frv. hafa þess vegna farið fram á, að það hlutfall héldist. En sjútvn. taldi ekki fært að ganga inn á þá braut, því að þá mundi að sjálfsögðu mega vænta þess, að svipaðar kröfur kæmu annars staðar frá. Og vitamálastjóri, sem n. hafði haft í ráðum og fengið umsögn frá um frv., hefur talið hér um bil alveg víst, ef þessi hreppur fengi helming kostnaðar við hafnargerð hjá sér greiddan úr ríkissjóði, að koma mundu fram kröfur um slíkt hið sama frá öðrum stöðum. N. sá sér þess vegna ekki annað fært en leggja til, að þessu ákvæði yrði breytt í frv. í það form, sem er í gildandi hafnarl. fyrir hliðstæða staði. — Ég hef ekki nein boð að flytja fyrir n. hönd önnur en þessi, að hún leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem eru hér á þskj. 112.

Ég tel svo að öðru leyti rétt að segja aðeins örfá orð frá eigin bæjardyrum um þessar fyrirhuguðu hafnarbætur, einkum vegna þess, að áætlunin um kostnað við þær er há, miðað við slíka smærri staði, því að áætlunin er, að þetta mannvirki muni kosta 1709000 kr. eða um 1,8 millj. kr. Í fljótu bragði virðist svo, að þessi fjárhæð sé nokkuð há vegna hafnarbóta í sveitarfélagi, þar sem fólksfjöldinn er ekki meiri en 7 til 8 þús. manns. En það er ekki vafi á því, að þessi hrepp-

ur væri stórkostlega miklu fjölmennari, ef hafnarskilyrði væru þarna betri en þau hafa verið undanfarið, því að afkoma fólks á þessum stað byggist að langmestu leyti á sjávarútvegi. Þó að þar sé nokkurt landrými og ágætar jarðir og ágæt ræktunarskilyrði í nánd við kauptúnið, þá hefur þetta kauptún byggt afkomu sína að mjög verulegu og mestu leyti á sjávarafla. En auk þess hefur á fyrri öldum og jafnvel til þessa tíma verið sótt mikið til þessa staðar frá öðrum byggðarlögum. Menn, sem hafa átt heima við Djúpið, hafa haft útræði þarna, einkum áður fyrr. Að heita má allir stærri bændur í héraðinu hafa einhvern tíma haft selstöð í Bolungavík. Og þetta stafar af því, að úti fyrir Vestfjörðum eru þau fiskimið, sem fiskur endist lengst á hvert ár. Það má heita, að á Vestfjarðamiðunum sé fiskur allt árið, og að þessu leyti eru fiskimiðin þar auðugustu fiskimið við Ísland. En Bolungavík liggur einna bezt við þessum fiskimiðum, og þess vegna er það, að einungis hin háskalegu lendingarskilyrði á þessum stað hafa hamlað því, að þarna risi upp stór fiskveiðibær. Ef höfn verður gerð þarna eftir þeirri áætlun vitamálastjórans, sem hér er á byggt í þessu frv., tel ég alveg víst, að þarna muni verða ausið upp miklu fé af fiskimiðunum og að þessi staður, Bolungavík, komist þá til mikils vegs meðal fiskveiðibæja á Íslandi.

Ég get ekki látið hjá líða að minna hv. þd. á það, að Bolungavík er með allra frægustu verstöðvum landsins frá fornu fari og hefur aldrei dvínað í raun og veru. Jafnvel þegar hér var hálfgerð ísöld við Ísland, sem firrti menn sjávarafla fyrir Norðurlandi, þá hélt Bolungavík alveg sínum heiðri, því að menn sóttu þar mikla björg og auð á fiskimiðin, sem liggja út frá Bolungavík. Og það bendir ekkert til þess, að þau fiskimið ætli að bregðast á nokkurn hátt. Ég held þess vegna, að það sé mjög verðugt að samþ. hafnarl. fyrir Bolungavík og í því efni að ætla allríflegt fé til þessa staðar. Og vil ég í því sambandi, auk þess, sem ég hef sagt, minna á það, að þetta litla sveitarfélag með 7—8 þús. manns er búið að láta af mörkum til hafnarbóta þarna um fjórðung milljónar kr., sem má teljast stórvirki af svo fámennu sveitarfélagi. Þetta sýnir, að það er orkufólk, sem þarna á hlut að máli, fólk, sem líklegt er að hagnýta sér vel þann stuðning, sem því yrði veittur með því fjárframlagi, sem hér er gert ráð fyrir.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég hef ekki mörg orð að mæla í sambandi við þetta mál á þessu stigi. Það er einungis vegna þess, að hv. sjútvn. hefur gert till. til nokkurrar breyt. á frv. því, sem hér liggur fyrir, að ég sé ástæðu til að segja nokkur orð.

Í frv. var, eins og hv. frsm. sjútvn. tók fram, gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram helming kostnaðar við fyrirhugaða hafnargerð í Bolungavík. Og þetta byggðist á því, sem ég greindi frá við 1. umr. málsins, að fram til þessa tíma hefur þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við hafnarbætur í Bolungavík, sem gerðar hafa verið fram til þessa, byggzt á þessum hlutföllum, að ríkissjóður hefur lagt fram helming. Það var þess vegna í samræmi við það, sem við létum þetta hlutfall haldast einnig í þessu frv.

Nú hefur hv. sjútvn. hins vegar ekki treyst sér til þess að fallast á þá breyt. frá hinu almenna hafnarlagaformi, sem þetta frv. felur í sér, og vil ég út af fyrir sig ekki lá hv. n. það. Og það verður ekki gert að neinu ágreiningsatriði af okkur flm. úr því, sem komið er.

Ég vil rétt benda á það, að enda þótt þetta sé kannske hættulegt fordæmi, að hverfa frá þeim hlutföllum, sem flest hafnarl. hafa hingað til byggzt á, þá segi ég það sem mína skoðun, að ég hygg, að í framtíðinni hljóti að verða breytt nokkuð um stefnu í þessum efnum, þannig að framlög til hafnargerða á einstökum stöðum verði látin miðast við það á hverjum stað, hversu góð skilyrði eru þar til þess að auka heildarframleiðslu landsmanna. Ég er óhikað þeirrar skoðunar viðkomandi þeim stöðum, þar sem skilyrði eru sérstaklega góð, til þess að útgerð geti orðið þar mikil, og með mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina, að framlag ríkisins beri að vera meira til hafnargerða þar en til hafnargerða á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru takmarkaðri um aukna þróun útgerðarinnar. — Ég læt þessa skoðun koma hér fram í sambandi við þetta mál. Og í samræmi við þá skoðun er það, að við flm. þessa frv. höfðum lagt til, að ríkissjóður legði fram að hálfu leyti kostnað við hafnargerð á þessum stað, Bolungavík, sem vissulega mun vera sá staður á landi hér, er einna bezt skilyrði hefur til sjósóknar. Og það sannast fyrst og fremst af fortíð þessa staðar sem verstöðvar og enn fremur af legu staðarins við hin ágætustu fiskimið þessa lands.

En eins og ég hef tekið fram, munum við flm. frv. að svo komnu máli sætta okkur við þær breyt., sem hv. sjútvn. hefur lagt til, að gerðar verði á frumvarpinu.

ATKVGR.
Brtt. 112,1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 112,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 171).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur athugað þetta frv. eins og það kom frá hv. Nd. N. hefur borið það saman við gildandi hafnarl. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég vil aðeins geta þess, að í einni gr. frv. er ákveðið, að heimila skuli hafnarsjóði á þessum stað að taka allt að 2% af afla. Þetta er dálítið frábrugðið því, sem er í öðrum hafnarl., því að þar er leyft að taka allt að 1% af afla, sem lagður er á land. En með tilliti til þeirra erfiðleika, sem þarna er við að etja um hafnarbætur, sér sjútvn. ekki ástæðu til að gera aths. við þetta ákvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 202).

---

45. Dýrtíðarráðstafanir (frv. meiri hl. landbn. Nd.).

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt á l. nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir** (þmfrv., A. 130).

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér er flutt, er fram komið til skýringar á þeim l. um dýrtíðarráðstafanir, sem sett hafa verið.

Það hefur komið fram nokkur annar skilningur á till. sex manna n. en átti að vera og l. ekki svo skýr og fullkomin, að hægt sé að framkvæma þau á þann veg, sem almennt var hugsað. Sem sagt, það hefur komið fram sá skilningur, að samkv. till. sex manna n. bæri landbúnaðinum að fá það verð, sem n. ákvað, og mundi varla vera rétt að gera mun milli flokka sömu tegundar. Þannig ætti að borga jafnt fyrir 1. flokks og 4. flokks kjöt og 1% og 2% mjólk. Ef þessum l. væri þannig framfylgt, yrði það til þess að brjóta niður algerlega þá vöruvöndun, sem lögð hefur verið áherzla á undanfarna áratugi, ef bóndinn bæri það sama úr býtum, hvort sem varan væri góð eða vond.

Það hefur verið spurzt fyrir um þetta, og þessi frvgr., sem hér liggur fyrir, hefur verið borin undir sex manna n., þá nm., sem eru í bænum. Þeir hafa leyft að hafa eftir sér, að þetta væri í fullu samræmi við það, sem fyrir n. hefði vakað. — Til frekari skýringar skal ég lesa hér bréf frá formanni sex manna n. til hv. þm. Vestm. út af fyrirspurn hans varðandi þetta mál. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 2. marz 1944.

Út af fyrirspurn yðar, herra alþingismaður, í bréfi, dags. 28. f. m., skal ég leyfa mér að taka það fram, að verð það, sem landbúnaðarvísitölunefndin setti á íslenzkar afurðir, var byggt á þeim forsendum, að það svaraði til meðaltilkostnaðar á einingu á öllu landinu, og því meðalverð fyrir alla framleiðsluna (miðað við afhendingarstað). Hins vegar taldi nefndin það ekki sitt hlutverk að framkvæma neina verðjöfnun vegna mismunandi vörugæða né annars aðstöðumunar eða ákveða, hvaða verð hver einstakur bóndi skyldi fá fyrir sína framleiðslu, né yfirleitt gefa neinar reglur um verðlagningu varanna í einstökum atriðum, heldur yrði allt slíkt að fara algerlega eftir ákvörðunum þeirra aðila, sem að lögum eiga að ákveða vöruverðið og sjá um framkvæmd þess.

Þorsteinn Þorsteinsson."

Þetta mun líka hafa verið borið undir sex manna n., þá nm., sem eru í bænum, og þeir tjá sig því samþykka. Í þessu felst því álit sex manna n. Hún telur, að þetta frv. sé nauðsynleg skýring, sem þurfi að koma fram. Ég skal taka það fram, að þessi atriði, sem hér um ræðir, eru ekki ríkissjóði á neinn hátt viðkomandi. Þetta er aðeins um skiptinguna milli framleiðenda sjálfra, að hér eftir eins og hingað til verður fylgt þeim sömu reglum um greiðslu til framleiðenda, þannig að gerður verður munur á því, hvort mjólkin er framleidd hér á bæjarlandinu við erfið framleiðsluskilyrði eða austur í sveitum, þar sem tilkostnaður er miklu minni. Á þessu hefur verið gerður nokkur munur. Enn fremur vil ég benda á, að hér eftir eins og hingað til verður gerður munur á því, hvort menn framleiða 1. flokks kjöt eða 4. flokks kjöt. Þá verður einnig, hvað verð snertir, gerður munur á því, hvort menn framleiða t. d. 2½% feita mjólk eða 4% feita. Þessi verðhækkun, sem hér um ræðir og meiri hl. n. hefur lagt til, er þess vegna nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir misskilning og jafnvel hugsanleg málaferli, og ég vil vænta þess, að menn geti allir, hvaða augum sem menn annars líta á dýrtíðarráðstafanir, orðið sammála um, að það er sjálfsagður hlutur, að slíkur mismunur verði gerður. Það er ástæðulaust að gera þeim mönnum, sem standa fyrir félagsskap framleiðenda, svo sem kaupfélögum og sláturhúsum, erfiðara fyrir með því að hafa þetta of óákveðið.

Það er aðeins meiri hl. n., sem flytur þetta, en mér hefur skilizt, að minni hl. hafi ekki neitt út af fyrir sig við þetta atriði að athuga, heldur vilji hann ekki skipta sér neitt af málinu, enda getur engum verið til hags að brjóta þetta niður, þar sem búið er að vinna að því að koma á sæmilegri vöruvöndun í landinu.

Einar Olgeirsson: Ég skal ekki að svo stöddu ræða þetta mál. Ég hef ekki kynnt mér það svo,

að ég treysti mér að taka til máls um það, en ég held, að rök hv. frsm. séu rétt. En ég álít, að heppilegra sé, að till. eins og þessi fái athugun í n. þeirri, sem hefur haft með dýrtíðarmálin að gera. Ég vil því leggja til, að till. verði vísað til fjhn.

Emil Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð til þess að skýra frá því, af hverju ég sem einn í landbn. hef ekki tekið þátt í flutningi þessa máls og það þess vegna er flutt af meiri hl. n. eingöngu.

Þegar niðurstöður sex manna n. voru komnar, þá fannst bæði mér og öðrum, að þær niðurstöður væru í mörgum atriðum hæpnar og óljósar, svo að ekki sé meira sagt, og það í fleiri atriðum en þeim, sem hér er lagt til, að leiðrétt verði. Ég skoða það því þannig, ef farið væri að taka þetta mál út úr, að það mundi seinka fyrir því, að heildarlagfæring fengist á því, sem l. fjalla um. Af þessum ástæðum hef ég ekki viljað taka þátt í flutningi málsins.

Sveinbjörn Högnason: Stjórn Mjólkursamsölunnar hafði óskað þess, að frv. yrði flutt eitthvað svipað þessu til þess að skera úr um það, að hægt sé að halda uppi verðjöfnun þrátt fyrir það, sem samþ. var í sex manna n. En eins og gefur að skilja, kemur það ekki ljóst fram í áliti sex manna n., eins og formaður hennar skýrir frá í bréfi því, sem hv. 2. þm. Skagf. las. Form. n. hefur ekki talið það í sínum verkahring að skipta sér af því, hver verðjöfnunin væri, og þar af leiðandi er nauðsynlegt fyrir þessar stofnanir, sem nú eru að gera upp reikninga sína, að geta alveg ákveðið vitað um, hvort verðjöfnunin er í gildi eða hvort sama verð eigi að vera fyrir 1. og 4. flokk o. s. frv. Gátu þá stjórnir þessara fyrirtækja átt á hættu, ef þær gerðu upp með öðru móti, að fá á sig málshöfðun samkv. því, sem ákveðið var í samkomulagi sex manna n. Þetta er svo augljóst mál sem verða má. Það getur engum blandazt hugur um, að verðjöfnunina verður að framkvæma eftir sem áður, eins og hún hefur verið ákveðin í l. Það hefur aldrei verið til annars ætlazt, og því er nauðsynlegt að fá þetta skýrt ákveðið í l. um dýrtíðarráðstafanir.

Hv. þm. Hafnf. var að tala um það, að hann hefði ekki getað gerzt meðflm. að þessari breyt. í landbn., vegna þess að hann vildi ekki koma nálægt neinu, sem frá sex manna n. hefði komið, það væri svo óljóst. En mér virðist ósamræmi í því, að hann skuli ekki vilja gera þessi ákvæði skýrari en þau eru hjá sex manna n.

Ég vil að öðru leyti benda á það, að í þessu frv. stendur „mjólkursamsölusvæði", en það er ekki það orð, sem notað er í l., heldur „mjólkurverðjöfnunarsvæði." Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að skoða þetta sem leiðréttingu, enda get ég lagt fram brtt. um þetta, ef þurfa þykir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Það voru aðeins örfá orð út af ummælum um, að málinu yrði vísað til fjhn. Ég skal lýsa yfir fyrir hönd n., að ég get fallizt á, að málinu verði vísað til fjhn. Ég hef átt tal við form. fjhn., og sé málið ekki tafið, telur hann, að nál. gæti komið á mánudag, og þá tel ég rétt, að málið gangi þessa leið. En ég vil taka það fram, að okkur er mjög mikið áhugamál, að málið gangi í gegn á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 15:4 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, 155).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 155. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Það liggur ekki enn fyrir nál. frá fjhn., en meiri hl. hennar óskar eftir, að málinu verði nú vísað til 3. umr., og verður nál. væntanlega komið fyrir þá umr. Vænti ég, að hæstv. forseti og hv. d. hafi ekkert við þessa meðferð málsins að athuga.

Jón Pálmason: Ég get einnig fallizt á að fresta brtt. minni til 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, n. 154 og 164, 155).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Í þessu frv., sem liggur hér fyrir, eru ákvæði um, að það verð á landbúnaðarvörum, sem ákveðið var af þeirri vísitölunefnd landbúnaðarins, sem starfaði á s. l. sumri, skuli teljast meðalverð, og ekki raskað ákvörðuninni um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkursölusvæðanna skv. mjólkurl. og breyt., sem á þeim hafa verið gerðar, né heldur ákvæðum bæði þeirra l. og annarra um misjafnt verð hinna einstöku vöruflokka eftir vörugæðum. Í l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma frá 1935 og þeim breyt., sem síðar hafa verið á þeim gerðar, eru ákvæði bæði um verðjöfnun og einnig um mismunandi verð eftir vörugæðum. Í 13. gr. þessara l. frá 1935 segir svo, með leyfi forseta:

„Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal m. a. taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð."

Meiri hl. fjhn., sem hafði athugað þetta mál, leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 154, að í stað mjólkursölusvæða í frvgr. komi verðjöfnunarsvæða. — Einn nm., hv. þm. Siglf., skilar hér sérstöku áliti og flytur brtt. um víðtækar breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir. Meiri hl. fjhn. telur sjálfsagt, að haldin verði sú venja, sem gilt hefur, að greiða mismunandi verð fyrir vörurnar eftir gæðum, og hefur það komið fram, að það er skýring þeirra manna, sem störfuðu í vísitölunefnd landbúnaðarins, að það verð, sem ákveðið var af þeim í n., skyldi skoðast sem meðalverð fyrir hverja framleiðsluvörutegund.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að d. fallist á, að rétt sé að ákveða um þetta, svo að eigi verði um villzt, og að slík ákvæði í l. og reglugerðum um mismunandi verð fyrir hina ýmsu vöruflokka séu haldin.

Jón Pálmason: Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir áliti meiri hl. fjhn. fyrir þessu frv., og hef ég út af fyrir sig engar aths. við það. En ég vil leyfa mér að flytja hér brtt. á þskj. 155 og tel nauðsyn, að sú breyt. verði gerð á þeim l., sem hér um ræðir, l. um dýrtíðarráðstafanir, vegna þess að í þeim l. eru engin ákvæði í sambandi við þær breyt., sem gerðar eru á tilkostnaði á framleiðsluverði landbúnaðarvara, svo að það geti verið í fullu samræmi við það verð, sem álit og till. vísitölun. eru byggðar á.

Þessi till., sem hér liggur fyrir frá minni hálfu, var ekki tekin upp af n., að mér skildist fyrir það, að einhverjum nm. varð rætt um, að það kynni að tefja fyrir málinu sjálfu, að það næði fram að ganga, ef það mundi fá nokkra afgreiðslu á þinginu. En satt að segja er ég undrandi yfir þeirri aðferð um afgreiðslu máls, að hér þurfi að slá föstu um það, hvernig með þetta mál skuli fara, og ég sé ekki betur en þessi sama n. starfi áfram og hafi með höndum að gera þennan útreikning, sem óhjákvæmilega þarf að fara fram.

Till. þessi er flutt í samráði við þá menn úr sex manna n., sem ég náði til og hafði tal af. Það er álit þeirra, að nauðsynlegt sé, að þessu sé hagað á þann veg, sem hér er ályktað, a. m. k. gerð á því önnur skipan, þannig að því sé slegið föstu, hvernig þessi útreikningur skuli fara fram. Þessi till. var hér til umr. í vetur og var felld hér í d. með eins atkv. mun, og virðist, að margir af þeim þm., sem greiddu atkv. gegn till., hafi gert það af þeirri sök einni, að þeir voru ekki sammála frumvarpinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, ef ekki gefst tilefni til, að fara um þetta fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Fjhn. þessarar d. er ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég — eða minni hl. — skila sérstöku áliti, og vil ég gera nokkra grein fyrir því.

Ég tel, að heimildir þær, sem hér eru gerðar í frv., séu eingöngu til þess að gera mismun verðs á mjólkurafurðum og öðru því, sem þar um ræðir, miðað við, á hvaða stað sú framleiðsla fer fram, og gætu þá fleiri atriði komið til greina. Ég tel rétt að gefa n. kost á því sjálfri að úrskurða um þennan mismun og álít mjög varhugavert, að mjólkursölun. hafi ein vald út af fyrir sig til að ákveða þetta. Ég tel því rétt, að þetta sé eitt af þeim verkefnum, sem sex manna n. fái, þegar hún heldur áfram starfi sínu, sem ég býst við, að samþ. verði, enda liggur fyrir till. frá hv. þm. A.-Húnv. um, að störf n. framlengist þannig, að hún verði látin reikna út niðurstöður vísitölunnar.

Auk þeirra brtt., sem hér liggja fyrir um, að þetta verð skuli ákveðið af sex manna n., þá flyt ég brtt. um, að sett sé í frv. ákvæði, sem taki af öll tvímæli um það, hvort ríkisstj. sé heimilt að borga niður afurðaverðið á innlendum markaði án þess að leita sérstakrar heimildar Alþ. hverju sinni og hvernig skilja beri ákvæði dýrtíðarl. Ríkisstj. hefur þá skoðun, að hún hafi fulla heimild til þess, en flokkarnir álíta aftur á móti, að hún hafi til þess enga heimild. — Það var lagt fram frv. í Ed. um, að ríkisstj. skyldi leita álits Alþ., ef greiða þyrfti niður dýrtíðina. Þetta frv. komst í gegnum 2. umr. í Nd., en þá tók forseti til sinna ráða og hindraði afgreiðslu málsins margar vikur, og dagaði það uppi. En á síðasta degi þingsins var samþ. þál. um þetta sama efni. Ber orðalagið með sér, að það var eingöngu til bráðabirgða, og vildu sumir ætlast til þess, að sett væru lagaákvæði, sem kvæðu á um, að ríkisstj. gæti ekki gert stór fjárútlát öðruvísi en þurfa að leita samþ. Alþ. Fyrsti liðurinn í þeim brtt., sem eru í nál. minni hl., gengur einmitt út á að fá þetta skýlausa ákvæði inn í dýrtíðarl.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð út af því, sem hv. þm. Siglf. sagði, að ríkisstj. hefði komið til þingflokkanna og spurt, hvort hún mætti greiða niður verð innlendra afurða; flokkarnir hafi neitað, og þá hafi stj. gefið út brbl. til þess að gera það. Ég kannast ekki við, að stj. hafi gert þetta, því að hún hefur alltaf haldið fram, síðan álit sex manna n. kom fram, að hún hefði heimild til þessa í l., svo að hér er um misskilning að ræða hjá hv. þm. Annars undrar mig að sjá þær till., sem hann kemur hér með, eftir að þingið veitti stj. fyrir nokkru sérstaka heimild til þess að annast þessar greiðslur.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. A.-Húnv. talaði hér áðan fyrir brtt., sem hann flytur á þskj. 155. Hann lagði þessa till. sína fram í fjhn., en þar varð ekki samkomulag um till. Eins og þegar hefur verið tekið fram hér og dm. muna, þá var þetta atriði, sem hann flutti till. um, einnig til meðferðar á síðasta þingi, og var þá felld till., sem mun hafa verið frá þessum sama hv. þm., einmitt um þetta sama efni. Ég tel það illt, að hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Siglf. skuli flytja þessa brtt. og hefja hér deilur um þessi ágreiningsatriði, sem var verið að ræða um á síðasta þingi, því að það getur aðeins verið til þess að tefja og spilla fyrir því, að þetta litla frv. á þskj. 130 fái afgreiðslu nú. En um efni frv. út af fyrir sig ætti ekki að vera neinn ágreiningur. Mér sýnist, að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um það, að sjálfsagt sé að greiða til framleiðenda nokkuð mismunandi verð fyrir vörurnar eftir gæðum. Það er ekki sanngjarnt að greiða sama verð fyrir kg af mjólk, hvort sem hún er í 1., 2. eða 3. flokki. Sama gildir um aðrar vörur. Ég tel nauðsynlegt að fá þetta skýrt ákveðið í l., og þá teldi ég, að menn ættu að samþ. frv. án þess að vera að taka upp nýjar deilur um önnur atriði, sem ekkert snerta þetta mál.

Ég vil því vænta þess, að hv. þm. A.-Húnv. vilji taka aftur þessa brtt. sína, en vilji hann það ekki, vænti ég þess, að brtt. hans verði felld nú eins og gert var í þessari hv. d. á síðasta þ. Ég vil líka leggja á móti brtt. þeirri, sem hv. minni hl. fjhn. flytur á þskj. 164.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég vil taka undir þá ósk hv. þm. V.-Húnv., að ekki sé farið að blanda í þetta frv. ágreiningsefnum, sem um þetta mál eru.

Mér var það ljóst, þegar frv. þetta var flutt, að engin von var um að fá það fram nema því aðeins að verðjöfnunarákvæðin, sem höfðu verið lögleidd áður, væru þar staðfest. En það er ekki ljóst, eftir því sem sex manna n. hefur ákveðið, að verðjöfnunarákvæðin séu áfram í gildi. Það, sem um er að ræða, er tvenns konar verðjöfnun, sú verðjöfnun, sem framleiðendur hafa komið sér saman um, að allir fái sama verð fyrir sömu vöru á sama stað, og svo mismunandi verð vegna vörugæða. Það er misskilningur, sem kemur fram hjá minni hl. fjhn., að verið sé að veita stjórn Mjólkursamsölunnar rétt til þess að ákveða mismunandi verð, heldur er farið fram á það, að þau ákvæði, sem nú eru í l. um verðjöfnun, standi áfram í framkvæmdinni. Það er ekki um annað að ræða. Og það er mikill misskilningur að láta sér koma til hugar, að það, sem áður hafði verið mesta ágreiningsefnið, meðan verið var að koma afurðasölunni í framkvæmd, sé hægt að fela n., sem er málinu gersamlega ókunnug, að setja ný ákvæði um verðjöfnun, önnur en þau, sem nú standa í l., veita henni heimild til þess að stjórna því eftir þeim reglum, sem henni þóknast. Ég er viss um, eins og fram kemur í bréfi frá formanni sex manna n., að þá hefur n. ætlazt til, að verðjöfnunarákvæðin væru framkvæmd, og það mun vera álit allra alþm., að svo sé. Þessi skilgreining staðfestist með því, sem farið er fram á hér, og ég vil mælast til þess, að hv. þm. A.-Húnv. vilji taka aftur þessa brtt. sína, sem nokkur ágreiningur hefur verið um, og sömuleiðis minni hl. fjhn. sína brtt. Verði þessar brtt. ekki teknar aftur eða þá felldar, er vonlaust um, að þetta frv. nái fram að ganga, og það hygg ég, að væri það versta, sem hægt væri að gera í málinu. Og ég hygg þá líka, að engir hv. alþm. ætlist til, að svo fari.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Ég vil nú fyrir hönd okkar flm. þakka meiri hl. fjhn. fyrir meðferð hennar á þessu máli, og þessa smávægilegu brtt. skoða ég sem lítils háttar leiðréttingu. En að því er snertir till. hv. þm. A.-Húnv., vil ég gera þá grein, að ég fylgdi henni í vetur á síðasta þingi, greiddi henni þá atkv. og studdi hana, og ég mundi hafa gert svo nú, ef samkomulag hefði náðst um hana. En þar sem fjhn. hefur ekki fengizt til að taka hana upp og ekki orðið samkomulag um hana, en áríðandi fyrir frv. að fá þetta alveg ákveðið, treysti ég mér ekki til að greiða henni atkv., þó að ég sé henni að efni til alveg samþykkur.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég kvaddi mér hljóðs til þess að láta í ljós sömu skoðun og komið hefur fram hjá tveim síðustu hv. þm., hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf. — Það er öllum kunnugt, sem um þessi mál hafa fjallað, að það hefur verið mjög erfitt að ná samkomulagi um sanngjarna verðjöfnun á milli bænda. Eftir mikla viðleitni og góðan vilja hefur það þó loks tekizt. Svo eru sett hér á Alþ. lög, sem á engan hátt eru ætluð til þess að girða fyrir slíkt samkomulag, og má segja, að því fari mjög fjarri, að löggjöfin hafi ætlazt til þess, að samtök bænda væru um það einráð, hvaða reglur þau settu á sínu verðjöfnunarsvæði. Ég held, að fyrst svona hefur til tekizt, að það þykir orka tvímælis, hvort þessi löggjöf eigi að gilda áfram, þá sé það skylda Alþ. að taka af allan vafa í þeim efnum. Og ég vildi sagt hafa, eins og síðasti ræðumaður sagði, að þó að ég greiði nú atkv. móti öllum brtt. öðrum en brtt. meiri hl. n., vildi ég ekki með því segja til um, að ég væri mótfallinn þeim fyrirmælum, sem þar er ákveðið að lögfesta. Ég greiði þó atkv. móti þessum brtt., því að verði þær samþ., verður að telja a. m. k. mjög líklegt, að þetta frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi, sem bráðlega verður frestað. Ég legg því eindregið til, að brtt. verði felld, en frv. staðfest.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Mér þykja undarlegar þær ræður, sem komið hafa fram hjá hv. þm., að það þurfi endilega að steypa því frv., sem mér finnst allir vera sammála um, ef samþ. er í sambandi við það breyt., sem einnig er skýring og alveg nauðsynleg.

Ég get ekki séð, hvernig á að framkvæma það að reikna út þá sjálfsögðu breyt., sem gera á á þessum verðlagsmálum, sem gert er ráð fyrir í l., ef ekki eiga að vera nein ákvæði um það. Hér er ekki farið fram á annað en það, að ákveðið sé, að sex manna n. starfi áfram til þess að rækja sama hlutverk og kauplagsn. rækir á þjóðmálasviðinu, að reikna út, hvaða verðlagsbreyt. eigi sér stað vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í landinu.

Ég er mjög undrandi yfir því, að menn skuli koma hér hver á fætur öðrum og halda því fram, að þetta hljóti að verða frv. að falli. Þegar þessi till. kom fyrir í vetur, kom hér heill hópur manna og greiddi atkv. á móti henni. Það var raunar eðlilegt, af því að þeir voru á móti frv., sem hún var við. Ég get því ekki fallizt á að taka þessa brtt. aftur, og menn verða að eiga það við sjálfa sig, hvort þeir fella hana eða ekki. En hvaða aðferð vilja þeir hafa til þess að reikna út þessa breyt., úr því að þeir vilja ekki samþ. brtt. í þessu sambandi?

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég hef ekki hjá mér þau bréf, sem ríkisstj. sendi flokkunum um þetta, en í öllu falli sendi hún þeim bréf, þar sem hún fór fram á það við þá, að þeir heimiluðu henni ákveðna peningaupphæð til þeirra hluta. Ég veit ekki, hvaða svar barst við því bréfi, en það skiptir engu verulegu máli. Aðalatriðið er, að orka þykir tvímælis, að ríkisstj. hafi haft þessa heimild til þess að borga niður dýrtíðina. Við sósíalistar héldum því fram, að hún hefði ekki þessa heimild. Svo héldu allir, að hún hefði hana, og stj. virðist nú sjálf halda, að hún hafi þessa heimild. Það er óheppilegt, að slíkt almennt ákvæði sé fyrir hendi, sem stj. gæti lagt í þann skilning, að hún hefði ótakmarkaða heimild til þess að greiða niður dýrtíðina, hve mikil sem upphæðin kynni að verða. Og það er miklu meira traust en hægt er að segja að hafa megi, að ráðstafa þannig tugum millj. af fé ríkissjóðs, og það er hastarlegt, ef Alþ. ætlar sér að líða það, að hún hafi þetta ótakmarkaða vald, sem hún hefur lýst yfir, að hún telji sig hafa. Og yfirlýsing ríkisstj. um þetta efni er nóg ástæða til þess, að Alþ. taki af skarið og ákveði, hvaða reglur það vilji hafa í þessum efnum. Það er auðvitað allt annað mál, hvort ákveðið verður að borga niður dýrtíðina, og ég býst við, að meiri hl. mundi vera með því,

en við sósíalistar vorum á móti því og álítum, að verið væri að kaupa niður laun verkafólksins. Þó var meiri hl. með því að veita ríkisstj. heimild til þessa niðurkaups á dýrtíðinni, og það er ekkert við því að segja, þó að ríkisstj. noti þá slíkt vald, er þingið hefur veitt henni. En ég læt ekki af því, að þingið veiti ríkisstj. ekki þá heimild, að hún geti ótakmarkað ráðstafað fé ríkissjóðs til þessara hluta. Ég get ekki séð, að það tefji þetta mál, þó að þessi till. yrði samþ., eins og sumir hv. þm. virðast halda. Það var mikill meiri hl. með því á síðasta þingi að samþ. svona breyt., og mig minnir, að Sjálfstfl. hafi viljað taka af allan vafa um það, að ríkisstj. hefði þessa heimild, og þótt flokkurinn væri á þeirri skoðun, að það bæri að borga niður dýrtíðina.

Viðvíkjandi sex manna n. og starfi hennar á ég bágt með að skilja, að það þurfi að teljast fresta svo mikið störfum þingsins og hindra, að þetta frv. nái fram að ganga, þó að þessi till. yrði samþ. Ég vil benda þessum mönnum á það, einkanlega hv. 2. þm. Skagf., sem var þessu fylgjandi á síðasta þingi, en segist nú ekki vilja tefja frv. með því að samþ. brtt., að engar líkur eru til, að nokkur n. verði sett til þess að reikna út það verðlag, sem á að taka við á næsta hausti. Það er vitað mál, að þingið kemur ekki saman til neinna starfa fyrr en næsta haust, og það er ekki hægt fyrir hv. þm. að vera með því, að sex manna n. starfi áfram, vera með því að halda áfram því samkomulagi, sem var milli framleiðenda og neytenda, og ætla sér að vera á móti brtt., því að hún fresti þessu frv., því að þetta er eini möguleikinn til þess að koma málinu fram í tæka tíð. Ég veit, að það eru ýmsir, sem vilja rjúfa þetta samkomulag og eru þess vegna á móti því, að frv. verði samþ. Þeir vilja rjúfa þetta samkomulag til þess að hafa óbundnar hendur í kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. Þetta eru menn, sem vilja vinna skemmdarstarf í þjóðfélaginu og rjúfa þá gerð, sem komin var milli framleiðenda og neytenda. Ef hv. 2. þm. Skagf. vill drepa þessa till., er hann fylgdi á síðasta þingi, er hann með því að eyðileggja það samkomulag, sem gert var.

Ég vil að síðustu undirstrika það, að hvað sem um aðrar brtt. verður sagt, er brtt. hv. þm. A.-Húnv. á þann veg, að verði hún felld, er sennilega búið að rjúfa það samkomulag, sem gert var, eyðileggja þann grundvöll, sem dýrtíðarl. frá 1942 voru byggð á. Það er alveg gersamlega þýðingarlaust fyrir þá hv. þm., sem vilja fella þessa brtt., að halda því fram, að þeir geri það af því, að þeir vilji bjarga þessu frv. Það eru vitanlega hlægileg rök að halda slíku fram. Ég hef heyrt, að þessi grundvöllur verði rofinn, og ég veit, að samtökum neytenda mun verða beitt til þess að hindra það, að gengið verði á rétt launþega með verðbólgu, sem einhver n. leikur sér að því að skapa. Samtökum neytenda verður beitt til þess að hindra slíka árás á launastéttirnar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég get fullvissað hv. þm. Siglf. um, að það er misskilningur hjá honum, að ríkisstj. hafi skrifað slíkt bréf. Ég skil ekki vel ræðu þessa hv. þm. um það, að óskemmtilegt sé að horfa upp á ríkisstj. greiða stórar fúlgur úr ríkissjóði, án þess að heimild Alþ. komi til. Öllum hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um, að sú heimild var ríkisstj. veitt á síðasta þingi, svo að ekki er um það að ræða að greiða þessar uppbætur án vilja þingsins. Heimildin var orðuð þannig, að hún gilti, þar til öðruvísi væri ákveðið af þinginu, og enn hefur annað ekki verið ákveðið.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Það var út af þessu bréfi, sem ég talaði um. Fékk ríkisstj. ekki bréf frá þingflokkunum, er þeir töldu svar við bréfi frá henni, sem mig minnir ganga út á að æskja álits flokkanna um málið? Ekki veit ég betur.

Það er rétt, enda tók ég það fram í ræðu minni, að síðasta þing veitti ríkisstj. heimild til að greiða niður dýrtíðina, þar til það ákvæði öðruvísi. En þessi samþykkt var aðeins gefin í þál.-formi, er kom fram og var samþ. í skyndi allra síðast á þinginu, eftir að forseti þessarar hv. d. var allt þingið búinn að liggja á öðru máli um þetta efni og hindra, að kæmi fyrir þingið. Þessi þál. er og þannig, að hún ber með sér, að hún er aðeins samþ. til bráðabirgða. Væri eðlilegast, að hún væri nú leyst af með l., enda kom það þá fram í þinginu, að þetta ætti ekki að vera nema bráðabirgðalausn, svo að ekki þyrfti að hætta að greiða niður dýrtíðina, meðan leitað væri að varanlegri ráðstöfunum. Þetta vildi ég taka fram.

Forseti (JörB): Út af endurteknum rangfærslum hv. síðasta ræðumanns verð ég að taka það fram, sem öllum þm. er ljóst, að það var fyrst vegna áskorunar manna úr fjhn. og síðast eftir ákvörðun þessarar hv. d., að umgetið mál var ekki tekið fyrir á síðasta þingi.

ATKVGR.
Brtt. 164,1 felld með 20:5 atkv.
— 154 samþ. án atkvgr.
— 155 felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, JJós, JPálm, LJós, SigfS, SB, SG, STh, ÞG, ÁkJ.
nei: BÁ, EystJ, FJ, HelgJ, IngJ, JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, JörB.
GÞ, GSv, JakM greiddu ekki atkv.
7 þm. (BG, EOl, EmJ, GG, SEH, SK, StJSt) fjarstaddir.
Brtt. 164,2 felld með 17:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 175).
Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 190, 189).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mál þetta er ekki mjög margbrotið, og get ég verið stuttorður um það. — Það er þannig til komið, að þeir, sem stjórna Mjólkursamsölunni, óskuðu eftir því við landbn., að frv. í áttina við þetta yrði borið fram á þessu þingi. Þeir töldu sig ekki hafa fulla heimild til þess nú á þessu ári að ákveða misjafnar greiðslur fyrir mjólk og þannig gæti farið, að mjólk, sem væri í 3. flokki, væri í svipuðu verði og mjólk í 1. flokki. Að þessu leyti var ekki síður nauðsynlegt fyrir neytendur en framleiðendur, að þessi breyt. kæmi fram til þess að koma í veg fyrir, að lakari mjólk bærist á markaðinn. — Hið sama er að segja um kjötið; það var einnig nauðsynlegt, að hægt væri að koma á verðjöfnun, hvað það snertir.

Meiri hl. landbn. Nd. flutti þetta mál þar, og var því vinsamlega tekið þar í d. og samþ. án breyt. — Nú hefur málið komið til landbn. þessarar hv. d. Einn nm. var ekki staddur á fundi n., en þrír nm. voru sammála um að samþ. frv. breytingalaust. Ég lít svo á, að brugðið geti til beggja vona, að rétt sé að gera nokkra breyt. á þessu frv., því að þá nær það sennilega ekki fram að ganga, og er það verra fyrir alla, ekki síst neytendur.

Hv. 7. landsk. skrifar undir nál. með fyrirvara og kemur með brtt. samhljóða þeirri, sem flutt var í hv. Nd. Við hinir í n. getum ekki mælt með því að taka nú þessa brtt. til greina, og leggjum við til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ágreiningur milli mín og samnm. minna reis út af 4. gr. dýrtíðarl., og hef ég þess vegna flutt brtt. á þskj. 189. Fela þær í sér lagfæringu á tveim atriðum. Þessar till. eru ekki í fyrsta sinn á ferð nú, svo að hv. dm. kannast við þær. Þær voru bornar fram á síðasta þ. af hv. 5. þm. Reykv. og samþ. hér í d. Áttu þær aðeins eftir að ganga í gegnum 3. umr. í Nd., þegar þingi var slitið, og virtust hafa fylgi mikils hluta þm. í báðum d. Á þessu þ. hafa till. líka verið lagðar fram.

Fyrsti liður brtt. er fram borinn til þess að taka af öll tvímæli um það, hvort ríkisstj. hafi skv. dýrtíðarl. frá 1943 heimild til að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum með framlagi úr ríkissjóði. Hæstv. ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að hún hafi það, en Alþ. og íslenzka þjóðin getur fengið að sjá það með tölum, hverjar afleiðingar slík túlkun l. getur haft. Fjórðungi af öllum tekjum ríkissjóðs er varið til þess að halda verði á landbúnaðarafurðum niðri. 27 millj. kr. af 109 millj. hefur hæstv. ríkisstj. kostað upp á vísitöluna sína, sem hún með þessu móti reynir að dekstra til að hlýða sér. Sú heimild, sem hæstv. ríkisstj. hafði til niðurgreiðslu, var til bráðabirgða. Nú telur hún sig alltaf hafa lagalega stoð í dýrtíðarl. Þá samþ. hv. alþm. nýja heimild handa ríkisstj. sem eins konar uppbót fyrir þá heimild, sem hún átti ekki, en taldi sig eiga.

Þar sem enginn hæstv. ráðh. er hér staddur í d., tel ég ekki ástæðu til að komast í kast við ríkisstj., en vil með till. mínum minna hv. dm. á, að ástæða er til, að svo sé um hnútana búið í dýrtíðarl., að ríkisstj. geti ekki, hvenær sem er, látizt eiga stoð í þeim til niðurgreiðslu. Mér finnst það skylda hv. þm. að taka af allan vafa um þetta atriði.

2. liður brtt. felur í sér að tryggja það, að sex manna n. haldi áfram að starfa við að reikna út verð landbúnaðarafurða.

Mér finnst undarlegt, ef þingi verður nú frestað, án þess að ákvarðanir verði teknar um þetta mál. Ég þykist viss um, að það sé vilji hv. þm., að samkomulag bænda og verkamanna haldist áfram. En hvernig er slíkt hægt, ef ekki er haldið áfram samstarfi, ef ekki er haldið áfram útreikningi vísitölunnar? Mér er óskiljanlegt, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér um þessi mál, og mér þykir leitt, að enginn hæstv. ráðh. er hér staddur, þar sem ég ætlaði mér að bera fram fyrirspurn til þeirra. Ég get hvorki skilið kæruleysi ríkisstj. né hv. þm. Það minnsta, sem hægt er að gera, er að fá yfirlýsingu frá ríkisstjórninni, að sex manna n. verði látin starfa áfram og reikna út verð landbúnaðarafurða fyrir 15. ágúst ár hvert.

Ég vona, að hv. dm. ætli sér ekki að standa á móti þeim till., sem hér eru enn á ný fram komnar til þess að tryggja samkomulag milli stétta um verð innlendra vara.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta hér umr., en af því að ég hef fengizt við þetta mál áður, kann ég ekki við að láta það ómótmælt standa, sem fram kom í ræðu hv. 7. landsk., að ríkisstj. hafi ekki heimild til þeirrar niðurgreiðslu, sem hún hefur innt af hendi. Ég vil í þessu sambandi fyrst og fremst benda á ákvæði dýrtíðarl., og auk þess man ég ekki betur en samþ. væri á síðasta þ. að veita ríkisstj. sérstaka heimild í þessu efni, þar til Alþ. hefði gert aðrar ráðstafanir þar um. Mér er því ómögulegt að skilja, hvað hv. 7. landsk. talar um, þegar hann segir, að engin heimild sé til þeirra aðgerða, sem fyrri liður brtt. hans fjallar um. — Nú ætla ég ekki að fara lengra út í þessar heimildaumr. Það var rætt á síðasta þ., og þá gerði ég grein fyrir, í hverju heimild ríkisstj. væri fólgin skv. dýrtíðarlögunum.

Ég vil einnig, að það komi fram hér, að ég get ekki heldur skilið 2. lið brtt. á þskj. 189, um ráðstafanir til, að það samkomulag, sem náðist á s. l. ári í sex manna n., megi haldast. Í dýrtíðarl. er svo ákveðið, að ef samkomulag verði í sex manna n., þá skuli sá vísitölugrundvöllur, sem þannig er fenginn, gilda til stríðsloka. Þetta varð þá að samkomulagi á Alþ. En nú er gert ráð fyrir í brtt. hv. 7. landsk., að sex manna n. reyni að finna annan grundvöll. Það má því segja, að þessi till. sé tilraun til að upphefja það samkomulag, sem náðist í sex manna n. og gilda átti til stríðsloka. Hitt, að það þurfi n. — og það þannig skipaða n. — til þess að reikna út þær breyt., sem verða á kaupgjaldi og þar með verðlagi, það fæ ég ekki skilið. Auðvitað þarf að reikna það út, en það finnst mér vera starf, sem óþarfi sé að láta sérstaklega kosna n. gera.

Ég get tekið undir þá ósk hv. 7. landsk., að hæstv. ríkisstj. gefi upplýsingar um, hvað hún hugsar sér, að gert verði í málinu. En hvað útreikninginn snertir, finnst mér það hljóta að vera auðvelt verk fyrir Hagstofuna. Grundvöllurinn er gefinn samkv. l., og út frá honum á ekki að víkja að l. óbreyttum.

Ég skal ekki ræða þetta frekar. Þetta er allt saman margsagt hér í d. og þá einnig það, sem hv. 7. landsk. sagði. Þó fannst mér ekki rétt, að umr. yrði slitið svo, að ummælum hans um heimild ríkisstj. til niðurgreiðslu væri ómótmælt. Ég vil bæta því við út af því, sem hv. þm. sagði um skilning Alþ. á fyrri lið brtt., að ekki er hægt að sjá annað en Alþ. hafi horfið frá því að breyta því ákvæði, þótt svo hafi litið út um tíma sem sú breyt. hefði meirihlutafylgi. Ég býst við, að meiri hl. hafi nú sama skilning á þessu og ég hef látið hér í ljós. Það er á valdi Alþ. að afturkalla þá heimild til ríkisstj., sem það gaf á síðasta þingi, og eftir því, sem fram kom þá, má telja víst, að stj. telji sig af því bundna.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Um frv. sjálft hef ég lítið að segja. Ég hef verið þeirrar skoðunar frá upphafi, að það væri þarflaust. Hitt orkar aftur á móti tvímælis, hvort heimild sé til að taka tillit til flutningskostnaðar til sölustaðanna í greiðslunni, þannig að bændur hér í nágrenni Rvíkur greiði skatta, sem renni til bænda fyrir austan fjall.

Í sambandi við ræðu hv. 7. landsk. vil ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að ríkisstj. lítur svo á, að hún hafi heimild til niðurgreiðslu. 16. des. s. l. var samþ. hér á Alþ. þál., sem hljóðar svo: „Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að lækka verð á vörum innan lands gegn framlagi úr ríkissjóði til þess að hindra verðbólgu, þar til Alþingi gerir aðrar ráðstafanir.“ — Það er þó mín skoðun, að mjög óviðeigandi sé, að slíkar uppbætur séu greiddar, án þess að fyrir liggi upplýsingar um fullan vilja Alþingis.

Ég geri ráð fyrir, að þótt brtt. á þskj. 189 yrðu samþ., mundi ríkisstj. telja sig hafa heimild til að halda áfram niðurgreiðslum eftir sem áður. Ég sé því ekki ástæðu til að greiða atkv. með brtt.

Að því er snertir 2. lið brtt., er sama um hann að segja og á síðasta þingi. Ég get ekki greitt því atkv. Eins og margoft hefur komið fram, er það mitt álit, að niðurstöður sex manna n. séu ekki aðeins hæpnar, heldur allfjarri sanni. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til, að n. athugi málið frekar, auk þess sem það er augljóst, að slík fyrirmæli um endurskoðun af hálfu n. hljóta að vera árangurslaus. Grundvelli vísitölunnar verður ekki breytt, nema n. sé á einu máli um það vegna nýrra upplýsinga. Það er þegar vitað, að verulegur hluti n. og þeir, sem bak við þá menn standa, óska ekki eftir breyt., svo að ég hygg, að árangurinn yrði ekki annar en sá, að upp kæmi ágreiningur milli nm. um það, hversu réttur grundvöllurinn væri, án þess að breyt. fengist.

Hv. 7. landsk. talaði um, að með þessu ætti að tryggja, að það samkomulag milli stétta, sem nú væri fengið, héldist. Ég hygg, að þessi orð séu mælt út í loftið, ef svo mætti segja. Hitt er rétt hjá hv. þm., að skv. dýrtíðarl. og að þeim óbreyttum, — en þeim má auðvitað breyta, — á ríkisstj. að sjá um, að athugun á grundvelli vísitölunnar fari fram innan tiltekins tíma, og geri ég ráð fyrir, að henni verði ekki skotaskuld úr því að framkvæma slíkt.

Forseti (StgrA): Ég vil vekja athygli á því, að nauðsynlegt er að ljúka umr. fyrir matarhlé.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Það er leitt, að sá ráðh., sem þetta mál heyrir undir, skuli ekki vera staddur hér í d. til þess að svara fyrirspurnum, því að eftir svörum ráðh. hlýtur það að fara, hvernig brtt. á þskj. 189 verða afgreiddar.

Um 1. lið till. er það að segja, að það er að vísu rétt, að ríkisstj. hefur nú heimild til niðurgreiðslu, en samkv. skilningi stj. getur hún haldið greiðslum áfram, jafnvel þótt heimildin félli niður. Hvaða ástæða er til þess, að í dýrtíðarl. séu svo óskýr ákvæði, að um þau geti verið ágreiningur milli þings og stjórnar?

Það er rétt hjá hv. 3. landsk., að þetta atriði er þýðingarlaust nú, en það fær þýðingu, strax og heimildin fellur niður. Hvernig fer hann þá að komast að þeirri niðurstöðu, að till. sé þarflaus og ástæðulaust að taka afstöðu til hennar? Ég fæ ekki séð, hvernig hann getur í öðru orðinu fallizt á, að það sé ágreiningur um frv., en segja svo í hinu orðinu, að ekki sé þörf að setja skýrari ákvæði en þessi. Hvað sem líður gildi þessarar till., þá sé ég ekki, að um það geti verið nokkur ágreiningur, að skera beri alveg úr um þennan ágreining, og þegar menn greiða atkv. um þessa till., greiða menn atkv. um það, hvort þeir fallast á skilning ríkisstj. eða ekki, hvort þeir vilja, að ríkisstj. hafi þessa heimild í l. frá Alþ., eða ekki.

Nú kom það í ljós á síðasta Alþ., að meiri hluti var fyrir því að setja ákvæði inn í dýrtíðarl. um, að ríkisstj. hefði enga heimild til fjárgreiðslna úr ríkissjóði í þessu skyni, nema til kæmi samþykki Alþ. Málið dagaði uppi í Nd., og hefði það mátt furðulegt heita, ef till. hefði ekki verið samþ. þar við síðustu umr.

Hvað aðra brtt. snertir, á þskj. 189, þá tel ég hana alveg nauðsynlega, og er ég þar ósamþykkur hv. 1. þm. Eyf. Í fyrsta lagi orkar það ekki tvímælis, eins og nú er ástatt og eins og lögin eru nú, að ekki er hægt að reikna út verð landbúnaðarafurða á næsta hausti á neinn löglegan hátt, þ. e. a. s. það eru engin fyrirmæli um það í l., hvernig að því skuli farið, og mér þykir það harla ótrúlegt, að ríkisstj. kæri sig um slíkt ástand. Ríkisstj. hlýtur að óska eftir því, að Alþ. gefi um það skýr fyrirmæli, hvernig að þessu skuli farið.

Hátv. 1. þm. Eyf. spurði, hvers vegna ríkisstj. gæti ekki látið reikna þetta út, og geri ég ráð fyrir, að hann eigi þar við, að Hagstofa Íslands geri það. En þetta nær ekki nokkurri átt, því að hér er um um mjög flókinn útreikning að ræða, þar sem kemur fyrir fjöldi deiluatriða, og samkvæmt þessum útreikningi er svo verðlag á landbúnaðarafurðum ákveðið. Verðið getur að miklu leyti ákvarðazt af því, hver reiknar það út. — Hv. þm. veit, að miklar deilur eru um útreikning framfærsluvísitölunnar. Þó eru hins vegar um hana til l., og ef þau væru ekki til, þá væri nauðsyn á að setja þau. Á sama hátt eru ekki til nein lagaákvæði um það, hvernig reikna á verð landbúnaðarafurða á næsta hausti. (**BSt:** Gera það eins og n. gerði það.) N. gerði það í eitt skipti, en það koma fyrir fjöldamörg atriði, sem breytast frá ári til árs, og n. gerði ráð fyrir, að henni yrði falið þetta næsta haust. Hún gerði einnig ráð fyrir, að hún fengi leyfi til þess að breyta grunnverðinu og hlutföllum þess. N. talar um það á fleiri en einum stað, að þar sem upplýsingar vanti, þá séu sumar

niðurstöður hennar hæpnar. Ég get nú ekki skilið, hvað geti verið hættulegt við það, að n. fái heimild til að breyta þeim grundvelli, sem nú gildir, ef fram koma upplýsingar, sem allir nm. eru sammála um, þegar svo er ákveðið, að þessi grundvöllur gildi áfram, ef n. er ekki sammála. Í brtt. þeirri, er hér um ræðir, er gert ráð fyrir, að n. fái sjálf að vinna þetta verk.

Ég skil miklu betur 3. landsk. og afstöðu hans. Hann bara segir og fullyrðir, að niðurstöður n. séu hæpnar og þess vegna sé ekki ástæða að fela henni neina endurskoðun á þessum grundvelli. En mér finnst þetta nú vera öfugt. Það, sem hann meinar, er, að n. sé ekki trúandi til að komast að réttri niðurstöðu, niðurstaðan sé röng og muni verða það aftur. En það er órökrétt að taka þessa afstöðu. Það er ekki nóg að spyrna á móti því, að n. endurskoði niðurstöður sínar. Hv. þm. þyrfti þá a. m. k. að koma fram með till. um að skipa aðra n., sem annaðist þetta næsta haust. Hv. þm. heldur því fram, að þýðingarlaust sé að fela sömu n. þetta, vegna þess að hún verði ekki sammála. Þetta getur verið, en ég tel, að hún þurfi að endurskoða ýmislegt, þar sem frekari athuganir tækju svo af öll tvímæli, að enginn ágreiningur gæti komist að. Dreg ég það af því, að n. talar hvað eftir annað um ónógar upplýsingar, sem þeir hafi fengið á þeim stutta tíma, sem n. starfaði.

Hv. þm. sagði, að hér væri ekki um samkomulag milli stétta að ræða. Um það má deila, en ég veit ekki, hvaða aðilar hefðu átt að semja fyrir hönd stéttanna nema þeir, sem þar sömdu, því að þar voru sammála einn maður, sem tilnefndur var af Alþýðusambandi Íslands, og annar tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands. Ég veit ekki, hvaða fulltrúa hv. þm. vill fá fyrir þessar stéttir, ef hann vill láta þær semja, ef ekki frá þessum aðilum. Í Alþýðusambandinu var þetta samþ. einróma, og ég veit ekki til, að neinn ágreiningur hafi verið innan Búnaðarfélagsins um þetta. Þannig, hvað sem skoðunum okkar líður á niðurstöðum n., þá er ekki nokkur vafi á, að hér er að ræða um samkomulag milli tveggja stéttasamtaka, verkamanna og bænda.

Það mætti ef til vill segja sem svo, að líkur væru til þess, að ríkisstj. mundi fela sex manna n. að vinna þetta verk, þó að það verði ekki ákveðið hér á hæstv. Alþ. En því þá ekki að taka það þannig fram í l., að þetta verði ótvírætt? En ef þetta verk verður falið einhverjum öðrum, þá er samkomulagið, sem gert var um sex manna n., rofið. Ef menn yfirleitt óska eftir því, að þetta samkomulag haldi áfram, verða menn að samþ. þessa till. Að spyrna á móti þessari till. er ekkert annað en andstaða við niðurstöður sex manna n., andstaða gegn því, að samkomulagið haldi áfram, og þess vegna skil ég afstöðu og sjónarmið hv. 3. landsk.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en get aðeins bætt því við, að ég veit, að sex manna n. beinlínis bíður eftir því, að ákvörðun verði tekin um þetta, því að það þarf að fara að vinna þetta verk nú þegar. Hér er um umfangsmikið verk að ræða, sem nauðsynlegt er að byrja á nú þegar.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Hv. 5. þm. Reykv. hefur svarað skýrt og greinilega þeim andmælum, sem komu fram gegn ræðu minni, og þarf ég ekki að endurtaka það. En það var eitt í ræðu hv. 1. þm. Eyf., sem ég þarf að svara. Hann hefur skilið mig svo, að ég telji, að ríkisstj. hefði enga heimild til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum. Það er misskilningur, að ég hafi sagt þetta. Ég sagði, að það minnsta, sem ætlazt verði til, sé, að Alþ. veiti þessa heimild. En þessar niðurgreiðslur námu ¼ af ríkistekjunum á síðasta ári eða fullum 27 millj. kr. Það, sem ég hélt fram, var það, að meiri hl. Alþ. hefði litið svo á, að ríkisstj. hefði ekki heimild samkv. dýrtíðarl. til þessara niðurgreiðslna, nema samþykki Alþ. kæmi til, eftir að ákveðinn frestur er útrunninn. Annað, sem ég færði fram sem rök með því, að nauðsynlegt væri að gera þessi ákvæði dýrtíðarl. skýrari, — að ríkisstj. hefði enga heimild til þessara niðurgreiðslna, nema samþykki Alþ. kæmi til, — var það, að ríkisstj. hefur talið sig eiga þarna lagaheimild. En mér skilst það ekki vera í samræmi við þá samþykkt, sem gerð var á síðasta Alþ. Það er að segja, hv. þm. komu og samþ. handa ríkisstj. heimild til niðurgreiðslna á verði landbúnaðarafurða eða vísitölunni sem nokkurs konar uppbót fyrir þá heimild, sem ríkisstj. telur sig hafa í dýrtíðarl. eða telur meiri hl. Alþ. trú um, að hún eigi til þessara niðurgreiðslna, þó mjög litlum meiri hl. Hins vegar er það ef til vill rétt hjá hv. þm., að Alþ. hafi horfið frá þessum skilningi, sem það hafði á 4. gr. dýrtíðarl., og mætti hin nýja heimild, sem Alþ. gaf ríkisstj., benda til þess. Ég teldi samt mikið í það varið, að engin stoð væri eftir í dýrtíðarl. sjálfum til þessara niðurgreiðslna fyrir ríkisstj.

Mönnum er þetta allt mjög vel ljóst, en það virðist standa óbifanlega fast í kolli hæstv. ríkisstj., að aðeins eitt eigi að gera hér á landi, að halda niðri vísitölunni með hvaða ráðum, sem er. Hæstv. ríkisstj. virðist hugsa um það eitt að greiða niður vísitöluna. Á síðastliðnu ári sóaði ríkisstj. ¼ af ríkistekjunum í þessar niðurgreiðslur. Ef til vill verður það ⅓ eða helmingur næst. Mundi hún ekki heldur hætta að greiða laun til allra opinberra starfsmanna en að hætta þessum dæmalausu niðurgreiðslum á vísitölunni? Ég er undrandi yfir því, að hv. alþm. skuli ætla að halda áfram að styðja hana og veita henni heimild til slíks. Það var þetta, sem ég tók fram í fyrri ræðu minni.

Viðvíkjandi 2. lið brtt. er það, að hv. 5. þm. Reykv. hefur svarað svo skorinort þeim andmælum, sem fram komu, að ég hef ekki miklu við að bæta. Aðalatriðið er það, eins og hann tók fram, að í dýrtíðarl. eru engar reglur um störf n., og ef hv. þm. ætla á annað borð að láta n. starfa áfram, þá verða þeir að veita henni heimild til þess. Ef nú á að fresta Alþ. án þess að gefa sex manna n. heimild til þess að reikna út verð á landbúnaðarafurðum á ný, tel ég, að Alþ. hafi þar brugðizt skyldu sinni í mjög stórvægilegu máli.

Mér þykir leitt, að enginn hæstv. ráðh. er hér staddur, svo að maður á ekki kost á að fá neina yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún ætlar sér að gera í þessu máli, hvernig hún ætlar að ákveða verðlag á næsta hausti og hvaða aðila hún ætlar að láta ákveða verðlagið. Ég get ekki skilið slíkt kæruleysi hv. þm. og ríkisstj. í þessu máli. — En úr því að ekki fæst nein yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. og ég veit ekki, hvað hún ætlar sér að gera í þessu máli, þá vil ég ítreka það,

að ég tel nauðsynlegt, að d. samþ. þá brtt., sem hér er borin fram, einmitt till., sem tryggir starf sex manna n. áfram og það samkomulag, sem gert var milli tveggja stétta, verkamanna og bænda, svo giftusamlegt samkomulag sem náðist síðastliðið haust.

ATKVGR.
Brtt. 189,1 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, PM, BrB, StgrA.
nei: GJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE.
GÍG, HG, LJóh greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, MJ) fjarstaddir.
3. þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Út af fyrir sig get ég verið þessari brtt. samþykkur að efni til, en bæði er það, að ég tel það hafa komið nægilega skýrt fram á síðasta Alþ., að meiri hl. þess teldi, að ríkisstj. hefði ekki heimild til greiðslna þessara úr ríkissjóði, nema samþykki Alþ. kæmi til, og því óþarft að samþ. þetta nú, og eins hitt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur raunverulega í þá átt að skapa leiðréttingu fyrir sérstök landbúnaðarhéruð, og ef frv. væri breytt úr því, sem orðið er, mundi það sennilega daga uppi. Ég get þess vegna ekki greitt atkv. með brtt. og segi nei.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem það er ekki undir skilningi Alþ. komið, heldur undir skilningi hæstv. ríkisstj., hvort hún muni nota þá heimild, sem hún telur sig hafa í dýrtíðarl. til áðurnefndra niðurgreiðslna, og þar sem ég tel, að samþykkt þessarar till. þurfi engin áhrif að hafa á afgreiðslu málsins í heild, og þar sem fram kom á síðasta Alþ., að meiri hl. þm. var henni samþykkur, segi ég já.

Eiríkur Einarsson: Að nokkru leyti með tilvísun til grg. hv. 6. þm. Reykv. fyrir atkvæði sínu og með sérstakri áherzlu á það, sem farið er fram á með frv., sem raunar er nauðsynleg leiðrétting og byggð á samkomulagi, sem öllum er áhugamál að varðveita, en málið er hér síðla að komið og gæti dagað uppi, ef á því yrðu nú gerðar breyt., þá treystist ég ekki til annars en vera á móti þessari brtt. og segi því nei.

Brtt. 189,2 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, PM, BrB, StgrA.
nei: GJ, GÍG, HG, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE.
2 þm. (HermJ, MJ) fjarstaddir.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — **Afbrigði** leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 216).

---

46. Barnaspítali.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar (þmfrv., A. 139).

Á 26. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal ekki tefja þessar umr., en vegna þess að ég var ekki viðstaddur 1. umr., vildi ég leyfa mér að segja hér nokkur orð í tilefni þessa frv., þar sem þetta er annað frv., sem kemur fram um svipað efni, sem sé að vissum aðilum er gefin undanþága á skatti, þegar um gjafir er að ræða. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, að slík heimild geti verið til staðar, en tel hins vegar mjög óheppilegt, að það séu sett l. hvað eftir annað um það að heimila ákveðnum aðilum, að þeir skuli öðlast þessi hlunnindi. Þetta hlýtur að enda með því, að það kemur fjöldi af slíkum umsóknum, sem þingið að lokum getur ekki sinnt. Þetta getur beinlínis orðið hættulegt fyrir afkomu ríkissjóðs, eins og nú standa sakir, þegar margir skattþegnar hafa svo háar tekjur, að 90% af tekjum þeirra eru teknar í skatt, ef komið er yfir visst mark. Þess vegna eru það að sumu leyti gjafir frá ríkissjóði, þegar fégjafir eru gefnar samkvæmt svona l., og tel ég því ákaflega varhugavert að fara inn á slíka braut.

Mér finnst frekar ætti að fara inn á þá leið að gefa almennar heimildir í skattalögunum, þar sem menn mega að vissu marki gefa gjafir til vissra, viðurkenndra fyrirtækja eða stofnana, og að þær gjafir væru ekki háðar skatti, heldur taldar með rekstrarkostnaði.

Þetta álít ég einu leiðina, sem hægt er að fara til þess að styrkja slíkt fyrirtæki sem þetta, sem ég tel, að sé þjóðþrifafyrirtæki; hina leiðina, að gefa út l. í hvert skipti, þegar slík tilfelli sem þetta rísa upp, tel ég mjög varhugaverða.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er nú liðið á fundartímann, og skal ég ekki eyða mörgum orðum til andsvara.

Fjhn. hefur ekki þótt það góð meginregla að veita slíkar skattaundanþágur fyrir hvaða fyrirtæki sem er, en ég vil benda á það, að fjhn. varð sammála um að flytja þetta frv. N. leggur einróma til, að þessi heimild verði veitt, og er það af þeim sérstöku ástæðum, að þótt ríkið missi nokkuð af tekjum sínum við þetta, er ríkið í rauninni að gefa sjálfu sér, því að sú skylda að reisa hér barnaspítala hvílir í rauninni á ríkinu og

bæjarfélaginu. Ef þessi heimild verður veitt, má þess vænta, að þetta stórmál komist fyrr í framkvæmd en ella.

Nokkuð svipað átti sér stað með byggingu Landsspítalans, er konur landsins tóku sig saman um að hrinda því máli í framkvæmd, og eru allir landsmenn mjög þakklátir fyrir þá starfsemi þeirra. Nú er hér um viðbót að ræða við Landsspítalann, sem ekki má lengur dragast. Kvenfélagið Hringurinn hefur nú tekið þetta mál í sínar hendur og gengið að því verki með mjög miklum dugnaði og myndarskap, og hefur þegar safnazt há fjárupphæð í þessu skyni. Þar sem ríkisstj. lagði til á síðasta þingi, að veitt yrði undanþága, sem nemur 10% af skattskyldum tekjum, vænti ég þess, að stj. leggi nú ekki þránd í götu þessa litla frv.

Fjhn. gerði sér það ljóst, að það væri ekki hægt að halda áfram endalaust að veita slíkar undanþágur, en hins vegar fannst henni þessi undanþága eiga fullkominn rétt á sér, þar sem um er að ræða byggingu barnaspítala. Þess vegna vænti ég þess, að á sama hátt og fjhn. var sammála um að fylgja þessu máli, að hv. Alþ. muni nú í annað skipti veita þessa heimild, og er mikils um vert, að hún verði veitt, áður en þingi verður frestað, því að með því mun málið fyrr ná fram að ganga en ella.

Ólafur Thors: Ég viðurkenni, að það er mikið vandamál að taka ákvarðanir um, undir hvaða kringumstæðum ber að heimila skattfrelsi varðandi slíkar gjafir. Hins vegar hef ég ríka tilhneigingu til þess að líta svo á, að þegar um er að ræða stofnanir, sem beinlínis væri skylda ríkisins að koma á fót, en aðrir taka það í sínar hendur, sé það mjög vel til fallið, að ríkið styðji slíka starfsemi sem hér er á ferðinni, og einmitt á þann hátt, sem ætlazt er til í þessu frv.

Ég fyrir mitt leyti væri í rauninni samþykkur því, að sett yrði einhver allsherjar löggjöf um þessi efni, og teldi vel farið, að þetta yrði gert einmitt meðan fólk hefur góð peningaráð, eins og standa sakir. Hins vegar er þess ekki kostur á þessu þingi, þar sem það yrði nokkuð umfangsmikið og tæki sinn tíma.

Eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, er n. einhuga samþykk þessu frv., og vil ég þess vegna segja það, að þrátt fyrir það að ég væri samþykkur því, að sett yrði allsherjar löggjöf fyrir þær stofnanir, sem teljast þjóðarnauðsyn og skylda ríkisins er að koma á fót, að ég er því fylgjandi, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég mun því fyrir mitt leyti reyna að greiða götu þessa frv., svo að það sleppi gegnum hinar þröngu dyr, þar sem þess er nú mjög skammt að bíða, að þingi verði frestað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd., benti ég á það, hversu mjög varhugaverða braut væri hér gengið inn á með því að samþ. frv. sem þetta.

Þetta er áframhald af því, sem gert var á síðasta þingi, þegar einum aðila voru gefin slík fríðindi, er hér um ræðir, og sýnir þetta því, að þegar búið er að opna dyrnar á þennan hátt, koma sjálfsagt fleiri aðilar, sem berjast fyrir málefnum, er teljast til alþjóðarheilla, og fara fram á sömu hlunnindi.

Verði gengið inn á þessa braut, er Alþ. í raun og veru að gefa eftir nokkuð af þeim ráðstöfunarrétti á fé ríkisins, sem því tilheyrir að ráðstafa, með því að skattgreiðendum í landinu er heimilað að ráðstafa fé, sem í sumum tilfellum mundi annars að miklu leyti tilheyra ríkissjóði. Það varhugaverðasta við þetta er það, að eins og nú standa sakir hafa margir aðilar mjög háar tekjur, kannske svo milljónum skiptir, en samkvæmt þessari heimild geta þeir ráðstafað hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum af tekjum sínum og þurfa sjálfir ekki að greiða nema 10% af þeim, af því að 90% mundu annars renna í ríkissjóð. Ég veit, að hv. þm. yfirleitt viðurkenna, að hér er haldið inn á ranga braut, og þess vegna ætti að vera enn þá ríkari ástæða fyrir þá að spyrna við fótum gegn slíkri stefnu, sem hér er farið inn á.

Ég fyrir mitt leyti vildi frekast æskja þess, að þetta frv. næði ekki fram að ganga, en til vara mun ég bera fram brtt. við frv. um það að takmarka þá fjárhæð, sem hver einstaklingur megi ráðstafa til gjafa, og í öðru lagi, að l. gildi ekki nema eitt ár, en samkvæmt frv. er ætlazt til þess, að menn megi ráðstafa fé af tekjum sínum á þessa leið til ársloka 1945.

Ég tel það svo mikilsvarðandi, að þetta mál nái ekki fram að ganga í því formi, sem það er nú, að ég álít það mjög athugandi, hvort ekki væri rétt að synja um afbrigði.

Pétur Magnússon: Ég er að vissu leyti sömu skoðunar og hæstv. fjmrh. um þetta mál, að það sé varhugaverð braut, sem farið er inn á með því að veita slíkar undanþágur. Það er hins vegar af allt öðrum ástæðum, sem ég álít þetta varhugavert, heldur en hæstv. fjmrh.

Sannleikurinn er sá, að þau fyrirtæki, sem fá slíkan undanþágurétt, eru yfirleitt fyrirtæki, er mundu hvort sem er fá styrk af ríkisfé, svo að hvað hag ríkissjóðs snertir skiptir þetta ekki miklu máli. Það, sem mér þykir varhugavert við að ganga inn á þá braut, að veita smáundanþágur út á hina fjárhagslegu skattalöggjöf, er það, að mér finnst þetta verða til þess, að síður

verði bætt úr hinum stóru ágöllum skattalöggjafinnar, og finnst mér mjög varhugavert að veita slíkar undanþágur hvað eftir annað.

Hins vegar er þetta mál, sem hér liggur fyrir, þess eðlis og þörfin fyrir slíka stofnun, sem hér um ræðir, svo aðkallandi, að ég tel það væri ákaflega varasamt af þinginu, úr því að einu sinni hefur verið gengið út á þessa braut og á meðan skattamálin eru látin dankast, að neita nú um þá ívilnun, sem hér um ræðir.

Forgöngumenn þessa máls hafa beitt sér fyrir því af miklum dugnaði og óeigingirni, og mér skilst, að búið sé að safna talsvert góðum vísi til sjóðsstofnunar í þessu skyni. Mér finnst þess vegna, að hæstv. fjmrh. taki allt of illa á þessu máli, og sérstaklega fyndist mér það fjarri öllu lagi, ef þingið færi að neita um afbrigði fyrir málinu, því að það er aðferð, sem ég hef ekki þekkt hér á Alþ. nema í alveg sérstökum undantekningartilfellum.

Ég vildi því gera það að till. minni, að þetta mál næði fram að ganga og helzt án þess að því væri vísað til n.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi aðeins taka það fram, ef þessu máli verður vísað til n., að ég er í höfuðatriðum sammála hæstv. fjmrh. um það, að hér sé gengið inn á skakka braut með þessu frv.

Það er greinilegt, að í sumum tilfellum er hér um að ræða, að í staðinn fyrir, að hið opinbera taki fyrst í skatta það, sem því ber af tekjum manna, og ráðstafi því svo, geta skattgreiðendur nú ráðstafað fé, sem ríkissjóði í raun og veru ber, eins og þeim sjálfum sýnist. Þetta er framhald af því, er samþ. var hér á síðasta þingi, og er enginn vafi á því, að verði þetta frv. samþ., mun koma í kjölfarið mjög mikið af hliðstæðum tilmælum. Mér þykir þó rétt að láta það koma fram, að ég tel nauðsyn á því, að slíkur barnaspítali komist hér á fót, sem kvenfélagið Hringurinn hefur beitt sér fyrir. Hins vegar álít ég þá leið sæmilega, að ríkissjóður taki inn sínar skatttekjur og leggi svo fram fé úr sínum sjóði til þess að koma slíkum fyrirtækjum á fót, en er mótfallinn þeirri leið, er hér um ræðir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 9:6 atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hæstv. fjmrh. við þetta frv. [Sjá þskj. 213.] Það þarf afbrigði fyrir þessari skriflegu brtt.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Eins og þessari hv. d. er ljóst af þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti hér við síðustu umr. þessa máls, lítur hann svo á, að það sé mjög óvanalegt og óeðlilegt, að heimild sú, sem um getur í frv., væri samþ. eins og þar er komizt að orði, með því að svo gæti farið, í sumum tilfellum a. m. k., að með því væri raunverulega verið að gera einstökum gjaldendum kleift að ráðstafa fé, sem ríkissjóður annars ætti að fá. Hæstv. fjmrh. lítur svo á, eins og ég áðan sagði, að þetta sé mjög óvanalegt og tæplega rétt að gefa svona ótakmarkaða og almenna heimild sem þessa. Með það fyrir augum, hvað þetta gæti orðið óhentugt, er þessi brtt. borin fram, að takmarka gjöfina við 25 þús. kr.

Ég vil mælast til þess við hv. deild, að hún fallist á þessa brtt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta, og er rétt, að atkv. skeri úr um það. En það kom í ljós við 1. umr. um þetta mál í dag, að það hafði mjög eindregið fylgi þessarar hv. deildar í því formi, sem það var þá, með ótakmarkaðri heimild til skattaundanþágu. Ég tók nú ekki þá til máls, en vildi standa hér upp til að segja, að ekkert einstakt fordæmi er gefið, þótt þetta mál verði samþ. Ef eitthvað er, sem þykir óheppilegt við að samþ. slíkar undanþágur, þá var fordæmið gefið á síðasta þingi. Þá lá einnig fyrir frv., sem gekk í þá átt að gefa almenna heimild til skattafrádráttar, ef um gjafir til nytjafyrirtækja var að ræða. En það frv. fékk ekki náð fyrir augum þingsins, hefur sennilega þótt of óákveðið. Hins vegar var þá heimilað að undanþiggja gjafir til vinnuheimilis berklasjúklinga skatti, og sér víst enginn þm. eftir því. Nú er hér um annað nytjafyrirtæki að ræða, engu minna aðkallandi, og er farið fram á svipaða undanþágu. Ég þarf ekki að mæla með því máli, fyrir því er sýnilega eindreginn þingvilji. Aftur á móti vildi ég leyfa mér að andmæla brtt. hæstv. fjmrh. Ég ætla nú, að það verði fáir, sem gefa yfir 25 þús. kr., svo að litlu skipti í rauninni, þótt till. þessi yrði samþ. En það er óþarfi að gera þessa takmörkun. Ef einhver hefði sérstakan áhuga fyrir þessu máli og vildi gefa meira, þá sé ég ekki ástæðu til að láta hann gjalda þess í skatti. Að taka dæmi af svo háum gjafaupphæðum, að gefandinn gefi raunverulega ekki nema 10%, en 90% hefðu annars gengið í ríkiskassann, það gefur nú bara dálítið meinlega mynd af skattalögunum eins og þau eru. Þetta dæmi er líka mjög sjaldgæft, að menn séu í svo háum skattstiga. Það er svo sem ekki heldur eins og um eitthvað óviðkomandi ríkinu sé hér að ræða. Það er svo fjarri því, að fyrirtæki sem þetta mundi alltaf að mestu vera borið uppi af bæ og ríki. Því hefur verið hreyft þessu til andsvara, að Alþ. ætti sjálft að ráðstafa tekjum þeim, sem koma ættu í ríkissjóðinn. En þingið er hér alls ekki að sleppa þessu úr hendi sér, heldur aðeins að heimila þessi fríðindi. Þau eru heimiluð til ákveðins fyrirtækis, barnaspítala, og hefur Alþ. ekki sleppt neinu úr sinni hendi með því. Það hefur aðeins gert tilraun til að gera framlag sitt drýgra með því að gefa þessa heimild og láta duglegar konur gangast fyrir samskotum málefninu til stuðnings, sem að langmestum hluta eru auðvitað eingöngu frá gefendunum sjálfum, en ekki aðeins 10% frá þeim.

Ég skal ekki mæla með því, að slíkar undan-

þágur sem þessi yrðu gerðar að almennri reglu. Ef menn óttast, að með þessu sé verið að losa um skriðu, þá er sjálfsagt að setja almennar reglur um þessi efni og setja takmörk þar, sem þurfa þykir. Ég held, að ég hafi verið einn þm. í fjhn. á síðasta þingi, sem vildi gefa gaum að frv. hæstv. fjmrh., sem fór einmitt í þessa átt. En ég vildi fastlega vænta þess, að þetta frv. yrði nú ekki ónáðað með því að höggva skarð í fríðindi þau, er það á að veita, auk þess sem málið væri sett í nokkra hættu á síðustu stundu. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Ég sé nú ekki, að hæstv. fjmrh. hafi verið mikið áhugamál að koma fram brtt. sinni, því að ekki sést hann hér sjálfur í d. til að berjast fyrir henni. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er forfallaður.) Það er nú náttúrlega nokkur afsökun, en ég get ekki fallizt á, að brtt. nái því marki, sem hæstv. fjmrh. ætlar henni, þótt hún yrði samþ. Ég lít svo á, eins og hv. 8. landsk. sagði, að skattalögunum hér sé þannig fyrir komið, að nauðsynlegt sé að rjúfa skörð í þann múr, ef hjálpa á nauðsynja- og mannúðarmálum í landinu á hverjum tíma. Þetta hefur sýnt sig með skattfrelsi gjafa til vinnuhælis berklasjúklinga, og sé ég ekki ástæðu til að setja þetta mál skör lægra með því að takmarka skattfrjálsu gjafirnar við 25 þúsund, því að yfirleitt gefa menn ekki heldur hærri gjafir.

Í sambandi við þetta vil ég benda á, að gjafmildi Reykvíkinga og Íslendinga yfirleitt hefur jafnan verið við brugðið, og ég held, að það sé nauðsynlegt við og við að samþ. frv. eins og þetta, svo að skattalöggjöfin þvingi þá gjafmildu ekki um of, því að ef svo væri ekki, þá mætti enda með því, að skattalöggjöfinni tækist að afnema þennan góða sið. Af þeirri ástæðu m. a. er ég á móti brtt. hæstv. fjmrh., en með frv. óbreyttu.

Að síðustu vil ég benda hv. 1. þm. Eyf. á, af því að hann skaut því hér fram, hvort ekki væri alveg eins rétt að láta 3. umr. þessa máls falla niður eins og senda það ekki í n., þá væri það ekki verra frá mínu sjónarmiði en afgreiða ósómann um Krýsuvíkurveginn við tvær umr., því að það álít ég einsdæmi að brjóta þannig stjórnarskrána og falsa ríkisreikningana.

Bernharð Stefánsson: Mér þótti hv. síðasti ræðumaður bera hér sakir á hæstv. forseta Sþ., því að væru ummæli hans rétt, þá skil ég ekki í, að forseti hefði borið till. um Krýsuvíkurveginn undir atkv., heldur vísað henni frá. Annars sé ég ekki, að þetta komi nokkuð við því máli, sem er hér til umræðu.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að málið hefði hér eindregið fylgi, a. m. k. eru allir dm. eindregið því fylgjandi að koma upp barnaspítala og veita því máli allan stuðning við fyrstu hentugleika. En þetta frv. hefur ekki eindregið fylgi allra dm. Ég tel, að Alþ. sé komið inn á mjög hála braut með því að samþ. þau réttindi, er vinnuhælið fékk í fyrra og nú stendur til að veita öðru mannúðarfyrirtæki. Ég tel þetta ekki hættulegt út af fyrir sig, heldur það, er sigla mun í kjölfarið.

Hv. þm. Barð. var að tala um gjafmildi Reykvíkinga sérstaklega og Íslendinga yfirleitt, sem væru fúsir til að leggja fram hjálp. Þetta er alveg rétt, og hafa þó gjafir manna ekki hingað til notið þeirra réttinda, sem hér er um að ræða. Ég óttast ekki, að gjafir hverfi úr sögunni, þótt þetta frv. yrði ekki að l. En hitt óttast ég, að ef þessu fer þannig fram, þá lendi það út í hreinustu öfgum. Það er reynslan á Alþ., að fái einn einhver sérstök réttindi, þá koma ótal fleiri og krefjast þeirra sömu, og ég er sannfærður um, að l. verða sett á hverju þingi um skattfrelsi gjafa til mannúðarfyrirtækja, ef ekkert er að gert.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að fordæmið var gefið í fyrra. En það eru tímabundin l., og ef ekki væri haldið lengra út á þá braut, þá væri ekki lengur hægt að byggja á því fordæmi, er réttindin væru úr sögunni, sem þá voru veitt. Eðlilegast væri, að ríkið innheimti tekjur sínar á annan hátt. Skattalögin eru e. t. v. ósanngjörn, en þau eru ekki hér til umræðu. En þá er að breyta þeim. Ég sé nú ekki mikinn mun á að hlaupa undir bagga með einstaklingum, þegar út í þetta er komið, t. d. þegar slys ber að höndum, og hjálpa ekkjum og munaðarleysingjum á svipaðan hátt og hér er tilætlunin. En þó er gerður munur á þessu.

Ef á að vera inni á þessari braut á annað borð, þá væri nær að velja svipaða leið og ríkisstj. stakk upp á í fyrra, að veita almenna heimild um þetta, sem lægi svo undir samþykki ríkisstj. í hvert sinn. Að öðrum kosti virðist ekki annað sýnna en afgreidd verði ein eða tvenn l. árlega um þessi efni.

Ég ætla svo ekki að lengja mál mitt. Ég stend hér ekki upp til að reyna að sannfæra neinn af hv. dm., því að þeir eru hér ekki til að sannfærast. En ég tala hér til að lýsa því yfir, að ég viðurkenni ekki, að ég sé á móti því, að reistur verði barnaspítali, þótt ég sé á móti þessu frv., a. m. k. ef brtt. fjmrh. verður felld. Ég vil, að fjárveitingin til spítalans komi beint úr ríkissjóði, en ekki eftir þessum krókaleiðum.

ATKVGR.
Brtt. 213,1 felld með 10:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Brtt. 213,2 felld með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:3 atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

47. Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Á 3. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 82).

Frsm. (**Jóhann Jósefsson**): Herra forseti. — Frv. það, sem nú er hér til meðferðar, var samþ. frá þessari hv. d. á síðasta þingi svo að segja orðrétt eins og það er nú á þskj. 7, og er næsta líklegt, eins og raun hefur orðið á, að sjútvn., sem er skipuð sömu mönnum og hún var þá, sé enn sammála um að mæla með frv. í þeirri mynd, sem það er nú, og í þeirri sömu mynd og það var afgr. við 2. og 3. umr. frá þessari hv. d. á síðasta þingi. En þá skeði það, að hv. Ed. breytti frv. allverulega í vissum atriðum; hún felldi sem sé niður 5. mgr. 5. gr. og nam 6. gr. frv. algerlega burtu. Þessi ákvæði eru að dómi sjútvn. þessarar hv. d. einmitt mjög nauðsynleg, t. d. ákvæði 5. mgr. 5. gr. um það, að hafnarsjóður eigi allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði. Þótt sams konar ákvæði séu raunar ekki í öllum hafnarl. og því síður í hinum eldri, finnast fordæmi fyrir því, að þau hafa verið tekin upp í nýrri hafnarl. af augljósum ástæðum. Það hefur komið fyrir við framkvæmdir á hafnarmannvirkjum, að fjöruborðið hefur jafnvel breytzt svo mjög, að aukizt hefur við landið, þar sem borizt hefur möl og því um líkt á land. Slíkt hef ég sjálfur séð á Sauðárkróki, og hið sama kvað eiga sér stað á Dalvík og ef til vill víðar. En þar, sem þannig háttar, að fjöruborðið breytist, og ef fjöruborðið liggur nú ekki aðeins í bæjarins eign, heldur líka í einstaklingseign, en breytingin skeður fyrir þær aðgerðir, sem bærinn hefur látið framkvæma, er ekki nema réttmætt, að bærinn eignist það land, sem myndast á þeim stað, þar sem áður var sjór. Þess vegna er þetta ákvæði réttmætt, sem fjallar um það, að hafnarsjóður eigi það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði.

Þá mun ég snúa mér að 6. gr. frv., sem hv. Ed. gat ekki heldur við unað og nam algerlega í burtu úr frv., en hún fjallar um kostnaðarskiptingu á þessum stað, Siglufirði, milli eigenda einstaklingsmannvirkja og bæjarfélagsins. Þessi skipting getur sérstaklega komið til greina á Siglufirði, þar sem svo margar bryggjur og „plön“ eru, sem einatt eru byggðar að sjó og út í sjó, þannig að um leið og bærinn lagfærir fyrir sig, verður hann óhjákvæmilega að lagfæra fyrir þá, sem þar hafa eignarrétt eða leigurétt. Það er þess vegna nauðsynlegt að hafa í þessum l. sanngjörn ákvæði um hluttöku einstaklinga í þessum framkvæmdum bæjarfélagsins, sem miða að því í heild sinni að gera atvinnureksturinn tryggari á staðnum. Af þessum ástæðum féllst sjútvn. þessarar hv. d. á þessi ákvæði hér á síðasta þingi og þar með þau, sem nú eru enn tekin upp í frv., og er hiklaust mælt með því, að þau verði samþ. hér að nýju, hversu svo kann að fara, hvað viðhorf hv. Ed. snertir.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um þetta frv., þar sem öll ákvæði þess hafa þegar fyrir skömmu verið samþ. í þessari hv. d., þótt það hafi verið á öðru þingi. Ég get þess vegna stytt mál mitt og látið algerlega staðar numið, að því er snertir önnur ákvæði frv., en vildi aðeins hafa sagt það til skýringar, sem nú hefur þegar verið sagt viðvíkjandi þeim gr. og ákvæðum, sem hv. Ed. vildi ekki fallast á á síðasta þingi, en hafa nú að nýju verið tekin upp í þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 193).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (**Gísli Jónsson**): Herra forseti. — Frv. það, er hér liggur fyrir, lá fyrir síðasta Alþ. og var þá samþ. í hv. Nd. Hins vegar voru gerðar á því töluverðar breyt. hér í þessari hv. d., þannig að í burt var felld 6. gr. frv., en slíkt fer mjög í bága við venjuleg hafnarl. og stafar af sérstökum aðstæðum á Siglufirði. Frv. náði því ekki fram að ganga þá, en er nú flutt hér aftur í sama formi og það var afgr. við 3. umr. í Nd. á fyrra þingi, þó að tekið hafi verið tillit til nokkurra smábreyt., sem sjútvn. Ed. bar fram.

En þegar málið kom nú til sjútvn. þessarar hv. d., kom enn til umr. 6. gr. frv., og var n. ekki sammála um það, hvernig leysa skyldi þetta mál. Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að náist ekki al-

mennt samkomulag lóðarleigjenda á Siglufirði, geti meiri hl. þröngvað minni hl. til að taka þátt í endurbyggingu hafnarmannvirkja móti vilja sínum. Nokkrir í n. voru á móti þessu og töldu óeðlilegt og óheppilegt að fara inn á að lögbinda ákvæði af þessu tagi og töldu þau ganga nokkuð nærri ákvæðum stjskr. um eignarréttinn. Þeir vildu því fella 6. gr. úr frv., eins og hún kom frá Nd. En á fundi upplýstist, að þörf Siglfirðinga væri svo mikil til að leysa úr þessu, að nauðsynlegt væri, að samkomulag fengist um þetta. Þetta tókst n., og lagði hún til, að á frv. yrðu gerðar þó nokkrar breyt., meðal annars á 5. gr., en sú breyt. er í því fólgin að fella niður síðasta lið gr. Það var að vísu upplýst af vitamálastjóra, sem kom á fund n., að þetta ákvæði mundi vera til í ýmsum hafnarl. eða einum fimm. Ég hef hins vegar ekki getað fundið það nema í hafnarl. fyrir Dalvík. Skoðun meiri hl. var, að ákvæðið væri ekki einasta óeðlilegt, heldur hefði það ekki heldur neina þýðingu, vegna þess að það fengi ekki staðizt dóm fyrir hæstarétti, ef um það yrði deilt síðar meir. N. samþ. því að fella þetta ákvæði niður að undan teknum einum nm., hv. 4. landsk., sem skrifaði undir með fyrirvara, sérstaklega með tilliti til þessarar gr.

Þá varð samkomulag um að gera breytingu á 6. gr. á 193. þskj. Liðirnir a—e eru í rauninni ekki annað en leiðréttingar, sumpart á prentvillum, og vegna þess, að þessar prentvillur breyta efni, þótti ekki annað gerlegt en breyta þeim. Hins vegar er í f-lið mikilsvarðandi breyt. og fer fram á það, að ef einhver hluti leigutaka vill ekki beygja sig undir það, sem meiri hl. kemur sér saman um, þá skuli þeir menn eiga kröfu á því, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupi af þeim lóðarréttindi ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skuli andvirðið ákveðið af þar til dómkvöddum mönnum. — Þá er g-liður brtt., ný málsgr. um það, hvernig fara á með ákvæði gr. um það, hvernig réttur manna skiptist í hlutfalli við eignir þeirra. Þótti rétt, að atvmrh. ákvæði nánar um þetta með reglugerð að fengnum till. bæjarstj. Siglufjarðar.

Þá er breyt. á 12. gr. frv., að á eftir orðunum „er greiða ber í ríkissjóð af vörum" í 2. málsl. 1. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: „Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd". Þetta er sett inn í til samræmis við önnur hafnarl. og breytir ekki neinu.

Ég tel ekki ástæðu til að skýra þetta nánar. Það er fullt samkomulag um afgr. málsins við hv. flm., og enn fremur hefur þetta verið borið undir bæjarstj. á Siglufirði, sem bar það undir hafnarn. á staðnum, og einnig hefur það verið borið undir vitamálastjóra, þó að hann teldi það beztu lausnina, að hafnarsjóður keypti upp allar þessar eignir, en það er ekki heldur lokað fyrir það, þó að þetta sé samþykkt.

Hafnarstj. hefur óskað eftir því, að þetta verði að l. á þessu þ. Sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti og því verði flýtt svo, að það geti orðið að l., áður en Alþ. er frestað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 193,1 samþ. með 10:3 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 193,2,a—e samþ. með 14 shlj. atkv.
— 193,2,f samþ. með 12 shlj. atkv.
— 193,2,g samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 193,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 200).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (**Gísli Jónsson**): Herra forseti. — Síðan frv. þetta var samþ. til 3. umr., hafa hv. flm. frv. komið að máli við sjútvn.-menn þessarar hv. deildar og óskað eftir því, að sjútvn. bæri fram brtt. nú við þessa 3. og síðustu umr. málsins, sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við 4. mgr. 6. gr. laganna komi: enda hafi krafa um slíkt komið fram frá viðkomandi lóðarleigutaka ekki síðar en einum mánuði eftir að meiri hluti leigutaka hefur samþykkt að ráðast í endurbyggingu eigna sinna samkv. 1. mgr. þessarar greinar og hann meðtekið um það tilkynningu frá hafnarnefnd." —

Ég hef rætt þetta við sjútvn., og hefur hún fallizt á, að rétt væri að bæta þessu aftan við til þess að takmarka þann tíma, sem viðkomandi lóðarleigutaki gæti haft til að velja um, hvort hann vildi taka þátt í endurbyggingu hafnarmannvirkja eða gera kröfu um það, að hafnarsjóður keypti af honum mannvirkin; það væri ekki rétt, að hann hefði til þess ótakmarkaðan tíma. Leggur því sjútvn. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég afhendi hæstv. forseta.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 210) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 210 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 211).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Þetta mál hefur legið fyrir sjútvn. Ed., og hefur hún gert á því töluverðar breytingar. Ég hef haft samband við bæjarstjórn Siglufjarðar, og hún óskar, að frv. verði afgr. eins og það liggur nú fyrir frá Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 221).

---

48. Leigunám veitingasala o. fl.

Á 32. fundi í Sþ., 12. júní, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni (þmfrv., A. 248).

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 13. júní, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það er öllum þm. kunnugt, hvaða orsakir liggja að þessu frv., og þarf ekki að rekja þær, en ég vil geta þess, að frv. er á engan hátt borið fram til þess að ganga á rétt hótelstjórans. Slíkar ástæður, er hér liggja fyrir milli húseiganda og starfsmanna, er ólíklegt, að valdi sams konar aðgerðum í framtíðinni, svo að ótti um fordæmi þarf ekki að koma til greina.
Eftir þær umr., sem orðið hafa á milli þm. um þetta mál, tel ég óþarft að hafa frekari framsögu. Það er æskilegast, að úr þessu verði einungis skorið með atkvgr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:3 atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

---

49. Hegningarlög.

Á 34. fundi í Ed., 15. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940 (þmfrv., A. 259).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Það var ætlunin, að hv. 6. þm. Reykv. hefði framsögu í þessu máli, en þar sem hann er fjarverandi vegna aðkallandi anna, fylgi ég frv. úr hlaði.
Frv. er samið af dómsmrh. og flutt á þessu þ. í samráði við hann. Um ástæðu fyrir frv. vil ég vísa til grg., en ástæðan til þess, að því er ætlað að ganga í gegnum þ. nú, er sú, að það stendur í sambandi við náðanir, sem ætlað er, að fari fram nú, þegar stofna á lýðveldið. Ég tel ekki ástæðu til, að frv. fari til n., þar sem það er flutt af nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Mér hefur ekki gefizt tóm til að athuga þetta frv. sem ég vildi, en við fljótan yfirlestur virðist mér, að það þurfi ef til vill nokkurra lagfæringa við. Það mundi tefja málið of mikið að vísa því til n., en það væri æskilegt, að forseti vildi fresta fundi um skeið, til þess að hægt væri að athuga málið nánar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þar sem það hefur komið í ljós, að það er almennur vilji að fá þetta mál afgr. í dag og að ekki gefst tími til að athuga það nánar, og enn fremur í trausti þess, að hæstv. dómsmrh. skýri frv. í samræmi við tilgang sinn, segi ég ekki meira um málið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 264).

---

50. Lendingarbætur í Örlygshöfn.

Á 22. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð (þmfrv., A. 73).

Á 15. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Þetta frv. er flutt eftir ósk hreppsnefndar Rauðasandshrepps. Það er samið eftir gildandi l. um lendingarbætur að öðru leyti en því, að farið er fram á aðrar upphæðir en gert er ráð fyrir í öðrum lendingarbótal., og er það í samræmi við það, sem hreppurinn treystir sér til, og hins vegar, hvað gert er ráð fyrir, að þetta muni kosta.

Vitamálastjóri hefur látið fara fram rannsóknir í sambandi við þessar fyrirhuguðu lendingarbætur. Þeim er enn ekki lokið, en búizt er við, að þeim verði lokið á næsta sumri. Síðan verður hafizt handa um framkvæmdir, eftir að allur nauðsynlegur undirbúningur hefur verið gerður.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta neitt frekar nú, en óska, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að þessari umr. lokinni og það fái þar fljóta og sanngjarna afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 104).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og borið það saman við gildandi l. um lendingarbætur. Leggur hún til, að frv. verði samþ. með ofur lítilli breyt., eins og tekið er fram á þskj. 104, að við 12. gr. bætist orðin „upphæð vörugjalds".

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar orðum um frv. N. leggur til, að það verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 104 samþ. með 9 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

13.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 119).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 351).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

---

51. Lendingarbætur á Hvalskeri.

Á 22. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð (þmfrv., A. 74).

Á 15. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Þetta frv. er einnig flutt að ósk hreppsnefndar Rauðasandshrepps, og er hér um að ræða lendingarbætur í þeim hreppi. Á Hvalskeri er aðalupp- og útskipunarhöfnin fyrir vörur til og frá kaupfélagi hreppsins, sem er aðalverzlunarstaður Rauðasands, en Rauðasandur er einn af blómlegustu hlutum hreppsins. Hafa hreppsbúar í hyggju að koma upp hjá sér lendingarbótum svo fljótt sem verða má.
Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú, en óska, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr., og vona, að það fái skjóta og sanngjarna afgreiðslu í n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 105).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir sjútvn. Hefur hún borið það saman við gildandi l. um lendingarbætur og leggur til, að 12. gr. verði breytt þannig, að inn í hana verði bætt orðunum „upphæð vörugjalds". Vænti ég, að d. samþ. frv. með þeirri breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 105 samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 120).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 352).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 371).

---

52. Lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík (þmfrv., A. 292).

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég get verið mjög stuttorður um þetta frv. Það stendur mjög líkt á um þörf fyrir lendingarbætur þarna og þar, sem var rætt um rétt áðan, Látrum í Aðalvík. Þarna á Sæbóli er smáþorp, þar sem sjór hefur lengi verið sóttur. En lendingarbætur eru engar, og er því brýn nauðsyn til nokkurra lendingarbóta. Kostnaður er áætlaður hinn sami og á Látrum, samkv. rannsókn framkvæmdri s. l. sumar. Hreppsn. Sléttuhrepps hefur nú gert ályktun og óskað þess, að Alþ. setji lög um lendingarbætur

þarna. Óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 292, n. 349).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 292, n. 395).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Ég sé nú, að hæstv. atvmrh. er kominn hér í d., og vildi ég því gera til hans fyrirspurn um það, hvort honum sé nokkuð kunnugt um það, sem rætt var hér áðan, um endurskoðun á hafnarl., eða hvort nokkur undirbúningur undir slíka endurskoðun hafi farið fram af hálfu ríkisstj. Ég veit til þess, að þetta mál hefur verið rætt nokkuð og þá helzt í samráði við vitamálastjóra, og vildi ég nú vita, hvort hæstv. ráðh. er kunnugt um það, hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í sambandi við þetta mál af hálfu ríkisstj. eða hvort þær hafa verið nokkrar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 421).

---

53. Lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík (þmfrv., A. 291).

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á Aðalvík eru mjög fiskisæl mið, og á þessi mið er mjög stutt frá verstöðvum, sem liggja við víkina. Hefur um mjög langan aldur verið stundaður þarna sjór frá tveimur verstöðvum, Látrum og Sæbóli, sem eru smáþorp sitt hvorum megin við víkina. Nú hagar þannig til á Látrum, sem frv. ræðir um, að þar er algert hafnleysi. Fyrir allmörgum árum var mælt fyrir töluverðum lendingarbótum, allstórri bryggju. Samkv. kostnaðaráætlun, sem gerð var um þessar væntanlegu framkvæmdir, kostuðu þær stórfé, meira en fámennt hreppsfélag gæti staðið undir.

S. l. sumar var á ný framkvæmd rannsókn á lendingarskilyrðum á þessum stað, og þá fyrst og fremst með það fyrir augum, að einhver smá bátabryggja yrði þarna byggð, sem að kostnaði til yrði ekki ofviða fámennu hreppsfélagi að ráðast í. Samkv. áðurnefndri rannsókn, sem verkfræðingur frá vitamálaskrifstofunni framkvæmdi, kostar 35—40 þús. kr. að byggja þarna smábryggju, hentuga fyrir smábátaútgerðina, sem þarna er. Frv. miðar við þessa kostnaðaráætlun og gerir ráð fyrir 20 þús. kr. framlagi frá ríkissjóði og 20 þús. kr. ríkisábyrgð. Hreppsn. Sléttuhrepps samþ. á fundi sínum 27. ágúst s. l. að fela þm. kjördæmisins að flytja frv. um lendingarbætur að Látrum, og liggur það nú fyrir til fyrstu umr. Tel ég ekki þurfa að fara um það fleiri orðum. Þessar lendingarbætur eru brýn nauðsyn, og vænti ég, að hv. d. snúist vel við frv. sem og öðrum slíkum, sem samþ. hafa verið undanfarið eða koma kunna nú fram. Leyfi ég mér að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 350).

Emil Jónsson: Það er eingöngu vegna þess, að hv. frsm. er ekki viðstaddur, að ég vil segja um málið örfá orð í hans stað.

Eins og nál. ber með sér, hefur n. lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Það er að vísu svo, að hér er, eins og í öllum þeim frv. um svipað efni, sem hér eru á dagskrá, farið fram á aðeins mjög óverulegar lendingarbætur, og þess vegna er nokkur spurning, hvort til þess hefði þurft lagasetningu. En málið mun vera borið fram í þessu formi sérstaklega vegna þess, að á þann hátt einan er hægt að fá heimild til, að ríkissjóður ábyrgist þann hluta kostnaðar, sem ekki fæst sem styrkur úr ríkissjóði. Nokkurt

umtal mun hafa átt sér stað um, hvort ekki væri hægt að koma þessu máli og öðrum svipuðum í eitt frv., en einhverra ástæðna vegna hefur þetta ekki verið talið fært að þessu sinni, og þess vegna hefur málið verið látið fara í þennan farveg, þó að hann sé nokkuð fyrirhafnarsamur, þar sem þarf sérstaka lagasetningu um hverjar lendingarbætur. Annars mun þetta mál og þrjú þau næstu á dagskránni vera öll um bráðnauðsynlegar lendingarbætur, þó að spurning sé um formið. Sem sagt, n. mælir með, að þetta sé gert að þessu sinni í þessu formi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 396).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta mál, borið það saman við gildandi l. um lendingarbætur og komizt að þeirri niðurstöðu, að ákvæði 4. gr. frv. sé öðruvísi en í öðrum l. um lendingarbætur, þannig að úr því hafa fallið orðin „lendingarsjóðsstjórnar og“ á eftir orðunum „nema samþykki“. Það er hins vegar mjög nauðsynlegt að hafa bæði samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar fyrir því, sem í 4. gr. getur um. Sjútvn. hefur því lagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að orðunum: lendingarsjóðsstjórnar og — verði bætt inn í 4. gr. frv. á eftir orðunum „nema samþykki“. Í sambandi við þetta mál þótti rétt að láta það koma fram í framsögu, að nauðsyn bæri til þess að láta fara fram gagngerða endurskoðun og róttækar endurbætur á öllum l. um hafnargerðir og lendingarbætur um land allt. Það er ekki aðeins, að hver hreppur, sem að sjó liggur, vilji fá sín l. um hafnargerð eða lendingarbætur, heldur heimta sumir þeirra fleiri en ein slík l.

Hér liggja nú t. d. fyrir d. tvö frv. um lendingarbætur í Aðalvík, en nú er Aðalvík eiginlega aðeins ein verstöð og ekki heill hreppur, heldur aðeins lítill hluti af einum hreppi, og gætu því aðrir hlutar þessa sama hrepps einnig farið fram á sín l. um lendingarbætur. Það hefur einnig komið fyrir með Ólafsfjörð, að þar hefur þurft að fá undanþágu frá ábyrgð sýslunnar fyrir láni til hafnargerðar. Það ber því brýna nauðsyn til þess að endurskoða þessi l. hið allra fyrsta, og það er eðlilegast, að ríkisstj. gangist fyrir því og þá vitanlega í samráði við vitamálastjóra. Það þarf að flokka niður hafnargerðirnar og ákveða, hve stórt framlag ríkissjóðs eigi að vera til þeirra. Þá þarf einnig að ákveða, hver ábyrgð skuli vera fyrir láninu til slíkra mannvirkja og hve mikið sveitar-, bæjar- eða sýslufélög skuli leggja á móti framlagi ríkissjóðs. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lendingarsjóði heimilað að taka allt að 6% af brúttóverði afla, sem upp er lagður, til þess að standa straum af kostnaðinum við byggingu og viðhald mannvirkisins. Það er augljóst, að þar, sem slík ákvæði eru fyrir hendi, er áhætta ríkissjóðs miklu minni heldur en þar, sem ekkert slíkt gjald má leggja á, eins og t. d. á Siglufirði.

Ef lendingarsjóðsstjórnir komast í fjárþröng, þá er mikil trygging fyrir ríkissjóð að geta látið beita því, að tekin verði þessi gjöld af aflanum samkvæmt heimild í l. Hér er ósamræmi í, sem þyrfti að samríma um land allt.

Annars leggur sjútvn. til, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef áður lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 396 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 410).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til einnar umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Breyt. sú, sem hv. Ed. hefur gert á þessu frv., er beinlínis leiðrétting. Af vangá höfðu fallið niður tvö orð í 4. gr. frv., og hér er um leiðréttingu á því að ræða.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 429).

54. Tilraunastöð á Reykhólum.

Á 40. fundi í Ed., 8. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum (þmfrv., A. 289).

Á 41. fundi í Ed., 12. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Á þ. 1943 var samþ. þáltill. í Sþ. um að fela ríkisstj. að skipa fimm manna n. til að gera athuganir og till. um framtíðarafnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland. Þar með var fenginn þingvilji fyrir því, að jörðin Reykhólar væri ákveðin sem tilraunastöð fyrir Vesturland, ef n. væri sammála um, að hún væri hentugur staður til slíks.

N. lauk störfum á árinu 1943 og sendi langa grg. til ríkisstj. og uppkast að frv. til l. um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Frv. var borið fram á Alþ. 1943 og var í 4 köflum. Kvað fyrsti kaflinn á um skiptingu jarðarinnar milli skólaseturs og tilraunastöðvar og hafði inni að halda heimild til ríkisstj. um að kaupa núverandi læknisbústað, ef það þætti nauðsynlegt til að samræma reksturinn. Annar kaflinn var um tilraunastöð í jarðrækt fyrir Vesturland og enn fremur ákvæði um það, að hluti af jörðinni skyldi tekinn og lagður undir tilraunaráð. Þriðji kaflinn var um sérstakan skóla, þ. e. vinnuskóla. Var þar farið inn á nýjar brautir, sem nauðsynlegt þótti að athuga nánar og ollu því, að frv. náði ekki fram að ganga á þ.

Frv. var borið fram af mér á þ. 1943 og sent til umsagnar fræðslumálastjóra og Búnaðarfélagi Íslands. Fræðslumálastjóri lagði til, að frv. væri sent mþn. í skólamálum, og óskaði eftir, að það yrði ekki samþ., fyrr en umsögn hennar væri fengin, en Búnaðarfélag Íslands lagði til, að frv. væri samþ., þó með þeim breyt., að skólinn væri reistur, þegar fé væri ákveðið til hans í fjárl. Þá þótti landbn. þessarar d. rétt, að málið væri afgreitt með þál., þar sem ríkisstj. væri falið að hefja undirbúning að því að reisa tilraunastöð, jafnframt því, sem frv. um skólastarfsemina yrði sent mþn. í skólamálum, og loks, að ráðstafanir skyldu gerðar til að losa jörðina úr ábúð.

Með þessum till., sem samþ. voru hér, er enn undirstrikað, að þingvilji er fyrir því, að tilraunastöðin skuli sett á stofn. Í l. frá 1940 er beint ákveðið, að tilraunastöð skuli vera á Sámsstöðum og ein á Austurlandi og ein á Vesturlandi, og fyrir það er þetta frv. borið fram. Ég vildi ekki bíða eftir, að frv. næði fram að ganga í heild, heldur yrðu gerð sérstök lagaákvæði um annan kafla frv.

Það liggur fyrir frá tilraunaráði áætlun um kostnað, sem send var ríkisstj. 23. febrúar 1944. Kostnaður er áætlaður 367 þús. kr., en einnig liggur fyrir álit um það, að tilraunastöð, sem hæf væri til byrjunar starfrækslunni, kosti 80 þús. kr., og leggur tilraunaráð til, að henni skuli komið upp. Ég gæti og fellt mig við það.

2. gr. er um það, hvað tilraunastöðin skuli fá til umráða af eigninni, en 3. gr. kveður á um, að niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skuli gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og að fyrirhugað þjóðvegarstæði um Reykhólaland skuli einnig valið í samráði við hann og tilraunaráð í jarðrækt. Þetta er nauðsynlegt, af því að vegurinn þarf að fara yfir land tilraunastöðvarinnar.

Með tilliti til þess, að fullur þingvilji hefur komið fram fyrir þessu, vænti ég, að málið fái skjóta afgreiðslu, og vil vona, að landbn., sem mun fá málið til meðferðar, vilji hraða því og skila áliti sínu sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 18. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, n. 311).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta mál er ekki nýtt í þessari hv. d. Það lá fyrir síðasta þingi, en í sambandi við annað mál, skólastofnun á jörðinni Reykhólum. Nú hefur flm. tekið þetta efni út úr því frv. og flytur það sérstaklega. Sama efni hefur áður verið borið undir búnaðarþing og það verið sammála um, að þarna þyrfti að reisa tilraunastöð. Nú hafa þegar verið reistar og reknar tilraunastöðvar í öðrum landsfjórðungum, sunnanlands á Sámsstöðum og norðanlands í Eyjafirði. En á Austurlandi hefur þegar verið keypt jörð til slíks rekstrar, en mér er ekki kunnugt, hverjar byggingar eða framkvæmdir er farið að gera á þeim stað. Nú er það Vestfirðingafjórðungur, sem hefur ekki fengið neina slíka tilraunastöð, og þykir því tímabært, að hafizt sé handa að athuga þetta mál og undirbúa það af stj. hálfu og Búnaðarfélagi Íslands.

Í frv. er ekki farið fram á annað en að undirbúningur undir rekstur slíkrar stöðvar verði nú þegar hafinn og einnig verði látið af hendi tiltekið land á Reykhólum undir þessa stöð, — enn fremur að sjá svo um, að ekki verði gerðar neinar byggingar, sem koma í bága við þessa stöð. — N. var sammála um þetta frv., þeir sem á fundi voru. Fjarstaddur var hv. 2. þm. Árn. Ég fyrir mitt leyti tel mjög áríðandi og nauðsynlegt fyrir Breiðfirðinga og Vestfirðinga yfirleitt, að þegar verði farið að hefjast handa og málið helzt látið ganga eins fljótt og hægt er, eftir því sem fé er fyrir hendi.

Eiríkur Einarsson: Úr því að ég kom því ekki við að vera á fundi landbn., þegar málið var tekið til ákvörðunar, vil ég gjarnan láta í ljós, að ég hef þá afstöðu til málsins, sem er í samræmi við niðurstöðu annarra nm., og get því fallizt á, að frv. þetta verði samþ. Ég vil aðeins láta þess getið frá mínu sjónarmiði, að heimild þessi er náttúrlega ekki svo föst í reipunum sem ætla mætti og kannske ekki von, því að málið er ekki komið á mikinn rekspöl, þó að menn hafi góðan vilja. Miðað við þann vilja til einhverrar gagnsemi fyrir landbúnaðinn af tilraunum þarna, get ég gefið málinu samþykki. En það er náttúrlega alls ekki sama, hvaða jarðræktartilraunir verða þarna gerðar. Það þarf að samræma þær tilraunir við þarfir bænda þar vestra um jarðrækt og einnig við getu jarðarinnar og til hvers hún hæfir bezt.

Á svona lítilli sneið úr landinu, sem stöðinni er ætluð, er ofætlun að hafa mjög fjölhliða jarðræktarstarfsemi. En þá er um að gera, að sá þáttur verði valinn, sem helzt má vænta árangurs af. Það mun nú vart hafa ráðið eingöngu um val Reykhóla til þessarar starfsemi, að þetta er mikil jörð, heldur einnig hitt, að Reykhólar eiga sína sögufrægð. Sízt vil ég lá hlutaðeigendum þjóðlega ræktarsemi jafnframt því að nota hagnýta aðstöðu þessarar jarðar. Það er sennilega vel farið, þegar hvorugt brýtur í bága við annað. Þetta vil ég gjarnan láta verða hvatningarorð til réttra aðila á hverjum tíma, sem er, að þessi öfl megi verða að starfi saman, eftir því sem henta má.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins þakka hv. landbn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli. — Út af ræðu hv. 2. þm. Árn. vil ég benda á, að það er í raun og veru með öðrum l. alveg fyrirskipað að reisa tilraunastöð í jarðrækt á Vesturlandi. Það eru l. nr. 64 6. maí 1940. En nauðsyn bar til að bera þetta frv. fram sérstaklega til þess að ákveða það, að þessi jörð skyldi valin og henni skipt. Er það samkv. till. n., sem skipuð var til þess að rannsaka og gera till. um þessi mál.

Eins og sást á frv. til l. um skóla að Reykhólum, er ætlazt til þess, að annað land en það, sem hér er ákveðið, sé lagt til skólans, þegar þess þarf með. Í áðurgreindri n. var Pálmi Einarsson ráðunautur meðal annarra og einnig í mþn. Ég vildi ekki raska þessari skiptingu á þessu stigi málsins. Ef skólinn yrði aldrei settur á stofn, er sjálfsagt hægt síðar meir að taka meira land til ræktunarstöðvarinnar, ef nauðsyn þykir. — Þessa skýringu vildi ég gefa á málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4 gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 20. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 21. sept., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Bjarni Benediktsson: Það er nokkuð óvanaleg aths., en mér sýnist óþarflega rakin í 2. og 3. gr. smáatriði, sem naumast eiga heima í lagafrv. Í 2. gr. eru töluvert ýtarlega tilgreint, hver landamerki þessi tilraunastöð eigi að hafa, og vitnað í uppdrátt af landeigninni, án þess að hann sé að öðru leyti einkenndur. Og síðan eru ýmsir staðhættir svo rækilega tilteknir. Í 3. gr. er verið að mæla fyrir, hvernig eigi að ákveða þjóðvegarstæðið á þessari tilteknu jörð. Ég efast um, að um nokkurt annað vegarstæði sé í nokkrum venjulegum l. tiltekið eins nákvæmlega um þetta. — Ég vildi skjóta því til hv. flm. og n., hvort ekki væri rétt að taka málið af dagskrá og athuga 2. og 3. gr., hvort ekki er hægt að stytta þær og setja meir í samræmi við það, sem venja er í l., tiltaka ekki annað en það, sem á heima í l. Mér finnst ætti að vera nóg að segja: Þessi skal stærð landsins vera, eftir því sem nánar verður kveðið á. Og þar sem samkomulag mun vera um þetta fyrir fram, ætti það því fremur að vera óhætt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Að þetta er svo tiltekið í 2. gr. frv., kemur til af því, að jörðinni sjálfri er skipt; hún er ekki öll lögð undir tilraunastöðina, heldur ákveðinn hluti samkv. till. frá tilraunaráði í jarðrækt. Þegar skiptin voru gerð, var hugsað, að hinn hluti jarðarinnar gengi til landbúnaðarskólaseturs. Og til þess að tilraunastöðin gæti fengið ótakmarkaðan rétt yfir því landi, sem hún hlyti úr jörðinni, þurfti að sjálfsögðu að ákveða, hvernig skiptin skyldu gerð og hvaða takmörk sett. — Hvað snertir ákvæðið um þjóðveginn, kemur það til af því, að nauðsynlegt er að ákveða legu hans fyrir fram, svo að hún komi ekki í bága við það skipulag, sem gera á á jörðinni um húsabyggingar, sumpart vegna tilraunastöðvarinnar og sumpart vegna hins væntanlega skólasetur. Er þetta gert algerlega eftir till. mþn., en í henni átti sæti m. a. Pálmi Einarsson ráðunautur, sem lagði mjög mikla áherzlu á, að einmitt þetta stykki úr landareigninni yrði afhent tilraunastöðinni, og jafnframt, að vegurinn yrði ekki lagður annars staðar en þar, sem ráðið segði til um. Hér er því fullt samkomulag um öll þessi mál, bæði við skipulagsstjóra og aðra aðila.

En ef nú landbn. þykir ástæða til að taka frv. á ný til athugunar, er ég síður en svo á móti því að taka málið af dagskrá. Vil ég gjarnan heyra álit hv. frsm. um það, hvort hægt sé að breyta þessu orðalagi þannig, að það sé eðlilegra og betra, en nái þó tilgangi sínum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég get getið þess, að mér finnst ekki nauðsynlegt að athuga þetta frv. meir. En ég játa, að það er rétt, að það má hafa sérstaklega 3. gr. dálítið öðruvísi og í þá átt, sem hv. 6. þm. Reykv. gat um. Það mætti orða þetta á þá leið: Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar og annarra mannvirkja landsvæðisins skal gera í samráði við skipulagsstjóra ríkisins. Þetta er máske réttara en að ákveða þarna þjóðvegarstæðið. En úr því að farið er að minnast á, hver takmörk skuli vera á landi þessu, þá finnst mér ekki fjarri að staðfesta það, þó að óvanalegt sé í l. Einhvers staðar þarf að gera það. En úr því að á annað borð er byrjað á að geta um það, veit ég ekki, hvort hægt er að fara skemmra en gert er í 2. gr. En ég set mig ekki á móti því, að málið sé látið bíða til næsta fundar, einkum til að athuga orðalag 3. gr.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 22. sept., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Eins og ég gat um á síðasta fundi þessarar d., þá höfum við landbnm. athugað betur þetta frv. í samráði við hv. 6. þm. Reykv. Við getum játað, að það getur borið til beggja vona, hvort nauðsynlegt er, að 2. gr. verði jafnlöng og hún er, en úr því á annað borð er farið að gera grein fyrir landamerkjum þessa svæðis, sem tekið er undir tilraunastöð, þá finnst mér ekkert á móti því að þingfesta ræktunarlandið.

Við sáum ekki ástæðu til að breyta þeirri gr. neitt, en aftur á móti getum við gert hv. þm. það til eftirlætis að stytta eða taka aftan af 3. gr. frv., þannig að 2. málsgr. 3. gr. frv. falli niður, því að það er alger óþarfi og engin nauðsyn á að tala um þjóðvegarstæði eða hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Þetta er einnig gert með samþykki eða án mótmæla hv. flm. málsins, og ég hef þegar afhent hæstv. forseta skriflega brtt. frá landbn. þess efnis, að 2. málsgr. 3. gr. frv. falli niður. Býst ég þá við, að allir aðilar uni við þau málalok, og vænti, að frv. verði samþ. þannig. Sé ég svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta atriði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 354) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég þakka hv. landbn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli, og ég get fellt mig við, að þessi brtt. verði samþ., í því trausti, að viðkomandi vegamálastjórn taki þessa ábendingu til athugunar.

ATKVGR.
Brtt. 354 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 355).
Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 355, n. 382).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Með 1. um tilraunir í þágu landbúnaðarins frá 1940 er ákveðið, að reka skuli áfram tilraunastöðvar í jarðrækt, norðanlands á Akureyri, en sunnanlands á Sámsstöðum. Jafnframt er ákveðið að bæta við tveim öðrum, á Vesturlandi og á Austurlandi, þegar fjárhagsástæður leyfa.

Frv. þetta fer fram á, að tilraunastöð sú, sem reist verður fyrir Vestfirði, skuli vera á Reykhólum í Barðastrandarsýslu. — Þetta er í alla staði ákjósanlegur staður. Þar er nægur jarðhiti og önnur aðstaða æskileg. Eftir því, sem landbn. hefur fengið upplýsingar um, er um það fullkomið samkomulag milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, að tilraunastöðinni verði valinn staður á þessari jörð, bæði hefur það verið athugað hjá Búnaðarfélagi Íslands og tilraunaráði í jarðrækt og eins hjá búnaðarsambandi því, sem þarna á hlut að máli. N. mælir því með því, að frv. verði samþ., en telur rétt, að inn í 1. gr. verði bætt: „þegar fé er veitt til þess í fjárl.", — og er þá gert ráð fyrir því, að það verði tekið til athugunar við afgreiðslu fjárl., hvað mikið fé sé áætlað til þessarar tilraunastöðvar. Annars hefur það verið venjan að leggja sameiginlega fé til tilraunastarfseminnar, því hefur svo aftur verið skipt af tilraunaráði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál og vænti þess, að það gangi áfram sína leið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég held, að þessi breyt., sem hv. landbn. gerir á þessu frv., sé mishugsuð og misráðið sé að samþ. hana. Það er orðið svo, að það fé, sem veitt er til jarðræktartilrauna, er veitt af Alþ. í einu lagi, sömuleiðis til búfjárræktartilrauna. Síðan er þriggja manna ráð látið skipta þessu fé milli þessara tveggja aðila, jarðræktarstarfseminnar og búfjárræktarstarfseminnar. Þegar svo búið er að ákveða, hvað mikið skuli fara til jarðræktarstarfseminnar í landinu, þá er það aftur tilraunaráð, skipað fimm mönnum, sem ákveður, hvað mikið hver tilraunastöð skuli fá. En eftir þessu frv. á Alþ. að ákveða sérstaka fjárveitingu til tilraunastöðvarinnar að Reykhólum, og kemur það í raun og veru í bága við l., eins og þau eru nú.

Ég held þess vegna, að það sé misráðið að setja þetta inn í frv. og betra, að það sé lagt á vald tilraunaráðs, hvenær það sér sér fært að taka af því fé, sem það fær til umráða, að byrja á rekstri hennar og að Alþ. grípi ekki hér inn í og fyrirskipi, að nú skuli byrjað á Reykhólum, og veiti til þess sérstaka fjárveitingu. Ég held, að tilraunaráð ætti að ráða þessu, og það mun haga gerðum sínum eftir því, hve miklu fé það hefur yfir að ráða ár hvert.

Ég vil helzt, að landbn. taki till. aftur nú, a. m. k. athugi hana vel og ef til vill taki hana aftur fyrir fullt og allt. Hún getur sett tilraunaráð í þá aðstöðu, sem neyðir það til að byrja að byggja á Reykhólum, og orðið til þess að draga úr framkvæmdum, sem áður hafa verið ákveðnar og nauðsynlegar eru.

Frsm. (Jón Pálmason): Þær upplýsingar, sem fram komu í ræðu hv. 2. þm. N.-M. um skiptinguna á fénu, eru réttar, og n. er kunnugt um, að þessi aðferð hefur verið viðhöfð. Landbn. áleit rétt að gera þessa brtt., vegna þess að þegar farið er út í nýbyggingar, þá sé rétt, að Alþ. ákveði, að það skuli gert, og þá fyrst geti það lagt einhverja upphæð til þeirra bygginga, sem þarna verða gerðar. Að öðru leyti sé ég ekki, að það hafi sérstaklega mikla þýðingu, hvort till. verður samþ. eða ekki, því að ég reikna með því, ef lögin ná fram að ganga, að fjvn. taki upp fjárveitingu til þessarar starfsemi. Aðalatriðið er, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 382 samþ. með 13:9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 401).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til einnar umr. (A. 401, 413).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er komið til baka frá hv. Nd. Það hafði verið til meðferðar í þessari hv. d. og var afgr. héðan úr d. með góðu samkomulagi. Í hv. Nd. var svo sett inn í það lítils háttar breyt., þannig að reisa skyldi þessa tilraunastöð, þegar fé er veitt til þess í fjárl., þ. e. þessum orðum: „þegar fé er veitt til þess í fjárl." — var í hv. Nd. bætt inn í 1. gr. frv.

Yfirleitt virðist þessi breyt. vera algerlega ónauðsynleg, vegna þess að í l. nr. 64 7. maí 1940 er í raun og veru talað um, að það séu því aðeins gerðar þessar tilraunastöðvar, að veitt sé fé til þeirra í fjárl. og fjárveiting um það liggi fyrir. En mér sýnist, að þetta innskot hv. Nd. muni geta spillt fyrir þessu máli, ef samþ. verður þannig, vegna þess að þá verður þetta sérákvæði í l. varðandi þessa einu tilraunastöð, og gæti það skilizt þannig, að það verði að koma sérstök fjárveiting til hennar út af fyrir sig í fjárl. Getur það verið athyglisvert í því sambandi, ef fé er veitt til slíkra tilraunastöðva í fjárl., hvort stjórn búnaðarmálanna muni þá kannske ekki þykja þurfa frekari áherzlu frá hendi löggjafans, ef veita á fé til þessarar tilraunastöðvar, svo framarlega sem sérstaklega er tekið fram í l. um hana, að hana skuli reisa, þegar fé sé veitt til þess í fjárl. Stjórn búnaðarmálanna kynni þá að þykja þörf á því, að það liggi fyrir, að í fjárl. sé sérstaklega tekið fram, að til þessarar tilraunastöðvar sé veitt fé. En ég vil láta það sama ganga yfir þessa tilraunastöð og aðrar slíkar tilraunastöðvar, en ekki láta skera neitt úr um hana. — Ég veit, að hv. flm. vill hafa þetta eins og ég hef lýst sem vilja mínum, og landbn. öll var sammála um að leggja til, að breyt., sem sett var inn í frv. í hv. Nd., yrði felld burt, þar sem hún væri engum til gagns, en gæti orðið til óþæginda fyrir þetta frv. Hefur landbn. gert á þskj. 413 till. um, að þessu verði aftur breytt til hins fyrra horfs, sem málið var afgr. í frá þessari hv. d.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins þakka hv. landbn. fyrir að hafa komið með þessa brtt. Ég hef átt tal við form. landbn. hv. Nd. út af því, að þessi brtt. var gerð. Hann var ekki á fundi, þegar landbn. þeirrar hv. d. hafði málið til athugunar, en hann hefur látið í ljós, að það væri ástæðulaust að hafa þetta ákvæði í frv., sem sett var í það í hv. Nd., og hann taldi, að Nd. mundi fallast á að samþ. frv., þegar það kæmi til þeirrar hv. d., þannig breytt eins og hv. landbn. þessarar d. hefur lagt til að breyta því.

Ég vildi óska, að hv. d. sæi sér fært að afgr. frv. þannig breytt, og geri ráð fyrir, að málið fái skjóta afgreiðslu þannig breytt í hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 413 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 427).

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til einnar umr.

Páll Zóphóníasson: Eins og ég hef bent á áður, **taldi ég mjög óheppilegt að hefja** undirbúning undir þessa tilraunastöð með sérstakri fjárveitingu frá Alþingi. Í tilefni af því vil ég benda hv. fjvn. á, að undirbúningur undir rekstur þessarar stöðvar verður ekki hafinn með minna en 180 þús. kr. Það er minnsti stofnkostnaður við bygginguna og annað, og held ég, að hv. fjvn. megi hækka framlagið úr 100 þús. kr. upp í 280 þús. kr., ef hún ætlar að láta frv. komast til framkvæmda í því formi, sem það er nú.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég skal ekki að neinu leyti endurtaka þær umr., sem hér fóru fram um þetta mál, áður en málið fór út úr þessari hv. d. En varðandi það, hvort í 1. gr. frv. skyldi standa, að hafnar væru framkvæmdir, þegar fé væri veitt í fjárl., þá sé ég, að hv. Ed. hefur tekið þetta ákvæði út úr, og frá sjónarmiði landbn. skiptir það ekki svo miklu máli, að hún vilji gera að kappsatriði að hrekja málið milli d. Þó að n. vildi setja þetta ákvæði inn í, þá ætlast hún til, að þarna verði reist tilraunastöð. En hún er á þeirri skoðun, að heppilegra sé, þegar byrjað er með nýja tilraunastöð, að veitt sé sérstaklega fé til hennar eða hún sé tekin inn í þá fjárveitingu, sem til tilraunastarfsemi er varið. En n. ætlar ekki að gera þetta að neinu deiluatriði og leggur til fyrir sitt leyti, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 441).

---

55. Sala á hálfri Skáldalækjareyju og Hvarfsdal.

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfa Skáldalækjareyju í Svarfaðardal (þmfrv., A. 35).

Á 10. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Um ástæðurnar til þess, að þetta frv. er fram borið, vil ég vísa til bréfs hreppstjórans í Svarfaðardalshreppi, sem prentað er með frv. sem fylgiskjal. Bréf hans er til dóms- og kirkjumrn. um söluna á þessari ey, sem frv. fjallar um. Þar sem hann er nákunnugur maður, má byggja á því, sem hann segir þarna í þessu bréfi.

Með frv. er farið fram á það að selja bóndanum á Skáldalæk í Svarfaðardal hálfa Skálda-

lækjareyju í Svarfaðardal. En sá helmingur er talinn tilheyra Böggvisstöðum hinum megin árinnar, sem eru eign ríkissjóðs. Hefur Skáldalækjarbóndinn haft þennan helming hólmans á leigu undanfarin ár. Þessi hólmi er rétt við túnið á Skáldalæk, og það er vitanlega langeðlilegast, að Skáldalækjarbóndinn hafi hann til nota. Í öðru lagi má nefna það, sem hreppstjórinn getur og um í sínu bréfi, að eins og nafnið bendir til, muni allur þessi hólmi hafa tilheyrt Skáldalæk, en svo verið skipt á helmingi hans og uppsátri á Böggvisstaðasandi. Nú er þetta uppsátur sem réttindi fyrir Skáldalæk fyrir löngu fallið úr sögunni, en helmingur hólmans hefur eftir sem áður fylgt Böggvisstöðum og er orðinn tilheyrandi þeirri jörð vegna gamallar hefðar.

Ég hygg, að það sé því fullkomlega sanngirnismál, að þar sem Skáldalækur hefur ekki neinar nytjar af því, sem jörðin á sínum tíma fékk fyrir þennan helming hólmans, þá renni hann aftur til þeirrar jarðar og tilheyri Skáldalæk. Og ég vildi gjarnan beina því til þeirrar n., sem ég vona, að fjalli um þetta mál, að rétt kynni að vera að setja ákvæði í 1. gr. frv. um það, að þessi hólmapartur legðist þá undir jörðina Skáldalæk, þannig að það ætti ekki að skoða þetta sem sérstaka jarðeign, sem bóndinn gæti þá kannske verzlað með og selt undan jörðinni aftur.

Ég býst við, að þetta mál heyri frekast undir hv. landbn., og legg til, að því verði vísað þangað að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 18. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 310).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er nú alllangt síðan flm. þessa frv. gerði grein fyrir því í hv. d. eða í fyrravetur, svo að hv. þm. eru máske búnir að gleyma þeim ástæðum, sem hann færði fyrir þessu frv. En af því að mér er kunnugt, að í fskj. fyrir frv. eru alveg greinilegar ástæður færðar fyrir sölu á þessari engjaspildu, sé ég ekki þörf á að fjölyrða um þær. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að landbn. varð sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði gert að l. Einnig vil ég geta þess, að ábúandi á Skáldalæk er jafnframt eigandi jarðarinnar, svo að eftir að sala hefur farið fram, verður þarna einn eigandi, eins og talið er, að verið hafi áður fyrr.

En þegar þetta mál var til afgreiðslu í landbn., lá þar fyrir ósk um aðra söluheimild, að ríkisstj. seldi hreppsnefnd Skarðshrepps dálitla eyðijörð þar í sveit, sem heitir Hvarfsdalur. Þessi jörð mun vera búin að vera í eyði allmörg ár, var eitt sinn eign kirkjujarðasjóðs. Var hún að vísu keypt, en kaupin gengu til baka. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kaupbeiðnina, þ. e. útdrátt úr gerðabók hreppsnefndar Skarðshrepps:

„Árið 1944, 5. sept., átti hreppsnefnd í Skarðshreppi í Dalasýslu fund að Hvalgröfum. Eftirtalin mál tekin fyrir og afgr. ...

3. Hreppsnefndin telur hreppnum nauðsynlegt að fá þjóðjörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi keypta og felur þingmanni kjördæmisins, Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni, að bera það upp á Alþ., að Skarðshreppur fái nefnda jörð keypta. Leyfi sýslunefndar er áður fengið."

Sömuleiðis liggur hér fyrir útskrift úr fundargerð aðalfundar sýslunefndar Dalasýslu frá 3.—5. maí 1944 um sama efni. Vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana einnig upp, 7. lið:

„Sýslunefndarmaður Skarðshrepps flutti beiðni frá Skarðshrepp, að sýslunefndin veiti leyfi til þess, að hreppurinn keypti eyðijörðina Hvarfsdal af kirkjujarðasjóði. Sýslunefndin veitir leyfi til þess, að Skarðshreppur kaupi jörð þessa, og mælir með, að kaupin takist."

Landbn. er einnig sammála um, að sams konar heimild beri að veita ríkisstj. til sölu á þessari eyðijörð sem til sölu á Skáldalækjareyju. N. þótti verksparnaður í að taka þetta inn í frv. um sölu á Skáldalækjareyju, af því að hún taldi þessa heimild svo sjálfsagða. Ég legg til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem felast í nál. á þskj. 310.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir afgreiðsluna á málinu.

ATKVGR.
Brtt. 310,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 310,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með þessari viðbót við fyrirsögn: **og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.**

Á 46. fundi í Ed., 20. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 21. sept., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 327).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, n. 392).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, BÁ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JJós, JörB.

nei: PZ, SigfS, SG, SvbH.
ÞG, ÁkJ greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÓTh, SÞ, StJSt, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, FJ, GG, GTh, JakM, JPálm, JS, LJós) fjarstaddir.
1. þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég tel, að gr. þurfi að breyta, en þar sem þetta er 2. umr., segi ég já.

2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 327, 435).

Frsm. (Jón Sigurðsson): N. hefur orðið ásátt um að flytja örlitla brtt. við þetta frv. á þá lund, að þessi eyja, sem hér um ræðir, sé seld með því skilyrði, að hún sé sameinuð jörðinni Skáldalæk. N. gerir þetta með það fyrir augum, að tryggt verði, að þessi eyja lendi ekki í braski og verði t. d. seld Pétri eða Páli, en í stað þess verði hún sameinuð þessari jörð. Og það virðist vera tryggt, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að jörðin muni hafa hennar fulla þörf.
Þetta er aðeins nokkurs konar varúðarráðstöfun af hendi n., um leið og hún mælir með frv.

ATKVGR.
Brtt. 435 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 444).
Á 61. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til einnar umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Frv. þetta var samþ. hér áður í þessari hv. d. og sent Nd., en hefur tekið þar þeirri einu breyt., að í 1. gr. er bætt inn í þessum orðum: „Eyjan selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Skáldalæk."
Ég geri ráð fyrir, að í upphafi hafi verið ætlazt til, að þessi landshluti væri sameinaður jörðinni sjálfri, og landbn. hefur ekki fyrir sitt leyti neitt við það að athuga, þó að þessi breyt. eða viðauki sé gerður, og telur hana í sjálfu sér þýðingarlitla, en alls ekki til skaða.
Mín persónulega skoðun og ég býst við allra nm. er sú, að samþ. beri þetta frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 469).

---

56. Lækningaleyfi handa dr. Karl Kroner.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner (þmfrv., A. 344).

Á 55. fundi í Nd., 25. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 344 flytjum við 5 þm. frv. til l. um heimild til að veita dr. med. Karl Kroner, fyrrum yfirlækni í Berlín, lækningaleyfi hér á landi. Dr. Karl Kroner hefur dvalizt hér á landi í nærri 6 ár. Hann varð af sömu ástæðum og margur að fara frá Þýzkalandi, en þar var hann þekktur sérfræðingur í taugasjúkdómum og kunnur Íslandsvinur, og heimili þeirra hjóna stóð um langan tíma opið íslenzkum námsmönnum og öðrum, sem til Þýzkalands komu, og hefur þannig fjöldi Íslendinga af þeim hið bezta að segja og þeirra gestrisni. Þegar dr. Karl Kroner kom hingað til lands, ætlaði hann að dveljast hér skamma stund og hafði í hyggju að fara til Danmerkur og setjast þar að. Af ýmsum ástæðum, hættum samfara hindrunum og ströngum reglum um innflutningsleyfi, þegar stríðið kom, gat ekki orðið af því, að hann kæmist þangað. Hér á Íslandi hefur hann ekki lækningaleyfi, og samkv. gildandi l. frá 1932 er það skilyrði fyrir lækningaleyfi, að maðurinn hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Í l. er svo fyrir mælt, að viðkomandi verði að hafa próf í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands, en í 3. gr. l. segir, að í vissum tilfellum geti staðið svo á, að umsögn læknadeildar Háskólans sé talin fullnægjandi. Hefur þetta því komið til mála hjá læknadeildinni, og hefur hún látið uppi það álit, að hæfileikar þessa manns séu í bezta lagi, en það hefur ekki verið hægt að koma þessu í kring, af því að ríkisborgararéttinn vantar. Þessi ágæti læknir hefur því orðið að stunda erfiðisvinnu, þótt hann hafi ætlað áður lagt stund á læknastörf, og geta allir skilið, hve erfitt það er fyrir mann, sem er kominn á sjötugsaldur, og ekki vansalaust, þar sem hér á í hlut þekktasti og bezti Íslandsvinur, sem hingað hefur komið, og góður læknir í sinni grein.
Það var um tvær leiðir að velja. Önnur var sú að veita honum ríkisborgararétt og skapa þar með grundvöll fyrir því, að hann gæti fengið lækningaleyfi. Hann hefur ekki dvalizt hér nema um sex ára skeið, en samkv. því, sem gert er ráð fyrir í ríkisborgararéttarl., er krafizt 10 ára dvalar, til þess að viðkomandi geti öðlazt ríkisborgararétt. Töldum við flm. mjög óvíst, að Alþ. mundi gera undantekningu í þessu tilfelli, og fyrir því völdum við hina leiðina, að bera fram frv., sem er bundið við hans nafn persónulega. Það kann að koma sú mótbára, að hér sé verið að skapa fordæmi, en ég held, að ekki þurfi að óttast það, því að hér stendur alveg sérstaklega á og víst má telja, að slík tilfelli sem þetta muni verða mjög sjaldgæf. Ég hef átt tal við ýmsa ágæta menn úr læknastétt um þetta mál, og þeir hafa allir verið því mjög fylgjandi, að Alþ. veitti honum undanþágu. Til hans hafa mjög margir sjúklingar leitað, en hann hefur orðið að vísa þeim frá sér, því að hann hefur ekki rétt til að starfa að þessum lækningum. Enn fremur hafa margir íslenzkir læknar leitað til hans til ráðagerða, og veit ég, að hann hefur jafnan fúslega veitt þá aðstoð,

sem hann hefur getað. Ég vænti því, að þessu frv. verði vel tekið, og vildi mælast til þess, að því yrði vísað til 2. umr. og heilbrmn.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Ég hef í rauninni engu við það að bæta, sem hv. flm. sagði um þetta mál, en ég vil sérstaklega undirstrika það, að mér þótti vænt um að heyra, að hann lagði áherzlu á það, að hér ætti ekki að skapa neitt fordæmi með þessu máli. Í annan stað vil ég leyfa mér að leggja þann skilning í frv., að það sé aðeins vegna ríkisborgararéttarins, að Alþ. grípur inn í þetta mál, því að í lagagreininni segir, að ráðh. sé heimilt að veita mönnum, er eigi hafa tekið próf o. s. frv., þennan rétt, en með frv. sé alls ekki gengið inn á það, að Alþ. ætli sér í framtíðinni á nokkurn hátt að blanda sér inn í mál, sem sérfræðingum einum tilheyra, um það, hvort viss maður hafi þau þekkingarskilyrði, sem til þarf. Ég vil undirstrika það, að þrátt fyrir orðalag frv. er alls ekki gengið inn á það, að Alþ. taki sér nú heimild til að dæma um sérþekkingu þessa manns, sem hér er um að ræða, heldur bara sem undanþágu, er stafar af því, að maðurinn hefur ekki ríkisborgararétt. Þetta vildi ég taka fram, svo að það kæmi skýrt fram við þessa umr.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég vil ekki mótmæla þessu frv. af því, að ég telji, að sá læknir, sem hér er um að ræða, eigi það ekki fyllilega skilið, að honum sé veitt þetta leyfi, heldur af því, að ég álít það ekki viðeigandi, að Alþ. fari að blanda sér inn í þessa löggjöf um veitingu lækningaleyfa. Það er svo, að þessi mál eiga að vera í höndum sérfræðinga, því að þeir einir geta dæmt, hvort viðkomandi læknir á að fá leyfi eða ekki. Ég heyrði ekki framsöguræðu hv. flm. í þessu máli, en skilst þó, að ekki muni eiga að skapa fordæmi með þessu, og tel ég það vel farið út af fyrir sig, en frv. þá líka jafnframt að nokkru leyti óþarft. Ég veit ekki betur en læknadeild Háskólans og landlæknir hafi mælt með því, að þessum manni yrði veitt lækningaleyfi. 2. gr. l. frá 1932 tekur skýrt fram um það, hvaða skilyrði viðkomandi læknir verður að uppfylla til að fá lækningaleyfi, og eru þar taldar upp þær skyldur, sem hann verður að uppfylla. En í 3. gr. stendur, að ráðh. sé heimilt að veita lækningaleyfi, og það eitt tekið fram, að læknadeild Háskólans verði að dæma um kunnáttu umsækjanda. Tel ég því frv. óþarft og ráðh. sé kleift að veita honum lækningaleyfi, án þess að það sé samþ.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Rang. fyrir það, að þeir hafa báðir tekið vel á efni málsins. Ég vil undirstrika þann skilning, sem hæstv. forsrh. lagði áherzlu á, að tilgangurinn er aðeins sá að veita honum undanþágu frá ríkisborgararéttarákvæðinu, en ekki, að Alþ. færi að dæma um kunnáttu þessa manns, enda liggur þegar fyrir umsögn læknadeildar, sem telur allt vera í bezta lagi með þá hluti. Ég vil einnig undirstrika þann skilning hæstv. forsrh., að hér sé ekki um fordæmi að ræða, heldur einstakt tilfelli. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að hann teldi frv. óþarft. Ég ætla, að flestir muni vera þeirrar skoðunar, að sá skilningur sé rangur. Í 2. gr. l. stendur, að þeir menn eigi rétt á að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og eru íslenzkir ríkisborgarar. Í 3. gr. er svo gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að veita undanþágu frá prófskilyrðum við læknadeild Háskólans, og tel ég allvafasamt að leggja það mikið í þá undanþágu, að sleppa megi öllum hinum skilyrðunum. Hugsum okkur t. d. mann, sem ekki væri íslenzkur ríkisborgari og jafnvel hefði ekki óflekkað mannorð, að honum gæti ráðh. veitt slíkt leyfi. Þeir lögfræðingar, sem ég hef talað við, og hæstv. forsrh. lítur eins á það mál, álíta, að þessi undanþága í 3. gr. miðist eingöngu við undanþágu frá prófskilyrðum, og því hef ég litið svo á, að ekki væri hægt að koma þessu í kring, nema með sérstakri löggjöf. Annars þarf ekki að fara að deila um þetta, því að allir eru víst sammála um efnishlið málsins. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að læknadeild Háskólans og landlæknir mundu hafa mælt með þessu, en eftir því, sem mér hefur verið skýrt frá, hefur landlæknir sagt, að dr. Karl Kroner hafi nóga þekkingu og próf, en ekki talið sér fært að mæla með honum, af því að hann vantaði ríkisborgararéttinn. Ég ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, en tel rétt, að málinu verði vísað til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 344, n. 390).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, eru allir nm. sammála um mál þetta að efni til, að dr. Karl Kroner verði veitt íslenzkt lækningaleyfi. N. hélt fund með landlækni og leitaði álits hans. Var hann á sömu skoðun, að rétt og sjálfsagt væri, að leyfi þetta yrði veitt. Um hitt hafa verið nokkuð skiptar skoðanir, hvernig skilja beri ákvæðin um lækningaleyfi, hvort heilbrigðismálastjórn gæti veitt honum þetta leyfi, án þess að ný l. kæmu til. Meiri hl. n. taldi rétt, að sett yrðu um þetta ný l., og hefur hæstv. heilbrmrh. látið uppi þann skilning á þessu, að hann telji of hæpna heimild í núgildandi l. til að veita þetta leyfi, og leggur til, að þetta verði samþ. óbreytt. Hv. 2. þm. N.-M. er, eins og landlæknir, þeirrar skoðunar, að veita megi lækningaleyfið eftir núgildandi l., án þess að ný l. komi til. Vænti ég svo, að hv. deild samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 344, n. 473).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —— Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og urðu allir nm., sem á fundi mættu, en það voru allir nema einn, hv. þm. Str., sammála um að mæla með að samþ. frv. óbreytt.

Þess ber þó að geta, að fyrir n. lágu till. bæði frá landlækni og Læknafélagi Reykjavíkur um það að afgreiða málið á annan veg heldur en hér er gert ráð fyrir. Landlæknir vildi, að breytt væri l. um lækningaleyfi á þann veg, að ráðh. gæti með samþykki landlæknis og læknadeildar Háskólans veitt lækningaleyfi slíkt sem þetta og í öðrum svipuðum tilfellum, en taldi það ranga aðferð að afgreiða málið með sérstakri lagasetningu, eins og hér er gert ráð fyrir. — Læknafélag Reykjavíkur aftur á móti leggur til, að dr. Kroner verði veittur ríkisborgararéttur, því að þá sé eftir gildandi l. ekkert því til fyrirstöðu, að hann geti fengið lækningaleyfi af hálfu ráðh., en telur hættulegt fordæmi að veita honum lækningaleyfi með sérstökum lögum.

Heilbr.- og félmn. litur nú gerólíkum augum á þetta við Læknafélag Reykjavíkur, vegna þess að samkvæmt till. þess ætti að fara í kringum ákvæðin um lækningaleyfi og þar að auki veita ríkisborgararétt í því tilfelli, þar sem það mundi ekki eiga að gerast sökum þess, að ekki er um nægа dvöl í landinu að ræða hjá viðkomandi aðila samkv. l. um ríkisborgararétt. Okkur virðist því, að sú leið, sem Læknafélag Reykjavíkur stingur upp á, sé óþörf og krókaleið og auk þess sé hún í raun og veru miklu hættulegra fordæmi heldur en þetta frv., sem hér liggur fyrir. — Varðandi uppástungu landlæknis vill n. út af fyrir sig taka það til vinsamlegrar athugunar, hvort rétt sé að breyta lækningaleyfislöggjöfinni á þann veg, sem landlæknir stingur upp á. En við höldum, **að það sé ástæðulaust að blanda** þeirri breyt., sem er almenns eðlis, saman við þetta sérstaka mál, sem hér liggur fyrir. Sú breyt., sem landlæknir stingur upp á, mun að sjálfsögðu orka nokkuð tvímælis og þarfnast frekari athugunar við, og mundi það taka nokkurn tíma að koma þessu máli, sem hér liggur fyrir, fram þannig. Hér liggur fyrir ákaflega einfalt mál, sem ég tel okkur frekar til vansa að hafa ekki afgreitt fyrir löngu, sem sé að láta dr. Karl Kroner fá lækningaleyfi hér á landi. Eins og vikið er að í nál., er dr. Kroner Íslendingum að góðu kunnur frá fornu fari. Hann og kona hans gerðu sér ákaflega mikið far um að veita Íslendingum aðstoð, meðan þau bjuggu í Berlín. Mátti segja, að þau hefðu tekið ástfóstri við alla Íslendinga, og sé ég hér inni a. m. k. okkur tvo, mig og hv. 7. landsk. þm., sem nutum góðs af þeirra gestrisni og umhyggju, meðan við vorum umkomulausir stúdentar í þessari stóru erlendu borg, og þannig mætti fjölda annarra Íslendinga telja. Og það er í sjálfu sér okkur sízt til sæmdar að láta þennan ágæta og nú aldurhnigna mann vera hér án réttinda við að stunda sitt starf, sem hann er mjög vel hæfur til, eftir að hann hefur hrakizt frá föðurlandi sínu fyrir stirfni og yfirgang valdhafanna. Það hefði átt að vera búið að afgreiða þetta mál fyrir löngu. En að svo hefur ekki verið gert, hefur ekki verið af illvilja, heldur hefur málið lent í undandrætti og flækjum. En það er nú kominn tími til þess að höggva á það og samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir. Vil ég eindregið mæla með því, að svo verði gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

---

57. Byggingarmálefni Reykjavíkur.

Á 40. fundi í Ed., 8. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarmálefni Reykjavíkur (þmfrv., A. 286).

Á 41. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Í grg. þessa frv. er allrækilega gerð grein fyrir efni þess og einstökum ákvæðum. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar að svo stöddu, en vil eingöngu geta þess, að frv. hefur verið borið undir byggingarn. í Reykjavík og bæjarráð, og hafa báðir þessir aðilar lýst sig sammála frv. að meginefni til, enda er mikil þörf á slíkri löggjöf sem þessari. Refsiákvæði fyrir brot eru nú hæst 50 kr., svo að það borgar sig vel fyrir hvern, sem er, að brjóta á móti l., og þó að byggingarn. vilji láta til sín taka um framkvæmdir í þessu efni, þá hefur reynzt ómögulegt að fá rifnar niður ólöglegar byggingar. Hér er því þörf úrbóta, og er sérstaklega aðkallandi að gera þær nú, þar sem í ráði er að setja nýja byggingarsamþykkt, sem gerð er í samræmi við kröfur tímans, en hún getur ekki komið að gagni,

ef menn geta að kalla vítalaust brotið á móti henni.

Þá er einnig lagt til, að byggingarn. sé skipuð með nokkrum öðrum hætti en verið hefur, þannig að auk borgarstjóra verði í henni þrír sjálfskipaðir menn, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins og skipulagsstjóri ríkisins, og enn fremur aðrir menn kosnir af bæjarstjórn með hlutfallskosningu. Ég hygg, að með þessu sé nokkurn veginn séð fyrir því, að sérfræðileg þekking sé tryggð í n., um leið og öruggt á að vera, að hleypidómar sérfræðinganna séu þar ekki einráðir, heldur séu þarna leikmenn til frekari áréttingar og tryggingar því, að það, sem gert er, sé í samræmi við heilbrigða skynsemi og almenningsálit.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Jónas Jónsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort það sé ekki í einu verulegu atriði, sem hann gat um í framsöguræðu sinni, sem landslög eiga ekki að gilda um byggingarmálefni Reykjavíkur, ef þetta frv. er samþ. eins og það er. Ég hygg, að það sé þannig, að þetta frv. sé hlekkur í keðju, sem er nokkuð gömul, að Reykjavík þurfi ekki að hlíta úrskurði skipulagsn. í byggingarmálum.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég er hissa, að svo glöggskyggn maður og málefnafróður sem hv. þm. S.-Þ. skuli þurfa að bera fram þessa fyrirspurn, vegna þess að hann hefði þegar séð, hefði hann látið svo lítið að líta á frv., að ótti hans er algerlega ástæðulaus. Þetta málefni fjallar alls ekki um skipulagið. Það er allt annað frv., sem fjallaði um það efni og var borið fram 1943, en hefur ekki verið flutt enn á þessu þingi. Þetta frv. varðar ekki á nokkurn hátt skipulag bæjarins og haggar ekki að neinu leyti við skipulagsl. Hv. þm. hefur ruglað hér saman tveimur óskyldum málum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil þegar á þessu stigi málsins benda á, hvort ekki væri rétt að taka til athugunar breyt. á 6. gr. frv. eins og það er nú. Í þessari gr. stendur, að úrskurði megi skjóta til æðri dóms, en það málskot fresti ekki framkvæmd úrskurðar, sem þá fer fram á ábyrgð bæjarsjóðs. Mér finnst hér farið inn á óeðlilega braut, ef á að framkvæma úrskurði, sem hefur verið áfrýjað, án þess að vitað sé, hvort þessir úrskurðir fá staðizt fyrir dómi eða ekki. Þetta getur bakað báðum aðilum erfiðleika og tjón. Ef málið fellur á bæjarsjóð, er hann skaðabótaskyldur, en hjá því mætti komast, ef framkvæmd væri frestað, þar til dómur er fallinn. 4. gr. gerir ráð fyrir, að um ágreining geti verið að ræða milli þessara aðila, sem á að vera úrskurðað af stjórnarráðinu. Nú getur verið, að viðkomandi aðili, sem er að gera einhverja framkvæmd, þykist vera í fullum rétti, en úrskurður stjórnarráðsins falli honum í hag, og þá finnst mér óviðkunnanlegt að láta rífa það, sem hann hefur gert, áður en vissa er fengin fyrir, hvort hann hefur rétt til að gera það eða ekki. Þetta væri nokkurn veginn sama og ef ætti að framkvæma dóma, sem áfrýjað hefði verið, áður en dómur hæstaréttar væri fallinn.

Ég vænti, að hv. n. taki þetta til athugunar, svo að ekki verði farið að leggja inn á nýjar leiðir um framkvæmd úrskurða.

Jónas Jónsson: Það gleður mig, að hv. flm. segir, að það sé ekki meiningin með þessu frv. að gera neina breyt. á skipulagsl. Ég hygg þó, að réttara væri að orða 4. gr. skýrar. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef bæjarstjórn samþykkir álit byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins. Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr."

Þetta gæti skilizt svo, að yfireftirlitið, sem ætlazt er til samkv. núgildandi l., að skipulagsn. hafi, sé fellt burt. En þar sem hv. flm. segir, að ekki sé meiningin að gera efnisbreyt. á þessu, eins og áður hefur komið til orða, væri réttast að orða gr. svo ljóst, að enginn vafi gæti leikið á, að þessu er svo háttað. Ég vil segja hv. flm., að fyrir 12 árum var flutt frv. um skipulagsmál Reykjavíkur í þá átt, að samkv. því hefði Reykjavík fallið undan skipulagsn. og verið á eftir nokkurs konar „no man's land", svo að það hefði mátt byggja skýskafa úti á Austurvelli, án þess að skipulagsn. hefði nokkuð átt að geta um það sagt. Læt ég svo útrætt um það.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Hv. þm. S.-Þ. ruglar saman skipulagsmálum og byggingarmálum, sem er tvennt ólíkt. Þetta frv. á eingöngu við byggingarmál og er alls óskylt skipulagsmálunum. Þetta sýnist liggja í augum uppi og vera auðskilið hverjum manni. Ég get glatt hv. þm. á því, að ég geri ráð fyrir, að ég flytji aftur frv., sem ég flutti á síðasta þingi um skipulagsmál Reykjavíkur, annaðhvort óbreytt eða að einhverju leyti breytt, og getum við þá rætt um það nánar. Annars held ég, að það frv. geti átt betri viðtakna að vænta en hv. þm. gerir ráð fyrir, vegna þess að ég hef séð í síðustu blöðum Dags, sem hingað hafa borizt, að kvartað er undan afskiptum skipulagsn. af skipulagsmálum Akureyrar og bent á, að það sé óheppilegt, að landsn. hafi þau þannig í hendi sér eins og raun beri vitni. Sannleikurinn er sá, að ef skipulag í bæjum á að komast eitthvað áleiðis, þá verður að fá aðra löggjöf um það efni en gilt hefur hingað til, þó að ekki sé af annarri ástæðu en þeirri, að skipulagsn. hefur svo miklu að sinna varðandi landið allt, að hún hefur ekki tíma til að skipta sér af málefnum Reykjavíkur eins og nauðsyn ber til, enda er það svo, að ýmis deilumál verða að liggja ár eftir ár og fást ekki útkljáð, auk þess sem það er vafasamt, hvort n. er skipuð á þann heppilegasta hátt. Það er enginn vafi, að núverandi vitamálastjóri er prýðilegur maður, en það er vitanlega engin fyrirframtrygging fyrir því, að vitamálastjóri sé öðrum hæfari til að sitja í þessari n., þó að svo vel vilji til, að sá maður, sem nú skipar þá stöðu, sé prýðilegur í starfið. Sama má segja um vegamálastjóra, sem hefur mjög miklu starfi að gegna viðvíkjandi þjóðvegum úti um allt land, en það er alls ekki víst, að vegamálastjóri hafi ætíð þá kosti til að bera, sem nauðsynlegir eru í skipulagsn., þó að svo vel vilji til, að núverandi vegamálastjóri sé

mjög vel hæfur maður. Um húsameistara ríkisins má segja, að sjálfsagt sé, að hann sé í n. Þannig má margt um þetta segja og sýna fram á, að það er ekki eins víst og hv. þm. vill vera láta, að skipulagsn. hafi einveldi í þessum málum, og það er engin ástæða fyrir mig að hræðast umr. um þessi mál, fyrst hann vill draga þær hér inn í gersamlega að tilefnislausu.

Viðvíkjandi aths. hv. þm. Barð. þá er það svo, að það er engin nýlunda í l., að áfrýjun fresti ekki framkvæmd úrskurðar. Það fer allt eftir atvikum hverju sinni, hvaða ákvæði gilda um það. Margir úrskurðir verða að framkvæmast þegar í stað, svo að þeir verði ekki áhrifalausir, þó að þeim sé skotið til æðri dóms. Í langflestum tilfellum, sem hér er um að ræða, kemur enginn vafi til greina. Sé byrjað að byggja, án þess að leyfi sé fyrir hendi, þá er fráleitt, að menn megi halda áfram byggingunni, meðan málið er fyrir æðri dómstóli, því að þá gætu menn verið búnir að steypa upp margra hæða hús í millitíðinni. Það liggur í augum uppi, að ef um vafaatriði væri að ræða, sem er langsjaldnast, þá færi bæjarstjórn ekki að skipa fyrir um að rífa niður bygginga, áður en fullnaðardómur væri fallinn, þar sem hún ber ábyrgðina og er skaðabótaskyld, ef fullnaðardómur verður henni í óhag. Þá má einnig á það benda, sem fram er tekið í grg. frv., að þetta ákvæði er sett í samráði við sakadómarann hér í bænum, sem er allra manna kunnugastur slíkum hlutum. Auk þess hef ég átt viðtal um þetta við dómsmrh., sem ekki síður hefur þekkingu í þessum efnum, svo að ætla mætti, þegar við þrír, sem allir höfum nokkra fræðilega þekkingu í þessu, höfum fjallað um frv., að ekki ætti að vera um að ræða algert afbrigði frá því, sem tíðkast venjulega í löggjöf, enda er þetta í samræmi við ótal fyrirmæli önnur í íslenzkri löggjöf.

Jónas Jónsson: Það er aðeins stutt aths. — Það er einstaklega heppilegt, sem hv. flm. tók fram, hvað menn hafa valizt vel í skipulagsn., og þó að hann sæi ekki ástæðu til, að þeir sætu þar í embættisnafni, þá voru þetta svo prýðilegir menn, að hann var ánægður með þá engu að síður. Ég vil benda á þetta nú honum og öðrum til áminningar, þegar síðar kemur fram það góða frv., sem hann var að minnast á. Ég vonast eftir, að lagaðir verði þeir gallar, sem á frv. eru, og sé ekki ástæðu til að þreyta það mál lengur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég sé, að hv. flm. hefur misskilið aths. mína. Ég hef ekki ætlazt til, að leyft verði að halda áfram byggingu, heldur að frestað verði að rífa hana niður, þar til úrskurður er fallinn. Ég vænti, að með þeirri skýringu taki allshn. þetta til athugunar. Að vísu er það rétt, að það eru sum l., sem ákveða að láta úrskurði koma til framkvæmda strax, en þetta mál er ekki þess eðlis, að það sé nauðsynlegt.

Í 7. gr. er ákveðið, að það sé á valdi bæjarstj. að láta rífa niður byggingar, sem þegar eru reistar, en það er tekið fram, að ákvæði 6. gr. skuli einnig gilda um þær byggingar. Ég sé ekki, að það sé Rvíkurbæ til skaða, að ekki sé rifið niður, fyrr en úrskurður er fallinn.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég vil, af því að hv. þm. Barð. er svo þrálátur, benda á, að það kemur oft fyrir, að nauðsynlegt er að rífa niður byggingu þegar í stað, sbr. t. d. þegar byrjað er á að byggja í götu. Á slíkt hús að fá að standa, meðan málið er að þvælast fyrir dómstólunum? Í öðru lagi geta manneskjur, einkennilegar að heilsufari, byggt hús þar, sem bein lífshætta er á ferðum. Er rétt að láta slíka byggingu standa áfram? Ég vildi ekki taka ábyrgð á því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 22. sept., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 286, n. 334).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir eðli þess, auk þess sem frv. fylgir ýtarleg grg. Get ég látið nægja að vísa til þessa hvors tveggja nú.
Þar sem allshn. varð einhuga um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, læt ég máli mínu lokið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 27. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 286, n. 439).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Allshn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Ég vil um efni frv. vísa til grg., en að meginefni er það á þá leið að breyta nokkuð um skipun byggingarn. í Reykjavík, þannig að betur verði tryggð sérþekking í n., — í öðru lagi að veita heimild til þess, frekar en nú er, að rýma burtu ólöglegum byggingum í bænum.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um frv., n. mælir með því óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

---

58. *Bæjarstjórn í Ólafsfirði.*

Á 45. fundi í Ed., 19. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um bæjarstjórn í Ólafsfirði (þmfrv., A. 332).

Á 47. fundi í Ed., 21. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og grg. þessa **frv. ber með sér, er það flutt af alveg sérstakri** ástæðu nú. Eins og kunnugt er, neitaði sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu um ábyrgð sýslusjóðs þar á hafnaráni, sem Ólafsfjarðarhreppur hugðist að taka og gat fengið með ríkisábyrgð. En í hafnarl. fyrir Ólafsfjörð var þessi endurábyrgð Eyjafjarðarsýslu áskilin fyrir ríkissjóð. Það er ekki langt síðan ég færði rök að því hér í hv. d. í sambandi við annað mál, sem sé hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, að það er algert lífsskilyrði fyrir fjárhagsafkomu manna á þessum stað, að þar verði gerð fullkomnari hafnarmannvirki en þegar eru þar. En það er öllum mönnum ljóst, að það er ekki hægt að koma slíkum hafnarmannvirkjum upp nema með því móti að fá til þess lán. Og það lán getur ekki fengizt, a. m. k. tæplega, nema með því móti, að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir því. En nú er þetta skilyrði um ábyrgð sýslunnar til hindrunar því, að ríkið veiti sína ábyrgð. Og ég tel það vonlaust mál, að þessi ábyrgð sýslunnar fáist, a. m. k. að *óbreyttum öllum aðstæðum*. Mér sýnist því, að ekki séu nema tvær leiðir fyrir hendi, ef á að bjarga þessu máli við. Fyrri leiðin gæti verið sú að nema ákvæðið um endurábyrgð Eyjafjarðarsýslu úr hafnarl. og láta þar við sitja. Með því væri óneitanlega gefið fordæmi og ákaflega hætt við, að aðrir, sem hlut eiga að máli, myndu fara fram á, að sams konar ákvæði yrðu numin úr hafnarlögum.

Þegar við þm. Eyf. fréttum í fyrravetur um þessa neitun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, kynntum við okkur það báðir, hvort hægt mundi verða að fá fylgi Alþ. fyrir því að nema ákvæði þetta úr hafnarl. Og við komumst báðir að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki vera hægt, fordæmisins vegna. Hin leiðin er svo sú, að Ólafsfjarðarkaupstún fái bæjarréttindi, því að þegar þau væru fengin, mundi þykja sjálfsagt að fella ákvæðið um ábyrgð Eyjafjarðarsýslu niður. Ég get í því efni vitnað til hafnarl. fyrir Akranes. Í fyrstu var svo ákveðið í þeim l., að skilyrði fyrir ábyrgð ríkissjóðs til lántöku þar væri endurábyrgð Borgarfjarðarsýslu. En þegar Akranes varð sérstakur kaupstaður, var þetta ákvæði numið úr hafnarl. þar, ég held alveg mótatkvæðalaust. Náttúrlega *má segja sem svo*, að það sé ekkert öruggara fyrir ríkið að veita Ólafsfirði þessa ábyrgð, þó að kauptúnið verði að bæjarfélagi, heldur en nú, þegar það er aðeins hreppur, — og það er alveg rétt. Sú nauðsyn að fá bæjarréttindi viðurkennd stafar aðeins af þessari venju, sem hefur ríkt um þetta, og af fordæminu, sem það mundi gefa, ef ákvæði þetta yrði numið úr gildi, meðan Ólafsfjörður er partur af sýslu. En ég vil taka það fram, að ég lít svo á, að þó að þessi árekstur út af ábyrgð Eyjafjarðarsýslu *hefði ekki orðið, þá hefði samt sem* áður ekki liðið á löngu þar til Ólafsfjarðarkaupstún hefði beðið um bæjarréttindi, þó að það hefði sjálfsagt ekki orðið á þessu ári. Eins og ég býst við, að hv. dm. viti, er Ólafsfjarðarkauptún í hröðum vexti. Í grg. er getið um, að íbúatalan alls í hreppnum sé 900 manns, eða mjög svipuð og á Seyðisfirði, sem lengi hefur haft bæjarréttindi. Atvinnuhættir í Ólafsfirði eru mjög ólíkir því, sem er í meginhluta Eyjafjarðarsýslu. Samgöngur á milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar eru eingöngu á sjó og ekki miklar. Á landi hefur Ólafsfjörður aðallega samgöngur við Skagafjörð. Og þegar vegur kemur yfir Lágheiði, sem sjálfsagt verður innan skamms, má búast við, að samband Ólafsfirðinga verði miklu meira við Skagafjörð.

Af þessum ólíku atvinnuháttum í Ólafsfirði og Eyjafirði leiðir það, að Ólafsfirðingar eiga ekki alls kostar samleið með öðrum Eyfirðingum í ýmiss konar félagsmálum, þó að þar sé enginn metingur á milli. Það er því alveg víst, að í þessu efni hljóta leiðir að skiljast fyrr eða síðar. Þetta hafnarmál er að vísu orsök til þess, að þetta mál er borið fram nú. Það aðeins flýtir fyrir, en er alls ekki eina orsökin til þess, að fram á þetta er farið. Til þess að sannfærast um þetta þarf ekki annað en renna huganum víðar um landið og sjá, hver þróunin hefur orðið í stærri kauptúnum hér á landi. Það voru þeir tímar — og stóðu líklega um 100 ár —, að ekki var nema einn kaupstaður hér á landi, sem sé Reykjavík. Svo var farið að fjölga þeim. Sat þó enn við það um áratugi, að einn var kaupstaður í hverjum landsfjórðungi. En á síðari árum hafa stærri kauptúnin eitt af öðru fengið bæjarréttindi: Hafnarfjörður, Siglufjörður, Nes í Norðfirði, Akranes o. s. frv. Ég sé ekki heldur, hvað ætti að vera á móti að samþ. þetta frv. um einn kaupstað í viðbót. Á það má benda, að slíkt mun ekki hafa í för með sér nein teljandi útgjöld *fyrir ríkissjóð*. Fyrir *nokkrum árum* var skipaður lögreglustjóri í Ólafsfirði, og hann er launaður af ríkissjóði. Þetta embætti mundi leggjast niður, en í staðinn kæmi bæjarfógetaembætti. Yrði hann ef til vill launaður eitthvað lítið eitt hærra en lögreglustjóri. Og það er þá eini kostnaðurinn í launum, sem af þessu leiddi. Síðan þetta frv. varð kunnugt í þinginu, hefur einstaka mað-

ur látið í ljós við mig efa um það, að Ólafsfjörður sjálfur fái undir því risið að vera bæjarfélag. En ég sé ekki í fljótu bragði, hvaða baggar Ólafsfirðingum eru bundnir með þessu fram yfir það, sem nú er. Ég veit ekki betur en hreppurinn verði að standa straum af sínum málum, og þessi mál hreppsins eru mikið þau sömu og bæjanna. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir sérstökum bæjarstjóra, og mætti ætla, að hann yrði að hafa nokkur laun. Oddvitar hafa nú þegar nokkur laun í fjölmennum hreppum, sem hrepparnir borga sjálfir. Mér fyndist alveg sjálfsagt, a. m. k. fyrst um sinn, að bæjarfógetinn þarna yrði jafnframt bæjarstjóri, og vil ég skjóta því til n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, hvort ekki sé fært að setja ákvæði um það í frv. Ég sá mér það ekki við fljóta athugun fært, vegna ákvæða annarra l., en ég vildi mjög gjarnan, að n. athugaði þetta.

Eins og getið er í grg., er það eindregin ósk Ólafsfirðinga, að kauptúnið og þar með Ólafsfjarðarhreppur fái bæjarréttindi. En það er ekki einasta ósk Ólafsfirðinga, heldur má sjá það í fskj. með þessu frv., að fyrir liggur samþ. sýslun. í Eyjafjarðarsýslu, og er fyrir fram búið að koma sér saman um fjárskipti milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðarsýslu, ef til kemur. Svo að ef þessi skilnaður fæst, má segja, að það sé skilnaður í fullum friði og samþ. allra hlutaðeigenda. Ég vona því, að mál þetta fái góðar undirtektir, bæði hér í d. og þinginu yfirleitt. Legg ég til, að málinu verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Gísli Jónsson: Það er út af fyrir sig ekkert við að athuga, þó að hreppar í landinu óski að verða kaupstaðir í staðinn fyrir hluti af sýslu, sérstaklega þegar fullt samkomulag er um fjárskipti og annað. En hins vegar er leiðinlegt, að slíka ósk skuli bera þannig að eins og þetta mál, að hún er beinlínis — á þessu stigi málsins — borin fram til að komast undan ákvæðum l. um ábyrgð vegna hafnarmannvirkja. Um það ætla ég ekki að ræða frekar, en benda flm. á, að ég tel ekki alveg öruggt, að fullt samþ. fáist um það á eftir, að hafnarl. verði breytt eins og hann minntist á. Það er þegar ákveðið í hafnarl. almennt, að hver kaupstaður hafi aðeins ⅓ tillags frá ríkissjóði. Og það væri sannarlega bjarnargreiði við Ólafsfjörð, ef fjárframlag vegna þessara l., sem nú kynnu að verða samþ., yrði framvegis miðað við ⅓ í staðinn fyrir ⅖. Ég sé ekki yfirleitt, hvernig sjútvn. og Alþ. á að fara inn á þá braut að veita ⅖ til hafnarbóta, á meðan viðkomandi staður er hluti af sýslu, en strax og þeim þóknast að verða bæjarfélag, til þess að koma sér undan ákvæðum um ábyrgð, skuli þeir hafa frekari réttindi hvað ábyrgðir snertir og framlag til hafnarbóta en aðrir staðir. Það getur verið rétt, að þetta hafi verið gert við Akranes, — áður en ég kom á þing; en ég tel, að þegar beiðni kemur næst um hafnarbætur á Akranesi, eigi Alþ. að taka til íhugunar, hvort veita skuli þeim stað meira en ⅓, miðað við aðra kaupstaði landsins. Hitt hefði verið mögguleiki, að leysa þetta mál þannig, að í stað þess, að Ólafsfjörður fengi framlag til hafnarbóta, fengi hann framlag til lendingarbóta. Þetta hefur verið gert á ýmsum stöðum, m. a. Árskógssandi. En hvort þessi upphæð, sem Ólafsfjörður þarfnast, er miklu hærri en fordæmi eru fyrir á öðrum stöðum, skal ég ekki segja. En þá leysist málið þannig, að ekki þarf ábyrgð ríkissjóðs, en framlag ríkissjóðs hækkar úr ⅖ og í helming. Vil ég aðeins benda á þetta hv. flm. til athugunar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég sé ekki, að það sé neitt leiðinlegt, hvernig þetta mál hefur borið að. Sýslun. Eyjafjarðarsýslu hefur gert grein fyrir þessari neitun sinni, sem byggist ekki á neinn hátt á óvild 'til Ólafsfjarðar eða vantrausti, heldur á þeirri almennu skoðun sýslun., að ekki sé rétt að ganga í ábyrgð, sem ekki er hægt að standa við, ef til kæmi, og það telur hún Eyjafjarðarsýslu ekki geta í þessu tilfelli. Þessi neitun varð til þess að hrinda málinu af stað á þessum tíma. Annars er bæjarfógeti og sýslumaður Eyjafjarðarsýslu staddur í bænum, og ég tel víst, að hv. þm. Barð. eigi greiðan aðgang að því að tala við hann um þetta. En hann beitti sér aðallega fyrir þessari afstöðu sýslunefndarinnar. Það kann vel að vera rétt bending hv. þm. um það, að ekki sé öruggt, að hafnarl. verði breytt á þann eina hátt, að ákvæðið um ábyrgð sýslunnar verði numið úr gildi. En ég man ekki betur en svo væri um Akranes, og mætti það heita merkilegt, ef Ólafsfjörður ætti ekki að njóta sama réttar. En hvað sem um þetta er, er, eins og málið horfir nú, vissa um það, að Ólafsfirðingar kjósa það frekar, jafnvel þótt þeir fái verri kjör en upprunalega var ætlazt til, að koma hafnarmálinu þó áleiðis en að koma því ekki neitt, eins og aðstæður eru að óbreyttu. Ég hygg, að ekki komi til neinna mála, að nægt geti í Ólafsfirði að veita eitthvert fé til lendingarbóta, því að það eru stór mannvirki, sem fyrirhuguð eru í sambandi við höfnina. Annars vil ég enda með því að þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans. Því að þrátt fyrir þessar aths. lýsti ræða hans ekki öðru en velvilja til málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 388).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta, sem ég sagði um þetta mál við 1. umr., öðru en því, að allshn. d. hefur fallizt á þau rök, sem ég hef fært fram, og leggur því til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

En, eins og hv. þdm. hafa nú heyrt, þá hefur nú verið sent skeyti til Alþ. frá nokkrum íbúum Ólafsfjarðarhrepps, þar sem þeir óska eftir því, að Ólafsfjarðarhreppur verði áfram í Eyjafjarðarsýslu, en mæla aftur með því, að kauptúnið sé gert að bæjarfélagi, m. ö. o. að núverandi Ólafsfjarðarhreppi sé skipt. — Ég verð nú að segja það eins og það er, að mér kemur þetta skeyti ákaflega mikið á óvart. Því að eins og getið er um í grg. frv., þá hefur það verið tvívegis samþ. á almennum fundi í Ólafsfirði að óska eftir því, að Ólafsfjarðarhreppur fái bæjarréttindi. Og á öðrum þessum fundi var ég sjálfur staddur, það var

þingmálafundur í vor. Þar heyrðist engin einasta rödd á móti þessu máli, og ekkert mótatkvæði kom fram. Ég hygg þó, að þar hafi verið menn, sem nú skrifa undir þetta mótmælaskeyti.

Það er nú sjálfsagt að taka þetta skeyti til athugunar. Og það hefði mátt taka málið upp á þeim grundvelli frá upphafi, að Ólafsfjarðarkauptún yrði bær, en hreppurinn héldi sér að öðru leyti. Þannig hygg ég, að það hafi verið, þegar Neskaupstaður fékk bæjarréttindi. (**IngP**: Það var búið að skipta hreppnum áður.) Jæja, það er þó nokkuð svipað. Skiptin voru komin þar áður, en Neskaupstaður er samt sem áður hluti úr hreppi, sem áður var. Það er sjálfsagt að athuga þetta nýja viðhorf. Og ég mun fara fram á það við form. allshn., að málið verði tekið til athugunar á ný í n. út af þessu skeyti. En mér finnst engin ástæða til þess að stöðva 2. umr. út af þessu, og ég legg því til, fyrir hönd n., að frv. verði nú samþ. Það má þá taka það til nýrrar athugunar á milli umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér hefur alltaf skilizt, að aðalástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram á Alþ., sé í raun og veru þeir erfiðleikar, sem Ólafsfjörður á í út af hafnarmálum. Og sé það svo, þá er hér í raun og veru verið að fara í kringum hafnarl., eins og þau eru. Vildi ég því mælast til þess við hv. flm., hvort hann sæi sér ekki fært að láta fresta þessari umr. hér og reyna að taka málið upp á öðrum grundvelli, m. a. við sjútvn. þessarar d., hvort ekki væri hægt að leysa á einhvern viðunandi hátt þessi vandamál, sem hér steðja að. Það hafa komið fram ýmsar raddir, jafnvel frá öðrum sveitarfélögum, um það, að það sé nauðsyn á að breyta þessum ákvæðum almennt í hafnarl., að sýslur séu ekki gerðar ábyrgar eins og nú er. Auk þess er þess að gæta, að komin eru l. um hafnarbótasjóð og frv. um fjárveitingu úr þeim sjóði. — Hafnarl. eru nú þrískipt, og eru þau lendingarbótal., þar að auki hafnarl. fyrir sýslur og enn hafnarl. fyrir bæi, og öll gera þau ráð fyrir mismunandi fjárframlögum og mismunandi ábyrgðum. — Mér finnst réttast, að hafnarl. séu tekin til endurskoðunar og saminn sé hafnarlagabálkur, þar sem hægt væri að fullnægja þessum þörfum og kröfum Ólafsfjarðar. Það er m. a. ein leið í þessu, að þótt ekki sé þetta sett undir lendingarbætur, þá séu settar sömu skyldur hjá þeim, sem ekki þurfa ábyrgð sýslun., að þeim sé heimilt að leggja 6% hafnargjald á brúttóafla, sem landað er á slíkum stöðum. Það væri ákaflega mikil trygging fyrir ríkissjóð, ef í l. stæði, að það megi leggja allt að 6% á brúttóafla í staðinn fyrir 1 eða 2%, eins og er í hafnarl.

Eftir að hafa heyrt skeytið, sem lesið var hér upp frá Ólafsfirðingum, treysti ég mér ekki til að fylgja málinu að svo stöddu. Ég vil, að málið sé tekið aftur til athugunar, og ég vil, að samráð í því sé haft við sjútvn. d., til þess að vita, hvort ekki sé hægt að finna lausn á þessu vandamáli, sem reynt er hér að leysa, kannske með því að stofna til annars enn meira vandamáls.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er náttúrlega rétt, sem hv. þm. Barð. segir, eins og ég gerði grein fyrir hér við 1. umr. málsins, að aðalástæðan til þess, að þetta bæjarréttindamál er fram borið, er neitun sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um að ganga í ábyrgð fyrir hafnarláni. Þetta er aðalástæðan til þess, að þetta frv. er fram borið nú. En það er misskilningur, að það sé eina ástæðan til þess, að Ólafsfjarðarkauptún óskar eftir að fá bæjarréttindi, og gerði ég jafnframt grein fyrir því, að sú málaleitun mundi hafa komið mjög bráðlega, þó að enginn ágreiningur um þetta hafnarmál hefði verið fyrir hendi. Ég gerði grein fyrir því, að Ólafsfjörður hefur svo lítið samband við meginhéraðið í Eyjafirði, staðhættir eru svo ólíkir og annað slíkt, svo að þessi ósk hlýtur fram að koma. Þess vegna er langt frá því, að þetta sé eina ástæðan til þess, að frv. þetta er fram borið.

Það kann vel að vera rétt, að það sé ástæða til þess að taka það til nýrrar yfirvegunar um hafnarl. yfirleitt, hvort eigi að krefjast ábyrgðar sýslufélaganna. En þegar þetta kom fyrir í fyrravetur, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu synjaði um ábyrgðina, þá reyndum við þm. Eyf. báðir að rannsaka það, eftir því sem við gátum, hvort þingvilji gæti fengizt fyrir því að nema þetta ákvæði úr hafnarl., og við komumst að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki þýða neitt að fara fram á slíkt, það mundi ekki fá fylgi í þinginu.

Eins og ég sagði áðan, þá er alveg fyllsta ástæða til þess að taka þetta mál til nýrrar yfirvegunar vegna þessa skeytis, sem nú hefur komið fram frá nokkrum íbúum Ólafsfjarðarhrepps. En þetta er nú ekki síðasta umr. málsins hér í hv. d. Og ég vona nú, að hv. þm. Barð. geti sætzt á það að greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. Mér finnst það ekki annað en töf að fara að taka málið út af dagskrá nú, ef það skyldi eiga fram að ganga að lokum. Því að það eru tækifæri eftir til þess að taka nýja afstöðu til málsins, þó að það gangi til 3. umr. Ég hefði þegar í stað orðið við þessum óskum hv. þm. Barð., ef þetta hefði verið 3. umr. En mér er ómögulegt að sjá, að það sé mjög hættulegt, þó að frv. fái að ganga í gegnum þessa umr. En ef hv. þm. Barð. leggur mjög mikið kapp á þetta, vil ég ekki beinlínis standa á móti því, því að það gæti þá kannske orðið málinu að falli að sýna stífni í þessu atriði. En ég vil fara fram á það, að hann sætti sig við það, að sú nýja athugun, sem þarf fram að fara um málið, fari fram á milli umr. Og vitanlega tek ég með þökkum tilboði hans um það, að sjútvn. þessarar hv. d. taki þetta atriði til nýrrar yfirvegunar. En það finnst mér ekkert koma í bága við það, þó að málið fái nú að ganga áfram á þessu stigi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég geri það ekkert að kappsmáli, að málið sé tekið af dagskrá í dag, og get vel sætt mig við það, að málið sé athugað á milli umr., sérstaklega þegar vitað er, að málið á eftir að ganga til hv. Nd. En ef það er á bak við, sem mér heyrist á flm., að það séu aðrar ástæður, sem kannske vega eins mikið á vogarskálunum eins og sú ástæða, sem ég gat um áðan, um það, að Ólafsfjarðarkauptún fái bæjarréttindi, þá get ég vel búizt við því, að vilji sjútvn. sé ekki eins sterkur fyrir því að leysa málið, því að þá er það ekki nema hálf hjálp, ef svo kannske á að berja þetta mál fram á næsta þingi með andstöðu svo eða svo mikils hluta íbúanna. (**BSt**: Íbúarnir mæla með því, að þorpið verði bær.)

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Af því að það kom til orða við 2. umr. þessa máls, að allshn. tæki það til nýrrar athugunar á milli umr. út af því nýja viðhorfi, sem þá var talið, að skapazt hefði, vegna þess að nokkrir menn í Ólafsfirði höfðu sent skeyti til Alþ. og mótmælt því, að allur Ólafsfjarðarhreppur yrði gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi, þótt þeir hins vegar mæltu með því, að kauptúnið fengi bæjarréttindi, þá vil ég taka það fram, að n. hefur ekki síðan beinlínis haldið fund um þetta. En þetta nýja viðhorf í málinu, sem út leit fyrir, að hefði skapazt, virðist nú ekki hafa þýðingu lengur, og málið liggur í raun og veru fyrir nú eins og það var í fyrstu borið upp. Alþ. hefur borizt símskeyti 9. þessa mán., þar sem skýrt er frá því, að almennur borgarafundur í Ólafsfirði hafi samþ. í einu hljóði áskorun til Alþ. um að afgreiða sem l. frv. til l. um bæjarréttindi fyrir Ólafsfjörð og láta það ekki hafa áhrif á framgang málsins, að nokkrir menn hafa sent ósk um, að hreppnum verði skipt.

Og það skal tekið fram, að allmargir þessara manna, sem sendu Alþ. fyrra skeytið, voru staddir á þessum fundi, og þeir greiddu ekki þeirri till., sem þessi tilkynning fjallar um, mótatkvæði. — Auk þess hef ég persónulega fengið sannanir fyrir því, að mótmælaskeytið, ef kalla má það svo, var ekki sérlega alvarlega meint, a. m. k. ekki frá hendi allra þeirra, sem sendu það; og ég held, að hv. þd. geti haft góða samvizku fyrir því, þó að hún afgreiði þetta mál, þrátt fyrir það að þessi snurða hlypi á um daginn.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 462).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Þessu máli var vísað til allshn., sem hefur athugað það og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er sú, að Ólafsfjarðarhreppur hefur ákveðið að gera þar nokkur hafnarmannvirki eftir till. og teikningum vitamálastjórnarinnar. Það hafa síðan verið samþ. hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, og í þeim l. er heimilað að ábyrgjast fyrir hreppinn verulega upphæð, en svo var tilskilið í hafnarl., að til þessa þyrfti ábyrgð sýslunefndar. Þegar til kom, að fá átti ábyrgð sýslun., neitaði hún að samþ. þetta, og þess vegna gat Ólafsfjarðarhreppur ekki fengið ríkisábyrgðina, sem er nauðsynleg til þess, að hreppurinn gæti fengið lán. Í vor, á s. l. Alþ., stóð málið svo, að búið var að fá leyfi til kaupa á efni í Ameríku til hafnarmannvirkja í Ólafsfirði, og stóð þá ekki á öðru en því, að þessi ábyrgð fengist, til þess að vörurnar fengjust útfluttar. En þegar sýslun. hafði neitað um ábyrgð, stöðvaðist málið, og þá var það, sem Alþ. heimilaði ríkisstj. að kaupa þetta efni í Ameríku, flytja það inn og selja Ólafsfjarðarhreppi efnið. Ólafsfjarðarhreppur hefur útvegað sér lán til þess að kaupa efnið fyrir, en þetta er aðeins lítill hluti af því láni, sem hreppurinn þarf að fá til þess að reisa þetta mannvirki. Þess vegna er það, að hreppurinn er í vandræðum með að geta útvegað ríkisábyrgð, og er nú um tvær leiðir að velja til þess að koma þessu í sæmilegt horf. Önnur er sú að breyta hafnarl. og fella þetta skilyrði burtu, að ábyrgð sýslun. þurfi, til þess að ríkissjóður ábyrgist þetta lán; hin leiðin er að veita Ólafsfjarðarhreppi þessi réttindi. Eftir að þessar leiðir hafa verið athugaðar, sést, að á því eru miklir annmarkar að fá þessu breytt, því að eins og stendur er svo ákveðið í öðrum hafnarl., að bakábyrgð sýslun. þurfi gagnvart ríkissjóði fyrir lánum til slíkra hafnarmannvirkja. Ólafsfjarðarhreppur hefur leitað fyrir sér til sýslun. um fjárskipti við sýsluna, og eins og sést á þskj. 332, hefur orðið samkomulag milli sýslun. og Ólafsfjarðarhrepps um skipti á eignum og sjóðum sýslunnar.

Ef þetta frv. nær samþykkt, þarf að breyta hafnarl. og fella þetta ákvæði burt, en fyrir því er fordæmi, þar sem er Akranes. Þegar Akranes fékk bæjarréttindi, var fellt burt skilyrðið um ábyrgð Borgarfjarðarsýslu.

Það er lífsskilyrði fyrir Ólafsfirðinga að fá þessu mannvirki lokið; höfnin grynnist óðum, svo að einungis smæstu bátum er þar fært. Að dómi verkfræðinga verður á þessu ráðin bót með þessari aðgerð. Ég vænti þess, að hv. d. samþ. frv. eins og n. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

59. *Tjón af veru herliðs hér á landi.*

Á 51. fundi í Sþ., 4. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 16. des. 1943, um**

ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi (þm-frv., A. 383).

Á 60. og 61. fundi í Nd., 6. og 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Á þinginu 1943 flutti ég frv., sem hér er farið fram á, að gerðar verði breytingar á. Frv. þetta gekk út á það, að ríkissjóður skyldi bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, sem þeir hefðu beðið eða kynnu að bíða vegna aðgerða bandarískra hernaðaryfirvalda eða manna úr herliðum þeirra. Þetta frv. var samþ. á þinginu 1943 og varð þá að l. Ég tel, að frv. þetta hafi orðið að miklu gagni, ekki sízt vegna þess, að mér skilst, að reynslan hafi orðið sú, að það hafi verið hægt að semja við hernaðaryfirvöldin um næstum allar kröfur, sem á hendur þeim hafa verið gerðar, án þess að þær kæmu til úrskurðar annarra en þeirra, sem starfa í þessu sambandi. Mér er kunnugt um, að eftir að þessi l. voru samþ., samþ. bandarísku hernaðaryfirvöldin að taka upp samninga um kröfur, sem áður var búið að neita um að greiða, og veit ég ekki nema um 2 mál, sem komið hafa fyrir íslenzka dómstóla á móti ríkissjóði vegna bótakrafna á hendur hernaðaryfirvöldunum. Þegar frv. var upphaflega flutt, var eina mótbáran gegn því sú, að þetta kynni að hafa mikil fjárútlát í för með sér fyrir ríkissjóð, en það hefur ekki orðið sú reyndin á. Í frv. var upphaflega ekki gert ráð fyrir að takmarka bótakröfurnar við neina ákveðna upphæð, en til þess að fyrirbyggja, að hægt yrði að hafa skaðabótaskyldu ríkissjóðs of háa, varð samkomulag um að takmarka hana við 50 þús. kr., og féllst Alþ. á það. Nú er mér hins vegar kunnugt um, eins og segir í grg., að komið hefur í ljós, að það liggja fyrir skaðabótakröfur gegn hernaðaryfirvöldunum, sem ekki hafa fengizt samþ., og nema þær mun hærri upphæð en hámark skaðabótaskyldu ríkissjóðs er nú. Til þess að fá leiðréttingu á þessu í l. er hér farið fram á að miða hámarksupphæðina við 100 þús. kr. Ég held því, að þar sem reynslan hefur skorið úr um, að ríkissjóður hefur ekki þurft að greiða neinar bætur vegna bandarískra yfirvalda yfirleitt og þau verið fús til að samþ. kröfur á hendur þeim, þá ætti ekki að tefja þetta mál eða verða því að fjörtjóni, þótt hámark skaðabótaskyldu ríkissjóðs sé hækkað úr 50 þús. kr. upp í 100 þús. kr., auk þess sem gildi peninga er sízt meira nú heldur en þegar hið upprunalega frv. var flutt. Legg ég svo til, að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 383, n. 443).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Eina breyt. frá því, sem er í l., er sú, að ábyrgð ríkissjóðs hækki frá 50 í 100 þús. kr., og er frv. borið fram af sérstöku tilefni. Ég vil aðeins upplýsa, í viðbót við það, sem ég gat um við 1. umr., að það munu ekki vera nema 1—2 mál, sem fyrir dómstólana hafa komið til þess að gera gild þessi ákvæði, þannig að áætlað fé úr ríkissjóði er hverfandi lítið. Reynslan hefur sýnt, að eftir að þessi l. gengu í gildi, hefur herstjórnin verið fúsari til þess að binda endi á málin með samkomulagi. N. mælir því með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, FJ, GÞ, GSv, IngJ, JJós, JS, LJós, ÓTh, PZ, PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, SkG, ÞG.

BG, EmJ, HelgJ, StJSt, SvbH greiddu ekki atkv.

12 þm. (JörB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EystJ, GG, GTh, JakM, JPálm, PÞ, SEH, SÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 550).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með frv. þessu er farið fram á að hækka hámark það, sem ríkinu er gert að greiða í skaðabætur fyrir tjón, sem kann að hljótast af veru herliðs Bandaríkjanna, úr 50 þús. kr. upp í 100 þús. kr.

Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og hún vill mæla með, að þetta verði samþ. Ég skal játa, að n. hefur ekki haft neina aðstöðu til að gera sér grein fyrir, hve mikil útgjöld kynni að

leiða af þessu, en hún telur málið sanngjarnt og mælir þess vegna með því. Ég vil bæta við frá mínu eigin sjónarmiði, að í sjálfu sér er auðvitað sanngjarnt að hafa ekkert hámark, þegar allra aðstæðna er gætt, heldur greiði ríkið það tjón, sem af því hlýzt, en hámarkið er sett, vegna þess að hugsanlegt er, að svo stórkostlegt tjón ætti sér stað, að ríkinu væri alveg um megn að bæta það að fullu. En ég vil taka það fram, að mér er kunnugt um það, og það er sjálfsagt fleirum, að ýmsir gera ósanngjarnar kröfur í þessu efni, og mætti það fylgja samþykkt þessa máls hér í þ., að þar væri tekið fram, að ætlazt væri til, að gætt væri nægilegrar varasemi, þegar skaðabótakröfur eru úrskurðaðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

---

60. Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað.

Á 20. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 89).

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. — Ég þarf ekki að vera fjölorður um frv. þetta. Það mega allir sjá, að hér er farið fram á löggjafaratriði til samræmingar við hafnarl. annarra kaupstaða og ekkert annað.

Þarinig er ástatt um hafnarl. Akureyrar, að þau eru frá 1915 og hafa engar breyt. verið á þeim gerðar síðan, svo að þau eru því langt á eftir tímanum. Eins og sjá mátti á því frv., sem afgreitt var hér í hv. d. áðan um hafnarl. fyrir Siglufjörð, þá er hér farið fram á svipað og þar. Hér er farið fram á að bæta tveim greinum framan við gildandi hafnarl. Akureyrar.

Fyrst og fremst er lagt til, að í 1. gr. sé ákveðið eitthvert framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar á Akureyri, en það hefur ekkert verið, síðan l. voru sett. Samkv. þeirri gr. er ætlazt til þess, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar til hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar.

Í 2. gr. er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að þriggja millj. kr. lán, er hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kann að fá til hafnargerðar gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Þetta er ekkert nýmæli, því að hliðstæð ákvæði eru í öllum hafnarl. kaupstaða utan þessa eina, Akureyrar.

Í grg. hef ég tekið upp það, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþ., en frv. er flutt eftir áskorun bæjarstjórnarinnar. Hún hefur sem sé í huga að ráðast í mikilfengleg hafnarmannvirki handa bænum á næstunni og telur því mikla nauðsyn á því, sem hér er farið fram á, því að ella er allt í óvissu um, hvenær það skipulag, sem í öllum höfuðdráttum er nú búið að samþykkja, getur komið til framkvæmda. Dráttarbraut læt ég aftur á móti ósagt um, það bíður betri tíma.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta; vænti, að málið fái góðar undirtektir. Ég óska, að það fái að ganga til 2. umr. og síðan til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 72., 73. og 74. fundi í Nd., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 89, n. 487).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. Sjútvn. hefur haft það til meðferðar á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess með svolitlum breyt. tveim.

Það má heita nýmæli í frv., að þar er gert ráð fyrir hafnarbótum til að bæta aðstöðu til aðgerðar á skipum, og er þó hið sama raunar komið í hafnarl. fyrir Reykjavík. Vitamálastjóri telur sjálfsagt að taka þetta upp í hafnarl., þar sem ríkið styrkir slíkar framkvæmdir. Akureyri hefur verkfræðing fyrir bæjarstjóra, og hefur hann samið þær áætlanir, sem byggja skal eftir, en vitamálaskrifstofan kynnt sér þær og veitt þeim viðurkenningu sína. Meðmæli vitamálastjóra með frv. liggja því fyrir. Breyt. þær, sem rétt þykir að gera og fram eru bornar á þskj. 487, eru fyrst og fremst gerðar eftir tilmælum vitamálastjóra til samræmingar við önnur hafnarl.

Lagt er til, að skilyrði fyrir styrk og lánveitingu ríkisins sé, að yfirstjórn og reikningshald framkvæmdanna sé í höndum manns, sem atvmrn. samþykkir. — Í öðru lagi vill n., að það sé tekið fram í frv., að hafnarsjóður eigi það land, sem sjór fer yfir um stórstraumsflóð innan hafnar. Ég býst við, að um þetta verði ekki ágreiningur.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Að vísu hefur orðið nokkuð óvanalegur dráttur á afgreiðslu málsins, því að í febrúar síðastl. var það lagt fyrir þingið, en þakka vil ég sjútvn. og vitamálastjóra þá afgreiðslu, sem það hefur nú fengið, og fullan skilning þeirra á þörf lagabreyt. Vona ég, að málið fái að ganga örugglega gegnum Alþingi.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Þó að málið hafi tafizt, gerði sjútvn. það ekki að sjálfráðu. Það

var eigi fyrr en um miðjan okt., nokkru fyrir þinghléið, sem henni barst umsögn vitamálastjóra, en vitamálaskrifstofan þurfti mikinn tíma til að ganga úr skugga um ýmis efnisatriði áætlananna, sem samdar höfðu verið fyrir norðan.

ATKVGR.
Brtt. 487,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 487,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 514).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Benediktsson: Út af fyrir sig hef ég ekkert að athuga við frv. þetta, en það sýnist vera ástæða fyrir Alþ. að gera sér gleggri grein en gert hefur verið fyrir hafnarmálum og lendingarbóta. Í dag eru til umr. tvö mál varðandi hafnarbætur, og við athugun á stjórnartíðindum síðustu ára sést, að fjöldi þeirra l., sem snerta hafnarmál, er afar mikill.

Það væri mjög eðlilegt að setja samfellda löggjöf um þetta efni, eins og t. d. um brúa- og vegamál. Það verður ekki komizt hjá því að gera heildarlöggjöf fyrir landið allt í þessu efni. Með því yrði betur séð fyrir um hlutföll milli einstakra staða, meira samræmi um fjárveitingar til einstakra staða á landinu. Það verður alltaf óglöggt að gefa út sérstakan lagabálk fyrir hvern einstakan stað. Með heildarlöggjöf fyrir landið allt mundi vænlegra fyrir löggjafann að átta sig á þessum málum.

Ég vil ekki á nokkurn hátt vera meinsmaður þessa frv., en ég vil beina því til hv. n., hvort ekki væri hægt að snúa þessari löggjöf til samræmis nú eða síðar, gera hafnarl. fyrir landið í heild.

Gísli Jónsson: Sjútvn. hefur hreyft þessu máli nú á þessu þingi, en hefur ekki talið það hlutverk sitt að gera breyt. þær, sem um er að ræða. Það var gerð fyrirspurn til hæstv. fyrrv. atvmrh. um þetta efni, og upplýsti hann, að vitamálastjóri hefði l. til undirbúnings.

Nú hefur skipazt svo, að vitamálastjóri er orðinn hafnarmálaráðh. Hann er ekki staddur hér, en meðráðh. hans, sem hér er, hæstv. dómsmrh., vildi kannske koma boðum til hans um það, hvað þeim undirbúningi liði. En það ástand, sem nú er í þessu efni, er alveg óviðunandi og verður að lagfæra.

Ég er á móti brtt. í 2. gr. Sú breyt. var sett inn í hafnarl. fyrir Siglufjarðarkaupstað, en var felld. Pétur Magnússon átti þá sæti í n. og taldi þetta atriði stríða móti l. Ég geri ráð fyrir, ef ekki hefur breytzt hugarfar þeirra, sem nú eiga sæti í sjútvn., að þeir verði á móti þessari breyt., og verður þá a. m. k. þetta atriði strikað út úr frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 514, n. 578).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. af þm. Ak. samkv. beiðni bæjarstjórnar Akureyrar.

Í hafnarl. fyrir Akureyrarkaupstað eru eigi eins og í hafnarl. annarra kaupstaða nein ákvæði um framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar né heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán handa kaupstaðnum til hafnargerðar. Með framangreindum breyt. verður úr þessu bætt og fengið samræmi við hafnarl. þau, sem sett hafa verið á síðari árum. Það virðist því ekki nema eðlilegt, þegar Akureyri hefur hafið undirbúning að nýjum hafnarframkvæmdum, að farið sé fram á, að slík ákvæði nái til þeirra framkvæmda. Sjútvn. Nd. taldi sjálfsagt að taka slík ákvæði inn í hafnarl. fyrir Akureyri, og sjútvn. þessarar d. hefur einnig orðið sammála um, að sjálfsagt sé að gera það.

Hins vegar var í Nd. tekið upp í frv. af sjútvn. breyt. eftir tilmælum vitamálastjóra um það, að hafnarsjóður skyldi eiga allt land við höfnina, sem flyti yfir með stórstraumsflóði. Meiri hl. sjútvn. þessarar d. vildi ekki fallast á þetta ákvæði, með því að þá væri gengið á eignarrétt þeirra manna, sem lönd ættu að höfninni. Og Akureyri á ekki landið, þar sem hafnarframkvæmdirnar eiga að vera. Ég fyrir mitt leyti get samþ., að slík ákvæði væru sett inn í frv. Það væru aðeins ný ákvæði um skiptingu landamerkja milli sjávar og upplands. Aðalatriðið er, þegar bæjarfélög koma upp dýrum mannvirkjum, sem eiga að koma almenningi í bæjunum að gagni, að nokkuð sé gert til þess, að þau verði ekki dýrari en óhjákvæmilegt er. Þetta var einnig deiluatriði í fyrravetur við afgreiðslu hafnarl. fyrir Siglufjörð, og varð það þá að samkomulagi, að þetta atriði væri fellt úr frv. Og þar sem ég vil ekki stofna til deilna um hafnarl. fyrir Akureyri, hef ég fallizt á, að n. legði einróma til, að þetta ákvæði félli úr frv. Flytur hún því brtt. 578 um, að 2. gr. frv. falli niður, þar sem hún fjallar um þetta atriði.

Að öðru leyti var n. sammála um að fá frv. samþ., þar sem það felur ekki í sér annað en það, að Akureyrarkaupstaður njóti sömu réttinda um fjárframlög og ábyrgð ríkissjóðs til nýrra hafnarframkvæmda og aðrir kaupstaðir, sem hafa fengið samþ. hafnarl. á seinni árum.

Vona ég, að hv. d. geti samþ. frv. með þeirri breyt., sem sjútvn. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 578 (2. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 593).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

61. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd (þmfrv., A. 433).

Á 68. og 69. fundi í Nd., 20. og 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem ég leyfi mér að flytja á þskj. 433, fjallar um aukna fjárveitingu til hafnargerðar á Skagaströnd og að ríkisstj. sé veitt heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1800000 kr., er hafnarsjóður kann að fá til hafnargerðarinnar. Þetta frv. er flutt í samráði við fyrrv. vitamálastjóra, núv. hæstv. atvmrh., og eins og sjá má, hefur vitamálastjórnin látið gera kostnaðaráætlun um verk það, sem ætlunin er, að þarna verði unnið.

Það hefur verið svo, að á undanförnum árum, frá því að hafnarl. Skagastrandar voru samþ., hefur verið mjög mikil tregða á því, eins og víða annars staðar, að fá nægilegt fé til að ljúka þessu verki. Nú er það svo, eins og alkunnugt er, að á bilinu frá Siglufirði og a. m. k. til Sauðárkróks er engin höfn, sem er fullkomin stórskipahöfn, og það er álit allra þeirra, sem kunnugir eru, að það sé hin mesta nauðsyn að koma upp fullkominni stórskipahöfn á Skagaströnd, og liggja til þess margar orsakir, sem að nokkru leyti eru tilgreindar í grg. fyrir þessu frv. og að nokkru leyti hefur verið gerð grein fyrir áður hér á Alþ., bæði í sambandi við framlag til þessa verks og á annan hátt.

Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta mál. Vænti ég, að hv. d. taki þessu frv. vel, og legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 531).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Sjútvn. sendi þetta mál til vitamálastjóra og fékk meðmæli hans með, að frv. yrði samþ. óbreytt. Annað er í rauninni ekki um þetta að segja af hálfu n. Upphæðirnar eru að vísu nokkuð hækkaðar, en einungis í réttum hlutföllum og eftir því sem nauðsynlegt þótti.

Jón Pálmason: Ég vil leyfa mér að þakka sjútvn. fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Ég vil geta þess, að undirtektir vitamálastjóra ættu ekki að tefja framgang þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 606).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til athugunar og borið saman við gildandi hafnarl. fyrir Skagaströnd. Hér er um að ræða hækkun á fjárframlagi til hafnargerðarinnar.

Hv. flm. frv. í Nd., hv. þm. A.-Húnv., hafði farið fram á það við mig sem form. sjútvn. í Ed., að við í n. flyttum brtt. um skipun þeirra manna, sem með hafnarmál hafa að gera á þessari sérstöku höfn, en með því hefði verið farið inn á nokkuð nýja braut. Ákveðið var, að atvmrh. skyldi skipa formann hafnarsjóðsnefndar. Sjútvn. Ed. vildi ekki taka þetta til athugunar, því að frv. til

hafnarl. mun koma fram innan skamms, eftir því sem hæstv. hafnarmálaráðh. hefur upplýst. Sum atriði frv. eru ekki í samræmi við hafnarl. frá síðustu þingum, en þau eru ekki svo mikilsverð, að sjútvn. sjái ástæðu til að koma með brtt., og leggur n. því til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 433, og þarf það því ekki að fara aftur til Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 683).

---

62. Meðferð einkamála í héraði.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (þmfrv., A. 479).

Á 65. og 66. fundi í Ed., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Þetta litla frv. fjallar um að breyta nokkuð þeim skilyrðum, sem menn þurfa að fullnægja til, að þá megi skipa í fast dómarasæti, en skilyrði þessi standa í 32. gr. einkamálal. frá 1936. Eins og hv. þm. muna, var þessum lið breytt þannig í fyrra, að starfsmenn á skrifstofu Alþingis öðluðust sama rétt í þessu efni og þeir, sem öðrum tilteknum störfum gegna. Breyt. sú, sem nú er farið fram á, fer í þá átt, að þm. öðlist þennan rétt, en auðvitað er áskilið, að menn fullnægi öðrum skilyrðum, sem sett eru í 32. gr., og þá auðvitað fyrst og fremst því, að þeir hafi lögfræðipróf, en síðan er lagt til að bæta þessu við, að það nægi, að þeir hafi í þrjú ár samtals setið sem alþm. í þessari stofnun. Mér sýnist, að þetta sé sanngjarnt, vegna þess að úr því að menn, sem hafa það starf að greiða fyrir störfum alþingismanna, hafa þennan rétt, þá sé sjálfsagt, að alþingismenn hafi ekki síður þessi hlunnindi. Það er einnig vitað mál, að með þeirri löngu setu, sem Alþingi hefur haft að undanförnu, þá hafa menn, sérstaklega þeir, sem ekki eru komnir í fastar stöður, átt erfitt með að komast í slíkar stöður samfara því að vera bundnir hér og á það sérstaklega við þá, sem eru búsettir úti á landi. Er því mikill bagi fyrir unga lögfræðinga, sem kosnir eru á þing, ef þeir fyrir það raunverulega glata þeim rétti, sem þeir hefðu að sjálfsögðu öðlazt, ef þeir hefðu ekki tekið að sér þingmennsku. Þetta frv. er eingöngu flutt til að bæta úr þessu.
Ég vil mælast til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn., sem getur þá athugað það nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 542).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Allshn. hefur haft frv. þetta til meðferðar og leggur til, að það verði samþ.
Ég skal geta þess, að eftir að n. hafði haft málið til meðferðar, átti ég tal við tollstjóra, og mæltist hann til, að inn í frv. væri bætt: fulltrúar tollstjóra. Ég tók þessu líklega, en að athuguðu máli virðist mér þetta óþarft, því að í 32. gr. tölulið 7 þessara laga segir svo: „eða gegnt opinberu starfi, sem laga- eða hagfræðipróf þarf til.“ Í þessu virðist mér felast það, sem óskað er. Ef fulltrúar tollstjóra eru lögfræðingar, öðlast þeir þann rétt, sem um ræðir í 7. tölul. 32. gr. Ég tel því óþarft og mun ekki flytja brtt. eftir ósk tollstjóra, en lýsi yfir, að ég skil þetta á þennan hátt. Þessar athugasemdir vildi ég láta koma fram, þótt þær séu frá mér sjálfum, en n. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 655).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í l. frá 1936 um meðferð einkamála í héraði er sett skilyrði fyrir, að menn fái skipun sem dómarar,

að menn hafi starfað í þrjú ár í ýmsum þýðingarmiklum störfum, svo sem fulltrúar eða skrifstofustjórar í stjórnarráðinu eða lögreglustjórar, skrifstofustjórar og fulltrúar bæjarstjóra o. fl. Með þessu frv. er farið fram á að bæta hér við alþingismönnum, að þeir lögfræðingar, sem hafa setið á þingi í þrjú ár og öðlazt þar með reynslu við setningu og meðferð l., hafi þessi sömu réttindi. Frv. kom frá Ed. og var samþ. einróma þar. Allshn. þessarar d. mælir sömuleiðis með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

63. Háskóli Íslands.

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um háskóla Íslands (þmfrv., A. 308).

Á 52. fundi í Nd., 19. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Saga Háskóla Íslands er í raun og veru jafngömul hinu endurreista Alþingi Íslendinga. Á næsta ári eru liðin 100 ár, síðan Alþingi var endurreist, og um leið 100 ár, síðan Jón Sigurðsson gerði á Alþingi uppástungu um stofnun þjóðskóla á Íslandi, sem, eins og hann orðaði það: „veitt geti svo mikla menntun sérhverri stétt, sem nægi þörf þjóðarinnar." Þessum mikla og framsýna stjórnmálamanni var ljóst, að einn meginþáttur í viðreisn þjóðarinnar og eflingu allrar þjóðlegrar menningar væri að flytja æðstu fræðslu inn í landið sjálft. Uppástunga hans var á þá leið, að tekin væri upp fræðsla í heimspeki, lögfræði, læknisfræði, guðfræði og gagnfræði í íslenzkum þjóðskóla. Þessi till. náði ekki fram að ganga, en hún snerist upp í baráttu fyrir einstökum skólum til að mennta menn til ýmissa embætta í landinu. Á því þingi var gerð áskorun um stofnun prestaskóla, og var hann stofnaður 1847. Læknakennsla hófst svo 1862, en læknaskóli var stofnaður 1876. Baráttan fyrir lagaskóla tók enn lengri tíma. Áratug eftir áratug komu bænaskrár fram um stofnun lagaskóla. Málið var ýmist óútrætt eða fellt, en alloft kom fyrir, að það var samþykkt á Alþ., en synjað staðfestingar af konungi. Loks voru sett lög 1904 um, að lagaskóli skyldi stofnaður, og tók hann til starfa 1908.

En þótt baráttan snerist um áratugi um stofnun einstakra skóla í einstökum fræðum, þá leið ekki á löngu, áður en nýir menn tóku upp baráttu Jóns Sigurðssonar um háskóla eða þjóðskóla á Íslandi. Forgöngu í baráttunni um skólamálið, að Jóni Sigurðssyni liðnum, hafði Benedikt Sveinsson, sýslumaður. Hann flutti á Alþingi 1881 frv. um stofnun háskóla á Íslandi, og hélt hann ýtarlega framsöguræðu fyrir því máli og lauk henni með hinum þekktu orðum sínum: „Þetta mál verður ekki skorið niður, án þess að blóðdropar ættjarðarinnar fylgist með." Ár eftir ár og þing eftir þing var þetta annaðhvort fellt eða óútrætt eða samþykkt af Alþ., en synjað staðfestingar af konungi. Loks 1909, nokkrum árum eftir að við höfðum fengið innlenda ráðherrastjórn, kom fram á Alþ. frv. um stofnun háskóla, sem náði samþykki og staðfestingu konungs.

Háskóli var settur á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, 17. júní 1911. Hann var stofnaður með 4 deildum, þar sem sameinaðir voru hinir 3 embættisskólar, sem áður voru taldir upp, og bætt við 4. deildinni, heimspekideild. Síðan hefur háskólinn á ýmsa lund verið efldur og smábætt við fleiri og fleiri kennurum og kennslugreinum. 1935 voru sett lög um atvinnudeild eða rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna. Sú stofnun hefur starfað nærri áratug, en kennsla hefur enn ekki verið tekin upp í þeirri grein. Um haustið 1940 var tekin upp kennsla í verkfræði, eftir að lokazt höfðu leiðir íslenzkra námsmanna til að stunda verkfræðinám í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndum og Þýzkalandi, en þangað höfðu þeir einkum sótt áður. Ári síðar, 1941, var tekin upp kennsla í viðskiptafræði og tengd við lagadeild, sem nú var nefnd laga- og hagfræðideild. Síðustu árin hefur verið stóraukin kennsla í tungumálum, og fer fram allmikil fræðsla bæði í ensku, frönsku og þýzku og fleiri slíkum greinum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er flutt af menntmn., er einn þáttur í þessari þróun og eflingu háskólans. Sum þau atriði, sem frv. fjallar um, eru staðfesting á því ástandi, sem þegar er orðið, en önnur nýmæli. Eitt atriði er að lögfesta 2 dósentsembætti í viðskiptafræði. Sama ár og lögin voru sett um sameiningu viðskiptaháskólans við lagadeild, 1941, var 1 dósent skipaður til að hafa kennslu á hendi og ári síðar settur annar dósent til viðbótar. Þessir menn hafa því gegnt þessum embættum, annar 3 ár og hinn 2 ár. Hins vegar eru hvergi til lagaákvæði fyrir þessum störfum, og þykir sjálfsagt að lögfesta þau. Hins vegar hefur samþykkt þessa atriðis í frv. engin útgjöld í för með sér frá því, sem nú er.

Annað atriði í frv. er lögfesting verkfræðideildar. Eins og ég gat um, hófst kennsla haustið 1940 í verkfræði. Var þetta hugsað sem undirbúningskennsla, að ljúka fyrri hluta prófi hér, en komast svo til útlanda til framhaldsnáms. Var þá gert ráð fyrir, að styrjöldin stæði tæplega svo lengi, að þeir menn þyrftu að halda lengra hér en til fyrri hluta prófs. Þessi kennsla hefur borið ágætan árangur, og með þessari reynslu þykir mönnum

sýnt, að ekki beri að láta hér staðar numið, heldur stofna til framhaldsnáms, þannig að háskólinn geti útskrifað fullnuma verkfræðinga. Það var fyrir rúmu ári sett n. verkfræðinga til að gera tillögur um þetta mál, og meiri hluti þeirrar n. lagði eindregið til, að þeirri kennslu, sem þegar er hafin, yrði haldið áfram og við hana bætt framhaldskennslu. Álit þessa meiri hluta verkfræðinganefndarinnar er prentað með frv., og vil ég vísa til þess og ekki bæta mörgum orðum við það. Hins vegar töldu 2 verkfræðingar í þessari n. ekki tímabært að efna til framhaldskennslu á þessu stigi málsins, og álit þeirra er einnig prentað með frv. Um nauðsyn þess og kosti að stofna verkfræðideild og koma á fullkomnu námi vil ég aðeins segja það, að í fyrsta lagi fæst með stofnun verkfræðideildar innlend miðstöð í mörgum tekniskum fræðigreinum, en það hefur víðtæk og örvandi áhrif á verkfræðilegar framkvæmdir í landinu. Í öðru lagi má þetta teljast menningarlegt sjálfstæðismál. Í þriðja lagi mundi verulegur erlendur gjaldeyrir sparast. Á undanförnum árum hafa ekki fáir námsmenn stundað verkfræðinám við erlenda háskóla og sjálfsagt eytt töluverðum erlendum gjaldeyri. Nú má loks benda á, að námsmönnum sjálfum er vitanlega miklu auðveldara að kljúfa námskostnaðinn hér en stunda nám erlendis í 5 til 6 ár. Um tilhögun eða ástand þessarar deildar vil ég aðeins taka fram, að það er gert ráð fyrir, að til fyrri hluta prófs þurfi minnst 2 ára nám og til framhaldsnáms minnst 2½ ár. Lágmarkstími til fullnaðarprófs er því 4½ ár.

Í deildinni hafa 8 manns lokið fyrri hluta prófi. Einn þeirra mun vera á förum til Ameríku til framhaldsnáms í skipaverkfræði, og má taka fram hér, að það mun valda nokkrum örðugleikum við að gefa honum nægileg vottorð, svo að erlendir háskólar taki próf hans til greina, að ekki er búið að lögfesta deildina. Hins vegar hefur það skýrt komið fram, að erlendir háskólar, sem náðst hefur samband við, eru fúsir til þess og telja sjálfsagt að taka þessi fyrri hluta próf fullgild. Í deildinni munu nú vera um 22 stúdentar. Viðvíkjandi kostnaðarhlið þessa máls vil ég einnig vísa til greinargerðarinnar. Það er skýrt, að lögfesting þessarar deildar með 3 föstum kennurum þarf ekki að hafa nema tiltölulega lítinn aukakostnað í för með sér frá því, sem nú er.

Það er nú hálf öld, síðan fyrsti íslenzki verkfræðingurinn útskrifaðist. Á þessu tímabili hafa íslenzkir verkfræðingar orðið allmargir, en þó er enn mikill hörgull á íslenzkum verkfræðingum.

Mér er tjáð af fróðustu mönnum, að nú þegar mundi vera fullkomið verkefni fyrir 20 nýja verkfræðinga, bæði hjá stofnunum ríkisins, t. d. vegamálaskrifstofu og vitamálaskrifstofu, hjá ýmsum kaupstöðum, bæði Reykjavík, sem vantar nokkra verkfræðinga, og öðrum kaupstöðum úti um land. Það er því augljóst, að hér er um fullkomna þörf að ræða að stofna til fullkominnar verklegrar kennslu til fullnaðarprófs.

Þriðja atriðið, sem þetta frv. fer fram á, er, að stofnuð verði tvö ný dósentsembætti í íslenzkum fræðum. Um þetta vil ég einnig vísa til bréfs frá kennurum heimspekideildar háskólans í íslenzkum fræðum, sem er prentað með sem 1. fskj. Þegar háskólinn var stofnaður, voru stofnuð tvö kennaraembætti í íslenzkum fræðum, annað í sagnfræði, en hitt í bókmenntum og málfræði. Nokkru síðar var stofnað til þriðja embættisins, og skyldi sá kennari hafa málfræðikennslu. Fyrir tveimur árum var bætt við öðrum kennara í málfræði, íslenzku nútímamáli. Og nú er það till. heimspekideildar, sem menntmn. þessarar hv. d. hefur fallizt á, að bætt verði við kennara í bókmenntum og öðrum í sagnfræði.

Ekki þarf um það að deila, að grundvöllur okkar sjálfstæðis og tilveruréttur sem sjálfstæðrar þjóðar er fyrst og fremst okkar þjóðerni, okkar þjóðlegu verðmæti, sérstaklega saga og tunga, með öðrum orðum íslenzk menning. Því aðeins, að við höfum íslenzka menningu og íslenzkt þjóðerni í heiðri, getum við vænzt þess að verða virtir sem sjálfstæð þjóð, að eiga rétt sem sjálfstæð þjóð. Þess vegna ber ekki sízt á þessu ári, þegar við höfum að lokum tekið öll vor mál í eigin hendur, að kosta kapps um að efla sem mest hina íslenzku menningu og þjóðleg fræði. Og þessi aukna kennsla í íslenzkum fræðum í háskólanum stefnir í þá átt. Með þeim hætti er meiri von til þess, að fljótar gangi rannsókn á mörgum sviðum íslenzkra fræða, sem enn eru með öllu ónumin eða lítt numin. Aukin kennsla í þessum fræðum og aukin rannsókn með meiri kennslukröftum mundi einkum gera það tvímælalausara en verið hefur, að hér við íslenzka háskólann væri og ætti að vera höfuðstöð íslenzkra fræða. Þetta á að vera — eins og heimspekideildin tekur réttilega fram í sínu bréfi — ein þungvægasta röksemdin fyrir því, að Íslendingar endurheimti handrit þau, sem eru erlendis, en eru hvergi betur komin en hér heima, og því betur sem betur er unnið að vísindalegum rannsóknum á þessu sviði við háskólann. Ég vænti því þess, að hv. d. geti fallizt á þær till., sem hér eru gerðar. Það má vitaskuld vera, að upp komi í hugum einstakra þm. þær sömu mótbárur, sem jafnan hafa upp komið gegn því, að tekin verði upp kennsla í vísindagreinum hér á landi. Eru aðallega tvær mótbárur, sem gengið hafa gegnum þingsöguna meðal þeirra, sem voru á móti stofnun háskóla, lagaskóla, læknaskóla o. s. frv. Önnur er kostnaðarhliðin, að við höfum ekki efni á þessu. Hin er sú, að við Íslendingar séum ekki færir um það til jafns við aðrar þjóðir að annast kennslu þessara vísinda- og fræðigreina. Um fyrra atriðið vil ég segja, að jafnvel þótt væri um talsverðan kostnaðarauka að ræða, þá er þetta hins vegar svo stórfellt menningar- og sjálfstæðismál, að kostnaðurinn má ekki vera aðalatriðið. En auk þessa er á það að benda, að stórkostleg fjárfúlga sparast við það að flytja kennslu í þessum greinum, eins og verkfræði, inn í landið sjálft. Það er veruleg fjárhæð í erlendum gjaldeyri, sem undanfarna áratugi hefur gengið til að mennta menn erlendis í þessari grein. Um hitt atriðið, að Íslendingar séu ekki færir til jafns við útlenda menn að annast þessa kennslu, þá er þessi mótbára fyrst og fremst leifar af vantrausti Íslendinga á sjálfum sér, sem reynsla síðustu ára og áratuga hefur þó greinilega hrakið. Það hefur komið í ljós, að hvarvetna, þar sem Íslendingar hafa fengið að njóta þeirrar æðstu menntunar, hafa þeir staðið fullkomlega til jafns við erlenda menn. Og ég held, að saga okkar Íslendinga einmitt í verkfræðilegum efnum sýni það, að íslenzkir verkfræðingar standa fullkomlega til jafns við erlenda. Við höfum fengið á undan-

förnum áratugum nokkra erlenda verkfræðinga til að standa fyrir ýmsum mannvirkjum. Ég held óhætt sé að fullyrða, að þau hafi ekki verið betur af hendi leyst en þau mannvirki, sem Íslendingar hafa sjálfir staðið fyrir.

Hlutverk háskólans má segja, að sé fyrst og fremst að mennta unga menn til þess að taka við störfum í þágu þjóðarinnar, hvern á sínu sviði. Í öðru lagi á háskólinn að vera vísindastofnun. En þriðja hlutverkið og það, sem er ekki hvað minnst virði, er að hann á að vera miðstöð og höfuðstöð íslenzkra og norrænna fræða. Með þessu frv. er stefnt í þá átt. Vænti ég, að hv. d. geti fallizt á, að með þeim þremur atriðum, sem hér er farið fram á, sé stefnt í rétta átt. Við höfum nýlega öðlazt okkar fullkomna stjórnarfarslega sjálfstæði. Á undanförnum árum höfum við á marga lund lagt grundvöll að fjárhagslegu sjálfstæði. En hið menningarlega sjálfstæði er ekki minnst virði, og sú sjálfstæðisbarátta er ævarandi. Háskólinn á að vera eitt af táknum fullveldis okkar. Og með eflingu hans er einmitt verið að treysta stoðirnar undir fullveldi Íslendinga í framtíðinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. sept., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 55., 60., 61., 62. og 63. fundi í Nd., 25. sept., 6., 9., 10. og 11. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 308, 399, 407).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Menntmn. flytur till. á þskj. 399, sem er á þá leið, að ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taki ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkv. þessari grein. Í lögum þessum frá 1930 er kveðið svo á, að dósentar, sem starfað hafa í 6 ár, verði af sjálfu sér prófessorar. Í bréfi því, sem heimspekideild háskólans skrifaði nefndinni, var mælzt til þess, að tvö ný dósentsembætti yrðu stofnuð við heimspekideildina, en ekki talin þörf á, að þessar lagareglur taki til þeirra. Þegar frv. var samþ. í upphafi, hafði láðst að taka þetta fram í samræmi við vilja heimspekideildar, og er bréf þetta nokkurs konar leiðrétting á þessu. Hefur það í för með sér, að þarna verður nokkur sparnaður á, því að dósentslaun eru heldur lægri en laun prófessora. Aðalefnið er, að dósentarnir tveir, sem við á að bæta, verða ekki af sjálfu sér prófessorar eftir 6 ár samkv. þessum lögum, og vænti ég, að ekki verði ágreiningur um þetta atriði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að stofnuð verði nokkur ný embætti við Háskóla Íslands. Þó skilst mér, að þeir kennarar, sem ráðgert er að ákveða með lögum, að starfi við skólann eftirleiðis, séu nú þegar orðnir kennarar við háskólann, en bara án þess að nokkur lagafyrirmæli séu um störf þeirra.

Ég leyfi mér að flytja hér brtt. við frv., á þskj. 407, þess efnis, að í stað þess, að því verði nú þegar slegið föstu, að þessi embætti skuli stofnuð, verði þessir kennarar ráðnir til bráðabirgða til 15. júní 1946, en tímamark þetta er sett af því, að þá eru lok skólaárs. Fleiri en ein ástæða eru til þess, að ég tel það ekki vera heppilegt að ákveða nú, að þessi embætti skuli stofnuð til frambúðar, þó að vel mætti svo fara, að það álitist réttmætt síðar. Vil ég þá fyrst nefna það, að nú er starfandi mþn. í skólamálum. Hér á hæstv. Alþ. var samþ. þál. um skipun mþn. í skólamálum 16. júní 1941, og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd skólafróðra manna, til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli."

Þessi n. hefur enn ekki lokið störfum, og er einn af prófessorum háskólans í þessari milliþinganefnd. Þó að ekki kæmi fleira til, fyndist mér það ærin ástæða til að fresta því nokkuð að taka endanlega ákvörðun um þessi embætti, að þessi n. hefur ekki enn lokið störfum. En fleira mætti vitanlega nefna, t. d. það, að búast má við, að viðhorf manna í þessum efnum breytist, þegar stríðinu lýkur. Það hafa verið meiri örðugleikar en áður fyrir íslenzka stúdenta að stunda nám erlendis, og væntum við, að það breytist áður en langt um líður. Ég vænti, að hv. d. geri sér ljóst, að ef brtt. mín verður samþ., hefur hún enga aðra röskun í för með sér á frv. en þá, að þessir kennarar verða ráðnir fyrst um sinn til 15. júní 1946 og fyrir þann tíma yrði að sjálfsögðu tekin ákvörðun um, hvernig á að hafa þetta í framtíðinni.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Menntmn. hefur ekki tekið afstöðu til þessarar brtt. hv. þm. V.-Húnv., hefur ekki haldið fund um það atriði, síðan hún kom fram. Ég tel þó víst, að n. muni leggja gegn henni, en það, sem ég segi hér um þetta mál, er aðeins mín persónulega skoðun.

Þessi brtt. fer fram á, að í stað þess að lögfesta tvö embætti í viðskiptafræði, sem nú eru, bæta við tveimur dósentum í heimspekideild og lögfesta verkfræðideildina þá verði ríkisstjórninni veitt heimild til að ráða fasta kennara við háskólann núna fram til 15. júní 1946, tvo kennara í viðskiptafræði, tvo kennara í bókmenntum og sögu og þrjá kennara í verkfræði. Að því er snertir fyrsta atriðið, viðskiptafræðina, þá er það um hana að segja, að 1941 var skipaður í henni dósent af þáverandi kennslumálaráðherra, Hermanni Jónassyni, og annar 1942 af þáverandi kennslumálaráðherra, Magnúsi Jónssyni. Viðskiptadeildin er lögfest fyrir þremur árum, og er vitanlega fjarstæða að ætlast til, að hún starfi áfram sameinuð lagadeild háskólans, án þess að ráðnir séu nokkrir fastir kennarar til frambúðar. Það er búið að lög-

festa deildina, og það að ætla sér að veita heimild til að ráða kennara til skamms tíma er vitanlega hrein fjarstæða.

Að því er snertir kennslu í bókmenntum og sögu hefur verið sýnt fram á með ljósum rökum í bréfi heimspekideildar til Alþingis, að fullkomin nauðsyn er á að auka kennslu í þessari grein, og hef ég ekki orðið annars var en að allur þorri manna á Alþ. sé sammála um, að það beri að efla fræðslu í þessari grein, svo að háskólinn geti að því leyti orðið miðstöð, einnig miðað við önnur lönd. Væri miklu hreinlegra af hv. flm., ef þeir telja ekki þörf á þessu, að fella till. hreinlega en að ráða kennara til eins eða tveggja ára, sem nær engri átt. Menn verða að gera upp við sig á þessu stigi málsins, hvort menn vilja auka kennslu í íslenzkum fræðum eða ekki. Ef menn álíta það nauðsynlegt, greiða þeir atkv. með þessu ákvæði frv., annars á móti því. Að veita heimild til að ráða kennara til skamms tíma nær vitanlega engri átt.

Um verkfræðideildina er óþarft að fara mörgum orðum, og skýrði ég það við 1. umr. Ég býst við, að það geti orkað nokkuð tvímælis, hvort efla beri verkfræðikennslu til frambúðar, en flestir munu vera sammála um, að æskilegt sé að lögfesta fyrri hluta kennslu til fyrri hluta prófs, þannig að próf við þá deild hljóti viðurkenningu annarra þjóða, en þetta mundi verða til þess að minnka mjög námskostnað stúdenta erlendis. Þeir kennarar í verkfræði, sem hér eru, eru það minnsta, sem hægt er að fara fram á, svo að þessum hluta verkfræðikennslunnar sé fullnægt.

Ég vil ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins taka fram, að þetta frv. er flutt einhuga af menntmn., og var um það enginn ágreiningur í nefndinni. Það er flutt að mjög athuguðu ráði, og vil ég mæla með afgreiðslu þess eins og það liggur fyrir með þeim brtt., sem menntmn. sjálf flytur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get því miður ekki skilið öll þessi andmæli hv. þm. Snæf. Hann talar t. d. um það, að því er snertir viðskiptadeild háskólans, að það sé fjarstæða að lögfesta þá deild, án þess að ráða fasta kennara til frambúðar. Er þetta ekki það, sem gert hefur verið? Mér skilst, að viðskiptadeild hafi starfað undanfarið, án þess að kennarar hafi verið ráðnir til frambúðar. Um það vitnar frv. hv. flm. sjálfs, því að ef þeir hefðu verið ráðnir til frambúðar, væri óþarft að flytja frv. um, að þessi embætti skyldu stofnuð. Ég fæ ekki séð, og það kom ekki fram í ræðu hv. þm. Snæf., nein rök fyrir því, að ekki væri eins hægt að hafa þessa kennara ráðna til bráðabirgða, til 15. júní 1946, eins og þeir hafa verið ráðnir að háskólanum að undanförnu, án þess að um ráðningu þeirra væru nokkur lög gildandi.

Ekki minntist þm. heldur neitt á mþn. í skólamálum, þótt þar eigi sæti einn af prófessorum háskólans og málefni háskólans séu vitanlega á hennar verksviði ekki síður en önnur skólamál. Mér finnst það ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda að fresta að ákveða þetta endanlega þangað til n. getur skilað áliti um málið. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. noti sér þá heimild, sem henni yrði veitt samkv. till. minni til að hafa þessa kennara starfandi við háskólann fyrst um sinn, eða til 15. júní 1946. Þm. óskaði, að þingmenn greiddu heldur atkv. gegn frv. en með brtt. minni og frv. síðan svo breyttu. Það finnst mér kynlegt, því að betra er, að þetta sé lögfest til ákveðins tíma, tveggja ára, heldur en núverandi ástand haldist.

Sveinbjörn Högnason: Hv. frsm. (GTh) óskaði, að það kæmi beint fram, ef einhver væri móti frv. Ég tel, eins og sakir standa og eins og öll afstaða Alþingis er nú í fjármálum, að ekki sé fært að lögfesta sjö ný embætti, þótt sum séu til bráðabirgða. Ég er því á móti frv., eins og það er borið fram. Í öðru lagi er ófært að ganga nú frá framtíðarfyrirkomulagi í málinu, þegar það er vitað, að starfandi n. í skólamálum hefur enn ekkert látið í ljós um fyrirkomulag á málum háskólans.

Ég veit ekki betur en fjárhagsástandið sé nú þannig, að útgjöldin séu orðin tugum milljóna meiri en tekjurnar og upplýst er, að ⅘ allra útgjaldanna eru lögákveðin gjöld, þar af 30—40 millj. launagreiðslur til fastlaunamanna. Ég hef ekki séð neinar till. frá þeim þm., sem mæla fyrir frv., í þá átt að afla nýrra tekna. Ég sé, að um leið og þetta mál er tekið til umr., kemur frv. frá ríkisstj. um að bæta við áttunda háskólakennaranum, frv. á þskj. 423. Ég fyrir mitt leyti vil fyrst sjá til þess, hvernig reiðir af fjárhagsmálum ríkisins á næsta ári, og hvaða vilji er til þess að afla nauðsynlegra tekna. Mér þætti rétt að heyra frá fjvn., hvað henni finnst um að stofna nú 7 embætti á þennan hátt, alveg skipulagslaust, og fá þann kostnað ofan á fjárl., sem fyrir liggja.

Ég get fallizt á það, til bráðabirgða, að samþ. brtt. hv. þm. V.-Húnv. En ef hún verður felld, er ég móti frv. að svo komnu máli.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Út af orðum, sem féllu hjá hv. þm. V.-Húnv. (SkG) og hv. þm. V.-Sk. (SvbH) um starf mþn. í skólamálum í þá átt, að rétt væri að láta þetta mál bíða, unz álit hennar lægi fyrir og séð væri fyrir enda á hennar starfi, vil ég taka þetta fram:

Þessari n. hefur verið falið mjög yfirgripsmikið starf. Hún hefur eðlilega byrjað á því að gera till. um grundvöll almennrar fræðslu, um barnaskóla í landinu, gagnfræðaskóla, héraðsskóla og loks menntaskóla, en þar á eftir kemur að sérskólum. Og um það er ég sammála hv. þm. V.-Húnv., að mál háskólans séu einnig á sviði mþn. Um barnaskóla og skóla, sem almenna fræðslu veita, hefur n. þegar lokið störfum og skilað áliti til ríkisstj. Bíður það nú prentunar í prentsmiðju. Vonazt er til, að Alþ. taki afstöðu til tillagna hennar á þessum vetri. En meðan ekki er séð, hvort Alþ. fellst á meginatriði þeirra tillagna, og um það ætti brátt að fást nokkur reynsla, á meðan treystist mþn. ekki til að semja framhaldstillögur, þar sem hin æðri sérmenntun yrði byggð á hinni almennu menntun. Þetta er þó alls engin ástæða til að fresta endanlegri afgreiðslu þessa máls á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Ég þykist mega fullyrða, að mþn. í skólamálum muni fallast á þetta frv., þótt ég geti ekki lýst yfir því fyrir hennar hönd. Það væri ekkert móti því að spyrja n. Á málið hefur þar verið minnzt, en engin ályktun gerð. Menn mega ekki heldur gleyma því, að háskólinn á að njóta nokkurs sjálfstæðis í þjóðfélaginu. Ég hygg, að hvorki mþn. í skólamálum

né nokkur aðili annar vildi reyna að knýja fram breyt. þar gegn tillögum háskólaráðs. Frv. þetta er komið hér fram að tilhlutun háskólaráðs og flutt af óskiptri menntmn. að þess vilja.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. V.-Sk., að fjárhagsútlitið sé svo iskyggilegt, að ekki megi samþ. frv., vil ég segja, að þetta er léttvæg röksemd, fyrst þm. fellst á brtt. hv. þm. V.-Húnv., þar sem gert er ráð fyrir að launa næstu tvö ár jafnmarga kennara og frv. til tekur. En þar sem nú virðist einkum hitt vaka fyrir þm., að spara á næstu fjárl., virðist hann kominn í mótsögn við sjálfan sig. Það er aftur á móti ástæða, sem lítandi er á, hjá hv. þm. V.-Húnv., að málið þurfi að rannsaka betur. Umsögn mþn. í skólamálum ætti að geta fengizt mjög bráðlega.

Skúli Guðmundsson: Hv. 8. þm. Reykv. segir mig hafa viljað fresta frv., þangað til álit mþn. í skólamálum lægi fyrir, en það mun vera misskilningur hjá hv. þm., því að ég lagði til, að frv. yrði samþ. nú með breytingu.

Sveinbjörn Högnason: Það er mesti misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykv. (SigfS), að sömu útgjöld fylgi því fyrir ríkið, hvort sem samþ. er brtt. frá þm. V.-Húnv. eða frv. óbreytt. Ég skil ekki, að nokkur aukakennari sé ráðinn með sömu launum og prófessorar, sem þegar komast í hæsta launaflokk. En mestu skiptir, að þetta sé ekki bundið fyrir framtíðina. Mig furðar á, að maður í mþn. í skólamálum lýsir yfir því, að þetta frv. komi eiginlega n. ekki við, og þar á ofan, að hann viti, að hún sé frv. samþykk, þótt hann geti ekkert um það sagt fyrir hennar hönd, einn nm. af sjö.

Fyrir tveim árum flutti ég þáltill. um undirbúning að stofnun menntaskóla í sveit. Þá vissi ég ekki betur en frá mþn. í skólamálum kæmu mjög eindregin mótmæli, því að n. firrtist við, að þetta skyldi ekki fyrst vera borið undir sig. Það mátti ekki einu sinni fara fram á rannsókn málsins. Ég þori að fullyrða, að ekki hefði framkvæmd þeirrar till. kostað meira en þetta, sem hér er lagt til að órannsökuðu máli. Ef mþn. telur þetta mál koma sér lítt eða ekki við, sé ég ekki, hvaða rétt hún hefur til að sletta sér fram í afgreiðslu annarra mála eins og stofnunar menntaskóla í sveit, þó að hún hafi hindrað það mál og fjöldi unglinga líði við það og bíði eftir lausn þess, hafi beðið eitt ár nú þegar og verði víst að bíða annað árið til. Það eru bara þeir, sem þau forréttindi hafa að geta komizt í skóla, sem eiga að fá aukin fríðindi, en hinir, sem alls engin tækifæri hafa til að njóta þeirra fríðinda, þeir mega óhætt bíða. Ég vil víta aðferð mþn. í því máli.

Eysteinn Jónsson: Ef ég skil þetta frv. rétt, fjallar það í fyrsta lagi um að sameina lagadeild og viðskiptadeild, og getur það vel verið skynsamlegt, með 3 háskólakennurum í lögfræði og 2 í viðskiptafræðum. Þarna er ekki um raunverulega fjölgun að ræða frá því, sem er lögfest áður. Aftur á móti er efni 3. og 4. gr. það að bæta við 2 dósentum í heimspekideild og lögfesta verkfræðideild, sem nú er starfrækt til bráðabirgða. Mér fyndist eðlilegt, að þetta mál yrði borið undir mþn. í skólamálum, og raunar merkilegt, að það skuli ekki þegar hafa verið gert. Undanfarið hefur öllum slíkum málum verið vísað til hennar. Hv. 8. þm. Reykv. (SigfS) taldi eðlilegt, að mþn. hætti að starfa að áliti um þann hluta skólakerfis, sem hún á eftir, ef Alþ. féllist ekki á till. hennar um barnakennslu og aðra almenna fræðslu. En mér skilst það sé skylda n. að bera fram till. um allt skólakerfi landsins. Ástæðulaust er að bíða með endurskoðun á sérskólunum og æðstu menntastofnunum landsins af þeim sökum, sem þm. nefndi. Það getur eðlilega verið álitamál, hvort við gerum rétt í að bæta við háskólann öflugri verkfræðideild til frambúðar, þó að hún hafi skapazt nú við sérstakar ástæður. Ég teldi eðlilegt, að um það yrði sérstaklega leitað álits milliþn. og málið vandlega íhugað. Mér finnst brtt. hv. þm. V.-Húnv. eðlileg, þar sem hún er gerð til þess, að málið fái rækilega athugun í milliþn. En eðlilegast er, að málinu sé þegar skotið til þeirrar n., og finnst mér öll von til þess, að álit hennar gæti legið fyrir á þessu þingi, svo að allir mættu vel við una. Ég legg eindregið til, að málinu verði nú frestað, þangað til milliþn. hefur skilað um það áliti.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér virðist það alveg rétt, að nógur tími verði til að afgreiða málið á þessu þingi, þótt því verði nú vísað til milliþn. til umsagnar, enda vonazt eftir mjög tafarlítilli afgreiðslu þar.

Hv. 2. þm. S.-M. hefur ekki skilið það, sem ég sagði um, að milliþn. hikaði við að semja framhaldstillögur að svo stöddu. Hér er verið að leggja grundvöll að allsherjarskólakerfi. Þar sem byggja verður ofan á lægri skólunum með þeim umbótum og aukningum, sem tilteknar eru í till. n., væri gagnslaust, að n. byggði á þessum hugsaða grundvelli sínum, meðan ekki er tryggt, að hann verði meira en pappírsgagn í meðförum Alþingis. Það er ekki heldur hægt að byggja yfirbygginguna nú á öðrum grunni, allt öðrum grunni en það hús á að standa á. Þetta ætti ekki að þurfa að skýra frekar. Og verði Alþ. algerlega á móti n., býst ég ekki við, að það óski eftir fleiri og meiri till. í sömu átt frá henni, né heimti af henni tillögur, sem ganga ættu í öfuga átt.

Lítils háttar ummæli hjá hv. þm. V.-Sk. (SvbH) get ég drepið á stuttlega. Í fyrstu ræðu sinni taldi hann ófært að samþ. frv. eins og nú stæði fjárhagur ríkisins, en þó vill hann samþ. frv. með brtt. þm. V.-Húnv., en með því móti yrðu útgjöld ríkisins á næsta ári jöfn að kalla og er eftir frv. Þetta kalla ég samkvæmni. Hann hafði það eftir mér, að milliþn. kæmi málið ekki við og hún léti sig það engu skipta. Það er varla hægt að deila við andstæðinga, sem þannig vitna í ræður manna nýfluttar, og það er sama, hvort þessi hv. þm. talar um mjólkurmál eða skólamál, sífelldar rangfærslur.

Þá vildi ég spyrja hv. þm., hvenær hann bar fram þetta frv. og á hvaða þingi. — — Nú, svo að hv. þm. hefur ekki hug á að svara þessu. En ég get sagt honum, að milliþn. í skólamálum tók til starfa í júlí síðastliðið sumar. Ég ætla því, að öll þau mörgu orð hv. þm. um hirðuleysi þessarar n. séu að ófyrirsynju mælt. Ég veit ekki til, að n. hafi reynt að bregða fæti fyrir það, að komið yrði upp menntaskóla í sveitum. Hitt veit ég, að n. taldi rétt að snúa sér til þessa hv. þm. varðandi þetta mál. Honum var skrifað bréf um að láta n.

í té þær upplýsingar, sem hann kynni að hafa á takteinum, og er mér ekki kunnugt um, að hann hafi gefið sér tíma til að svara n., og er það ásamt þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan, út af fyrir sig nokkur lýsing á þessum hv. þm.

Ég ætla ekki að eyða í þetta meiri tíma og mun ekki þreyta orðasennu við hv. þm. V.-Sk. um þetta mál, en mér fyndist eðlilegt, að umr. yrði frestað og óskað yrði eftir umsögn mþn. um málið.

Forseti (JörB): Ég veit ekki, hverjar óskir manna eru um frestun umr.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins geta þess, að ég get ekki fallizt á skoðanir hv. 8. þm. Reykv. um það, hvernig milliþn. í skólamálum eigi að starfa. Ég álít brýna nauðsyn, að milliþn. í skólamálum láti fara frá sér heildaráætlun þegar í öndverðu, svo að hægt sé að sjá, hvernig hún vill láta haga náminu. Það er erfitt fyrir þm. og aðra að taka afstöðu um þetta mál, nema þeir geti gert sér grein fyrir, hvernig haga eigi framhaldsnáminu, þannig að byrjunarnámið verði athugað í nánu sambandi við það, og ég vil skora á hv. 8. þm. Reykv. að beita sér fyrir því í milliþn., að heildarálit komi frá henni í öndverðu.

Sveinbjörn Högnason: Það er ekki þörf að ræða mikið við hv. 8. þm. Reykv. eða slíka menn, sem hlaupa frá orðum sínum. Þeir eru ekki svara verðir. Hv. þm. sagði, að það gerði ekkert til, þó að þetta yrði sent n., en lagði ekki áherzlu á það, og hann kvaðst geta sagt fyrir hönd milliþn., að hún mundi reiðubúin að fylgja frv., án þess að það færi til n. Svo hleypur hann frá þessum ummælum og þyrlar upp ryki, þegar hann sér, að allt er komið í öngþveiti. Það er alltaf hans háttur, og ég hygg, að fleiri þm. hafi þá reynslu. Ég get sagt honum það, að ég tek ekki minnsta mark á orðum hans. Hvað sem hann segir um þetta, er ég viss um, að það er tómt fleipur. En ég verð að segja, að það er furðulegt, að þm., sem skipaður er í milliþn., skuli ekki einu sinni vita um frv., sem fram hafa komið um málefni n., þó að hann liggi í frii austur á Laugarvatni um hásumarið, en ætlast til, að maður, sem stundar sinn búskap og heyskap, geti gefið honum upplýsingar um þetta. Ég veit ekki betur en milliþn. í skólamálum lægi tímum saman austur á Laugarvatni í sumar, en skrifar svo presti austur í sveit til að spyrja um þetta. Ég ætla að segja þessum hv. þm. það, að við mann, sem starfar þannig í opinberum trúnaðarmálum, ætla ég ekki að tala meira um þetta mál.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Mig undrar það, að umr. um þetta mál skuli geta komizt á það stig, sem þær komust á hjá hv. síðasta ræðumanni, og ég hef ekki hugsað mér að fylgja hans fordæmi. En ég vildi aðeins skýra nokkur atriði málsins. Hv. þm. V.-Húnv. vildi halda því fram, að kennarar við háskólann í viðskiptafræði væru ráðnir til bráðabirgða. Þetta er misskilningur. Tveir þessara kennara voru skipaðir 1941, af þáverandi kennslumálaráðh., Hermanni Jónassyni, en hinir settir til starfsins. Ég veit, að allir, sem hafa kynnt sér þessi mál, vita, að þegar maður er skipaður í embætti, er ætlazt til, að hann haldi því, meðan hann brýtur ekkert af sér. Þetta frv. fer fram á að lögfesta það ástand, sem er, og þau kjör, sem þeir hafa nú. Ef brtt. hv. þm. V.-Húnv. þýðir það, að þessir menn eigi að láta af störfum 15. júní 1946, þá táknar það gerbreytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, en með frv. er ætlazt til, að það verði lögfest.

Hv. þm. V.-Sk. talar um, að hér sé verið að lögfesta 7 ný embætti. Þetta er alveg villandi. Í frv. er að vísu rætt um 7 embætti. En í viðskiptafræði eru þegar tveir kennarar fyrir hendi, og hefur annar starfað í þrjú ár, en hinn í tvö ár, og er ekki um nein ný útgjöld þar að ræða. Verkfræðideildin hefur starfað í 4 ár með mörgum föstum kennurum, og eins og kemur fram í grg., verða lögfest þrjú prófessorsembætti þar, þannig að um lítinn aukakostnað er að ræða. Það er því villandi, þegar talað er um, að hér sé verið að stofna ný embætti. Það er aðeins verið að lögfesta það, sem er og hefur verið í mörg ár.

Hins vegar er um að ræða tvö ný dósentsembætti í íslenzkri sögu og bókmenntasögu, og það er mál, sem þarf frekari umr. við. Við í menntmn. töldum svo góð rök fyrir nauðsyn þessa, að öllum mættu vera ljós, og ég ætla, að Alþ. vilji styðja að því, ekki sízt á þessu stofnári lýðveldisins, að efla íslenzk fræði í landinu. — Þetta vildi ég taka fram til að sýna, hve villandi það er að segja, að verið sé að stofna sjö ný embætti.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði með till. hv. þm. V.-Húnv. og er þá vitanlega ófús á að samþ. frv., eins og það er. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir, þar sem hann átti sjálfur sæti í þeirri stj., sem kom á þessu skipulagi, og með hans samþykki var verkfræðideildin sett á stofn fyrir fjórum árum.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta og ætla ekki að blanda mér í þær deilur, sem orðið hafa. Ég vil að lokum taka fram, að verði samkomulag um að fresta þessari umr., þá hef ég ekkert á móti því.

Sigfús Sigurhjartarson: Það getur einn þm. haldið því fram, að það skipti verulegu máli fyrir ríkissjóð, hvort hv. þm. V.-Sk. eða menntmn. leggur til, að skipuð verði sjö ný embætti við háskólann. Sami hv. þm. getur líka haldið því fram, að ég hafi sagt, að málið, sem um er að ræða, komi milliþn. í skólamálum ekkert við, og í næstu ræðu, að ég féllist á, að það færi til n. Sami hv. þm. getur líka haldið því fram, að milliþn. hafi eyðilagt fyrir honum frv., sem sofnaði hér í þ., áður en n. var stofnuð. Þetta er hinn mikli áhugamaður, sem fannst ekki taka því að svara, þegar hann var beðinn að skýra n. frá hugmyndum sínum um menntaskóla í sveit. (**SvbH:** Ég skal leggja bréfið fram hér á Alþ.)

Hv. 2. þm. S.-M. sagðist æskja þess, að ég beitti mér fyrir því, að n. léti heildarálit frá sér fara. Ég get skýrt honum frá því, að þetta verður gert. Fyrsta frv. sem n. samdi, fjallar um skólakerfi landsins í heild. Síðan verður svo fyllt út í þann ramma.

Ég þykist vita, að málið verði fengið milliþn. til umsagnar, og hygg ég, að það muni ekki verða til að tefja málið. Vil ég gjarnan stuðla að því, að n. gefi greið svör.

Eysteinn Jónsson: Hv. þm. Snæf. sneri sér til mín með þjósti og kvað það undarlegt, að ég skyldi

vera að malda hér í móinn. Ég held, að hv. þm. hafi ekki tekið vel eftir því, sem ég sagði, en ég tók fram, að með 1. gr. frv. væri gert ráð fyrir, að lögfest væri það ástand, sem nú er. Við þetta hef ég ekkert að athuga. En ég sagði, að það væri álitamál, hvort skynsamlegt væri að setja l. um, að verkfræðideild starfaði til frambúðar og yrði efld frekar, eða hvort réttara væri að treysta á menntun íslenzkra verkfræðinga utan lands. Um stofnun tveggja dósentsembætta sagði ég ekkert annað en að ég áliti, að það atriði ætti að koma fyrir milliþn. eins og hitt með verkfræðideildina, en á þetta lagði ég annars engan dóm. Það er sitt hvað að stuðla að því, að verkfræðinemar geti fengið kennslu hér heima, á meðan þeir komast ekki annað, eða stofna hér verkfræðideild til frambúðar. Annars er langt frá því, að ég sé á móti því, að hér sé stofnuð verkfræðideild, þó að ég álíti sjálfsagt, að málið verði athugað í milliþn. Ég get bætt því við, að ef því fengist ekki framgengt, að þetta yrði athugað í n., mundi ég sjá mig knúinn til að fylgja till. hv. þm. V.-Húnv. En það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að sú till. þarf lagfæringar við varðandi dósentsembættin við viðskiptadeildina, og ég skal játa, að ég hafði ekki tekið eftir því, þegar ég lét í ljós skoðun mína.

Ég vona svo, að málið gangi til milliþn. og að frá henni komi rökstutt álit, og vil ég láta í ljós ánægju mína með þá yfirlýsingu hv. 8. þm. Reykv., að n. muni láta slíkt álit frá sér fara, en það er allt annað en mér hefur áður skilizt á honum.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 20. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Þegar mál þetta var til umr. hér í síðustu viku, komu fram raddir um, að æskilegt væri að leita umsagnar mþn. í skólamálum um þetta frv. Samkomulag varð um, að svo skyldi gert, og sendi menntmn. Nd., sem frv. þetta flytur, málið þessari mþn. til umsagnar. Menntmn. hefur nú borizt svar mþn., dags. 16. okt. 1944, sem ég vildi leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 12. þ. m., sent hingað til umsagnar frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Milliþinganefndin hefur þ. 14. þ. m. haldið fund um málið. Telur hún frumvarpið (þingskj. 308) stefna í rétta átt og mælir með því, að það nái fram að ganga á Alþingi.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.
Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson."

Þar sem nú umsögn mþn. er komin, vænti ég þess, að betra samkomulag geti náðst um afgreiðslu þessa máls, því að svo virtist við 3. umr. hér um daginn, sem mönnum þætti það helzt á skorta, að álit mþn. væri ekki komið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 407 felld með 13:6 atkv.

— 399 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 24. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 472).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 472, n. 596, 604).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Þetta frv. er borið fram í Nd. af menntmn. þeirrar d. Gekk það greiðlega í gegnum d. og var afgr. þaðan með 4 mótatkv.

Menntmn. þessarar d. hefur ekki getað orðið sammála um afgr. frv. Tveir nm. leggja til, að það verði samþ. óbreytt, en einn nm. hefur lagt fram brtt. við frv., sem er þó ekki stórvægileg.

Í rauninni er óþarfi fyrir mig að láta mörg orð fylgja þessu frv. Því fylgir ýtarleg grg. og fskj. frá háskólanum og ýmsum deildum skólans, og einnig er frv. borið fram að ósk háskólaráðs. Frv. felur aðallega í sér þrjár breyt. frá gildandi l., og í raun og veru ekki nema stofnun tveggja nýrra embætta við heimspekideild. —

Fyrsta breyt. er sú, að farið er fram á í 2. gr. frv., að staðfest verði embætti tveggja dósenta í viðskiptafræðum. Viðskiptadeild hefur starfað síðan 1941, en í raun og veru 1938—1940, í sameiningu við lagadeild, og er hér ekki farið fram á annað en að lögfesta tvö embætti, sem fyrir eru, og að því leyti er ekki um að ræða nein ný útgjöld fyrir ríkissjóð.

Önnur brtt. er um að setja lagaákvæði um verkfræðideild, sem líka hefur starfað við háskólann síðan 1940, en þessi deild hefur aðeins starfað með stundakennurum. Með þessu frv. er ætlazt til, að stofnuð verði þrjú professorsembætti við verkfræðideild. Það fylgir hér með frv. skýrsla yfir kostnað við stundakennslu við þessa deild, til samanburðar við kostnað við að ráða þrjá prófessora, og er kostnaðurinn mjög líkur. Um þessa breyt. er ef til vill rétt að fara nokkrum orðum.

Þegar stríðið skall á, varð mjög brýn nauðsyn á, að hægt væri að stunda verkfræðinám við háskólann til þess að spara mönnum utanfarir. Hefur ekki verið lögð áherzla á annað en að menn gætu stundað þar fyrrihlutanám, en síðan ætlazt til, að síðari hlutinn yrði numinn erlendis. Menntmn. Ed. hefur borizt till. frá verkfræðingum, sem fara fram á, að ekki verði aðeins bætt við þremur prófessorum, heldur fimm, með það fyrir augum, að menn geti lokið hér fullnaðarprófi í byggingarfræði. Rökstyðja þeir þetta mál sitt í rauninni mjög greinilega, og er því ekki að

leyna, að menntmn. finnst þeir hafa mjög mikið til síns máls. Nú er mjög mikill skortur á verkfræðingum, sérstaklega í þessari grein, það vantar a. m. k. 20—30 verkfræðinga nú þegar. En við teljum samt, að með því að stofna þessi þrjú embætti sé þó vel af stað farið í bráðina og að örugglegast sé, að ekki séu skipaðir fleiri kennarar í svipinn, sem komi sér síðan upp deildinni til fullnustu. Í öðru lagi teljum við, að hætta sé á, að ef hér er farið fram á að stofna fleiri prófessorsembætti en talað er um í frv., þá mundi málinu verða hætt í Nd., því að sú till. kom einnig fram í þeirri d., en menntmn. þeirrar d. taldi sér ekki fært að flytja það í því formi og bjóst við, að það mundi síðar fást samþ. í d., svo að þótt við leggjum til, að frv. sé samþ. óbreytt, þá er það ekki af því, að við skiljum ekki nauðsynina, sem á því er að koma upp deild með fimm prófessorum, sem gætu útskrifað byggingarfræðinga.

Þriðja brtt. er um að stofna tvö ný dósentsembætti í íslenzkum fræðum, annað í sögu og hitt í bókmenntum. Það þarf varla að verja löngu máli til að sannfæra hv. alþm. um, hve mikil nauðsyn er á að efla norrænudeild háskólans, og ekki heldur að rökstyðja, hve vel það á við að gera það nú á þessu ári, sama ári og lýðveldi er stofnað á Íslandi. Við höfum viljað keppa að því, að hér gæti orðið sem mest miðstöð norrænna fræða, og í raun og veru er það svo, að með stofnun heimspekideildarinnar fær háskólinn nafn sitt. Okkur er ljóst, hve álit skólans hefur aukizt með stofnun norrænudeildarinnar hér. Þessi deild hefur verið að smáaukast, og í fyrstu, árið 1918, þegar Sigurður Nordal tók við embætti sínu, þá var hann bæði prófessor í bókmenntum og málfræði. Síðan var stofnað dósentsembætti í málfræði. Aftur á móti hefur ekki verið aukið við sögu- og bókmenntakennslu, svo að þar er aðeins einn prófessor í hvoru, en enginn dósent, en það er engu minni nauðsyn á að hafa dósent í bókmenntum og sögu en í málfræði, og væri auðvelt að rökstyðja það, hversu erfitt er fyrir einn prófessor í hvoru fagi að geta komizt yfir jafnyfirgripsmikið verkefni og sögu og bókmenntir, einmitt þær greinar, sem eru verst búnar í hendurnar á kennurunum, svo að þeir hafa orðið að semja fyrir nemendur sína kennslubækur jafnóðum og þeir hafa kennt, því að enn þá er hvorki til hæfileg kennslubók í sögu né í bókmenntum fyrir stúdenta í norrænum fræðum. Nú er völ á sérlega vel hæfum mönnum, sem gætu tekið að sér þessi störf við háskólann, og væri mikið tjón, ef háskólinn færi á mis við þá.

Mér er ljúft að flytja það, að stofnuð verði fleiri prófessorsembætti við verkfræðideildina, en tel ekki beina þörf á því að sinni. Ég tel, að það verði ekki heldur álitlegt fyrir framgang málsins, þar sem óvíst má telja, að frv. nái þá samþ. deildarinnar í því formi.

Ég sé, að fram eru komnar brtt. á þskj. 604 frá minni hl. n., hv. þm. S.-Þ. (JJ). Þær eru í raun og veru tvær. Önnur felur í sér, að það sé ákveðið í frv., að í háskólanum séu 5 deildir, en ekki 6, eins og stendur í frv. Hann á við það, að atvinnudeildin verði ekki tekin upp í deildir háskólans. Þetta frv. mun vera svo fram komið, að háskólaráð hefur sett 6 deildir inn í það af ásettu ráði. Voru ákveðnar 5 deildir, að atvinnudeildinni meðtalinni. Og ef nú verður stofnuð verkfræðideild, þá bætist sjötta deildin við. En það er missagt, að deildirnar væru 5 að atvinnudeildinni meðtalinni. En það var með vilja gert og er aðeins framkvæmdaratriði, hvenær atvinnudeildin verður sameinuð Háskóla Íslands. Þegar ráðnir voru deildarstjórar við atvinnudeildina, var ætlazt til, að þeir yrðu síðar prófessorar við háskólann. Nú stendur til, að reist verði náttúrugripasafn, og viðkomandi skólastofum þar má taka það til athugunar að nota þær sameiginlegar fyrir atvinnudeildina, því að eðlilegt má telja, að atvinnudeildin verði þá sameinuð háskólanum og forstjóri hennar gerður að prófessor við Háskóla Íslands. Ég tel rétt, að þessi heimild standi í lögunum, eins og hún hefur gert síðan 1936, og tel því ekki rétt að samþ. brtt. minni hlutans.

Hin brtt. er um það, að í verkfræðideild verði 4 prófessorar í stað 3. Í raun og veru væri háskólanum mjög ljúft að fá 4 í stað 3. Verkfræðingarnir telja, að 5 prófessora þurfi til að koma upp deild, sem útskrifi byggingarverkfræðinga. Ástæðan til þess, að ég tel ekki rétt, að d. samþ. þessa brtt., er sú, að við leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt og afgreitt frá d., svo að ekki þurfi að senda það aftur til Nd., því að óvíst er, hvort það næði þá samþykki deildarinnar. En við viljum, að málið verði afgreitt á þessu þingi. Við álítum, að þegar búið sé að stofna 3 prófessorsembætti við verkfræðideild, sé auðvelt að notast við stundakennara fyrst um sinn, ef háskólinn sér sér fært að koma upp fullkominni verkfræðideild.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Háskólinn og þjóðin eru tengd sterkum böndum. Nafn háskólans og þjóðarinnar fer saman. Það er eðlilegt, að háskólinn vaxi með þjóðinni og fleiri deildir bætist við hann, eftir því sem menningarstarfsemi þjóðarinnar vex. Öll þessi d. verður að samþ. þetta frv. og efla þar með háskólann. Þá bætist þar við ein ný deild og aðrar deildir verða efldar.

Jónas Jónsson: Hv. frsm. meiri hl. (KA) hefur tekið af mér ómak með því að vera líka frsm. að till. minni hl., og er það nokkuð frumlegt hér á Alþ. Ég get vísað til þess, sem skýrt kom fram hjá honum. Hann játar, að staðið hafi villa í háskólalögunum frá 1936, þar sem deildir hans séu taldar 5, en eru 4. Í frv., eins og það er, stendur, að atvinnudeildin eigi að senda rektor á fundi í háskólanum. En það kom í ljós á fundi n., þegar við ræddum við prófessora heimspekideildar, að þetta hefur aldrei gerzt og samband atvinnud. og háskólans er í raun og veru ekki neitt. Það mætti eins innlima rannsóknarstofu Þórðar Þorbjarnarsonar í Fiskifélaginu í háskólann eins og atvinnudeildina. Ég óskaði, að þetta atriði kæmi undir atkv. hér í hv. d. til að vita, hvað heimskan og vanþekkingin næðu hér langt. Það er ekki hægt að láta þetta haldast í lögunum. En þó að það yrði kannske samþ., að deildirnar séu 6 í háskólanum, er það ekki ólíkt því, ef menn samþ., að jörðin sé flöt eins og pönnukaka. Veruleikinn breytist ekkert við slíkt. Þetta yrði aðeins vitleysa og lögbrot.

Frv. er heldur illa undirbúið af háskólaráði og n. Það var ætlunin að taka þar inn mann, sem ekki vildi vera prófessor, nema þá helzt í læknadeild. En þeim vitru mönnum, sem þarna voru í

ráðum, þótti vanta einn á töluna í annarri deild og vildu hafa hann þar. Úr því þurfti að taka Trausta hálfgerðu traustataki, þá skil ég ekki, hví að því var farið á þann hátt, sem ljóst er af mótmælum hans og hv. alþm. hafa átt kost á að kynnast.

Hugsanagangur hv. frsm. meiri hl. virtist nokkuð kynlegur, þegar hann var að tala um nýja náttúrugripasafnið, þar ættu að koma stofur, þar ætti að kenna. En ég hygg, að þegar farið yrði að kenna náttúrufræði við háskólann, kæmi náttúrufræðideild af sjálfu sér.

Þá kem ég að verkfræðideildinni. Það er misskilningur hjá þessum hv. þm., að háskólaráð sé ekki fullráðið í öðru og meiru en að koma hér á fyrrihlutakennslu í verkfræði. Það er það. Og Nd. hefur gengið svo frá málinu, að ætlazt er til, að kennt sé til fullnaðarprófs í byggingarverkfræði. Hann virðist ímynda sér, að aðeins hafi verið talað um fyrri hluta. Það er játað, að alger klofningur er meðal verkfræðinga okkar um það, hvort fært sé að ráðast í það, sem frv. ráðgerir, hvort við séum ekki of fáir og smáir til þess og allt lendi í káki. Og það er ég hræddur um. En sé þetta reynt, verður að hafa það svo, að það sé frambærilegt. Nú skal ég segja hv. frsm. meiri hl. eitt, sem hann sennilega veit ekki. Tallð er, að þörf sé á 2 stærðfræðikennurum a. m. k. Og þeir eru til, þeir Trausti Einarsson og Leifur Ásgeirsson. Þeir verða að sjálfsögðu prófessorar þarna, enda því aðeins fáanlegir, að þeir fái fastar stöður. Einnig fæst maður, sem æfður er við hafnargerðir, en þá vantar mann æfðan við vega- og brúagerð. Stofnunin hefur nýlega tapað tveim mönnum, sem þarna kenndu, Bolla Thoroddsen, sem varð bæjarverkfræðingur og kennir að vísu eitthvað enn, en hlýtur að hætta því, og forstöðumanni Sjóvátryggingarfél., sem kenndi þar mikið, en er nú hættur. Ég álít, að ekkert vit sé í að reyna ekki að tryggja deildinni mann, sem sé a. m. k. eins æfður í vegagerð og sá var, sem kennt hefur í þeirri grein. Nú er málið þannig komið, að ekki er sýnilegt, að menn fáist til að kenna eins mikið og þörf er á í hjáverkum, aðeins hægt að fylla þannig í smáskörð, og er þá nauðsynlegt, að brtt. mín sé samþ., til að bæta úr skák. Eg vona, að hv. meðnm., sem segjast ætla að berjast á móti henni, fái heldur vitið við að bíða eftir 3. umr., og vil ég því taka brtt. mínar aftur þangað til, í þeirri von, að þeir kunni að greiða enn þá viturlegar atkv. við 3. umr. en nú.

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér finnst hæstv. Alþ. nokkuð stórstígt í þessu frv. með fjölgun embættismanna. Í frv. er gert ráð fyrir að lögfesta 7 nýja embættismenn. Að vísu er þannig ástatt með 2 af þessum mönnum, að þegar er búið að gera ráðstafanir til þess, að þeir geti setzt í embætti sín. Það eru tveir dósentar í hagfræði, sem búið virðist að ráða, svo að því verður ekki kippt til baka, enda er kennslu þannig fyrir komið í lagadeild, að þeirra verður að njóta við kennsluna.

Þá kem ég inn á aðra breytingu. Þegar háskólinn var settur hjá okkur, var það hugsun margra, að það yrði einmitt norrænudeild háskólans, með málfræði sína og sagnfræði, sem mundi verða meginstoð undir það, ef háskólinn ynni sér lof og virðingu í öðrum löndum. Hér er lifandi mál til leiðbeiningar norrænunni, og hér eru ýmis þau gögn fyrir hendi, sem ekki er hægt að afla sér annars staðar. Í byrjun var lagt til fámennt kennaralið, þannig að sumum finnst ekki nógu mikill liðsafli þar til þess að deildin geti unnið það hlutverk, sem henni var ætlað að vinna, þ. e. að meginuppistöðunni í norrænum fræðum hér í álfu. Þannig hefur það staðið lengi, að ekki hefur verið bætt við mönnum nema að litlu leyti. Nú er völ á tveim mönnum í dósentsembættin. Báðir hafa þeir samið doktorsritgerðir. Önnur er mjög nákvæm og vandvirknislega gerð og óvenju mikil vinna lögð í hana. Hinn manninn þekki ég ekki persónulega, en menn, sem ég treysti til að hafa vit á því, hafa sagt mér, að það væri hið mesta tjón, ef sá maður fengi ekki að njóta sín við sagnfræði við háskólann. Það er nokkur kostnaður því samfara að stofna nú tvö ný dósentsembætti. En það dugir ekki að horfa í kostnaðinn, ef maður hefur von um, að í andlegum efnum fáist miklu meira verðgildi fyrir þjóðina en það, sem af höndum er reitt.

Ég er búinn að tala um tvo liði frv. Hvað snertir þann þriðja, þá vil ég þar spyrna fótum við. Þessa fjóra embættismenn vil ég samþykkja. En að bæta svo við heilli deild með þrem prófessorum, það virðist mér engin nauðsyn. Þessi deild var aðeins stofnuð til bráðabirgða og menn ekki fastráðnir í hana. Ætlunin var, að hún starfaði aðeins, meðan stríðið stæði, til þess að undirbúa stúdenta undir verkfræðinám, svo að þeir þyrftu ekki að vera eins lengi í útlöndum. Ég get ekki séð, að nokkur nauðsyn sé að taka þennan fjölda kennara inn í einu. Við getum tekið þessa fjóra embættismenn nú og látið verkfræðideildina starfa með sama hætti fyrst um sinn. Ég fæ ekki séð, að okkur reki nokkur nauður til að breyta þessu nú. Þess vegna segi ég það, að þótt ég geti fylgt tveimur breyt. þessa frv., get ég ekki fylgt 4. gr. þess. Og ég vil segja það, að mér finnst engin nauðsyn, þótt það verði ofan á, að verkfræðideildin verði stofnuð, að hafa til að byrja með meir en einn til tvo dósenta og einn til tvo prófessora, í stað þess að gera alla að prófessorum undir eins, svo að þeir komist þegar í hæsta launaflokk. Skynsamlegast er að taka þetta í áföngum.

Magnús Jónsson: Hv. þm. S.-Þ. (JJ) er ekki viðstaddur hér nú. Það gerir að vísu ekki mikið til, því að fátt er það, sem þarf að svara honum hér. Býst ég líka við, að frsm. meiri hl. (KA) sé miklu meira en fær um það.

Hv. þm. S.-Þ. var að skopast að því, að háskólaráð vissi ekki, hvað margar deildir væru í háskólanum, því að í mörg ár hefði staðið í háskólalögunum deild, sem ekki væri til, atvinnudeildin. Ég vil benda hv. þm. á, að í 14. gr. laga um atvinnudeildina stendur, að með tíð og tíma skuli hún taka upp kennslu í ýmsu því, sem þar er tekið til meðferðar, og þá skyldu þeir, sem þar starfa, vera kennarar. Þar myndast því sérstök kennsludeild, sem lýtur almennum fyrirmælum og sömu skipulagningu og aðrar kennsludeildir háskólans. Og þó að í svipinn þætti rétt að setja á stofn rannsóknarstofnun, þá var gert ráð fyrir því, að á sínum tíma yrði þetta deild við háskólann. Því var eðlilegt að setja þessa deild inn í háskólalögin, þegar hún tæki til starfa, sem gert

er ráð fyrir að verði á sínum tíma, og því er gert ráð fyrir því í l., að deildirnar væru fimm.

Það er undarlegt, að maður, sem vill vera að kenna háskólanum, skuli ekki vita deili á því, að það kemur enginn rektor frá þessari deild; það er rektor fyrir háskólaráði, en hins vegar deildarforsetar fyrir deildunum.

Ég vil svo segja það, út af till. hv. þm. um fjóra kennara í verkfræðideild, sem hann hefur nú að vísu tekið aftur, að mér virðist það mjög eðlilegt, að Alþ. haldi sér í þessum efnum að þeim till., sem frá háskólaráði koma. Eins og vitað er, eru uppi till. um miklu fleiri kennara við deildina, en eftir því sem mér er kunnugt, mælir háskólaráð með því, að þrír kennarar verði skipaðir við deildina, og þess vegna er rétt að halda sér að því.

Ég vil svo aðeins taka það fram, út af ræðu hv. þm. Dal., að ég er honum sammála um, að rétt sé að taka þessi háskólamál í áföngum, en mér finnst, að með þessu frv. séu þau einmitt tekin í áföngum, og gæti þessi hv. þm. samþ. frv. af þeim ástæðum. Því fer svo fjarri, að hér sé um sjö ný embætti að ræða, því að eins og frsm. menntmn. lýsti yfir og eins og frv. ber með sér, er ekki í raun og veru nema um tvö ný embætti að ræða. Hitt atriðið er um það, að lögfesta skuli starfsemi, sem þegar hefur verið tekin upp, og ég held naumast, að nokkrir hv. þm. þurfi að láta sér koma til hugar, að þeirri starfsemi, sem þegar er hafin í verkfræðideild, verði hætt. Þeir, sem að þessari d. standa, hafa óskað eftir því, eins og ég held, að hv. frsm. menntmn. hafi einnig tekið fram, að fleiri kennarar verði settir við verkfræðideildina, en hér er einmitt farið fram á að taka þessi mál í áföngum, sem sé að lögfesta nú til bráðabirgða það, sem þegar er byrjað á, að búa menn undir byrjunarnám í verkfræði. Hins vegar álít ég, að rannsaka þurfi betur en gert hefur verið, hvort ástæða er til þess í náinni framtíð að taka upp við háskólann meira en fyrrihlutanám í verkfræði. Ég er enginn verkfræðingur, en maður getur sagt sér það sjálfur, að það muni verða erfitt að hafa hér því á að skipa, sem með þarf, ekki aðeins hvað viðvíkur kennurum, heldur og öllum þeim rannsóknarstofum og öllum þeim mannvirkjum, sem nauðsynlegt væri, að verkfræðingar kynntust, áður en þeir yrðu fullgildir verkfræðingar. Mér þykir einmitt ástæða til þess, að sem flest verkfræðingaefni fari utan og fái tækifæri til þess að kynnast ýmsu í þessum greinum, sem aðrar þjóðir standa okkur miklu framar í. Það sýnir einmitt, hversu mikil hófsemi er í þessu frv., að háskólaráð fer ekki fram á annað en byrjunarkennslu í þessari deild, og er heldur ekkert vit í að hætta við hana. Við vöðum nú í erlendum gjaldeyri, en þeir tímar geta komið aftur, að það þyki mikils virði, að sparaður hafi verið erlendur gjaldeyrir, og eitt ráð til þess að spara hann og jafnframt til þess að auka menntun þjóðarinnar er að kenna innan lands eins mikið og unnt er. Við ættum ekki aðeins að lögsetja þessa undirbúningskennslu í verkfræði, heldur og í ýmsum öðrum greinum, svo sem málfræði, náttúruvísindum o. fl., þannig að unnt verði hér heima að afla þjóðinni menntunar og jafnframt að spara að senda menn til útlanda fyrr en á síðasta áfanganum. Auk þessa hefur þessi undirbúningsfræðsla þann kost í för með sér, að það verður margfalt auðveldara að velja úr menn, sem styrkja á til náms í útlöndum, eftir að búið er að reyna þá hér við skólann í tvö ár. Menn hafa hingað til runnið nokkuð blint út í að styrkja nýja stúdenta til náms í útlöndum, en á þennan hátt verður auðveldara að velja þá stúdenta úr, sem skara fram úr, til þess að styrkja þá til útlanda, þannig að þeir verði fullkomnir í sinni grein.

Um það atriði, hvort þrír prófessorar eða tveir prófessorar og einn dósent skuli verða í verkfræðideild, skal ég ekki dæma, en vil geta þess, að dósentsembætti við háskólann hér mun ekkert eiga skylt við það, sem kallað er dósentsembætti við erlenda háskóla. Þetta embætti hér er fullkomin námsgrein, og ég býst við, að svo verði einnig um verkfræðideildina hér, þannig að þessir menn verði allir að vera fullkomnir kennarar í sinni kennslugrein, þar sem með þessu er verið að taka upp nýja og frumlega starfsemi hér á landi. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta atriði, en mér virðist, að menn séu sammála um að fjölga kennurum háskólans, og þó sérstaklega í vísindastörfum við norrænudeildina. Ég held, að við verðum að hafa það fyrir reglu að efla þessa deild svo, að enginn vafi leiki á því, að hér sé miðstöð norrænna fræða, — að ekki stundi aðeins nám við hana Íslendingar, heldur komi hingað til háskólans allir þeir menn, sem vilja nema þessi fræði til fullnustu, og að þeir fái að njóta hér hinnar beztu kennslu. Það er enginn vafi á því, að þessir tveir menn, sem þessi tvö dósentsembætti eru ætluð, eru hvor um sig ákaflega hæfir menn til þess að taka þessi störf að sér. Þessir menn eru báðir doktorar, og ég held, að ég fari rétt með það, að sá, sem ætlað er dósentsembættið í bókmenntum, hafi tekið magisterspróf með ágætiseinkunn, og í raun og veru var svo litið á, að aðalritgerð hans mætti taka sem doktorsritgerð, sem ekki er vanalegt, og hefur hann nú haldið áfram störfum síðan og sýnt frábæran dugnað. Hinn maðurinn, sem ætlað er dósentsembættið í sögu, er einnig talinn óvenjulegum gáfum gæddur og mjög vel að sér í mannfræði og í öðrum fræðum, og ætti því einnig að tengja hann við háskólann nú þegar.

Mér þykir vænt um, að þetta frv. hefur fengið hér sæmilegan byr, og vonast til þess, að það verði samþ., en það þýðir hins vegar ekki að láta sér detta í hug annað en að það, sem þetta frv. fer fram á, sé aðeins áfangi. Við verðum að búa vel að háskólanum, okkar æðstu menntastofnun, ef við ætlum lífi að halda, og nota okkur hina frámunalegu bókhneigð þjóðar vorrar til þess að gera hana fremsta allra þjóða í því að vera vel að sér. Menn, sem hafa verklegar framkvæmdir með höndum, verða þess fljótt varir, hvort vel menntaður maður er í hverju rúmi eða ekki, og oft hef ég heyrt verkstjóra tala um, að ólíkt sé að kenna þeim manni verk, sem er vel menntaður, eða þeim, sem er fáfróður. En þótt það sé ágætt, að ekki sé horft í kostnað við að mennta almenning, ber okkur ekki að gleyma því, að hátindur menningar og vísinda verður einnig að vera áberandi og vel til hans vandað, og verður því háskóli vor að uppfylla þau skilyrði.

Ég sakna þess einna mest í þessu frv., að mér finnst óþarflega fátt fram tekið í því, en það er eins og hv. þm. Dal. sagði og ég get tekið undir, að bezt er að taka þessi mál í áföngum. Ég held,

að við háskólann þurfi að vera fleiri tegundir af kennurum; ég held t. d., að í háskólalögunum sé alls ekki gert ráð fyrir lektorsembætti. Það væri hins vegar mjög eðlilegt, að slíkt embætti væri hér við háskólann, og gæti sá maður, sem því gegndi, verið öðrum kennurum til styrktar og kennt nokkuð, þannig að gagn yrði að hans fróðleik, en gæti auk þess búið sig undir frekara embætti. (ÞÞ: Er ekki dr. Björn Guðfinnsson lektor við Háskólann?) Ég held, að það embætti sé ekki í háskólalögunum. Það væri mjög hentugt að hafa slíkt embætti í norrænudeildinni, sem gerði þeim manni mögulegt að stunda sín fræðistörf, jafnframt því, sem skólinn gæti notið fróðleiks hans með kennslu. Einnig væri hugsanlegt að setja inn í háskólalögin ákvæði um „extraordinaire" kennara, þegar um er að ræða einstaka menn, sem kæra sig ekki um fast embætti við stofnunina, heldur gert ráð fyrir að skapa slíkum mönnum aðstöðu til þess að vera tengdir við háskólann á þennan hátt. Mundu þeir auka hróður stofnunarinnar fyrir fræði- og vísindastörf sín og um leið verða nemendum að gagni. Mætti t. d. nefna Bjarna Sæmundsson og dr. Hannes Þorsteinsson. — Er það því von mín, að hæstv. Alþ. og háskólaráð verði samhent um að greiða veg þessarar stofnunar sem bezt.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Ég gleðst yfir þeim undirtektum, sem frv. þetta fær í þessari d., og sé, að fjölgun kennaraembætta við heimspekideildina fær góðar undirtektir og að ekki er nema sjálfsagt að lögfesta dósentsembætti í viðskiptafræðum.

Það er sérstaklega eitt atriði, sem ástæða er til að skýra örlítið frá, og er það viðvíkjandi þrem prófessorum í verkfræðideild. Einn þm., hv. þm. Dal., virðist reyndar leggja móti því, að stofnun þessara embætta fari fram nú að þessu sinni, hann vill heldur taka málið í fleiri áföngum. Það er að vísu rétt hjá honum, að þessi deild var stofnuð eftir að styrjöldin skall á, þar sem þess var þá brýn nauðsyn. Síðan árið 1940 hefur verið haldið uppi kennslu í deildinni, en aðeins sem stundakennslu, og hygg ég, að reynslan hafi nú sýnt okkur eftir þennan stutta tíma, að full ástæða sé til þess, að þetta nám fari fram hér heima. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að það eru ekki aðeins stúdentar, er stunda hér fyrri hluta verkfræðináms, sem um er að ræða, heldur er nú verið að taka hér upp framhaldsnám í einni grein verkfræðinnar, byggingarverkfræði. Í henni stunda nú 7 stúdentar nám, 14 eru í yngri deild, og 6 tóku fyrri hluta próf á s. l. vori. Það eru því alls 27 stúdentar, sem nám stunda í verkfræði, en þar af stunda sjö stúdentar framhaldsnám í byggingarverkfræði, eins og áður er sagt, og um þá hefur ágreiningur risið innan háskólans. Menn greinir ekki á um, að hér skuli stofna deild, sem útskrifi stúdenta frá fyrri hluta verkfræðináms, en menn greinir hins vegar á um, hvort framhaldsnám skuli vera látið fara fram hér á landi eða hvort stúdentar sigli til framhaldsnáms. Meiri hluta verkfræðinganna þótti rétt að taka eina grein verkfræðinnar út úr, sem sé byggingarverkfræði, og útskrifa fullkomna byggingarverkfræðinga frá henni. En þeir hinir sömu verkfræðingar, sem eindregið mæla með framhaldsnámi í byggingarverkfræði, segja jafnframt, að það sé allt of lítið að hafa ekki nema þrjá prófessora í verkfræðideild, þar sem tveir kenna fyrri hlutann, en aðeins einn síðari hlutann, og álíta, að það þurfi tvo til að kenna fyrri hlutann og þrjá hinn síðari. Okkur þykir því rétt, meðal annars vegna þessa ágreinings um framhaldsnámið, að fara að þessu sinni ekki lengra en að stofna aðeins þrjú prófessorsembætti við verkfræðideildina og láta það ráðast síðar, hvort menn verði sammála um framhaldsnám byggingarverkfræðinnar hér á landi. Viðvíkjandi nauðsyn þess að útskrifa byggingarverkfræðinga er óþarfi að fara mörgum orðum. Um það atriði hljóta allir að vera sammála, því að einmitt á þessu sviði vantar okkur menn. Það er sannað mál, að okkur vantar að minnsta kosti 20—30 byggingarverkfræðinga, nokkra í Reykjavík og auk þess í hvern kaupstað úti um land, svo að það er einmitt þessi grein verkfræðinga, sem við verðum nú að leggja áherzlu á að fá útskrifaða.

Hv. þm. S.-Þ. vék að því, að einn af þeim mönnum, sem ætlað væri prófessorsembætti í verkfræðideild, vildi alls ekki taka það starf að sér, og hefði hann ekki vitað um, að það væri honum ætlað. Mun hv. þm. hér eiga við Trausta Ólafsson efnafræðing, en annars er hér um misskilning að ræða. Að vísu hefur Trausta ekki verið ljóst, að hans yrði sérstaklega getið í sambandi við þetta frv., en hann vissi að öðru leyti um allan undirbúning og fyrirætlanir, sem voru í sambandi við þessi mál. Háskólaráð taldi ekki rétt, að verkfræðideild yrði stofnuð með færri en þrem prófessorum við hana, enda held ég, að reglan sé sú, að ekki sé stofnuð deild með færri en þrem prófessorum. Nú er Trausti Ólafsson kennari í efnafræði við læknadeild, jafnframt því sem hann stundar störf við atvinnudeildina, og þótti ýmsum eðlilegra, að hann yrði prófessor við læknadeild en einn af þrem prófessorum við verkfræðideild. Háskólaráði hefur hins vegar fundizt réttara, að Trausti Ólafsson yrði einmitt einn af þrem prófessorum við verkfræðideild, að minnsta kosti fyrst um sinn, þangað til komizt yrði að niðurstöðu um annan kennara við þessi störf. Auk þess er af þessu sparnaður, sem sést af því, að ef Trausti yrði einn af þrem prófessorum við verkfræðideild, þá er ekki um nýtt starf að ræða, þar sem hann hefur nú þegar svipuð laun við atvinnudeildina og hann mundi hafa, ef hann yrði skipaður prófessor við verkfræðideildina. Kostnaðarauki við að hafa stundakennara eins og nú er, er mjög lítill, og er reiknað út í frv., að hann sé aðeins 3000 krónur.

Ég held því, að öllu athuguðu, að rétt sé að fara að till. háskólaráðs og stofna að þessu sinni verkfræðideild með þeim þrem prófessorum, sem hér er gert ráð fyrir, en bíða eftir því, hvort samkomulag næst um framhaldsdeild í byggingarverkfræði eða ekki.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi mega beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta að sinni, að mál þetta verði tekið til 3. umr. í deildinni. Ástæðan fyrir þessu er sú, að heilbr.- og félmn. flytur hér á sérstöku þskj. frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

Fundur hefur verið haldinn í dag hjá heilbr.- og félmn. um frv. þetta, og mælir hún með samþ. þess. Ef samþ. verður að taka þetta til 2. umr., færi bezt á því að fella það inn í frv. um breyt. á háskólalögunum, sem hér hefur verið til umr. í dag, og fresta þess vegna að taka það mál til 3. umr., þangað til séð verður, hvernig þetta nýja frv. heilbr.- og félmn. færi við 2. umr. Nál. heilbr.- og félmn. kemur á morgun, svo að þetta ætti ekki að tefja málið.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, skal ég fátt segja, en ég get hins vegar ekki neitað því, að mér finnst þessir áfangar, sem hér er talað um að teknir verði með þessu frv., nokkuð stórir, og satt að segja er ég ekki alveg viss um, að ástæða sé til þess að gera svona miklar breytingar nú þegar, eins og hér er lagt til. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að lögfest séu 2 dósentsembætti í viðskiptafræðum, 2 dósentsembætti við heimspekideild og enn fremur 3 prófessorsembætti í verkfræðideild, þannig að um er að ræða að lögfesta 7 fullkomin embætti við háskólann. Til viðbótar mætti svo nefna stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild, sem verður þá áttunda embættið. Þá er og uppi allmikil hreyfing um það meðal kennimanna að stofna eitt dósentsembætti til viðbótar í guðfræði, sem ég veit ekki, hvort till. koma fram um núna, þar eð mér er ekki kunnugt um, hvort frá þessu er fyllilega gengið. Auk þess má og benda á, að menntmn. hafa borizt till. frá kennurum verkfræðideildar háskólans, um að þeir telji þörf á að skipa fleiri fasta kennara í verkfræðideild en lagt er til í frv.

Ég get ekki neitað því, að mér finnst kenna nokkurs stórhugar um þessar framkvæmdir, nema þær séu mjög aðkallandi.

Um dósentsembættið í hagfræði er það að segja, að mér finnst eðlilegt að taka það upp. Sama er að segja um framlög til norrænudeildarinnar. Það er sjálfsagt að skera þau ekki við nögl. Við verðum að stuðla að því að gera hana sem fremsta á sínu sviði. Að því er verkfræðideildina snertir er ég ekki eins viss um, að ráðast eigi í þær framkvæmdir, sem farið er fram á viðvíkjandi henni.

Hv. frsm. telur, að þótt þetta verði gert, sé því ekki þar með slegið föstu, að tekin verði upp fullkomin kennsla í byggingarverkfræði, þannig að hún verði fyllilega sambærileg við þá kennslu, sem fram fer í öðrum háskólum. En samkv. bréfi kennara háskólans virðist þó gert ráð fyrir því. Það má segja, að kennsla í þessari grein sé á byrjunarstigi, og fæ ég ekki séð, að við getum með þeim kennslukröftum, sem við höfum yfir að ráða, veitt þeim verkfræðingum, sem útskrifast, eins fullkomna menntun og þörf er á, til þess að þeir standi jafnfætis verkfræðingum frá öðrum háskólum. Mér er sagt, að slíkt sé ógerningur nema kennurunum sé fjölgað stórkostlega.

Ég mun fylgja þessu frv. til 3. umr., en ég vil taka það fram í fyrsta lagi, að mér virðist mjög vafasamt, að um fullkomna kennslu geti verið að ræða með þeim starfskröftum, sem við eigum nú yfir að ráða, og í öðru lagi finnst mér mjög vafasamt að stofna þrjú prófessorsembætti til að framkvæma þá kennslu, sem nú fer fram við skólann.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Það hefur komið fram nokkur misskilningur í sambandi við þetta frv. Þeir hv. þm., sem talað hafa, virðast sammála um, að rétt sé að lögfesta 2 dósentsembætti við heimspekideildina. En þeir virðast vera í vafa um, að rétt sé að stofna verkfræðideild með 3 prófessorum. Ég álít, að aðalefni þessa frv. sé stofnun verkfræðideildar. Ég álít það alveg óhjákvæmilega nauðsyn. Ég er sammála um myndun dósentsembættanna við heimspekideildina og um dósenta í viðskiptafræðum. Hér er ekki um neina nýja starfsemi að ræða.

Frv. gerir ráð fyrir 3 prófessorum, sem annist kennslu undir fyrri hluta próf í verkfræði. Háskólinn getur nú útskrifað byggingarverkfræðinga og er þegar byrjaður á því. En spurningin er, hvort við eigum að leggja niður kennslu í verkfræði.

Það er sýnt fram á í greinargerðinni af háskólaráði, að kostnaðarauki við stofnun hinna þriggja prófessorsembætta er aðeins 3000 krónur, borið saman við þá stundakennslu, sem farið hefur þar fram. Ef hv. þm. vildu gera sér það ómak, gætu þeir sannfærzt um, að ekki eru mikil líkindi til, að hægt verði að halda kennslu áfram í þessum greinum, ef það ástand, sem nú ríkir, verður látið haldast áfram.

Hv. þm. Dal. sagði, að sér fyndist þetta stórt stökk og ekki væri ástæða til að gera alla þessa menn að prófessorum. En hér kemur í fyrsta lagi ekki til greina dósentsembætti, því að kennsla sú, er um ræðir, er við hæfi prófessorsembættis. Verkfræðilega menntaðir menn eru svo eftirsóttir í okkar þjóðfélagi, að ekki er hægt að fá þá til kennslu fyrir minna en prófessorslaun. Ég á erfitt með að skilja, að nokkur hv. þm. vilji láta leggja þessa kennslu niður. Verkfræðinga vantar okkur, og helzt nú, þegar mjög er takmarkað, sem menn geta stundað þetta nám erlendis vegna styrjaldarinnar. Það þarf því að komast í fast horf, til þess að fyrri hluta próf í þessari grein fáist tekið gilt erlendis. Það er þegar tekið gilt í Ameríku. Ég get varla skilið, að menn geti ekki verið á eitt sáttir um, að þessi kennsla eigi að halda áfram, en það er ekki hægt nema þessi embætti séu stofnuð. Hitt er hægt að deila um, hvort halda eigi áfram að kenna byggingarverkfræði. Ég geri ráð fyrir, að ef til vill verði hægt að útskrifa þá, sem nú stunda nám, án þeirra breytinga á kennslukröftum, sem um ræðir í þessu frv. En til þess að hægt verði að halda þessari kennslu áfram þarf fimm kennara í verkfræði. Ég hygg, að flestir verkfræðingar séu þeirrar skoðunar, að halda beri kennslunni áfram og heppilegt sé fyrir íslenzka verkfræðinga að hafa stundað nám hér heima. Hér hafa þeir tækifæri til að kynnast íslenzkum verkefnum. Hitt er annað mál, að nauðsynlegt mundi vera fyrir þessa verkfræðinga að fullkomna sig erlendis, eins og t. d. lækna.

Ég vil hins vegar ekki leggja til, að tekin verði fleiri embætti inn í þetta frv., því að á þessu stigi gæti það orðið til þess að spilla fyrir málinu og að frv. næði ekki fram að ganga.

Hv. þm. S.-Þ. hefur borið fram brtt. um að hækka tölu kennaranna úr 3 í 4. Þessi hækkun mundi ekki verða fullnægjandi, ef þessir föstu kennarar ættu að annast alla kennslu. Sé ég því ekki ástæðu til, að þessi brtt. verði samþ. Áður en afráðið verður að setja fastakennara

í byggingarverkfræði, þarf að fara fram frekari athugun og frekari reynsla að fást í þessum efnum, til þess að menn verði sammála um það, eins og nauðsyn þess að halda áfram kennslu undir fyrri hluta próf.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram, að allt, sem ég ætla að segja, er í fullu samræmi við það, sem sagt hefur verið fyrr um þetta mál. En af því að þetta er stórt mál, vil ég láta það heyrast, að ég hef ekki fylgt því með hangandi hendi, heldur af miklum áhuga.

Þegar talað er um, að þetta sé stórt spor, það þurfi að taka þetta í áföngum, flýgur mér í hug atvik úr sögu háskólamálsins, þegar stórt spor var stigið, en það er ekki með þessu frv., heldur með stofnun háskólans. Það var stórt og djarft spor. Það er þegar fyrir löngu orðið ljóst, að ekki er hægt að einskorða háskólanám við guðfræði, læknisfræði og lögfræði. Þessar greinar komu fyrst. Síðar kom viðskiptafræði og svo verkfræðideildin. Hún var stofnuð af nauðsyn, vegna ófriðarins.

Ég verð að taka undir það með þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan mér, að það er sjálfsagt að efla norrænudeildina, efla sjálfa fræðadeildina sem allra mest. En þann hugsunarhátt, að ekki sé nauðsynlegt að stofna hér fullkomna verkfræðideild, skil ég ekki. Þróun síðustu ára heimtar stöðugt meiri verklega þekkingu, og við verðum því að koma á fót fullkominni verkfræðideild, sem getur útskrifað þá verkfræðinga, sem þjóðfélagið þarfnast. Menntun þeirra þarf að fara fram hér á landi. Staðhættir landsins krefjast þess, að þeir fái sérstaka íslenzka þekkingu í þessum efnum. Hana fá þeir bezta hér heima á Íslandi, og hún á bezt heima hér á landi.

Ég vil geta þess til samanburðar, að til þess að geta haft marga kennara í norrænum fræðum þurfa undirstöðurnar að vera lagðar á vettvangi raunveruleikans.

Svo er það eitt, sem veldur því, að ég held, að rétt sé að fylgja frv., en það eru meðmæli háskólaráðs. Ef ekki er hægt að taka tillit til þeirra, er líka hægt að véfengja starf háskólans. Mér dettur ekki í hug, að þessir menn vilji baka ríkissjóði aukin útgjöld nema fyllsta nauðsyn sé til þess. Meðal þessara manna eru prófessorar í læknisfræði. Ef við getum trúað þeim fyrir að krukka í okkar vesæla kropp, getum við eins treyst þeim í þessu efni. Það liggur skýlaust fyrir, að framgangur þessa frv. er hin mesta nauðsyn, og vil ég ekki leggja stein í götu þess með því að flytja brtt. við það, með því líka að þingtíminn styttist nú óðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 604 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 472, 604, 638, 639).

Jónas Jónsson: Ég flutti smávægilega brtt. við 2. umr., en tók hana aftur til 3. umr., til þess að málið fengi betri athugun.

Það er nú ekki hægt að neita því, að það er nokkuð mikill stórhugur viðvíkjandi háskólanum, því að það rignir niður daglega nýjum frv. um aukna kennslukrafta eða þá réttindum fyrir kennara að fara burt, en halda þó réttindum sínum.

Ég vil þó aðeins benda á það, sem ég hef lauslega bent á áður, að það er í raun og veru í l. frá 1936, þar sem atvinnudeildin er talin sérstök deild, þó að þar sé engin kennsla, og er réttast að fella þetta niður, með því að ekki er nein náttúrufræðikennsla þar, heldur vinnustofur og rannsóknarstofa. Og þessi hv. d. samþ. fyrir sitt leyti að gera fullkomna verkfræðideild við háskólann, ekki aðeins fyrri hluta námsins, eins og fyrst var ætlazt til, heldur líka síðari hlutann. En þá finnst mér ekki til neins annað en að ganga hreinlega frá því, að það verði athugað, að þessir verkfræðinemar fái þar fullkomna kennslu og þeir verði síðar færir til síns starfs. Ég álít, að það hefði verið miklu réttara að gera aðeins ráðstafanir til þess að hafa fyrrihlutakennslu, en háskólinn sækir á um þetta, og menn vilja láta það eftir honum, og hæstv. ríkisstj. virðist því fylgjandi. En það er spursmál, að búið sé svo vel um, að nokkrar líkur séu til, að af því verði sæmilegt gagn. Mér er kunnugt um, að áhrifamenn við háskólann vilja fá 3 fasta menn þar í viðbót, en hafa trú á því, að það gangi betur að fá þingið til þess að samþ., með því að óskir þeirra komi í smáskömmtum. En mér þykir rétt, að hæstv. Alþ. láti ekki leika með sig, en gangi að því að stofna þetta, ef það á annað borð vill gera það.

Nú er þannig ástatt, að við framhaldsnám er ekki nema um einn æfðan verkfræðing að ræða sem stendur, hvað hafnargerð viðvíkur. En þessi þýðingarmikla kennsla er unnin í hjáverkum. Nýlega hefur þessi verkfræðingur verið ráðinn hjá bænum. Og þó að hann annist kennsluna í vetur, er talið, að það verði ekki lengur. Þannig vantar nú æfðan verkfræðing í vegamálum, brúamálum og jafnvel til fleiri hluta. Það er engin vafi, að ef við samþ. frv., eins og það er nú, kemur innan skamms að því, að fjölga verður upp í fimm. Er þá spursmál, hvort menn vilja taka fjóra strax, þannig að það sé sæmilegur aðbúnaður í bili, eða hvort menn vilja bíða eitt ár, þangað til við fáum yfir okkur allar kröfurnar.

Bjarni Benediktsson: Ég veit ekki, hvort það hefur mikla þýðingu að ræða málið mjög í þessari d., vegna þess að með úrslitum, sem mál varðandi háskólann fékk um daginn, er sýnt, að örlög þessa máls verða ráðin með áróðri bak við tjöldin, enda gengið svo hart að, að mönnum var meinað að flytja brtt. Meiri hl. knýr málið fram, hvað sem öllum röksemdum og skynsemi líður. En ég vil samt fyrir mitt leyti ekki láta þetta mál fara svo út úr d., að ekki sé til alvarlegrar umræðu tekið, hverjar leiðir menn hugsa sér í þessum efnum og hvort menn telji það fært að láta háskólann stækka svo gífurlega sem ráð er fyrir gert á örfáum árum, bæði hvort menn telji, að ríkissjóður hafi efni á því að halda uppi þeim mikla kostnaði, sem af því leiðir, og eins hvort stofnuninni sjálfri verður slíkt ekki hefndargjöf. Ég hef bent á það

hér í umræðunum um stofnun embættis við læknadeild, embættis, sem ég annars var fylgjandi, að reynslan varð sú frá fyrra stríði, þegar menn töldu sig hafa ærna fjármuni með höndum og stofnuðu — eftir því sem þá gerðist — í óðaönn embætti við háskólann, að þessi embættafjölgun varð háskólanum til hinnar mestu bölvunar, vegna þess að sí og æ var hann hafður milli tanna sem ópörf útþenslustofnun. Og ætíð þegar þurfti að spara fé ríkissjóðs, sem stundum var á þeim árum, varð háskólinn einna helzt fyrir, vegna þeirrar útþenslu, sem hann varð fyrir í síðasta stríði, en var þó lítilvæg í samanburði við það, sem nú á að gerast. Það má að vísu segja varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, að ekki sé ráðgert í raun og veru, að háskólinn verði fyrir kostnaði nema af tveimur nýjum embættum. Hitt séu allt embætti, sem þegar sé búið að stofna. Þetta má nú til sanns vegar færa. En ég vil fara nokkrum orðum um þetta frv. í heild. Hér á að lögfesta tvö dósentsembætti í viðskiptafræði við lagadeildina. Að mínu áliti var í upphafi rangt farið að og háskólanum lítill greiði gerður, þegar þessi svokallaða viðskiptadeild var sett í háskólann. Ég fyrir mitt leyti hafði þá eindregna sannfæringu fyrir því — og fjallaði um það mál í háskólanum á sínum tíma — og sú sannfæring hefur styrkzt af því, sem síðar hefur skeð, að þessari kennslu sé ákaflega óhagkvæmlega fyrir komið í háskólanum. Ég er sannfærður um, að það hefði verið miklu skynsamlegra að koma upp til viðbótar aukinni kennslu í verzlunarskólanum, kennslu, sem þeir menn úr verzlunarskólanum, samvinnuskólanum og menntaskólanum, sem ætluðu að leggja fyrir sig þessi fræði, hefðu getað tileinkað sér. Með þessu móti hefðu starfskraftarnir bezt orðið nýttir og helzt verið farið að í samræmi við það, sem reynsla annars staðar hefur sýnt, að hagkvæmt væri. Í stað þess var af miklu ofurkappi og sannast að segja, að því er mér skilst, óskiljanlegu ofurkappi, lögð áherzla á að koma þessari viðskiptadeild inn í háskólann, og naut það mikillar hylli, bæði hjá meiri hl. Alþ. og miklum meiri hl. háskólakennara og stúdenta. En menn urðu ekki jafnhrifnir af því, sem var svo sjálfsögð afleiðing af þessari ráðstöfun, þegar þáverandi kennslumálaráðh., hv. 1. þm. Reykv. (MJ), veitti verzlunarskólanum stúdentsprófsréttindi. Þá ætluðu stúdentar alveg að ærast. Og ég held, að háskólaráðið hafi sent þáverandi kennslumálaráðh. illmæli og skæting fyrir þessa ráðstöfun hans, sem var þó auðvitað sjálfsögð. Því að hvernig geta menn hugsað sér, ef hér á að halda uppi einhvers konar æðstu menntastofnun í verzlunarfræðum, að útiloka þá menn, sem sérstaklega hafa frá upphafi hugsað sér að gera verzlun að sínu lífsstarfi og miða sinn undirbúning frá barnaskólaaldri við það starf, — útiloka þá frá þeirri æðstu menntastofnun? Það er slíkt ranglæti og fásinna, að engu tali tekur. Stúdentar virtust ímynda sér, að þeir gætu fengið viðskiptadeildina sem atvinnustofnun handa sér, sem gerði þá rétthærri öðrum verzlunarmönnum í landinu. Reynslan á víst eftir að staðfesta það hér, að hægara er að koma vitleysunni á en að afnema hana aftur. Og sjálfsagt verður hvorki af því, að viðskiptadeildin verði færð úr háskólanum né heldur að stúdentsprófsréttindi verði tekin af verzlunarskólanum. En mér sýnist samt rétt að bíða með fullnaðarákvörðun um það, hver háttur á þessu verði hafður, þangað til menn hafa tekið ákvörðun um, hvernig framtíðarskólakerfi landsins skuli skipað og þar með verzlunar- og viðskiptakennslu. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það er háskólanum til bölvunar og verzlunarstéttinni enginn greiði með því gerður að vera að blanda þessu saman við háskólann. Og þó að ég vilji nú ekki á þessu stigi málsins koma með till. um það að fella viðskiptadeildina niður, þá sé ég ekki ástæðu til þess að vera að samþykkja þessi tvö embætti eins og sakir standa, heldur finnst mér megi bíða með að lögfesta þau, þangað til búið er, eins og ég sagði, a. m. k. að athuga þær till. um framtíðarskipulag skólamálanna, sem í undirbúningi hafa verið.

Ég mun þess vegna bera fram skrifl. brtt. um að fella 2. gr. frv. niður og að þessir tveir dósentar verði þá með sama hætti og verið hefur lausráðnir, þangað til endanleg skipun er á þetta komin.

Varðandi aftur á móti 3. gr., þá er þar ætlunin að stofna tvö dósentsembætti við heimspekideild háskólans, í bókmenntum og sögu. Það segir ekki — og sýnir sannast að segja flaustурslegan undirbúning málsins — í hverrar þjóðar bókmenntum og sögu þessi embætti eiga að vera. Hér er til bókmenntafræðingur í spönsku, og hann ágætur, og menn, sem hafa lagt stund á sögu rússneska kommúnistaflokksins. Skilst mér, að ráðh. gæti valið þessa menn og gert að embættismönnum við háskólann alveg eins og norrænufræðingana, eftir frv., sem fyrir liggur. En það mun nú ekki vera tilgangurinn að stofna embætti óákveðið, heldur er ætlunin að auka þarna kennslu í íslenzkum fræðum. Og í sjálfu sér er ekki nema gott um það að segja, ef menn álíta, að íslenzka ríkið hafi efni á því að standa undir þvílíkri útþenslu í embættakerfinu, og ef menn telja, að háskólinn hafi sjálfur ekki efni á því af því fé, sem hann hefur til umráða, að standast þessi útgjöld.

Nú er það svo, að við háskólann hafa í raun og veru alveg nýlega verið stofnuð tvö fræðistörf í norrænudeild. Annað er háskólabókavarðarstarfið, sem mjög lærður og gagnmerkur maður gegnir, dr. Einar Ólafur Sveinsson, sem er ötull maður við vísindastörf, og vitað er, að hann hefur sömu laun og prófessor. Hann lítur á sitt embætti fyrst og fremst sem fræðistarf. Enn fremur er lektorsembættið í málfræði, sem annar ágætismaður, dr. Björn Guðfinnsson, gegnir. Svo sjáum við, að komið er fram frv. í Nd. um það, að prófessor Sigurður Nordal verði leystur undan kennslustarfi og verði þarna sem eins konar heiðursprófessor áfram. Og þá losnar hans embætti. Ef við því tökum tillit til þessara tveggja nýju starfa við háskólann og frv. um embætti próf. Sigurðar Nordals, sem sjálfsagt er flutt með svipuðu ofurkappi og önnur mál varðandi háskólann á síðustu tímum, þannig að þar tjáir lítt að hreyfa mótmælum, hvorki innan háskólans né utan, gegn því, sem vissum mönnum þar sýnist, — þá er á fáum árum ætlazt til að stofna fimm ný embætti við norrænudeildina. Það er í sjálfu sér ekki nema gott um þetta að segja, ef menn bara telja, að ríkissjóður hafi efni á því. En ég fyrir mitt leyti álít varðandi aðrar deildir háskólans, að þörf sé á að taka til athugunar, hvort ekki þurfi að auka kennslukrafta við þær, ef á

að auka þá svo stórkostlega við þessa einu deild, sem þó mun, næst guðfræðideild, vera mannfæst, að ég hygg. Einnig eru ýmsar aðrar stofnanir hér, sem ég álít mikilsvert fyrir að fá aukna starfskrafta, en hafa ekki fengið þá, vegna þess að menn hafa séð í það fé, sem til þess hefði farið. Hvað eftir annað hefur staðið í fjárlögum heimild til stjórnarinnar að skipa tvo nýja menn í hæstarétt, og styðst sú heimild við núverandi ákvæði hæstaréttarlaganna. Ég hef fært rök að því í sambandi við frv., sem hv. þm. Seyðf. flutti, að íslenzku réttarfari — og það má bæta við íslenzkum lögvísindum — ríður ekki á neinu meir en að fá þessa tvo menn inn í hæstarétt til viðbótar og að réttarfarinu og hæstarétti sjálfum sé beinn voði búinn, ef þar verður ekki fjölgað áður en langt líður. Ég hef samt sem áður skirrzt við að fylgja því máli eftir gagnvart ríkisstj. eða á þingi, vegna þess að mér sem fleirum hefur ofboðið sú útþensla, sem hefur átt sér stað.

Ég skal ekki hafa á móti því, að þetta mál sé gott, bara ef við getum staðið okkur við það í hlutfalli við annað. En það eru hvorki fleiri né færri en fimm ný embætti við sömu háskóladeild, sem á að stofna á örfáum árum. Mér hefur skilizt, að þessi áhugi fyrir að stofna þessi tvö dósentsembætti standi í sambandi við það, að tveir ágætir menn eiga hlut að máli. Það má nú benda á það, að nýbúið er að veita embætti í sögu, og fékk það prýðilegur maður, dr. Þorkell Jóhannesson, maður, sem ég álít, að fyrir löngu hefði átt að vera kominn að háskólanum og sé þar til mikillar prýði og gagns. En ef það embætti er rétt skipað, þá tjáir ekki að segja: Vegna þess að annar umsækjandi var um embættið, þá verðum við að stofna stöðu handa honum. En það sama er að ske í guðfræðideild. Tveir voru umsækjendur, og nú á að stofna embætti til þess að geta komið báðum að. Ef háskólinn ætlar þannig að koma sér úr vanda, verða embættin ákaflega ótrygg til lengdar, og er engri stofnun gerður meiri grikkur en ef slíkur háttur á að takast upp.

Varðandi hinn manninn, sem á að stofna dósentsembætti fyrir, sem mér er sagt, að sé prýðilegur maður, er það að segja, að ef ætlunin er að láta próf. Sigurð Nordal fá lausn, því í ósköpunum ekki að gera þennan prýðismann að prófessor í staðinn fyrir Sigurð Nordal eða að gera hann að háskólabókaverði, ef dr. Einar Ólafur Sveinsson á að verða eftirmaður Nordals? Mér sýnist vera hægt að bjarga þeim mönnum, sem hér er um að ræða, með öllum þeim embættafjölda, sem þegar er til, ef menn hafa hug á því, án þess að fara út í þá stórkostlegu útþenslu, sem hér er ráðgerð.

Til viðbótar þessu vil ég svo benda á það, að ég ásamt öðrum mönnum átti hlut að því — og hef ekki hlotið einróma þakkir fyrir — að sjá háskólanum fyrir töluvert auknum tekjum, og á ég við Tjarnarbíó. Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja, hefur árlegur hagnaður undanfarið numið hvorki meira né minna en 3—400 þús. kr. Nú mun vera búið að greiða áfallinn kostnað við að koma þessari stofnun upp. Það má að vísu gera ráð fyrir, að tekjur lækki, þegar æsinginn hverfur, en góð ágóðastofnun verður þetta væntanlega ætíð. Og hvað er sanngjarnara en að þessum tekjum verði varið til þess á hverjum tíma að launa þeim mönnum, sem afbragð þykja annarra manna, eins og mér er sagt um sagnfræðing þann, sem nú á að setja í dósentsembættið, að launa honum þannig, þangað til hann getur fengið fast embætti við sitt hæfi. Til hvers annars á að nota þessa peninga? Mér sýnist háskólinn verða að gera sér grein fyrir, að hann getur ekki haft það tvennt uppi, annars vegar forréttindi varðandi gróðafyrirtæki til þess að fá mikið fé að moða með og hins vegar að ætla að skjóta sér undan því að styrkja þá vísindamenn, sem á hverjum tíma bera af öðrum mönnum, en geta ekki komizt í embætti í bili. Tilgangurinn með því að láta háskólann fá þetta lausafé var einmitt sá, að við hér á Alþ. þyrftum ekki að vera að rífast um eða ráðstafa þessum lausu fræðimönnum, heldur gæti háskólinn sjálfur valið úr og ákveðið, hverja ætti að styrkja í bili. Að minnsta kosti hefur slíkt vakað fyrir mér. Og ég sé satt að segja ekki, hvaða ástæða er til að gera þarna frekar upp á milli. Mér er sagt, að háskólinn hafi ráðgert að ráða einn mann, sem er starfsmaður við þingið, til þess að starfa við orðabók, og taka af bíópeningunum til þess. Því er ekki hægt að fara með hina mennina á sama hátt? Ekki mundi fara í það nema örlítið brot af bíópeningunum. Og norrænudeildin hefur ekki fengið meira en sinn hluta af þessu fé til ráðstöfunar, þó að þessi háttur væri upp tekinn. En deildin hefur fram að þessu fengið bróðurpartinn af því, sem hefur verið veitt til slíkra fræða úr Sáttmálasjóði.

Sannast að segja virðist mér, að til hafi verið margar aðrar leiðir til þess að sjá háskólanum sæmilega borgið og gera hlut þeirra manna, sem hér um ræðir, ærið veglegan, þó að ekki væri til þess ætlazt að stofna nú embætti á ríkisins kostnað. En það er í sjálfu sér leitt að þurfa að beita sér á móti þessu máli, af því að það er tekið persónulega af þeim mönnum, sem eiga að fá embættin. Og svo er líka sagt, að maður snúist á móti háskólanum. En vegna þess að ég þykist vera nokkuð kunnugur, þá tel ég skyldu mína að benda á, í hvílíkar öfgar þessi efni eru komin. Ég geri það ekki sízt vegna þess, að ég er sannfærður um, að það kemur þeim mun harðar niður á háskólanum áður en lýkur, ef svo verður fram haldið, sem upp er tekið. Ég hef hugsað mér að vera ef til vill með því að stofna dósentsembætti handa þessum sagnfræðingi, vegna þess að nýbúið er að veita prófessorsembætti í þeirri grein og vonandi, að þeir starfskraftar endist lengi. En varðandi bókmenntafræðina sé ég ekki ástæðu til að greiða atkv. með honum, vegna þess að líkindi eru til, að embætti fyrir hann losni bráðlega, og háskólinn getur á meðan launað honum af sínum miklu tekjum, ef ekki er hægt að finna þessum manni hæfilegt starf annars staðar.

Það væri gaman að vita, á hverju menn eiga von, og vil ég því spyrja: Er ætlazt til þess, að hvaða svokallaður fræðimaður, sem er á lausum kili og eitthvað er tengdur háskólanum, þurfi ekki annað en að koma og segja: Hér er ég, nú þarf ég að fá embætti, — og þá ætli Alþ. að stofna það handa honum? Ég hef starfað í átta ár við háskólann og geri ráð fyrir, áður langir tímar líða, að losna úr því starfi, sem ég nú gegni. Má ég þá eiga von á því persónulega og allir, sem svipað stendur á fyrir, að þurfa ekki annað en að

koma hingað og verði þá ný embætti stofnuð handa okkur? Þessu væri fróðlegt að fá svar við.

Engin deild háskólans hefur verið kröfuminni en lagadeild. Þar hafa kennarar tekið á sig stórkostleg aukastörf, án þess að detta í hug að biðja um aukna starfskrafta. Hafa þó í raun og veru kannske engir starfsmenn við háskólann meira starf en þessir menn, sem þurfa árlega að brjótast í gegnum öll þau kynstur af lögum, sem koma frá Alþ., og reyna að fella þau á fræðilegan hátt inn í þær kennslubækur í lögfræði, sem fyrir eru.

Varðandi verkfræðideild, þá sýnist mér alveg sjálfsagt að halda uppi verkfræðikennslu. Það má að vísu nokkuð deila um það, hvort ekki sé nokkuð fljótt að fara að lögfesta þetta, meðan ekki er komin á það frekari reynsla, en við verðum að vona, að geta okkar verði slík, að við getum haldið þessu uppi. Þetta er nauðsynleg kennsla, og það er mikil þörf á fleiri verkfræðingum, og mun ég þess vegna greiða atkv. með þeim lið frv., þó að mér sýnist, að þetta hefði mátt bíða og meltast nokkuð betur með hv. þm. En vegna þess að við höfum lesið ræðu hæstv. kennslumálarh., þá er hann flutti 1. des. s. l., þar sem hann talar um þá miklu þörf, sem væri á mönnum til þessa starfa, þá vil ég spyrja hann, hvort hann hafi veitt því athygli, að það mun vera miklum takmörkunum háð, hversu margir nemendur hverju sinni fá inngöngu í verkfræðideild. Ég veit ekki, hvort það er bundið við fjóra eða eitthvað slíkt, en það er farið stranglega eftir einkunnum, án þess að til nokkurs annars sé tekið tillit. Við því, að eftir einkunnum sé farið, er ekkert að segja, úr því að takmarkað er á annað borð, því að það er ekki svo gott að finna neitt annað út en að fara eftir einkunnum. En ég er sannfærður um, að það er mjög hættulegt að setja á slíkar takmarkanir um fjölda námsmanna. Menn setja þær venjulega svo þröngar og með þeim hætti, að reynslan sýnir, að ef eftir þeim hefði verið farið, mundi mannaskortur hafa orðið. Ég held það sé ekki hægt hjá því að komast, að það sé hættulegt bæði fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir einstaklingana, ef á að meina unglingum að halda áfram á námsbrautinni, vegna þess að þeir við eitthvert eitt próf, sem þeir hafa staðizt, hafa ekki fengið jafnháa einkunn og einhver annar, þó að þeir hins vegar standist sjálft prófið. Það verður að krefjast einhverrar lágmarksþekkingar, en það, hvort einhver fær kannske broti úr stigi hærri eða lægri einkunn á einhverju prófi, er svo valtur mælikvarði, að ég tel það mikinn ábyrgðarhluta að láta framtíð unglingsins falla og standa með því, og eins er hættulegt fyrir þjóðfélagið í heild að fara eftir slíkum mælikvarða. Ég hef alltaf verið andvígur þessum takmörkunum á nemendafjölda í háskóladeildunum. En mér skilst, að slíkar takmarkanir eigi sér stað í verkfræðingadeildinni. En mér finnst ekki falla saman, annars vegar þetta tal um mikinn skort á verkfræðingum og hins vegar að hafa jafnstrangar takmarkanir á þessu og verið hefur. Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. kennslumálarh. að taka þetta atriði nú til íhugunar. Ég hef kannske gerzt heldur fjölorður um þetta mál, en ég vil þó enn taka það fram, að það má ekki skoða ummæli mín svo, að ég vilji ekki veg háskólans sem mestan. En ég hef á því nokkuð aðra skoðun, hvernig háskólanum sé bezt þjónað, heldur en sýnist vera ráðandi hér á þingi og í háskólanum sjálfum, og hef ég því fremur viljað láta í ljós sannfæringu mína í þessum efnum.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég þarf ekki að segja mikið í sambandi við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Það geta verið skiptar skoðanir um einstök atriði þessa frv. Það geta t. d. verið skiptar skoðanir um það, hvort rétt hafi verið að stofna viðskiptadeild, en þar eru nú starfandi tveir dósentar, og það er ekki um annað að ræða hér en það, hvort rétt sé að lögfesta þá. Ég vil ekki fara út í neinar deilur um það, hvort hér hafi verið valin rétt leið, þegar þessi embætti voru stofnuð, en ég býst við því, að þessi embætti verði ekki látin niður falla, þannig að það skipti ekki mjög miklu máli, hvort þetta verður lögfest eða ekki, og sé því ekki þörf á að ræða sérstaklega um þetta mál í því sambandi.

Að því er snertir þau tvö embætti, sem samkvæmt frv. er ætlazt til, að verði lögfest við heimspekideild háskólans í bókmenntum og sögu, þá eru færð fram þau rök fyrir þeim kröfum, að hér sé um tvo mjög hæfa menn að ræða, sem háskólinn vilji festa. Hv. 6. þm. Reykv. álítur, að þess gerist ekki þörf að taka nema annan manninn og telur, að hægt væri a. m. k. um stund að gera hinum manninum kleift að stunda fræði sín af því fé, sem háskólinn hefur yfir að ráða. Ég skal ekki deila við hv. þm. um þetta, en ég tel hins vegar rétt, þar sem hér er um tvo vel hæfa menn að ræða, að þeir verði festir við háskólann, og ég hygg þó, að heppilegt væri fyrir framgang frv., að það yrði samþ. óbreytt. Ég veit, að það eru nokkuð skiptar skoðanir manna um einstök atriði frv., og teldi ég mjög illa farið, ef slík breyt. yrði frv. að falli, vegna þess að ég tel nauðsynlegt, að það verði samþ. Það er hægt að deila um það, hvort ríkið hafi efni á þessum kostnaði vegna þessarar vísindastarfsemi, sem hér er farið fram á, um það er hægt að deila óendanlega. En ég horfi ekki svo ákaflega mikið í þennan kostnað, þegar hæfur maður á í hlut, og meðan fjárlög eru útbúin eins og raun er á, væri vissulega hægt að spara útgjöld, sem næmu mörgum prófessorslaunum, með því að strika burtu ýmsa útgjaldaliði, sem að mínum dómi eru óþarfir. En það, sem ég tel höfuðatriði þessa frv., er stofnun verkfræðideildar, og þar erum við að mestu leyti sammála, að það sé nauðsynlegt að stofna þessa deild og það sé nauðsynlegt, að þessi kennsla haldi áfram, því að hér er aðeins um að ræða að lögfesta þá kennslu, sem farið hefur fram við háskólann og í þetta skipti þó aðeins undirbúninginn að fyrrihlutaprófi í verkfræði. Ég held líka, að það sé alls ekki ágreiningur um það, að það beri að halda þessari kennslu áfram, en aftur á móti getur verið nokkur ágreiningur um það, hvort við höfum getað haldið uppi framhaldsnámi í verkfræði. Það er alveg augljóst, að það er hægt að kenna almenn fræði hér eins og annars staðar. Það er hægt að kenna stærðfræði og eðlisfræði hér á landi, alveg eins og annars staðar í heiminum. Hins vegar er nokkur vafi á því, hvort hægt sé að halda þessari kennslu uppi með lausakennslu, það er a. m. k. ekki hægt til frambúðar, og er því ekki eftir neinu að bíða og töluverð hætta í því falin, að ekki verði þegar sett-

ir 3 fastir embættismenn til að hafa á hendi þessa kennslu, eins og hér er farið fram á. Hv. 6. þm. Reykv. spurði að því, hvort mér væri kunnugt um, að takmarkanir ættu sér stað í þessari deild, það væri mjög takmarkað innstreymi í deildina. Ég hef ekki kynnt mér þessar takmarkanir, en er sammála hv. þm. um það, að það sé mjög illa farið, að takmakað sé innstreymi í þessa deild, það þyrfti að búa þannig að þessari deild, að slíkar takmarkanir þyrftu ekki að koma til greina, þannig að allir, sem óskuðu að stunda verkfræðinám, gætu notið náms til fyrri hluta prófs, þegar þeir hefðu útskrifazt úr stærðfræðideild menntaskólans. Ég get upplýst hv. þm. um það, að á s. l. vori tóku sex stúdentar fyrri hluta próf í verkfræði og stunda þar allir framhaldsnám. Nú eru í eldri deild 7 stúdentar, en 14 í yngri deild, eða 27 alls, sem stunda verkfræðinám við háskólann, þannig að það er ekki svo umfangslítil kennsla, sem þarna fer fram nú þegar. Ég vildi svo mælast til þess, að það yrðu ekki á þessu stigi málsins gerðar breyt. við þetta frv., og er það ekki vegna þess, að ég teldi skaða, þó að einhverjar breyt. næðu fram að ganga, ef aðalatriði frv. yrði samþ., heldur vegna hins, að ég tel, að frv. væri stofnað í nokkra hættu, þegar svo mjög er liðið á þingtímann.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 688) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Við 2. umr. þessa máls hafði ég minnzt örlítið á frv. og það atriði, sem mér þótti þar athyglisverðast. Ég verð að segja, að nú, eftir að hafa heyrt ræðu hv. 6. þm. Reykv., býst ég við, að afstaða mín gagnvart hagfræðideild verði nokkuð önnur. Ég verð að treysta því, að sá maður, sem hefur verið deildarforseti lagadeildar um skeið og verið þar prófessor nokkuð lengur, þekki þessar deildir. Ég hugði og gat um það við 2. umr., að það mundi vera þannig kennslufyrirkomulag, að það mundi ekki vera fært fyrir deildina að missa þessa tvo hagfræðinga, sem nú gegna kennslu við þá deild, en þar sem þetta horfir öðruvísi við að kunnugra manna dómi og þess manns, sem ég treysti, að hafi bæði dómgreind og þekkingu til að fara rétt með þau atriði, get ég fylgt honum þar að máli. Aftur á móti er það eins og ég tók fram áður, að ég sé ekki ástæðu til að fara að breyta um í frv. þeirri till., sem er um norrænudeildina, því að eins og áður hefur verið minnzt á, verður sú deild og á að vera sómi háskólans og á að bera hann uppi, ekki síður utanlands, einkum á Norðurlöndum. Þess vegna var það ætlunin þegar í stað, þegar skólinn var settur, að efla þá deild meira en aðrar deildir háskólans. En hitt gæti hugsazt, að setja mætti ákvæði í þetta frv. um það, að þessi dósent, sem nú þegar er skipaður, gæti tekið að sér að kenna í forföllum hinna reglulegu prófessora, og þyrfti þá ekki strax að skipa annan mann í staðinn, þó að prófessor félli frá eða fengi leyfi frá kennslu.

Um 3. atriðið, verkfræðideildina, vil ég segja það, að ég tel það mjög vanráðið að fara nú að lögfesta 3 prófessora í þeirri deild. Ég er ekki að halda því fram, að þessi deild sé óþörf, hún mun að mörgu leyti þörf, en ég hugði, að það hefði verið hægt að bíða fram yfir stríðslok með það að lögfesta þessi prófessorsembætti við þá deild. Við getum búizt við því, að í stríðslok komi hingað aftur heim ýmsir verkfræðinemar, sem búnir séu að taka próf í verkfræði, og þeir komi með ýmsar nýjungar, sem þeir hafi numið ytra, og miklu meiri þekkingu hingað inn í landið en þeir hafa, sem fyrir eru. En mundi þá ekki fara eins og í norrænudeildinni, mundi þá ekki verða að byrja einn áfangann enn, 2—4 verkfræðinga til viðbótar, af því, hvað ágætir menn þetta væru og þeir þyrftu að komast að þessari deild til þess að geta kennt þar verkfræðingaefnum? Ég segi fyrir mig, að ég held það sé vafasamt að fara að byrja nú á að lögfesta þessi embætti, því að það getur orðið til þess, að við seinna sjáum eftir því og þyki sem okkur vanti autt rúm fyrir ýmsa menn, sem við teldum, að ættu að eiga sæti þar sem prófessorar. Þess vegna finnst mér varasamt að fara mjög fljótt að með þessi mál, en stilla heldur í hóf. Hæstv. kennslumálaráðh. hvarf úr d., en mig sem fjvnm. hefði langað til að fá að vita hjá honum, hvaða liðir það væru, sem nú ætti að strika út af fjárl. Væri gott, að fjvn. fengi að vita það nú fyrir 3. umr. fjárl.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. vildi ég benda á það, að ástæðan til þess, að svo mjög er sótt á um fjölgun embætta við háskólann sem raun ber vitni um, er vafalaust hið almenna viðhorf í peningamálum. Röksemdir hans um þetta hygg ég séu réttar, og einnig hygg ég, að sá spádómur hans sé réttur, að í þessum efnum færi að verða lítið um peninga til þess að standa undir því, sem nú þykir létt, þegar frá líður núverandi góðæristímabili. En þegar þess er gætt, að nú hefur verið mynduð stj. með það sem eitt af aðalstefnumálunum að festa embættislaun ríkisins um alla framtíð, búa til föst launalög, sem eru svo gífurleg, miðuð við núverandi ástand, að ofan á þá miklu hækkun, sem sérstaklega er getið 1942, þegar verkalaun hækkuðu mikið, þá á að bæta við það, þannig að það skipti nokkrum millj., sem ríkið verður eftir þessum væntanlegu launalögum að greiða meira en nú er, — þá er þetta í sjálfu sér ekkert undarlegt.

Frá mínu sjónarmiði eru öll þau rök, sem hv. 6. þm. Reykv. kom með viðvíkjandi háskólanum, að öllu jöfnu rétt varðandi launamálin. Ástæðan til þess, að ég hef leyft mér að bera fram till. um að bæta einum prófessor við, er sú, að það er engin ástæða til annars en að fylgjast með straumnum eins og hann er, það er sífellt verið að leita á þingið, eins og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., og tel ég því rétt að prófa nú, hvort þeir þm. ætlast til, að framhaldsnám verði í verkfræði, og hvort þeir treysta sér til þess að taka afleiðingunum af ákvörðun sinni að festa við verkfræðideildina lágmark þeirra kennslukrafta, sem þarf til þess, að þessi kennsla geti orðið annað og meira en bráðabirgðakennsla. Þess vegna er það, að þessar ráðagerðir allar um launalögin og hin mikla viðbót við háskólann verða að skoðast í ljósi þess andlega ástands, sem er í landinu, og engar líkur er til annars en að að því komi, að endurtekin verði sagan frá því eftir fyrra stríð, þegar verið var að braska við að halda uppi

háskólanum með því að leggja niður sum embættin, sem stofnuð höfðu verið áður. Meira að segja, eins og hv. 6. þm. Reykv. vék að, var horfið að því að fækka í hæstarétti, því að þá þótti of mikið að hafa 5 menn í honum. Annars vildi ég nota tækifærið til þess að benda á það, þar sem sumir menn hafa mælt, að það þyrfti að fjölga aftur í hæstarétti, að það mun á hverjum tíma fullerfitt að fá, ekki aðeins prófessora í lögum við háskólann, heldur líka þessa 3 menn í hæstarétt, það hefur verið erfitt að fylla þessa tölu, þótt hér sé margt vaskra manna í þeim efnum, og þá er bent á það, að það sé svo lítill áhugi hjá lögfræðingum landsins fyrir fræðilegum rannsóknum, að það sé stór hnignun frá því, sem var, þegar Páll Briem, amtmaður, fyrir aldamót gat gefið út lögfræði- og hagfræðitímarit. Nú er ekki hægt, þrátt fyrir mikinn fjölda lærðra lögfræðinga, að gefa út eitt einasta slíkt rit. Hugsunarháttur þessara manna snýst eingöngu um það praktiska efni, svo sem málfærslu o. fl., en þessi merkilega grein íslenzkrar fræðimennsku hefur fengið einna minnstan stuðning af öllum okkar fræðigreinum síðasta mannsaldurinn. Þess vegna hygg ég, að það hafi verið réttur hugsanagangur hjá stj. að bæta ekki við í hæstarétt, þó að það hafi verið hægt samkvæmt l., og alveg sérstaklega vil ég nota þetta tækifæri til þess að benda hæstv. stj. á það, að hæstiréttur hefur frá byrjun verið settur svo hörmulega með húsnæði, að það er til skaða og minnkunar fyrir stofnunina og fyrir landið sjálft og fyrir allar þær ríkisstj., sem hafa verið hér áður, og tek ég engan þar undan, því að það er skemmst af að segja, að þetta húsnæði er ekki mönnum bjóðandi og hefur stórspillandi áhrif á menn. Eitt af því, sem var mjög óheppilegt, þegar háskólinn var byggður, var það, að ætla ekki hæstarétti sæmilegt rúm í byggingunni fyrst um sinn. En það var ekki gert, og er það að nokkru leyti hæstaréttardómurunum sjálfum að kenna, því að þeir hafa ekki með neinum eðlilegum hætti borið upp sína kveinstafi. En engu að síður er þetta atriði, sem nú er knýjandi fyrir hæstv. stj. að reyna að ráða fram úr. Mér er kunnugt um það, að einn merkur lögfræðingur hér í bænum hefur bent á það, að það væri eðlilegt að stækka skrifstofur Arnarhvols og koma þar fyrir meðal annars þolanlegum bráðabirgðahúsakynnum fyrir hæstarétt. En ég álít, að á meðan landið hefur ekki efni á því að búa betur en svona að hæstarétti, þá sé ekki afsakanlegt að fjölga mikið prófessorum við háskólann. Ég álít, að ræða hv. 6. þm. Reykv. sé merkileg að því leyti, að þar kemur í fyrsta skipti fram frá manni, sem starfað hefur við háskólann, það, sem kalla mætti heilbrigða dómgreind. Það kom hvað eftir annað fram í ræðu hans, að hann finnur það, að Alþ. hefur sótt málið með ofurkappi fyrir stofnunina, hefur barizt fast fyrir stækkun hennar, án þess að gætt hafi verið skynsamlegra úrræða.

Það þurfti endilega að bæta því við að framlengja happdrætti háskólans dálítið. Þá var tekið fram, að þegar búið væri að byggja aðalbyggingu háskólans, ætti að nota happdrættið til að efla aðrar byggingar. Það vita allir, að t. d. stjórnarráðshúsið er alveg óviðunandi bygging fyrir jafnvirðulega stofnun, og stafar það af því, að það vantar blátt áfram peninga til þess. Menn vita, að þetta hús er ekki einu sinni frambærilegt fyrir Alþ. til lengdar, og er þó stjórnarráðshúsið miklu verr sett. Alþ. gat unnað háskólanum þess að fá mjög myndarlega byggingu yfir sig. En hvað gerði þá háskólinn? Hann notfærði sér þá grunnhyggni ýmissa manna hér til þess að koma því fram, að hann megi hafa þessar tekjur, sem nauðsynlega þurfti, m. a. til að endurbyggja stjórnarráðshúsið, — til að leika sér, því að ég kalla það að leika sér, þegar sumir forráðamenn háskólans komu hér á s. l. sumri með skipulagningu um leikhöll, sem átti að kosta 5 millj. kr., badmintonhöll o. fl. Ég gæti meira að segja trúað, að búið væri að leyfa þetta. Þ. á m. voru nokkrir menn í þingmannsaðstöðu, sem undanfarin ár hafa getað leikið sér að Alþ. og ríkisstj. og gert hvað, sem þeim sýndist, þannig að einn af þeim mönnum, sem bezt þekkir til og veit hvert stefnir, bendir nú á, að hér hafi verið of langt gengið.

Það er þess vegna ekki ósennilegt, að þessi fyrsta rödd frá manni, sem þekkir háskóla landsins og bæinn, geti orðið upphaf þess, að smátt og smátt verði tekin upp um þetta önnur stefna, en það mun þó ekki verða fyrr en kominn er sá tími, að bæði bæ og ríki er farið að skorta peninga áþreifanlegar en nú er og meira vit komið til skjalanna en sýnt hefur verið í þessum efnum.

Ég vil víkja að einu atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem var ekki nema eitt af þessum ofurkappsmálum háskólans, þ. e. innlimun viðskiptadeildarinnar. Mál þetta var tekið upp sem liður í undirbúningi Íslands til þess að gera, eins og gert var í ár, fullkominn skilnað við Danmörku, af hálfu ráðamanna þriggja flokka í landinu, að ala upp unga menn til þess að vinna erlendis að verzlunarmálum landsins sem væntanlegir konsúlar o. s. frv. Þetta mál var á eðlilegu tilraunastigi og eitt af þeim fáu málum, þar sem Alþ. og ríkisstjórn hafði tekizt að hefja svo náið samstarf við ýmis atvinnufyrirtæki, að þau lögðu á sig ekki svo litlar byrðar til að greiða fyrir lánum, sem áttu að koma þjóðinni að gagni. Hefði þessu verið haldið áfram, hefði þjóðin eignazt menn, sem hefðu fengið allt aðra undirbúningsmenntun til viðskipta en áður. — En þegar þetta var á góðu þróunarstigi, kom krafa frá háskólanum um, að þetta skyldi verða innlimað í háskólann sem viðskiptadeild til þess að bæta úr erfiðleikum stúdenta, sem ekki vissu, hvað þeir ættu að gera. Þessi deild er því hreinasta atvinnubótadeild fyrir íslenzka stúdenta, og þar með slitinn sundur sá þráður, sem tekinn var milli framleiðenda og hinnar væntanlegu stofnunar. — Síðan er þessi leið algerlega lokuð, þar sem tilgangurinn var sá með þessari stofnun að geta fengið þangað unga menn úr verzlunarstétt, er sýnt höfðu í verzlunar- og viðskiptastörfum, að þeir væru álitlegir til náms: Nú veltast inni í þessari deild piltar, sem hafa byrjað nám oft fyrir metnað foreldra sinna, til þess að komast gegnum menntaskólann og fá eitthvað að gera. Eftir sem áður er óleyst það vandamál að geta látið duglega unga menn úr verzlunarstétt fá þróttmikinn undirbúning til sinna starfa. En ekki hef ég orðið þess var, að þeir piltar, sem koma úr þessari deild, séu taldir líklegir að hafa slíka menntun til að bera. Og ég vil benda á, að hvort sem litið er á sögu kaupfélaga eða kaupmanna hér á landi frá 1877, má

heita, að það séu annaðhvort lítt eða með öllu óskólagengnir menn, sem hafa gert verzlunina frjálsa.

En nú mun ekki þýða fyrir menn, þótt þeir hafi þekkingu á háskólanum, eins og hv. 6. þm. Reykv., að benda á, að rétt sé að fara gætilega. Allar þessar till. munu ná fram að ganga um fjölgun embætta, og sett munu verða launalög, sem bæta nokkrum millj. við það, sem fyrir er. Og þessu mun ekki linna, fyrr en neyðin kennir Íslendingum, að þeir hafa lifað um efni fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 639. Ég legg til, að 3. gr. frv. verði felld niður, og skal ég færa fyrir því nokkur rök.

Í þeim umr., sem hafa farið fram um þetta mál, hefur komið í ljós, að stofnun dósentsembættanna er óþörf, með því að skólinn þarf ekki á þessum auknu kennslukröftum að halda, stofnun embættanna er því einungis gerð til þess að tryggja tveim ungum mönnum góða atvinnu við háskólann, án þess að hann þurfi á þeim að halda. Er tilgangslaust að mæla þessu gegn, þar sem hv. 1. þm. Reykv. hefur m. a. viðurkennt þessar staðreyndir. Og með því að ég er því algerlega mótfallinn, að nokkur embætti séu stofnuð í landinu vegna mannanna sjálfra, get ég heldur ekki léð frv. þessu, sem fyrir liggur, fylgi mitt. Því að ef fara ætti inn á þá braut almennt að stofna embætti fyrir hvern mann, sem gott þætti að fá tryggt ævistarf með viðunandi launum, eru engin takmörk fyrir því, hvar þetta mundi lenda, en þegar auðséð, að fljótt mundi slíkt leiða út í óefni, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti réttilega á í ræðu sinni. Fyrir því hef ég talið mér skylt að bera fram þessa breytingartillögu.

Ég vil svo segja nokkur orð í tilefni af ýmsu, sem komið hefur fram í sambandi við þetta mál. — Hv. 6. þm. Reykv. flytur brtt. um, að 2. gr. falli niður, þ. e. tvö dósentsembætti í viðskiptafræði við háskólann. Ég verð að segja, að eftir að hafa heyrt rök hans í þessu máli, get ég mjög vel fallizt á þessa till., og einkum eftir að hv. þm., sem mjög er kunnugur þessu máli, hefur beinlínis lýst því yfir, að ekki sé við því að búast, að nokkur dugandi maður komi úr þeirri deild. Ég veit náttúrlega ekki, hvort þetta er réttur dómur, en hv. þm. hefur kynnt sér þetta mál mjög ýtarlega, og hafi hann rétt fyrir sér, er vitanlega engin ástæða fyrir ríkið að halda uppi miklum kostnaði við deild, sem fyrir fram er vitað, að enginn nýtur maður getur komið frá.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði réttilega, að ekki aðeins hefði háskólanum verið skapaðar árstekjur, 300—400 þús. kr. af Tjarnarbíói, heldur hefði honum líka verið séð fyrir annarri tekjuöflun, sem er happdrætti háskólans. Eins og hv. þm. S.-Þ. minntist á, hefur þetta happdrætti verið framlengt um langan tíma, og það getur engan veginn talizt réttmætt, að háskólinn, eftir að búið er að sýna honum slíkt örlæti, gerist svo langsækinn ofan í vasa ríkissjóðs að krefjast stórra fjárframlaga ofan á þessi miklu fríðindi, til þess að halda uppi einskis nýtum embættum af persónulegri góðvild í garð einstakra manna. Einhvern tíma kæmi að því, að snúa yrði við, og gæti þá farið svo, að þessi sérstöku fríðindi yrðu tekin af háskólanum aftur. Kæmi þá að því, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á, að það gæti orðið háskólanum til verra eins, að þetta frv. hefði þá náð fram að ganga, og því eins gott að fella það nú eins og að eiga á hættu að þurfa að breyta l. síðar til fækkunar á embættismönnum við þessa deild skólans.

Í öðru lagi er brtt. um að fella niður aðeins annað embættið, eins og ákveðið er í brtt. hv. 6. þm. Reykv. Ég get nú ekki fallizt á, að það sé nógu langt gengið, en að sjálfsögðu kemur mín brtt. fyrst til atkv., og mun ég þá fylgja hinni till., ef ekki verður samkomulag um að samþykkja mína till.

Þá voru það nokkur orð í sambandi við verkfræðideildina. Þar er beinlínis um að ræða fjárhagslegt sparnaðaratriði fyrir landið. Það kostar tvímælalaust miklu minna að halda uppi verkfræðikennslu fyrir slíka nemendur hér heima, svo að þeir geti að minnsta kosti tekið hér fyrri hlutann, en að láta þá nema erlendis, sumpart á sinn kostnað, en sumpart á kostnað ríkissjóðs, auk þess, sem stórum sparaðist gjaldeyrir við það, að námið færi fram hér innan lands. Af þessum ástæðum er ég því meðmæltur, að þeirri deild háskólans verði séð fyrir nægum starfskröftum til að halda uppi kennslu, auk þess, sem sú deild mundi auka hróður íslenzka háskólans, engu síður en norrænudeildin. Það er alveg sama, þótt hv. d. skilji þetta ekki, en sannleikurinn er sá, að ef héðan koma vel menntaðir verkfræðingar til framhaldsnáms við háskóla úti, sem viðurkenndu fyllilega þann undirbúning, sem þeir hafa fengið hér, er það vitanlega engu minni hróður fyrir Ísland og íslenzka háskólann en norrænukennsla og norrænuvísindi, sem segja má, að rétt sé, að ein hafi hingað til setið að því að halda uppi heiðri háskólans út á við. Reynslan mun sanna það, að þegar fram líða stundir, munu einnig hinar aðrar deildir háskólans vekja á sér athygli fyrir kennslu í sínum greinum, og að því ber að stefna.

Hv. þm. Dal. hélt því fram, að ekki væri rétt að veita þessi embætti nú, því að þá mundi framvegis ríkja sú stefna hér á Íslandi að stofna alltaf embætti, þegar einhverjir menn kæmu til landsins, sem stundað hefðu nám úti og væru atvinnulausir. Það er einmitt þetta, sem verið er að gera hér með 3. gr. Það er verið að veita þeim atvinnu við norrænudeildina, án þess að hún þurfi á þeim að halda. Og hv. d. heldur, að þessi stefna verði svo föst, að ekki verði frá henni vikið.

Vænti ég svo, að brtt. mín verði samþ., en mun að öðrum kosti samþ. brtt. hv. 6. þm. Reykv. Hins vegar mun ég greiða atkv. móti brtt. hv. þm. Dal. um að fella niður verkfræðideildina.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál mikið, heldur ræða það almennt, þar sem ekki hefur komið fram margt nýtt, og ætla ég mér ekki að hlaupa í skarðið fyrir hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um hæstarétt, happdrætti háskólans, grunnhyggni hv. þm. og annað slíkt. Einhvern veginn fannst mér hann leggja ræðu hv. 6. þm. Reykv. út á þann veg, að honum væri ekki hlýtt undir niðri til háskólans. En ég er nú ekki á sama máli, þó að hann geti að sjálfsögðu haft aðrar skoðanir á því, hvað háskólanum bezt hentar.

Um ræðu hv. þm. Barð. vil ég segja það, að hann

þekkir ekki mikið til háskóla í veröldinni, ef hann heldur, að stöðurnar séu ekki veittar vegna manna, — né heldur hefur hann mikið vit á því, hvað þarf að segja til þeim mönnum, sem stunda móðurmálið, sögu og bókmenntir við háskólann. Við höfum máske ekki ráð á því, en það er hið algengasta, sem til er, að háskólar óski eftir ágætum mönnum, frábærum mönnum, alveg án tillits til þess, hvort bein nauðsyn er fyrir þá til kennslu eða ekki. Þýzkir háskólar t. d. hafa sótt marga af ágætustu mönnum Norðurlanda, því að Norðurlönd hafa getað keppt við þá á þessu sviði. En á þessu veltur hróður háskólans. Háskólinn er tvíþætt stofnun. Annars vegar tilsagnarstofnun eða kennslustofnun og svo hins vegar auðvitað hrein vísindastofnun, og er það einmitt sá þáttur háskólastarfsins, sem mestan þátt á í því að skapa hróður háskólans út á við. Ég geri ráð fyrir, að við Íslendingar eigum erfitt með að bera hróður háskólans undir heiminn nema í þeim fræðum, sem snerta okkur sérstaklega, og kemur þá ekki til greina af okkar deildum önnur en norrænudeildin.

Hitt er annað mál, hvort við getum sent vel menntaða menn til framhalds-verkfræðináms. Ekki hef ég samt mikla trú á því, að menn frá áhaldastofnun verkfræðideildarinnar gætu orðið til þess að auka hróður okkar erlendis.

En vitanlega verðum við að meta það eftir okkar efnahag, hvað við getum látið marga menn leggja stund á norrænu frá vísindalegu sjónarmiði.

Ég skal ekki tala mikið um viðskiptadeildina. Rök hv. þm. Barð. gegn henni virtust mér aðeins þau, að hv. þm. S.-Þ., sem hann ber mjög mikið traust til, sagði, að aldrei mundi koma nokkur dugandi maður úr þeirri deild, og þar með var það afgert í huga hv. þm. Barð.

Hv. 6. þm. Reykv. bar fram ýmislegt viðvíkjandi þessari deild, sem ég ætla hv. frsm. n. að svara. En ég vildi aðeins segja það, að viðskiptastéttin í landinu er svo stór og innir af hendi svo mikið hlutverk, að mér finnst blátt áfram óhæft, að ekki sé eitthvað gert til þess, að í þeirri stétt sé alltaf stór hópur vel menntaðra manna, án þess ég ætli að segja, að þeir verði nokkuð hæfari en aðrir menn. Ég held, að þetta yrði mikilvægt fyrir þjóðfélagið.

Mér skilst af þeim orðum, sem hér hafa fallið um happdrætti háskólans, að menn álíti háskólann skyldan til að standa undir rekstri sínum sjálfur, af því að hann hefur happdrættið. Sannleikurinn er sá, að hann má auðvitað ekki nota neitt af þessu fé nema til að byggja fyrir. Háskólinn hefur hafizt handa um tekjuöflun til að byggja hús, sem annars er óhugsandi, að ríkið hefði getað komið upp af eigin rammleik. Auk þess hefur ríkið tekið dálítið af þessu fé til annarra þarfa, sem hefði annars komið í hlut ríkisins að greiða. Svo að happdrættið má áreiðanlega ekki reikna þannig, að það séu sérstakar ástæður fyrir ríkið að draga við háskólann, af því að hann kom því upp.

Það, sem kom mér til að standa upp, var eitt atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., þess eðlis, að mönnum gæti e. t. v. virzt, að til greina gæti komið, að háskólinn hefði nú fengið svo arðbæra stofnun, þ. e. Tjarnarbíó, að hann gæti vel staðið undir einhverjum embættum, t. d. í norrænu. En þetta er ekki eins og sýnist. Sannleikurinn er sá, að Tjarnarbíó er ekki annað en fyrirkomulag til að ávaxta fé sáttmálasjóðs. Háskólinn fékk þennan mikilsverða sjóð árið 1918.

Það er langt síðan háskólaráð fór að taka eftir þeirri hættu, sem vofði yfir sjóðnum. Eftir að peningarnir fóru að rýrna, fóru menn að velta fyrir sér, hvað yrði um þessa starfsemi, þegar peningarnir rýrnuðu svo, að þessar 40 þús. kr. dygðu ekki til nema örlítils af því starfi, sem áður hafði verið. Út frá þessu braut háskólaráð mjög heilann um það, hvernig ætti að komast hjá þessari hættu. Það var talað um að kaupa stórhýsi í Reykjavík fyrir einhvern hluta af sjóðnum til að eiga einhverja fasteign, sem væri í fullu verðmæti, eða eiga eitthvert fyrirtæki, sem mætti líta á, að hættulítið væri að setja fé í. Þá hugsuðu menn sérstaklega til bíórekstrar, af því að þau voru þá nokkurn veginn sérréttindafyrirtæki, svo að það var ekki frjáls samkeppni, sem komst þar að. Fyrir atbeina hv. 6. þm. Reykv. gat háskólinn með mjög hentugum hætti komið upp þessu bíói. Hefur þetta fyrirtæki síðan orðið mjög mikill léttir fyrir skólann. Ég vil skjóta því til hv. þdm., hvort þeir haldi ekki, að þau útgjöld, sem sjóðurinn hefur átt að standa undir, hafi ekki hækkað allmikið, t. d. hefur útgáfa kennslubóka margfaldazt, utanfararstyrkur hefur ekki komið svo mikið til vegna stríðsins, en ef ætti á slíkum tímum, og það verður ef til vill svo í framtíðinni, að veita utanfararstyrki, sem að verulegu gagni kæmu, þá er sá kostnaður vitanlega margfaldur á við það, sem var. Það sér maður á styrk, sem stúdentar hafa nú, sem eru við erlenda háskóla. Ég held, að ætti að halda þeirri reglu, sem haldið hefur verið frá 1918, að lofa sáttmálasjóði að standa fyrir þessu eins og t. d. utanferðum til að vega á móti þeirri einangrun, sem háskólakennarar hér á landi verða við að búa við sitt fræði- og vísindastarf. Hinu vil ég mjög ráða frá, að láta sjóðinn standa undir hinum reglulegu útgjöldum háskólans, t. d. embættiskostnaði hans. Ég held, að bezt sé að stinga þar heldur fótum við. Eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, þá eru þessar tekjur að nokkru leyti meiri vonarpeningur en áður, því að búast má við, að bíó fari að verða ekki eins góður tekjustofn og áður, því að mér skilst, að nú eigi að fara að gefa þennan rekstur lausan og menn geti nú sett upp slík fyrirtæki gegn ákveðnum skilyrðum. Má þá búast við samkeppni, svo að minna verði upp úr því að hafa, þó að vonandi verði það gott fyrirtæki, en mikil hamingja var það, að sjóðnum var þannig komið fyrir, áður en peningar voru orðnir jafnlítils virði og þeir eru nú orðnir.

Ég vil því mælast til þess, að hv. þm. breyti ekki frv. fyrir smáatriði. Mér virðist á því, sem fram hefur komið í málinu, að þær breyt., sem hér koma helzt til greina, séu mjög mikið álitamál. Einn segir, að ekki eigi að hafa verkfræðideild, annar, að ekki eigi að bæta við í norrænudeild, og sá þriðji, að ekki eigi að hafa viðskiptadeild. Er þetta ekki vottur þess, að hér eigi að fara eftir þeim till., sem háskólaráð hefur borið fram og mælt með? Háskólaráð er engan veginn angurgapastofnun. Ef Alþingi getur verið fhaldssamt, þá held ég, að háskólaráðið geti verið það líka og fari ekki fram á neinar angurgapatill. Ef það leggur eitthvað til,

þá er það af því, að það telur, að það sé þjóðinni og háskólanum til góðs. Hæstv. kennslumálaráðh. var að tala um liði í fjárl., sem eins vel mætti skera niður eins og að spara við háskólann. Ég vil benda á margs konar starfsemi. Við höfum nú fulltrúa á flugmálaráðstefnu vestur í Ameríku. Mér er ekki kunnugt um gagnið eða kostnaðinn við að hafa fulltrúa á þessari ráðstefnu, þar sem þeir geta ekki haft aðstöðu til að láta neitt til sín taka, en ég efast ekki um, að kostnaðurinn er svo mikill, að hann mundi nægja ég veit ekki hvað mörgum af þessum nægjusömu vísindamönnum okkar í eitt ár. Ég get ekki hugsað mér kostnaðinn minni en 100 þús. kr. fyrir að vera þar til ósýnilegs gagns, og fyrir það fé gætu margir nægjusamir menn unnið stórvirki, því að okkar vísinda- og fræðimenn eru vissulega mjög nægjusamir, og ég held, að þeirra kröfur til fjár séu yfirleitt lágmarkið af því, sem menn óska, að gert sé.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 472, 604, 638, 639, 688).

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Mér datt ekki í hug, þegar ég tók að mér framsögu í þessu máli, að það mundu verða svo miklar umr. í deildinni. Þetta frv. gekk greiðlega gegnum Nd. og var afgr. þaðan með aðeins fjórum mótatkv. Við 2. umr. hér í hv. d. komu fram lítil andmæli gegn frv., og var það afgr. til 3. umr. með talsverðum meiri hl. atkvæða. Við 3. umr. risu svo þm. upp með brtt., hvorki meira né minna en um það að fella niður nokkrar greinar frv., þ. e. a. s. tvær till. eru um að fella niður 2. gr., en ein till. um að fella niður 4. gr. Ég hef hlustað hér á umræður um málið, og mér hefur fundizt aðalrök þeirra, sem ekki vilja samþ. frv. óbreytt, eins og meiri hl. menntmn. leggur til, vera þessi: Í fyrsta lagi, að menn vilji taka fyrirkomulag háskólans almennt til umræðu í sambandi við þetta frv. og séu ekki ánægðir með það af þeim ástæðum, að það brjóti eitthvað í bága við þær hugmyndir, sem þeir hafa gert sér um framtíðarfyrirkomulag háskólans. Önnur röksemdin er sú, sérstaklega í sambandi við kennaraembætti í norrænudeild, að hér sé fyrst og fremst verið að útvega einstökum mönnum embætti og atvinnu. En það, sem kalla má aðalrök gegn frv., eru þau, að af þessu leiði of mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Og sumir þeirra, sem talað hafa gegn frv. óbreyttu, hafa í raun og veru viðurkennt, að frv. væri gott og blessað, svo framarlega sem ríkissjóður hefur efni á að fjölga svo kennurum sem farið er fram á.

Ég vildi þá víkja aðeins að öllum þessum mótbárum. Í fyrsta lagi er það um fyrirkomulag háskólans almennt, sem hefur sérstaklega komið til umræðu í sambandi við lögfestingu prófessorsembætta í viðskiptafræði. Ég sá, að í Nd. hefur komið frá einum þm. slík mótbára, að ekkert yrði ákveðið um þetta embætti fyrr en mþn. í skólamálum hefði skilað áliti um fyrirkomulag æðri skóla í landinu. Milli umræðna var þess vegna leitað álits þessarar n. Álit hennar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttv. menntmn. neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 12. þ. m., sent hingað til umsagnar frumvarp til laga um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Milliþinganefndin hefur þ. 14. þ. m. haldið fund um málið. Telur hún frv. (þskj. 308) stefna í rétta átt og mælir með því, að það nái fram að ganga á Alþingi.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum.
Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson."

Hv. 6. þm. Reykv. taldi það ekki vera eðlilegt fyrirkomulag, að kennsla í viðskiptafræði væri við háskólann, heldur skildist mér svo sem hann teldi æskilegt, að það væri eins konar framhaldsdeild við verzlunarskólann, og hefði hugsað sér breyt. í þá átt. Nú er það í fyrsta lagi svo, að stofnun viðskiptadeildar við háskólann hefur verið ákveðin. Hv. þm. mun vera betur kunnur hagur þessa viðskiptaháskóla en mér. En þess er fyrst að minnast, að þessi skóli byrjaði sem sérstofnun. En vegna þess að það fyrirkomulag reyndist óhæft, var þess krafizt af nemendum hans og viðurkennt af þeim, sem kennt hafa við skólann, að það væri sjálfsagt, að þessi viðskiptaskóli væri tengdur háskólanum og krafizt til hans stúdentsmenntunar. Þar sem hv. þm. vitnaði til þeirra breytinga, sem síðan hafa verið gerðar á verzlunarskólanum, að hann útskrifi stúdenta, og taldi, að þetta væri eðlileg breyting, vegna þess að það væri óeðlilegt, að menn, sem stundað hafa sérnám í verzlunarfræðum í verzlunarskólanum, skyldu ekki hafa beinan aðgang að framhaldsnámi í viðskiptafræði við háskólann, held ég, að ég megi fullyrða, að þessi breyting á verzlunarskólanum standi ekki í neinu sambandi við stofnun viðskiptadeildar við háskólann. Við þá breytingu, sem gerð var á verzlunarskólanum nýlega, varð hann meira almenns eðlis, eins og menntaskóli, þannig að 2 efstu bekkir verzlunarskólans eru með menntaskólasniði, og stúdentar frá verzlunarskólanum geta því farið í hvaða deild háskólans sem er, ekki frekar viðskiptadeild en aðrar deildir. Verzlunarskólinn er þá orðinn menntaskóli. Ef ætti að breyta þessu á ný og hætta við kennslu í viðskiptafræði við háskólann, þá er í fyrsta lagi að afnema þá deild, sem stofnuð var með lögum í hagfræði og viðskiptafræði við háskólann. Ef ætti að gera slíkt og stofna í staðinn einhvers konar sérskóla í viðskiptafræði, þá er verið að stíga spor aftur á bak, í þá átt, sem áður var og reyndist þá óhæft. Ég tel því ekki þörf á því að fara frekar út í þetta atriði. Ég tel, að það hugsi enginn til þess með alvöru að fella viðskiptadeildina niður. Og úr því að hún hefur verið stofnuð, þá leiðir það af sjálfu sér, að það verða að vera fastir kennarar við hana. Annars eru þessir kennarar skipaðir, og kemur auðvitað ekki annað til mála en að framkvæma svo sjálfsagðan hlut sem lögfestingu þessara embætta, sem ákveðin hafa verið. Aðfinnslur við fyrirkomulagið í háskólanum í sambandi við þessar umr. komu aðallega fram gagnvart viðskiptadeildinni, svo að ég þarf ekki að ræða þetta atriði nánar.

Það var aðallega hv. 6. þm. Reykv., sem taldi, að nokkuð væri hart að sótt frá hálfu heimspekideildarinnar með því að taka það stökk að bæta nú við 2 kennurum þar, og hann virtist þeirrar skoðunar, að í raun og veru kæmi þessi till. ekki fram af því, að fullkomin nauðsyn væri fyrir stækkun deildarinnar, heldur af hinu, að það væru

2 sérstaklega hæfir menn, sem rétt væri að fengju fast starf við háskólann. Ég á nú bágt með að trúa því, að hv. 6. þm. Reykv. meini það í alvöru, að honum finnist norrænudeildin hafa sótt eitthvað fast á um fjölgun kennara. Háskólinn er nú búinn að starfa í 33 ár. Heimspekideildin hefur að vísu vaxið örlítið, hún byrjaði með tveim prófessorum, einum í sögu og einum í bókmenntum, og kenndi prófessorinn í bókmenntum einnig málfræði. Það kom auðvitað fljótlega í ljós, að þetta gat ekki þannig fram farið, og þá var stofnað sérstakt dósentsembætti í málfræði og síðan prófessorsembætti í málfræði, og var þá komið eitt prófessorsembætti í hverri aðalgrein, sem kennd er í norrænudeildinni. Síðan hefur ekki farið fram nokkur fjölgun kennara í norrænudeildinni önnur en sú, að skipaður var lektor fyrir 3 árum í málfræði. Þá var enginn með aðfinnslur, heldur talin full nauðsyn á því að stofna til viðbótar prófessorsembættinu lektorsembætti í þeirri grein, og þetta var þó sú grein, sem upphaflega var lægst metin, þar sem prófessor í bókmenntum átti einnig að gegna þessu starfi upphaflega. Því skil ég það ekki, að síður sé þörf á dósent í sögu og bókmenntum en í málfræði. Og ég tel það ekki neina frekju eða öfgar, að farið sé fram á það, eftir að háskólinn hefur starfað í 33 ár, að fjölgað sé svo í norrænudeildinni, að þar séu tveir kennarar í hverri aðalgrein, einn prófessor og einn dósent.

Við vitum, að hv. 6. þm. Reykv. er vel kunnugur háskólanum, og það hefur verið tekið fram við þessar umr. og einnig viðurkennt, að þessi hv. þm. hafi verið mjög vinveittur háskólanum og öllu starfi þar. Þess vegna kemur mér ókunnuglega fyrir, hvað lítinn skilning mér finnst hann hafa á starfi og hlutverki norrænudeildarinnar. Fram til þess að ísl. háskólinn var stofnaður, fóru allar rannsóknir á norrænum fræðum, og höfðu gert um langt skeið, fram erlendis. Það voru erlendir vísindamenn, sem rannsökuðu hin norrænu og ísl. fræði, en þessir menn höfðu engan hug á öðru en fornöldinni, þeir höfðu ekki áhuga fyrir neinu í íslenzkum efnum, sem gerðist eftir árið 1200. Vitanlega var það svo, að hinir erlendu fræðimenn, sem hlutu að hafa mjög takmarkaðan skilning og óíslenzk sjónarmið á norrænum fræðigreinum, misskildu margt hrapallega.

Þegar norrænudeildin var stofnuð, var það svo, að engin rannsókn hafði farið fram, hvorki á sögu né bókmenntum, frá því árið 1200 fram til okkar daga, og þrátt fyrir starf kennara við norrænudeildina, starf, sem allir vita, að er mjög mikið verk, í sögu, málfræði og norrænu, er það svo, að fram til þessa tíma hefur þessum mönnum ekki unnizt tími til að rannsaka svo frumheimildir, að við höfum enn þá viðunandi handbók í íslenzkri sögu né bókmenntum. Og í þessum tveimur greinum stöndum við verr að vígi en í málfræði, þar sem nú eru komnir tveir kennarar. Mér er vel kunnugt, hvað mikið starf kennarar í norrænum fræðum hafa lagt á sig. Mér er það kunnugt, að samtímis því, að prófessor Sigurður Nordal varð að kenna bókmenntasögu í háskólanum varð hann sjálfur að rannsaka allar frumheimildir, skrifa sjálfur fyrir nemendur sína bókmenntasögu frá 1300 og eins langt og hann hefur komizt, sem mun vera allt fram til okkar daga. Þó finnst prófessor Sigurði Nordal, að það sé ekki svo vel unnið, að það sé undirbúið til prentunar, þannig að rétt sé að semja handbók í þessum fræðum, og verður það vitanlega að vera hlutverk þeirra, sem eftir hann koma, og hugsar hann sér að láta allt, sem hann hefur gert í þessum efnum, ganga til þeirra, sem starfa eftir hann við norrænudeildina.

Í sögukennslu er sama máli að gegna. Þrátt fyrir það að viðurkenndir afkastamiklir menn hafa verið í starfinu, svo sem Páll E. Ólason, er það svo, að allan tímann, sem Íslandssaga hefur verið kennd við háskólann, hafa kennarar ekki komizt yfir með nemendum sínum nema fram til ársins 1600. Þetta ætti að sýna dm. glögglega, hve mikil þörf er á því, að verkaskipting sé þannig, að það séu minnst tveir kennarar í hverri grein við háskólann. Hv. þm. verða að forðast að líta á þetta sem kennarastörf eingöngu. Það má segja, að það sé ekki mikið að kenna nemendum tvisvar í viku. En starf kennara er fyrst og fremst rannsóknar- og vísindastarf, sérstaklega þegar svo stendur á sem í ísl. fræðum, að allt er órannsakað. Það er bókstaflega hneykslanlegt, að engin almenn Íslandssaga skuli vera til og engin handhæg kennslubók í Íslandssögu, hvorki til kennslu við barnaskóla né aðra skóla. Ég álít því, að það séu síður en svo miklar kröfur, sem norrænudeildin gerir til fjölgunar kennara. Í raun og veru þyrfti miklu fleiri menn til rannsóknar á þeim efnum en hér er farið fram á. Það er ekki einungis hlutverk þeirra, sem starfa við norrænudeildina, að rannsaka og búa út kennslubækur í ísl. fræðum fyrir skóla í landinu, heldur er það margs konar annað hlutverk, sem þeir hafa að gegna.

Það geta verið skiptar skoðanir um það, hver deildin sé veigamest í háskólanum. En allir eru sammála um það, að háskólinn í heild sé bókstaflega lífæð íslenzkrar menningar. Það er hégómlegt af okkur að vera að deila um það, hver deildin sé mest virði, en þó vil ég segja fyrir mig, að ég er þeirrar skoðunar, að við getum einna mestu afkastað í norrænum og íslenzkum fræðum og að það hlutverk, sem háskólinn eigi fyrst og fremst að vinna að, sé að rannsaka allt íslenzkri sögu, bókmenntum og málfræði viðvíkjandi og koma upp kennslu í þeim greinum, sem séu viðurkenndar, ekki þó eingöngu innan lands, heldur einnig erlendis frá.

Við vitum, að til norrænudeildarinnar hafa komið allmargir erlendir námsmenn til náms í norrænum fræðum. Þetta álít ég spor í þá átt að gera norrænudeildina að miðstöð í norrænum fræðum, sem hingað til hefur hvergi verið til nema þá helzt í Danmörku. Það, sem þyrfti að gera, er að fá hingað heim þá krafta, sem eru í Kaupmannahöfn. Við vitum, að í Kaupmannahöfn er einn helzti fræðimaður í íslenzkum fræðum, en hann er nátengdur Árnasafninu. Það er stórt mál að fá það safn heim aftur til háskólans. Ef það tekst, er það öruggt, að norrænudeildin væri orðin að miðstöð allra íslenzkra og norrænna fræða.

Við höfum á þessu ári stofnað lýðveldi á Íslandi, og við höfum allir verið með mikið þjóðernistal á vörum, en það má ekki þar við sitja, við verðum líka að sýna það í verki, að við viljum efla íslenzka tungu, bókmenntir og sögu og gera engan greinarmun á. Mér finnst það væri mjög óviðkunnanlegt, ef við á sama árinu og við stofnum lýðveldi, komum heim, eins og það hefur verið

orðað, fellum að auka við íslenzk fræði við háskólann, ekki meira en farið er þó fram á í þessu frv. Þó að ég hafi komið hér alveg óundirbúinn, hef ég fært rök fyrir því, að við fjölgum kennurum við norrænudeildina og eflum hana. Það má telja jafnmörg rök fyrir því og við getum talið fram fyrir tilveru Íslendinga.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi telja til fjölgunar við starfsmenn norrænudeildarinnar, að stofnað hefur verið starf háskólabókavarðar. Mér er óskiljanlegt, hvernig hann fer að því að blanda þessum tveimur óskyldu störfum saman Háskólinn er svo heppinn að eiga mikið og gott bókasafn, mikið af því er gjöf, og er það mjög verðmætt safn. Og leiðir þá ekki af sjálfu sér, að það þurfi mann til þess að gæta þessa safns? Og er það frekar fyrir norrænudeildina en aðrar deildir Háskólans? Vitanlega ekki. Mér skildist, að hann ætlaðist til þess, að bókavörður kenndi við norrænudeildina og hann væri gerður að starfsmanni deildarinnar og fengist við rannsóknir á íslenzkum fræðum. Það vill svo til, að sá maður, sem er háskólabókavörður, er norrænufræðingur og hefur mikinn áhuga fyrir norrænum fræðum og fyrir að fást við rannsóknir á þessum sviðum. Ég er fullviss um, að þetta er óskylt starfi háskólabókavarðar. Við höfum á undanförnum árum gert mörg glappaskot með því að blanda saman störfum við söfnin og fræðimannastörfum. Í landsbókavarðarstarfið hafa t. d. verið valdir menn, sem áttu ekki einungis að vera safnsverðir, heldur einnig að fást við ritstörf. Hver er svo afleiðingin? Þeim hefur ekki tekizt sem skyldi að sinna störfum við söfnin, sem heimta þó fulla starfskrafta, heldur hafa þeir fengizt við ritstörf. Afleiðingin hefur því orðið sú, að þeir hafa orðið að vinna þau á söfnunum. Við ættum ekki að láta þau glappaskot henda oss enn á ný, að sem safnaverðir séu settir fræðimenn. Þeir menn, sem hafa áhuga fyrir fræðum, eiga ekki að vera safnaverðir, heldur að sinna vísindastörfum.

Ég hef orðið allfjölorður um norrænudeildina, en þá hefur að minnsta kosti einn þm. gert atrennu að verkfræðingadeildinni. Hæstv. menntmrh. hefur skýrt og greinilega tekið fram í útvarpsræðu, sem hann hélt 1. des., og einnig við umr. hér í d., að okkur væri lífsnauðsyn að fá verkfræðinga, og þá vantar strax. Og við að framkvæma þá nýsköpun, sem ríkisstjórnin ætlar að gera, vantar 15—20 verkfræðinga.

Við, sem störfum í fjhn. að launamálum, vitum, hvernig t. d. vegamálastjóri og fleiri starfsmenn ríkisins telja sig vanhaga mjög um verkfræðinga, og þarf ekki að bera brigður á það. Í rauninni vantar verkfræðinga í alla bæi og kaupstaði á landinu. Það nær vitanlega engri átt að gera ekki allt til þess að fá sem mest lærðra manna í verklegum efnum. Sameiginlegt álit verkfræðinga í háskólaráði taldi það rétta stefnu að taka upp kennslu í fyrri hluta verkfræðináms hér við háskólann. Ágreiningur er enn um það, hvort framhaldsnám eigi að fara fram hér á landi eða erlendis. Með þessu frv. er ekki farið fram á annað en að tryggja, að fyrri hluti námsins fari hér fram. Það nær ekki nokkurri átt að fella þessa grein úr frv. Þá er ein mótbáran, sem ekki vegur minnst, hún er um kostnaðinn, sem af því hlytist. Hv. 6. þm. Reykv. tók það fram í ræðu sinni, að hann væri í raun og veru langt frá á móti því, að þessi embætti verði lögfest og stofnuð, og það væri ágætt að gera það, ef við hefðum efni á því. Hver er þessi gífurlegi kostnaður? Hv. 6. þm. Reykv., sem talaði mikið um þennan kostnað, viðurkenndi, að raunverulega væru aðeins stofnuð tvö ný embætti. Um hin embættin, sem á að lögfesta, er það svo, að kennslu hefur verið haldið uppi í þessum greinum í háskólanum, og aukakostnaður af því að hafa fasta kennara í stað stundakennara mun vera sáralítill. Í viðskiptaháskólanum er ekki annað en að lögfesta það, sem verið hefur undanfarin ár. Þessi kostnaður er þá laun tveggja dósenta, 10200 kr. til hvors, eða um 20000 kr. samtals.

Annars er háskólinn dýrmætasta stofnun þjóðinnar, sem á og verður að vaxa, og Alþ. verður að stuðla að því, að hann fái að vaxa eðlilega. Menn eru farnir að kvíða fyrir því, að það komi sömu tímar og voru eftir fyrra stríðið, og þó að við höfum efni á því nú, sé ekki víst, að við höfum efni á því að nokkrum árum liðnum. En á hverju höfum við þá efni, ef við höfum ekki efni á því að efla íslenzka menningu í landinu? Og hvaða upphæð er það, sem hér er um að ræða? Ekki nema hégómleg upphæð í samanburði við þá nauðsyn, sem er hér annars vegar. Og eins og hæstv. menntmrh. benti á, skyldi ekki vera hægt að spara á öðrum liðum frekar en þessu?

Halda þeir virkilega í alvöru, að þjóðin verði svo fátæk á næstu árum, að það sé lífsspursmál, að háskólinn sé látinn vaxa sem nemur 2 dósentsembættum, og stafi af hætta fyrir fjárhag þjóðarinnar, þótt stofnuð séu 2 ný dósentsembætti við háskólann?

Þegar ég tek saman þau rök, sem fram hafa komið gegn þessu frv., þá finnast mér þau satt að segja öll til samans mjög léttvæg, og ég skil satt að segja ekki, að þessir hv. þm. meini það í raun og veru í alvöru, sem þeir hafa sagt, og ætli virkilega að setja fótinn fyrir þetta frv. Þetta frv. hefur, eins og ég vék að í byrjun, fengið mjög góðar undirtektir í hv. Nd. Nú er það komið til okkar og til 3. umr. í þessari d. Þau rök, sem hér eru höfð á móti frv., finnast mér ákaflega lítilfjörleg, og mér finnst satt að segja, að það væri mjög mikil minnkun fyrir d., ef við færum að fella nokkuð út úr þessu frv. Mér finnst, að það sé sómi d. að samþ. þetta frv. óbreytt, eins og það er komið hér frá meiri hluta menntmn., og afgr. það sem fyrst sem l. frá Alþ. og vera alls ekki lengur að deila um svona hluti. Mér hefði þótt miklu skemmtilegra, að málið hefði farið greiðlega í gegn, og mér finnst þær umr. og aðfinnslur, sem hér hafa komið fram, svo lítilvægar að það hefði verið betra að vera án þeirra, án þess að ég hafi nokkuð á móti því, að málið sé rætt, en mér hefði þótt skemmtilegra fyrir hv. d., að það hefði komið fram, að henni hefði verið ljúft að afgr. þetta mál, en ekki hitt, að hún geri þetta með einhverjum dræmingi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég var áður búinn að tala í þessu máli og skal ekki marg-endurtaka það, sem ég hef sagt. Það, sem kom mér til að standa upp, var dálítill misskilningur hjá mínum ágæta nágranna, hv. þm. Barð., sem kom fram í ræðu hans í þessu máli. Hann vildi fá það út úr því, sem ég hef sagt, að þarna væru á ferðinni menn, sem vantaði embætti, og væri verið að gera þetta

fyrir þá, og átti hann eingöngu þar við stofnun dósentsembætta í norrænu.

Þetta er svo alveg þveröfugt við það, sem ég sagði, því að einmitt vantar enn þá nokkuð af góðum mönnum í viðbót, svo að vel fari. Ég verð að segja, hvað snertir sögu okkar, þá er opið skarð í henni, 14. og 15. öldin, sem er ekki lítið verk að rannsaka, ef vel á að vera, eftir því sem efni standa til. Og einmitt til þessa verks þarf ungan mann, ættfróðan og efnilegan. Ég verð að segja, að það er eitthvað hið mesta þjóðnytjaverk að reyna að ganga frá þeim tímum, svo að það verði skýrt, sem nú er myrkri hulið. Það tel ég líklegt, að verði núna, ef þessum mönnum gefst aldur og tækifæri til að starfa að sínum hugðarefnum í norrænudeild. En það skulum við ekki telja okkur trú um, að verið sé að gera gustuk á þessum mönnum. Það er alveg eins gustuk á sjálfum okkur að fá sem bezta menn í þá d., sem á að halda uppi heiðri háskóla vors og auka álit hans út á við meðal umheimsins.

Hv. þm. Barð. hélt, að það mundi, þegar til kæmi, ekki síður vera hróður út á við, sem kæmi frá verkfræðideildinni en norrænudeildinni. Ég er ekki á sama máli, ég held, að vanti flest tæki nema kannske hávaða og hamarshögg í verkfræðideildina, og ef byggja á á viti og verðleikum, þá held ég vafalaust, að það verði einmitt norrænudeildin, sem verður til þess að halda mest uppi okkar sóma.

Ég tek upp aftur það, sem ég sagði áðan, að ég tel sjálfsagt, að bíða megi með þessi 3 embætti í verkfræðideild í eitt ár eða svo, þangað til verkfræðingar vorir koma heim, sem hafa lært utanlands. Þá getum við valið úr þeim mönnum, sem nú eru við erlenda háskóla, og fengið beztu og lærðustu mennina og þá, sem hafa mesta kynningu af nýrri tækni, til háskólans sem verkfræðinga. Þess vegna stafar afstaða mín alls ekki af andúð gegn verkfræðideildinni í háskólanum, heldur af hinu, að mér finnst ekki nauðsynlegt að hraða því svo ákaft, eins og virðist vera gert með þessu frv., að lögfesta þessa 3 prófessora í sínum embættum.

Bjarni Benediktsson: Ég held nú, að hv. frsm. menntmn. þurfi ekki að óttast, að frv. verði fyrir aldurtila í þessari d., vegna þess að mér hefur verið skýrt frá því úti í bæ, að búið væri að tryggja, að frv. næði fram að ganga, hvað sem öllum rökræðum liði. (**KA:** Gott, ef svo er.)

Það mun nú vera svo, að málið sé sótt meira af ofurkappi en hyggindum. Hitt hefur glögglega komið fram í þessum umr., bæði hjá hv. frsm. og í rauninni líka hjá hv. 1. þm. Reykv., þessar gömlu aðdróttanir, sem eru látnar koma í allra raka stað, að það væri einhver fjandskapur við háskólann, þó að menn leyfðu sér að ræða um hans mál og teldu sig jafnskynbæra á þau og sumir ofurkappsmennirnir, sem hér eru að verki. Við í þessari hv. d. getum allt eins, leiðbeiningarlausir út í frá, myndað okkur skynsamlega skoðun á þessu máli eins og mörgum öðrum. Það er algerlega ljóst og óumdeilanlegt, að þetta mál er sótt með óskiljanlegu ofurkappi og í raun og veru þannig, að rökfærsla, sem gegn er höfð, er öll afbökuð og úr lagi færð.

Hv. frsm. vitnaði hér áður í það, máli sínu til stuðnings, að lögfesting á 2 dósentsembættum við svokallaða viðskiptadeild háskólans hefði verið borin undir milliþingan. í skólamálum og hún hefði tjáð sig þessu meðmælta. Um þetta er í sjálfu sér ekkert nema gott að segja, en milliþingan. gleymir að færa nokkur rök fyrir áliti sínu, og þótt ég hafi mikla trú á þeim góðu mönnum, ekki sízt hv. samþm. mínum, 8. þm. Reykv., þá verð ég samt að láta uppi, að ég tek ekki orð þeirra sem algerðan guðsdóm og vildi gjarnan heyra ástæðurnar fyrir máli þeirra. Ég geri heldur ekki ráð fyrir, að n. leggi til, að viðskiptadeildin sé numin burt úr háskólanum, eins og ég sagði í gær, og mun sannast, að hægara er að koma vitleysunni á en afnema hana. Ég geri ekki svo mjög ráð fyrir því, að deildin verði afnumin, fyrst búið er að setja hana inn í háskólann, en hitt vil ég að komi fram, áður en embætti verða lögfest í viðskiptadeild, hverjar till. milliþingan. og Alþ. sjálfs verða um það, hvort útiloka eigi verzlunarskólapilta frá deildinni.

Það er vitað mál, að stúdentar og háskólaráð, a. m. k. meiri hluti þess, hafa fjandskapazt óskaplega gegn þeirri réttarbót, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði, þegar hann var kennslumálaráðherra. Hann veitti verzlunarskólanemendum stúdentsrétt, sem háskólinn hefur barizt gegn, þótt hann hefði tekið að sér að sjá fyrir æðstu verzlunarmenntun í landinu. Þessir aðilar verða að skilja, að ef þeir vilja sjá fyrir æðstu verzlunarmenntun í landinu, þá er minnsta krafa, sem verður að gera, að þeir menn, sem frá barnsaldri hafa búið sig undir að verða verzlunarmenn, geti komizt inn í þá háu menntastofnun.

Ég tel þess vegna, að hvað sem öðru líður, sé algerlega ótímabært og óhæft að lögfesta þessa viðskiptadeild, fyrr en sýnt er, hverjar till. milliþingan. í skólamálum eru varðandi háskólarétt verzlunarskólans. Ef verzlunarskólanemendur eru sviptir þeim rétti, sem hv. 1. þm. Reykv. veitti þeim, þegar hann var kennslumálaráðherra, þá tel ég sjálfsagt að taka upp beina baráttu fyrir því að fá viðskiptadeildina afnumda og setja hana sem sérstaka stofnun í sambandi við verzlunarskólann.

Hins vegar geri ég ráð fyrir því, ef það er látið haldast, að verzlunarskólinn hafi stúdentsprófsrétt, eins og verið hefur, að þá sé þýðingarlaust að ætla að fara að berjast fyrir því að afnema viðskiptadeildina í háskólanum, og mun ég ekki gera það fyrir mitt leyti. Mér finnst alls ekki tímabært, að ríkið bindi þessa deild fastar en gert hefur verið, fyrr en búið er að ákveða, hvernig þeirri almennu verzlunarmenntun verði fyrir komið og hvort hinn almenni skóli verzlunarmanna hefur rétt til að útskrifa menn til að ganga inn í þessa ákaflega fínu viðskiptadeild.

Milliþingan. hefur alveg leitt hjá sér að svara því, sem mestu máli skiptir varðandi þessi efni. Jafnframt vil ég taka fram, að ég hef alls ekki gert að till. minni að afnema viðskiptadeildina að svo stöddu og tel sjálfsagt, að þeir góðu menn, sem þar eru starfandi, haldi áfram að starfa, enda eru þeir líka samningum bundnir, þangað til ákveðið er, hvernig þessu eigi að koma fyrir. En ég tel ekki ástæðu til að hefja skynsamlega ákvörðun þessa atriðis, með því að lögbinda nú þessi embætti, og ég segi alveg eins og er, að ég álít, að þeir

menn, sem hafa lítinn skilning innan háskólans og meðal stúdenta, hafi beitt sér fyrir því að kveða niður þennan stúdentsprófsrétt verzlunarskólanemenda. Úr því sem komið er, hafa þeir gott af að verða varir við þann skilning, að þessi 2 atriði hljóta að vera talin að vera í samhengi, því að það er alveg óforsvaranlegt að halda uppi æðstu stofnun í verzlunarmálum, sem verzlunarskólapiltar eru hindraðir frá að komast í, þótt þeir hafi fjögurra, fimm eða sex ára nám að baki sér. Ég held sannast sagt, ef menn gera sér grein fyrir þessu, að þá hljóti þeir að sjá, að það er of fljótt í það farið nú að ætla að lögbinda þessi embætti.

Varðandi aftur á móti norrænudeildina, þá var sannast sagt dálítið skoplegt að heyra sumt af því, sem hv. frsm. sagði um það áðan, ekki sízt í ljósi þeirrar þekkingar, sem við höfum nú af starfsemi sumra þeirra manna, sem þarna eru. Hv. þm. leyfði sér að segja, að það sé í raun og veru verið að óvirða lýðveldisstofnunina og jafnvel allt íslenzkt þjóðerni, ef menn vilja ekki auka þessa deild nú. Guði sé lof, að spekingarnir voru ekki fleiri við deildina með sama hugarfari í lýðveldismálinu en voru á síðasta vori. Það er nóg að hafa Sigurð Nordal á móti íslenzkum málstað, þó að ekki fleiri jafnsterkir aðilar komi til að beita sér gegn Íslendingum, þjóðinni til lítilsvirðingar. Að ætla að blanda þessum málum saman, ætti allra sízt að koma frá málsvara stækkunar norrænudeildarinnar, því að það hefur allt of mikið verið látið liggja í þagnargildi, hvernig þessir menn **brugðust á úrslitastundu, þar sem þeir öðrum** fremur hefðu getað lagt íslenzku þjóðinni gott til með gerðum sínum og áliti.

Ég fyrir mitt leyti ætla alls ekki að erfa við þessa menn, þótt þeir hafi brugðizt. Þetta eru menn háðir mannlegum breyzkleika eins og aðrir, og enginn getur ætlazt til, að þeir séu alfullkomnir. Maður eins og Sigurður Nordal er yfirburðamaður í sinni grein, maður, sem er mikil sæmd fyrir háskólann að hafa og hefur gert íslenzkum bókmenntum ákaflega mikið gagn, og það eigum við að virða við hann, en ekki eftir á að fara að telja mönnum trú um, **að hann hafi** verið sem hinn sterki skjöldur í sjálfstæðismálinu, eða guma af, hve vel hann hafi reynzt okkur í lýðveldisstofnuninni. Við skulum horfa á þessi mál, hvort út af fyrir sig, og ég segi, að ég mun ekki beita mér fyrir að erfa við Sigurð Nordal, þótt honum hafi skjátlazt í hinu stærsta máli, og það er aðalbletturinn á starfi hans, að hann hefur komið svona fram í sjálfstæðismálinu. Það ætti allra sízt að sitja á fylgismönnum frv. að taka þá hlið málsins til umr. Ég tel þvert á móti, að það eigi að gleyma þessu sem fyrst og lofa prófessor Nordal að vinna að sínum hugðarefnum, eins og ráð er gert fyrir í frv., sem komið er fram í Nd., og ég mun verða því fylgjandi að verulegu leyti, því að ég tel höfuðvinning fyrir okkur, að slíkur maður gefi sig að því, sem honum hentar að gefa sig að og þar sem hann getur orðið landinu að sem mestu gagni. Það er mjög mikils um vert, að slíkur maður, sem er búinn að safna ærnum fróðleik og með mikilli ihugun búinn að gera sér ljósar en aðrir það, sem varðar starf hans, fái að vinna að því í næði, því að það er mikils virði, að slíkur fróðleikur týnist ekki með honum látnum og því heppilegt, að hann geti varið síðustu árum ævi sinnar, sem vonandi verða mörg, til að skrifa rit, sem hann er allra manna hæfastur til. Ég vil benda á, að hér er um tvö algerlega ólík atriði að ræða, stofnun lýðveldis á Íslandi og svo vöxt norrænudeildarinnar, sem hv. frsm. ætti ekki að gamni sínu að blanda saman, vegna þess að það gæti ekki orðið þessu frv. til framgangs né öðrum þeim, sem nú eru á ferðinni varðandi fyrirgreiðslu fyrir aðra menn norrænudeildarinnar.

Þá sagði hv. þm., að hér væri aðeins um 10 eða 20 þús. kr. að ræða, og taldi mikil firn, að slíkt væri eftir talið varðandi málefni háskólans. Ég vil benda á, að því fer fjarri, að þetta sé rétt hermt. Aðalatriðið í máli mínu í gær var einmitt ekki að telja þessa upphæð eftir út af fyrir sig, heldur að menn yrðu að gera sér ljóst, ef þeir teldu sig hafa efni á að láta eina deild háskólans vaxa svo tilfinnanlega, hvort þeir teldu sig hafa efni á að láta hinar deildirnar vaxa að sama skapi.

Þá er fyrst það, sem hv. þm. sagði, að honum fyndist ekki fram á mikið farið eða mikil frekja lýsa sér í því, þótt nú væri farið fram á að auka kennslukrafta við norrænudeildina, því að hún hefði aðeins tvöfaldazt frá því, sem fyrst var. En hvernig er með aðrar deildir háskólans? Hafa þær tvöfaldazt? Hefur guðfræðideildin tvöfaldazt? (**KA**: Það fer að líða að því.) Það er þó ekki nema einn vesalingur, sem á að bæta þar við. Lögfræðideildin hefur ekkert aukizt, og hefur þar þó hlaðizt margfalt starf á hvern kennara. Læknadeildin hefur eitthvað verið aukin að mannafla, sumpart vegna þeirra starfa, sem þar eru unnin og hafa beinlínis beinzt í hagnýtingu atvinnuveganna, eins og rannsóknadeild háskólans, sumpart vegna þess að prófessorar háskólans hafa tekið að sér umfangsmikil störf við spítala og sumpart af því, að verklegt nám er meira þar en við hinar deildir háskólans og þess vegna óhjákvæmilegt að fjölga kennurum. Þegar á allt er litið, er það einmitt svo, að norrænudeildin er eina deildin, sem fram að þessu hefur vaxið, svo að orð sé á gerandi, frá því að háskólinn var stofnaður. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil a. m. k., að tekið sé til athugunar, áður en norrænudeildin vex enn, hvort ekki væri nauðsynlegt, að aðrar deildir vaxi líka samhliða, og hvort það séu ekki enn nýjar deildir eða fræðigreinar við háskólann, sem okkur ríður ekki síður á en að auka norrænudeildina. Með því móti er ég ekki að gera lítið úr norrænum fræðum, en ég skoða bara norræn fræði í samanburði við ýmislegt annað, sem ekki hefur minni þýðingu í lífinu. Það tjáir ekki svo að horfa á sinn eigin nafla, að halda, að naflinn sé allur alheimurinn, þótt sagt sé, að einhverjir undramenn austur í Indlandi geri slíkt. Þótt okkur finnist fortíð okkar merkileg, þýðir ekki að einblína svo á hana, að við höldum, að það eina, sem hefur þýðingu gagnvart umheiminum, sé að hugsa um okkar eigin fortíð og útskýra hana fyrir öðrum, og það sé það eina, sem hafi þýðingu fyrir okkur sjálfa nú á dögum. Norræn fræði eru vissulega merkileg, og við þurfum að gera margt í þeim, en við þurfum einnig að hugleiða nauðsyn á störfum í öðrum málum. Það er eins og búið sé að löghelga það sem einhverja allsherjartrúarjátningu, að það eina, sem Ísland geti lagt til, sé fróðleikur í norrænum fræðum. Ég verð að segja, að af íslenzkum fræðimönnum á seinni árum,

þá held ég, að norrænufræðingunum ólöstuðum, að þá hafi enginn hlotið slíka frægð eins og einmitt í greinum, sem alls ekki eru kenndar við háskólann, t. d. náttúrufræði. Ég held, að maður eins og Þorvaldur Thoroddsen o. fl. hafi verið enn kunnari í vísindaheiminum en nokkurn tíma nokkur okkar norrænufræðinga, og náttúrufræði, uppbygging landsins, veðurfar og annað slíkt hefur vissulega ekki síður þýðingu fyrir umheiminn en þekking á okkar fornu sögu og öðru slíku. Það er því vissulega athugandi, hvort ekki væri frekar stuðlandi að því, og það verða menn að athuga í samhengi, hvort þeir telja nauðsynlegra að skapa kringumstæður fyrir vísindamenn í náttúrufræði, t. d. sérstaklega varðandi eðli Íslands, eða fornum fræðum. Hvort er mikilvægara? Hvort er líklegra til að verða til gagns fyrir okkur sjálf og gera okkur fræg í umheiminum? Ég vil heldur ekki viðurkenna, að íslenzk lögfræði sé svo ómerkileg fræðigrein, að það eigi að ýta henni til hliðar og segja: Íslendingar geta ekkert gert í lögfræði, þeir geta gert mikið í norrænum fræðum, en í lögfræði geta þeir aldrei lagt neitt til, sem þýðingu hefur. Jafnvel þótt maður vildi gera lítið úr gildi íslenzkrar löggjafar, þá er það nú svo, að einn af höfuðstólpum okkar í fornum fræðum eru þær gömlu íslenzku lögbækur eða handrit, Grágás, sem þó verður að segja um, að lögfræðingar ættu að vera öllu hæfari til að rannsaka en norrænumenn. Og þegar verið er að tala um það, að á sviði norrænna fræða hafi ekki tekizt á svo stuttum tíma sem háskólinn hefur starfað að vinna öll þau verk, sem þyrfti að vinna, þá má vissulega segja það sama um lagadeildina, og ég segi það ekki til lasts mínum ágæta kennara og síðar samkennara, prófessor Ólafi Lárussyni, sem ég met allra manna mest, að það hefur ekki enn verið kennt nema lítið af því elzta í réttarsögu landsins í lagadeildinni sjálfri, svo að ég ekki tali um það, að það hefur orðið að notast við meira og minna óviðeigandi danskar kennslubækur, sem eru að vísu góð stoð, en eru engan veginn fullnægjandi. Það er þess vegna, ef menn vilja tala um þarfir háskólans, alls ekki rétt að taka eina deild út úr og segja: Það verður að auka þessa deild, það er óvinátta við háskólann að gera það ekki. En ég segi: Við skulum auka þessa deild, en við skulum gera það í samræmi við það, hvað við ætlum að auka háskólann í heild, ef hann á ekki að verða dvergur með allt of stórt höfuð og kannske höfuð, sem ekki er víst að veki nokkra hrifningu eða aðdáun hjá öðrum. Mig skortir sannfæringu fyrir því, að það sé rétt, að íslenzkar bókmenntir og þekking á þeim, þótt merkilegar séu og hafi gefið okkur mikið gildi, sé það aleina, sem við getum lagt til bæði fyrir sjálfa okkur og aðra, ég trúi því ekki. Og það, sem ég tel vera óviðeigandi í þessum málflutningi, er þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði sig sekan um, og hv. frsm. líka, að berja strax á þá stórtrumbu, að það væri fjandskapur við háskólann, þótt á það væri bent í minni fyrri ræðu í einlægni, að séð væri fyrir því og reynt að tryggja það, að háskólinn yxi með eðlilegum hætti, en ekki eftir þeim sjónarmiðum, að reynt væri að koma fyrir sérstökum mönnum, sem þar þyrfti að koma að á tilteknum tíma. Hv. frsm. og hv. þm. Dal. sögðu, að það væri engan veginn verið að reyna að koma fyrir tilteknum mönnum, en sannleikurinn er sá, að allir, sem eitthvað eru inni í málinu, vita, að það er einmitt þetta, sem verið er að gera. Vegna þess hvað þetta eru taldir efnilegir og hæfir menn og menn, sem eru embættislausir og hafa ekki ákveðnar tekjur aðrar en þær, sem líklegt er, að þeir geti fengið á vegum háskólans, einmitt þess vegna er verið að drífa þetta í gegn og af engri ástæðu annarri. En ég vil segja þeim hv. þm., sem hér er staddur úr hv. Nd. (BG), það, að það var illa farið, að hann skyldi ekki vera búinn að átta sig á þessu á sínum tíma, að ekki þyrfti annað en að koma með frv. um ný embætti, ef maður gat ekki fengið embætti, sem voru laus. Ég veit ekki til, að þessir góðu menn, sem ég hef alls ekkert á móti, hafi lagt meira til í norrænum fræðum, t. d. höfundur ritverkanna um Jón Thoroddsen, en þessi hv. þm. úr Nd. (BG) eða þessir menn séu á nokkurn hátt líklegri til að koma með frumlegar eða þrauthugsaðar íhuganir í þessum efnum en þessi ágæti þm. (BG). Það, sem á skorti, er, að hann sýndist ekki njóta þeirrar hylli hjá valdamönnum innan háskólans, sem þessir menn eiga að njóta. Og hv. þm. V.-Sk. virðist hafa verið of mikið utanveltu, þegar hann sótti um embætti við háskólann, að hann skyldi ekki knýja fram hér á hæstv. Alþ. frv. um að fjölga kennurum við guðfræðideild háskólans, til þess að tryggja það, að hann gæti komizt þangað, og hv. þm. Snæf. gæti sagt alveg sömu sögu. Hann sótti um embætti við lagadeild háskólans, og taldi meiri hl. deildarinnar, að hann væri hæfasti umsækjandinn, og ég held, að nú geti engum blandazt hugur um, að það hafi verið það rétta. En hann fékk ekki embættið, og honum datt ekki annað í hug en að beygja sig undir það, þangað til hann gat fengið embætti við stofnunina með eðlilegum hætti. En nú sýnist eiga að fara að taka upp þann hátt, sem kemur fram í þessu frv. og enn þá betur í öðru frv., sem liggur fyrir Nd., sem sé þann hátt, að ef einhver umsækjandi kemst ekki að stofnuninni, vegna þess að annar verður fyrir valinu, þá sé ekkert annað en að stofna annað embætti, án þess að íhuga, hvort viðkomandi deild eigi rétt á að fá slíka aukningu með hliðsjón af öðrum deildum. Það er sá háttur, sem ég vil mótmæla, og ég vil segja það, að þeir, sem vilja taka upp slíkan hátt um málefni háskólans, þeir eru sízt að leika nokkurt vinarbragð við háskólann. Og það er vegna þess að ég tel, að það sé í rauninni meira í húfi varðandi bæði heilbrigðan embættisrekstur og heilbrigða starfsemi innan þessarar stofnunar en ætla mætti, að ég hef gerzt svo fjölorður um þetta mál. Hins vegar benti ég á það í gær, og hv. 1. þm. Reykv. rangfærði í rauninni það, sem ég sagði, að ef þessir ágætu menn sem hér eiga hlut að máli og eiga að verða dósentar við norrænudeildina, eru í vandræðum í bili, og það getur verið skiljanlegt, að efnilegir menn fái ekki strax fast starf við sitt hæfi við háskólann, þá hefði háskólinn möguleika til þess að sjá þeim fyrir uppihaldi í bili, ekki embætti, heldur til þess að vinna að ákveðnum störfum og ljúka ákveðnum verkum. Háskólinn hefur t. d. fengið mikla tekjulind með stofnun Tjarnarbíós. Hv. 1. þm. Reykv. sagði að vísu, að þetta væri ekki annað en það, að verið væri að gera fé sáttmálasjóðs arðbært á hagkvæmari hátt. En hvað sem því líður, er þessi tekjuöflun svo

mikil, að þó að við segjum, að það væri ekki óeðlilegt, að sáttmálasjóður fengi til úthlutunar þrefalda upphæð á við það, sem hann hafði áður, þá verður það aldrei meira en 120 þús. kr. og því í rauninni ekki nema 80 þús. kr., sem til þess ætti að fara. En tekjur Tjarnarbíós hafa verið yfir 300 þús. kr., og þótt þar frá séu dregnar 80 þús. kr., verða þó eftir yfir 200 þús. kr. Er þá ofætlun að ætla sér að styrkja þessa ungu menn af þessu fé þangað til embætti losna, sem þeir gætu fengið með eðlilegum hætti, eða þangað til allsherjarendurskoðun og rannsókn færi fram á því, hver væri starfsmannaþörf við háskólann? Ég vil þess vegna mótmæla því, að það sé eðlilegt og sanngjarnt gagnvart öðrum deildum háskólans og gagnvart vísindalífinu í landinu að láta slíkan ofvöxt hlaupa í norrænudeildina, sem hér er ráðgert, ég álít, að slíkt yrði ekki einungis til þess að gera háskólanum lítinn greiða, heldur mundi það einnig verða til þess að rugla mat Íslendinga á því, hvað mesta þýðingu hefur fyrir þá og þeirra framtíð. En varðandi það, að slíkir menn eins og þessir megi ekki starfa að neinu öðru en kennslu við háskólann og það sé fáheyrt, að slíkir menn vinni á söfnum, þá er slíkt auðvitað hin mesta fjarstæða. Ég veit ekki betur, — og ég veit, að hv. frsm. n. veit það alveg eins vel og ég, — en mörg bókavarðarstörf hvarvetna í heiminum séu talin fullkomin vísindastörf. Hvernig er það með Halldór Hermannsson í Íþöku í Bandaríkjunum? Ég held, án þess að Halldór sé talinn öllum öðrum fremri, að hann hafi lagt sitt lóð á vogarskál íslenzkra fræða á borð við suma þá menn, sem hæfastir eru taldir í þeim efnum hér, og ég veit ekki, hvort aðrir hafi meira lagt til íslenzkra fræða, og þá sérstaklega varðandi þær aldir, sem hv. þm. Dal. vitnaði til, en einmitt skjalaverðir. Ég veit ekki til, að aðrir hafi verið íslenzkri málfræði þarfari en Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður og Hannes Þorsteinsson. Það má líka minna á skjalavörðinn Jón Sigurðsson forseta, þótt ástæðulaust ætti að vera að blanda honum inn í þessar umr. En vissulega hefur hann ekki verið allra manna óþarfastur íslenzkum fræðum. Ég get þess vegna ekki séð, að hlutur okkar kynslóðar verði gerður minni, þó að bent sé á það, að við gætum verið þekktir fyrir það að feta í fótspor þessara manna um ráðstöfun á okkar fræðimönnum.

Hv. frsm. var að snúa út úr því, sem ég sagði um núverandi háskólabókavörð. En hv. þm. mun vita það eins vel og ég, að núverandi háskólabókavörður er fyrst og fremst fræðimaður í norrænum fræðum. En ef hv. þm. lokar ekki augunum fyrir því, þá getur hann vel séð, að með þessum manni hefur háskólanum bæzt fræði- og vísindamaður í þeirri grein. Hitt er svo saga út af fyrir sig, sem ég tel rétt, að komi fram, að ég tel það hafa verið mjög misráðið, þegar háskólabókasafnið var gert að sérstakri stofnun. Ég teldi skynsamlegt, að háskólabókasafnið og landsbókasafnið hefði verið gert að einni stofnun. Ég tel það mjög misráðið, að upp hefur verið tekinn sá háttur að blanda á milli 3—4 stofnana bókasöfnum í sömu fræðigrein. Í lögfræði var bókum t. d. skipt á milli landsbókasafnsins, bókasafns lagadeildar háskólans, bókasafns hæstaréttar og loks áður fyrr bókasafns Alþingis. Ef skynsamlega hefði verið að þessu farið, ef tjáð hefði að tala um þessi mál eins og menn vilja tala um ráðstöfun til þess að koma hlutunum fyrir á hagkvæman hátt, og án þess að það hefði verið talinn fjandskapur við háskólann, þá mundu allar þessar stofnanir, auðvitað, hafa verið sameinaðar. Og ég er viss um, að það á eftir að verða, að landsbókasafnið og háskólabókasafnið verði sameinuð með einum eða öðrum hætti, en það hefði verið miklu skynsamlegra að gera það strax, áður en hlaupið var í að byggja sérstakt háskólabókasafn eins og gert var.

Svo að það eru til stöður bæði innan lands og utan fyrir fræðimenn í norrænum fræðum. Það eru vissulega til stöður utanlands, sem mikill vinningur væri að, að þessir menn kæmust í, og er ég viss um, að þeir gerðu íslenzkum fræðum ekki síður gagn með því að starfa þar en þótt þeir störfuðu hér. Ég er viss um, að Guðbrandur Vigfússon, Finnur Jónsson o. fl. hafa vissulega ekki gert landi sínu minna gagn með því að vinna hjá erlendum þjóðum en þótt þeir hefðu unnið heima. Ég álít það fásinnu, enda gæti það ekki gengið nema 1—2 ár, ef það ætti að stofna embætti handa öllum beztu nemendunum, sem út úr norrænudeildinni fara, — það verður aldrei framtíðarlausnin. Og norrænudeild háskólans er lítill greiði gerður með því að útþenja hana úr hófi fram, áður en menn sjá það, sem sjálfsagt er, að ekki er hægt að stofna háskólaembætti handa öllum þeim, sem það an koma. Það væri því miklu skynsamlegra fyrir þessa menn að beina þeim að því að komast að við erlenda háskóla sem fræðimenn þar. Það væri miklu skynsamlegra af íslenzka ríkinu að leggja fé fram til þess, að þessir menn gætu unnið þar, heldur en að láta þá vera að vinna við störf hér, þar sem þeir að vísu gera mikið gagn, en þar sem það er óeðlilegt gagnvart annarri fræðslustarfsemi í landinu, að þeim sé hlaðið utan í háskólann, af því að það er ekki hægt að búast við því, að aðrar deildir háskólans séu svo lítilþægar að una því að verða settar út í horn sem Öskubuska, meðan kóngsdóttirin, norrænudeildin, á að fá að blómgast og dafna. Það er þess vegna vissulega rétt um þessa góðu menn, að jafnvel þótt þeir gætu ekki komizt að við háskólann með venjulegum hætti síðar, þá hafa þeir marga vegi fram undan sér. Þess vegna er það rangt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það þyrfti að stofna handa þeim föst embætti, — þeim væru allar bjargir bannaðar. Af Tjarnarbíói hefur háskólinn þær tekjur, að hann hefur möguleika til þess að láta þessa menn fá styrk til þess að vinna að ákveðnum störfum, þangað til hægt er að koma þeim fyrir í störf, sem ekki þarf að mynda með sérstökum lögum, sem gerir það að verkum, að norrænudeildin verður óhæfilega stór, miðað við aðrar deildir háskólans, og án þess að sú ranga trú sé alin upp í mönnum, að það sé aðeins vísindastarfsemi í norrænum fræðum, sem hér eigi nokkurn rétt á sér.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið meira um þetta mál. Margt fleira mætti um það segja, og ekki sízt eftir þann leiða hugsunarhátt, sem þeir báðir sýndu sig seka um, hv. 1. þm. Reykv. og hv. frsm. menntmn., þótt þeir undantækju mig því orðbragði, að umr. um þetta mál þyrftu að lýsa fjandskap við háskólann. Það stendur alls ekki hér á dagskrá, að það eigi að skerða réttindi

eða hlunnindi háskólans. Mér skilst þvert á móti, að það séu allir sammála um að auka hann stórlega frá því, sem verið hefur. Spurningin er einungis sú, hvort ekki eigi að hafa eitthvert hóf á því og samræmi á því varðandi aðra starfsemi, bæði innan háskólans og í íslenzka ríkinu. Og það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega drepa á í sambandi við háskólann. Það hefur ekki allt fengizt með því að fá nógu marga starfsmenn. Það verður að búa þannig um háskólann, að hann geti launað sínum mönnum, svo að viðhlítandi sé. Ég fyrir mitt leyti, sem hef starfað við háskólann nokkuð mörg ár, get sagt það, að lengst af þeim tíma voru launakjörin þannig, að ég lifði ekki af þeim einum saman, þótt ég væri einhleypur maður, og það er einmitt vegna þess, að ég hef reynt það sjálfur, hvernig búið hefur verið að þessum mönnum, að ég vil segja: Farið varlega í útþenslu-una, en gerið háskólann heldur lífvænlegri fyrir þá, sem þar eru, og gerið þeim mögulegt að starfa og koma einhverju í verk. Ég held sannast að segja, að sú stefna væri háskólanum síður til óþurftar en slík útþenslustarfsemi, sem hér er ráðgerð. Ég tel, að það sé orðið mjög tímabært, að það væri á ný reynt að gera grein fyrir starfsemi og getu einstakra deilda, stærð þeirra og hlutföllum sín í milli, og ég treysti hæstv. núverandi ríkisstj. vel til þess að taka slíkt starf að sér, ef hún fengist til þess að sinna því. Með slíkri athugun yrði séð fyrir því, að engin ein háskóladeild væri látin vaxa á kostnað annarra og fengi óeðlilega stærð eða útþenslu, svipað því, sem hér er ráðgert. Annars er það eftirtektarvert í þessu sambandi, að hv. frsm. talar um þessa 2 prófessora, sem ætti að lögfesta við viðskiptadeild. Þetta eru ekki prófessorar, heldur dósentar. Í því sambandi vil ég beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort ekki sé ráðlegt, að um dósent í viðskiptafræði og dósent í heimspekideild eigi að gilda sú almenna regla, að þeir eigi að verða prófessorar eftir 6 ár. Enn fremur vildi ég spyrja hv. frsm., og í rauninni beina þeirri fyrirspurn til hæstv. kennslumálarh., hvort þeir mundu standa að því, eftir ummælum sínum í gær, að felld væri niður sú heimild, sem í háskólalögunum er nú, um það að takmarka tölu nemenda í deildum. Hæstv. kennslumálarh. taldi sjálfsagt, að slíkar takmarkanir ættu ekki að eiga sér stað, og mér finnst því sanngjarnt að búast við því, að hann yrði slíku fylgjandi. Vildi ég þá beina því til þeirra, hæstv. kennslumálarh. og hv. frsm., hvort þetta yrði ekki gert með breyt. á þessu frv. eða yrði ef til vill gert í sambandi við þau önnur l., sem nú liggja fyrir þinginu, eða hvort það yrði gert með sérstöku frumvarpi.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Ég skal ekki lengja umr. úr þessu, ég hugsa, að málið græði ekki á því. Hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að þetta mál væri sótt með ofurkappi. Ég get ekki tekið það til mín, ég er frsm. meiri hl. n. og talaði lítið um málið í framsöguræðu, sem er af því, að ég taldi málið svo sjálfsagt mál og bjóst ekki við því, að það mundi sæta neinni mótspyrnu hér í hv. d. — Enn fremur talaði hv. þm. um það, að ég og hv. 1. þm. Reykv. hefðum brugðið þeim mönnum um fjandskap við háskólann, sem hefðu flutt brtt. við frv. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvernig orð mín féllu, en það var ekki meining mín að saka neinn hv. þm. um fjandskap við háskólann.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. þm. viðvíkjandi viðskiptaháskólanum, enda ekki kunnugur því máli. — Þó veit ég ekki annað en stúdentar úr verzlunarskólanum hafi rétt til að stunda þar nám.

Viðvíkjandi því, að ég hafi neytt hv. þm. til að ræða afstöðu Sigurðar Nordals til lýðveldisstofnunarinnar, þá er það ekki rétt. Ég benti einungis á, að ástæða væri til að efla norrænudeildina á stofnári lýðveldisins, en annars greindi okkur ekki á um það atriði.

Ég er reiðubúinn að vera með því að efla aðrar deildir háskólans og vænti, að þjóðin sjái sér fært að efla háskólann enn meir. Hann nefndi til náttúrufræði og lögfræði, sem jafnnauðsynlegt væri að efla og sögu og málfræði. Ég er þessu að miklu leyti samþykkur. En um lögin er það að segja, að þau eru einn þáttur úr sögu vorri til forna, og ég get fullkomlega fallizt á gildi starfa prófessors Ólafs Lárussonar. Annars kemur vart til mála að fara að metast um það, hvort hafi meira gildi, rannsóknir á íslenzkri sögu eða náttúru. Þó má benda á það, að sterkasti þátturinn og sá, sem Bretastjórn viðurkenndi einan nægilegan okkur til sjálfstæðis, var það, að við vorum bókmenntaþjóð. Þess vegna er það ekki að ástæðulausu, þegar minnzt er á gildi norrænudeildarinnar, sem er miðstöð bóklegra og þjóðlegra fræða. — Viðvíkjandi því, að verið sé hér með dýrkun á fornöldinni o. s. frv., þá er því til að svara, að Sigurður Nordal er sá maður, sem bezt hefur skýrt samhengið milli fornra og nýrra bókmennta og unnið að því, að fornöldin yrði ekki slitin úr sambandi við nútíð og miðaldir. Ég álít, að Íslendingar hafi aldrei hætt að vera bókmenntaþjóð og við eigum nú skáld og rithöfunda sambærilega við snillinga fornaldarinnar. Er og ánægjulegt til þess að vita, að við eigum menn, sem bera í sér arfleifð fornaldarinnar og munu bera hróður Íslands víða vegu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að þessa deild háskólans eigi að efla, og mér skal vera það ljúft að fylgja því fram, að aðrar deildir háskólans verði einnig eflдar.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þetta frv. væri flutt vegna þeirra manna, sem ættu að skipa þessi embætti, en ég lýsi því hér með yfir, að ég hef flutt þetta frv. í þeim tilgangi einum að efla norrænudeildina. Ég hygg að vísu, að norrænudeildin hafi beðið mikið tjón af því á umliðnum árum, að menn, sem þar hafa lokið námi, hafa ekki átt þess kost að starfa áfram við deildina, en það er þó alls ekki til þess að veita þessum mönnum starf, að ég styð þetta. Mér virtist þm. taka nokkuð djúpt í árinni, þegar hann var að tala um ofvöxt þessarar deildar með því að setja þar tvc menn. Mér virðist ekki geta verið um minna að ræða en einn mann í hvora aðalgreinina, sögu og bókmenntir.

Ég ætti ef til vill að víkja að því, sem hv. þm. sagði um háskólabókavörð. Ég fellst á það, að þeir, er hann taldi, hafi unnið þarft verk, en ég held, að það styrki fremur mitt mál en hans. Annars mun það svo um mörg þau atriði, er hér um ræðir, að þótt við kunnum lengi um þau að deila, þá yrðum við sammála, ef við töluðum saman.

Það er misskilningur, að ég vilji saka hv. þm. um óvináttu í garð háskólans. Ég veit, að hann vill honum vel, og við erum áreiðanlega sammála um það atriði, að háskólann beri að efla. En mér virðist einungis hann ekki meta norrænudeildina réttilega. Ég veit ekki til, að hér sé um neitt ofurkapp að ræða, en ég vona, að hv. d. samþ. frv. og láti það ekki fara aftur til Nd. Fleira mun það ekki vera, sem ég vildi taka fram. Menntmrh. mun væntanlega svara þeirri fyrirspurn, sem var beint til hans.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég var ekki við, þegar þessi fyrirspurn var borin fram. En ég get svarað því, að ég er því andvígur, að háskólanum sé veittur réttur til að takmarka inntöku stúdenta, og ég fylgdi þeirri breyt., sem síðast var gerð á l., með því skilyrði, að það kæmi ekki til framkvæmda.

Bjarni Benediktsson: Ég þakka menntmrh. greið svör og vænti, að hann beiti sér fyrir þessu, og ber því ekki fram brtt. þessu viðvíkjandi. En eins og ég tók fram í ræðu minni í gær, virðist mér þetta mál erfitt viðureignar. Það ber ekki að skilja svo, að ég sé á móti vexti norrænudeildarinnar. En ef vöxtur háskólans á að verða svo ör, þá verður að fara fram allsherjarathugun á því, hvar er mest þörf stækkunar. En að slík athugun hafi ekki farið fram, ræð ég af því, að hér eru tvö önnur frv., um fjölgun kennara í guðfræðideild og læknadeild. Þetta þyrfti allt að athuga í sameiningu. — Ég get sagt það varðandi þá deild, sem ég þekki bezt, lagadeildina, að fái þessi frv. góðar undirtektir, þá skammast ég mín fyrir að hafa ekki gert meiri kröfur fyrir hennar hönd. En við megum umfram allt ekki blanda saman gildi íslenzkra bókmennta og afköstum einstakra manna á því sviði og þeirri vísindalegu starfsemi, sem unnin er í norrænudeildinni.

Ég tel, að hæfilegur millivegur sé fundinn, ef farið er eftir því, sem ég legg til. Á þann hátt er séð fyrir þessum tveimur ungu mönnum, sem hér um ræðir. Enn fremur vil ég, að þeim Sigurði Nordal og Ólafi Lárussyni, úr því að farið er að nefna nöfn, sé gefinn kostur á að koma sínum mikla fróðleik og þekkingu á framfæri.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þar sem þetta mál hefur nú verið rætt allmikið, þykir mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni, sérstaklega varðandi fjárhagshlið málsins. Ég ætla að fylgja þessu frv., og varðandi 4. gr. þá hef ég skipt um skoðun. Ég hef álitið, að ekki ætti að binda verkfræðideildina með lögum. Þetta hefur gengið allvel undanfarin ár, og ég ætlaði, að ekki þyrfti neina breytingu þar á. En mér er sagt, og ég hygg, að það sé rétt, að erfiðleikum sé bundið að halda uppi nauðsynlegum kennslukröftum, nema endanlega verði frá þessu gengið nú.

Segja má, að það sé ekki lítill útgjaldaauki við stofnun þriggja nýrra prófessorsembætta. En ef betur er að gáð, hygg ég, að það verði í raun og veru sparnaður fyrir þjóðfélagið í heild að koma þessu á laggirnar. Það er naumast vafaatriði, að meiri heildarágóði er að því að láta þá námsmenn, sem leggja stund á þessi fræði, ekki sækja menntun sína til annarra landa, þó að kostað sé upp á þrjú embætti í þessari fræðigrein, og þær athuganir hafa leitt til þess, að ég fylgi stofnun þessara embætta.

Um 3. gr. er aftur það að segja, að þar er gert ráð fyrir að stofna tvö ný embætti í heimspekideild. En nú liggur fyrir á þinginu frv. um að veita Sigurði Nordal lausn frá embætti með fullum launum, og að því er mér skilst, er til þess ætlazt, að við þeim störfum taki maður, sem nú er starfandi við háskólann, en við hans störfum taki aftur dósentar þeir tveir, sem ætlazt er til, að skipaðir verði. Hér verður því, ef frv. verður samþ. um að veita Sigurði Nordal lausn frá embætti, sem ég ætla mér ekki að standa á móti, aðeins um eitt nýtt embætti að ræða, sem stofnað yrði. Og ég er þakklátur þeim mönnum, sem hafa látið þann metnað í ljós fyrir háskóla okkar, að hann eigi að halda uppi þeirri fullkomnustu kennslu í íslenzkum fræðum, sem fáanleg er nokkurs staðar. Og þótt ekki verði komizt hjá einhverjum aukakostnaði við þetta, finnst mér fyrir mitt leyti, að ekki sé í það horfandi. — Um aðra embættafjölgun er ekki að ræða eftir því frv., sem hér liggur fyrir.

Það er því álit mitt, að þrátt fyrir það að ég játa, að fyrir ríkissjóð verði nokkur útgjaldaliður við samþykkt þessa frv., þá sé fyrir þjóðfélagið í heild ekki um veruleg útgjöld að ræða og ávinningurinn verði meiri en tilkostnaðurinn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins gera eina aths. í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh.

Ég álít, að það sé á misskilningi byggt, að ekki sé skylda að veita embætti Sigurðar Nordals fyrir utan þessi tvö dósentsembætti, ef þetta nær fram að ganga. Mér skilst, að ef hann lætur af störfum, þá yrði hans embætti laust og yrði þá að veita eitt prófessorsembætti, auk þeirra tveggja dósentsembætta, sem hér um ræðir. Að vísu getur framkvæmdin hjá ráðuneytunum orðið þannig, að þeir bæti ekki við nema einum manni, en eins og lögin liggja fyrir, mundi ég telja það skyldu, að þessi þrjú embætti yrðu stofnuð.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé ótvírætt, ef þetta frv. verður samþ., að skylt sé að hafa skipuð embætti þeirra þriggja prófessora, sem nú gegna störfum í norrænudeildinni, þeirra Sigurðar Nordals, Þorkels Jóhannessonar og Alexanders Jóhannessonar, og hafa til viðbótar skipuð þessi dósentsembætti, sem nú á að stofna, og loks skylt að hafa skipaðan háskólabókavörð. Þetta eru allt lögskipuð embætti, sem ríkisstjórninni ber að hafa fullskipuð og ekki má sameina nema með nýrri lagabreytingu. Og ef ætlunin er að sameina þau, því er þá verið að samþ. þetta frv. nú?

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Ég hygg, af þeim umr. og ummælum, sem farið hafa fram um þetta frv. um stöðu Sigurðar Nordals í háskólanum, hvaða breyt. það mundi hafa í för með sér, — að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. hélt fram í ræðu sinni, að það sé ekki tilætlunin, að bætt verði við nýju embætti vegna samþykktar þessa frv. Því að ég hef beinlínis spurt að þessu einn af áhrifamönnum í háskólaráði, sem

stendur að þessu frv., og sagði hann mér, að svo væri ekki.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti: — Ég vil aðeins láta þess getið, að ég hef skilið þetta svo, að í embætti Sigurðar Nordals kæmi nýr prófessor, ef gert er ráð fyrir, að Einar Ólafur Sveinsson verði áfram bókavörður við háskólann. Þetta kann að vera á misskilningi byggt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 604,1 felld með 10:1 atkv.
— 604,3 tekin aftur.
— 638,1 felld með 10:2 atkv.
— 638,2 tekin aftur.
— 688,1 felld með 10:5 atkv.
— 639 felld með 10:1 atkv.
— 688,2 felld með 9:3 atkv.
— 604,2 felld með 9:1 atkv.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

64. Lendingarbætur í Djúpavogi.

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um lendingarbætur í Djúpavogi (þmfrv., A. 293).

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Það er nokkur grein gerð fyrir nauðsyn þessa máls í grg., þótt hún sé stutt. Aðalatriðið er það, að mjög er erfið aðstaða til að ferma og afferma skip þarna, og svo hitt, að aðstaða til útgerðar er miklu lakari en verið gæti, ef betur væri búið að við landið. Nú hef ég ráðizt í að flytja frv. til l. um lendingarbætur á þessum stað, og eru þær fólgnar í bryggjugerð aðallega. Ég geri mér von um, að hv. d. samþ. þetta frv., þar sem það mun vera mjög hliðstætt öðrum slíkum, sem undanfarið hafa verið afgr. Vil ég svo leyfa mér að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 293, n. 519).

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og borið það undir vitamálastjóra, og að loknum þeim athugunum og eftir að hafa séð hans umsögn um málið, leggur n. til, að frv. verði samþ. Lítils háttar leiðréttingþarf að fara fram, sem brtt. er um á sama þskj. og nál. er.

ATKVGR.
Brtt. 519 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 571).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 571, n. 619).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. — Ég hef fátt eitt að segja um þetta frv. fyrir hönd sjútvn. N. hefur borið það saman við gildandi l. um sama efni. Frv. er að öllu leyti samhljóða öðrum frv. um þetta efni, og leggur n. eindregið til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég tel rétt að skýra að nokkru fyrir dm. aðstæðurnar á þessum stað.

Eins og öllum er kunnugt, sem kunnugir eru eða fást við sjávarútveg, gengur vetrarvertíðarfiskur ekki lengra austur en að Austurhorni. Ef Austfirðingar vilja nota vetrarvertíðina, verða þeir því að flytja sig burt, og síðan bátaflotinn stækkaði, er óhjákvæmileg nauðsyn að geta notað vetrarvertíðina. Hornafjörður hefur hjálpað mikið, en þar er nú svo komið, að ekki er hægt að taka á móti fleiri bátum þar. Leita því margir bátar að austan til Faxaflóa, því að Vestmannaeyjahöfn er fullnotuð.

Djúpivogur er syðsta höfnin á Austfjörðum, sem bátar róa frá, en til þess að höfnin verði nothæf stærri bátum, þarf að gera þar verulegar hafnarbætur.

Djúpivogur er lítið fiskiþorp sem stendur. Ef nothæf höfn væri gerð þar, er mikið álitamál, hvort bátar af Austfjörðum hafa ekki enn betri aðstöðu til að ná á vetrarfiskimiðin þaðan en frá Hornafirði. Tilraun hefur verið gerð í þessu efni, og sýndi hún, að bátar frá Djúpavogi hafa stundum náð eins góðum afla og stundum betri en bátar frá Hornafirði. Seinni hluta vertíðarinnar er reynslan sú, að bátar, sem eru nógu stórir til að sækja frá Djúpavogi á Hornmið, fá svo til eins góðan afla og Hornafjarðarbátar.

Ég var sjálfur um tíma á Djúpavogi og er sann-

færður um, að ef aðstaðan þar er tryggð og bátar þar eru eins vel útbúnir, má fá þar eins góðan árangur og frá Hornafirði eða betri, ef hann liggur í sunnanátt.

Ég vil láta þetta koma fram, úr því að verið er að byrja á lendingarbótum á Djúpavogi. Ég tel, að rétt sé, að sem allra fyrst sé hafizt handa um lendingarbætur á Djúpavogi, því að þar er þá fengin höfn, sem getur samsvarað að ýmsu leyti beirri höfn, sem við höfum á Hornafirði.

Tel ég rétt, að þetta komi fram um leið, til þess að þm. álíti ekki, að það sé einungis tildursháttur að ráðast í þessar framkvæmdir.

N. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 712).

---

65. Lendingarbætur í Selárdal.

Á 56. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi (þmfrv., A. 430).

Á 60. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja að vísa til grg. fyrir þessu frv. og óska, að því verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 430, n. 480).

Frsm. (Gísli Jónsson): Sjútvn. hefur athugað þetta frv., sem er á þskj. 430, og hefur borið það saman við gildandi l. um lendingarbætur og komizt að raun um, að það er í fullu samræmi við þau l., og leggur n. því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv. var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 682).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir, eins og sést af nál., að n. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Um þennan stað er það að segja, að hann er afskekktur, en þaðan er talsvert útræði. Íbúarnir hafa sýnt mikinn áhuga á því að bæta þarna lendinguna, og þykir þess vegna maklegt, að ríkið styrki þá til þessa. — Vil ég því f. h. n. mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 723).

---

66. Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð.

Á 69. fundi í Ed., 17. nóv., var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð (þmfrv., A. 510).

Á 71. og 72. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. muna, voru samþ. á þessu þ. l. um bæjarstjórn í Ólafsfirði. Með þeim var Ólafsfjörður skilinn frá Eyjafjarðarsýslu, og er þetta frv. bein afleiðing þeirra l.

Hér er að mestu leyti um orðabreytingu að ræða, þannig að þar, sem stóð áður: „hreppsnefnd", kemur nú: bæjarstjórn, o. s. frv. Er þetta sjálfsögð afleiðing af því, sem orðið er, að Ólafsfjörður á að verða kaupstaður. Meginbreytingin er í 2. gr., þar sem fellt er niður ákvæði um að krefjast ábyrgðar Eyjafjarðarsýslu fyrir láni, sem hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að taka til hafnargerðar.

Ég verð að skilja þessa hv. deild svo, að þegar l. um bæjarréttindi Ólafsfjarðar voru sett, hafi þessi grein verið fyrir fram samþ. Því var þá lýst yfir af mér, að aðaltilefni þessa var það, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hafði neitað um þessa ábyrgð.

Ég hygg, að ekki þurfi að fjölyrða um þetta atriði, samþykki sé þegar fengið.

Önnur nýmæli eru ekki í frv., og í rauninni eru þetta ekki nýmæli, heldur formsatriði. Ég hef ekki farið út í að hækka tillag það, sem þar um ræðir. Ég vil ekki blanda því inn í þetta mál, enda þótt fjárupphæðin sé ekki nægileg.

Ég hafði til fyrirmyndar, þegar Akranes var gert að bæjarfélagi og sett voru ný hafnarl. fyrir þann bæ. Ég er algerlega sammála þeim hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., sem í umr. áðan um 2. dagskrármálið létu orð falla um nauðsyn þess að setja heildarhafnarlög hér á landi. Það er orðið svo víða, sem ríkið styrkir hafnarmannvirki, að hin mesta nauðsyn ber til, að l., sem að slíkum mannvirkjum lúta, séu samræmd. En það breytir engu um þetta frv. Það á að ganga fram nú, samræmis vegna.

Gísli Jónsson: Mér þykir rétt þegar á þessu stigi málsins að koma fram með nokkrar fyrirspurnir í sambandi við afgr. þessa máls, vegna þess að hv. flm. á ekki sæti í þeirri n., sem þetta mál fer til.

Þegar rætt var um það hér að breyta Ólafsfirði í bæjarfélag, þá er það alveg rétt, að það var að nokkru leyti vegna ábyrgðar sýslufélagsins. Þó lýsti hv. flm. yfir þá, að ekki væri farið inn á þessa braut af því, að þetta mál væri svo mjög aðkallandi, því að það þyrfti að gera Ólafsfjörð að bæjarfélagi hvort sem væri af öðrum ástæðum. En það var þá a. m. k. af mér skilið svo, að nægilegt væri að fá breytt hafnarl. fyrir Ólafsfjörð eins og hv. frsm. minntist á. Ég vil því spyrja hv. frsm., hvort hann mundi ekki geta fellt sig við, að í staðinn fyrir, að hér á að samþ. nýja breyt. á hafnarl., þá væri þeim breytt eins og rætt var um á því stigi málsins. Ég skal koma að, hvers vegna ég vil fara inn á það. Ég hef tilkynnt hv. flm., að ef hafnarl. er breytt þannig, að ábyrgð sýslusjóðs fellur niður, sem nú er nauðsynlegt, þá mundi ég bera fram brtt. um, að breytt yrði 10. gr. 2. f., að í staðinn fyrir 1% kæmi 6%, vegna þess að hér er ríkissjóður settur í miklu meiri áhættu, vegna þess að ábyrgðinni er kippt burt, og er þess vegna rétt, að heimilt verði að leggja 6% á andvirði afla, er þar kemur á land. Þetta er venjulegt ákvæði í hafnarl., þar sem ríkissjóður hefur enga ábyrgð nema hreppsfélags eða bæjarfélags, nema í Reykjavík og Hafnarfirði, af því að talið er, að fjárhagur þessara bæja sé svo traustur, að þess þurfi ekki með. Ég mun því bera fram brtt. um, að heimilt sé að taka allt að 6% af andvirði þess afla, er þarna kemur á land. Það mun ekki þurfa að nota þessa heimild, nema kaupstaðurinn sé í fjárþröng, og mun þá koma krafa frá ríkissjóði að nota þessa heimild til fulls, ef þess þarf með.

Að ég vil heldur fara þessa leið, stafar af því, að ég lít svo á, að ef farið er að setja nýjan lagabálk, þá sé um leið gefið vilyrði fyrir því, að áframhaldandi sé veitt til þessarar hafnar ⅝ úr ríkissjóði, en ekki ⅛ eins og venjulega til kaupstaða, og mundi slíkt valda miklum glundroða í hafnarl. almennt, því að það væri algerlega á móti þeirri reglu, sem hefur verið algild um fjárveitingar til hafnargerða. Þetta er sú stefna, sem ég mun fylgja í n., og mun ég þá líkast til leggja til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, því að ég veit ekki, hvort hægt er að gera þá breyt. á frv., sem ég hef nú minnzt á.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég skil ekki þennan mun, sem hv. þm. Barð. gerir á því að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir eða gera breyt. á þeim hafnarl., sem nú gilda fyrir Ólafsfjörð. Þetta frv. er að langmestu leyti upprentun á hafnarl., og það er aðeins vikið við orðum, þar sem það á við vegna þess, að Ólafsfjörður er nú orðinn bær, en er ekki lengur hreppur.

Mér er ómögulegt að skilja, að með því að samþ. þetta frv., sem má skoða eingöngu sem lagfæringu, sem leiðir af öðrum l., taki ríkið á sig nokkrar nýjar skuldbindingar fram yfir það, sem núverandi hafnarl. gera.

Ég lít að öðru leyti svipað á þetta mál og hv. þm. Barð. Ég álít, að með 1. gr. frv. hafi ríkið gefið fyrirheit um að leggja fram eina millj. kr. til hafnarinnar og að ábyrgjast hálfrar annarrar millj. kr. lán, en ég álít, að í þessu liggi alls ekki meira fyrirheit, en það verður að leggja undir samþ. Alþingis og ríkisstj. á sínum tíma, hvort meira verður veitt eða þetta látið nægja.

Hv. þm. segir, að sér hafi komið til hugar til að auka tryggingina fyrir höfnina og draga úr áhættu ríkissjóðs, þegar ábyrgð sýslunnar fellur niður, að hækka heimildina í 10. gr. 2. f. úr 1% í 6%. Mér er ómögulegt að sjá annað en hv. þm. geti borið fram brtt. um þetta við það frv., sem hér liggur fyrir, eins og við þau hafnarl., sem nú gilda, það er meira að segja þægilegra, ef nokkru munar.

Hann minntist á, hvort það hefði ekki verið rétt skilið, að frv. um bæjarréttindi fyrir Ólafsfjörð hefði verið borið fram út af þessu máli, einmitt vegna neitunar sýslun. Eyjafjarðarsýslu á ábyrgð fyrir höfnina. Ég ætla, að ég hafi tekið skýrt fram, þegar þetta mál var til umr. ekki alls fyrir löngu, að málið hefði verið borið fram vegna neitunar sýslufélagsins á ábyrgðinni, en hins vegar

væri þó sjáanlegt, að ekki yrði nema stutt þangað til óskir kæmu fram um bæjarréttindi handa Ólafsfirði vegna þeirrar sérstöðu, sem staðurinn hefur atvinnulega og að ýmsu öðru leyti innan sýslufélags Eyjafjarðarsýslu, jafnvel þótt um ágreining út af ábyrgðinni hefði ekki verið að ræða. Ég get ómögulega séð, að það sé á neinn hátt réttara að fara þá leið að leiðrétta aðeins eitt atriði í núgildandi l., sem leiðir af skilnaði Ólafsfjarðar og Eyjafjarðarsýslu, en leiðrétta ekki l. að öðru leyti, því að eins og ég sagði áðan, þá hefur þetta frv. ekki nema þessa einu efnisbreyt. í för með sér, og allar aðrar breyt. frv. leiðir þar af. Þær eru aðeins orðabreyt., sem þarf að gera vegna þess, að þetta bæjarfélag er *stofnað*. Mér er því óskiljanlegt, ef hv. þm. Barð. getur ekki alveg eins vel fellt sig við frv., og vitanlega felur þetta frv. enga skuldbindingu í sér aðra en þá, sem nú stendur í hafnarl. Ég vona því, að hv. þm. taki þessa afstöðu sína til endurskoðunar, því að það er óhugsandi, að þessi formsatriði eigi að valda því, hvort málið nær fram að ganga eða ekki.

Gísli Jónsson: Ég hef ekki sannfærzt af rökum hv. 1. þm. Eyf.

1. gr. þessa frv. um einnar millj. kr. framlag er samþ. af Alþingi, meðan Ólafsfjörður var sérstakt kauptún og hafði ábyrgð sýslusjóðs fyrir láninu. Ef þetta frv. er samþ. nú, þá er hér verið að samþ. að veita bæjarfélagi eina millj. kr. gegn ⅔ frá hafnarsjóði, og með þessu væri brotin sú regla, sem gildir um framlög til bæjarfélaga almennt. Reglan er hins vegar ekki brotin frá mínu sjónarmiði, ef l. er breytt til samræmis. (**BSt:** Það er það, sem er gert.) Vill hv. þm. bíða, þar til ég er búinn. Ég geri ráð fyrir, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið nú, að ég geri tilraun í n. til, að hún beri fram eðlilegar brtt. við núverandi l. til samræmis við það, sem hefur skeð, en haldi þessu frv. til baka, þar til séð er um afdrif þeirra brtt. Það kann vel að vera, að ég fái ekki fylgi n. um þessa aðferð, en þetta er mín afstaða í málinu, og ég mun einnig beita mér fyrir í n., að heimildin í 10. gr. verði hækkuð úr 1% í 6%. Það er alveg sama fyrir hv. flm., þó að þessi leið verði farin, en þá hefur sjútvn. séð um, að ekki sé skapað fordæmi fyrir að brjóta þá reglu, sem algild hefur verið um framlög ríkisins til hafnarmannvirkja, sem eru í eigu bæjarfélaga.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil aðeins taka fram, að ég sé engan mun á að afgr. málið á þann hátt, sem hv. þm. Barð. vill, eða að samþ. þetta frv., því að ef þær skuldbindingar, sem ríkið tekur að sér, eru alveg óbreyttar eins og þær eru nú í 1. gr. frv., þá sé ég ekki, að neinn munur sé á, hvort þetta frv. er samþ. eða aðeins gerðar breyt. á núgildandi hafnarl. á viðeigandi stöðum; það er aðeins aukafyrirhöfn. Ef það er meining hv. þm. að fella þetta frv. eða draga það til baka á einhvern hátt og koma með nýtt frv. til breyt. á einstökum gr. hafnarl., þá hefur það þá einu þýðingu, að *því er mér virðist*, að *tefja* málið a. m. k. um eina umr. Annars vill svo vel til, að hæstv. fjmrh. er staddur hér í d., og álít ég, að hann sé bær um að segja, hvort í þessu felast *nýjar* skuldbindingar fyrir ríkið, og vil ég gjarnan gera fyrirspurn til hans um það, hvort hann líti svo á, að í þessu frv., sem er eingöngu uppprentun á þeim skuldbindingum, sem nú eru í l., séu nokkur ný ákvæði önnur en að ábyrgð Eyjafjarðarsýslu hverfi eins og til var ætlazt, þegar þessi staður fékk bæjarréttindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 510, n. 563).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og fram er tekið í grg. fyrir þessu frv. og fram kemur í nál. sjútvn., þá eru breyt. þær, sem með þessu frv. eru ráðgerðar á hafnarl. Ólafsfjarðar, aðeins þær, sem leiðir af því, að frá næsta nýári verður Ólafsfjörður sérstakt lögsagnarumdæmi og fær bæjarréttindi. Aðalbreyt. er í 2. gr. frv. og er í því fólgin, að tekið er úr núgildandi l. skilyrði um það, að endurábyrgðar skuli krefjast frá Eyjarfjarðarsýslu fyrir láni, sem tekið er til hafnargerðarinnar. Með öðrum breyt. er aðeins fært til samræmis við þá ákvörðun, sem ég hef getið um, að Ólafsfjörður er gerður sérstakt lögsagnarumdæmi.

Sjútvn. hefur athugað frv. og borið saman við gildandi l. og ekki orðið vör við annað en breyt. séu í samræmi við það, sem til var ætlazt. Þó er rétt að geta þess, að í 5. gr. frv. kemur fram mismunur, sem mun vera prentvilla, í sektarákvæðunum. Þar stendur 500—2000 kr., en mun eiga að vera 500—20000 kr. Lítur n. svo á, að þetta sé prentvilla, og gerir um það aths. í nál. og ætlast til, að það sé leiðrétt í prentun.

Það kom fram í n., að ýmsir litu svo á, að þar sem l. eru tekin upp í heilu lagi og samþ. sem hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, þá mætti líta svo á, að þar með væri slegið föstu, að þau hlutföll, sem nú eru á framlagi til hafnargerðarinnar frá bæjarsjóði og ríkissjóði, skyldu haldast. Einstakir nm. litu svo á, að með þessu væri engu slegið föstu, því að sjálfsögðu væri ekki hægt að auka það fé, sem til hafnarinnar er lagt, nema með lagabreyt., og yrði þá á valdi þingsins í hvert skipti, hvort sömu hlutföll skuli haldast, en til þess að taka af allan vafa, gekk n. öll inn á að setja í nál., að þau ákvæði um upphæðir, sem eru í 1. og 2. gr., næðu aðeins til þeirra upphæða, sem þar eru tilgreindar nú í þessum l. Ég vil taka þetta fram vegna þess, að innan n. voru uppi raddir, sem lögðu allmikla áherzlu á, að þetta væri skýrt tekið fram, að þótt l. væru samþ. í heilu lagi sem hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, þá væri þar með ekki gefið neitt loforð um það, hvernig hagað yrði fjárframlögum til hafnarinnar, ef meiri framlög þyrfti en nú eru í l. Til að fyrirbyggja allan misskilning, tel ég rétt að láta þetta koma fram.

Þá taldi n. allar líkur til, að þörf væri á að rýmka nokkuð fjáröflunarheimildina fyrir tilvonandi bæjarstjórn Ólafsfjarðar, til þess að hægt væri að afla nægilegs fjár til þess að standa straum af hafnargerðinni. Þetta er nokkuð dýrt mannvirki, en bæjarfélagið, sem að því stendur, tiltölulega lítið, og taldi n. því mjög eðlilegt að færa þetta í svipað horf og nú er um lendingarbætur og l. þar um. Þar er sem sé heimilt að taka

allt að 6% af afla, sem þar kemur á land. Þetta er réttlætanlegt á þessum stað, þar sem Ólafsfjörður er aðallega fiskihöfn. Það er vitað, að þetta mannvirki er það dýrt, að aldrei hefði verið ráðizt í það aðeins til að bæta uppskipunarmöguleika eins og á sér stað á nokkrum öðrum stöðum. Taldi n. því rétt, að þessi heimild væri hækkuð. Það er að sjálfsögðu á valdi bæjarstjórnar og hafnarnefndar, að hve miklu leyti þessi heimild er notuð. N. leggur til, að leggja megi allt að 6% á allan afla, sem á land er lagður. Við lítum svo á, að þessi breyt. sé nauðsynleg, því að tekjuöflunarleiðir fyrir hafnarnefnd verða varla aðrar en þessi.

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu n., sem leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt. á 10. gr. 2. f.

Bernharð Stefánsson: Ég vil þakka n. fyrir meðmæli hennar með þessu máli. Ég get vel sætt mig við þá brtt., sem n. gerir, því að þótt ég telji, að þar sé fulllangt gengið, ef heimildin til að leggja 6% á allan afla væri notuð út í æsar, þá er þess að gæta, að þetta er aðeins heimild. Get ég því vel sætt mig við það.

Út af aths. n. um það, að ákvæði 1. og 2. gr. nái aðeins til þeirra upphæða, sem þar eru nefndar, en bindi ekki ríkissjóð við sama hlutfall, ef upphæðirnar verða síðar hækkaðar, er það að segja, að ég er n. alveg sammála, og tók ég það fram við 1. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 563 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 584).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 584, n. 681).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Þetta mál þarf ekki mikillar skýringar við. — Eins og hv. þm. er kunnugt um, eru í gildi hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, en sú breyt. hefur á orðið, að kosin hefur verið bæjarstjórn í stað hreppsn., og l., sem hér um ræðir, eru samhljóða núgildandi l. að öðru leyti en því, sem leiðir af þeirri breyt., að bæjarstjórn er kosin.

N. hefur einróma fallizt á frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 724).

---

67. Ríkisborgararéttur.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 437).

Á 68. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Til allshn. Nd. hafa borizt nokkur erindi frá dómsmrn. um að veita hér búsettum mönnum íslenzkan ríkisborgararétt. N. hefur því eftir ósk ráðuneytisins flutt frv., sem er 171. þingmál, um að veita ríkisborgararétt sex mönnum, og eru það þessir: Christensen, Evald Mads Karl, fæddur 21. maí 1905 í Danmörku, Jensen-Brand, Svava Andrea, fædd 7. marz 1920 í Kanada, Petersen, Johan, fæddur 11. júní 1906 í Noregi, Kristensen, Aksel, fæddur 24. febr. 1893 í Danmörku, Sen, Jón, fæddur 9. febr. 1924 í Kína, og Torgilstveit, Martin Hansen, fæddur 19. febr. 1905 í Noregi.

Þessir menn allir uppfylla skilyrði laganna um að hafa verið búsettir hér á landi í 10 ár, nema Martin Hansen. Hann hefur dvalizt hér í meir en 10 ár, en ekki samfleytt, því að árin 1937—38 dvaldist hann í Noregi, og hann gefur þá skýringu á því, að hann hafi farið þangað í kynnisför og dvalizt hjá ættingjum sínum með konu sína og börn. Það hefur ekki verið hægt að fullnægja því ákvæði l., að menn útvegi sér hegningarvottorð frá heimalandi sínu, eins og þeim ber að gera, enda hafa ekki verið möguleikar til sambands við heimalöndin vegna stríðsástæðna. Ég vil geta þess, að það hefur verið siður frá því stríðið brauzt út árið 1939 að veita mönnum ríkisborgararétt með

l., þó að þessu ákvæði hafi ekki verið fullnægt. Í l. frá 1934 stendur, að l. geti ekki komið til framkvæmda og menn fái ekki ríkisborgararétt, nema þessu skilyrði sé fullnægt.

Ég hef kynnt mér það hjá dómsmálaráðuneytinu, að þrátt fyrir þetta ákvæði l. hafa verið gefin út ríkisborgarabréf til þeirra manna, sem þess hafa óskað, þó að þessu ákvæði l. hafi ekki verið fullnægt. Hins vegar vil ég benda á það, til þess að það mætti vera til athugunar síðar, að sjálfsagt er og rétt, þegar veita á ríkisborgararétt undir eðlilegum kringumstæðum og menn ná til heimalandsins, að þá sé þessu ákvæði l. fullnægt, og mætti ákveða, að l. falli úr gildi, ef þessu ákvæði er ekki fullnægt innan 12 ára.

Þeir aðrir menn, sem sent hafa umsóknir, fullnægja ekki ákvæðum l. hvað snertir búsetu hér á landi, og einn er sem stendur í skuld, sem varnar því, að hann fái ríkisborgararétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Ed., 20. nóv. var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 82. og 86. fundi í Ed., 5. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 437, n. 592, 667).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Mál þetta, eins og það liggur fyrir á þskj. 437, er komið frá hv. Nd. og var vísað til allshn. þessarar d. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ., þar sem þeir menn, sem þar eru upp teknir, uppfylla þau skilyrði, sem lög og venjur gera kröfur til, til þess að geta fengið íslenzkan ríkisborgararétt. N. hefur gefið út nál. á þskj. 592, en áður en málið kom til umr., bárust n. umsóknir frá þrem mönnum til viðbótar, þar sem farið er fram á veiting íslenzks ríkisborgararéttar, og eftir að hafa athugað hagi þessara manna, komst n. að þeirri niðurstöðu, að tveir af mönnunum uppfylltu skilyrðin, en sá þriðji ekki. Ber n. því fram brtt. á þskj. 667, og vil ég í því sambandi geta þess, að 2. liður brtt. er til þess að koma á réttri stafrófsröð, sem ekki þótti taka, meðan ekki var gert ráð fyrir fleiri breyt., en þótti nú sjálfsagt, þegar þessir tveir menn hafa bætzt við, sem — eins og ég hef tekið fram — uppfylla öll sett skilyrði, að öðru leyti en því, eins og tekið er fram í grg. á þskj. 437, að þeir hafa ekki vegna ríkjandi ófriðarástands getað aflað sér hegningarvottorðs frá útlöndum. En af sögu þessara manna er ekki ástæða til að ætla, að neitt sé til fyrirstöðu til þess að veita þeim ríkisborgararétt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en leyfi mér að leggja til f. h. allshn., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem eru á þskj. 667.

ATKVGR.

Brtt. 667,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 667,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 667,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 695).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 734).

---

68. Hafnarlög fyrir Neskaupstað.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 418).

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 18. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Breyt. þær á hafnarl. Neskaupstaðar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eru aðallega þær, að fjárhæðir l. eru hækkaðar nokkuð, bæði framlag ríkissjóðs og eins ábyrgðarheimild ríkissjóðs fyrir framlagi kaupstaðarins.

Reynslan hefur sýnt það nú þegar, að þær fjárhæðir, sem núgildandi hafnarl. Neskaupstaðar tilgreina, eru orðnar of lágar miðað við þær framkvæmdir, sem lagt hefur verið í nú þar í sumar, því að staðið hefur yfir bygging hafskipabryggju, sem hefur reynzt allmiklu dýrari heldur en ráð hafði verið fyrir gert. Er af þeim ástæðum óhjákvæmilegt að hækka nokkuð þær fjárhæðir, sem í l. hafa verið tilgreindar. Auk þess hefur svo bæjarstjórnin í Neskaupstað ákveðið að efna til nokkurra frekari hafnarbóta, eins og með því að gera hafnargarð á Neseyraroddanum til aukins skjóls á höfninni. Og þó að ekki liggi fyrir nú nákvæmar áætlanir um það, hvað slíkt mannvirki muni kosta, þá leiðir af því, að fjáruppæðir l. verða að hækka talsvert þess vegna.

En það, sem sérstaklega hefur rekið á eftir með þessa breyt. á hafnarl. fyrir Neskaupstað, er það, að hafnarn. kaupstaðarins hefur ákveðið að byggja á vegum hafnarsjóðs dráttarbraut þar í bænum. Til þess líka að gera það leyfilegt, að hafnarsjóður annist byggingu dráttarbrautarinnar, þá er það gert ótvírætt í l. með þessu frv., ef samþ. verður, að fé til dráttarbrautarinnar megi taka af því fé, sem á að verja til hafnarframkvæmdanna. En allir hafa ekki verið sammála um, hvort bygging dráttarbrautar þarna eigi að heyra undir hafnarbætur samkvæmt hafnarl. Vitamálastjóri hefur talið, að eftir hafnarl. geti bygging dráttarbrautarinnar talizt hafnarmannvirki. Og vegna þessarar samþykktar bæjarstjórnar Neskaupstaðar um að byggja dráttarbraut er óhjákvæmilegt að hækka framlag ríkisins og ábyrgðarheimild ríkissjóðs fyrir framlagi kaupstaðarins, ef það fyrirtæki á að komast í framkvæmd. — Þetta eru sem sagt einu breyt., sem farið er fram á í þessu frv., að gerðar verði á hafnarl. fyrir Neskaupstað. Og ég sé ekki, að á þessu stigi málsins sé þörf á að gera fyrir þessu frekari grein. Óska ég, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 509).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa um þetta mál nema aðeins örfá orð. Sjútvn. hefur haft málið til athugunar og sent það til umsagnar vitamálastjóra, sem hefur mælt með, að frv. yrði samþ. óbreytt. Og öll sjútvn. hefur einnig mælt með frv. óbreyttu. Svo vil ég vænta þess, að frv. fái greiða afgreiðslu hér í hv. d. og verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 666).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. — Frv. þetta er flutt í Nd., og þar var það sent vitamálastjóra til umsagnar. Hann hefur mælt með frv. í Nd., að það yrði samþ. óbreytt.

Hér í Ed. var frv. vísað til sjútvn. Hún hefur athugað það og mælir með, að það verði samþ., en leggur þó til, að á því verði gerðar nokkrar breytingar. Frv. gerir ráð fyrir, að hækkuð verði fjárhæð sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og stafar þessi hækkun af kostnaði vegna dráttarbrautar, og má telja, að þetta sé rétt þar, sem hagar til eins og í Nesi.

Þar er stærsti fiskifloti á Austurlandi, 20 fiskibátar 12 til 20 smálesta, 6 bátar 6 til 12 smálesta og 20 smærri vélbátar, svo kallaðar trillur. Auk þess eru þar fjögur skip 60 til 100 smálesta. Þar sem svo er ástatt, sést, að eitt mikilsverðasta skilyrðið til atvinnurekstrar á slíkum stað er, að þar sé dráttarbraut. N. hefur fallizt á, að þetta sé ekki aðeins skynsamleg, heldur og nauðsynleg framkvæmd. En af þessu leiðir, að fjárhæðin, sem ætluð var til hafnarbótanna, hækkar verulega.

N. telur rétt að taka upp í l. ákvæði, sem ekki hefur verið í þeim áður. Það er að heimila hafnarsjóði að leggja 1% á afla þeirra báta, sem heima eiga á staðnum. Þetta ákvæði er í velflestum hafnarl., en ekki þótti ástæða til setja það í hafnarl. Neskaupstaðar, þegar þau voru sett. En verzlun er sáralítil í Nesi, aðeins við tvo litla hreppa. Höfnin er því aðeins fiskihöfn, og er þess vegna nauðsynlegt að setja þessa heimild í l.

Vegna þess að hentugra þótti að taka 7. gr. alla, í stað þess að gera á henni breytingar, sem felldar yrðu inn í, hefur n. tekið það ráð að taka gr. fyrir í heild.

Þá hefur n. þótt ástæða til að gera brtt. við 18. gr. l., og er hún um að heimila að setja reglu-

gerð um meðferð hafnarmannvirkja. Telur n. rétt, að inn í þessa gr. sé bætt reglum um notkun hafnarmannvirkja, og þótti rétt, að þetta yrði ákveðið með l., svo að það gæti ekki valdið ágreiningi síðar.

Annað þarf ekki að taka fram um þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv.

Eins og ég tók fram áður, leggur n. til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem fyrir liggja á þskj. 666.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 666,1.a—b (tvær nýjar gr., verða 3.—4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 696).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Þetta frv. er nú aftur komið hingað frá Ed., sem hefur gert á því örfárar breyt., sem ég get vel fallizt á, en hefði þó ekki verið nein þörf að gera. Ég vil þó mælast til þess, að frv. verði samþ. eins og Ed. gekk frá því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 735).

---

69. Bændaskólar.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla (þmfrv., A. 339).

Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Við þessa 1. umr. málsins tel ég ekki nauðsyn á að fara mörgum orðum um frv., en vil láta nægja að vísa til nokkurrar grg., sem því fylgir. Mun ég því ekki frekar fara orðum um frv. nú, nema sérstök ástæða gefist til við umr. hér. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 508 og 529).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. — Þegar Sunnlendingar seint og síðar meir fengu áhuga fyrir að reisa bændaskóla á Suðurlandssvæðinu, þá var áhugi fyrir því meðal héraðsbúa þar heima fyrir og fulltrúa þeirra á Alþ., að ef kæmi til þeirrar skólastofnunar, þá yrði hún gerð þannig úr garði, að hún fullnægði á sem ýtarlegastan og beztan hátt þörfum almennings til bændamenntunar, að hún veitti víðtæka og yfirgripsmikla menntun, þar sem aðallega yrði miðað við hina praktisku, verklegu þekkingu, til þess að bændaefnin, sem þar hefðu menntun hlotið, væru sem bezt þess umkomin, er heim kæmi, að taka við búrekstri af foreldrunum, hvert að sínu setri, og með þeirri fjölbreytni, sem á sér stað í búnaðarháttum þar í byggðum. Með hliðsjón til þessa var það engin tilviljun, að þegar frv. um þetta loksins náði samþykki á Alþ. 1942, sbr. l. frá þeim tíma nr. 39, þá var það lögfest í sérákvæði um bændaskóla Suðurlands, sem ég skal nú lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfsemi hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.“

Með því að fá þetta inn í l. vakti það fyrir okkur, að skólanum skyldi valinn sá staður, þar sem fjölbreytni væri sem mest í öllum landsgæðum, svo að hægt væri að veita þar verklega kennslu í sem flestum greinum sunnlenzks búrekstrar. Þetta var margrætt og nauðsynlegt álitið, að jörðin, sem skólinn væri settur á, væri stór og fjölbreytileg, þar þyrfti að vera nóg efni til túnræktar og mýrlendi, sem hentugt væri til áveitugerða, nóg beitiland til þess að hægt væri að vetrinum að gera samanburð á innigjöf og útibeit. Og svona mætti lengi telja. Slíkri jörð þyrfti yfirleitt að vera vel í sveit komið og þyrfti hún að vera með sem flestum þeim kostum, sem nauðsynlegir eru til þess, að þar sé hægt að framkvæma sem víðtækasta og fjölbreyttasta kennslu í landbúnaði.

Hinn almenni vilji um þetta fékk staðfestingu í þeirri lagagr., sem ég las, og síðan áréttingu, mjög mikils verða, í þeim till., sem síðar komu fram frá lögmæltum tillögumönnum um bændaskólasetrið. Því að eins og kunnugt er og l., sem eru fyrir hendi, bera með sér, átti bændaskólasetrið sunnlenzka að ákveðast af landbúnaðarráðuneytinu, að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Þetta fór að því leyti fram eins og l. gerðu ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands sinnti þar sinni skyldu, þó með því, að stjórn Búnaðarfélagsins skipaði til þess sérstaklega 3 menn. — Það var til umr. jafnframt í öndverðu, hvort gerlegt væri að láta Sunnlendinga ráða sjálfa um staðinn. En það þótti ekki gerlegt, af ástæðum, sem mér virðast koma mjög réttilega í ljós í nál. hv. 1. þm. N.-M., sem liggur nú hér einnig fyrir til umr. sem minni hl. nál. Það skín í gegnum það, — ég man

ekki, hvort það er beint orðað —, að það hefði með því móti verið of mjög hætt við hreppapólitík í sambandi við málið, ef þeim hefði sjálfum verið falið að ákveða staðinn fyrir skólann. Það skín í gegn, að það sé átt við þessa hreppapólitík milli héraða, því að þeim þykir það réttlát leið, sem varð niðurstaðan hjá okkur á Alþ., þ. e. að fara þannig að þeim málum, að Búnaðarfélagið geri till. og landbrn. setji fram sínar tillögur. Með þessari aðferð var talið, að séð væri við þessum leka. Þetta tókst líka svo vel til, að af hálfu Búnaðarfélagsins var til þess n. valin af meiri hl., sem var svo óháður öllu vinfengi héraðsbúa, að það gat ekki komið til greina af hálfu þeirra Steingríms Steinþórssonar og Jóns á Reynistað. Sem sagt, það voru valdir til þess 3 mætir menn, sá þriðji var Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, af svæðinu sjálfu. Það er full skýring á þeim kafla, sem illu heilli komst inn hjá n. Þeir Steingrímur og Jón tilnefndu Skálholt, en svæðisbúinn, Guðmundur á Hofi, tilnefndi Kálfholt í Rangárvallasýslu. Þetta hlýt ég að geta um til skýringar, en það er ekki til að sveigja að neinum, þetta voru allir hver á sinn hátt merkir menn, en aðstaðan kemur líka heim við niðurstöðurnar. Samt var það svo, að þessir 3 menn áttu að mestu leyti samleið, og þeir samþ. ágreiningslaust sameiginlegt nál. Þar sem hér er um að ræða sameiginlegt og ágreiningslaust nál. þessara 3 manna, þykir mér hlýða að kynna hér örfá atriði úr þessu sameiginlega nál. þeirra þriggja, áður en þeir klofnuðu um staðinn. Eitt af því, sem þeim ber öllum saman um, lýtur að stærð jarðarinnar, og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp smákafla úr nál., en skal stilla því í hóf. Hann hljóðar svo:

„Nefndin lítur svo á, að velja beri landsmikla jörð, þar sem verkefni sé nægilegt um langt skeið við áframhaldandi ræktunarframkvæmdir. Fjölbreyttari búskaparhættir verða vafalaust teknir upp af bændum eftirleiðis en verið hafa. Lítur nefndin svo á, að sem fjölbreyttastan búskap eigi að reka á væntanlegu bændaskólasetri, sumpart varðandi jarðrækt (túnrækt með sáðskipti, kornrækt, garðrækt o. fl.) og sumpart varðandi búpeningsrækt (auk venjulegra búpeningstegunda, alifugla, svínaræktar o. fl.). Þá telur og nefndin mjög vel til fallið, að stofnað yrði til smábýlis eða smábýla á landi bændaskólasetursins, þar sem eingöngu væri stuðzt við ræktað land og sem fjölbreyttasta framleiðslu. Yrði slíkt býli eða slík býli, ef fleiri væru, nokkurs konar sýnishorn þess, hvernig smábýli á ræktuðu landi einvörðungu ættu að vera skipulögð og hvernig búrekstri skuli þar háttað. Nefndin álítur því, að ekki komi til greina að velja aðra jörð en þá, sem hefur víðáttumikið ræktunarland."

Þetta er sameiginlegt álit þeirra þriggja, að það komi ekki til mála annað en víðáttumikið ræktunarland, að nokkru leyti tilgreind ástæða og að nokkru leyti utan við ástæðuna. Ég lít svo á, að svo langt sem nál. þeirra nær óklofið, þá sé það bindandi álitsgerð fyrir landbrn. Eitt undirstöðuatriði, sem þarna kemur fram, er það, að þeir leggja áherzlu á, að jörðin verði stór og fjölbreytileg og að þar verði hægt að stofna til smábýlastarfsemi og til nýbýla, eftir því sem til greina kemur fyrir framtíðina. Þessu slæ ég föstu sem undirstöðuatriði af þeirra hálfu. Þegar þeir tala um ræktunarskilyrði í Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, þá segja þeir, að þar sé að vísu víðáttumikill sandjarðvegur, en þar séu skilyrði einnig einhæf. Þeir segja enn fremur: „Eðlilegt og sjálfsagt virðist, að Gunnarsholt og Sámsstaðir geri nauðsynlegar tilraunir með ræktun og nytjun sandjarðvegs. Nefndin hefur því orðið ásátt um það, að bændaskóli Suðurlands skuli hvorki reistur á aðaláveitusvæðum né aðalsandgræðslusvæðum Suðurlandsundirlendisins. Enda er það svo, þrátt fyrir hin víðáttumiklu áveitusvæði og sandsvæði, að þá eru þó aðrar jarðvegstegundir enn meira útbreiddar. En það eru venjulegir mýraflóar, sem svo ganga yfir í hálfdeigjur og loks í harðvelli."

Þetta bendir á það sama, þeir vilja hafa jarðveginn sem fjölbreytilegastan, eins og áður segir, „að nefndin telur, að jarðvegsskilyrði þurfi að vera sem fjölbreytilegust. Þá telur og nefndin mikilsvert að hægt sé að koma við áveitum að einhverju leyti, svo að nemendur fái einnig að kynnast þeirri ræktunaraðferð." Nefndin leggur einnig áherzlu á mjög hagkvæm áveituskilyrði til fræðslu í þessum efnum, samanber Flóaáveitu og Skeiðaáveitu, og er ekki óeðlilegt, þó að n. kæmi óskipt auga á þetta.

Þá segir n. enn fremur: „Mjög er æskilegt, að jarðhiti sé í landi jarðarinnar, sem nota megi sumpart til þess að hita híbýli staðarins og sumpart til gróðurhúsaræktunar, sundlaugar og ýmiss konar annarra nota."

Það er merkilegt, að öll þessi atriði, sem eru undirstöðuatriði, telur öll nefndin ágreiningslaust bindandi fyrir landbrn. Um rafvirkjunarskilyrði segja þeir: „að háspennulínan frá Sogsvirkjuninni hljóti að verða lögð til hvers þess staðar, þar sem bændaskóli verður reistur, enda sé staðurinn innan Árnessýslu eða í vesturhluta Rangárvallasýslu." Þeim finnst aðalatriðið, að Sogsvirkjunin nái til þessa staðar.

Um samgöngur og legu segir nefndin: „Þá er og æskilegt, að skólastaðurinn liggi vel í héraði. Þó getur það ekki talizt neitt aðalatriði, eins greiðar og samgöngur eru nú orðnar milli héraða og sveita." Vegna þess, í hve þolanlegt horf samgöngur eru komnar, telur n. þetta ekki neitt aðalatriði, og eins og við vitum, þá er nú orðið ekki nema 1—2 tíma ferð það, sem áður var 1—2 dagleiðir, og er þetta því vel skiljanlegt. Þá talar n. um veðráttu og segir: „Enda orkar mjög tvímælis, að rétt sé að velja bændaskóla stað í veðursælustu sveitum, heldur þar, sem veðurfar er svipað og almennt gerist." Þeir vilja ekki, að skólastaðurinn verði af náttúrunnar hendi neinn dekursstaður, heldur sýni fjölbreytni og sé um veðurfar líkur því, sem gerist víðast hvar annars staðar á svæðinu.

Þá tala þeir um byggingarefni og vatnsból og tala um, að í sambandi við jörð þá, sem komi til greina, þá verði að vera sæmileg útkoma að þessu leyti.

Þá tala þeir um mannvirki og segja: „Telur n. jafnvel að ýmsu leyti ákjósanlegt, að sem minnst verðmæti standi í byggingum, svo að ekki þurfi að taka neitt tillit til þeirra, þegar skipulagsuppdráttur verður gerður af staðnum."

Þá er næst talað um eignaryfirráð, og telur n.

eðlilegt, að skólinn verði reistur á ríkisjörð, svo að ekki þurfi að kaupa jörð eða taka eignarnámi. Svo kemur að niðurstöðu nefndarinnar, eftir að hún er búin að gefa út sameiginlegt nál.

Að lokum klofnar svo n. hvað staðarákvörðun snertir. Tveir nm., þeir Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson, vildu velja Skálholt í Biskupstungum sem bændaskólasetur, en Guðmundur Þorbjarnarson lagði til, að Kálfholt í Rangárvallasýslu yrði tilnefnt, en nefndin hafði áður sameiginlega komizt að þeirri niðurstöðu, að báðar þessar jarðir skyldu koma til greina sem væntanlegur skólastaður. Þannig lauk þeirra sameiginlegu sögu. En gagnvart hv. d. legg ég áherzlu á það, sem ég hef drepið á sem aðalatriði í sameiginlega nál., að það sé bent á atriði til ákvörðunar um skólasetrið, að landbrn., þegar það sker úr, taki fullt tillit til þessara undirstöðuatriða, sem sé, að það sé fyrir hendi fjölbreytilegt viðlendi, hitaskilyrði og fleira, sem þeir nefna og eru á einu máli um.

Nú hefur landbn. því miður ekki getað orðið sammála um afstöðu sína til þessa frv., sem vill lögfesta skólann. Fjórir nm. — og ég þar með — leggja til, að frv. verði samþ., en sá fimmti, hv. 1. þm. N.-M., getur ekki fallizt á það og skilar sérstöku nál., þar sem lagt er til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá. Það, sem virðist aðalástæðan til þess hjá hv. þm. að afgr. málið á þann veg, er það, að skólasetrið hafi þegar verið ákveðið af landbrh. og verði því ekki raskað. Ég veit, að því nær sem menn standa þessu máli, því þyngra verður það á metunum fyrir þeim, að skólinn verði settur þar í sveit, sem hann hentar bezt fyrir framtíðina, og það er það, sem einungis verður um spurt, þegar frá líður, — það verður minna spurt um nöfn okkar, sem um málið höfum fjallað, það gleymist, en hitt fyrnist ekki. Þess vegna verður það aukaatriði við rekstur málsins, hvort hitt eða þetta um ákvörðun staðarins hafi tekizt betur eða verr.

Að því er ákvörðun um Skálholt snertir, þá er þess að geta, að tveir af þrem nm., sem enginn getur bendlað við héraðapólitík, mæltu eindregið með því, að Skálholt yrði valið sem skólasetur, en um þriðja manninn er það að segja, að það er hætt við, að héraðapólitík hafi nokkuð getað blandazt í málið hjá honum, þegar hann átti að taka ákvörðun um staðarval skólasetursins, og hefði það átt að gefa landbrn. mikinn styrk til þess að taka þessa ákvörðun varlega, úr því svo var komið, að n. var klofin og komin var frá Búnaðarfélagi Íslands till., þar sem meiri hl. mælti með Skálholti og þeim meiri hl. var þannig háttað sem ég hef lýst. Annars er aftan við nál. okkar í meiri hl. prentað sérálit það, sem mælir með Skálholti. Vil ég vænta þess, að hv. dm. hafi kynnt sér þetta skjal n., sem sker þannig úr um málið og ætti að geta gefið hæstv. Alþ. bendingu um það réttláta mál, sem hér er farið fram á, að lögfesta Skálholt til bændaskólaseturs. Þetta, að lenda með ákvörðunina út fyrir báðar till. og benda á Kotmúla í Fljótshlíð, sem er næsti bær við Sámsstaði, það er vægast sagt nokkuð furðulegt. Hér er um að ræða Kotmúla 1 og 2, þó að byggingunni sé ætlað að standa í Sámsstaðalandi. Sumir mæla með að víkja frá till. og hverfa austur í Hlíð, af því að þar séu byggingar fyrir, en það er ekki í anda búnaðarfélagsnefndarinnar, sem telur það kost, að sem minnstar séu byggingar, til þess að skipulagið geti orðið fullkomið miðað við það gildi, sem bændaskólinn ætti að hafa. Hvað er þá að segja um landrými á þessum jörðum austur í Fljótshlíð? Á Sámsstöðum sjálfum, neðri hluta jarðarinnar, er kornræktarstöðin rekin af Klemenz Kristjánssyni með miklum dugnaði, svo sem kunnugt er, og mun landrými þar ekki vera til aflögu, og mér hefur heyrzt á Búnaðarfélagi Íslands, að ekki muni líða á löngu, áður en kornræktarstöðin þurfi að taka til afnota einnig hinn efri hluta jarðarinnar. Ég tel því ekki ráðlegt, að bændaskólinn yrði reistur á þessum stað, enda liggur fyrir okkur álit frá tilraunaráði ríkisins, þar sem varað er við því, að þetta rekist of mikið hvað á annað, bændaskólinn og kornræktarstöðin.

Með leyfi hæstv. forseta skal ég nú lesa þessa álitsgerð, sem er dags. 5. des. 1942 og hljóðar svo:

„Tilraunaráð jarðræktar telur, að misráðið muni vera að tengja hinn fyrirhugaða bændaskóla á Suðurlandi og tilraunastöðina á Sámsstöðum nokkrum þeim böndum, er leitt gæti til árekstrar eða skerðingar á sjálfstæðum rekstri þessara stofnana hvorrar fyrir sig. Sömuleiðis álítur tilraunaráðið, að núverandi jarðeign Búnaðarfélags Íslands austur þar sé tæplega svo stór né kostum búin, að hún sé líkleg til þess að fullnægja nauðsynlegri þróun, er þessar stofnanir tækju með breyttu viðhorfi og vaxandi verkefnum.

Hins vegar álítur tilraunaráð, að það mætti teljast til kosta við val á jarðnæði fyrir skólann, að það væri svo í námunda við Sámsstaði, að sem auðveldast væri að láta nemendur kynnast störfum þar og fá þar verklega kennslu, eftir því sem aðstaða á tilraunastöðinni leyfði og um semdist milli þessara stofnana á hverjum tíma."

Nefndin öll segir: „Við teljum samgöngurnar komnar í svo gott horf, að stærðin er í raun og veru aukaatriði." — Í þessu sambandi má minna á, að það hefur orðið niðurstaða landbúnaðarráðuneytisins að ákveða til bændaskólaseturs Sámsstaði í Fljótshlíð, ásamt jörðinni Kotmúla og nýbýli úr Kotmúla, og held ég, að það sé játað af landbúnaðarráðuneytinu sjálfu, að ræktanlegt land á þessum jörðum sé 40—50 ha lands. Ef ég fer með rangt mál, þætti mér vænt um, að það yrði leiðrétt strax. Mér finnst þetta svo lítið land fyrir hið fjölbreytta starf, sem bændaskólinn þarf að hafa með höndum, að hætta sé á, að það staðni í plógfarinu. Fjölbreytnin er svo lítil, þó að landið sé gott, að þetta er hreinasta fjarstæða.

Ég sé nú, að hæstv. forseti bendir mér á klukkuna, og er það von, því að kominn er sá tími, þegar fundi er vanalega frestað. Með tilliti til þess og hins, að ég þyrfti nokkru nánar að gera grein fyrir máli mínu hér, áður en þessu lýkur, vildi ég bera það undir hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að fresta málinu og brjóta blað, þar sem hætt er, svo að menn geti verið minnugir þess á morgun, hvar byrja skuli. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): [Frh.]: Þegar umræðu var frestað í gær, var þar kom-

ið máli mínu, að ég hafði lýst með nokkrum orðum því, sem ég taldi, að helzt mætti verða máli mínu til upplýsingar og til stuðnings þeirri niðurstöðu, sem leitað er í þessu máli með frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég hafði sem sé minnzt á fyrirmæli bændaskólal. sjálfra, er ákveða, að bændaskóli skuli standa á Suðurlandi og að þar, sem bændaskólinn er settur, skuli vera miðað við sérstöðu Suðurlands í búnaðarháttum. Ég hafði einnig minnzt á það atriði í hinu sameiginlega áliti n., sem átti að velja staðinn, að hún var öll á einu máli um það, að á skólasetrinu yrði að vera nóg landrými, sem gæfi aðstöðu til tilrauna, og að hægt væri að færa út kvíarnar eftir þörfum, til þess að hinar ýmsu tilraunir, sem á þessum bændaskóla yrði að gera, gætu notið sín þar á sem víðtækastan og fullkomnastan og tilbrigðilegastan hátt. Um þetta var n. öll sammála. Þá var n. einnig öll á einu máli um það, að staðinn bæri að velja með tilliti til þess, að þar væri veðurfar sem líkast því, sem almennt gerist á Suðurlandi, og það er einkennilegt, að þeir skyldu allir verða á einu máli um það, að þar skyldi hvorki vera kaldranalegra né hlýrra en almennt gerist á þessu svæði, og sýnir þetta mjög vel hinn glögga skilning, sem nm. hafa haft á þessu máli.

Þá var það einnig sameiginlegt álit n., sem þarf engrar skýringar við, að það væri mjög veigamikið atriði við val á slíkum stað, að þar væri jarðhiti, ekki sízt þar sem um bændaskóla væri að ræða. Var þar ekki eingöngu um það fjárhagsatriði að ræða að geta notað jarðhita í stað kola, heldur einnig með tilliti til þess, að notkun jarðhitagróðurhúsa er í stöðugri þróun í landinu, og er það að verða verulegur atvinnurekstur, þar sem aðstaða er til þess. Sýnist því nauðsynlegt, að bændaskóla sé valinn staður, þar sem aðstaða getur skapazt til að stunda og kenna gróðurhúsarækt, og er það vitað mál, að í Skálholti er þessu skilyrði prýðilega fullnægt.

Þá gerir n. ráð fyrir því sem sjálfsögðu atriði, að skólinn sé vel í sveit settur, og er það auðvitað mál, þar sem þeir gera ráð fyrir, að skólinn standi í Árnessýslu eða vestanverðri Rangárvallasýslu, en hitt sé fremur aukaatriði, hvort hann sé nokkru nær eða fjær þessum eða hinum staðnum.

Þetta og fleira, sem öll n. var sammála um, tel ég algerlega bindandi fyrir landbúnaðarráðuneytið, sem átti að lokum að setja sinn opinbera stimpil á staðinn. Út fyrir þau takmörk, sem n. óklofin telur, að setja verði, er staðurinn sé valinn, tel ég, að rn. hafi ekki rétt til að fara, því að þá væri komið út á of hálan ís.

Í áliti tilraunaráðs ríkisins er varað við því að þrengja of mikið að tilraunabúinu á Sámsstöðum með því að ákveða bændaskólann þar, enda landrýmið lítið. Einnig telur n., að of einhæft sé að hafa skólann á aðaláveitusvæðunum, þótt kornrækt og áveituræktsé séu æskilegir þættir í búnaði. Í sama nál. segir líka, að skólajörðin þurfi að hafa ýmsa kosti, svo sem mýrar til þess að ræsa fram, valllendi, áveituland og annað það, sem kemur til greina við búrekstur. Þótt tilraunaráð taki fram, þegar það er búið að vara við því að hafa bændaskólann á Sámsstöðum, að það sé æskilegt, að samgöngur séu svo greiðar, að bændaskólinn geti hagnýtt sér þær framfarir, sem verða í kornræktinni, telur búnaðarfélagsn. það litlu máli skipta, hvar á aðalsvæði Suðurlandsundirlendisins skólinn yrði, því að auðvelt væri að komast á milli. Auk þessa er Skálholt vel í sveit sett, þegar hin fyrirhugaða Hvítárbrú hjá Iðu verður reist.

Tilraunaráð telur einnig, að landið á Sámsstöðum sé eigi svo kostum búið, að bændaskólinn eigi að vera þar, og með þessum orðum veit ég, að þeir eiga við, að landið sé of einhæft. Það væri last um þá fögru og ágætu Fljótshlíð að telja hana ekki frjótt og fagurt land, en hún er einhæf; túnbreiða ofan frá hlíðinni niður að Markarfljóti. Hún er þröngbýl, enda játað, að landið, sem ætlað er undir bændaskólann, sé aðeins 40 til 50 ha af ræktunarlandi. Má ætla, að hann þurfi að leggja undir sig jarðir inn með hlíðinni og reka bændur af þeim, ef hann ekki á að standa í sama plógfarinu. Þetta er ekki í samræmi við hugsjónir og þarfir sunnlenzkra bænda, þær eru meiri og víðtækari.

Nú leið og beið, og búnaðarfélagsn. klofnaði. Steingrímur Steinþórsson og Jón Sigurðsson, meiri hl. n., tilnefndu Skálholt sem skólasetur, en minni hl. n. tilnefndi Kálfholt. Með áliti tilraunaráðs og meiri hl. búnaðarfélagsn. var fyrrv. landbrh. búinn að fá þá bendingu, sem hefði átt að nægja. Samkv. því átti skólinn að reisast í Skálholti.

Nú klofnaði n., eins og ég gat um, og nál., sem eðlilegt er, gengur mest út á samanburð á þessum tveim stöðum, Skálholti í Biskupstungum og Kálfholti í Ásahreppi í Rangárvallasýslu. En þrátt fyrir það kemur í ljós, hvert höfuðból Skálholt er og fjölbreytt skilyrði þar til búrekstrar. Þar eru stórir flákar ræktunarlands, tilbúið áveitusvæði, tún, sem gefur af sér 800 hestburði, hverahiti, móar viðlendir og liggja fast að meginhvernum, Þorlákshver. Ég veit ekki, hvað er glæsileg lýsing á jörð, eins og Skálholti, ef ekki þessi umsögn. Eða heldur nokkur dómbær maður, að þessi meiri hl. hafi verið að toga hlut Skálholts fram af hreppapólitík? Það var afstaða minni hl., sem var blandin slíku. Guðmundur Þorbjarnarson, sá ágæti maður, kom úr allt öðru andrúmslofti, og því fór sem fór. Ef annar maður, óviðkomandi héraðinu, t. d. skólastjórinn á Hvanneyri eða Hólum, hefði verið sem þriðji maður í n. í stað hins kappsfulla og ágæta héraðsbúa, hefði n. ekki klofnað, hún hefði öll tilnefnt Skálholt. Ég er ekki að segja, að sú jörð, sem Guðmundur á Stóra-Hofi benti á til skólaseturs, sé ekki að ýmsu leyti góð, heldur segi ég, að Skálholt sé að mörgu leyti betri jörð, jarðhiti og véltæk engi, slétt tún, allt þetta hægt að nýta í byrjun skólans í Skálholti, í stað þess að þurfa að hefja mikla ræktun, áður en skólinn gæti tekið til starfa. Nei, það var að þessu leyti ekki úr vöndu að ráða fyrir hæstv. fyrrv. ráðherra. Ég tel, að valið hafi verið lagt upp í hendurnar á honum í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt.

En hvað skeði svo, eftir að n. klofnaði og nál. var búið að liggja lengi í höndum hæstv. fyrrv. landbrh.? Þá fer að kvisast, að kannske ætti ekki að velja um staðina, sem búnaðarfélagsn. hafði bent á, hvorki meiri hl. staðinn né minni hl. staðinn, heldur skuli skólinn reistur austur í Fljótshlíð, á Sámsstöðum. Það kom á daginn, að hæstv. fyrrv. ráðh. hafði ákveðið Sámsstaði ásamt kirkjujörð þar í nágrenninu sem skólastað. Ræktanlegt

land er, eins og ég hef áður sagt, 40 til 50 hektarar. Hvað er þetta til slíkrar fjölbreytni í ræktun, sem nauðsynleg er í bændaskóla, sem á að hafa forgöngu í þeim málum? Það væri hægt að bjarga þessu með því að láta greipar sópa um Fljótshlíðina, en þar er þéttbýli mikið og þröngsetnar jarðir, en ég skil ekki, að neitt vit sé í slíkum framkvæmdum.

Þegar farið var að ræða þetta mál í landbn. Ed., leituðum við upplýsinga og umsagnar hjá Búnaðarfélagi Íslands, þótt það væri áður búið að svara málinu. Stjórn Búnaðarfél. Íslands svaraði okkur því, að hún leiddi ákvörðun þáverandi landbrh. hjá sér, en vísaði annars til fyrri afstöðu sinnar með Skálholti. Minni hl. n. gerði það að aðalatriði, að skólinn yrði í Rangárvallasýslu. Ég skil þá afstöðu mæta vel, þótt það sé jafnmikil vitleysa fyrir því, að það sé nokkurt höfuðatriði, í hvorri sýslunni skólinn verði.

Ég er fæddur í Árnessýslu og hafði Heklu daglega fyrir augum, og þykir mér hún tignarleg, þó að skömmin að tarna sé í Rangárvallasýslu. Nei, þetta er einskis virði, aðalatriðið er, að jörðin sé sem bezt, en ekki það, hvort hún er í Rangárvallasýslu eða í Árnessýslu. Ég vildi bara, að Skálholt væri komið í Rangárvallasýslu, því að Árnesingar eru það víðsýnir menn, að þeim stæði á sama, í hvorri sýslunni skólinn væri.

Ég sé hér í áliti minni hl. búnaðarfélagsn. atriði, sem ekki er hægt að ganga fram hjá. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um stærð skólans eða réttara sagt nemendafjölda má segja, að flest bendi til þess, að hún eigi að vera minni heldur en þeirra bændaskóla, sem fyrir eru. Reynsla þeirra hefur sýnt, að örðugt er með þeim nemendafjölda, sem þar er, að veita nemendum þá verklegu þjálfun, sem þó er sanngjarnt og sjálfsagt að krefjast, að nemendur fái í bændaskóla."

Þetta eru stór orð, þegar við tökum það til athugunar, að stétt bænda er eiginlega sú eina af hinum fjölmennari stéttum, þar sem ekki hefur verið krafizt faglegrar menntunar til undirbúnings lífsstarfinu, en margir víðsýnir bændur sjá, að fræðslu er þörf. Þeir hafa komið auga á, að þeir þurfa hagnýta fræðslu. Héraðsskólarnir kenna hrafl úr ýmsum greinum, svo sem ensku og dönsku, landafræði o. s. frv., en það er ekki nægileg bændafræðsla.

Það þarf húsmæðraskóla handa húsmæðraefnum og bændaskóla handa bændaefnunum, ekki sízt með tilliti til þeirrar nýskipunar, sem koma skal. Þar, sem rúm er fyrir hendi, eiga bændaskólarnir að vera svo rúmgóðir, að hægt sé að hvetja bændaefni til þess að ganga í þá, og ef það yrði almennt, að þau færu í slíka skóla, sjá allir, hver fjarstæða það er, að nemendum eigi að fækka í bændaskólum.

Bændur vilja myndarlegan skóla, og með tilliti til þess þarf jörðin að vera stór, til þess að svara til þeirra verkefna, sem hann á að leysa af hendi.

Eitt atriði er enn, sem kemur málinu við. Það er varla tilviljun, að Hólar í Hjaltadal urðu bændaskólasetur Norðurlands. Skálholt skipar ekki síðri sess í hugum landsmanna, og bændaskólamálið hefur vakið menn til umhugsunar um endurreisn staðarins. Enda er ólíku saman að jafna, hversu Skálholt er betur til þess fallið að vera bændaskólasetur en Hólar, að þeim stað ólöstuðum.

Það er nú komið á annað hundrað ár, síðan biskupsstóllinn var lagður niður í Skálholti, og síðan hefur jörðin ekki verið setin eins og æskilegt væri. Ef nú yrði hafizt handa um að rækta og fegra staðinn, mundi það ekki á nokkurn hátt hindra, að þar gæti risið upp menntaskóli eða önnur menningarstofnun, samhliða bændaskólanum.

Það hefur verið fundið frv. þessu til foráttu, að skólastaður sé þegar ákveðinn og þess vegna sé það gjörræði að ganga á slíka ákvörðun.

Benda má á, að frv. mitt var komið fram áður en fyrrv. ráðh. ákvað staðinn, og í öðru lagi, að þessi ákvörðun var tekin á þeim valdatakmörkum, sem alltaf eru talin hæpin til slíkra ákvarðana. En sleppum því. Þessi ákvörðun er tekin án tillits til tillagna búnaðarfélagsn., sem ekki tilnefndi aðra staði en Skálholt og Kálfholt. Hefur meiri hl. n. og hinn óháði hl. tilnefnt Skálholt og meiri hl. landbn. Ed. sömuleiðis. Hér er ekki um persónulegan metnað, héraðsmetnað, að ræða. Það er ekki verið að spyrja að því, hvort einum eða öðrum líki þetta, það er verið að vinna fyrir framtíðina. Það á ekki að ráða úrslitum, hvort menn eru gæddir meiri eða minni áróðursgáfu. Skálholt uppfyllir þær kröfur, sem gera verður til skólaseturs, og það er ekki aðeins ég, heldur erum við 4 eða 5, sem leggjum til, að lögfestur verði þessi staður og enginn annar sem aðsetur bændaskóla Suðurlands. Það þarf ekki að taka það fram, að þetta raskar engu, þar eð engar framkvæmdir eru hafnar vegna ákvörðunar fyrrv. landbrh. Stundum er um lagabreytingar að ræða, sem hafa mikla röskun í för með sér. Hér er ekki um slíkt að ræða. Breyt. þessi er aðeins nauðsynlegt formsatriði til þess að koma málinu á réttan kjöl eftir það handahóf, sem ráðið hefur fram að þessu.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. — Hv. frsm. meiri hl. n. hefur haldið hér geysilanga ræðu. Þetta mál stendur honum allnærri og er honum mikið áhugamál. Er því skiljanlegt, hvílíkt kapp hann leggur á það. Það er öðruvísi ástatt með mig. Mér er þetta ekkert sérstakt kappsmál, og þarf ég því ekki að flytja um það langa ræðu.

Ég segi í nál., að það sé fullkomið álitamál, hvað sé bezt eða heppilegast í þessu máli.

Mér skilst, að um það sé deilt, hvort skólinn skuli settur að Skálholti eða að Sámsstöðum eða í nágrenni þeirra. Viðvíkjandi Skálholti hefur verið bent á, hve þar er víðáttumikið og fjölbreytt land, en aðallega hefur það hingað til verið notað til sauðfjárbeitar og hrossagöngu og dálítið til mjólkurframleiðslu. Jarðhitinn í Skálholti gæti verið skólanum gagnlegur, en þó mun hann vera um 3 km frá staðnum. Ef skólinn á að hafa full not þessa hita, verður að reisa hann ekki alllangt í burtu. Mun láta nærri, að hann verði þá 2 km frá hinum gamla Skálholtsstað. Þegar á það er litið, að ein aðalástæðan fyrir því, að skólinn skuli hafður í Skálholti, er sú, að sagt er, að á þann hátt verði uppfyllt krafan um að endurreisa Skálholtsstað, þá virðist auðsætt, að það verði ekki gert með því að setja skólann svo langt frá, svo að það atriði getur varla haft úr-

slitaáhrif á þetta mál. — Þá er það fram fært, að í Skálholti séu skilyrði til áveitu. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé rétt. Áherzla er lögð á það, að kennsla við bændaskólann eigi að miðast við búnaðarhætti á Suðurlandsundirlendinu. En það, sem fyrst og fremst er einkennandi fyrir búskap á Suðurlandsundirlendinu, eru hinar tvær stóráveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum, og ég get ekki séð, að Skálholt hafi skilyrði til að standa í sambandi við þessar áveitur. Það, sem enn fremur er sérkennandi fyrir búskap á þessu svæði, er fullkomin grasrækt til mjólkurframleiðslu, svo og garðrækt og kornrækt. Garðrækt mætti sennilega hafa í sambandi við jarðhita, svo að í því tilliti er Skálholt heppilegur staður. Fyrir hinar greinarnar mun Skálholt og sæmilega fallið, en þó ekkert fremur en aðrir staðir. — Í Skálholti mun mega hafa um eitt þúsund sauðfjár og hundrað hesta. En það er ekki framtíðarbúskapurinn á Suðurlandsundirlendinu. Ég hef litið svo á, að Skálholt sé góður staður, en þó ekkert sjálfkjörinn fyrir búnaðarskóla, og því betri upplýsingar sem ég hef fengið, því betur hef ég sannfærzt um þetta.

Háttv. flm. bar fyrir sig skoðun tveggja merkra manna, búnaðarmálastjóra og Jóns á Reynistað, og þótt ég hafi ekki nokkra vantrú á þessum mönnum, þá held ég, að þeir séu ekki óskeikulir. Þeir miða við búskap eins og hann hefur verið, en ég miða við búskapinn eins og hann mun verða.

Ástæða hefði verið til að svara ýmsu fleiru úr ræðu háttv. frsm. meiri hlutans, en ég mun ekki gera það að svo stöddu, þar eð ég vil fyrst heyra álit hæstv. landbrh. á þessu máli. Þó er eitt atriði, sem ég vildi minnast á, áður en ég lýk máli mínu. Háttv. síðasti ræðumaður sagði, að fyrrverandi landbrh. hefði ákveðið skólanum stað út í hött. Þetta er ekki rétt. Ég vil því til sönnunar benda á umsögn Guðmundar á Stóra-Hofi, sem hér liggur fyrir. Ég skil ummæli hans þannig, að um skeið hafi verið rætt um Sámsstaði sem æskilegt skólasetur. Enn fremur mun það á tímabili ekki hafa verið ætlun Sunnlendinga að láta þingið ákveða, hvar skólinn ætti að standa. Háttv. frsm. telur, að ráðherra hafi verið bundinn af till. Búnaðarfélagsins. Ég álít, að ráðherra hafi ekki verið bundinn af þeim, enda þótt gott væri að hafa þær til að styðjast við. Ég hygg, að Alþ. geri réttast í því að ákveða skólanum ekki stað. Inn í þetta mál hefur slæðzt hreppapólitík, og ber ræða háttv. frsm. þess ljósan vott. Hann hefur lesið hér upp kafla og lagt út af þeim. Slíkt er gott til fróðleiks, en skoðun verður hver að skapa sér hér um. Hana hefur hæstv. frsm., og hana hef ég líka.

Mér virðist hv. síðasti ræðumaður vilja nota sér það, að ekki væru eins virðuleg nöfn í Fljótshlíðinni. Ég ætla þó, að við eigum ekki fegurri lýsingar annars staðar frá en úr Fljótshlíðinni, eftir Jónas Hallgrímsson, og nú mun það vera hugmyndin að gefa þeirri lýsingu raunhæfara form.

Á það hefur verið minnzt hér, að í Fljótshlíðinni væri ekki unnt að gefa eðlilega hugmynd um ræktun, vegna þess að þar væri svo frjótt. Ef þetta ætti að vera tilraunastöð, gæti slík mótbára komið til greina, en ekki í sambandi við búnaðarskóla. ... Mér er sagt, að nýlega hafi þessir menn fallizt á till. fyrrverandi atvmrh. um að hafa skólann í Fljótshlíðinni.

Minn dómur er þá sá, að ég tel það fullkomlega óvíst, að Skálholt sé heppilegasti staðurinn fyrir slíkan skóla. Þar með er ekki sagt, að þeir staðir aðrir, sem bent hefur verið á, séu hinir beztu. Þess vegna held ég, að Alþ. ætti ekki að taka neina ákvörðun hér um. Ýmislegt mun mæla með því, að Rangárvallasýsla fái þessa stofnun, því að hún hefur til þessa verið heldur afskipt í skólamálum.

Ég vil svo ekki orðlengja þetta fremur, en stend við mína till. um að vísa málinu frá með dagskrá. Ég vil gefa hv. frsm. þá skýringu, að þegar þetta frv. var flutt, þá gat þetta orðið til að hjálpa ráðherra til að taka sína ákvörðun, og þegar sú ákvörðun hefur verið tekin, þá hefur frv. náð tilgangi sínum.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að fylgja till. hv. 2. þm. Árn. á þskj. 329 og mun því greiða atkvæði með dagskrártill. Hv. frsm. minni hluta n. hefur tekið fram flest þau atriði, er máli skipta, og get ég því að miklu leyti vísað til ræðu hans. Með fáum orðum vil ég þó gera grein fyrir viðhorfi mínu til málsins og skal þá fyrst minnast á þau atriði, er ég tel litlu máli skipta. Nokkur sanngirni virðist mæla með því, að Rangárvallasýsla fái þennan skóla, þar sem enginn skóli er fyrir í sýslunni. Það er þó algert aukaatriði í mínum augum.

Hitt atriðið er um rækt við forna minningu Skálholts. Ég er því fullkomlega samþykkur, að það eigi að vera okkur metnaðarmál að gera nokkuð fyrir Skálholtsstað, en ég tel vafasamt, að þeim kröfum yrði fullnægt með setningu þessa skóla, með því að upplýst hefur verið, að skólann verði að reisa allfjarri hinum gamla bæ. Virðist mér ljóst, að á þann hátt sé ekki fengin lausn þessa atriðis.

Þá vil ég benda á formshlið þessa máls, þar sem Alþ. hefur ákveðið, að landbrh. skuli ákveða skólastaðinn. Þegar þessi ákvæði eru sett í lögin, er það gert með það fyrir augum, að meiri trygging sé fyrir því, að skólasetrið sé ákveðið með sem mestu hlutleysi, ef aðrir aðilar en Alþ. ákveða það, og ég get ekki betur séð en að þau sjónarmið séu óbreytt enn í dag. Hitt er óviðkunnanlegt, að setja svona ákvæði inn í lög og hlaupa síðan til og ákveða með nýjum lögum, að skólasetrið skuli vera annað en tiltekið hefur verið. Það má e. t. v. segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en er leiðinleg aðferð.

Það hefur verið gerður mikill samanburður á hinum tveimur stöðum, Skálholti og Sámsstöðum, í þeim tilgangi að komast að niðurstöðu um, hvor jörðin muni heppilegri til skólaseturs. Ég skal fúslega játa, að það er eðlilegt, að skoðanamunur sé um þetta og það er ekki hægt að neita því, að það er margt, sem mælir frekar með Skálholti en með hinum staðnum. Ég legg ekki svo mikið upp úr því, að Skálholt er miklu stærri jörð og að sumu leyti e. t. v. betri, en ég þori þó ekki að leggja dóm á það, því að ég er því ekki vel kunnugur, þótt ég hafi komið á báða staðina, því að svo framarlega sem þessi tilraun lánast, er ekki svo mikil hætta á, að ekki fáist til umráða það land, sem skólanum er nauðsynlegt. Það má e.

t. v. segja, að það sé að sumu leyti eins gott að fara ekki mjög stórt á stað, heldur láta hina eðlilegu þróun ráða, hvaða landrými slík stofnun fær til umráða. Hitt skiptir meira máli, að Skálholti fylgir hverahiti, sem er mjög mikill kostur fyrir skólasetur, hvar sem skólinn er, því að upphitun þurfa þeir allir, og víst er um það, að hverahiti á skólasetri fylgja margir kostir, eins og raunar alls staðar. Að því leyti verður því að játa, að Skálholt er betur sett. — Þá eru áveitumöguleikar miklir í Skálholti, og verð ég að játa, að það er einnig nokkur kostur, ekki sízt fyrir skóla hér á Suðurlandi, þar sem áveitan hefur jafnmikla þýðingu.

Hins vegar eru aðrir kostir, sem ég tel Sámsstaði hafa fram yfir Skálholt. Vil ég þar fyrst telja legu jarðarinnar. Það er ekki hægt að neita því, að Sámsstaðir liggja að öllu leyti betur en Skálholt, því að samgöngur eru enn þá allslæmar við Skálholt. Það er raunar rétt, sem haldið hefur verið fram, að þegar brú er komin yfir Hvítá hjá Iðu, batna þær samgöngur mikið. En ég veit ekki, hvort nokkur hér inni getur fullyrt, að sú brú komi á næstunni, þótt vitanlega sé mikil þörf fyrir hana. En það er ekki þýðingarlítið atriði, að menn eigi sem beztan kost á að komast að skólasetrinu.

Frjósemi og ræktunarmöguleikar ætla ég, að séu sízt verri á Sámsstöðum en í Skálholti, þó að þar sé einnig víðáttumikið land og gott. En það, sem mestu máli skiptir, að mínu viti, er það, að á Sámsstöðum er tilraunastöð Klemenzar Kristjánssonar, og ætla ég, að það eitt út af fyrir sig að hafa þá tilraunastöð og hafa fyrir augum sér þann lærdóm, sem þar má fá daglega, sé meira en lítils virði fyrir skólasetrið og að nemendur geti mikið af því lært að vera í námunda við mann eins og Klemenz.

En þótt þetta sé veigamikið atriði í mínum augum, er þó ótalið það, sem ég tel einna þýðingarmest í þessum efnum, og það er það, að ég álít, að það séu möguleikar til þess að fara á stað hægt og rólega á Sámsstöðum, án þess að leggja mjög mikla peninga í skólann, hvort heldur er í byggingar eða jarðræktarframkvæmdir. Það sé hægt að gera það hægt og rólega og það komi þó að fullum notum fyrir nemendurna. Á Sámsstöðum er í sambandi við tilraunastöð Búnaðarfélagsins búið að koma upp allmiklum byggingum, og má fullyrða, að Klemenz mundi taka að sér verklega kennslu þar, sem mundi gera það að verkum, að miklar fjárhæðir spöruðust. Mundi þetta spara miklu meiri byggingar en í Skálholti. Í Skálholti mundi þurfa að byggja mjög mikið strax, auk þess sem ýmsar aðrar framkvæmdir yrði að taka þar miklu geistara en á hinum staðnum.

Ég held því, að þeir, sem hafa mikinn áhuga fyrir biskupsstólnum á Suðurlandi, eigi að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir hvetja til breyt. á þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið um þetta nú. Ef breytt verður til aftur, er ég mjög hræddur um, að svo geti farið, að dráttur verði á því að hraða þessu frv. Vænti ég því, að hv. flm. þessa frv. taki það til rækilegrar athugunar, áður en hann knýr þetta mál í gegnum þingið. Ég þykist vita, að það skipti ekki miklu máli, a. m. k. í þessari hv. d., hvernig atkv. mitt fellur. En ég þykist þó til neyddur að benda á þessi atriði.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður og leiða ekki umr. að öðru en því, sem orð hv. þm. hafa gefið tilefni til.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ekki væri hægt að tala um endurreisn Skálholtsstaðar, ef skólinn væri byggður í nánd við staðinn, af því að hann ætti ekki heima í Skálholti. Út frá hvernum eru mjög hentugir móar til ræktunar, svo að víða hefur verið ráðizt í framkvæmdir, þar sem verri eru aðstæður en þar. Og að því er snertir sjónarmið þeirra, sem vilja halda fast við helgi Skálholtsstaðar, að ekki megi hafa þar um hönd annað en það, sem geti talizt samboðið þeim tíma, þegar biskupsstóllinn var þar, álíti ég það frekar kost en galla, að skólinn væri ekki byggður á sjálfu helgisetrinu heima. Og þar sem landrými er jafnmikið og gott út frá hvernum og raun ber vitni og ræktunarskilyrði ágæt, álíti ég það sízt galla, þó að þessi aðferð væri viðhöfð.

Hv. þm. minntist á, að bændaskólann yrði að miða við séraðstöðu Suðurlands í búnaðarháttum, og minntist réttilega á margt þar að lútandi. Hann minntist réttilega á kornrækt, skógrækt og svo gróðurhúsarækt. Þetta er allt rétt hjá honum. En þegar við leggjum þessi atriði saman, verðum við að komast að raun um, hvaða niðurstaða fullnægir sem flestum þessum atriðum. Þegar það er gert með alvöru, verð ég ekkert hræddur um hlut Skálholtsstaðar í þeim samanburði.

Það hefur komið hér fram, þegar talað er um ræktun á minna svæði, að óþarft sé að hafa til þess landflæmi eins og Skálholts. Mér finnst þetta vera kórvilla, því að þegar bændaefnin eru að læra jarðrækt, verða þau að hafa undanfæri og fjölbreytni til þess að geta notið sín. Og þar sem stærstu framkvæmdir nú eru miðaðar við stórrækt, sem unnið er að með nýtízku vélum, þarf skólinn að hafa undanfæri til þess að geta notið sín. Að vinna með einföldum verkfærum á stóru landsvæði er vitanlega fjarri öllu lagi. Einmitt þetta, að jarðræktin er að færast í nýtt og stórfelldara horf, gerir tilbreytnina og stærðina nauðsynlega.

Það hefur verið tekið fram af margnefndri n., að í framtíðinni verði í sambandi við ræktunarbúskapinn komið upp smábýlum, e. t. v. fyrir kennarana líka. Slík smábýli útheimta líka landrými, og kæmi sér þá ekki vel, að skólinn réði yfir víðum lendum eins og Skálholts? Ég segi vissulega. Ég hefði gaman að heyra, með hvaða rökum þessu verður mótmælt. Allir játa, að hverahitinn sé mikils virði.

Þá segir hv. 1. þm. N.-M., að ekki muni allir Árnesingar vera einhuga um að hafa Skálholt fyrir skólasetur, hafi það komið fram hjá Kaupfélagi Árnesinga. Þetta er mikið rétt. En það er engin sönnun fyrir því, að það sé ekki almennur vilji Árnesinga að hafa skólasetur í Skálholti, þó að kaupfélagið hafi slegið þessu fram af áhuga fyrir að tryggja það, að skólanum yrði útvegaður hentugur staður, en þetta hefur orðið til þess að beina hugum margra að Sámsstöðum.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að hann áliti það óviðeigandi að deila um skólastaðinn, heldur ætti að láta gilda þær ákvarðanir, sem gerðar hafa verið með lagabálki, að láta Alþ. gera það sjálft. En af hverju var þá verið að flækja Búnaðarfélaginu þar inn í? Það var gert vegna þess, að Búnaðarfé-

laginu var bezt treyst til að bera skyn á þetta. Það var ekki ætlazt til, að það gerði till. út í bláinn, heldur að það gerði um þetta réttmætar till., sem svo væri farið eftir. — Hv. þm. minntist á héraðapólitík í sambandi við nefnd þá, sem Búnaðarfélagið skipaði. Þetta er rétt. Eins og kunnugt er, klofnaði nefndin í tvennt, sökum sérstöðu Sunnlendingsins. Það er ekki sagt Sunnlendingnum til lasts, en hann var háður héraðapólitík. Það var gallinn.

Hæstv. fjmhr. lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkv. móti þessari till. Hann gerði það mjög hófsamlega og með sínum rökum. Hann færir fram sem höfuðrök fyrir því, að skólinn verði reistur á Sámsstöðum, að þar sé nú búið að koma upp svo miklum byggingum, að óþarft sé að fara sér óðslega og nægi nú að auka þær smátt og smátt. Þetta eru orð, sem fara ævinlega vel af vörum fjármálaráðherra Íslands. En ég verð að segja það, að þegar um byggingar og annað slíkt er að ræða, er ekki alls staðar horft í eyrinn. Og ef gera á það að atkvæðisatriði, þá er bezt að fara að spara fleiri byggingar og leggja niður fyrir sér, hvað ráðast á í og hvað ekki, því að ef sunnlenzk bændaefni verðskulda ekki að fá sæmilega byggingu yfir sig, veit ég ekki, hverjir eiga það skilið. Það er líka í samræmi við búnaðarfélagsnefndina, að sem minnstri byggingu sé fyrir að fara á staðnum, því að þá mætti athuga, hvernig hentugast yrði hagað byggingarháttum á staðnum.

Þá var það annað atriði, sem hæstv. fjmrh. taldi Sámsstöðum mjög til framdráttar. Það var staða Klemenzar Kristjánssonar. Mér finnst þetta ómerkilegt atriði, ekki af því að ég geri lítið úr Klemenzi. Allir vita, að þetta er duglegur maður. En þegar miðað er við hann sem kennara, og það er ekki sagt til lasts um hann, efast ég um, að hann hafi næga þekkingu. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á einu í sambandi við þetta atriði. Ég veit af kornræktarstöð, sem er haldið uppi af prívatmanni. Það er í Birtingaholti, og ég efa, að þar sé verr á haldið hinni vísindalegu meðferð málsins, ef svo má segja. Þetta er ekki sagt til þess að draga úr hinum miklu hæfileikum Klemenzar Kristjánssonar, en að gera þetta að svona stóru atriði, er óþarft.

Ég læt við þetta sitja, enda þýðir ekki annað. Treysti ég svo því, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þetta frv.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég ætlaði að kveðja mér hljóðs, en þar sem aðrir þeir, er höfðu kvatt sér hljóðs, eru fjarverandi, fell ég frá því og óska, að gengið verði til atkvgr., ef nýir menn kveðja sér ekki hljóðs.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 529, frá minni hl. landbn., felld með 9:2 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 647).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Mál þetta er komið frá hv. Ed., og í grg. og fylgiskjali með þessu frv. er gerð allýtarleg grein fyrir því, og get ég þess vegna verið mjög stuttorður. Ég get þó ekki komizt hjá því að rekja örlítið sögu þessa máls í örfáum dráttum.

Með l. frá 1942 var landbrh. falið að velja skólastað fyrir bændaskóla. En landbúnaðarráðuneytið ákvað þá að óska eftir till. frá Búnaðarfélagi Íslands í þessu máli. Búnaðarfélagið fól 3 manna nefnd að athuga vel málið og gera um það tillögur. Þessi n. aflaði sér þeirra gagna fyrst og fremst, sem fyrir hendi voru, bæði af þeim skjölum, sem til taks voru, og enn fremur kynnti hún sér álit manna á þessu svæði. Þá ferðaðist nefndin um þetta svæði og athugaði alla þá staði, sem talið var, að helzt gætu komið til greina. Allir nm. voru sammála um það, hvaða kröfur bæri að gera til staðar fyrir slíkan skóla, og samkvæmt þeim grundvelli nefndarinnar voru tveir staðir, sem kostur var á, sem uppfylltu þau skilyrði, sem nefndin hafði sett sér í upphafi. Það var Kálfholt í Rangárvallasýslu og Skálholt í Árnessýslu. Þegar svo endanlega átti að ákveða, hvaða stað n. tilnefndi, þá klofnaði hún, og lagði meiri hlutinn til, að Skálholt yrði valið, en minni hl. lagði til, að Kálfholt yrði valið.

Nú líður og bíður, og þessi álitsgerð fer til landbúnaðarráðuneytisins. Það gerist ekkert í málinu, en svo kemst nokkurt kvis á, að landbrh. muni hugsa sér allt annan stað fyrir skólasetur, og eftir að þingið kemur saman, er borið fram þetta frv. í hv. Ed., sem lögfestir, að skólanum verði valinn staður í Skálholti.

Þrátt fyrir það að þetta frv. er fram komið og að ýmsu leyti eðlilegt að bíða og sjá, hvað hv. Alþ. gerði í málinu, ákvað nú ráðh. að úrskurða, að skólinn skyldi settur á allt öðrum stað, á Sámsstöðum í Fljótshlíð, og gerði það rétt um leið og hann var að fara frá. Þetta þótti mörgum einkennileg aðferð. Um staðarvalið skal ég aðeins geta þess, að n. athugaði nú Sámsstaði og taldi þann stað

ekki koma til greina, a. m. k. alls ekki við hliðina á Skálholti og Kálfholti. Og ég verð að segja það, að það er einkennilegt að geta ekki fundið búnaðarskóla annan stað en þennan í okkar strjálbýla landi og jafnstrjálbýlli sýslu og Rangárvallasýsla er. Og það er merkilegt að velja stað í einhverri mestu landkreppusveit, sem til er, og þar, sem bersýnilegt er, að þyrfti að reka allmarga bændur af jörðum sínum, ef bændaskóli og tilraunastöðin á Sámsstöðum eiga að þrífast fullkomlega. Ef hæstv. ráðh. hefði valið Kálfholt í staðinn fyrir Sámsstaði, mundi ég ekki hafa skipt mér af þessu máli. Ég taldi, að Kálfholt hefði ýmsa kosti til að bera, og ég hika ekki við að fullyrða, að sá staður stendur Sámsstöðum miklu framar sem skólasetur. Um Skálholt er það að segja, að ég hef ekki komið á annan stað hér á landi, sem hefur jafnmarga kosti til að bera, sem æskilegir eru fyrir búnaðarskóla. Það má segja, að þar séu þau skilyrði fyrir hendi, að þar sé hægt að kenna allar þær greinar jarðræktar, sem menn kjósa helzt að læra. Þar eru mikil túnræktarskilyrði, mjög víðáttumikið áveituland, þar er hægt að gera áveitutilraunir í stórum stíl, og loks er mjög mikill jarðhiti þar, og mætti því hafa þar gróðurhúsarækt. Og ég verð að lýsa því yfir, að ég vildi mjög gjarnan, að minn kæri Hólaskóli hefði slík skilyrði sem þarna eru fyrir hendi í Skálholti.

Ég skal líka geta þess, að þegar mér með öðrum var falinn sá mikli vandi að gera till. um skólastað, þá gerði ég það með þeim ásetningi að gera það eitt, sem ég teldi réttast, án allrar hreppapólitíkur, og ég mundi sízt hafa hallað á Rangárvallasýslu, ef því hefði verið að skipta. En þar sem landbn. Nd. hefur ekki séð, að það væri neitt það fram komið, sem haggaði niðurstöðu meiri hl. n., hefur n. orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá n.

Ég vil geta þess, að þótt ég sé nokkuð riðinn við þetta mál, þá er mér það hvorki kapps- né hitamál. Ég mun þess vegna láta mér nægja að skýra málið eins og ég hef gert, og læt ég svo hv. d. að öðru leyti um það að mynda sér skoðanir eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu.

Helgi Jónasson: Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð, enda þótt það sé við 2. umr. Ég vil geta þess, að hæstv. forseti setti fund hér í deildinni fyrir hálfum mánuði, þann 21., á laugardegi, til þess m. a. að koma þessu máli til 2. umr.

Það er ekki venja að hafa fund á laugardegi, og ég vissi ekki um þennan fund og var ekki í bænum. En ég býst við, að hæstv. forseti hafi litið svo á þetta mál, að hann vildi gjarnan hafa laugardagslukkuna með sér, og þess vegna hefur það verið hespað af á laugardegi, en ekki látið bíða til mánudags. Hæstv. forseti hefur haft trú á gamla orðtækinu, laugardagur til lukku og mánudagur til mæðu. Þess vegna verð ég að biðja hann velvirðingar á því, þó að ég tali almennt um málið, enda þótt það sé við þessa umræðu.

Það var 1942, að borið var fram af 6 þm. Sunnlendinga frv. til l. um breyt. á bændaskólum, sem fór fram á, að í staðinn fyrir tvo skóla, sem áður voru fyrir, skyldu skólarnir vera þrír og einn skólinn bundinn við Suðurland. Þetta var ekki flutt ófyrirsynju, því að eins og kunnugt er, þá var aðsóknin að þeim búnaðarskólum, sem fyrir voru, svo mikil, að árlega hefur orðið að neita upptöku fjölda nemenda. Við þessir 6 þm. litum svo á, að það væri nauðsyn og skylda þjóðfélagsins að sjá svo um, að sem flest bændaefni, sem ætluðu sér að stunda landbúnað, ættu kost á slíkri fræðslu. Okkur fannst ekki ósanngjarnt að gera ráð fyrir, að þessi þriðji búnaðarskóli væri á Suðurlandi, þar sem enginn slíkur skóli er þar fyrir, en þar langstærsta og að sumu leyti bezta búnaðarhérað landsins.

En við þessir 6 þm. vorum þess fullvissir, og byggðum þar á gamalli reynslu í okkar skólamálum, að það mundi vera erfiðleikum bundið að byggja einn skóla fyrir þessi 3 til 4 sýslufélög, Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, og auðvitað mundu Vestmannaeyjar vera taldar með. Við vissum, að það mundu verða talsverð vandræði að velja skólastað. Við höfum því miður þá sögu að segja í okkar skólamálum, Sunnlendingar, að það hefur reynzt mjög örðugt fyrir okkur að sameina okkur um slíka hluti. Þetta fer nokkuð að vonum. Það er ákaflega skiljanlegt, að hvert sýslufélag leggur kapp á að fá skólann sem næst sér, ef það verður, sem við vonum, að hann hafi þau áhrif í kringum sig, að þess sé kostur að hafa hann í námunda við sig heldur en ekki. Og vitanlega er okkur kunnugt um, að allar þessar sýslur hafa fullt af jörðum, sem geta fullnægt þeim skilyrðum, sem þarf til skólaseturs. Þess vegna settum við það sérákvæði fyrir þessum væntanlega búnaðarskóla Suðurlands, að ekki skyldu héraðsbúar sjálfir eða þm. þeirra ákveða skólastaðinn, heldur landbúnaðarrh. að fengnum till. búnaðarfélagsstjórnarinnar. Þetta sérákvæði var sett beinlínis með það fyrir augum að losna við þá leiðu togstreitu, sem við vissum, að annars mundi verða um skólastaðinn. Þetta hefur verið gert. Þessum sérákvæðum hefur verið fylgt fram, og það er búið að stofna skólann á Sámsstöðum í Rangárvallasýslu. Það hefur verið fylgt því bráðabirgðaákvæði, sem í l. var, alveg út í æsar, og skólinn hefur verið stofnaður samkvæmt lögum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var að vísu komið fram, áður en landbrh. var búinn að ákveða skólastaðinn, það skal viðurkennt, en vitanlega var þá ekki annað að gera en að draga frv. til baka. Ég veit ekki, hvar hæstv. Alþ. er statt, ef það ætlar sér í svona viðkvæmu máli að fara að breyta því eftir geðþótta og hreppapólitík einstakra manna. Ég skil ekki, að það geti í raun og veru verið samboðið virðingu Alþingis. Skólinn hefur verið stofnaður af landbrh., og ég vil enn fremur bæta því við, að núverandi landbrh. hefur lýst því yfir, að ég hygg fyrir fáum dögum, að hann teldi það sjálfur óverjanlegt af Alþ. að breyta þessu máli. Hann taldi það alveg sjálfsagt að standa við það, sem búið var að ákveða, það væri samkvæmt l., og væri mjög varhugavert fyrir Alþ. að fara nú að ganga frá samþykkt, sem það áður hefur gert. Allur undirbúningur þessa máls hefur verið formlegur, eins og tilskilið er. Landbúnaðarráðuneytið sendi stjórn Búnaðarfélags Íslands bréf í okt. 1943 og óskaði, að það benti á, hvar skólastaðurinn skyldi valinn. Stjórn Búnaðarfélags Íslands skipaði 2 menn í n. til þess að gera till. um stað. Og fyrir valinu urðu, skipaðir af allri stjórn Búnaðarfélagsins, þeir Jón á Reynistað og búnaðarmálastjóri, Steingrímur Steinþórsson. Og svo skyldi

þriðji maður valinn af stj. Búnaðarsambands Suðurlands, og fyrir því vali varð Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, form. sambandsins.

Ég skal fúslega viðurkenna, að þessi n. lagði mikla rækt og alúð við þetta starf, hélt marga fundi og athugaði gögn um fjölda jarða á þessu svæði, ferðaðist um héruðin og leit þar á ýmsar jarðir og möguleika þar fyrir skólasetri. Nefndin kom meðal annars að Skálholti, Kálfholti og Sámsstöðum og víðar. — Eftir alllangan tíma kom svo ræki*legt nál.*, þar sem n. er sammála um ýmsa þá eiginleika, sem þessir staðir eiga að hafa, sem telja má nothæfa sem skólasetur. Nefndin tekur fram í álitsgerð sinni um ýmsa þá kosti, sem jörð verði að hafa til að bera. Til dæmis verði jörðin að vera nokkuð stór, enda eiga tveir af nm. stórar jarðir, þar sem rekinn er stórbúskapur, og þeir geta ekki hugsað sér annað en að hafa stórbúskap. Þó getur Guðmundur á Stóra-Hofi þess í álitsgerð sinni, að það sé ekki endilega nauðsynlegt, að landið sé svo óskaplega stórt, ef það hafi önnur skilyrði landgæða og skólinn sé vel í sveit settur, liggi vel við samgöngum og sem bezt í alfaraleið, svo að sem flestir geti notið þess að koma þar, er þeir eiga leið þar um. Og n. áleit, að einnig væri það athugandi, að staðurinn yrði valinn þar, sem ekki væri mjög mikil frosthætta. Og margt er það fleira, sem n. er sammála um, að þyrfti að athuga. Og eftir alla þessa athugun eru það orðnir tveir staðir eða jarðir, sinn í hvorri sýslu, Árnes- og Rangárvallasýslu, sem n. vill mæla með. Og ég skal fúslega játa, að ég tel, að báðar þær jarðir séu mjög vel fallnar til slíkra hluta, bæði vegna landstærðar og landgæða og margra annarra gæða. Kálfholt liggur sérstaklega vel við öllum samgöngum. Sama má og segja um Skálholt, nema það er nokkuð úr alfaraleið, að minnsta kosti þangað til brúin á Iðu, sem oft er búið að tala um, er komin. Enda töldu nm. Skálholt sérstaklega illa í sveit sett, fyrr en brúin er komin á Iðu. Og nú er svo með brúna á Iðu, að hún er bráðnauðsynleg, en nú var verið í fjvn. fyrir fáum dögum að athuga brtt. frá vegamálastjóra um 56 brýr, sem nauðsynlegt væri að byggja á næstunni, en þar var ekki Iða með, svo að ég get búizt við, að ef hún á að vera hin 57. eða 58. í röðinni, þá dragist það eitthvað, að hún komi.

Ég efast ekki um, að hv. 2. þm. Skagf., Jón á Reynistað, sem hefur verið frsm. í þessu máli, hafi viljað vinna verk sitt af fullri samvizkusemi og án allrar hreppapólitíkur. Ég býst ekki heldur við, að hægt sé að bera atvmrh. og núverandi landbrh. það á brýn, að þeir hafi neina hreppapólitík fyrir augum, því að þeir hafa báðir lýst því yfir, að þeir telji, að aðstaðan sé hin ákjósanlegasta. En ég skil vel sjónarmið hv. 2. þm. Skagf., ég ætla ekki að kalla það hreppapólitík, heldur skagfirzkt sjónarmið. Ég er þess fullviss, að hv. 2. þm. Skagf. og búnaðarmálastjóri hafa skagfirzkt sjónarmið. Þeir voru ekki búnir að gleyma Hólum, þar sem Hólar er staður svipaður og Skálholt, gamalt biskupssetur. Þeim finnst, að endurreisa þurfi Skálholt og hafa þar menntasetur svipað og á Hólum. Og það hefur líka komið fram í þeirra álitsgerð.

Ég hlustaði í hv. Ed. á flm. þessa frv. og heyrði, að hann hélt því mjög eindregið fram, að það ætti að byggja skólann í Skálholti á allt öðrum stað en nm., hv. 2. þm. Skagf. og búnaðarmálastjóri, lögðu til. Þeir lögðu til, að skólinn skyldi reistur á hinum forna skólastað, til þess að endurreisa hann, en nú telja þessir flm. það ekki lengur fært, heldur flytja þeir hann og vilja byggja hann 3 km neðar, í Skálholtstungu við Þorlákshver. Ég skal fúslega játa, að það er mjög fallegt og gott land til ræktunar, eins og flm. tóku fram. En að þar sé fegurra en í Fljótshlíðinni, því ætla ég að mótmæla. Það er rétt, að ef skólinn er byggður niðri við Þorlákshver, þá er hægt að hafa heitt vatn, og ég tel það líka aðalkostinn, sem Skálholt hefur fram yfir hina staðina. En n., sem með þetta mál fór, lagði ekki mikið upp úr hvernum, þótt hún segði að vísu, að það væri gott að hafa heitt vatn og gróðurhús.

Þá ætla ég að minnast á það, sem þessi þriðji nm., Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, taldi mjög æskilegt, að hinn væntanlegi bændaskóli starfaði mjög í samvinnu og námunda við tilraunastöð fyrir austan fjall, t. d. tilraunastöðina á Sámsstöðum, sandgræðsluna í Gunnarsholti og trjáræktarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð, og ég býst við, að þessar þrjár stöðvar hafi vakað fyrir landbrh., þegar hann valdi Sámsstaði. Ég býst við því, að það hafi ráðið miklu um valið, hvað Sámsstaðir eru vel í sveit settir, og ég held, að það sé ekki hægt að bendla ráðh. við neina hreppapólitík í þessu máli. Enn fremur má geta þess, að Árnesingar hafa ekki allir verið á eitt sáttir í þessu skólamáli, og sést það bezt á því, að sá félagsskapur í sýslunni, sem mjög stór hluti íbúanna stendur á bak við, gaf heila stóra jörð með þeim skilyrðum, að þar yrði reistur bændaskóli. Það var ekki Skálholt, sem þeir óskuðu fyrir skólastað, heldur Laugardælir. Ég veit það ekki, en ég hef heyrt það, að hæstv. forseti hafi verið með í því. Þessir menn, sem með þessum mikla áhuga stóðu þarna saman um Laugardæli, munu hafa talið Skálholt svo illa í sveit sett, að það væri mjög hæpið að velja slíkan stað fyrir bændaskóla.

Hv. 2. þm. Árn. hefur mjög deilt á Sámsstaði fyrir það, hve ljótt þar væri og vont til ræktunar, og auk þess þyrfti að reka þar upp bónda einn eða svo. Hann virðist vera búinn að gleyma, að hæstv. forseti þessarar d. býr nú stóru búi í Skálholti, og hann vill reka hann burt með allt sitt. Það er aukaatriði í hans augum. Ég ætla ekki að deila við hv. 2. þm. Árn. um það, hve ljótt sé á Sámsstöðum. Hann er að vísu nokkuð hagmæltur og telur sig því sjálfsagt hafa vit á náttúrufegurð, en ég ætla þó, að þrjú stórskáld séu kannske eins þung á metunum og hann, þó að hann geti sett saman vísu. Allir kunna kvæði Jónasar um Fljótshlíðina, einn fegursta óð íslenzkrar tungu, og allir kannast við kvæði Bjarna Thorarensens og Þorsteins Erlingssonar. Ég held það nægi að nefna nöfn þessara þriggja stórskálda, sem allir hafa ort um Fljótshlíðina og náttúrufegurðina þar, til að jafnast á við hv. 2. þm. Árn.

Hv. 2. þm. Árn. talaði um jörð, sem héti Kotmúli og ætti að leggjast undir Sámsstaðina, og þótti það lítilfjörlegt nafn og ljótt. Jörðin heitir ekki Kotmúli, heldur Kornmúli. En á þessari jörð bjó eitt sinn einn merkasti maður þessa lands, Sveinn Pálsson læknir, í fjöldamörg ár, og ef hv. þm. þykir

það punta upp á staðinn, þá er gott, að hann viti þetta.

Ég vil benda hv. þm. og hv. 2. þm. Skagf. á, af því að þeir virðast telja, að nafn eins og Skálholt hafi svo mikið að segja, að Hólar í Hjaltadal voru hjáleiga frá Hofi í Hjaltadal. Hof er landnámsjörð, en Hólar voru hjáleiga, þangað til Illugi prestur gaf hana fyrir biskupssetur og gerði hana þar með að mesta höfuðbóli Norðurlands. Eins getur farið með fleiri jarðir, þó að þær heiti ýmsum nöfnum, það má gera þær að höfuðbólum, ef þannig er að þeim búið.

Því hefur mjög verið haldið á loft í sambandi við þessa staði, hvað Sámsstaðir væru landlítil jörð. Ég skal fyllilega játa, að hún hefur ekki landstærð á við Skálholt eða Kálfholt, en ég vil leyfa mér að benda á, að hún hefur marga tugi hektara af mýrlendi og móum o. s. frv., sem allir eru mjög góðir til ræktunar. Enn fremur vil ég benda á, að í Rangárvallasýslu er nú fyrirhugað eitthvert mesta landnám, sem nú þekkist hér á landi, með fyrirhleðslu Markarfljóts, og það er von allra, sem til þekkja, að nú eftir lítinn tíma verði unnt með þeim verkfærum og áhöldum, sem í ráði er að fá, hægt að ljúka því verki á mjög skömmum tíma. Þá kemur upp eitthvert stærsta og ég vil segja bezta land, sem völ er á á Íslandi, eftir örfá ár. Þá má hafa þar í Markarfljótsdalnum áveitu og jarðrækt eftir vild á geysistóru landflæmi. Ég held því, að sú mótbára, að Sámsstaðir séu of landlitlir, hafi við engin rök að styðjast, enda er það svo, að mjög er álitamál meðal manna hér á landi, sem bezt þekkja til búskapar, að allt sé undir því komið, að jörðin, sem búið er á, sé sem stærst. Ég held, að nú séu flestir komnir á þá skoðun, að það sé öllu heppilegra, að landið sé vel ræktað en að það sé sem stærst. Nm., sem völdu Skálholt og Kálfholt, lögðu mikið upp úr að hafa mörg hundruð eða þúsund fjár, mikið hrossastóð og fjölda kúa. Ég held, að sá búskapur, sem þannig er rekinn, eigi litla framtíð hér á landi, a. m. k. á Suðurlandi. Ég býst við, að þar muni búskapurinn mjög færast í þá átt, að bændur hafi frekar nautgriparækt á vel ræktuðu landi, en ekki sauðahjarðir eða hrossahópa til að leika sér um hagana, og þó að gaman sé að því, þá held ég, að sá búskapur detti brátt úr sögunni. Ég skil vel, að þessum tveimur stórbændum, Guðmundi á Stóra-Hofi og Jóni á Reynistað, sem hafa báðir mjög stór bú, hafi fundizt glæsilegt að hafa svona stórbú, en ég efast um, að það sé það framtíðarmarkmið, sem keppa beri að í þessu landi.

Þá er enn eitt ótalið, sem ég tel höfuðkost við Sámsstaði, sem hinir staðirnir hafa ekki, en hann er sá, að þarna er nú tilraunastöð landbúnaðarins undir forustu Klemenzar Kristjánssonar, sem er brautryðjandi að ýmsu leyti í tilraunastarfsemi við landbúnað, svo sem í kornrækt, grasfrærækt og öðru slíku, og ég tel það mjög mikils vert fyrir þá, sem verða nemendur þessa skóla, að þeir kynnist slíkri tilraunastarfsemi.

Ég sé, að d. er orðin fáskipuð og fundartími mun vera á enda, en ég á nokkuð eftir af máli mínu enn. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill skipta ræðu sinni, þá er það velkomið.) Ég vil það gjarnan. [Fundarhlé.]

Ég skal ekki lengja umr. mikið frá því, sem orðið er.

Áðan, þegar ég hætti, var ég búinn að skýra frá starfi n., sem kosin var til að ákvarða um val skólastaðarins. Ég var búinn að skýra frá því, hvernig n. klofnaði. Skagfirzka sjónarmiðið hugsaði heim til Hóla, vildi fara eins að með skólastaðinn á Suðurlandi og gera hann að slíku höfuðbóli sem Hólar eru nú. Að vísu hefur það orðið nokkuð öðruvísi en meiri hl. n. hugsaði sér, því að nú hafa umr. snúizt, að ég hygg, aðallega um, að nú eigi ekki að reisa skólann heima í Skálholti, heldur 3 km neðar, við Þorlákshver, það langt frá Skálholti, að ekki sést frá bænum. Um endurreisn staðarins er því ekki að ræða í því sambandi, sem n. hugsaði sér með vali Skálholts.

Sömu sögu er að segja, þegar n. skilaði áliti sínu til stj. búnaðarfélagsins, því að hún gat ekki heldur orðið sammála um staðarvalið. Einn var þar með Skálholti, annar með Kálfholti og þriðji mitt á milli. Þannig stóð þá málið, þegar þáverandi landbrh. tók það í sínar hendur á löglegan hátt, eins og tilskilið er í l. frá 1942. Þá stóðu sakir þannig, að Árnessýsla klofnaði um Skálholt og Laugardæli, Rangæingar flestir með Kálfholti. Landbrh. ferðaðist austur um sýslur og athugaði báða staðina, sem nefndir höfðu verið, og enn fremur fleiri staði. Ég skal ekki um það dæma, hvað fyrir hæstv. ráðh. vakti, þegar hann valdi Sámsstaði, en álít þó, að ég geti fært fram nokkrar líkur fyrir því, hvers vegna hann valdi hann, úr því sem komið var. Þegar sýnt var, að hvorki n., sem átti að benda á staðinn, né stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem átti að hafa úrslitavald um ábendingu staðarins, gat orðið sammála, Árnesingar klofnir um tvo staði, Laugardæli og Skálholt, en Rangæingar flestir með Kálfholti, þá skeði það, að hæstv. ráðh. tekur hvorugan þessara staða, heldur velur Sámsstaði í Fljótshlíð. Ég skal ekki segja, hvað fyrir hæstv. ráðh. hefur vakað, þegar hann valdi þennan stað, en ég get gert mér hugmynd um ýmsar ástæður, sem hafi valdið því, að þessi staður varð fyrir valinu.

Eins og ég gat um í ræðu minni áðan, lagði n. ríka áherzlu á, að staðurinn væri vel í sveit settur. Ég held, að Sámsstaðir uppfylli vel það skilyrði, um það er ekki að deila, þar sem hann liggur 4 km frá aðalþjóðveginum austur um sýslur og í miðri Rangárvallasýslu.

Annað skilyrðið, sem n. setti og gaf um það sameiginlegt álit, var það, að skólastaðurinn hefði nægilega fjölbreytilegt land til ræktunar. Þetta uppfylla Sámsstaðir mjög vel, eftir að búið er að tryggja þær jarðir, sem verða lagðar undir staðinn. Og eins og ég gat um áður, þá má vænta þess á næstu árum, þegar lokið er þeim fyrirhleðslum, sem nú er unnið að, að þá komi þar geysimikið landflæmi, sem má nota hvort sem vill til áveitu eða túnræktar.

Ég hygg þó, að það, sem kannske hefur ráðið mestu um, að hæstv. ráðh. valdi Sámsstaði, sé sú starfsemi, sem þar er, og sá maður, sem veitir henni forstöðu. Ég býst við, að allir, sem kunnugir eru tilraunastöðinni á Sámsstöðum og þekkja til þess starfs, sem þar er unnið, telji ekki lítils virði fyrir hin ungu tilvonandi bændaefni, sem þennan skóla vilja sækja, að þeir kynnist til hlítar því starfi, sem þar er unnið í kornyrkju, grasrækt, kartöflurækt o. fl., og að það sé ekki einskis virði að njóta þar kennslu jafnágæts manns og

Klemenzar Kristjánssonar á Sámsstöðum. Að vísu dró hv. flm. frv. í Ed. það í efa, að tilraunastjórinn á Sámsstöðum væri fær um að kenna mönnum búskap. Ég fullyrði, að þegar litið er á hans bóklegu menntun og miklu reynslu, þá muni hann fyllilega standa á sporði ýmsum, sem nýbúnir eru að ljúka námi erlendis. Ég er í engum vafa um, að ef ég ætlaði að læra landbúnað í skóla hjá Klemenz Kristjánssyni, þá mundi ég vænta mér meiri árangurs af því en að stunda nám hjá einhverjum nýútskrifuðum búfræðikandídat, þó að hann hefði góða bóklega menntun.

Ég býst líka við, að það hafi ráðið nokkru um val hæstv. ráðh., að í námunda við Sámsstaði er bæði hin nýstofnaða skógræktarstöð á Tumastöðum í Fljótshlíð og sandgræðslustöðin í Gunnarsholti, og eitt af því, sem öll n. sameiginlega lagði ríka áherzlu á, var það, að nemendur bændaskólans ættu greiðan aðgang að námi í skógrækt og sandgræðslu, og tel ég það sjálfsagt og eðlilegt, því að eins og kunnugt er, þá er mikill áhugi meðal allra landsmanna fyrir aukinni skógrækt og sandgræðslu. Er því mjög mikils virði að hafa höfuðstöðvar þessara tveggja þátta okkar nýja landnáms í grennd við bændaskólann.

Þá býst ég við, að það hafi einnig ráðið nokkru um val hæstv. ráðh. á skólastaðnum, að á Sámsstöðum var miklu ódýrara að reisa bændaskóla. Það kann nú að þykja óþarfi að minnast á slíka smámuni á þessum tímum, en ég býst þó við, að það sé ekki einskis virði, að það er miklum mun ódýrara að byrja að koma upp skóla á Sámsstöðum en í Skálholti, ég tala nú ekki um þann stað, þar sem nú er gert ráð fyrir að reisa hann, niðri við Þorlákshver, því að til þess að hægt sé að hefja undirbúning að skólabyggingu á þeim stað, þarf að leggja þangað dýran veg, áður en hægt er að koma nokkrum sementspoka eða spýtu á þann stað. Ég hef farið þar um að sumri til í norðanþurrki og var vel skóaður, og þess vegna komst ég þurrt, en það verður að leggja þangað dýran veg, áður en hægt er að koma þangað nokkru byggingarefni, eins og ég gat um áðan. Þar að auki er þessi staður, Skálholt, út úr, hann er afskekktur frá aðalundirlendi Suðurlands, meðan brúin er ekki komin á Ölfu, eins og n. tók fram, en hún bjóst við, að brúin mundi koma, og vonandi kemur hún, en vafalaust dregst það nokkuð enn, þar sem vegamálastjóri telur, að 56 brýr eigi að koma á undan brúnni á Ölfu, og því má búast við, að það dragist enn í nokkur ár, að brúin komi, þó að það sé mikil nauðsyn.

Það hefur verið minnzt á það af hv. flm. þessa frv. í Ed., að það hafi verið notaður mikill áróður í þessu máli. Hver hefur notað áróður? Það er fyrst og fremst hann og í öðru lagi sýslunefnd Árnessýslu. Hún gerði þá kröfu s. l. vor, að skólinn yrði reistur í Árnessýslu. Hún gerði um það fundarsamþykkt, þar sem hún krafðist þess af hæstv. ráðh., að í Árnessýslu yrði skólinn að vera, hvergi annars staðar. Þetta kalla ég leiðinlegan og óvenjulegan áróður í máli, sem búið var að vísa frá og leggja í hendur óhlutdrægs aðila. En þetta er ekkert nýtt hjá Árnesingum. Ég skal ekki fara að rekja þá sögu hér, hvernig framkoma þeirra hefur verið í skólamálum Sunnlendinga, við getum sagt í skóla- og vegamálum, svo að hv. 2. þm. Árn. heyri það líka. Ég skal ekki fara inn á það mál nú, en það getur verið, að ástæða verði til þess síðar. Ég vil spyrja hv. þm., hvernig þeir haldi, að það verki á samvinnu heima í héraði, sem er nauðsynlegt, að sé góð, og hún hefur verið góð austanfjalls, þar sem menn eiga svo margt sameiginlegt og þurfa að vinna sameiginlega að svo mörgum málum, — ég vil spyrja þá, hvernig þeir haldi, að það verki, þegar svona er unnið eins og hér hefur verið gert. Ég vil biðja menn að setja sig í spor Rangæinga. Það er búið að ákveða skólann á löglegan hátt og í öllu farið eftir fyrirmælum Alþingis. En strax um leið og þetta er gert, er risið upp hér á Alþingi af þm. Árn. til þess að reyna að eyðileggja þetta fyrir Rangæingum. Þetta er viðkvæmt mál og ekki óeðlilegt, að Rangæingar taki það illa upp, þegar svo er líka ástatt í skólamálum héraðsins, að Rangæingar hafa engan skóla, en Árnesingar fimm eða sex, því að þar eru nú starfandi a. m. k. fimm skólar fyrir utan barnaskólana, en enginn í Rangárvallasýslu. Þar er hinn stóri héraðsskóli á Laugarvatni, tveir húsmæðraskólar, garðyrkjuskóli og íþróttaskóli, en samt finnst þeim þeir ekki hafa fengið nóg. Þeir vilja á óþinglegan og óvenjulegan hátt svipta Rangæinga þeim eina skóla, sem þeir eru nú að fá með löglegu móti. Ég veit, að Árnesingar eru fjölmennari og vilja ef til vill kalla sig þess vegna rétthærri, en þó efast ég um, að þannig sé rétt að líta á hlutina, nema þá hjá þeim, sem alltaf álíta, að hnefarétturinn eigi að gilda.

En þrátt fyrir allt gæti ég að vissu leyti fellt mig við það, sem hér er verið að gera, ef raunverulega væri verið að vinna að því, að bændaskóli komi í Skálholti. En hér er ekki því til að dreifa, heldur er verið að vinna að því, að enginn skóli verði reistur. Það er markmið ýmissa þeirra manna, sem fylgja þessu máli. Þeir sjá fram á það, að með þessum glundroða, með þessum lögleysum og ofbeldi, sem hér er haft í frammi, þá muni verða bið á, að skólinn komist upp í Skálholti eða nokkurs staðar á Suðurlandi, og það sárnar mér einna mest, þó að ég játi það, að mér finnst heldur langt gengið af þm. Árnesinga að hamra það í gegn þvert ofan í það, sem búið er að gera. Ég er sannfærður um, að það tekur allmörg ár, þó að farið verði að vinna að því að undirbúa skólastað í Skálholti, eins og allt er í pottinn búið, þar sem verður að byrja á að leggja veg að skólastaðnum alllanga leið, áður en hægt er að flytja þangað nokkurn skapaðan hlut, og helzt að brúa stórvatn, ef skólastaðurinn á að vera tiltækilegur. Ég gæti trúað, að horfa þyrfti á það í nokkur ár af hæstv. ríkisstj. og öðrum, sem um þetta mál eiga að fjalla, og þó að nú sé að vissu leyti ekki horft í skildinginn, þá getur það samt verið álitamál, þegar búið er að ákveða skólann á öðrum stað, þar sem kostar miklu minna að koma honum upp og hann getur starfað með eins góðum árangri og í Skálholti. Ég býst við, að þetta allt komi til álita, þegar á að hefja framkvæmdir í þessu máli.

Mér er kunnugt um, að ýmsir, sem fylgja þessu frv., gera það af því, að þeir vilja ekki fleiri skóla og þeir vita, að framgangur þessa máls er sama og frestun á því, og það er það, sem nú er verið að gera. Ég get í sjálfu sér unnað 2. þm. Árn. þess að vera til að vinna bændaskólamálinu ógagn, en mér sárnar það vegna íbúa þessa héraðs, sem

lengi hafa vonazt eftir þessum skóla og hafa fyrir hann mikla þörf, að þetta mál skuli nú koma til að eyðileggja þetta mál um ófyrirsjáanlegan tíma.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Eins og getið er um í nál. landbn., tók ég enga afstöðu til þessa frv. og leiddi hjá mér afgreiðslu þess í n. Þar sem ég hafði nokkur afskipti af málinu áður, þá tel ég rétt, að ég geri grein fyrir, hvers vegna ég sá mér ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins. Ástæðan til þess er sú, að mér finnst vera búið að fara svo illa með þetta mál og það komið í svo mikið óefni, að ég get ekki búizt við neinum viðunanlegum árangri af málinu eins og nú er komið.

Ég verð að fara ofur lítið út í forsögu málsins. Á sínum tíma, þegar l. um bændaskóla á Suðurlandi voru sett, þá var það ákvæði í l., að ráðh. skyldi ákveða skólanum stað að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Þegar búið var að samþ. l., var málið sent stjórn Búnaðarfélags Íslands og hún beðin af hæstv. ráðh. að gera till. um staðinn. Stjórn félagsins taldi sig ekki hafa tök á eða tíma til að rannsaka þetta mál sjálf, vildi ekki kasta til þess höndunum, og valdi þess vegna n., sem skyldi rannsaka málið. En um það leyti sem stjórnin tilnefndi menn til að gera þessar till., barst henni bréf frá stjórn Búnaðarsambands Suðurlands, þar sem þess var beiðzt, að sambandinu væri heimilað að tilnefna einn mann í þessa nefnd. Ég skal ekkert um það segja, hversu heppilegt það hefur verið, vegna þess að við vitum, að svona mál eru alltaf viðkvæm milli héraða, en stj. varð samt við því. Henni fannst ekki sanngjarnt að meina stjórn Búnaðarsambands Suðurlands að hafa einn mann í n. til að láta koma fram sjónarmið búnaðarsambandsins og stjórnar þess. Fyrir þessu vali varð Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, form. stjórnar búnaðarsambandsins, en af hálfu Búnaðarfélags Íslands Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og Jón Sigurðsson á Reynistað. N. lagði mikið verk í að kynna sér alla staði þar eystra, fór oft austur og skoðaði þá staði, sem hún helzt áleit, að til greina gætu komið. Eftir að hafa athugað þetta lengi og ýtarlega, skilaði n. áliti, en varð því miður ekki sammála, heldur klofnaði hún í tvennt. Jón og Steingrímur mæltu með Skálholti, en Guðmundur á Stóra-Hofi mælti með Kálfholti. Nú voru till. þeirra lagðar fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands, og þar kom aftur fram meiri og minni hluti. Ég og Jón í Deildartungu fylgdum meiri hl. nefndarinnar. Ég fyrir mitt leyti taldi, að stjórn búnaðarfélagsins hefði fengið þessum mönnum í hendur tillögurétt búnaðarfélagsins til ráðherra. Fylgdi ég því till. meiri hl. nefndarinnar og Jón í Deildartungu, en einn, Pétur Ottesen alþm., varð sammála Guðmundi á Hofi og mælti með Kálfholti. Þannig fór málið til ráðherra. Ég bjóst við, að þegar þessar till. kæmu til ráðh., þó að þær væru ekki samhljóða, þá mundi ráðh. ákveða skólastaðinn eftir till. meiri hl. n. og meiri hl. stj. Búnaðarfélags Íslands, þess aðila, sem var af Alþ. ákveðinn til að gera till. um skólastaðinn, því að þótt það stæði að forminu til í l., að ráðh. ákvæði staðinn að fengnum till. stj. Búnaðarfélags Íslands, þá hygg ég, að Alþingi hafi gengið út frá því, að till. Búnaðarfélags Íslands, sérstaklega eftir jafnmikið verk og hafði verið lagt í að athuga skólastaðinn og allar aðstæður, yrðu látnar ráða, en vitanlega hafði ráðh. að forminu til vald til að velja hvaða stað sem hann vildi. Nú gerðist ekkert í málinu, þar til kom að stjórnarskiptum, eftir að fyrrv. stjórn hafði sagt af sér. Þá er það, að landbrh. ákveður staðinn, ekki í Skálholti eins og meiri hl. n. hafði lagt til, ekki í Kálfholti eins og minni hl. n. hafði lagt til, heldur á allt öðrum stað, Sámsstöðum í Fljótshlíð, sem n. hafði rannsakað sérstaklega og hafði við athugunina mjög komið til greina, en horfið var frá af öllum samhljóða. Ég verð að segja, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum út af þessari afgreiðslu málsins og taldi, að hér væri farið allt öðruvísi að en Alþingi hafði gert ráð fyrir á sínum tíma, því að ég fullyrði, að þingið mun hafa gert ráð fyrir, að till. Búnaðarfélagsins yrðu látnar ráða um skólastaðinn. Ég tel því mjög miður farið, að ekki var upphaflega af ráðherra eða ráðherrum hnigið að því ráði að setja skólann á þann stað, sem meiri hl. Búnaðarfélagsins hafði mælt með. Hins vegar þýðir ekki um það að ræða, ráðh. hafði að forminu til lagalegan rétt til að ákveða staðinn, því að í l. segir, að ráðh. ákveði staðinn eftir að hafa fengið till. frá stj. Búnaðarfélags Íslands, en ekki samkv. till. stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Honum er ekki fyrirskipað að ákveða staðinn samkvæmt till., heldur að fengnum tillögum. En þrátt fyrir það að ég er mjög óánægður með þessa afgreiðslu ráðh. á málinu, þá tel ég það samt að stíga úr öskunni í eldinn að taka málið upp til að ónýta með þingsamþykkt löglegar gerðir ráðh., sem þingið hefur fengið honum í hendur og hann er búinn að ákveða.

Ég vil í því sambandi minna á aðra stjórnarframkvæmd um svipað leyti af hálfu hæstv. kennslumálaráðherra, þar sem hann skipaði dósent í guðfræði þvert ofan í till. þeirra aðila, sem gera áttu till. um skipun manns í slíkt embætti. Ég er ekki að segja, að ég sé óánægður með þá ráðstöfun hæstv. ráðh., en samt sem áður fyndist mér óviðfelldið, ef Alþingi tæki upp hjá sér þann hátt að ónýta þessa gerð með þingsamþ., setja séra Sigurbjörn Einarsson út úr embætti, en séra Björn Magnússon inn í hans stað. Menn munu kannske segja, að þarna sé nokkuð öðru máli að gegna, því að annars vegar séu menn, en hins vegar sé aðeins um jarðir eða staði að ræða, en mér finnst samt, að þetta séu hliðstæður og að Alþingi megi gæta sín að ónýta ekki löglegar stjórnarráðstafanir eins og þessi er.

Af þessum ástæðum er það, að mér finnst vera búið að fara svo illa með þetta mál, að ég er hræddur um, að það hafi mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, m. a. aukinn ágreining og sundrungu þeirra aðila, sem að skólanum eiga að standa, og þar að auki er það leiðinlegt, ef þetta frv. verður að l., þar sem ég er sannfærður um, að ef ráðh. hefði, þegar hann hafði fengið till. Búnaðarfélagsins, ákveðið skólanum stað í Skálholti, þá hefðu menn, þó að þeir væru misjafnlega ánægðir með þá ráðstöfun, sætt sig við hana og málið verið útkljáð á friðsamlegan hátt. Mér finnst því, að öll afgreiðsla málsins sé í mesta óefni komin, og því sé ég mér ekki fært lengur að taka þátt í afgreiðslu þessa máls og mun því eins í d. og áður í n. leiða málið hjá mér og ekki greiða um það atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði búizt við því, að einhver meðmælandi Skálholts tæki til máls í d. á undan mér. Hv. samþm. minn hefur talað hér í þessu máli og tekið í sama streng og ég mun gera, að leiða rök að því, að bændaskóli Suðurlands er vel settur á Sámsstöðum í Fljótshlíð og löglega ákveðinn þar af fyrrv. landbúnaðarráðherra.

Frv. það, sem flutt var í Ed. af hv. 2. þm. Árn. um, að l. um bændaskóla á Suðurlandi skuli breytt á þann hátt, að skólinn skuli lögákveðinn í Skálholti, er þess eðlis, að eftir að búið er að ákveða skólanum stað á Sámsstöðum, þá er hafinn slíkur áróður, að það væri kallað frekja og dónaskapur að halda slíku til streitu, ef það væri einhver annar en hv. 2. þm. Árn., sem hefði flutt þetta mál og róið svo frekjulega fyrir því. Hann hefur orð fyrir að vera *mildur og blíður á manninn*, og það út af fyrir sig hefur blindað ýmsa þm. og beygt dómgreind margra þeirra, svo að þeir, sem hafa léð málinu fylgi, hafa ef til vill blindazt af því, að þeir hafa ekki ímyndað sér, að hv. þm. væri með svo dónalegt og frekjulegt mál á ferðinni, og hefðu léð því fylgi án þess að athuga nógu rækilega, hvað þeir voru að gera.

Það væri rétt að athuga lítið eitt forsögu þessa máls, þótt það hafi áður verið gert. Í l. um bændaskóla Suðurlands, sem sett voru 1942, var svo ákveðið, að landbrh. skyldi ákveða skólanum stað að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Hv. þm. Mýr., sem talaði hér síðast, treysti sér ekki til að taka afstöðu til málsins, en viðurkenndi þó, að landbrh. hefði haft fullt vald til að ákveða skólanum stað og að hann væri löglega settur á Sámsstöðum. Þess vegna kemur mér kynlega fyrir, að þessi hv. þm. skuli ekki ætla að taka ákveðna afstöðu til málsins, eftir að hafa lýst þessu yfir. Hann vildi ekki skapa það fordæmi, að Alþingi færi að rifta löglegum gerðum ráðh., því að það fordæmi gæti orðið hættulegt í framtíðinni, en samt ætlar hann að sitja hjá við atkvgr. Ég vil ekki segja, að þessi hv. þm. bregðist skyldu sinni sem þm., þegar hann ætlar að láta málið afskiptalaust, þó að hann sjái, að það ætlar að taka hættulega stefnu. Mér finnst þó eftir þessa yfirlýsingu, að hann standist tæplega við annað en að greiða atkv. á móti því, að þessari ráðstöfun ráðh. verði breytt.

Því hefur verið lýst, að n. hafi verið kosin af stjórn Búnaðarfélags Íslands til að velja skólanum stað, og það er öllum kunnugt, að þessi n. starfaði nokkuð og klofnaði í málinu. Því hefur verið lýst, að sjónarmið Skagfirðinga varð ofan á í vali staðarins. Það, sem meiri hl. n. telur máli sínu aðallega til stuðnings, er það, að Skálholt hafi miklu landi yfir að ráða og að þar séu skilyrði til áveitu. Hins vegar segir í sérákvæði l. um bændaskóla, að velja skuli hentugasta jarðnæði fyrir skólann og að skólinn eigi að starfa á þann hátt, að hann miði sem mest að því að búa bændur og bændaefni undir búskap eins og bezt hentar á Suðurlandi og eins og búskapur verði yfirleitt rekinn á Suðurlandi í framtíðinni. Ég mun koma að því síðar, hvað ég álít í því efni um fyrirkomulag búskapar á Suðurlandi í framtíðinni. Ég er sannfærður um, að það verður ekki landstærðin, sem þar verður aðalatriðið. Það er vitanlega nauðsynlegt, að skólinn hafi yfir nokkru landi að ráða, nægilegu ræktunarlandi, en hann þarf ekki að hafa mikla hrosshaga eða bithaga eins og er í Skálholti, og það er ekki nauðsynlegt, að á skólajörðinni séu skilyrði fyrir áveitu.

Í þessum sömu l., sem ég vitnaði í, gaf Alþingi ráðh. fullt vald til að ákveða skólanum stað. Ráðh. gerði það. Hann ákvað skólanum stað á Sámsstöðum í Fljótshlíð. Það er því eins og ég áður sagði algerlega ótímabært og óforsvaranlegt að vera með þetta frv., sem nú er hér til umr. Ég ætla ekki að trúa því, þó að svo líti út nú, að meiri hl. þessarar d. ljái því samþykki sitt. Það verður a. m. k. að athuga, áður en menn ljá þessu máli fylgi, hvort Sámsstaðir eru óforsvaranlegur skólastaður, hvort Sámsstaðir eru þannig úr garði gerðir, að ekki sé forsvaranlegt að byggja skólann þar, og hvort þeir uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í l. um bændaskóla Suðurlands. Ef d. kemst að þeirri niðurstöðu, að Sámsstaðir séu hentugur staður og uppfylli þau skilyrði, sem skólastaðurinn á að hafa, þá nær engri átt að gera þá goðgá að samþ. það frv., sem hér liggur nú fyrir. Ef Sámsstaðir hins vegar dæmast svo kostarýr jörð, að þar væri ekki unnt að reka bændaskóla með þeim árangri, sem ætlazt er til, þá væri vitanlega ekki nema eðlilegt, að Alþingi hryndi þeirri gerð, sem ráðh. hefur gert, því að þá er bersýnilegt, að hún hefur verið gerð án þess að leitað hafi verið upplýsinga um, hvort það væri gerlegt og á viti byggt að reisa skólann á þessum stað.

Það er þá rétt að gera sér grein fyrir, hvað það er, sem mælir með Sámsstöðum sem skólasetri. Það er svo, að gerð hefur verið ráðstöfun til að bæta við það land, sem Sámsstaðir hafa yfir að ráða, og tryggja jörðinni, ef þurfa þykir, tvær nærliggjandi jarðir, svo að sú ástæða, sem hér hefur stundum verið talað um, að skólinn mundi hafa yfir of litlu landi að ráða á Sámsstöðum, er ekki lengur fyrir hendi. Skólinn hefur, þegar hann er búinn að fá þessar tvær jarðir, yfir miklu og góðu landi að ráða, áreiðanlega það miklu, að það er síður en svo ástæða til að tala um, að landrými sé þar ekki meira en nóg. Hitt skal viðurkennt, að þarna verður lítið um hrossahaga, til þess er landið of frjósamt. Verður því að ætlast til, að það verði notað til ræktunar, en ekki til rányrkju.

Á það hefur verið bent, að Sámsstaðir eru sérlega vel í sveit settir, þar sem þeir eru í miðri Rangárvallasýslu, við þjóðveginn, en eins og kunnugt er, er ætlazt til, að skólinn verði sérstaklega fyrir fjórar sýslur á Suðurlandi og jafnvel fimm, Skaftafellssýslur báðar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjar. Má því segja, að Sámsstaðir séu miðsvæðis.

Á Sámsstöðum er fagurt, svo að óvíða í sveitum er útsýni fegurra. Segja má, að það út af fyrir sig hafi ekki mikla þýðingu, en þó er rétt að taka það fram, ef einhver hv. þm. hefði ekki komið í Fljótshlíðina, af því að því hefur verið haldið fram við þessar umr. í Ed., að það væri ljótt á Sámsstöðum. Ég geri ráð fyrir, að óþarfi sé að gera það að umræðuefni hér, vegna þess að flestir eða allir hv. þm. munu hafa komið að Sámsstöðum í Fljótshlíð, og þeir eru áreiðanlega hver um sig færir um að dæma um, hvort þar er nógu fallegt til að reisa þar bændaskóla.

Sámsstaðir eru tilraunastöð, einkum með korn-

rækt og matjurtarækt o. s. frv. Forstjóri hennar er Klemenz Kristjánsson, og er þessi tilraunastöð undir hans stjórn fyrir löngu orðin landskunn. Rétt fyrir innan Sámsstaði er önnur tilraunastöð, skógræktarstöð, og ekki langt þar frá er þriðja tilraunastöðin, sandgræðslustöð. Allar þessar stofnanir geta orðið nemendum bændaskóla á Sámsstöðum að ómetanlegu gagni. Kornrækt, skógrækt og sandgræðsla, allt þetta er starfsemi, sem bændaefnin þurfa að kynnast, svo framarlega sem það er meiningin hjá okkur að hefja nýtt og víðtækt landnám í landi okkar og okkur er alvara að gera landbúnaðinn að nýtízku atvinnugrein. Sumir munu spyrja og jafnvel efast um, að það sé hagur að því að hafa tilraunastöðvar nærri skóla. Ég hef heyrt það á einstöku þm., að tilraunastöðin á Sámsstöðum sé ekki annað en „humbug", og sumir halda fram, að sandgræðslan í Gunnarsholti og skógræktarstöðin á Tumastöðum sé ekki heldur annað en „humbug". Ef menn halda, að slíkar stöðvar séu til lítils gagns, þá skulum við hætta að tala hátt um að klæða landið skógi og hefta uppblástur og sandfok og að eigi að hefja hér á landi fullkomna ræktun og grasrækt á sem víðtækustum grundvelli.

Ég hef heyrt fáeina menn halda því fram, að á Sámsstöðum sé jarðvegur svo frjór og góður, að af þeim sökum sé ekki heppilegt að hafa þar skóla. Þetta er vitanlega firra ein og eins það, að tilraunastöðvarnar í Fljótshlíðinni séu settar þar niður, af því að jarðvegurinn þar sé of frjór. Þær eru settar þar af því, að jarðvegurinn þar er heppilegur til tilrauna og tilraunastöðvarnar eiga að sýna þann árangur, sem ætlazt er til, að hægt sé að ná við meðalskilyrði annars staðar. En úr því að það er álit sérfróðra manna, að Fljótshlíð sé heppilegur staður til slíkra tilrauna, þá er vitanlega alveg eins heppilegt, að bændaskóli standi þar líka.

Ég skal ekki deila um það hér, hvort tilraunastöðvar eigi tilverurétt eða ekki, við þá, sem vilja draga það í efa. Ég veit, að þeir eru sem betur fer miklu færri. Það má virða mönnum, sem hafa ekki kynnt sér þær, til vorkunnar, þó að þeir hafi ekki réttan skilning á þessu. Ég ætla, án þess að fjölyrða mikið um gildi þessara tilraunastöðva, að fullyrða, að þær eru einn þýðingarmesti þátturinn í því byrjunarstarfi, sem við erum nú að hefja. Ísland hefur verið byggt í meira en þúsund ár. Landnámsöldin fyrri er liðin.

Í þessi þúsund ár stóðum við að mestu í stað í búnaði til aldamótanna síðustu. Sömu þúfurnar sátu í túnunum allan tímann, og þau stækkuðu ekki, og sömu aðferðir voru hafðar til að nytja þau. Upp úr aldamótum hófst ný landnámsöld, en betur má, ef duga skal. Allir eru sammála um, að nýr og betri skriður þarf að komast á ræktunarmálin. Tilraunastöðvar eru byrjun á þessu landnámi. Búnaðarskólarnir í landinu eru tveir, og því miður verð ég að segja, að þeir eru ekki reknir fullkomlega með það fyrir augum að búa bændur sem bezt undir það að verða búendur við þau skilyrði, sem þeirra bíða við smábúskap á hinum dreifðu býlum. Skólarnir hafa stórbúskap, sauðfjárrækt og hrossa. Áveituengi er á Hvanneyri meira og betra en nemendur geta búizt við að hafa. Það verða ekki nema örfáir bændur, sem geta rekið stórbúskap, þótt námið hafi við hann miðast og hugur þeirra kunni að standa þar til. Það er ljóst, að búskapurinn er að færast í það horf til frambúðar á Suðurlandi, að búin séu ekki stærri en svo, að bóndinn geti annazt þau með sínu skylduliði. Aðalatriðið verður að framleiða mjólk handa Reykvíkingum, og framleiðslan verður að byggjast á fullkominni ræktun. Skólinn þarf að geta kennt jarðrækt til hlítar, en ekki hrossabúskap á víðlendum jörðum. Menntunina, sem bændur þurfa mest við, eiga þeir að fá á menntastofnuninni á Sámsstöðum, hún hefur hin ákjósanlegustu skilyrði til að veita einmitt þá menntun.

Það má ekki dragast mörg ár, að bændaskólinn verði reistur og starfræktur. Með því að reisa skólann á Sámsstöðum er hægt að koma honum upp tiltölulega fljótt og með tiltölulega litlum stofnkostnaði til að byrja með. Þar eru fyrir mikil og góð húsakynni. Með því að byggja eitt stórt hús fyrir nemendurna, og kennarar og skólastjóri gætu einnig verið þar, þá væri hægt að hefja kennslu. Gripahús þyrfti ekki að byggja í bráð, meðan dýrtíðin er. Í Skálholti yrði stofnkostnaður þegar frá upphafi margfalt meiri.

Ég minntist á bændaskólana á Hólum og Hvanneyri. Langt er frá, að ég ætli að gera lítið úr þeim, þótt ég fullyrði, að þeir hafi ekki skilað bændaefnunum eins færum og þurft hefði til að stunda búskap á eftir hvert í sinni sveit. Það er nú svo, að á þessum skólum hefur verið undanfarin ár meiri og minni halli. Og skólastjórarnir hafa freistazt til þess að láta nemendur sína vinna óskyld störf, en ekki eingöngu þau, sem þeir gætu lært af. Raunar er ekki löng reynsla komin, síðan nemendur voru skyldaðir til að vera þar við verklegt nám sumarið milli námsvetranna. En ég tel, að skólarnir hafi ekki náð að glæða nægilega áhuga bændaefna á því jarðræktarstarfi, sem þeirra bíður. Margir búfræðikandídatar hafa jafnvel horfið alveg frá því hlutverki, sem þeir lærðu til, gerzt verkamenn á mölinni eða tekið að sér ýmis óskyld störf. Það er ekki hægt að krefjast minna en að þeir ungu menn, sem útskrifast úr bændaskóla, sinni eftir það störfum við landbúnað eða í þágu hans, og það verður ekki tryggt með öðru en áhuga þeim, sem bændaskólarnir eiga að vekja hjá nemendunum. Svo mikill straumur hefur undanfarið verið úr sveitum til kaupstaða, að krefjast verður, að þessi hópur, sem sérmenntun fær í búnaði, sé klettur, sem standi móti þeim straumi og brjóti hann. Ég minntist á það áðan, að mögulegt væri að koma skólanum á Sámsstöðum upp á stuttum tíma og fyrir til þess að gera lítið fjármagn. Þegar hæstv. fjmrh. mótmælti þessu frv. í Ed. fyrir skemmstu, taldi hann það stærsta kostinn á Sámsstaðaskólanum, en óttaðist, að framkvæmdir hlytu heldur að dragast í Skálholti vegna dýrleiks. Það mætti ætla, að skólinn á Sámsstöðum gæti tekið til starfa haustið 1946. Engin reglugerð hefur enn verið samin fyrir skólann, en menn hafa látið sér detta í hug, að það ætti ekki að vera tveggja vetra, heldur eins árs skóli, er hæfist með vetri við bóklegt nám, en vor, sumar og haust yrði stundað verklegt nám og nemendur gerðir fullnuma á þeim tíma í þeirri jarðrækt, sem þeir hafa mesta þörf fyrir. Með því að útskrifa nemendur eftir árið gæti skólinn menntað helmingi fleiri bænda-

efni en jafnstór tveggja vetra skóli gerir, og er það ekki lítið atriði.

Um kostnað skal ég aðeins nefna ágizkunartölur. Það er engin fjarstæða að koma meginhluta skólans á Sámsstöðum upp fyrir ¼ millj. kr. En ef byggt yrði við Þorlákshver, þar sem byrja þarf á 3 km vegarlagningu og byggja á eyðistað öll hús frá grunni, hlyti það að taka mörg ár og verða milljónafyrirtæki. Ég hef sterkan grun um, að 1 eða 2 af þeim þm., sem fylgdu málinu í Ed., hafi gert það af því, að með því hugðust þeir grafa málið lifandi, hindra, að nokkuð fengist framkvæmt fyrir féleysi, a. m. k. um mörg ár enn. Um ófyrirsjáanlegan tíma er þá torveldaður undirbúningur hins aukna landnáms, sem við erum sammála um, að hefja þarf.

Þeir, sem á mig hafa hlýtt og heyrt, hverja kosti Sámsstaðir hafa, er á allt er litið, fram yfir aðra staði, munu spyrja, hví nefndin, er stað skyldi velja, gekk fram hjá Sámsstöðum. Það er ekki rétt, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) segir, að n. hafi aldrei komið Sámsstaðir til hugar, því að einn nm., Guðmundur Þorbjarnarson, hefur í sinni álitsgerð sagt, að um skeið hafi mjög verið um Sámsstaði rætt, þótt frá því ráði væri horfið. Það var annaðhvort þessi n. eða stjórn búnaðarfélagsins, sem leitaði umsagnar tilraunaráðs um Sámsstaði sem skólastað, og taldi ráðið þá, að Sámsstaðir hefðu ekki nógu mikið land. Nú hafa skólanum verið tryggðar tvær jarðir fast við Sámsstaði, og heitir önnur þeirra að vísu Sámsstaðir líka. Með því var málið stórum breytt, og féllst þá tilraunaráðið á, að staðurinn væri hinn heppilegasti og land nægilegt. Ég er ekki í vafa um, að n. hefði valið Sámsstaði, hefði hún haft hugmynd um, að þessar tvær jarðir voru fáanlegar til viðbótar. Þegar hæstv. fyrrv. atvmrh., Vilhjálmur Þór, leitaði umsagnar tilraunaráðs, samþ. það staðinn. Hann leitaði einnig umsagnar búnaðarfélagsins, og veitti einn úr stjórn þess, hv. þm. Borgf., samþykki sitt fyrir því, að skólinn yrði reistur á Sámsstöðum. Tveir í búnaðarfélagsstj., hv. þm. Mýr. og Jón Hannesson í Deildartungu, létu sér nægja að vísa til fyrra álits síns. Hefðu þeir talið Sámsstaði óhæfa, var það skylda þeirra að mótmæla, en það gerðu þeir ekki. Virðast þeir því ekki hafa talið þetta illa ráðið af atvmrh. Ráðh. studdist þar við samþykki hinna sérfróðustu manna, tilraunaráðsins, en í því eru Ólafur Jónsson, framkvæmdastjóri Ræktunarfélags Norðurlands, Jakob H. Líndal, bóndi á Lækjamóti, Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðingur, Pálmi Einarsson jarðræktarráðunautur, allt landskunnir og margfróðir menn, og loks Klemenz Kristjánsson tilraunastjóri, sem gert hefur garðinn frægan á Sámsstöðum. Sízt mundi hann leggja til að hafa skólann þar, ef hann hygði það vera tilraunum sínum eða skólanum til ills. Og enginn þessara manna hefði veitt samþykki sitt án sannfæringar um, að þeir væru að gera rétt.

Ég tel, að Alþ. sæi sóma sinn mestan í því að vísa svona frv. frá með rökstuddri dagskrá, og mun ég bera hana fram, er ég lýk nú máli mínu.

Mál þetta er hafið og sótt með eindæmum hér á Alþ. og þeirri ísmeygilegu frekju, sem menn bjuggust ekki við af flm., sem er að öðru þekktur, og menn hafa ekki varað sig á. Nú er kominn tími til að fara að átta sig. Ég vona, að hv. þm. sjái einnig, hve hættulegt fordæmi það væri að taka til að rifta lögmætum gerðum fráfarandi ríkisstjórna á þann hátt, sem hér er lagt til. Það gæti dregið margan illan dilk á eftir sér. Frv. sem þetta má með engu móti samþykkja.

Ég hef leitt rök að því, að Sámsstaðir hafa alla kosti til að bera, sem nauðsynlegir eru fyrir bændaskóla. Ég hef einnig leitt rök að því, að fyrrv. ráðherra valdi skólastað eftir að hafa leitað umsagnar fimm sérfræðinga, hæfustu manna í þessari grein hér á landi. Skólinn er því löglega settur á Sámsstöðum. Og það er bein móðgun við Rangæinga að taka skólann þaðan aftur með valdi, þegar einu sinni er búið að ákveða hann þar á ágætri jörð.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um staðinn Skálholt. Mér þykir vænt um hann sem sögustað. Og ég ætla ekki að neita því, að Skálholt er að mörgu leyti heppilegur staður fyrir skólann. En ég þykist hafa leitt rök að því, að Sámsstaðir eru a. m. k. ekki lakari og jafnvel betri. Þeir eru betur í sveit settir og hafa það fram yfir Skálholt að hafa 3 tilraunastöðvar mjög nærri. En þó að Skálholt verði af öllum, sem þangað koma, talið heppilegt til skólaseturs, þá er það ekki nóg til að réttlæta þá frekju og ágengni, sem lýsir sér í því að samþ. frv. um, að skólinn skuli vera þar, þrátt fyrir það, sem búið er að gera í þessu máli. Ég get ekki gert ráð fyrir því, að hæstv. Alþ. hafi svo sterkan hug á að þóknast Árnesingum sérstaklega, að það vilji ganga inn á vafasama og hættulega braut til þess, jafnvel þótt sýslunefnd Árnessýslu hafi samþ. áskorun um, að skólinn yrði settur þar. Ég held hæstv. Alþ. geti ekki undir neinum kringumstæðum tekið að sér þjónsstöðuna fyrir Árnesinga sérstaklega. Sýslunefndin taldi ekki sjálfsagt, að skólinn væri í Skálholti. Ég ætla, að flestir áhrifamenn sýslunnar hafi talið, að skólinn ætti að vera annars staðar, t. d. í Laugardælum. Laugardælum er í því sambandi talið það mest til gildis, að þeir eru vel í sveit settir, en Skálholt illa. Það hefur verið talað um, að í Skálholti væri jarðhiti. En Árnesingar ætluðu alveg að ganga fram hjá jarðhitanum með því að velja Laugardæli. Þar eru að vísu volgar laugar, en þær eru ekki nógu heitar til þess að koma að nokkru gagni. En þar sem mér virðist menn leggja svo mjög upp úr hverahitanum, þá er rétt að benda á það, að hverinn er 2½ km fyrir neðan Skálholt. Og það hefur einmitt verið talað um að byggja þar niðri frá. Ég kom að hvernum s. l. sumar. Þegar komið er þangað niður, er lokað fyrir allt útsýni nema til vesturs. Með því að byggja skólann þarna niðri í kvosinni, þá er alveg gengið fram hjá þeim kostum, sem snerta fagurt útsýni, en um það talar hv. 2. þm. Skagf. í nál. Það er annað að vera heima í Skálholti eða niðri í kvosinni við hverinn. En ef nota á hverinn, verður að byggja þar, því að ég ætla, að erfitt sé að leiða heita vatnið upp á móti. Það mundi a. m. k. hafa geysilegan kostnað í för með sér. Það hefur engum dottið í hug að minnast á það, að það væri óviðeigandi að láta skólann standa svo lágt. Enn fremur hefur enginn minnzt á, hve mikill kostnaður væri því samfara að leggja veg yfir mýrina. Það er auðvitað mjög ákjósanlegt fyrir þá menn, sem helzt vilja, að ríkissjóður legði enga peninga til þessara framkvæmda, að fram-

kvæmdirnar væru svo dýrar og yxu svo í augum hv. þm., að ekkert fé verði veitt til þeirra. En ég veit, að hv. þm. Árn., sem toga í spottann á móti Rangæingum, vilja ekki, að málið sé svæft. Þeir eru okkur sammála um, að það sé ekki einungis nauðsynlegt fyrir Suðurland að fá skólann sem fyrst, heldur einnig þjóðina í heild.

Ég vil benda á grein, sem birtist í Þjóðviljanum fyrir stuttu, eftir dr. Björn Sigfússon. Ég býst við, að sumum hv. þm. hafi fundizt hún góð. Og hún var ágætlega skrifuð, eins og vænta mátti af þessum manni. Hann telur þar, að kenna eigi bændum jarðrækt við hverahita. Ég vænti, ef hv. þm. athuga þessi rök doktorsins, þá komist þeir að því, að þau eru harla lítils verð. Því að ef bændaskólum er ætlað að búa bændaefni undir að verða bændur, þá eiga þeir að búa þá undir það að verða bændur við þau skilyrði, sem þeir koma til með að búa við. En halda hv. þm., að margir bændur á Íslandi komi til með að búa við jarðhitaskilyrði? Ég býst við, að það verði fá prósent. Hitt er aftur nauðsynlegt, að kenna bændum fullkomna jarðrækt við venjuleg skilyrði, eins og hægt er að gera á Sámsstöðum.

Hv. 2. þm. Skagf. leggur mikið upp úr því, að áveituskilyrði eru fyrir hendi í Skálholti. Það er satt. Þau eru í tungunni, sem er 4—8 km frá Skálholti. Ef við hugsum okkur að halda áfram með gamaldags engjabúskap og allavega rányrkju, þá má leggja mikið upp úr tunguheyskapnum í Skálholti, en annars ekki. Það mætti þess vegna segja, að ekki sé rétt að leggja mikið upp úr því. Nú er Flóa- og Skeiðaáveitan að komast í þá framkvæmd, að þeim verður ekki breytt. Þeir bændur, sem búa í Flóanum, þurfa ekki að læra meira um áveitur en það, sem þeir hafa fyrir augunum dagsdaglega. En ef við hugsum okkur að kenna bændum að reka búskap við fullkomin framtíðarskilyrði, þá er ekkert leggjandi upp úr því, hvort áveita er á skólastaðnum eða ekki.

Þeir, sem hafa talað fyrir þessu frv., telja sjálfsagt að byggja skólann við hverinn, niðri í dældinni, að ég segi ekki gryfjunni, til þess að nota hverahitann. En þá er ekki heldur verið að endurreisa Skálholt, því að þegar farið er heim veginn þangað, efa ég, að húsin sjáist, ef þau standa niðri við hverinn. Og þá held ég, að hv. þm. geti verið sammála um, að menn, sem koma heim að Skálholti, munu verða fyrir vonbrigðum og segja: Skálholt er enn í niðurlægingu. Þar hefur ekki enn verið byggt upp. Og sannfærðir verða þeir um það, að hefja verður nýjar framkvæmdir í Skálholti, ef reisa eigi það úr rústum.

Ég er sammála þeim mönnum, sem vilja heiðra Skálholt og reisa það við að nýju. Ég vil, að kirkjan verði endurbyggð á þeim stað, sem gamla dómkirkjan stóð, og ég vil, að heima í Skálholti, þar sem gömlu húsin standa, komi reisuleg bygging. Ég held, að Skálholt verði bezt endurreist með því að fara að einhverju leyti eftir till. biskups. Þær eru hv. þm. kunnar. Eða að í framtíðinni verði byggður þar menntaskóli, eins og þar var áður. Það er alveg víst, að hjá því verður ekki komizt að byggja menntaskóla í sveit. Menntaskólinn í Reykjavík er orðinn allt of lítill fyrir Reykjavík sjálfa. En sveitafólkið telur sig hafa sama rétt til að ganga menntaveginn og þeir, sem í kaupstöðum búa. Og auk þess væru áreiðanlega margir Reykvíkingar fúsir að senda börn sín í menntaskóla, sem starfaði í sveit. Og alls ekki er það útilokað, að till. biskups og latínuskólabyggingin geti farið saman. Væri slíkt framkvæmt, þá má segja, að vegur Skálholts væri aftur orðinn mikill.

Það er leiðinlegt, hvað till. meiri hl. n., sem átti að velja skólastaðinn, eru mikið mótaðar af gamaldags búskaparlagi og þeirri hugmynd, að það sé fyrir mestu, að skólinn hafi yfir miklu landi að ráða. Það er eflaust nauðsynlegt, að skólinn hafi yfir töluverðu landi að ráða, en það er ekkert aðalatriði, að það sé sérstaklega stórt. Það verður ekki horfið að því ráði að reka hann með stórbúskaparlagi, heldur með sem svipuðustu sniði og búskapur bænda verður í framtíðinni, þ. e. með fullkomnari nýtingu landsins með fullkomnari aðferðum en nú tíðkast.

Skálholt hefur ekkert fram yfir Sámsstaði nema það að vera sögustaður. Það hefur haft áhrif á ýmsa hv. þm. og einnig mótað að nokkru leyti afstöðu n. þeirrar, sem ég nefndi áðan. Nefndin kemst t. d. þannig að orði í nál., að þessi frægi sögustaður þurfi endurreisnar við í líkingu við það, sem Hólar eru nú. Það er eðlilegt, að Skálholt hafi töluverð áhrif á menn. Sögustaðurinn Skálholt er mikils virði fyrir þjóðina. En þrátt fyrir það má sagan ekki ráða því, hvar bændaskóla verður valinn staður. Þar má ekkert koma til greina nema það, hvar skólinn er bezt settur.

Um leið og ég lýk máli mínu leyfi ég mér að bera fram rökstudda dagskrá, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem fyrrv. landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að bændaskóli Suðurlands skuli vera á Sámsstöðum í Fljótshlíð og vitað er, að sá staður er mjög heppilegur fyrir bændaskóla, enda mælir núverandi landbúnaðarráðherra eindregið með því, að skólinn verði settur þar, telur d. ekki þörf á frekari afgreiðslu frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál meir en ástæða er til. En þar sem ég hef komið dálítið við sögu við undirbúning þessa máls, þykir mér rétt að mæla hér nokkur orð.

Hv. þm. Mýr. (BÁ) virtist átelja fyrrv. atvmrh. (VÞór) fyrir að hafa ekki í þessu efni farið eftir till. meiri hluta þeirrar n., sem Búnaðarfélag Íslands skipaði til þess að gera till. um skólastað. Ég fyrir mitt leyti get ekki tekið undir það, að fyrrv. atvmrh. sé ámælisverður fyrir þetta. Það kann að vera af því, að ég taldi fyrir mitt leyti heppilegast að velja þann skólastað, sem minni hl. n. hefur gert till. um, en ég byggi þetta álit á því, að hæstv. fyrrv. atvmrh. er ekki ámælisverður vegna þessa, þar eð hann hafði fullan rétt til þess að skera úr um það fyrir sitt leyti, hvar hann vildi, að skólanum yrði valinn staður. Og þótt hann hafi kannske ekki sérstaklega kynnt sér aðstæðurnar á þessum tveimur stöðum, þá var sú álitsgerð, sem þessi n. gerði sameiginlega, og auk þess sá rökstuðningur, sem báðir hl. n. gerðu fyrir sínu máli, svo skilmerkilegur, að hægt var að draga sínar ályktanir út frá þeim forsendum. Ég vil þess vegna ekki taka undir það, að hæstv. fyrrv. ráðh. sé ámælisverður fyrir þetta. Annað atriði, sem einnig hefur verið deilt á hæstv. fyrrv. atvmrh. fyrir, er það, að hann skyldi ekki hlíta till. annars hl. n., heldur velja skólanum annan

stað. Mér finnst, að í þeim ádeilum, sem fyrrv. atvmrh. hefur orðið fyrir af þessum sökum, hafi verið gengið fram hjá því, sem ég ætla, að sé aðalástæðan til þess, að ráðh. valdi þennan stað, sem sé sú, að hann hafi litið svo á, að með þessu yrði mest og bezt flýtt fyrir því, að komið yrði upp bændaskóla á Suðurlandsundirlendinu. Það hefur mjög borið á því, sérstaklega af hendi þeirra manna, sem hér á Alþ. eru fyrir það fólk, sem á Suðurlandsundirlendinu býr, að mjög ríkjandi áhugi væri fyrir því, að skólanum yrði komið upp sem allra fyrst. Ég tel þess vegna ástæðu til þess, í tilefni af þeim umr., sem fram hafa farið um þennan þátt málsins, að þakka, að það voru einmitt þessar ástæður, sem vöktu fyrir fyrrv. atvmrh., að einmitt með þessum hætti verði hægt fyrr en ella að hrinda í framkvæmd þessu áhugamáli þeirra manna, sem búa á Suðurlandsundirlendinu.

Það hafa verið færð fram rök fyrir því, hvers vegna framkvæmdir allar séu greiðari og opnari á þessum stað en hvorum hinna, sem valdir höfðu verið, og það liggur vitanlega í þeim mikla aðstöðumun, sem nú er á Sámsstöðum í Fljótshlíð eftir það mikla átak, sem þar hefur verið gert á undanförnum árum, aukinn húsakostur og stórfelldar umbætur gerðar á jörðinni, en á hvorugri hinni jörðinni hafa neinar slíkar umbætur farið fram, hvorki í húsagerð né ræktun. Þegar þetta mál kom fyrir búnaðarfélagsstjórnina á síðasta búnaðarþingi og hæstv. fyrrv. ráðh. var að taka þessa ákvörðun, þá var það, eins og hv. þm. Mýr. skýrði frá, að búnaðarfélagsstjórnin leit nokkuð mismunandi á þetta mál. Ég fyrir mitt leyti lýsti því yfir, að þrátt fyrir það að ég liti svo á, að Kálfholt væri mikil jörð og góð fyrir skólastað, gæti ég á það fallizt, að Sámsstaðir yrðu valdir fyrir skólastað, með tilliti til þess, að með því yrði fyrr hrundið í framkvæmd þessu mikla áhugamáli allra á þessu svæði og þá líka áhugamáli allrar þjóðarinnar, að geta búið bændaefnin sem bezt undir það lífsstarf, sem þeir takast á hendur, þegar þeir tileinka sér bóndastöðuna. Það hefur verið deilt á fyrrv. atvmrh. í sambandi við þetta mál með tvennum hætti, og skal ég geta þess. Það er fyrst, að hann hafi tekið þessa ákvörðun, eftir að ríkisstjórnin sagði af sér, og er þetta talið vera alláma lisvert. Ég ætla, að þessi ákvörðun hafi verið tekin, áður en ríkisstjórnin sagði af sér, þótt svo tækist til, að fullnaðarafgreiðsla þessa máls í stjórnarráðinu hafi máske dregizt fram á þann tíma, sem stjórnin beið þess, að ný ríkisstjórn tæki við völdum. Annað er það, sem hefur verið deilt á hæstv. fyrrv. atvmrh. fyrir, og það er það, að sú jörð, sem valin var til skólaseturs, hafi ekki nægilegt landrými. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að jafnframt því sem Sámsstaðir voru valdir sem skólastaður, voru gerðar ráðstafanir til þess að auka landrými jarðarinnar, eins og skýrt hefur verið frá í þessum umr. Svo að með þeim viðauka landrýmis, sem er að nokkru leyti ræktað land, þá ætla ég, að þessi jörð uppfylli nú orðið líka þau skilyrði, sem helzt má setja um skólastað. En það má benda á eitt enn í sambandi við þessa jörð, sem hæstv. fyrrv. atvmrh. hefur kannske komið auga á. Nú er hafið mikið verk á þessu svæði, sem er fyrirhleðsla austur á söndunum, þannig að því vatni, sem nú fellur í Þverá, verður bægt austur á bóginn og valinn sameiginlegur farvegur fyrir bæði Þverá og Markarfljót. Með þeirri tækni, sem við höfum nú, er það ekki talið neinum vandkvæðum bundið að hrinda þessu verki í framkvæmd. Það hefur orðið nokkurt hlé á framkvæmd þessa verks á undanförnum árum, sem stafar af breyttum atvinnuskilyrðum í landinu undanfarin ár, þannig að ekki hefur verið hægt að fá næga starfsorku til verksins. Við þessar framkvæmdir kemur þarna geysilegt landflæmi, sem á skömmum tíma verður grasi gróið land. Þetta land mun að mestu leyti tilheyra þeim jörðum á þessu svæði, sem ríkið á og hefur þess vegna fullan umráðarétt yfir og getur úthlutað væntanlegum bændaskóla svo mikið sem þörf þykir. Ég býst við því, að auk þess sem hæstv. fyrrv. atvmrh. bjó í haginn fyrir þennan skólastað, með því að leggja honum til aukið landrými, hafi hann af framsýni sinni komið auga á hina miklu landaukamöguleika, sem við áðurnefndar framkvæmdir eru bundnir. Ég tel mjög mikils virði í sambandi við ákvörðunina um stað fyrir bændaskólann, að slíkir möguleikar skuli vera fyrir hendi. Með þeirri tilhögun, sem nú er í búnaðarskólum, er allmikill hluti námsins verklegur. Það rekur vitanlega brátt að því, að það verður tekið til rækilegrar ræktunar mikið af því landi, sem skólanum er úthlutað, en ákaflega mikils virði að hafa í námi við skólann mikið og stórt land, sem hægt er að taka til ræktunar og þá einmitt í því augnamiði að skapa skilyrði fyrir nýbýli. Með þeim hætti er hægt að sameina hina verklegu kennslu því mikla uppbyggingarstarfi, sem okkar bíður, að rækta landið og endurskapa byggð og býli. Það voru þessar aðstæður, sem ég lagði svo mikið upp úr í sambandi við það, að Kálfholt yrði valið fyrir skólastað, því að af því grasi gróna landi, sem ég hef farið um í byggðum þessa lands, ætla ég einmitt, að í Holtunum í Rangárvallasýslu sé sú mesta grózka í jörð, sem til er í þessu landi. Það sýnir, hversu mikill frjóefnisforði er í þessari mold, sem grasið spratt upp úr, án þess að nokkuð væri gert til þess að auka eða efla þann gróður. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, um leið og ég segi mína skoðun, að með því að fara nú að breyta til frá þeirri ákvörðun, sem nú er tekin, er það alveg vitað, að það verður til þess, að mjög verulegur dráttur verður á því, að þessu mikla áhugamáli, að koma upp bændaskóla á Suðurlandi, verði hrundið í framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Rang. felld með 16:6 atkv.

1. gr. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞG, ÁÁ, ÁS, BG, EOl, EmJ, FJ, GTh, JakM, JPálm, JS, LJós, ÓTh, SG, SEH, SK, StJSt, JörB.

nei: EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, PO, SÞ, SkG.

BÁ, GÞ, PZ, SB greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁkJ, GG, JJós, PÞ, SigfS, SvbH) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu við þessa 3. og síðustu umr.

Ég hafði búizt við, að 2. umr. yrði lengri, en ástæðan til þess, að hún varð svo stutt, var sú, að þá fékkst enginn hv. þm. í þessari d. til að tala með frv., sem átti þó yfirgnæfandi fylgi í deildinni. Hvers vegna það var, skal ég ekki segja um, en ég hygg þó, að flestir hv. þm. hafi, þó að þeir fylgdu frv., fundið, að hér var mál á ferðinni, sem bezt væri að ræða sem minnst, og þeir óskuðu eftir, að sem minnst bæri á, að þeir fylgdu því. Það er líka kunnugt, að þetta mál er alveg sérstakt. Með því að samþ. þetta frv. hefur verið stigið nýtt spor, skapað nýtt og áður óþekkt fordæmi á Alþingi. Þeir, sem fylgja fastast þessu frv. og hafa fylgt því fastast frá því fyrsta, vissu fyrir fram, að málið átti öruggt meirihlutafylgi í báðum d., en kærðu sig ekki um að færa fram rök fyrir því, hvers vegna málið væri flutt, vegna þess að rökin hefðu orðið dálítið skrýtin fyrir frv., og álitu því fara bezt á því, að þau sæjust ekki í Alþt.

Þetta er 3. og síðasta umr. þessa máls, sem nú fer hér fram. Eftir atkvgr. við fyrri umr. verður frv. sennilega afgr. sem l. frá þessu þingi. Það er mín skoðun, að þessi lagasetning verði í minnum höfð í þingsögunni, og ég er sannfærður um, að margir af þeim hv. þm., sem nú fylgja frv. og koma til með að eiga lengi enn sæti á Alþingi, eiga eftir að bæta fyrir þau afglöp, sem þeir eru nú að drýgja með því að fylgja þessu frv. Enginn í þessari d. fékkst til að mæla með frv. nema hv. frsm., 2. þm. Skagf. Af því að ég veit, að þessi hv. þm. var sannfærður um, að hann væri að gera rétt, þegar hann talaði fyrir frv., ætla ég ekki að áfellast hann. En sannfæring hans byggist á því, að hann leit á þetta mál frá sjónarmiði manns, sem leit meira aftur í tímann en fram á við, frá sjónarmiði stórbóndans, sem rekur stórbú norður í Skagafirði, en gerir sér ekki grein fyrir því, að í nútíð og framtíð verður búskapur, a. m. k. á Suðurlandi, ekki rekinn í þeim stíl. Þó er beinlínis svo ákveðið í l. um bændaskóla á Suðurlandi, að hann skuli rekinn í því formi að kenna bændaefnum sem bezt þá búskaparháttu, sem eiga við á Suðurlandsundirlendinu.

Það var slæmt, að þeir menn, sem valdir voru til þess að velja bændaskóla Suðurlands stað, skyldu ekki hafa þá víðsýni, sem nauðsynleg var til að skapa skólanum þau skilyrði, að staðurinn, sem væri valinn, fullnægði fljótt og vel þeim skilyrðum, sem sett voru í löggjöfinni um bændaskólann.

Ég býst við, að við þessa umr. verði sami háttur viðhafður og áður af hálfu þeirra, sem fylgja frv., að þegja, segja ekki eitt einasta orð um þetta mál. Það er dálítið einkennilegt, að það skuli enginn hv. þm. í d. fást til þess að færa fram varnir eða ástæður fyrir því, hvers vegna þykir sjálfsagt að samþ. þetta frv., þó að það skapi nýtt og kannske hættulegt fordæmi. Hv. frsm. n. hélt stutta ræðu, og vegna þess að hann hefur alveg sérstöðu í málinu og vegna þess að hann horfir aftur fyrir sig og lítur á málið í því ljósi, þá býst ég ekki við, að hann taki til máls hér aftur frekar en aðrir, sem fylgja þessu máli. Framtíðin mun sanna það, að við, sem erum á móti þessari lagasetningu, við, sem viljum hafa skólann þar, sem hann hefur verið ákveðinn réttilega af fyrrv. ráðh., við höfum á réttu að standa.

Ég ætla ekki að fullyrða mikið hér í dag, allra sízt meira en það, sem ég get staðið við, en ég vil þó láta þess getið, að við, sem teljum Sámsstaði í Fljótshlíð gott skólasetur, munum ekki láta hér staðar numið, heldur munum við berjast fyrir, að þar verði samt sem áður byggður bændaskóli, sem geti orðið til gagns og hagsbóta fyrir bændastétt landsins. Það er óhætt að slá því föstu, að það verða tiltölulega mörg ár, þar til bændaskóli tekur til starfa í Skálholti. Það má vera, að einhverjir hv. þm. fylgi frv. þess vegna, vegna þess að þeir sjá, að með því að lögleiða skólann í Skálholti, munu líða nokkuð mörg ár, þar til farið verður að veita fé úr ríkissjóði til þessarar starfsemi. Ef slík sjónarmið eru ráðandi á Alþingi, þá eru þau hættuleg og skaðleg. Það er þess vegna, sem það er nauðsynlegt, að við, sem viljum, að bændaskóli rísi upp á Suðurlandi til hagsbóta fyrir bændastéttina, höldum baráttunni áfram og reynum að koma því í framkvæmd, að bændaskóli rísi upp samt sem áður á Sámsstöðum, bændaskóli, sem starfar með það fyrir augum, sem ákveðið er í l. um bændaskóla Suðurlands.

Ég skal ekki að svo stöddu hafa þessa ræðu miklu lengri. Ég býst við, að fylgjendur Skálholts og fylgjendur frv. hafi við þessa umr. sama háttinn og áður, að þegja, segja ekki neitt, færa engin rök fyrir því, hvers vegna þeir fylgja málinu, vegna þess að þau rök, sem þeir hafa fram að bera, þykja ekki frambærileg og ekki heldur þess eðlis, að rétt sé að láta þau sjást á prenti í þingtíðindunum, og ég býst við, að þetta sé rétt athugað hjá þeim. Ég hygg, að það sé rétt athugað, að það sé heppilegt fyrir þá í framtíðinni, þegar tíminn hefur leitt í ljós, að þeir hafa haft háskalega rangt fyrir sér, að hafa þagað alveg.

Mér er með öllu óskiljanlegt, hvers vegna svo mikill meiri hluti Alþingis hefur léð þessu máli fylgi. Ég get ekki trúað því, að það sjónarmið sé ráðandi hjá meiri hl. Alþingis, sem einn hv. þm. tilfærði við mig fyrir nokkru. Hann sagði: Ég held, að það sé mátulegt á þennan fyrrverandi landbúnaðarráðherra, þó að það sé gert ónýtt eitt af því, sem hann hefur unnið. Ég veit, að það er ekki þetta sjónarmið, sem ræður hjá meiri hl., það getur ekki verið, að svo óheilbrigður hugsunarháttur þróist hjá meiri hl. þm. Ég hygg miklu frekar, að meiri hl. hafi látið blekkjast, vaði í villu og að sjónarmið eins hv. þm., sem ég talaði við um þetta mál, sem lýsti yfir, að hann hefði enga skoðun á málinu, sé miklu frekar fyrir hendi og meiri hl. þm. hafi látið undan síga vegna mikils og ófyrirleitins áróðurs hér innan veggja þingsins. Það er ekki heldur meðmæli með meiri hl. Alþingis, að hann sé þannig, að hann myndi sér ekki ákveðna skoðun um mikilsverð mál, heldur láti undan síga, ef einhverjir menn halda uppi ósvífnum og stífum áróðri í einhverju máli. Vissu-

lega er slíkt veikleikamerki. Vissulega er það veikleikamerki, og hér má segja, að þeir þm., sem láta stjórnast af slíku, hafi brugðizt þingmannsskyldu sinni. (**Félags- og dómsmrh.**: Hvers konar svigurmæli eru þetta hjá þm?) Hæstv. ráðh. talar um, að ég sé með svigurmæli. Ég held, að það sé bezt fyrir hæstv. ráðh. að vera ekkert að grípa fram í ræðu mína, því að það, sem ég hér hef sagt, mun ég geta staðið við.

Ég sagði áðan, að framtíðin mundi leiða í ljós, að við, sem viljum hafa skólann á Sámsstöðum, við höfum rétt fyrir okkur, enda hefur enginn hv. þm. vogað sér að tala um, að Sámsstaðir væru ekki góður staður fyrir skólann. Það hefur enginn hv. þm. vogað sér að koma með rök fyrir því í þinginu, vegna þess að það er ekki hægt. Sámsstaðir eru vel valinn skólastaður. Sámsstaðir hafa alla þá kosti til að bera, sem slíkur staður þarf að hafa, og hann hefur svo marga kosti fram yfir aðra staði til að bera sem skólastaður fyrir bændaskóla, eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls og tel því óþarft að endurtaka nú, að það er hreint og beint vítavert af Alþingi að hrinda því, sem búið var að ákveða, þar sem líka með því er skapað fordæmi, sem getur verið hættulegt og vafasamt, þar sem það um leið er aðferð, sem er óeðlileg og óviðeigandi, eins og hæstv. fjmrh. sagði í ræðu í Ed.

Ég skal þá að sinni ekki hafa þessi orð mín fleiri, þar sem ég býst við, að fylgjendur þessa máls muni ekki tala í málinu frekar en áður, en ef svo skyldi fara, að einhver þeirra stæði hér upp til að færa eitthvað fram skoðun sinni til afsökunar í málinu, færa einhver rök fyrir því, hvers vegna þeir vilja hrinda því, sem gert hefur verið í skólamálinu á löglegan hátt, þá má vel vera, að ástæða sé fyrir mig að biðja aftur um orðið og rökræða við þá hv. þm. En ég á ekki von á því. Ég á ekki von á öðru en þögninni hjá þessum hv. þm.

Forseti (JörB): Málstaður hv. þm. hefði í engu lakari orðið, þó að hann hefði haldið ræðu sína þinglega.

Helgi Jónasson: Ég skal reyna að vera þinglegur, eftir því sem ég get, og tefja ekki umr. um skör fram.

Ég færði rök að því við 2. umr. þessa máls, að búið væri að stofna bændaskóla á Suðurlandi á löglegan hátt og þar hefði í öllu verið fylgt fyrirmælum l., og um það hafa engar deilur verið. En mér kemur ekki á óvart, þó að svona sé komið, því að ég veit vel, hvað á bak við liggur. Ég gat um það við 2. umr., að þetta yrði til þess, að við fengjum engan skóla, og um það er ég að sannfærast betur og betur af viðtali við ýmsa, sem fylgja Skálholti. Þeir gera það, af því að þeir segja: Það kemur aldrei skóli í Skálholti, og það er rétt. Þetta er eitt af því, sem hæstv. stj. á að koma fram í sinni nýsköpun, og þess vegna skýtur þetta dálítið skökku við það, sem hæstv. menntmrh. hélt fram í ræðu, sem hann hélt í útvarpið 1. desember, að hér þyrfti að stofna mikið af sérskólum, bændaskólum og húsmæðraskólum. Það er ekki nema lítill hluti af þeirri plötu, sem hér er sífellt verið að leika um nýsköpun og endurbætur. Ég hef ekki vitað, að hv. 2. þm. Árn. hafi fyrr látið hlunnfæra sig svo óskaplega að vera fylgjandi slíkri stj., en hann fær kaup fyrir það, og kaupið er, að bændaskóli Suðurlands kemur ekki nú og kannske aldrei, a. m. k. ekki fyrr en eftir fjöldamörg ár, um það er ég fullviss.

Ég ætla að gera eina fyrirspurn til hæstv. landbrh. Þegar Sámsstaðir voru valdir, þá var búið að semja um og tryggja nóg land fyrir skólann með sæmilegum kjörum. Nú vil ég spyrja um það, hvort nokkuð sé farið að ræða um það við hæstv. forseta þessarar d., með hvaða kjörum hann léti reka sig af jörðinni. Ég býst við, að hann sé nokkuð rétthár samkvæmt ábúðarlögunum. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að hann ætli að beita ósanngirni. Ég býst ekki við, að það verði óaðgengilegra að semja við hann en aðra um það, hvaða skilyrði verði sett fyrir því, að hann láti vísa sér burt af jörðinni.

Ég veit vel, að þetta frv. verður að l. En það er raunalegt fyrir hv. 2. þm. Árn., hvernig hann sviptir sína umbjóðendur skóla, sem búið var að ákveða á löglegan hátt. Ég skal ekki hafa um það mörg orð, en það eru að koma í ljós hér á þingi ýmsar fjárveitingar, sem stjórnarþm. munu hafa fengið fyrir hjálp við fæðingu eins og þessi hv. þm. gerði og er nú að fá umbun fyrir. En svo er annað líka að koma í ljós, og það er, að þetta er allt leikur. Það á sem sé að svíkja þetta loforð, sem hv. 2. þm. Árn. var gefið fyrir að styðja stjórnina. Það er mér óhætt að fullyrða, nýsköpunin verður þannig. Það sést bezt á því, hvernig farið er að með áburðarverksmiðjuna, sem var búið að undirbúa og rannsaka af fyrrv. stjórn. Því máli var kippt til baka, það átti að rannsaka það, athuga það betur, og eins býst ég við, að verði með þetta mál, enda er ekki vanþörf á, að þetta frv. verði líka athugað betur og rannsakað, áður en hafizt er handa. Þar hefur stj. mikið til síns máls.

Ég sýndi fram á við 2. umr., að fyrst þyrfti að leggja í stórfellda brúargerð og vegarlagningu, til þess að hægt væri að koma nokkru byggingarefni á staðinn, þar sem skólinn á að vera. Ég sýndi einnig fram á, að það sjónarmið, sem vakti fyrir n., sem átti að athuga þetta mál, það er þurrkað burt, það sjónarmið að endurreisa Skálholtsstað. Nú er horfið frá því. Nú á að byggja skólann á allt öðrum stað, að vísu í Skálholtslandi, en það er ekki hægt að kalla það endurreisn á Skálholtsstað, ef skólinn er byggður frammi í tungunni milli Hvítár og Brúarár nokkra kílómetra frá Skálholti og sést ekki einu sinni heim á staðinn.

Málinu er tryggður framgangur á þessu þingi. Um það liggur fyrir stjórnarúrskurður og ráðstöfun, svo að ég fer ekki að beita hér málþófi. Ég vil mótmæla algerlega þessari aðferð og þeim rangindum, sem Sunnlendingar eru beittir með þessari málsmeðferð, sem hér er viðhöfð, og það er raunalegt til þess að vita, eftir þær miklu vonir, sem Sunnlendingar hafa gert sér um bændaskólann, að þm. Árn. skuli verða til að eyðileggja málið, vegna þess fólks, sem þar býr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JPálm, JS, LJós, SB, SG, SK, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, EmJ, FJ, JörB.

nei: IngJ, PÞ, PO, SÞ, SkG, EystJ, GSv, HelgJ.
PZ, SigfS greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÓTh, SEH, SvbH, ÞG, BÁ, EOl, GÞ, GG, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Ég greiddi ekki atkv. um frv. við 2. umr., en eftir að hafa heyrt ræðu hv. fyrri þm. Rang., segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 736).

70. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum** (þmfrv., A. 335).

Á 53. og 55. fundi í Nd., 21. og 25. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af milliþn. búnaðarþings, eins og tekið er fram í grg. þess. Og þar sem því fylgir talsverð grg., sé ég ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í efni frv., en vil þó fara um frv. nokkrum orðum.

Það, sem fyrir okkur flm. frv. vakti, var fyrst og fremst það að skapa grundvöll fyrir gagngerðari breyt. á búnaðarháttum okkar hér á landi. Þetta frv. byggist á þeirri skoðun, að það sé höfuðnauðsyn fyrir landbúnaðinn að þoka framleiðslukostnaðinum niður, svo að framleiðslukostnaður hjá okkur verði ekki öllu hærri en framleiðslukostnaður nágrannaþjóða okkar á þeim vörum, sem við þurfum á erlendum markaði að keppa við þær um sölu á. En á því er orðinn mikill misbrestur, að framleiðslukostnaður okkar sé ekki hærri en hjá þeim í þessum greinum, eins og öllum er kunnugt. En til þess að þetta geti orðið, verða að fara fram gagngerðar breyt. að ýmsu leyti á okkar búnaðarskilyrðum, breyt., sem bændur kostar miklu meira en ýmsa aðra, sem hafa verið að breyta sínum atvinnuvegum. T. d. má benda á, að á sjávarútveginum hafa verið gerðar stórbreytingar. Fyrir hann hefur þetta verið miklu léttara, vegna þess að sjórinn er hinn sami, hvort sem er hér við land eða á höfunum kringum Bretland eða hvar annars staðar sem er, og þar af leiðandi getur útgerðarmaðurinn og sjómaðurinn notað tæki, sem notuð eru af öðrum þjóðum, hann getur þannig flutt þau hingað heim og notfært sér þau til fulls. Sama máli gegnir um iðnaðinn. Ef hráefni eru fyrir hendi, sem henta vélum, sem fáanlegar eru erlendis, þá er líka hægt að flytja vélarnar hingað og nota þær óbreyttar. Hvorugt þetta gildir hér um landbúnaðinn. Okkar landshættir eru þannig, að við getum ekki notað þær vélar, sem aðrir nota, nema með því að vinna stórkostlegt undirbúningsstarf. Við þurfum að slétta tún og engjar, áður en við getum notað tæki annarra þjóða við landbúnaðinn.

Það, sem stefnt er að í þessu frv., er, að með sameiginlegum átökum verði þessi undirbúningur unninn og málinu þokað þannig áfram í stórum skrefum. Það er ekki þannig, að í þessu frv. sé um jarðræktina eina að ræða. Hér er tekið annað líka inn í þetta frv., mikilsvert viðfangsefni, húsagerð í sveitum landsins. En mikill misbrestur hefur verið á því, að góður húsakostur væri til sveita, og erfiðleikar hafa verið á að byggja upp eins og þurft hefði að gera. Hér er þess vegna lagt til, að félagsskapur bænda, fyrst og fremst búnaðarsamböndin, taki þessi verkefni að sér og noti til þess fullkomnustu tæki, sem tök eru á, hvort heldur er til ræktunar eða til húsbygginga. Á þennan hátt, með því að heil héruð eða stór svæði slái sér saman, þá er fjárhagsleg geta og líka starf fyrir stórvirkari vélar og tæki, sem ekki er, ef hver einstaklingur er að bauka í sínu horni.

Í þessu frv. er lögð mikil áherzla á, að þessu sé þannig fyrir komið, að það þurfi í raun og veru enginn að vera út undan, en öllum sé gefinn kostur á að koma á umbótum hjá sér í þessum efnum, sem frv. tekur til. Og á hinn bóginn er líka reynt að stuðla að því, að þetta verði ekki bútað niður í of smáar heildir, sem gæti orðið til þess, að þeir, sem fá vélarnar, enda þótt þeir gætu keypt þær, hefðu ekki bolmagn til að reka þær til lengdar og þetta félli svo niður og yrði aðeins til tjóns, og þá yrði auðvitað skotið fram hjá markinu.

Í þessu frv. er enn fremur gert ráð fyrir því, að ríkið leggi fram allmikla upphæð þessu til stuðnings. Það er lagt hér til, að framkvæmdasjóður ríkisins, sem talið er, að hafi til umráða um 11 millj. króna, greiði til þessara framkvæmda nokkurt fé. Á síðasta þingi var ákveðið að verja af þessu fé 5 millj. kr. til styrktar bátakaupum, svo að útgerðin gæti komið sér upp nýtízku veiðiskipum. Þá munu vera eftir, eftir því sem mér er frekast kunnugt, 6 millj. kr. í framkvæmdasjóði. Og í þessu frv. er lagt til, að 3 millj. kr. af þessari upphæð gangi til kaupa á nýtízku vélknúnum jarðvinnslutækjum. Og ég held, að ekki sé hægt annað að segja en að þörf landbúnaðarins fyrir nýtízku vélknúin tæki til jarðræktar sé í alla staði sambærileg við þörf sjávarútvegsins fyrir aukningu og endurbætur á skipaflotanum.

Í þessu frv. er enn fremur lögð mikil áherzla á það, að það fé, sem hér er lagt til, að það opinbera leggi fram, — og eftir frv. eiga félagsheildir bænda að leggja líka mikið fé fram á móti —, verði ekki eyðslueyrir, heldur nokkurs konar stofnfé, sem bændur eigi, með því að gert er hér ráð fyrir, að jafnframt því sem unnið er með vélum, þá sé lagt í fyrningarsjóð, sem Búnaðarfélag Íslands varðveiti, og verja skuli þessum sjóði til þess að endurnýja vélarnar, þegar þær eru orðnar svo úr sér gengnar, að þær eru ekki lengur nothæfar. Með þessu hugsum við okkur að koma á fót vélastofni, sem endurnýjast af sjálfu sér og sveitir landsins nota í framtíðinni. Því að þótt miklu gæti orðið áorkað á næstu árum í þessum efnum, sem við vonum allir að verði, þá vitum við, að verkefnin eru í þessum efnum ótæmandi hér á landi, og það er ekki ástæða til að ætla annað en að þetta verði áframhaldandi starf, þannig að jarðræktarframkvæmdir miði að því í framtíð-

inni, að fleira fólk geti lifað af því, sem landið gefur af sér, og því líði betur.

Þá skal ég benda á, að í frv. er veigamikið atriði, þar sem lagt er til, að eftirlit verði haft með viðhaldi vélanna, til þess að það sé í lagi.

Það er nauðsynlegt, að eftirlit verði haft með því, að vélarnar séu í lagi, en á því hefur viljað vera nokkur misbrestur undanfarin ár. Í öðru lagi, að ekki hafi aðrir leyfi til að fara með þessar vélar en þeir, sem kunna með þær að fara. Á því hefur einnig verið nokkur skortur, og þótti því ástæða til að slá þar ýmsa varnagla, því að þetta framtak nýtur að nokkru leyti styrks af almannafé.

Þær hugmyndir, sem liggja á bak við fyrri kafla þessa frv., hygg ég að hafi fyrst komið fram á Alþ. 1931, þá bornar fram af Halldóri Stefánssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni. Það var ekki útrætt og var svo borin fram á haustþinginu brtt. við jarðræktarlögin, sem gekk nokkuð í sömu átt og var vísað til nefndar. Í þessum kafla frv. er stuðzt við þessa till. og sumt tekið upp lítið breytt, þótt miklu sé vikið við og aukið og gert að sjálfstæðu frv. — Um síðari kaflann er öðru máli að gegna. Þar er nýmæli, gert ráð fyrir, að húsabyggingar í sveitum séu teknar tilsvarandi tökum og búnaðarsamböndin afli sér eins fullkominna tækja og véla og tök eru á við vinnuna, sem sérstaklega henta til þeirra hluta, og okkur hefur verið sagt, að slíka mótora verði mjög auðvelt að fá frá Ameríku að stríðinu loknu. Þetta hugsum við okkur að verði unnið á þann veg, að búnaðarsamböndin hafi kunnáttumenn, sem fara með þessi tæki og byggja fyrir bændur, eftir þeim teikningum, sem eru framkvæmdar af teiknistofu landbúnaðarins. Hygg ég, að ekki verði á móti því mælt, að með þessu skipulagi vinnist ýmislegt á og að það hafi marga kosti fram yfir þær aðferðir, sem áður hafa tíðkazt. Víst er um það, að þetta ýtir við bændum um allt land að hefjast handa um ræktun og byggingar, þegar tök eru á. Þetta ætti að leiða til þess, að betur yrði ræktað og betur byggt og með auðveldari hætti, jafnframt því sem bændur eiga að geta fengið ódýrari framkvæmdir og ódýrari byggingar en með öðru móti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um þetta, því að málið liggur nokkuð ljóst fyrir, og læt því máli mínu lokið að sinni. Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. að þessari umr. lokinni.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég mun ekki bæta miklu við þessa framsögu málsins, en ég vil aðeins segja nokkur orð, af því að ég gat þess, að frv. um þetta efni væri væntanlegt innan skamms að tilhlutun mþn. búnaðarþings, þegar hér fyrir skömmu var lagt fram frv. til breyt. á jarðræktarlögunum, sem um skeið hefur legið hjá landbn. Ég gat þess þá, að ég héldi, að betra mundi þykja, þegar þetta mál kom fyrir, að leggja frekar til grundvallar þetta frv. og önnur, sem hér eru á dagskrá í dag, en hið fyrra, og af þeim ástæðum hefur nefndin ekki enn þá skilað áliti um breyt. á jarðræktarlögunum. Eins og hv. 1. flm. gat um, var tilefnið það, að mþn. búnaðarþings tók að sér að semja þetta frv., eftir að því frv., sem hann gat um að hefði legið fyrir á haustþinginu 1943, var vísað frá með rökst. dagskrá og æskt eftir, að Búnaðarfélag Íslands gerði á því athuganir og till. um það. Þegar nefndin fór að ræða þetta mál, kom fram hjá henni sú hugmynd, sem nú þegar er komin hér fram í tillöguformi með þessu frv., að rétt mundi vera að setja á almennar samþykktir um húsagerð í sveitum á svipuðum grundvelli og lagt er til með jarðræktarsamþykktunum. Við vitum, að þetta byggingastarf, sem liggur fyrir sveitunum, að rækta jörðina og byggja hana, er á mörgum stöðum jafnmikil nauðsyn fyrir bóndann og verður því að fylgjast að. Mþn. komst að þeirri niðurstöðu, að á sama hátt og sennilegt væri, að hægt yrði að greiða mjög fyrir framkvæmdum í jarðrækt með því skipulagi, sem um getur í frv., væri einnig líklegt, að unnt væri að létta undir með almennri húsagerð í sveitum með því að koma á svipuðu fyrirkomulagi í húsagerð. Eftir að nefndin hafði komizt að þessari niðurstöðu, virtist henni heppilegast, að frv. væri ekki borið fram sem brtt. við jarðræktarlögin, því að hún leit svo á, að húsagerðarsamþykktir ættu þar ekki heima. Tók hún því það ráð að skipta málinu í tvennt og bera fram sérstakt frv. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir, sem hvað jarðræktarsamþykktir snertir er svipað frv. frá 1942 um breyt. á jarðræktarlögunum, en fella húsagerðarsamþykktir við, sem eru algert nýmæli. Það, sem við leggjum megináherzlu á, er það, að með þessu frv. eru opnaðir möguleikar fyrir því, að smærri samþykktarsvæði geti orðið með innan sambandsins, þannig að engin smærri sambönd verði útilokuð, þó að hin stærri vilji ekki vera með, og knýja þannig fram sem stærsta heild til þess að koma í veg fyrir, að einstakir aðilar innan sambandsins þurfi að verða út undan. Skal ég ekki fara fleiri orðum um þetta, en vildi aðeins taka þetta fram í sambandi við þau orð, sem ég sagði, þegar fyrra frv. lá fyrir til umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 75. og 76. fundi í Nd., 16. og 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 331, n. 456, 494).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Frv., sem hér liggur fyrir, er nokkuð kunnugt hv. dm. af grg. þeirri, er frsm. flutti við fyrstu umr. Frv. stefnir í fyrsta lagi að því að veita félagslegum samtökum aðstöðu til þess að hefja stórfelldar ræktunar- og byggingarframkvæmdir. Í öðru lagi að tryggja það, að framkvæmdir þessar séu vel gerðar og haganlegar. Í þriðja lagi að gera framkvæmdir ódýrari en ella mundi verða og loks að tryggja, að það fé, sem ríkissjóður leggur til þessa, verði ekki eyðslufé, heldur eins konar stofnfé, sem varðveitist í sveitunum af sjálfu sér til áframhaldandi framkvæmda.

Nefndin var á einu máli um það, að frv. þetta stefni í rétta átt og það geti orðið mikilsverður þáttur í ræktun og endurbyggingu sveitanna. En

við það að fara í gegnum frv., sem nefndin gerði mjög rækilega, komst hún að því, að það voru ýmis smáatriði, sem fara máttu betur. Ekkert þeirra var þó neitt aðalatriði, það má segja, að það séu allt saman smáatriði, sem ganga í þá átt að tryggja enn betur þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir í frv. T. d. við 9. gr. lagði n. til, að bætt sé við, að styrkir veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og tækjum. Og við 10. gr. bætist: „Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi eða ræktunarfélagi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.“ Enn fremur bætist aftan við 11. gr.: „Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara að dómi verkfæranefndar eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.“

Ég sé svo ekki ástæðu til að telja þetta upp frekar. Um hinar breytingartillögurnar má segja það sama. Þær miða allar í þá átt að gera ákvæði þessa frv. fyllri og gera það tryggara, að þessar samþykktir komi að tilætluðum notum og að löggjöfin í heild komi að sem beztum notum fyrir viðkomandi byggðarlög, sem samþykktin gildir fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Það liggja að vísu hér fyrir breytingartill., en ég mun ekki ræða þær á þessu stigi málsins og skal láta máli mínu lokið að sinni.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Þessi breytingartill., sem hér liggur fyrir á þskj. 494 og flutt er af mér og öðrum þingmanni, er komin fram vegna þess, að okkur virðist, þó að ýmis ákvæði þessa frv. horfi til bóta, að þá sé það þó gallað og vanti í það ákvæði, sem ekki mega vanta, þegar um þetta mál er að ræða.

Það er alkunnugt öllum hv. þm., að landbúnaðurinn á Íslandi hefur verið rekinn öðruvísi en þyrfti að vera. Og þótt hann hafi tekið nokkrum breytingum á síðustu áratugum, þá er langt frá því, að það sé svo vel sem vera þarf. Hann hefur um margar aldir verið aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. En um aldamótin síðustu fór að verða breyting á þessu. Þá var farið að auka fjármagn til atvinnuveganna, m. a. með stofnun banka, og annar atvinnuvegur fór að verða meira gildandi. Aukning sjávarútvegsins leiddi til þess, að bæir mynduðust og fjármagnið streymdi þangað. Og fólkið tók að flytja sig þangað, sem ný atvinnutæki voru notuð. Það leiddi til þess, að þéttbýli myndaðist á ýmsum stöðum, en það leiddi til þess, að hlutverk landbúnaðarins varð annað hin seinni ár en hin fyrri. Áður fyrr hlaut landbúnaðurinn sem aðalatvinnuvegur ekki aðeins að hafa það hlutverk að framleiða til innanlandsneyzlu, heldur einnig til útflutnings, til þess að greiða innfluttar vörur. Nú er það viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að þetta hlutverk sé komið í hendur annars atvinnuvegar. Þar með á hlutverk landbúnaðarins nú að vera að framleiða vörur til innanlandsneyzlu í landinu sjálfu.

Þegar atvinnuvegir einnar þjóðar taka svo miklum stakkaskiptum á jafnstuttum tíma og atvinnuvegir okkar Íslendinga hafa gert á síðustu 3—4 áratugum, þá hlýtur það að hafa geysimikil áhrif á þjóðlífið í heild. Þær framfarir, sem orðið hafa á þessum áratugum, hafa beinlínis krafizt þess, að fólkið hætti að búa að mestu leyti í dreifbýli og flytti sig meira saman.

Það er staðreynd, að þegar á að færa nýtízku framfarir til allrar þjóðarinnar, þá rekur maður sig alls staðar á dreifbýlið. Ég vil benda hér á eitt atriði. Það kannast allir við, að það er óhemju dýrt að leggja akfæra vegi hér á landi. Og það getur orðið svo dýrt, að vegur að einstöku býli, sem afskekkt er, sé svo dýr, að það svari ekki kostnaði að leggja hann. Meira að segja getur borgað sig betur að leggja býlið niður og byggja annað í staðinn þar, sem skilyrði eru betri.

Nú er mjög á döfinni sú hugmynd að leiða rafmagn um landið og helzt þannig, að öll þjóðin geti notið þess. En það er vitanlegt, að rafmagnsleiðslur til afskekktra bæja og lítilla, afskekktra byggðarlaga eru svo dýrar, að hæpið er, að því verði komið í framkvæmd. Þegar maður lítur á skólamálin, leiðir dreifbýlið þar til sömu vandræða. Og síðan fólki fór að fækka í sveitunum, hefur víða verið svo erfitt að fá kennara, að sums staðar hefur orðið að láta sitja við það að halda uppi kennslu hálfan veturinn. Þetta er eitt helzta vandamál fræðslumálastjórnarinnar í sambandi við skólamál dreifbýlisins.

Nú er mikið um það rætt að taka alls konar vélar í þjónustu landbúnaðarins, enda ekki að ástæðulausu, því að án miklu meiri vélanotkunar en nokkurn tíma hefur þekkzt hér á landi, verður landbúnaðurinn ekki rekinn svo að í lagi sé. Þá er eftir að athuga það, að allar þær landbúnaðarvélar, sem þurfa að vera á einu býli til þess að búskapurinn sé rekinn með virkilegu menningarsniði, eru svo dýrar, að þær eru beinlínis ofviða búrekstri á einu afskekktu býli, en mundu aftur á móti reynast hentugar annars staðar, þar sem skilyrði væru góð fyrir hendi og þéttbýli. Þess vegna er þessi breytingartillaga fram komin. Hún á að miða að því, að gert verði meira af því að færa byggðina saman, að rannsakað verði ávallt, áður en framkvæmdir eru hafnar, hvaða sveitir eða býli séu svo afskekkt, að sýnilegt er, að það kostar meira að færa öll þægindi þangað, sem þurfa að koma, en að færa byggðina. Þess vegna álítum við flm. brtt., að þetta atriði megi ekki vanta í frv., og þess vegna er þessi brtt. fram komin.

Ég veit, að ýmsir halda því fram, að hér sé um að ræða órétt gagnvart þeim, sem í till. er gert ráð fyrir, að ekki fái að njóta styrks samkv. gildandi lögum. Ég vil benda á í þessu sambandi, að fyrir þinginu liggur annað frv. um byggðahverfi. Og það er svo til ætlazt, að ef það verður að lögum, verði þar með séð fyrir hagsmunum þeirra, sem ekki fá notið ákvæða þessa frv., ef brtt. verður samþ.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Það hefur verið talað fyrir þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, þótt ræðumaður hafi farið nokkuð víða yfir. Þessi ræða gaf að vissu leyti skemmtilegt tilefni til að ræða um dreifbýli og þéttbýli.

Mér skilst, ef ætti að fylgja hugsun ræðumanns út í æsar, að þá væri eitt af því fyrsta að leggja Austur-Skaftafellssýslu í auðn og flytja íbúana burt, því að mér skilst, að óvíða á landinu sé eins örðugt um samgöngur og skilyrði að ýmsu leyti eins slæm. Annars er þetta engan veginn ný hug-

mynd að vilja flytja fólkið til og jafnvel flytja alla af landi burt. Þetta höfum við haft á öllum harðindatímum. Það hefur oft verið vitnað til þess, hvað danska stjórnin ætlaði að gera 1788. (SigfS: Eru harðindatímar nú?) Ég skal koma að því síðar. Þá hafði hún svo mikla ótrú á landinu, að hún hélt, að fólkinu mundi líða miklu betur, ef það væri flutt úr landi til Danmerkur. Ég býst við, að enginn okkar harmi, að þetta var ekki gert. Og ég efa það ekki, ef einungis er litið á rafmagn og önnur þægindi, að þá sé hægt að láta fólkinu líða betur með því að safna því á Suðurlandsundirlendið og til Reykjavíkur. En hins vegar býst ég við, að þegar til lengdar léti, mundi enginn óska eftir því, frekar en óska eftir, að allir Íslendingar hefðu verið fluttir á Jótlandsheiðar. Það er ýmislegt fleira, sem kemur til greina. Það er nú einu sinni þannig, að landið er frekar stórt og gæði þess verða aðeins notuð með því að byggja dreift. Ætli það yrðu ekki æðimargir, sem vildu skipta á 100 punda varpi og laglegum túnskika? Það gæti ekki komið til mála, að þau hlunnindi, sem eru í landi hér og hafa verið frá ómunatíð, ætti ekki að nytja. En mjög mikið af þessum hlunnindum eru beinlínis tengd við útkjálka landsins. Og sumar þær sveitir, sem eru afskekktar, eru þrátt fyrir það með allra beztu sveitum þessa lands.

Ég held þetta sé alls ekki eins einfalt mál og mér virðist ýmsir vilja vera láta. Menn munu reka sig á það. Og það sýnir ekki annað en að þeir, sem þessu halda fram, hafa í raun og veru ekki trú á landinu eða á því, að þessi þjóð geti byggt þetta land. Þeir hugsa, að hún geti byggt einhverjar skákir kringum kaupstaðina, meira sé hún ekki fær um, því að annars væri ekki ástæða til að vilja eyðileggja þau verðmæti, sem þessi kynslóð og undanfarnar kynslóðir hafa skapað. Það getur ekki verið öðruvísi, ef svipta ætti þær öllum stuðningi hins opinbera. Ég skal svo láta útrætt um þetta mál, því að það er í útjaðri þessarar tillögu.

Ég vil benda ræðumanni á, að um þetta, sem brtt. kveður á um, er til gildandi ákvæði í jarðræktarlögunum, og það þarf ekki annað. Ef maður vill taka þetta nánar fram, ber að vísa til þeirra ákvæða. Þau er að finna í 6. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 frá 4. júlí 1942. Þar er þetta greinilega tekið fram og vonandi, að það þurfi ekki að gera því frekari skil.

Viðvíkjandi 3. lið brtt. vil ég benda á, að þar sem lagt er til, að ýmis byggðarlög sambandssvæðanna verði útilokuð frá þátttöku í ræktun, sem tillögumenn leggja til, að falli niður, þá hygg ég, að það hljóti að vera af misskilningi að einhverju leyti. Þetta ákvæði er sett þarna inn í til þess að fyrirbyggja, að jafnvel fátæk sveitarfélög, sem geta haft ágæta ræktunarmöguleika, verði út undan. Og þetta kemur til af því, að það er gert ráð fyrir í samþykktinni, að ef sýslufélög og stærri heildir gera ekki samþykktir, þá er smærri heildum heimilt að gera það. Þá er alltaf nokkur hætta, að þeir, sem eru efnaðastir, geri hjá sér samþykktir, og getur þá svo farið, að veigalitlir einstaklingar geti orðið út undan. En það væri hugsanlegt að gera tilvísun til jarðræktarl. viðvíkjandi þessu.

Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni, en vil skjóta því til hv. flm., hvort þeir vildu ekki taka till. aftur til 3. umr. Við munum þá athuga málið, og sérstaklega með tilliti til þessa ákvæðis jarðræktarl. Þá hygg ég, að málið verði bezt leyst.

Ásmundur Sigurðsson: Ég sé ástæðu til að víkja fáeinum orðum að ræðu hv. 2. þm. Skagf., vegna þess að mér virðist sem í ræðu hans gæti misskilnings á því, sem vakir fyrir okkur flm. brtt. og Sósfl. yfirleitt.

Hann sagði fyrst, að ef ætti að fara eftir óskum till., þá ætti að leggja Austur-Skaftafellssýslu í auðn. Þetta byggir hann á því, að við ætlumst til þess, að fólkið flytji úr flestum sveitum á aðeins litla bletti kringum stærstu kaupstaðina. Þetta er ekki rétt. Meining okkar er sú, að hafin verði ákveðin rannsókn á byggðarkerfinu til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé allmargt býla og e. t. v. allmargir sveitahlutar, sem séu það illa settir, að það réttasta væri, að fólkið flytti þaðan. Það er meðal annars víst, að nú sem stendur stefnir þróunin í þá átt.

Þegar jarðræktarlögin voru sett 1923, var það áreiðanlega hugmynd þeirra, sem að þeim stóðu, að þau ættu að verða til þess að koma sveitabúskapnum í verulega gott horf. Svo liðu 11 ár, þar til 1934, þá eru þessi mál athuguð nánar, sérstaklega af Skipulagsnefnd atvinnumála. Hún safnaði skýrslum, og kom þá í ljós, að ekki hefði nema kringum ég held einn fimmti hluti jarða verið verulega bættur á þessu tímabili. Þróunin hefur á þessum 11 árum verið sú, að lítill hluti jarða tók stórum stakkaskiptum, en mikill meiri hluti engum. Og allmargar jarðir höfðu lagzt í eyði, því að fólkið var að flytja í þéttbýlið. Svo 1936 er aftur gerð breyting og samþykkt jarðræktarl. nýju. Ég hef ekki séð neinar skýrslur um þróunina síðan, en það virðist, sem hún sé sú sama. Og allar þessar tillögur, sem er verið að koma með núna, benda til þess líka, að flm. hafi opin augu fyrir því, að hér stefni ekki í rétta átt, og það tel ég vel farið.

Það, sem við meinum með þessari tillögu, er, að þegar nú sé hafið nýtt átak til þess að koma sveitabúskapnum í betra horf, þurfi sérstaklega að koma í veg fyrir, að þróunin haldi áfram í sömu átt. Skoðun okkar er sú, að þetta ástand sé ekki einungis að kenna of litlum fjárframlögum, heldur landfræðilegum ástæðum, a. m. k. að nokkuð miklu leyti.

Ég vil benda á það, að nú er starfandi millipinganefnd í skipulagsmálum eftir stríð. Ég hef séð skýrslur, sem gerðar hafa verið yfir byggingar í sveitum. Þar mun hafast við fyllilega þriðjungur af öllum íbúum landsins, og er fjöldi af því fólki í húsnæði, sem gersamlega er óhæft til íbúðar. Þróunin hlýtur að verða sú, að fólkið yfirgefur þetta, og við því duga ekki fjárframlög ein á þeim stöðum, þar sem hin landfræðilega hlið er orsökin. Steinhús eru til í eyði, en þau eru ekki mörg. Og ef rannsókn er gerð, áður en hafizt er meir handa, eins og nú er gert ráð fyrir, þá tryggir rannsóknin, að því fé, sem verður veitt í framtíðinni, verði varið til staða, sem ættu að geta borið sig, en ekki til staða, sem leggjast í eyði hvort sem er.

Viðvíkjandi því, að við sósíalistar viljum flytja fólkið úr sveitinni til kaupstaðanna, þá er það

ekki rétt. Aftur á móti er hugmynd okkar sú, að með þessari rannsókn verði valdir þeir staðir, sem líklegastir eru til þess, að byggð geti þétzt á. Ég vil svo benda á, að það eru ýmsir aðrir góðir menn en sósíalistar, sem halda svipaðri skoðun fram. Sjálfur búnaðarmálastjórinn hefur skrifað grein í Búnaðarritið, þar sem hann kemst svo að orði, að hann telji ekki hættulegt, þótt margt býli falli í auðn í dalabyggðum og á útnesjum. Þetta sýnir, að þetta er sú skoðun, sem er að verða allmikið ráðandi hjá mörgu fólki í landinu. Og hvað snertir æðarvarp og önnur hlunnindi, sem hv. 2. þm. Skagf. minntist á, þá er sjálfsagt að nytja þau, eftir því sem kostur er.

Í sambandi við hina mörgu örðugleika, sem bændur hafa við að stríða við búskapinn af völdum óþurrka, vil ég minnast á það, að nú er þegar byrjað að þurrka hey með vélum og gefst vel. Og ef sá háttur væri upp tekinn á t. d. ⅔ hluta af öllum býlum í landinu, en svo komi í ljós, að á hinum hlutanum væri erfitt eða óframkvæmanlegt að koma þessu í framkvæmd vegna kostnaðar, þá hygg ég, að þau býli færu ekki að verða eftirsótt.

Hv. 2. þm. Skagf. lét þá skoðun í ljós, að þessi brtt. væri fram sett af misskilningi og hún útilokaði ýmsa frá þátttöku. Ég skal geta þess, að við komum með hana vegna þess, að við álítum, að þessi setning væri óþarfi, en því fer fjarri, að við mótmælum því, sem hann sagði, að vekti fyrir flm., að einmitt þeir, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun, skyldu sitja fyrir vinnu, sé gætt að því, að rannsóknin, sem farið er fram á í brtt. okkar, sé framkvæmd áður.

Þess vegna get ég fallizt á frestun atkvgr. til 3. umr. Ef takast skyldi samkomulag, er orðalagið ekki aðalatriði, ef meiningin er sú sama.

Sigurður Guðnason: N. var öll sammála um, að það væri mjög gott, að þetta frv. kæmist í framkvæmd. En ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, einungis vegna þess að mér finnst, að það, sem vanti, sé, að skipulagðar verði framkvæmdir með það fyrir augum, að peningunum sé fyrst og fremst varið til ræktunar, þar sem flestum mönnum væri sköpuð bezt lífsskilyrði.

Það er enginn vafi, að það fé, sem lagt er til bóta fyrir fólk, hvort sem það er til sjávar eða sveita, þá er sjálfsagt að miða við, að jafnmikil fjárhæð gefi sem bezt lífsskilyrði fyrir stærri hópa á einum stað en öðrum.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði, að við vildum flytja fólkið af landi burt, þá er það alger misskilningur. Við höfum einmitt trú á því, að landið sé svo gott, ef farið er rétt með þá peninga, sem lagðir eru til landbúnaðarins, að fólkið þurfi þá ekki að flytja burt. En það verður þá að vera skipulag á því.

Ég man ekki, hvað mörg frv. liggja fyrir á þessu þingi, sem snerta landbúnaðinn. Þar ægir öllu saman. Það er ekki nóg að fá fé til aðgerða, ef það er ekki fyrir fram skipulagt, hvernig því skuli varið með alþjóðarhag fyrir augum.

Viðvíkjandi því að taka þessa till. aftur, þá get ég samþ. það, svo að nefndin fái að athuga málið. En það verður að vera undirstaðan í brtt., að skipulagt sé með það fyrir augum, að peningarnir séu lagðir fyrst og fremst til jarðræktar, þar sem þeir koma flestum að sem beztum notum, en láta hin svæðin verða út undan og kylfu ráða kasti um það, hvort fólk flytur þaðan eða ekki.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Ég get ekki fundið annað í ræðu hv. 11. landsk. en að hann telji einkum landfræðilegar orsakir valda hinum mikla fólksstraumi úr sveitunum. Fæ ég þá ekki betur séð en ég hafi ályktað alveg rétt út frá því sjónarmiði, hvað snertir Austur-Skaftafellssýslu, því að landfræðilega séð er Austur-Skaftafellssýsla þannig sett, að fáar sýslur standa verr að vígi en hún með samgöngur og fleira.

Hv. þm. sagði, að öll þróun stefndi í þá átt að færa byggðina saman og var í því sambandi að minnast á vegi og rafmagn. Ég vil benda á, að rafmagn kemur til greina að fá víðar að en frá fossunum. Það er svo hamingjunni fyrir að þakka, að rafmagn er á mörgum bæjum, sem ekki eiga kost á fossafli. Og tæknin er sem óðast að færast í það horf, að miklar vonir standa til þess, að margur maðurinn geti í framtíðinni fengið rafmagn frá olíumótorum, sem ekki átti þess nokkurn kost fyrir nokkrum árum. Svo að ekki er nokkur ástæða til að einblína á byggðahverfi þess vegna.

Viðvíkjandi heyþurrkuninni, þá hefur fyllilega komið til athugunar, ef gerðar verða víða tilraunir, að þær verði einnig gerðar á bæjum, sem hafa eingöngu rafmagn frá mótorvél. Og ég býst við, að þær yrðu æðimargar byggðirnar, sem leggja verður í eyði, ef miða ætti við það, að rafmagn kæmist þangað í náinni framtíð.

Ekki ber því að neita, að þróunin hnígur í þá átt, að fólkið fjarlægist sveitirnar og flytur til Reykjavíkur. En hverju er þetta að kenna? Það er ekki hvað sízt því að kenna, að hér hefur öllu verið safnað saman. Hingað hefur verið hrúgað öllum opinberum stofnunum. Öllu, sem þjóðin hefur átt og getað tínt saman, hefur verið safnað hingað. Þetta hefur átt stóran þátt í að auka aðstreymið, auk þess sem landbúnaðurinn á margfalt örðugra með en kaupstaðirnir að taka upp nýjar aðferðir, svipuðum þeim gagngerðu breytingum, sem hann þarf að taka.

Ég þekki víða til á mörgum dalajörðum og útnesjum, þar sem ágæt ræktunarskilyrði eru, engu síðri en þar, sem ræktað á í kringum kaupstaði og sjávarþorp, meira að segja ekki síðri en hér austan fjalls. En það, sem vantar fyrst og fremst, er vegir og aftur vegir.

Ásmundur Sigurðsson: Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það, sem hv. frsm. minntist á varðandi Austur-Skaftafellssýslu. Það er satt, að hún hefur við ýmsa erfiðleika að stríða og sérstaklega hvað vegi snertir. En þar er aftur á móti höfn, sem liggur að einhverjum beztu fiskimiðum Austurlands, og mjög sennilegt er, að þar rísi upp stórt þorp, þar sem Austfirðingar eiga heima meira eða minna einhvern tíma ársins, til að sækja þessi fiskimið. Og þá verða líka fyrst verulega góð skilyrði fyrir hendi til að reka blómlegan landbúnað í sveitunum næst Höfn í Hornafirði. Það er þetta atriði, sem um er deilt, hvort eigi að reyna að stöðva eðlilega þróun eða beina henni inn á heppilegar brautir. Í öllum löndum

fer þessi þróun fram. Þegar tæknin hefst á atvinnuvegunum, þá myndast þéttbýli. Þessi þróun hlýtur að iara fram hér eins og í öðrum löndum. Og því er það álit okkar, að við eigum ekki að berjast á móti henni, heldur beina henni í heppilegt form.

Ég vil benda á eitt atriði enn í sambandi við, að rannsókn sé nauðsynleg. Það var á s. l. hausti, að bændur í sveit austur í Skaftafellssýslu fóru fram á það við Búnaðarfélag Íslands, að það léti rannsaka ákveðið svæði, sem bændur gerðu sér miklar vonir um, að heppilegt væri til þéttbýlamyndunar. Sérfræðingur frá Búnaðarfélagi Íslands rannsakaði landið og dæmdi það algerlega óhæft til ræktunar. Þarna eru 5 bæir og túnin liggja öll undir eyðileggingu af skriðuhlaupi. Þetta var landið, sem þeir álitu glæsilegt. Sem betur fer álít ég, að annað land lengra burtu sé miklu betra. En það er búið að byggja þarna 4 steinhús, sem tvímælalaust eiga að standa annars staðar, ef tekið verður fyrir að rækta á öðrum stað en þessum. Þá er byrjað að byggja þarna skólahús, sem hefði verið byggt á öðrum stað, ef rannsóknin hefði verið framkvæmd einu ári fyrr. Það er því ekki að ófyrirsynju, að við viljum láta rannsaka málin, áður en lengra er haldið áfram á þessari braut.

Svo er hér eitt dæmi enn um framleiðsluna í landinu. Nú sem stendur er framleitt alltof lítið af mjólkurvörum í landinu. Aftur á móti verður að selja dilkakjöt fyrir verð, sem skapar framleiðendum ekki sæmilega afkomu. Það var eitt aðalmál búnaðarþings að ræða, hvernig ætti að skipuleggja framleiðsluna, svo að hægt væri að hætta útflutningi á vörum, sem litlar líkur eru til að geti keppt á erlendum markaði, en efla framleiðslu þeirra vara, sem mest þörf er fyrir á innlendum markaði. Til þess að þetta verði gert, þarf byggðin að þéttast á vissum stöðum, sem eru heppilegir til þess. Enn er atriði í þessu máli, það er, að sú sauðfjárrækt, sem þarf að vera, verði ekki stunduð í hinu aukna þéttbýli. Og hins ber að gæta, að búgarðar rísi upp, þar sem fólkið er laust við einangrun afskekktra einyrkjubýla, sem er það óheppilegasta búskaparlag, sem hægt er að hugsa sér á þessu landi.

Þá vil ég minnast á það, sem hv. flm. sagði um ákvæði 6. kafla jarðræktarlaganna. Mér var kunnugt um þau ákvæði, þegar við sömdum þessa brtt., en þau ná ekki yfir nema lítið af því, sem brtt. felur í sér, eða aðeins til þeirra jarða, sem talið er, að liggi fyrir ágangi af völdum náttúruafla, eins og sandfoks og þess háttar. En þessi ákvæði hafa ekki verið annað en pappírsákvæði. Það er svo ákveðið, að það skuli vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands, sem gefi skýrslur um þessar jarðir til búnaðarþings. Það liggur í augum uppi, að þar sem slíkt á að vera byggt á mati margra manna víðs vegar um landið, getur ekki orðið neitt samræmi í því. Í öðru lagi eiga þessir menn að dæma, hver á sínu svæði. Og þeir sjá, að þetta kemur sér illa í bili fyrir þá menn, sem á jörðunum eru, og það er ekki nema mannlegt, að þetta hafi einhver áhrif á dóm þeirra. Og það er víst, að þessi ákvæði hafa ákaflega lítið komið til framkvæmda.

Ég endurtek það, sem ég sagði, að ég get fallizt á að fresta atkvgr. til 3. umr., ef hægt væri að ná samkomulagi og fá þetta leyst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 494 teknar aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 456,1, a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 456,2 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 456,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 456,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 456,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 456,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 456,7 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 456,8 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 456,9, a—b samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 456,10 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 456,11 samþ. með 18 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 456,12 samþ. með 23 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 456,13 samþ. með 23 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 532, 494, 561).

Frsm. (Jón Sigurðsson): N. á hér brtt., sem ég hygg, að verið sé að útbýta nú og ég vildi ræða. Eins og hv. þm. muna, varð samkomulag um það við 2. umr., að þær brtt., sem þá lágu fyrir, yrðu teknar aftur til 3. umr., svo að n. gæti athugað þær og séð, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi, en það hefur ekki orðið. En í tilefni af þessu flytur n. brtt., sem er á þá leið, að engin af þeim umræddu brtt. verði teknar upp, en í stað þess verði vísað til ákvæða í 6. kafla jarðræktarlaganna. **Til þess að menn geti glöggvað sig á því, hvað hér er um að ræða, skal ég leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, 2. og 3. gr.,** sem skýrir þetta, því að eins og hv. dm. er kunnugt, hníga brtt. að því, að gerð verði sérstök rannsókn, sem ætlazt er til, að Búnaðarfélag Íslands annist. Í 6. kafla jarðræktarl. eru þessi ákvæði, sem meiri hl. n. hefur vísað til og eru á þessa leið.

(39. gr.) „Búnaðarfélag Íslands skal fela trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhægar til búrekstrar."

(40. gr.) „Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar."

(41. gr.) „Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti ekki talizt byggileg til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni."

Þarna eru tekin upp ákvæði um þetta, og n. sá því enga ástæðu til að ganga lengra í þessu og lætur sér nægja að vísa til þessara ákvæða. Hér er líka ein gr. til viðbótar, sem ég skal einnig lesa upp til frekari skýringar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

(42. gr.) „Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem *svipt hefur verið jarðabótastyrk (sbr. 41. gr.)*, flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni. Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er byggt verði samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar."

Þarna er gengið frá þessu svo ýtarlega sem talizt getur þörf á, og sér því meiri hl. n. ekki ástæðu til að fara lengra í þessum efnum og leggur þess vegna til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Eins og þetta mál liggur fyrir, hefur hv. landbn. ekki viljað fallast á brtt., sem liggur fyrir á þskj. 494, og telur n., að ákvæði þessi séu að miklu leyti í jarðræktarlögunum. En þetta álít ég ekki rétt. Að vísu eru þessi ákvæði um það, að trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands sé sérstaklega ætlað að gefa skýrslur um þær jarðir, sem eru í hættu vegna *ágangs náttúruafla. Hitt er svo kunnugt*, að þessi ákvæði hafa ekki verið notuð, og það hefur verið lítið af jörðum, sem hafa fallið undir þessi ákvæði. Þegar meta á eina jörð, þá er margt, sem verður að meta. Í fyrsta lagi ræktunarskilyrði, í öðru lagi samgöngur og hlunnindi, og þó að eitthvað af þessu vanti á jörðina, þá er hún ekki dæmd óbyggileg. En okkur virðist brtt. okkar hafa það fram yfir, að ákvæðin um þetta verði fyllri en áður og meiri líkur til, að þau ákvæði komi að gagni, þar sem þau beinlínis gera ráð fyrir því, að þegar búnaðarsambandsfundur hefur ákveðið að koma á jarðræktarsamþykkt í samræmi við þetta frv., þá sé það beinlínis skylda Búnaðarfélagsins að láta fara fram rannsókn á öllu byggðasvæði sambandsins, með sérstöku tilliti til þessa atriðis. Annað atriði, sem ég vil benda á, er það, að síðara ákvæðið í jarðræktarl. er eðlilega ekki orðið annað en pappírsákvæði, þó að í 42. gr. sé það ákvæði, að sé eitthvað af jörðinni svipt jarðabótastyrknum, þá skuli greiða úr ríkissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er ábúandi átti á jörðinni, og í öðru lagi, ef reist er nýbýli. Þetta ákvæði er langt frá því að geta fullnægt í stað þess, að *svipt* er jarðabótastyrknum samkv. 39. gr. óðalslaganna. Í fyrsta lagi vantar ákvæði inn í l. um það, hvernig eigi að útvega þessum mönnum land, og í öðru lagi, þó að einhverjum mönnum væri útvegað land einhvers staðar, þá sjá allir, að menn hafa ekki möguleika til þess að halda heimilum sínum uppi. Að þetta ákvæði skuli enn vanta, er annaðhvort af því, að þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa ekki haft fullan skilning á því, sem hér um ræðir, eða þeir hafa ekki hugsað til þess, að þetta kæmi nokkurn tíma til framkvæmda. Brtt. okkar bæta að vísu ekki úr þessum galla jarðræktarlaganna, en ég tók það fram við 2. umr., að ég teldi ekki ástæðu til þess að koma með ákvæði um þetta, vegna þess að það lægi fyrir þinginu annað frv. um nýbýlasjóð og ég treysti því, að ef þessar brtt. yrðu samþ., þá yrði það frv. samþ. líka. Það frv. felur í sér það, sem við teljum vanta í jarðræktarlögin *og í þetta frv. Ég hefði verið fús til þess að falla* frá 2. lið brtt., en ég vil taka það fram að síðustu, að ef þessi brtt. verður felld, þá mun ég sitja hjá við atkvgr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli, og það, sem fram hefur verið fært í umr. um málið, er í rauninni ekkert nýtt fyrir mér og líklega ekki fyrir neinum þm. Það er jafnan mjög mikið um það talað, þegar rætt er um málefni sveitanna, að samfærsla byggðarinnar sé allsherjar lausnaratriði í þeim vanda, sem að landbúnaðinum lýtur. Í sambandi við umr. um brtt. 494 var rætt nokkuð um það við 2. umr. þessa máls og nú við þessa umr., og sérstaklega að því vikið af flm. þeirrar till. og hv. frsm. landbn., hv. 2. þm. Skagf., að í rauninni fjallaði till. um það að leggja mikinn hluta Austur-Skaftafellssýslu í eyði. Þegar dregin hafa verið fram dæmi í sambandi við þetta mál úr mínu kjördæmi, finnst mér ekki óeðlilegt, að ég segi örfá orð, einkum út af því.

Ég vil taka það fram, að ég tel nauðsynlegt og vel farið að fela Búnaðarfélagi Íslands að rannsaka *ásigkomulag jarða í landinu, sérstaklega* með tilliti til þess, hvernig haga beri ræktunarstörfum á hverri jörð fyrir sig, því að þess eru mörg dæmi, að framræsla er ekki nógu vel gerð, vegna þess að undirbúning og mælingar hefur vantað. Ég er í þeim efnum sammála hv. flm. till. á þskj. 494. En þó að ég sé að efninu til sammála, tel ég, að sú till. sé alls kostar óþörf og að ófyrirsynju flutt í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Hv. frsm. landbn. hefur rakið það hér, hvernig ákvæði jarðræktarl. eru um þetta efni, og meiri hl. hv. landbn. hefur tekið það upp í till. sína og vitnar í þetta ákvæði jarðræktarlaganna. Og á það má benda, að bráðabirgðaákvæði jarðræktarl. fjallar um það, að framkvæma skuli

ýtarlega rannsókn allra jarða á landinu með tilliti til þess, að þúfnasléttun túnanna verði framkvæmd á 10 árum. Hér er ekki allt talið, mörg fleiri fyrirmæli af Alþ. hálfu eru til í þessum efnum. Þann 9. febr. 1943 samþ. Alþ. þáltill., þar sem Búnaðarfélagi Íslands er falið það verkefni að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust skilyrði væru fyrir hendi með tilliti til ræktunar, rafvirkjana og landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum. Þessi ályktun er enn í gildi, og Búnaðarfélagið hefur tekið hana til framkvæmda að nokkru leyti. Þann 15. des. 1943 samþ. Alþ. þáltill. um það að fela Búnaðarfélagi Íslands að framkvæma rannsóknar- og leiðbeiningarstarf með sérstöku tilliti til þess, að rannsaka skyldi jarðveg í helztu jarðræktarhéruðum landsins. Ýmsar fleiri rannsóknir hafa verið gerðar á þeim stöðum, sem Búnaðarfélag Íslands velur til athugana og hreppabúnaðarfélög æskja rannsókna á fyrir einstaka bændur og búnaðarfélög. Þann 17. des. 1943 var Búnaðarfélaginu falið að rannsaka ásigkomulag jarða með tilliti til stofnunar nýbýla, bæði einstakra býla og býlahverfa í sveitum landsins. Og í þessu frv., sem fyrir liggur nú við 3. umr., fjallar 5. gr. um það, að stjórnir búnaðarsambandanna annist með aðstoð Búnaðarfélags Íslands mælingar og athuganir á hverju svæði, og sérstaklega þessi atriði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð.
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað). Og svo
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.

Þetta er bundið inni í sjálfu frv. og verður að lögum, ef sjálft frv. verður samþ., þótt brtt. á þskj. 494 komi ekki til. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar þessir sérfróðu menn frá Búnaðarfélagi Íslands ferðast um sveitir landsins eftir þessum margföldu fyrirmælum Alþ., til þess að rannsaka jarðir, sem vitanlega eru allt sömu jarðirnar í sveitum landsins, með tilliti til eins og annars, sem fram er tekið, geta þeir ekki komizt hjá því að athuga um leið það, sem fyrir hv. flm. brtt. vakir. Það er ekki um sérlega marga menn að ræða, sem Búnaðarfélag Íslands hefur í þjónustu sinni til þessara starfa, og ef þeir skilja ekki öll þessi fyrirmæli, sem felast í mörgum lagagreinum og þáltill. frá Alþ., ef þeir skilja ekki, hvað gera eigi samkv. öllum þessum fyrirmælum, fæ ég ekki séð, að þeir skilji það betur, þótt bætt sé við einni lagagrein í viðbót.

Í þessu frv. er fjallað um það einkanlega að koma á félagsskap bænda til áframhaldandi ræktunarstarfa, og vitanlega á þessi félagsskapur bænda að ná til þeirra sömu jarða, sem ákvæði jarðræktarlaganna fjalla um. Hér er því ekkert nýtt á ferð.

Í brtt. þeirri, sem ég geri hér að umtalsefni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar búnaðarsambandsfundur hefur ákveðið að koma á jarðræktarsamþykkt, skal Búnaðarfélag Íslands láta fara fram nákvæma rannsókn á byggðasvæði sambandsins, er leiði í ljós, hvaða jarðir eru óhæfar til framtíðarábúðar sökum slæmra ræktunarskilyrða, ágangs af völdum náttúruafla, erfiðleika á að komast í samband við vegakerfi, rafveitu og annað, er nauðsynlegt má teljast, svo að hægt sé að reka menningarbúskap, og skulu þær jarðir ekki koma til greina við framkvæmdir, er gerðar verða eftir ákvæðum þessara laga," þ. e. a. s. frv. sjálfu, ef það verður að lögum.

Hver eru nú meginákvæði frv.? Þau meginákvæði eru þrjú og þrenns konar. Fyrsta ákvæðið er það, sem felst í 5. gr. og ég las upp áðan, að fela Búnaðarfélagi Íslands að láta fara fram rannsókn á ræktunarskilyrðum jarðanna. Annað meginatriðið er, að komið verði á samþykktum fyrir félagsskap, sem myndaður verði milli bænda í sveitum landsins, og þriðja atriðið er það að heimila að leggja úr framkvæmdasjóði ríkisins 3 millj. króna framlag til styrktar verkfærakaupum fyrir landbúnaðinn.

Auðsætt er, að þær jarðir, sem á að rannsaka og kynnu að teljast óhæfar til framtíðarræktunar, mega ekki vera undanskildar fyrsta meginatriðinu í ákvæðum þessara laga, því að fyrri hluti brtt. fjallar einmitt um það, að hert verði á slíkri rannsókn og komið í veg fyrir, að nokkrar jarðir komist hjá því, að slík rannsókn fari þar fram.

Þá er annað meginatriðið um félagsskap meðal bænda. Þó að sett væri í þetta frv. fyrirmæli um það, að jarðir, sem ekki þættu álitlegar til framtíðarbúrekstrar, mættu ekki koma til greina við félagsstörf heima í sveitunum, tel ég mjög hæpið, að það ákvæði fengi staðizt. Ég held, að það sé ekki á færi Alþ. að setja ákvæði um að banna einstökum bændum, þótt á litlum býlum búi, að taka þátt í félagsskap heima í sveitunum, sem á að hrinda í framkvæmd ræktunarstörfum. Ég held jafnvel, að það ákvæði mundi stappa nærri að brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagsfrelsi manna.

Þá er þriðja meginatriðið um framlag framkvæmdasjóðs til vélakaupa fyrir þessi ræktunarfélög. Nú skulum við setja upp einfalt dæmi. Hugsum okkur hrepp, þar sem eru 50 búendur. Segjum nú, að rannsókn, sem gerð er af hálfu Búnaðarfélagsins leiði það í ljós, að 45 jarðir í hreppnum eru dæmdar hæfar til framtíðarbúrekstrar, en fimm teljist það ekki. Þá getur hreppurinn ekki hætt við að kaupa jarðræktarvélar, þótt þessi býli kynnu að finnast, sem ekki teldust heppileg til búrekstrar. Félagsheildin mundi eftir sem áður kaupa þessi áhöld, og ég fæ ekki séð, að hið opinbera gæti neitað að greiða fullan styrk til þessara kaupa, þótt til kynnu að vera á sambandssvæðinu einhverjar jarðir, sem ekki þættu álitlegar til búskapar. Ákvæðinu um framkvæmdasjóð ríkisins mundi því verða fylgt, hvort sem þessi brtt. á þskj. 494 næði samþykki eða ekki. Og ef slíkar vélar eru komnar á samþykktarsvæðið, er það engan veginn á færi Alþ. að banna einstökum bændum að nota þær og rækta jarðir, þó að býlin þyki ekki álitleg til framtíðarbúrekstrar, ef þeir vilja gera það á sinn eiginn kostnað og með sinni eigin framkvæmd. Hið eina, sem Alþ. getur í þessum efnum, er að hindra það með lagaákvæðum, að styrkur til umbóta á slíkum jörðum sé greiddur. En það er ekki minnzt á það einu orði í þessu frv., sem nú er fjallað um, að greiða styrk, hvorki til smærri né stærri jarða. Þau ákvæði eru í allt

öðrum lögum og öðru frv., sem hér liggur ekki fyrir. Ákvæði, sem fjalla um að hindra styrkgreiðslur til afskekktra býla, eiga því ekki erindi inn í þetta frv.

Annar höfuðkafli þessa frv. er um húsagerðarsamþykktir í sveitum. Þar er gert ráð fyrir, að félagsskapur bænda myndi vinnuflokka heima í sveitunum, er framkvæmi húsabyggingarnar, og í 26. gr. frv. er gert ráð fyrir, að búnaðarsambönd in tryggi sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar áður en vinna hefst. Ef brtt. á þskj. 494 yrði samþ. og þau ákvæði hennar, að jarðir, sem ekki þykja álitlegar til framtíðarbúrekstrar, skuli ekki koma til greina við framkvæmdir, sem gerðar verða eftir ákvæðum þessara laga, liggur þar í fólgið, að þeim einstökum bændum, sem kynnu að búa á lélegum jörðum, væri bannað að hagnýta sér þessa vinnu. Ég fæ ekki séð, hvernig Alþ. getur sett fyrirmæli, sem hindra það, að bændur, þótt smáir séu og búi á afskekktum býlum og vilja byggja sér hús, geti orðið aðnjótandi þeirrar aðstoðar, sem fáanleg er í sveitinni, og fengið vinnuflokka heim til sín, með það fyrir augum að greiða vinnuna sjálfir. Ég fæ ekki séð, hvernig Alþ. getur hindrað það með löggjöf, að þeir geti orðið aðnjótandi þessarar aðstoðar og þær framkvæmdir komið til greina á þeim jörðum eins og öðrum.

En þótt menn vildu teygja ákvæði þessi út yfir það, sem felst í allt öðrum lögum um styrkgreiðslur til framkvæmda í sveitum, rekum við okkur á, að ákvæði jarðræktarlaganna, sem hv. 2. þm. Skagf. las hér upp að nokkru, verða í gildi eftir sem áður, og sjáum við þá, að þessi ákvæði hljóta að fara í bága við núgildandi ákvæði jarðræktarlaganna, sem fjalla um sama efni. Þó sýnist mér, ef til álita kynni að koma, hvorum ákvæðunum ætti fremur að fylgja, það liggja í hlutarins eðli, að sjálfsagt væri að fylgja ákvæðum jarðræktarlaganna, sem beinlínis fjalla um styrkgreiðslur til framkvæmda í sveitum. Ég fæ því ekki séð, að það kæmi að neinum notum, þótt þetta ákvæði yrði fellt inn í þetta frv., og mundi reynast markleysa í framkvæmd, þótt samþ. yrði í sambandi við þetta frv.

Í sambandi við þetta mál hafa verið færð fram ýmis dæmi úr Skaftafellssýslu, t. d. eitt dæmi fyrir nokkrum dögum um byggðarlag, þar sem rannsókn, sem gerð hefði verið af hálfu Búnaðarfélagsins, hefði leitt í ljós, að land, sem fyrirhugað hafði verið til nýræktunar, hefði reynzt óhæft til þeirra hluta, og í þessu byggðarhverfi væri búið að byggja steinhús og fleira. Ég tel ástæðu til að fara fáeinum orðum um þetta dæmi. Þetta er út af fyrir sig ekki rangt, en fram sett með þeim blæ, að ég hef ástæðu til að ætla, að þeir, sem alls ekki þekkja þarna til, líti á það öðrum augum en vera ber. Þessu er þannig farið, að heima við túnið á stærsta býlinu, þar sem vitnað var til, liggur allstórt landsvæði, sem bændur höfðu fyrirhugað til nýræktar. Þegar sérfræðingur frá Búnaðarfélaginu kom til að athuga það og mæla, kom í ljós, að niðri í jarðlögunum í þessari landspildu er sandlag, einmitt þar sem lokræsið átti að koma. Dæmdi hann því landið óhæft til lokræsagerðar og þar af leiðandi stórgallað til nýræktar. En mér er ekki kunnugt um, að gróðurfar hafi verið lélegt þarna, og ég held, að þetta geti ekki talizt stórt atriði, að fundizt hefur þarna á einum stað gallað landsvæði.

Hæstv. atvmrh. sagði hér í ræðu fyrir nokkrum dögum, að það gerði ekki mikið til, þótt ræktunarlandið væri allfjarri bústöðum, því að það mundi verða framtíðarlausnin, að bændur hefðu bíla til flutninga, m. a. til að flytja verkafólkið út á teig. Ég tel þetta vel mælt, og þegar nýsköpunin er komin á það stig, held ég, að það komi ekki að sök, þótt um nokkurra kílómetra vegalengdir sé að ræða. Þetta er ekki stórt atriði í þessu máli, en ég vil þó benda á, að þetta sýnir þó, að till., sem ég gerði að umtalsefni, er óþörf, því að þarna er einmitt vitnað í það, að sérfræðingur frá Búnaðarfélaginu er búinn að ferðast um meginhluta Austur-Skaftafellssýslu, búinn að gera athuganir á flestum býlum í a. m. k. 3 hreppum sýslunnar, og það er áreiðanlega óhætt að fullyrða, að sá sérfræðingur, sem þessa rannsókn framkvæmdi, gerði það samkv. heimild laga frá Alþingi.

Inn í þetta mál hafa blandazt ýmis önnur efni, eins og oft vill verða í sambandi við landbúnaðarmál. Þetta mál hefur af öðrum en mér verið fært út á nokkuð víðtækari grundvöll en till. sjálf fjallar um. Út frá því spunnust einkum umr. um það, hvort í þessari till. væri meginatriði að leggja mikinn hluta Austur-Skaftafellssýslu í eyði. Það er ævinlega svo, þegar talað er um þessa samfærslu byggðanna, hvort heldur er í sambandi við þetta mál eða önnur mál, að mjög erfitt er að fá það skýrt fram, hvort átt er við einstök afskekkt býli, heil byggðahverfi eða jafnvel heilar sveitir.

Þá hefur verið drepið á, að skólamál sveitanna væru þannig, að þau krefðust samfærslu, því að börnin í hinum fámennari sveitum væru ekki nógu mörg til að skapa nógu mikið starf fyrir kennara. Ef þessi málfærsla í sambandi við þetta mál og mörg önnur um samfærslu byggðanna felur það í sér einungis, að taka eigi upp einstöku afskekkt býli og færa þau til innan sömu sveitar og setja niður þar, sem þorp finnast í sömu sveit, fæ ég ekki séð, hvaða áhrif það getur haft á barnafjöldann, hvort býlin standa örlítið hvort frá öðru eða eru saman, því að þótt byggðin yrði færð saman á þennan hátt, mun það vaka fyrir öllum, að það eigi að halda boðorðin eftir sem áður. Ég held, að í sambandi við skólamálin hafi það ekki svo mikla þýðingu að færa til einstöku býli. Hitt skil ég betur, ef á að taka upp heil byggðarlög eða heilar sveitir. Annars held ég, að fyrirkomulagið, sem nú er að komast á í skólamálum, leysi til fulls þau vandkvæði, sem kunna að eiga sér stað í sambandi við fámenni í einstöku sveitum.

Þá hafa rafmagnsmálin einnig verið dregin inn í þessar umr. Mér er það fullljóst og okkur öllum, að ódýrustu og bezta lausnin á rafmagnsmálunum er sú, að koma upp stórum virkjunum og leiða rafmagn frá þeim sem víðast um byggðarlög landsins. En menn mega þó ekki loka augunum fyrir öðrum leiðum, sem líka eru færar í þessum efnum. Rafstöðvar má setja á einstökum bæjum, þótt rafmagnið sé ekki leitt frá stórvirkjunum langar leiðir. Ég geri ráð fyrir, að þótt komið verði upp stórvirkjunum, verði óhjákvæmilegt að fylla einstöku skörð með smávirkjunum fyrir afskekkta bæi. Oft má það e. t. v. með vatnsorku, en það

er líka önnur orka, sem kemur hér til greina. Það má t. d. minna á, að nú eru vindrafstöðvar mjög útbreiddar á einstökum býlum. Gallinn er þó enn þá sá, að þær skila of lítilli orku, en þetta er aðeins byrjun, og er svo um alla tækniþróun, að tæknin byrjar smátt, en tekur framförum. Svo getur enginn þingmaður fellt um það fullnaðardóm, að ekki kunni innan mjög langs tíma nýjar vélar að koma til sögunnar, sem skili meiri orku en þessar frumstæðu vélar, sem nú hafa verið teknar í notkun. Mér finnst margt ólíklegra hafa skeð en það. Og enn má á það minna, að nú er verið að gera tilraun með raforku með gufuframleiðslu, og við vitum ekki enn þá, hvaða árangur það kann að bera.

Þegar litið er á þessi mál frá þessum sjónarhól, má segja, að Austur-Skaftafellssýsla sé glöggt og gott dæmi, því að landfræðilegir staðhættir eru auðvitað erfiðir þar og einangrunin allmikil. En þar eru fleiri raflýst býli en jafnvel í nokkurri annarri sveit á Íslandi. Það rafmagn hefur ekki verið tekið frá stórum rafstöðvum, ekki verið leitt langar vegalengdir, heldur framleitt heima fyrir, og ríkissjóður hefur ekki þurft að fórna neinu í sambandi við það.

Þá er því, eins og kunnugt er, mjög misjafnt háttað, hvar er að finna ræktanlegt land. Nú er það kunnugt, að ræktanlegt land getur verið gott, þó að landfræðilegir staðhættir um samgöngur séu erfiðir, og get ég nefnt dæmi um það úr Austur-Skaftafellssýslu. Það hefur líka komið fram í sambandi við þá rannsókn, sem sérfræðingur Búnaðarfélagsins gerði og vitnað hefur verið til í þessu máli, að gróður í sumum héruðum þar er mjög ákjósanlegur.

Svo er talað um það, að vegna þess að landbúnaðurinn hafi nú orðið minna hlutverki að gegna í atvinnulífi þjóðarinnar en áður var, þá sé eðlilegt, að samfærsla byggðarinnar komi til. Ef það er svo, að yfirleitt ætli þjóðin sér að hætta að stunda landbúnað með það fyrir augum að selja nokkuð af landbúnaðarafurðum á erlendum markaði, þá er vitanlegt, að það hlýtur að hafa sín áhrif. En nú hef ég bent á það og vildi leggja áherzlu á það, að öll þessi atriði, sem fram eru færð í sambandi við samfærslu byggðanna, geta á mörgum stöðum stritt hvert gegn öðru. Það munu vera fáir staðir, þar sem þetta allt, sem fram er talið, er til staðar, heldur sumt af því öðru fremur og fæst kannske á sumum stöðum flest, þó að landfræðilegir staðhættir orsaki, að erfitt sé þar um framleiðslu vegna samgönguleysis. Og þá komum við aftur að því, sem er í brtt., sem ég ætla að tala örfá orð um að lokum, hvað á að gera að meginatriðum af þessu og hvaða aðili á að meta það í hvert sinn. Í 1., sem hv. 2. þm. Skagf. las hér upp úr, er ákveðið, að landbrh. meti það hverju sinni, eftir að hafa fengið skýrslu sérfræðings Búnaðarfélags Íslands, hvaða jarðir falli undir það að fá jarðræktarstyrk. En í brtt. á þskj. 494 er ekkert á það minnzt, hvaða aðili á að meta þetta, heldur aðeins sagt, að þegar þessar skýrslur liggi fyrir frá sérfræðingum, þá skuli vissar jarðir ekki koma til greina við framkvæmdir, sem gerðar verði eftir ákvæðum þessara l. — Maður gæti hugsað sér, að þetta ætti að gerast af sjálfu sér. Ákvæði þessarar brtt. og ákvæði jarðræktarl. stangast á. Og ef ætti að beita þessum ákvæðum í brtt., ef samþ. yrði, gagnvart einstökum bændum, gæti það svo farið, að þeir skírskotuðu málum sínum til landbrh. og að þau mundu verða dæmd eftir á eftir jarðræktarl.

Ef menn vilja breyta einhverju í þessu efni, og ég segi ekki, að það komi ekki til greina, þá virðist mér verða að fella breyt. um það beint við jarðræktarl. í þessu efni. En þegar talað er um að færa saman byggðina, að því er tekur til einstakra býla, þá held ég, að það sé nú ekkert nýtt, heldur það, sem oft er að gerast. Og ég held, að það, sem hér hefur verið fram fært til rökstuðnings í þessu máli eftir Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra um þau mál, þá varði það ekkert annað en það, sem er oft að gerast og enginn þytur er gerður út af, að einstök býli leggjast í eyði á landinu og önnur rísa upp á öðrum betri stöðum. Um þetta get ég tilfært dæmi úr Austur-Skaftafellssýslu í einum hreppi, þar sem þrjú býli nærri fjöllum hafa lagzt í eyði á undanförnum árum, en önnur býli hafa svo risið upp í héraðinu á öðrum stöðum. Mér er ekki kunnugt um, að þetta hafi valdið nokkrum ágreiningi eða að nokkur þytur hafi verið gerður út af þeim málum, hvorki í héraðinu né annars staðar og allra sízt lengra í burtu. Enda hefur þetta engin áhrif í því efni, að ríkið þarf eftir sem áður að leggja vegi og síma og leiða rafmagn um sveitirnar o. s. frv.

Af þessu sjáum við það, að þótt þessi stefna verði útfærð í það að eyða nokkrum býlum, þá hefur það ekki svo mikla breyt. í för með sér, frá því sem verið hefur, á þjóðarhag, þótt í þeim mæli sé um að ræða samfærslu byggðanna. Hitt er annað mál, ef á að taka upp heil byggðarlög, heilar sveitir og leggja í eyði, þá hefur það miklu meiri áhrif á þjóðarhag. Og þegar talað er um það frá því sjónarmiði, að það þurfi vegna þjóðarhagsmuna að breyta byggingu landsins, þá verður ekki dregin af því önnur ályktun en sú, að fyrir þeim mönnum, sem því halda fram, vaki það, að þessi stefna verði ráðandi í allríkum mæli og nái út yfir allvíðtæk svæði af landinu. Ef málin falla þannig, að miða eigi byggingu Austur-Skaftafellssýslu við það, að sveitirnar þar framleiði aðeins landbúnaðarafurðir fyrir fiskiþorpið Hornafjörð, þá hygg ég, að megi til sanns vegar færa orð hv. 2. þm. Skagf. í þessu máli, að þá stefndi að því með mikinn hluta Austur-Skaftafellssýslu að leggja hana í eyði. Og ef það kann að búa á bak við þessa brtt. eða þær umr., sem fallið hafa hér á hæstv. Alþ. í sömu átt, má segja, að þessi brtt. sé þáttur, að vísu mjög ómerkilegur þáttur, í veigamiklu máli.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég þarf að víkja fáeinum orðum að þessari löngu ræðu hv. þm. A.-Sk. Hann virðist hafa notað vel tímann til undirbúnings, síðan ég talaði síðast um þetta efni, til þess að svara. Hann nefndi þrjár till., sem lögfestar hefðu verið hér á hæstv. Alþ., sem hann telur, að gengið hafi nákvæmlega í sömu átt og þessar brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 494. Ég vil benda á, að þessar brtt. stangast ekkert við þetta frv., vegna þess að bein ákvæði eru í frv. um það, að ekkert býli eða byggðarlag falla utan við ramma þessara laga, ef samþ. verður frv. óbreytt. Hér stendur í 4. gr. frv., að fram-

kvæmdum skuli hagað þannig, að þeir, er minnst véltækt land hafa, skuli sitja fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið. Ég segi það hiklaust, að ef ákveðið er fyrir fram í l., að það eigi að rannsaka jarðir á landinu og fella úr byggð einhvern part af þeim, þá stangast það á við það, sem hér stendur í 4. gr. frv. og ég tók fram. Og er þá ekki rétt að draga þetta saman í eina gr. og bæta því í þetta frv., til þess að forða því, að þetta komi beinlínis í bága við gildandi l.? Nei, það er ljóst, að þau ákvæði, sem fyrir hafa verið í l. um þetta, hafa ekki verið fullnægjandi. Og það virðist beinlínis ekki vera tilætlunin með þessu frv., að þau séu framkvæmd að nokkru leyti.

Þá minntist hv. þm. A.-Sk. á það, að hann taldi, að ef gengið væri inn á þá braut að útiloka nokkrar jarðir frá þátttöku í ræktunarsamþykktum, mundu bændur búa á þeim samt sem áður, en væru útilokaðir frá því að njóta stuðnings þess félagsskapar, sem þær samþykktir væru um. En nú skulum við segja, að bændur á einhverju ákveðnu svæði geri slíka samþykkt og það komi í ljós, að mörg býli þar væru illa sett með vegi, að enginn vegur væri að koma heim til þeirra stórvirkum jarðyrkjuvélum, t. d. skurðgröfum, sem eru og munu verða einhver beztu tæki við jarðrækt í framtíðinni, hvernig ætti þá að fara að? Bændur á slíkum býlum geta verið í mikilli þörf fyrir, að hjá þeim aukist ræktað land. Við skulum setja svo, að á einhverju svæði, þar sem slík samþ. hefði verið gerð, væru 50 býli alls, en 5 þannig, að ekki væri hægt að koma þangað heim stórum jarðyrkjuvélum vegna vegarleysis, en í mörgum tilfellum mundu þau vera fleiri. Eiga þá hin 45 býlin að gjalda þess, þannig að vegna þessara fáu býla væri hægt að hindra, að ræktunarsamþykkt yrði gerð fyrir svæðið í heild? Þetta hygg ég, að hv. þm. A.-Sk. hafi sézt yfir líka.

Þá vildi sami hv. þm. segja, að ég hefði farið með blekkingar við 2. umr. þessa máls um sveitir Austur-Skaftafellssýslu, þar sem Búnaðarfélag Íslands dæmdi land, sem bændur höfðu hugsað sér að rækta, óhæft til ræktunar. Hann sagði meira að segja, í hverju það væri fólgið, að landið væri óhæft til ræktunar, að sandlag væri þar í jörð, þar sem lokræsi hefði átt að leggja. Svo sagði hv. þm., að sér væri ekki kunnugt um, að neitt væri að athuga við gróðurfar landsins. Það skiptir heldur ekki máli. Þarna er um að ræða mýrlendi, sem þarf að ræsa, og ef ekki er hægt að ræsa það, er það óhæft til ræktunar.

En hvort túnið á Kálfafellsstað geti orðið fyrir skriðuhlaupum, þá sjá það allir, sem þar fara fram hjá, að svo er.

Þá minntist hv. þm. A.-Sk. á húsagerðarsamþykktir og talaði um það, að ákvæði brtt. hindruðu líka bændur á afskekktum býlum að fá bætt húsakynni hjá sér. Meiningin fyrir mér er einmitt sú, að þetta hindri bændur á afskekktum jörðum í því að byggja býli sín. Það er ætlazt til þess, að þeim séu sköpuð skilyrði til þess að byggja betri býli á öðrum stöðum.

Að síðustu minntist hv. þm. A.-Sk. á rafmagnsmál og taldi, að óheppilegt væri að setja ákvæði um þau hér í þetta frv. Hann talaði um, að í sambandi við þau mundu gerast þær uppgötvanir í vísindum, sem gerðu það að verkum, að það mundi ekki þurfa að leiða rafmagn um sveitirnar eins og annars mundi þurfa, og benti síðan á, að sums staðar væri hægt að framleiða rafmagn með smávirkjunum. Og í því sambandi minntist hann á Öræfin. Það er búið að byggja rafstöð á hverju býli í Öræfunum, án þess að nokkur styrkur frá ríkinu hafi komið þar til. — En það er fjarri því, að skilyrði eins og í Öræfunum séu til staðar annars staðar í svo ríkum mæli, og hafa þau að því leyti algerlega sérstöðu um byggðir þessa lands, vegna þess að jökullinn liggur á fjallsbrúninni yfir bæjunum, og þess vegna spretta upp úr hlíðunum þar lækir, sem alltaf eru með sama vatnsmagni árið um kring. Þessi staður er þess vegna að því leyti ekki sambærilegur við nokkra aðra sveit á landinu, og þess vegna er ekki hægt að taka þetta sem dæmi. Ef hægt væri yfirleitt á landinu að framleiða rafmagn fyrir sveitirnar á jafnauðveldan hátt og í Öræfunum, þá væri ekki þörf á því að vera með frv. um stórar fjárveitingar á Alþ. til þess að koma þessum málum á veg. Allar þær till., sem koma fram á Alþ. um þessi mál, og það, sem ritað er í blöð um þau, er af því, að öllum hv. þm. sem öðrum, sem um málið hugsa, er ljóst, að það þarf stórt átak hins opinbera til þess, ef rafmagn á að notast almennt í sveitum landsins. Og ég vildi benda á það í sambandi við lausn þessara mála, að nú er búið að ræða um þau og rita svo mikið, að bændur almennt úti um land eru farnir að gera ráð fyrir því statt og stöðugt, að það muni ekki vera nema fá ár þangað til Alþ. lætur leiða rafmagn inn á hvert sveitaheimili. Og hvaða stjórnmálafl., sem kunna að fara með völd á næstu árum, munu þeir þurfa að standa gagnvart því vandamáli, að þetta verði heimtað af þeim — og sennilega heimtað harðast af Framsfl., ef hann kæmist í stjórnaraðstöðu, vegna þess að bændur mundu þar telja sig geta krafizt efnda á loforðum, sem þar um hefðu verið gefin.

Þá sagði sami hv. þm. viðvíkjandi vegamálum, að vegur lægi venjulegast gegnum hverja sveit. Já, það er nú svo. En margar dalasveitir eru þó þannig settar, að þar liggja ekki neinir sæmilegir vegir um. Og þó að þjóðvegir liggi um aðalsveitirnar, þá eru vegagerðir svo dýrar, að ekki tekur að leggja vegi sérstaklega fyrir þessa dalabæi heim að þeim.

Ég vildi benda á það að síðustu, að þessi leið, sem enn þá hefur verið farin í byggingarmálum sveitanna, að stofna einstök nýbýli dreifð út um allar sveitir landsins, án tillits til þess, hvort það er heppileg leið til þess að framleiðslan verði ódýr, komin á markað, er ekki sú rétta. Við stöndum nú gagnvart því vandamáli að þurfa að skipuleggja framleiðsluna að meira eða minna leyti. Og það verður helzt gert, svo að vel fari, með því að skipuleggja byggingar í sveit um leið að einhverju leyti. Verði framleiðslan ekki skipulögð, er hættan á því, að framleitt verði of mikið af sumum vörum, en of lítið af öðrum. Og verði framleiðslan ekki skipulögð, verða ekki heldur notuð beztu skilyrðin, sem landið hefur að bjóða, svo sem á jarðhitasvæðum.

ATKVGR.
Brtt. 494,1 felld með 15:6 atkv.
— 494,2—3 teknar aftur.
— 561,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 561,2.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 561,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 561,4 samþ. með 18:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, JS, PZ, JörB.

SigfS, SG, ÞG, ÁkJ, ÁS, EOl, JJós, JLós greiddu ekki atkv.

10 þm. (SK, StJSt, ÁÁ, BG, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 572).

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 572, n. 663).

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Á þingi í fyrra, 1943, var borið fram í Nd. frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögunum, en því frv. var vísað frá með dagskrá. Ég nefni þetta sökum þess, að þetta frv., sem nú liggur hér fyrir, er að nokkru leyti ávöxtur af því frv., en þó nokkuð frábrugðið því. Í þessu frv. er fellt burtu ákvæðið um jarðræktarstyrkinn, enda er þetta sjálfstætt frv., en hér er aftur á móti bætt inn í kafla um húsagerðarsamþykktir til þess að ýta undir byggingar. Mþn. í landbúnaðarmálum, sem búnaðarþingið setti, hefur samið þetta frv. Það hefur fengið góðar undirtektir í Nd. og orðið fyrir einungis smávægilegum breytingum. Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að frv. verði samþykkt, og taldi enga slíka annmarka á því, að ástæða væri til að breyta frv. Ég lít svo á, að frv. þetta sé í raun og veru afleiðing af breytingu á jarðræktarl. frá 1943. Eru og meginatriði I. kafla frv. tekin úr jarðræktarlagafrv.

Ég skal nú fara yfir helztu atriði frv. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að búnaðarsamböndin geti gert samþykktir til að flýta fyrir jarðræktarframkvæmdum. — Í 2. og 4. gr. er rætt um, hvernig samþykkt skuli verða til og hvað í henni skuli standa. — Í 5. gr. ræðir um, hvers konar undirbúningur skuli fara fram og hverjir skuli bera kostnað af undirbúningsstarfinu. Í jarðræktarlagafrv. í fyrra var gert ráð fyrir, að kostnaður við undirbúningsstarfið skuli allur greiddur úr ríkissjóði, en hér er lagt til, að ríkissjóður greiði helming kostnaðarins, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfél. Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi. — 8. gr. fjallar um kaup á verkfærum, og er þar tekið fram, að verkfæranefnd ríkisins skuli aðstoða við kaup á vélum og skuli hún í samráði við Búnaðarfélag Íslands ákveða, hvaða vélar skuli njóta styrks, en hann skal einungis veittur til nýrra og vandaðra véla. Gert er og ráð fyrir í 9. gr., að varið skuli úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 3 millj. kr. til greiðslu véla og verkfæra. — 10. og 11. gr. eru um meðferð og viðhald þessara véla, svo og viðurlög við trassaskap. Skal og gert ráð fyrir fyrningu, svo að vélarnar endurnýi sig sjálfar. Þar er jafnvel kveðið svo fast að orði, að ef úr hófi keyri með vanhirðu, geti það varðað sektum og jafnvel endurgreiðslu styrksins. — Í 12. gr. er ákvæði um, að þeir menn einir vinni með þessum tækjum, er kunna á þeim skil.

Ég sé svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um þennan kafla frv. En í öðrum kafla, um húsagerðarsamþykktir, er tekin upp sams konar aðferð og í I. kafla. Tilgangurinn er sá að gera kleift að koma upp vandaðri og hentugri húsum með *félagsskap en einstaklingar gætu gert*. Þar er gert ráð fyrir, að búnaðarsamböndin sjái um, að vélar, svo sem hrærivélar, og steypumót, séu fyrir hendi. — Í 27. gr. eru fyrirmæli um það, hvaða rétt skuldir, sem af þessum framkvæmdum kunna að skapast, skuli hafa, og segir þar svo:

„Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambands samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifjárkröfu, ef um aðaljarðir er að ræða."

Mér þykir að lokum rétt að lesa hér upp niðurlagið úr grg. þeirri, sem fylgir frv. þessu og er á þessa leið:

„Kostir þessa skipulags um fram þá starfshætti, er nú tíðkast, eru:

1. Að það ýtir mjög við bændum um land allt að hefjast handa um ræktun og byggingar, strax og tök eru á.

2. Að félagsleg samtök, er ná yfir stór svæði, hafa allajafna meira lánstraust og fjárhagslegt bolmagn til að kaupa stórar vélar og dýrar og starfrækja þær, er eitthvað harðnar í ári.

3. Að allir á hverju samþykktarsvæði eiga þess kost að fá unnið — og þeir fyrst og fremst, er mesta hafa þörfina og skemmst eru á veg komnir."

Ég skal og geta þess, að í 4. gr., um ræktunarframkvæmdir, og í 15. gr., um húsabyggingar, er gert ráð fyrir, að þeir, sem mesta hafa þörfina, sitji fyrir. —

„4. Að komið er í veg fyrir, að einstök byggðarlög verði einangruð og útundan.

5. Að félagsvinna með fullkomnum og hentugum vélum verði að öllum jafnaði mun ódýrari.

6. Að tryggt er betur en áður, að ýmsar undirbúningsrannsóknir verði gerðar, er tryggja, að verkið verði unnið á réttan hátt.

7. Að viðhald véla og verkfæra, sem keypt eru samkv. ákvæðum frv., verður háð opinberu eftirliti.

8. Að ráðstafanir eru gerðar til að tryggja, að þeir einir fari með vélarnar, sem til þess eru hæfir.

9. Að tryggt er, eftir því sem verða má, að fé það, sem ríkið og félagsheildir leggja fram til vélakaupanna, verði ekki eyðslueyrir, heldur stofnfé, er geri sveitunum fært að endurnýja vélastofninn, jafnóðum og vélarnar ganga úr sér."

Ég læt þetta svo nægja fyrir hönd landbn. og legg til, að frv. verði samþykkt.

Haraldur Guðmundsson: Því miður hef ég eigi getað tekið þátt í afgreiðslu þessa frv. af ástæðum, sem ég mun ekki greina nú. Um höfuðtilgang frv. vil ég segja, að hann er réttmætur og er að ýmsu leyti stefnt til betri hátta og framkvæmda en verið hefur í þessum efnum. Ég hygg, að þess megi vænta, að með framkvæmdum með fullkomnustu vélum megi búast við, að jarðræktarframkvæmdir verði fullkomnari og ódýrari en verið hefur. Það eru og meiri líkur til, að þetta verði tryggt með stofnun félagssamtaka, sem skulu sjá um þessar framkvæmdir. Hins vegar er ég ekki á sama máli um, að rétt sé, eins og gert er ráð fyrir í 8. og 9. gr., að þessi félagssamtök verði kaupendur og eigendur þessara véla. Ég tel, að verkfæranefnd ríkisins ætti að sjá um þetta starf og ætti og leigði út vélarnar með æfðum mönnum til að stjórna þeim. Um þau ákvæði, er fjalla um mælingar og athuganir og að kostnaður við þær skuli að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi, er mér ei fullkomlega ljóst, hvað hér er átt við.

Ríkissjóði er gert að greiða ¾ af þessum kostnaði.

Ég er samþykkur því, sem stendur í 9. gr. Ég hygg, að það hlutfall sé ekki fjarri lagi. Í frv. segir, að verja skuli í þessu skyni allt að 3 millj. kr. og segi ríkisstjórnin til á hverjum tíma, hve langt skuli gengið í þessu efni.

Ég verð að segja, að í sambandi við 18. og 19. grein er mér ekki ljóst, til hve mikils kostnaðar er stofnað. Það mætti samkvæmt 18. gr. líta svo á, að hlutaðeigendur gætu krafizt, að byggingafróður maður gerði tillögur um, hvernig byggingunum yrði háttað, og samkvæmt 19. gr., að þeir gætu krafizt teikninga af þessum húsum. Ég hygg, að ástæða væri til að athuga nokkru nánar þessi atriði.

Ég vildi, að þessi aths. kæmi fram nú við þessa umr.

Mun ég greiða frv. atkv., en áskil mér rétt til að gera brtt. síðar.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 3. landsk. (HG) tekur fram, að hér fylgja ekki upplýsingar um kostnað, sem stafar af undirbúningi, athugunum og mælingum. Ég hef spurzt fyrir um það hjá þeim, sem fjallað hafa um þetta efni, hvort þeir hefðu athugað þessa hlið. Þeir hafa ekki gert það. Ég get ekkert upplýst um þetta, en býst við, að kostnaðurinn verði vel viðráðanlegur. Nú hagar svo til, að ekki er eins mikill munur á því í raun og veru og virðist, ef fljótt er á litið, hvort ríkissjóður ber þennan kostnað eða einhver annar aðili, til dæmis Búnaðarfélag Íslands. Það félag hefur mestar tekjur sínar úr ríkissjóði, og er því nokkurn veginn sama, hvort fé er greitt beint úr ríkissjóði eða látið ganga gegnum félagið. Þetta gæti breytzt í framtíðinni. Nú liggur fyrir frv., þar sem gert er ráð fyrir nýrri tekjuöflun fyrir Búnaðarfélag Íslands.

Annað atriði er það, hvort heppilegra væri, að búnaðarsamböndin eða rannsóknarsvæðin ættu verkfærin eða ríkið. Það er nokkurt álitamál. Mér virðist, að það mundi vera heppilegra og þægilegra, að rannsóknarsvæðin eigi þau. En af því að þetta er álitamál, getur svo farið, að síðar verði kveðið á um þetta á annan hátt en gert er hér.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta að öðru leyti.

Haraldur Guðmundsson: Ég verð að segja, að mér finnst ég ekki skilja þetta svo, að einstaklingur geti krafizt rannsókna hjá sér, heldur sambandssvæðin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
15.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26.—30. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 759).

---

71. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (frv. fjhn. Ed.).

Á 81. fundi í Sþ., 5. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna** (þmfrv., A. 752).

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og grg. frv. ber með sér, hefur fjhn. þessarar d. flutt þetta frv. að tilmælum fjmrh. Þar sem hæstv. ráðh. er nú staddur í d., hygg ég hann muni sjálfur gera nánari grein fyrir því. Hér er um framlengingu að ræða í raun og veru, þó að orðalagið sé miðað við það, að l. féllu niður við síðustu áramót, og verður því að taka þau upp af nýju. En þegar ráðh. sendi n. frv., hafði hann ekki að fullu gengið frá athugun á því. Mun ég ekki fara um málið fleiri orðum, en vísa til þess, sem hæstv. ráðh. mun segja til skýringar á því.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Með l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, var ríkisstj. heimilað að fella niður tolla af ýmsum kornvörutegundum og lækka um helming þungatoll og verðtoll af alls konar sykri. Þessi heimild var svo endurnýjuð með l. frá 1943 og 1944, en féll úr gildi um síðustu áramót. Ríkisstj. taldi ekki verjandi annað en að leita framlengingar á þessum l. að nýju, þar sem það mundi hafa óhjákvæmilega í för með sér nokkra hækkun á dýrtíðarvísitölu, ef þessi tollaívilnun

félli niður. Það er að vísu ekki gróðavegur fyrir ríkissjóð út af fyrir sig að viðhalda þessari tollalækkun. Tekjurýrnun fyrir ríkissjóð af þessari ívilnun mun nema kr. 1½ milljón á ári. Þungatollur af sykri mun nema 585 þús. kr., verðtollur 281 þús. kr. og verðtollur af kornvörum 687 þús. kr. Þetta er sem næst 1½ milljón. Ég vil taka fram, að þessar upplýsingar hef ég fengið frá Hagstofunni, og er innflutningur miðaður við árið 1943, en verðlagið við 1944. Þetta er ekki alveg nákvæmt, en skakkar ekki miklu. Aftur á móti mun dýrtíðarhækkunin, sem stafa mun af því, ef tollarnir koma aftur í gildi, nema sennilega allt að 2 stigum. Fyrir ríkissjóð út af fyrir sig borgar sig að fá tollana aftur. En með tilliti til þess, að hæpið þykir, að a. m. k. sumir atvinnuvegirnir í landinu þoli hærri dýrtíðarvísitölu en þegar er orðin, þótti ekki ráðlegt að eiga nokkuð á hættu í þessu efni. Þess vegna varð samkomulag í ríkisstj. að leita þessarar heimildar áfram. Hefur hv. fjhn., eins og formaður hennar gat um, flutt frv. fyrir ríkisstj. eftir beiðni hennar. Ég geri ekki ráð fyrir, að ástæða þyki að vísa málinu í n., þar sem það er fram borið af n., og vildi mælast til við hæstv. forseta, að hann flýtti fyrir framgangi frv. svo sem mögulegt er, því að ætlazt er til, að l. taki gildi frá síðustu áramótum. En nú stendur svo á, að skip er annaðhvort komið að landi eða von á því á næstunni. Mér er að vísu ekki kunnugt, hvort með því eru þær vörur, sem hér um ræðir, en ekki er það ólíklegt. Æskilegt væri að taka þetta frv. með afbrigðum til síðari umræðna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Með l. nr. 98 1941 var ríkisstj. heimilað að fella niður með öllu toll af ýmsum kornvörum og lækka sykurtoll um helming. Þessi heimild gilti fyrir 1942, en var síðan framlengd bæði 1943 og 1944, en féll úr gildi við síðustu áramót. Ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að leita heimildar til framlengingar á þessu máli, og var þetta litla frv. því flutt af fjhn. Ed. að beiðni ríkisstj. Mér þykir rétt að upplýsa það hér, þó að ég búist ekki við ágreiningi um þetta, hvaða áhrif þetta hefur fyrir ríkissjóð. Tollalækkunin á sykri nemur sem næst 585 þús. kr. í þungatolli og 281 þús. kr. í verðtolli, eða samtals 866 þús. kr., en niðurfelling korntollsins 687 þús. kr., samtals næstum hálf önnur millj. á ári. Ef tollar þessir væru aftur látnir ganga í gildi, mundi dýrtíðin sennilega hækka um 2 stig. Ég vil taka það fram, að þessar upplýsingar eru miðaðar við innflutning korns og sykurs 1943, en verðlagið við seinni hluta ársins 1944. Þrátt fyrir að segja megi, að fjárhagslega borgi þetta sig ekki fyrir ríkissjóð, var ekki annað fært, vegna hækkunarinnar á vísitölunni, en leita framhalds á þessum heimildum. Málið er flutt af n. og gert ráð fyrir, að ekki þurfi að vísa því til n. hér í þessari hv. d. En ef ekki er ágreiningur um málið, mælist ég til þess við hv. forseta, að hann að þessum fundi loknum leiti afbrigða fyrir því, að málið fái að koma fyrir, svo að það fái afgreiðslu. Ég fer fram á þetta af því, að ekki er að vita, nema nú standi svo á, að skip með þessar vörur sé um það bil að koma að landi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

---

72. Hafnarlög fyrir Akranes.

Á 83. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942 (þmfrv., A. 570).

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 86. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég þarf ekki að fylgja frv. úr hlaði með mörgum orðum, grg. þess mundi nægja. Með þeim framkvæmdum, sem orðnar eru í hafnargerð Akraness á undanförnum árum, er nærri lokið þeim fjárupphæðum, sem lög til tóku, og nú er búizt til mikilla og dýrra hafnarbóta, sem afla verður fjár til. Ég leyfi mér því í frv. að fara fram á hækkun bæði á þeim hluta kostnaðar, sem er beint framlag ríkissjóðs, og þeirri ábyrgð, sem ríkið á eftir venju og lögum að taka á sig vegna hluta af kostnaði. Upphæðirnar eru miðaðar við áætlanir, sem gerðar hafa verið. Vel getur komið fyrir, að þær reynist of lágar og þurfi að hækka síðar, en það verður ekki á næstu árum.

Af því að svo er áliðið þingtímans, vildi ég mælast til þess við sjútvn., sem eflaust mun fjalla um málið, að hún hraði afgreiðslu þess svo, að það geti komizt gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 570, n. 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál stendur í sambandi við þær framkvæmdir, sem nú er verið að gera á Akranesi. Nauðsynlegt er að hækka þessar upphæðir, til þess að verkinu verði haldið áfram.

Sjútvn. hefur, eins og venja er til, leitað umsagnar vitamálastjóra, og leggur hann til, að frv. verði samþ. eins og það er á þskj. 570.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 570, n. 733).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar. Hún hefur borið frv. saman við gildandi hafnarl. og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það er að vísu gengið hér inn á dálítið nýja braut með þessum l., þannig að hlutfallið er látið halda sér á milli þess, sem hafnarsjóður leggur til og ríkissjóður, eins og það var áður, þrátt fyrir það að búið sé að gera þennan stað að bæ, en þegar áður var veitt til þessa staðar, hefur hann verið hluti af sýslunni og því komið til sýslusjóðs samfara ábyrgð hreppsins. Það kom til umr. út af þessu atriði, hvort rétt væri að breyta samþ. til þess að taka inn meira gjald af fiskibátum, en þær upplýsingar lágu fyrir, að ekki mundi ástæða til þess, því að hafnarsjóður á Akranesi hefur staðið undir öllum sínum skuldbindingum, án þess að hækkaður hafi verið hundraðshlutinn af þeim gjöldum, sem kæmu frá bátum.

Sjútvn. vill leyfa sér að taka fram, að hún væntir þess, að hæstv. ríkisstj. geri sitt til þess að undirbúa almenn hafnarl. fyrir næsta Alþ., þar sem brýn nauðsyn er til þess, að þessum málum sé þannig komið fyrir, svo að ekki gangi allmikið af starfstíma þingsins til þess að fjalla um þessi mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

---

73. Kirkju- og manntalsbækur.

Á 41. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur) (þmfrv., A. 305).

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Jón Sigurðsson): Það mál, sem hér liggur fyrir og ég er flm. að, er nýtt á vissan hátt. Ég hygg, að það séu í raun og veru ekki til nein l. um færslu kirkju- og manntalsbóka eða sálna-

registra. Þau ákvæði, sem ég gat fundið, eru í fyrsta lagi í biskupsbréfi frá 1746, þar sem svo er fyrir mælt, að prestar skuli gera skrá yfir fædda, dána, gifta og fermda og sálnaregistur. Það var fyrst með konungsbréfi frá 1812, að prestum er gert að skyldu að færa kirkjubækur. Í þessu konungsbréfi er svo til ætlazt og mælt svo fyrir, að kirkjubækur skuli vera í tvíriti, og enn fremur tekið fram, að prestur færi annað eintakið, en hitt djákninn eða annar trúverðugur maður. Þessu mun hafa verið fylgt nokkurn veginn til 1880, en eftir þann tíma hverfur mikið til annað eintakið, og eftir 1900 hefur engin tvíritun átt sér stað.

Það er bersýnilegt af þessu konungsbréfi, að tilgangurinn með þessu er sá, að þótt svo færi, að kirkjubækur brynnu eða glötuðust á annan hátt, þá væri þó alltaf tryggt, að hitt eintakið væri til, og það var meira að segja svo strangt ákveðið í þessu konungsbréfi, að aldrei skyldi koma fyrir, að báðar bækurnar væru samtímis undir sama þaki.

Nú hefur reynslan sýnt og er búin að margsýna, að þessa ákvæðis í konungsbréfinu hefur verið þörf. Þeir eru nær því óteljandi brunarnir á prestsetrum, frá því að þetta konungsbréf kom út, og í mjög mörgum tilfellum hefur hlotizt af því, að fleiri eða færri kirkjubækur hafa brunnið. Það eru fjöldamargar sóknir og prestaköll á landinu, sem eiga ekki eina einustu kirkjubók, hvorki sálnaregistur né manntalsbækur, sum um hundrað ára skeið. T. d. á það prestakall, sem ég er í, engar kirkjubækur til, aðeins lítils háttar slitur af sálnaregistri frá 1815 til 1919, svo að hvorki ég né fjöldamargir sveitungar mínir getum lagt fram plögg um það, að við höfum fæðzt eða verið til. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi, en svona er hægt að benda á fjöldamörg dæmi víða á landinu. Maður þarf ekki annað en fara á þjóðskjalasafnið og kynna sér, hvað er til af slíkum bókum þar.

Svo er annað, að mörgum mönnum finnst sárt að þurfa að láta þessar bækur frá sér, þar sem í þeim eru fjöldamargar heimildir um héraðið, sem þeir vilja ógjarnan missa. Þetta hefur líka orðið til þess, að ýmsir hafa haldið þessum bókum miklu lengur en þeir hafa raunverulega leyfi til, og hefur það orðið til þess, að bækurnar hafa misfarizt í brunum eða á annan hátt.

Í þessu frv. er tekin upp sú gamla tilskipan, að kirkjubækur skuli tvíritaðar, og það á þann veg, að til þess að þetta verði sem auðveldast, þá sé það sóknarn., hver í sinni sókn, sem eigi að sjá um annað eintakið, og einhver maður, sem sóknarn. velur til þess, færi inn í bókina og varðveiti hana. Þetta verður að sjálfsögðu að vera í fullu samstarfi við prestinn, sem gefur allar upplýsingar þar að lútandi, en víðast hvar er þetta hverfandi lítið verk fyrir þá menn, sem þar eiga hlut að máli. Þeir eiga hvort eð er að færa skrá í bækur sínar yfir alla gjaldendur til sóknarinnar, og þá munar ekki mikið, hvað manntal snertir, þó að þeir færi einnig þá, sem eru innan við 15 ára aldur. Það er þess vegna óhætt að segja, að þetta sé tiltölulega lítil fyrirhöfn, samanborið við ávinninginn, sem hlyti af því að verða. Hér er um tilraun að ræða til að varðveita mjög merkilegar heimildir, og þegar þessi skipan er komin á, þá eru sveitirnar eða héruðin ekki lengur svipt þessum heimildum.

Ég sagði, að mörgum mönnum væri sárt um að missa þessar bækur vegna heimildanna, sem þær hafa að geyma, en með tvíritaðu bókunum er gert ráð fyrir, að bækurnar gangi til héraðsbókasafnanna, og eru héruðunum þannig líka tryggðar þessar bækur til eignar og afnota. Ég veit líka, að í margra augum er það ekki ómerkilegt atriði, að víða úti um sveitir eru menn, sem unna íslenzkum fræðum, bæði sagnfræði og ættfræði og hvers kyns mannfræði, og gjarnan vilja stunda þær fræðigreinar í tómstundum sínum, en hafa engin tök á að dveljast langdvölum í Reykjavík, því að öllum slíkum heimildum er sópað hingað.

Ég álít beinlínis metnaðarmál fyrir héruðin að reyna að varðveita slíkar heimildir á öruggum stöðum í héraðinu fyrir þá menn, sem áhuga hafa á því, svo að íbúarnir hafi afnot af þeim. Þetta hlýtur að vera einn þáttur í menningarbaráttu sveitanna að tengja þannig saman og hlýtur ávallt að byggjast á að tengja saman fortíð og nútíð.

Það má segja, að héraða- og kaupstaðabókasöfn hafi fengið með þessu ný verkefni, sem ég tel ekki ómerk. Það hefði átt að vera búið að taka það upp víðs vegar um landið. Ég vil hvetja til þess að safna ýmsum óprentuðum heimildum, sem oft geta verið á víð og dreif um héraðið, en verða síðar meir mikils virði sem heimild að sögu héraðsins. Slíkar heimildir glatast nú margoft, vegna þess að enginn staður er til að geyma þær og enginn hirðir heldur um að safna þeim.

Ég skal geta þess, að ég hef borið þetta frv. undir forstöðumann þjóðskjalasafnsins og starfsmenn þess og sömuleiðis biskup. Hafa þeir tjáð mér, að þeir teldu mjög æskilegt og enda nauðsynlegt, að slík ákvæði kæmust í l. Ekki sízt er þeim á þjóðskjalasafninu kunnugt um, hvernig þetta hefur margoft farið forgörðum.

Ég fjölyrði ekki frekar, en vænti skilnings manna í hv. d. Það getur verið álitamál um nefndina, en af því að þetta er menningarmál, finnst mér eðlilegast að vísa málinu til menntmn. og legg það því til.

Sveinbjörn Högnason: Ég er hv. flm. sammála, að mikil nauðsyn er löggjafar um bókhald við prestþjónustu úti um land og það sem fyrst. Hins vegar er ég ekki alveg viss um, að hér sé bent á einu réttu leiðina til úrbóta, og kemur þetta vitanlega til athugunar í n. Fyrir því vil ég skjóta fram nokkrum aths. Það þarf sérstaklega að fá lagfæringu í það horf, að til séu fullkomnar heimildir í landsbóka- eða þjóðskjalasafninu, sem fræðimenn hafi aðgang að, og líka heima í héraði, eins og hv. flm. sagði, og það í viðtækari mæli en þskjs. hefur nú leyfi til. En það hefur nú tekið bækurnar, jafnan þegar þær eru fullfærðar, og það jafnvel án vitundar prestsins, en um slíkt veit ég dæmi. Það er bagalegt að hafa ekki slík skjöl til heima í héraðinu, þar sem það tekur oft talsverðan tíma að fá vottorð frá Lbs. Hins vegar þarf að vera trygging fyrir, að þau glatist ekki eða skemmist og séu ávallt tiltæk þeim, sem nota vilja þau til fræðiiðkana.

En mér skilst, að með því, sem hér er lagt til, sé þetta ekki að fullu tryggt. Hér er tvennt, sem þarf að lagfæra: að tryggja, að heimildirnar glatist ekki, og í öðru lagi, að þær skemmist ekki. En þetta tvennt kemur iðulega fyrir, alveg eins og hv. flm. benti á. Þær glatast með ýmsu móti, t. d.

í bruna og flutningum. Mér er líka kunnugt, að ekki mjög gamlar bækur eru lítt læsilegar á mörgum köflum, vegna þess að þetta er eina eintakið og notað daglega, en ekki til almennileg geymsla á heimilinu. Prestsetrin eru mörg ekki betur hýst en svo, að ómögulegt er að geyma óskemmda bók eitt einasta ár, hvað þá lengur. Þegar ég bjó eitt ár á prestsetri norðanlands eða einn vetur, skemmdist allt bókasafn mitt, hver einasta bók, af því að enginn staður var til í bænum ólekur. Þannig er þetta á mörgum prestsetrum. Sama mundi náttúrlega gilda um húsakynni hjá mörgum bændum eða sóknarnefndarformönnum. Ég held því, að tilgangurinn væri betur tryggður með því, að bækurnar væru færðar af prestinum og geymdar á prestsetrinu, eins og nú er gert, og presturinn afritaði árlega og sendi afritið til Lbs. með öðrum skýrslum, sem hann sendir árlega frá sér. Skýrslurnar geta verið þannig gerðar, að gott sé að festa þær inn í lausblaðakápu. Ef þessar skýrslur eiga að vera í förum um sveitirnar og í notkun þannig um mörg ár eða áratugi, geta þær verið orðnar stórskemmdar, þegar að því kemur, að þær eiga að fara í Lbs. Auk þess er æskilegast fyrir Lbs. að geta haft heimildirnar sem nýjastar. A. m. k. höfum við prestar orðið varir við, að bókaverðir eru mjög ágengir að taka bækurnar, helzt áður en þær eru fullskrifaðar.

Þessu vildi ég aðeins skjóta fram fyrir n. Ég álít mjög nauðsynlegt að taka til rækilegrar yfirvegunar, hvernig eigi að koma fram þessu tvennu: að hafa heimildir þessar varðveittar óskemmdar á einum stað heima í héraði, en einnig í Lbs. Þykir mér líklegt, að n. kalli sér til aðstoðar og ráðleggingar þá menn, sem þetta mál skiptir mestu. Þjóðskjalavörður mun nú eiga sæti í n., en þá eru enn fremur biskup og skrifstofustjóri hans.

Flm. (Jón Sigurðsson): Ég er hv. þm. V.-Sk. þakklátur fyrir undirtektir hans og skilning á nauðsyn þeirri, sem hér er um að ræða. Það er ekkert atriði í mínum huga, að verk þetta verði unnið á einn einasta veg. Aðalatriðið er öryggið, sem við erum sammála um, að þurfi að tryggja, og í öðru lagi, að héruðin úti um landið hafi hjá sér þessar heimildir í framtíðinni, sem svo geta orðið vísir að safni héraðsfræða, sem varðveitast heima í héraði. Samt vil ég benda á, að nokkur brögð hafa orðið að því, að erfitt sé að fá skýrslur frá einstökum prestum, og það þótt í smærri stíl sé en að afskrifa kirkjubækurnar fyrir árið, en það skildist mér hv. þm. ætlast til. Mér skilst hann vilja taka afrit af kirkjubók og manntalsbók. Prýðilegt væri það, ef það þá fengist gert árlega, en dragist ekki von úr viti, sem ég hygg, því miður, að stöku sinnum hafi átt sér stað. Í því sambandi vil ég benda á, að með því skipulagi, sem er í frv., er dálítil trygging. Það getur alltaf komið fyrir, og þarf ekki að vera af neinu frámunalegu hirðuleysi í embætti, að prestur gleymi að færa inn. Um þetta veit ég dæmi. En með því móti, að í hverri sókn sé maður, sem beri saman við prestinn a. m. k. fyrir árið, mundi vera tilviljun, ef ekki rifjaðist upp fyrir báðum, ef eitthvað hefði gleymzt. Ég geri nú ekki að kappsmáli samt sem áður, hvaða leið er farin, fyrir mér vakir aðeins að ná því marki, sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 72., 73. og 74. fundi í Nd., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 305, n. 465).

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Menntmn. þessarar d. hefur haft frv. til athugunar og leggur eindregið til, að það nái fram að ganga með breytingum, sem varða eingöngu upphaf 3. gr. frv. N. telur rétt, að frestur til að afhenda kirkjubók, eftir að hún er fullskrifuð, sé ákveðinn 15 ár, en ekki 10 ár eins og í frv. stendur. Til þess liggja m. a. þau rök, að sóknarprestar þurfa að skrifa aldur fermingarbarna út úr kirkjubókum, og miðast 15 ára fresturinn einkum við það. Þá þótti n. ástæða til að bæta inn ákvæði um, hve lengi sóknarprestar megi hafa sömu kirkjubókina í notkun. Þess eru ekki allfá dæmi, að þær hafi verið notaðar 70—80 ár í fámennum söfnuðum. Á svo löngum tíma er afar hætt við, að bók eyðileggist, áður en hún verður safnskyld. Þessar brtt. höfum við borið undir flm., og hann hefur tjáð sig þeim samþykkan.

Sveinbjörn Högnason: Við 1. umr. málsins hafði ég bent á, að æskilegt væri, að þessu yrði fyrir komið á annan hátt en í frv. Það, sem fyrir flm. vakti, var, að bæði væru til heima í héraði og í þjóðskjalasafninu kirkjubækur, sem færðar væru eins langt fram og hægt væri að gera kröfur til. Ég hefði talið réttara, að hvert prestakall héldi alltaf sínum bókum, en prestum væri gert skylt að senda árlega eftirrit af þeim til þjóðskjalasafnsins, sem gæti síðan látið binda þau eftirrit í bækur og geymt til sinna nota. Þetta hefur n. ekki tekið til greina, heldur kýs þá leið, sem frv. til tekur og ég tel miklu verri. Ég þori að fullyrða, að mest er þörfin fyrir kirkjubækur heima í héraði. Það hefur lengi valdið mjög miklum óþægindum, þegar búið er að senda kirkjubækur að heiman, áður en þorri þess fólks er horfinn, sem þar er skráður, og þó munu allir sóknarprestar hafa verið mjög fhaldssamir með að senda frá sér bækurnar fyrr en í síðustu lög. Það mun ekki vera nema á örfáum stöðum, sem það hefur getað komið fyrir, að sama kirkjubókin væri notuð 70—80 ár, sjaldan lengur en 10—20 ár, og eigi að afhenda þær í síðasta lagi 15 árum eftir það, er e. t. v. flest fólk á lífi, sem þar er skráð. En svo ríkt hefur verið eftir bókunum gengið, að árekstrar hafa orðið milli presta og safnsins, og hef ég sjálfur sögu af því að segja. Svo langt var gengið, að áreið var stundum gerð heim á prestsetur og kirkjubók numin brott án vitundar prestsins.

Ég tel nauðsyn, að tryggt sé, að bækurnar verði heima í prestakallinu sjálfu. Ég sé ekki betur en þörf þjóðskjalasafnsins sé miklu betur fullnægt með því að láta presta senda afrit heldur en með aðferð frv., og móti því ættu engir að vera nema helzt prestarnir, sem fyrirhöfnin væri lögð á. En það munu þeir kjósa miklu heldur en láta bækurnar. Ég mótmæli því alveg, að lögfest verði að

taka frumritin af prestaköllunum 15 árum eftir að hætt er að skrifa í þau. Bækurnar má ekki taka fyrr en eftir a. m. k. 70—80 ár, þegar fólkið, sem þar er skráð, er að mestu horfið.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Það vildi svo til, þegar þetta frv. var til 1. umr., að ég var fjarstaddur vegna sjúkleiks og heyrði ekki málfærslu hv. þm. V.-Sk. En á fundi n. gat hv. þm. A.-Sk. um till. hans, að vísu ekki fyrr en búið var að samþ. um afgreiðslu málsins í n., en ég býst ekki við, þótt fyrr hefði verið frá henni skýrt, að n. hefði lagt til að hverfa frá þeim hætti, sem frv. vill á þessu hafa. Hv. þm. V.-Sk. var að ræða um ýmiss konar óþægindi, sem hlotizt hefðu af því fyrir fólk, að kirkjubækur voru ekki kyrrar í prestaköllum. Ég veit ekki betur en með frv. sé verið að reyna eins fullkomna bót á þessu og unnt er og engu verri en yrði með aðferð hv. þm. V.-Sk. En þegar kirkjubækur liggja hver í sínu prestakalli og fólk, sem statt er annars staðar á landinu, þarf að ná til þeirra, verða oft að því mikil óþægindi, að ég ekki nefni Vestur-Íslendinga, sem alltaf eru að leita til okkar um vottorð úr kirkjubókum.

Ég veit, að þm. hlýtur að viðurkenna, að það er ákaflega óheppilegt, að sama embættisbókin sé mjög lengi í notkun. Dæmi, sem hann álítur mjög fá, um 70—80 ára notkun, eru það ekki, og mætti, ef þyrfti, færa til tölurnar um langa notkun.

Hann ræddi einnig um árekstra milli presta og safnsins. Ég get fullyrt um þann áratug, sem ég hef verið þjóðskjalavörður, að aldrei hefur orðið árekstur um þetta milli presta og mín eða annarra starfsmanna safnsins, enda hef ég yfirleitt hliðrað til við presta, þegar þeir hafa óskað undanþágu um stund, og þeir hafa aldrei gert um það ósanngjarnar kröfur. Ég veit því ekki, hvaða misklíðir hv. þm. á við.

Sveinbjörn Högnason: Ég get lýst yfir, að það, sem ég átti við, gerðist, áður en núverandi þjóðskjalavörður tók við, og hann mun ekki hafa gengið eins hart að í þessum efnum og fyrirrennari hans. Hinu verður ekki neitað, að samkv. ákvæðum frv. yrði aðalbókin tekin af prestunum, sem eiga að gefa vottorð úr þeim, og ég hygg satt að segja ekki hægt að treysta því, að þau eintök, sem eiga að geymast á flækingi um sveitina hjá þeim mönnum, sem sóknarnefndir kunna að fela að taka afritin, verði ætíð til mikilla nota. Maður veit, hvernig um þau muni fara á stundum, og ég býð ekki tvo aura í svoleiðis eintak, held það verði engum til gagns.

Ég bjóst við, að n. mundi fara að till. minni, þar sem þá var hvorum tveggja, prestaköllunum og safninu, tryggð hin ákjósanlegasta úrlausn. Nú brást sú von, og mun ég því bera fram um það brtt. fyrir 3. umr.

Hv. frsm. segir, að fólk, sem flutt er frá fæðingarstöðvum sínum, hafi mikil óþægindi af því, ef kirkjubækur komi ekki fljótt á þjóðskjalasafnið. Þá ætti hann að fylgja till. minni, sem bætir langbezt úr því. Annars á þetta helzt við það fólk, sem flyzt til Reykjavíkur og vill flytja kirkjubækurnar með sér til hagræðis, en fólki annars staðar á landi eða vestan hafs er engu verra að skrifa sóknarpresti og biðja um vottorð hans en til þjóðskjalasafns, og hef ég ávallt svarað þeim bréfum undireins, og það munu prestar yfirleitt gera, sízt seinna en gert er á þjóðskjalasafninu. Og hinir eru ólíkt fleiri, sem kyrrir sitja. Með minni till. er hvorum tveggja gert jafnhátt undir höfði.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins taka fram til skýringar, að réttur manna í héraði og þeirra, sem burt eru fluttir, er jafnt tryggður, hvort sem fylgt er till. frv. eða hv. þm. V.-Sk. Annað var það, sem hv. þm. sagði og mér þótti ákaflega eftirtektarvert og raunar kærkomið að heyra af hans vörum, að hann byði ekki tvo aura í kirkjubókarhandrit, sem búið væri að ganga manna milli allan þann tíma, sem kirkjubókum er ætlað að endast, áður en þær verði safnskyldar. Hann veit, hvað verða vill um bækur, sem þannig þvælast ein 50 ár. Það eiga að vera sóknarnefndarformenn, sem gæta þeirra, og þeir eru í því efni sízt verr settir en prestar, sem taka við prestakalli einn af öðrum, og ekki hægt að gera upp á milli, hvort betur ætti að geymast, frumrit eða afrit. Með þessu hefur þm. viðurkennt þá miklu nauðsyn, sem er á því, að kirkjubækur liggi ekki allt of lengi í prestaköllum, áður en þær verða eign safns. Óþægindin, sem hann hyggur, að verði eftir burtflutning bókar, þegar afritið væri eftir týnt eða ónýtt, ættu að verða fátíðari en hann hyggur, og ég tek ekki orð hans um afritin allt of bókstaflega, og þá er símasamband við Reykjavík úr flestum sóknum, póstgöngur greiðar og góðar víðast hvar, og enginn má miða við þær tafir, sem stríðið hefur valdið á afgreiðslu safnsins, þegar handritin eru geymd austur á Flúðum í Hrunamannahreppi og ekki þykir fært að fara þangað oftar en mánaðarlega til að sinna afgreiðslu vottorða og slíkra erinda. Við skulum vona, að þessu ógnafári sé brátt lokið, og verðum að greiða atkvæði í þessu máli með venjulegt ástand í huga.

Sveinbjörn Högnason: Hv. frsm. vildi undirstrika þau orð mín, að ég gæfi ekki tvo aura fyrir afrit, sem búin eru að flækjast milli sóknarmanna um fjölda ára. Í frv. segir, að heimilt sé sóknarn. að fela afritun öðrum mönnum, sem hún telur til þess færa. Við vitum, að þetta er rétt, að í langflestum tilfellum yrði slík kirkjubók orðin ónýt, og það er allt annað en kirkjubók, sem er kyrr hjá presti allan tímann.

Ég get ekki skilið, hvað þjóðskjalasafnið er bættara með að fá bækurnar, sem fullskrifaðar eru, eftir 50 ár, því að gera má ráð fyrir, að það verði ekki fyrr, fremur en að fá afrit árlega og geta þannig sjálft fengið ný eintök, jafnóðum og bækurnar eru færðar.

Hvað viðvíkur því, sem hv. frsm. sagði, að erfitt sé nú að fá nokkuð frá þjóðskjalasafninu, þá vita allir, að mjög erfitt hefur verið að ná í nokkuð frá safninu, eins og aðstæður eru nú. Ég hygg, að að því geti komið, að menn muni um að borga fyrir símtal 3—5 kr., þótt slíkt þyki smámunir nú á tímum, og fólk kæri sig ekki um að þurfa að nota símann til þess að geta náð í nauðsynleg vottorð. Þess vegna finnst mér fyrir mitt leyti alveg sjálfsagt, að fólkið heima fyrir hafi sitt eintak og þjóðskjalasafnið annað, svo að báðir geti notað þau eftir því, sem þarf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 465 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 78. og 86. fundi í Nd., 21. nóv. og 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Nd., 5. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 513).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Af þeim umr., sem urðu um þetta mál við 2. umr., hefði ég búizt við brtt. frá þm. V.-Sk. Hún er ekki enn þá fram komin, og vildi ég mælast til þess við forseta, að hann frestaði málinu um sinn.

Forseti (JörB): Ósk hv. þm. er tekin til greina og málið tekið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (JörB): Mér er tjáð, að mál þetta sé ekki alls kostar tilbúið til þess að ræðast nú, og mun því bezt að fresta umr. að þessu sinni.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Ég óska eftir upplýsingum um það, í hverju það er fólgið, að málið sé ekki undirbúið til þess að verða tekið til umr. nú.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég hafði gefið hæstv. forseta þær upplýsingar, að málið hefði verið tekið af dagskrá, þegar það var á dagskrá síðast, vegna þess að ég hefði verið með brtt., sem ég vildi koma á framfæri. Ég ræddi við form. menntmn. og flm., og voru þeir sammála um, hvernig þær mundu verða, ef fram kæmu. En ef þær kæmu ekki frá n. og n. ætlaði ekki að skila áliti með þeim brtt., ætlaði ég að flytja brtt.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. — Ég vil bera þá ósk fram við hæstv. forseta, að mál þetta verði tekið á dagskrá sem fyrsta mál á næsta fundi hv. d., því að það hefur tafizt óhæfilega lengi. Er ekkert að sakast um það. En ég sem form. menntmn. hef reynt að ná samkomulagi við hv. þm. V.-Sk. (SvbH) um afgreiðslu málsins. En ég endurtek þessa ósk mjög eindregið, að málinu verði hraðað.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég vil bara upplýsa það í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. þm. (BG) sagði, að við vorum búnir að ná fullkomnu samkomulagi um þessa brtt. En sjálfur upplýsti hann við mig, að ekki hefði náðst samkomulag við n. um hana.

Forseti (JörB): Ég mun af minni hálfu alls ekki tefja afgreiðslu þessa máls. Væntanlega verður þá málið tilbúið á næsta fundi, til þess að unnt verði þá að taka það til lokaafgreiðslu hér í hv. d., og það skal ekki standa á því, að það verði tekið á dagskrá.

Umr. frestað.
Á 89. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Nd., 12. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 513, 637).

Frsm. (Barði Guðmundsson): Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta að lengja ekki umr. í dag. Ég vil aðeins geta þess, að menntmn. leggur til, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Sveinbjörn Högnason: Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 637. Ég hef við fyrri umr. málsins lýst, hvaða breyt. ég óska að fá á frv. til að ná því sama og hv. flm. lýsti, að væri aðaláhugamál sitt að tryggja með flutningi þessa frv., en það var, að ætíð væri til heima í héraði og sömuleiðis á aðalsafni landsins nothæft eintak af þessum kirkjubókum. Nú er það sjáanlegt, að eins og frv. er flutt, þá er ekki hægt að ná þessum tilgangi, svo að fullnægjandi sé. Ef frv. er samþ. óbreytt, þá koma þær ekki til safnsins fyrr en a. m. k. nokkrum áratugum eftir, að byrjað er að færa þær heima í héraði. Eftir því sem frv. ætlast til, þá verður bókin ekki til nema í mörgum brotum, sem sé fyrir hverja sókn út af fyrir sig, en ekki prestakallið í heild, hún verður m. ö. o. færð af mörgum mönnum. Yrði þá alltaf að fá menn úr hverri sókn til að vinna þetta starf í staðinn fyrir að taka afrit handa landsbókasafninu og sömuleiðis héraðsbókasafni, ef til er og þau óska eftir. Með brtt. minni næst því fullkomlega það, sem hv. flm. taldi höfuðmarkmið sitt, ef bækurnar eru til fullfærðar á hverjum tíma, bæði í þjóðskjalasafninu og heima í héraði, þar sem þau óska eftir, að það sé gert. Það næst enn fremur, að þau eintök, sem til eru, eru færð af þeim, sem sjálfur gerir skýrsluna, en gengur ekki milli manna og velkist í mörg ár, kannske milli margra heimila, eins og ella mundi. Þetta er því miklu tryggara til að ná höfuðtilgangi frv., en útilokar líka óþarfa umstang við að taka þessi afrit, eins og mundi verða, ef sérstakur maður væri fenginn til að taka afrit fyrir hverja sókn í prestakallinu. Sóknir í prestaköllum eru allt upp í sex, og væru það þá allt að sex menn, sem ættu að afrita þessi litlu brot hver fyrir sig. Við, sem þekkjum til úti um sveitir, vitum, í hvaða lagi það væri, ef margir menn ættu að færa þetta hver fyrir sig.
Ég játa fúslega, að með þessari breyt. er prestunum lögð miklu meiri skylda á herðar, en ég veit, að þeir eru fúsir til að taka hana að sér til þess að hafa bækurnar í lagi, því að ég veit, að þeir óska eftir, að bókhald þeirra og skýrslugerð sé í svo góðu lagi sem unnt er, og vilja heldur leggja á sig aukaerfiði en það sé gert á skotspónum af mörgum í prestakallinu, eins og ætlazt er til í frv. Þá er líka tryggt, að frumbókin yrði send til þjóðskjalasafnsins 50 árum eftir, að hún er útskrifuð, en presti þá afhent aftur afritin, sem hann hefur gert fram til þess tíma, svo að alltaf er til í prestakallssafninu afrit af kirkjubókinni, sem er fullkomlega færð fram til dags „dató“

á hverjum tíma. Þetta álít ég betra fyrir prestinn og margfalt betra og tryggara fyrir þá, sem eiga að nota safn ríkisins á hverjum tíma, að eiga bækurnar færðar fram á síðasta ár og að geta haft heima í prestakallinu bækurnar sjálfar eða afrit af þeim. Ég get því ekki skilið, hvað fyrir hv. n. vakir, ef hún telur sig til neydda að leggjast á móti þessari brtt. við frv. eða þá hv. flm. Ég hygg, að sá mótþrói sé algerlega á misskilningi byggður, því að eftir því sem mér virtist n. og hv. flm. áður líta á þetta mál, þá virtist mér ekkert bera á milli um, að það fyrirkomulag, sem ég sting upp á, sé talsvert betra en það, sem í frv. er.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Hv. þm. V.-Sk. segist ekki skilja, hvernig n. geti verið andvíg brtt. hans. Ég verð að segja, að ég botna ekkert í, hvers vegna hann hefur komið með þessa brtt. Hann segir, að það sé í samræmi við ákvæði frv. um að innheimta bækurnar, þegar hann í brtt. vill láta kalla þær inn fimmtíu árum eftir, að þær eru fullritaðar, en í frv. stendur fimmtíu árum eftir, að þær eru löggiltar til notkunar í embætti prestsins. Það munar miklu á þessu. Ef brtt. væri fylgt, þá mundi ekki nást í bækurnar, fyrr en þær væru orðnar 100 ára gamlar. Þetta virðist hann ekki athuga, og í raun og veru er á engan hátt hægt að segja, að brtt. feli í sér bót á frumvarpinu.

Hann leggur mikla áherzlu á, að heppilegast sé, að afritin séu gerð á laus blöð, sem séu send árlega til safnsins, og svo þegar fimmtíu ár séu liðin frá því að byrjað var að endurrita bókina, yrði loks krafizt bókarinnar sjálfrar, en hin lausu blöð endursend prestakallinu.

Ég vil benda á það í sambandi við þetta mál, sem hefur ekki svo litla þýðingu fyrir safnið, en það er pappírsmergðin. Það er versti fjandi safna, hinn óskrifaði pappír, sem berst þangað. Svona mundu bækurnar líta út samkvæmt því, sem ætlazt er til í frv. hv. 2. þm. Skagf. (Þm. sýndi nokkrar útskrifaðar opnur í bók.) Nú skal ég leyfa mér að sýna hv. þm., hvernig þessar bækur mundu líta út samkv. till. hv. þm. V.-Sk. (Hér sýndi þm. bók, sem var óskrifuð á annarri síðu, en skrifuð á hinni, sums staðar mjög lítið, sums staðar nokkru meira.) Þannig mundu afritin líta út samkv. till. hv. þm. V.-Sk., sama sem ekkert annað en óskrifaður pappír. Svona mundu afritin af prestþjónustubókunum líta út eftir till. hv. þm. V.-Sk., nákvæmt sýnishorn af því, ef brtt. hans er samþ. Nú flettum við blöðunum. Sjáið þið. Hér er skýrsla frá Hofteigsprestakalli, tvö nöfn á henni. Nú er hér aðeins tekið afrit af frumskýrslunni, en þar eru líka dálkar fyrir fædda, skírða, dána og gifta, svo að hver bók yrði a. m. k. 4—5 sinnum stærri en hér er um að ræða.

Svo kemur annað, sem vert er að gefa gaum, en það eru erfiðleikarnir á að halda öllu þessu í röð og reglu. Allir, sem eitthvað hafa fengizt við kaupskap, vita, hvað þægilegt er að eiga við lausblaðabækur. Það er hægt að nota þær í nokkur ár, en eins og hann gerir ráð fyrir að nota þær í fimmtíu ár eða þar yfir, þá yrði þetta gersamlega óframkvæmanlegt. Í þessu sambandi vil ég minna á orð, sem hv. þm. V.-Sk. lét falla við 2. umr. Hann sagðist ekki vilja gefa tvo aura fyrir prestþjónustubækur, sem væru bundnar. Svo leyfir hann sér að koma með brtt., sem gengur út á, að ekki sé hægt að innkalla bækurnar fyrr en eftir kannske hundrað ár. Ég vil skora á menn að fella þessa brtt. svo rækilega, að menn séu ekki að leika sér að að bera fram till., sem byggjast ekki á neinni skynsemi.

Sveinbjörn Högnason: Ég verð að segja, að mér finnst það koma úr einkennilegri átt, þegar menn heyra rödd frá forstöðumanni þjóðskjalasafns eða öðru slíku bókasafni og skjalaverði, sem byggist á jafnlítilli skynsemd og þessi ræða. Ég hygg, að eitt hafi verið rétt af því, sem hann sagði, en það var, að hann óttaðist, að hann mundi hafa svo annstrangt, að hann gæti ekki haldið öllu safninu í röð og reglu, eins og hverjum bókaverði er gleði að gera, sem vill hafa reglu á hlutunum.

Ég skal svo víkja að þeim blekkingum, sem hann var hér með, sem mig furðar á, að jafngreindur maður og athugull skuli láta henda sig að bera fram í áheyrn svo margra manna og skynugra sem eru hér í þessari hv. d. Hann kemur hér fram með afrit af kirkjubókum og segir, að versti fjandi safnanna sé hinn mikli óskrifaði pappír og að af honum verði svo mikið, ef skýrslurnar séu sendar árlega, því að það sé ekki hægt að skrifa nema á aðra síðuna. Hann tekur sem sönnunargagn fermingarskýrslur presta, sem eru svo útbúnar, að ekki er prentað frá hans hendi nema öðrum megin á blaðið. Það skilur hver maður, að auðvelt er að búa skýrsluform þannig út, að hægt sé að skrifa beggja vegna, eða er það einhver ný fræði frá þjóðskjalasafninu á Íslandi, að ómögulegt sé að skrifa nema öðrum megin, ef blöðin eru laus? Það er kyndug fræði frá mínum bæjardyrum séð, og ég vil óska skýringar á því frá hv. 5. landsk., sem er þjóðskjalavörður á Íslandi, hvers vegna sé ófært að útbúa slík skýrsluform handa prestum og öðrum þannig, að skrifa megi á blöðin beggja vegna (**BG:** Já, sú skýring skal koma.) Ég veit, hvað hann ætlar að koma með. Hann ætlar að segja, að í hverju prestakalli séu svo fá nöfn, að þau útfylli ekki blöðin. En hvers vegna ekki að hafa þau þá þannig úr garði gerð, að skrifa megi fleira en eitt á sama blað? Það er auðvelt að hafa þessi skýrsluform þannig, að skrifa megi á þau bæði fermingar, giftingar, skírnir og greftranir, allt á sama blað og báðum megin á það. Þessu má haga eftir því, hvernig prestaköllin eru, og hver einasti prestur mundi geta á klukkutíma útbúið form fyrir slíkar skýrslur, svo að bókavörðurinn þyrfti ekki að mæðast mikið yfir þessum auða pappír, sem hann óttast svo mjög. M. a. skyldi ég bjóðast til að búa út fyrir hv. 5. landsk. form af eyðublöðum, sem útilokaði, að meiri eyður væru á afritunum en bókunum sjálfum, sem hann var að sýna hérna. Vildi ekki hv. 5. landsk. koma með afrit nokkurra kirkjubóka af landsbókasafninu og vita, hvort ekki eru tugir blaða óritaðir í kirkjubókunum sjálfum, því að menn vita, að bækurnar eru þannig útbúnar, að mikið er af auðum blöðum, þó að búið sé að útfylla dálkana fyrir fædda, skírða, gifta o. s. frv. Þetta veit ég, að hann þekkir svo vel, að ég þarf ekki að kenna honum neitt í því efni. Það er ekki ósennilegt, að þessi bók, sem hann hefur hérna, hafi tugi af óskrifuðum blöðum, þó að hann hafi

aðeins sýnt dálkana yfir fædda og skírða. Þeir eru alltaf útskrifaðir, því að það er minnst pláss ætlað fyrir þá. Þetta er því ekkert annað en hreinasta blekking frá upphafi til enda. Það kom líka í ljós með þessar fermingarskýrslur, að blöðin eru aðeins strikuð öðrum megin, og ekki ætlazt til, að skrifað sé nema þeim megin. Annars er ekkert hægara en láta strika blöðin beggja vegna og láta prestinn skrifa beggja vegna.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt við 2. umr. málsins, að ég vildi ekki gefa tvo aura fyrir 50 ára gamlar kirkjubækur. Ég sagði, að ég vildi ekki gefa tvo aura fyrir bækur, sem væru búnar að ganga manna á milli í 50 ár og geymast misjafnlega. Aftur á móti eru margar hundrað ára og mörg hundruð ára gamlar bækur, sem ég vildi gjarnan eiga. Eins og hann ætti að þekkja bezt af landsbókasafninu, þá eru margar bækur, sem flækzt hafa lengi á milli, ordnar ónothæfar, og ef þær ættu að ganga enn lengur á milli og færast af mörgum mönnum, þá er gefið, að slík eintök yrðu einskis virði. Með þeim till., sem ég flyt, er tryggt, að alltaf fáist í þjóðskjalasafninu afrit af kirkjubókum, sem hefur ekki gengið á milli neinna og er alveg nýtt og óvelkt. Þá eru þær margfalt meira virði en ef þær ættu að ganga manna á milli um hver áramót, taka af þeim afrit í mörgum sóknum og kæmu svo til landsbókasafnsins eftir 50 ár. Ég ímynda mér, að það væri ekki neinn hagur fyrir þjóðskjalasafnið. Það, sem þessi mótstaða hv. þm. byggist á, er efalaust ekkert annað en það, að hann telur eftir sér að taka við skýrslum árlega, raða þeim niður og færa inn. En þá væru líka alltaf nýjar prestsbækur til dags „daté", heldur en eins og núna að hafa þær ekki fyrr en eftir 60 eða 100 ár. Vitanlega er það aukið starf, en til hvers er stofnunin og bókaverðirnir og starfsmennirnir, ef þeir eiga ekki að halda slíkum hlutum í lagi og helzt fá bækurnar óvelktar og í sem beztu ásigkomulagi? Ég verð því að segja, að þessi mótbára hv. 5. landsk. byggist ekki á skynsemi, — ekki einu sinni á minnsta snefli af því, sem hagnýtt er í þessu efni. Hún byggist eingöngu á einhverri sérstakri afturhaldssemi og mótþróa, að vilja ekki breyta nokkurn skapaðan hlut til frá því, sem áður var, þó að hann viti, að á mörgum sviðum eru bækur, sem hann hefur fengið, í óhæfu ástandi og þeim aðferðum, sem eru við hafðar, ávant í stórum stíl. (BG: Ég er ekki flm. frv.)

Hv. 5. landsk. talaði um, þegar hann sýndi prestsbókina, að svona litu afritin út, er farið væri eftir frv. Þetta eru hreinustu ósannindi. Það er alls ekki ætlazt til eftir frv., að afrit af kirkjubókunum séu tekin í heilu lagi, heldur í hverri einstakri sókn, og það er auðvitað fært inn mismunandi eftir sóknum, því að töluröðin á fæddum, dánum, skírðum eða giftum er ekki eins rétt í þeim afritum, sem tekin eru fyrir bókasöfn heimilanna.

Ég sé svo í raun og veru enga ástæðu til að vera að ræða þetta meira. Það upphlaup, sem hv. 5. landsk. var að gera um þetta, er frá mínum bæjardyrum gersamlega óskiljanlegt. Það er ekki rætt neitt um hið praktíska fyrirkomulag á þessum hlutum, enda virðist hv. þm. hafa sáralitinn áhuga á að færa þetta með samvinnu í það lag, sem hentugast væri, bæði fyrir þá, sem þurfa að nota þessar heimildir síðar, og þá menn, sem eiga að starfa að því að gera heimildirnar sem beztar úr garði. Fyrir sóknarprestana er líka metnaðarmál, að bækur þeirra og skýrslur séu góðar heimildir, vel færðar og í góðu lagi, en ekki í tómum brotum. Bækurnar kannske eyðilagðar af því að flækjast í illum geymslum og að margir hafa handfjatlað þær.

Ég vil þess vegna vonast til, þar sem ég er sannfærður um, að brtt. mínar ná fullkomlega eins vel upphaflegum tilgangi flm. og áreiðanlega geðfelldari þeim mönnum, sem eiga að útbúa heimildirnar, og betri fyrir þjóðskjalasafnið, þó að þjóðskjalavörður sjái það ekki, að það sé athugað hlutdrægnislaust, hvað heppilegast er í þessu efni. Ég efast ekki um, að hver maður, sem leggur þetta niður fyrir sér hlutdrægnislaust, sér, að þær eru heppilegri fyrir alla og ná tilganginum betur en upphaflega frv.

Jón Sigurðsson: Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls. — Ég var ekki viðstaddur, þegar málið var tekið til 2. umr., en út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, vil ég taka fram, að mér er það ekki neitt kappsmál þannig lagað, en það, sem fyrir mér vakti og vakir, var í fyrsta lagi að tryggja, að alltaf væru til tvö samrit af kirkjubókunum, svo að öruggt væri, þó að ein slík bók færist, að til væri annað samrit, sem treysta mætti og hægt væri þá að taka afrit af. Þetta var fyrir mér aðalatriðið í flutningi málsins.

Hitt atriðið, sem ég lagði mikla áherzlu á, var að tryggja héruðunum, að þau fengju ávallt annað samritið. Það lægi heima í héraðinu hjá viðkomandi sýslu- eða héraðsbókasafni, því að ég taldi samkv. þeirri reynslu, sem margfaldlega hefur fengizt, að það mundi vera tryggara en þeim væri dreift hingað og þangað út um allar sýslur. Ég geri fastlega ráð fyrir, að von bráðar verði komið þeirri skipan á, **að hvert hérað eigi sitt** bóka- og skjalasafn, þar sem slíkar bækur eru vandlega geymdar og betur tryggðar en þegar þeim er dreift út um héruðin hingað og þangað hjá prestum í misjafnri geymslu, eins og ávallt vill verða, þegar svo er.

Það, sem ég tel, að skorti hér á við brtt. hv. þm. V.-Sk., er, að héraðsbókasöfnunum eru ekki tryggðar þessar bækur. Í brtt. er gert ráð fyrir, að þær séu geymdar á prestsetrunum og prestarnir geti haldið afritunum, e. t. v. hundrað ár. Í öðru lagi tel ég, að fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, tryggi betur en með brtt., að bækurnar séu rétt færðar. Ég hef rekið mig á það, — og ég býst við allir þeir, sem eitthvað hafa grúskað í gömlum kirkjubókum, — að þar eru eyður og stundum undarlegar eyður og bersýnilegt, enda vitað, að nöfn og mikilsverðar athafnir hafa beinlínis fallið burtu. Ég gæti nefnt ýmis dæmi því til sönnunar, sem eru vel kunn. Ég er sannfærður um, ef sú skipan er höfð á, sem gert er ráð fyrir í frv., að einhver valinn maður kæmi heim í prestakallið og tæki afrit, þá gæti ekki hjá því farið, að hann ræki minni til, að þessi og hinn atburður hefði skeð, þessi hjón verið gift, þetta barn skírt o. s. frv. Þetta eru viðburðir, sem alloft hafa alveg fallið burtu af vangá hjá prestunum.

Þetta tel ég nokkurt öryggi eða talsvert öryggi fyrir rétta færslu kirkjubóka og geri bækurnar verðmætari en ella, því að segja má, að í þessu felist á vissan hátt endurskoðun, sem er mikils virði. — Þá er náttúrlega, svo að ég snúi mér að brtt., ekki því að leyna, að því miður hafa verið nokkur brögð að því hjá einstökum prestum eins og hjá öðrum embættismönnum, að borið hefur á vanrækslu á þessu sviði, og það mun ekki vera dæmalaust, að ekki sé fært í kirkjubækur jafnvel árum saman, — skírnir, fermingar o. fl. sé á lausum blöðum í bókunum. Þetta mundi vitanlega ekki geta gengið með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv. mínu, vegna þess að þeir, sem kæmu heim á heimili prestanna til þess að að taka afrit af bókunum, mundu krefjast að fá þessar síður. Og ég vil fullyrða, að þeir prestar væru fáir, sem ekki notuðu tækifærið til að færa inn í prestþjónustubækur sínar um leið.

Þetta allt saman tel ég frv. til gildis, og ég geri ekki mikið úr því, að þessar bækur verði sérstaklega þvældar, þó að einhver valinn maður úr hverri sókn kæmi heim á prestsetrið og tæki afskriftir af bókunum. Það mundi víðast hvar ekki taka nema dagsstund, ef sæmilega góður skrifari væri að, og víða ekki nema örfáa klukkutíma. Auk þess þurfa sóknarnefndarformenn að færa inn í bækurnar hjá sér skrá yfir alla, sem eru gjaldskyldir til prests og kirkju, og þarf því aðeins að bæta við þeim, sem eru innan við 16 ára aldur. Ég get þess vegna ekki gert mikið úr því.

Aftur á móti játa ég, að það er eitt atriði, sem brtt. hv. þm. V.-Sk. stendur mínu frv. framar um, og það er, að sóknarpresturinn sendi eins og bráðabirgðaskrá eða skýrslu til safnsins, svo að safnið hafi á hverjum tíma aðgang að því, sem komið er í bækurnar, áður en þær eru færðar. Það tel ég vera til þæginda fyrir söfnin. En að öðru leyti, hvað snertir þarfir þjóðskjalasafnsins, þá verð ég að líta svo á, að þjóðskjalavörður sé okkur öllum dómbærari um þarfir safnsins, og hvað því hentar bezt einmitt á þessu sviði. Ég beygi mig því fyrir því, enda hefur hann réttilega bent á, að bækurnar skuli ekki afhenda fyrr en eftir 50 ár, þegar þær eru afskrifaðar.

Frsm. (Barði Guðmundsson): Hv. þm. V.-Sk. virtist gera sér mikinn mat úr því, sem ég sagði viðvíkjandi pappír, sem kæmi í þjóðskjalasafnið, ef svona fyrirkomulag væri notað. Hann tók fram, að lítill vandi væri að ráða bót á slíku, og bar mér heimsku á brýn, að ég skyldi leyfa mér að nefna þetta. Það væri mjög auðvelt að hafa skýrsluformin miðuð við hvert einstakt prestakall. En hv. þm. benti ekki á, hvernig ætti að koma þessu fyrir.

Svo var hv. þm. að bera mér á brýn, að afstaða mín í þessu máli mótaðist af því, að ég vildi ekki hafa meira umstang í þjóðskjalasafninu en væri. Ég hugsa, að lítið kæmi til minna kasta að ræða þessum skýrslum eða sjá um meðferð þeirra, en annars vil ég alveg vísa svona dylgjum frá mér sem óviðeigandi á þessum stað.

Aftur á móti er rétt að minnast á það, sem hv. þm. sagði um óþægindin, sem sóknarprestarnir hefðu af því, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt, því að þá þyrftu sóknarnefndarformenn að koma heim á heimili prestanna, setjast þar upp og taka afskriftir. Þvílík óskapleg óþægindi fyrir sóknarprestinn á Breiðabólsstað eða annars staðar að taka á móti virðulegum sóknarnefndarmanni eina kvöldstund eða svo, því að lengri tíma tekur það ekki fyrir eina sókn. Þetta ætti hv. þm. V.-Sk. að vita allra manna bezt.

Svo vil ég taka fram, að það er heldur óheppilegt dæmi, þegar hv. þm. talar um í því sambandi, að það séu sex sóknir í einu prestakalli. Það er alger undantekning, og það væri nýstárleg starfsemi, ef allt miðaðist við undantekningar, en ekki við reglurnar. Slíku anza ég ekki.

Þá sagði hv. þm. V.-Sk., að ég hefði farið rangt með það atriði, sem ég hafði eftir honum við 2. umr. málsins, þar sem hann sagðist ekki vilja gefa tvo aura fyrir þær bækur, sem væru 50 ára gamlar eða hefðu gengið á milli manna í 50 ár, eins og hann vildi orða það. Ég skal taka skýrt fram, að efnislega fór ég alveg rétt með það, eins og allir geta heyrt, en það var frekar af góðvild gagnvart hv. þm., að ég notaði orðin á þá leið, að bækurnar væru orðnar 50 ára, heldur en þær hefðu gengið á milli manna. Þetta eru því bara útúrsnúningar hjá hv. þm. V.-Sk.

Í frv. stendur, að fela eigi sóknarnefndarformönnum eða öðrum enn hæfari mönnum að annast þessar afskriftir og varðveita bækurnar. Ég efast um — með fullri virðingu fyrir hv. sóknarprestum —, að valinkunnir menn í hverri sókn standi ekki prestunum fullkomlega á sporði um hirðusemi og vandvirkni. Ég hef svo ekki meira að segja.

Sveinbjörn Högnason: Það er sannarlega ekki þörf á að gera langar athugasemdir við þessar umr. Það er ekki svo merkilegt, sem fram hefur komið, það verð ég að segja. Mér finnst gegna hreinustu furðu, að í ekki flóknara máli en hér er um að ræða skuli vera svo til útilokað af þeim, sem helzt ættu að hafa vit á því, að tala megi um málið af raunhæfni og eins og hlutirnir liggja fyrir, en vera með alls konar slettur og óviðeigandi fullyrðingar í sambandi við þetta, sem hvergi eiga sér nokkurn stað, það finnst mér hreinasta furða, og skal ég tilnefna nokkur dæmi úr ræðu hv. 5. landsk.

Hann er að tala um, að það sé algerlega rangt, að sex sóknir séu í prestakalli og þar af leiðandi sex afrit af kirkjubókum. Ég sagði: „allt að sex sóknir í prestakalli". Það er ekki óalgengt — og langalgengast —, að þrjár eða fjórar sóknir séu í hverju prestakalli. Ég hygg eiginlega, að fjórar sóknir séu algengastar í prestakallaskipuninni, eins og hún er nú í landinu. Nokkur prestaköll eru yfir, en aðeins örfá fyrir neðan.

Hann segir, að afrit af þessum bókum séu tekin af valinkunnum og ágætum mönnum. Ég neita ekki, að þeir geta verið það, en þrátt fyrir það yrðu afrit þessara bóka a. m. k. í jafnmörgu lagi og sóknirnar í hverju prestakalli, og auðvitað mjög misjafnt, hverjir tækju að sér að færa kirkjubækurnar, og ekki víst, að alltaf væru hæfustu mennirnir, sem vildu gera það. Þó að víða séu til ágætir menn, þá get ég fullvissað bæði hv. 2. þm. Skagf., flm. frv., og hv. 5. landsk., frsm. þess, — a. m. k. hefur hagstofustjóri borið sóknarprestunum í landinu þann vitnisburð, — að alltaf væru áreiðanlegastar þær skýrslur, sem kæmu frá þeim. Þetta

er í raun og veru mjög eðlilegt, því að þetta tilheyrir starfi þeirra, og ég þori að fullyrða, þegar prestar hafa verið nokkur ár í prestakalli, að þá er enginn maður í þeirri sveit, sem er betur kunnugur fólkinu almennt og betur kunnugur að færa skýrslur og færa þær rétt og fylgjast með öllum breyt. en einmitt sóknarpresturinn, sem hefur þjónað um nokkurra ára bil í hverjum stað. Það þori ég alveg að fullyrða. Ég er sannfærður um, ef taka á afrit af bókum, þó að valinkunnir menn séu að verki í hverri sókn, að þetta er allt í molum. Og ef svo er ástatt, eins og hv. flm. frv. sagði, að fallið hefði niður í skýrslugerð hjá prestum og eyður væru í bókunum, þá þori ég að fullyrða, að ekki mundu mörg ár líða, áður en fullt væri af eyðum, ef afritin ætti að taka af leikmönnum víðs vegar um landið. Ef presturinn sjálfur gleymir að færa það, sem hann vinnur sjálfur, þá hef ég enga trú á, að einn maður, sem kemur einu sinni á ári til að drekka kaffisopa, eins og hv. 5. landsk. nefndi, inni það af hendi. (BG: Það er ekki víst, að hann fái kaffi.) Mér fannst hann sérstaklega vera að telja það eftir.

Varðandi leiðréttinguna held ég, að hún yrði ekki mikil, ef þetta væri gert á einni kvöld- eða morgunstund. Gæti þá auðveldlega fallið niður eitt prestsverk eða svo, auk þess sem ég efast stórlega um, að þessari reglu yrði haldið, með allri virðingu fyrir þeim mönnum, sem hlut eiga að máli í hvert sinn.

ATKVGR.
Brtt. 637,1 felld með 16:6 atkv.
— 637,2—3 komu ekki til atkv.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 513, n. 728, 749).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er hingað komið frá Nd., að því þó athuguðu, að formsins vegna verður að breyta því ofurlítið vegna þess tíma, sem frv. átti að koma til framkvæmda eftir orðalagi þess. Það raskast því með þann tíma sökum þess, að það var borið fram á þeim hluta þingsins, sem lauk fyrir jól. En það á nú ekki framgangs von fyrr en á þessu ári, 1945. Þetta leiðir til þess, að 6. gr., um gildistökuna, þarf að breyta á þann veg, að tekið sé fram, að hin nýju l. komi til framkvæmda 1. jan. 1945. Við álítum betra, að þessi breyt. kæmi til framkvæmda um áramót en á miðju ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 749 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 774).

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

---

74. Róðrartími fiskibáta.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um róðrartíma fiskibáta (þmfrv., A. 760).

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Mér hefur af sjútvn. verið falið að lýsa þessu frv., og er þar að sjálfsögðu rétt að benda til þess, sem segir í grg. frv., sem flutt er eftir tilmælum hæstv. ríkisstj., og fylgir því svo hljóðandi grg. frá henni: „Vegna þess að fiskimiðin í og utan við Faxaflóa notast nú ekki eins og áður vegna hernaðaraðgerða, ber brýna nauðsyn til, að hagnýting þess svæðis, sem opið er, fari skipulega fram. Er sérstaklega nauðsynlegt, að fiskibátarnir leggi lóðir sínar samtímis, og er það höfuðtilgangur frv. að tryggja þetta.“

Ég ætla, að þetta liggi ljóst fyrir öllum hv. þm., að þau svæði, sem um er að ræða fyrir fiskibáta við Faxaflóa, eru svo takmörkuð, að nauðsyn ber að sjá til þess, að þetta svæði notist sem bezt með því að setja ákveðnar reglur um þann tíma, sem bátarnir fara til róðra. Það er augljóst, þar sem svo horfir við, að ef tryggar reglur væru ekki um þetta settar, hvenær bátarnir mættu fara úr nær-

liggjandi veiðistöðvum til veiða á þessum svæðum, þá mundi verða mesta óreiða á því, og það væri alveg óviðhlítandi. Ég býst við, að það sé ekki þörf á því, að þetta mál fari til n., þar sem það kemur frá sjútvn., og vildi ég því mælast til þess, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. án n.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég vilji andmæla þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég býst við, að sérin þörf sé á því að setja slík l., ef svo er ástatt suður með sjó, sem þetta frv. virðist benda til, að þeir menn, sem sækja þaðan sjó, hafa ekki sett reglur um þetta, sem heimilt er að gera samkvæmt gildandi l.

Samkv. þessu frv. tekur það ekki til miða í norðanverðum Faxaflóa, þar sem sótt er frá Akranesi, enda er þess engin þörf að því er snertir Akranes, því að þar hefur um langt skeið verið fylgt ákveðnum reglum af þeim mönnum, sem þaðan stunda fiskveiðar. En nú finnst mér, að vel geti svo farið, miðað við þessar ástæður við Faxaflóa, þar sem svo mjög er þrengt að mönnum, að fiskimenn úr Reykjavík, Hafnarfirði og jafnvel Keflavík taki það til bragðs að sækja á mið í norðanverðum flóanum, og þá verða bersýnilega þær reglur, sem fylgt er á Akranesi, ekki einhlítar, miðað við menn, sem koma frá öðrum verstöðvum, er engar slíkar reglur hafa og laga sig ekkert eftir þeim reglum, sem gilda á Akranesi.

Mér skilst því, að ef til þess kynni að koma, sem ég álít vel geti orðið og hefur enda verið algengt, án þess að bátar frá Reykjavík sæktu á Akranesmiðin, væri full ástæða til, að séð yrði fyrir því í þessu frv., að ekki hlytist af það tjón í fisköflun og tapi veiðarfæra, sem gæti leitt af því, ef öllum lenti saman á miðunum.

Ég vildi beina því til hv. sjútvn., að hún taki það mál til athugunar milli umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur á öðrum fundinum, er sjútvn. hafði þetta til meðferðar, svo að ég er þessu ekki kunnugur og get ekki um það deilt, eins og aðrir nm.

Nú er það náttúrlega mesta vandræðamál, ef svo er, sem ég ekki efa, að það séu einhver afmörkuð svæði, sem hafa verið gerð bannsvæði frá sunnanverðum Faxaflóa. Er engin ástæða til annars en ætla, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til að þessar takmarkanir verði engar eða sem allra minnstar. En ef til einhverra aðgerða þarf að koma, vegna þessara takmarkana eða bannsvæða innan fiskimiðanna, þá verður að treysta því, að hæstv. ríkisstj. ráðgist mjög vandlega um slíkar aðgerðir, áður en framkvæmdar verða eða lögskipaðar, við þá menn, sem eiga að sækja á þessi fiskimið, því að það er að sjálfsögðu mjög mikið vandræðamál að þurfa að setja þessar reglur.

Reglur um það, hvenær menn mega leggja af stað til sjóróðra og að bátar frá öllum veiðistöðvum séu komnir í sama mund á ákveðinn stað, hafa verið í gildi í ýmsum veiðistöðvum landsins fyrir óralöngu. Menn hafa því mjög mikla reynslu af slíkum reglum, sem ætíð þóttu mjög illar. Menn biðu eftir brottferðartímanum, merki, sem gefið var, þegar menn áttu að róa úr vör. Reynslan varð sú, að hásetarnir reru fáklæddir í ofurhug, þegar merkið var gefið, til þess að geta lagt lóðir sínar á beztu stöðunum, og margir formenn hafa sagt mér, að þeir hafi í mestu kappróðrunum drepið þol og þrek fjölda ungra manna, því að það voru ekki nema þeir hraustustu, sem stóðust hið ógurlega kapp, sem þessu var samfara. Eftir að vélbátarnir komu til sögunnar, varð hið sama upp á teningnum, því að menn sprengdu vélarnar í kapphlaupinu um að geta lagt lóðir sínar á beztu stöðunum.

Ég tel þetta fram til þess að vekja athygli á því, að svona aðgerðir, þótt nauðsynlegar kunni að vera, eru ekki gallalausar, og verður því að afla a. m. k. allra nauðsynlegustu upplýsinga í samráði við hina kunnugustu menn, áður en reglur eru settar um þetta efni.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að svara þeim aths., sem fram hafa komið frá hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. viðvíkjandi þessu frv.

Út af ummælum hv. þm. Borgf. vil ég taka fram, að þetta frv. var útbúið samkv. fyrirsögn forseta Fiskifélags Íslands, er hafði samráð við fiskimenn um þetta. En hvort það hefur náð svo langt, að allir hafi þar komið sinni skoðun að, skal ég ekki um segja.

Hitt er vitanlega alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði hér, að þar sem svo er að skilja á orðalagi 1. gr., að miðin á norðanverðum Faxaflóa séu undanskilin, gæti það valdið örðugleikum, einkum Akurnesingum, sem vitað er, að sækja aðallega þau mið, að þangað flykktust bátar á öðrum tímum en venjulega annars staðar frá. Og þar sem hér er aðeins um heimild að ræða, virðist mér engin hætta gæti stafað af því, þó að 1. gr. sé orðuð þannig, að heimildin nái til stærra svæðis, þannig að norðanverður Faxaflói yrði tekinn með, því að auðvitað mundi ríkisstj. aldrei detta í hug að beita þeirri heimild öðruvísi en að beztu manna yfirsýn í hverri veiðistöð með tilliti til þess, sem bezt hentaði hagsmunum almennings, sem hér á hlut að máli.

Ég býst því við, að ég muni við 2. umr. þessa máls leita samþ. meðnm. minna í sjútvn. um að breyta 1. gr. í þetta horf, og ætla ég, að óskum hv. þm. Borgf. muni með því fullnægt verða.

Að því er snertir aths. hv. 7. þm. Reykv., þá er það að vísu satt, að hér er um ráðstafanir að ræða, sem ekki eru algengar og eiga sér ekki fordæmi á löggjafarsviðinu í þessu formi. En það er nú svo, að hernaðaryfirvöldin hafa gert ráðstafanir á þessum svæðum, sem torvelda mjög aðgang sjómanna að fiskimiðunum, og er það út af fyrir sig nóg ástæða til að reyna að koma á því skipulagi við sjósóknina, að öllum notist veiðisvæðin sem bezt.

Að því er snertir róðrartímann og reglur um hann, þá er þetta mjög algengt í veiðistöðvum og hefur verið gert, án þess að hernaðarástæður hafi valdið, t. d. í mínu kjördæmi. Þar hefur um óralangan tíma verið haldið fast við vissa róðrartíma, sem kallað er, allan fyrri hluta vertíðarinnar, en slakað á þeim, þegar kemur fram á og nótt fer að verða björt. Þar þykja þessar reglur nauðsynlegar.

Ég vil svo drepa á það, að mér hefur verið á það bent af lögfróðum þm., að aftan við 1. gr., þar sem talað er um sektir og brot, vanti ákvæði

um, hvernig fara skuli með mál, sem kunna að rísa út af þessum l., og mun ég við 2. umr. koma með brtt. til viðbótar um það, að brot gegn þessum lögum, sem sett kunna að verða, skuli sæta sömu meðferð og brot gegn opinberum lögreglul.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 760, 777).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég sé, að frsm. sjútvn. í þessu máli er ekki mættur hér, en vil aðeins taka fram, af því að breyting hefur verið gerð á þessu frv. út af aths., sem ég gerði um málið hér í gær, að með þeim brtt., sem hér eru, er fullnægt þeim aths., sem ég hafði hreyft við þetta frv., því að eins og málið var þá úr garði gert, var ekki hægt að gera neinar ráðstafanir gagnvart þeim mönnum, sem veiðar stunda á Faxaflóa.

Með þessari breytingu er hægt að gera nauðsynlegar ráðstafanir, og þá vænti ég, að ríkisstj. sjái um, að allir þeir, sem sækja á þessi mið, hlíti sömu reglum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af fiskimálastjóra ásamt miklum hluta þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Þessar breytingar, sem gerðar hafa verið, eru þess efnis, að gerðar verði sömu ráðstafanir fyrir Akranes og aðrar verstöðvar við Faxaflóa, og hef ég síðar en svo nokkuð við þær að athuga, enda eru þær og gerðar í samráði við mig. Ég get því fallizt á þessar breytingar.

ATKVGR.
Brtt. 777,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 777,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 777,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 777,4 (4. gr. falli burt) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 777,5.a—b. samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 781).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram vegna þess, að mjög hafa verið takmörkuð svæði þau við Faxaflóa, sem fiskibátar mega róa á, — og er það af ástæðum, sem öllum þm. munu kunnar, — það svæði, sem hverjum bát getur orðið ætlað, og getur það skapað vandræði, ef ekki er girt fyrir það í tíma.

Það segja mér fróðir menn, sem þennan atvinnuveg stunda, fiskveiðar, að bilið milli lóða bátanna sé komið niður í nokkur hundruð metra.

Til þess að hindra, að illa fari vegna þessa, er frv. þetta fram komið. Það á að tryggja, að allir bátarnir rói á sama tíma.

Frv. er samið í samráði við sjómenn á Suðurnesjum og breytt lítils háttar samkvæmt óskum fulltrúa sjómanna á Akranesi.

Frv. fór ágreiningslaust gegnum Nd., og vil ég leyfa mér að vænta, að afgreiðsla þess verði eins hröð hér í þessari hv. deild og mögulegt er, því að til þess getur komið, að bátar þurfi mjög bráðlega að beita þeim ákvæðum, sem hér er gert ráð fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af tilmælum hæstv. atvmrh. hef ég boðað fund í sjútvn. í kvöld, ef ályktunarfært verður, og skal nál. verða gefið út í kvöld eða fyrramálið. Ég skal ekki halda því lengi, en hvernig það fellur, veit ég náttúrlega ekki um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 781, n. 793).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Eins og lofað var í hv. d. í gær, tók sjútvn. þetta mál til athugunar að loknum fundi og hefur þegar gefið út álit á þskj. 793, og mælir hún eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., gat ekki komið vegna forfalla og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég vil þó taka fram, að n. væntir þess, að ráðh., sem fer með þessi mál, noti ekki þessa heimild lengur en nauðsynlegt er vegna hernaðarmála og reglugerð, sem um þetta yrði sett, yrði þá annaðhvort afnumin eða breytt í samráði við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. L. eru ekki annað en heimildarl., og þess vegna væntir n. þess, að þau verði ekki notuð lengur en nauðsynlegt er.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins, um leið og ég þakka n. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á málinu, lýsa því yfir, að ég get mjög gjarnan orðið við því, sem hv. frsm. fór fram á, og ég mun ekki, meðan ég hef eitthvað um þetta að segja, nota þessa heimild, nema brýna nauðsyn beri til. Ég vil einnig lýsa yfir hér, eins og ég gerði í Nd., að allar framkvæmdir í þessu máli, bæði setning reglugerðar og allt fyrirkomulag, munu verða gerðar í fullu samkomulagi við viðkomandi aðila.

Bjarni Benediktsson: Ég sé, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hlutaðeigendur kjósi nokkurs

konar eftirlitsnefnd með því, að þeim reglum, sem settar eru samkvæmt l., verði hlýtt. Mér er að vísu ekki ljóst, hversu umfangsmikið þetta starf á að vera og hversu það er bráðaðkallandi, að þessar n. taki til starfa, en vegna þess að mér virðist, að hér sé eingöngu um að ræða bráðabirgðafyrirmæli, sem ef til vill þyrftu ekki að standa mjög lengi, ef til vill ekki nema nokkrar vikur, og þess vegna sé hér um eins konar skyndilöggjöf að ræða, þá vil ég vekja athygli á, hvort ekki væri eins hentugt að láta þessa n. vera kosna af bæjarráði eins og bæjarstj., ef það er svo, sem hæstv. ráðh. getur upplýst, að n. þurfi að taka til starfa í þessari viku, því að það mundi kannske koma sér betur í Reykjavík, en ef það er nóg, að hún taki til starfa í næstu viku, þá kemur það út á eitt, þó að bæjarstj. kjósi hana.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta ákvæði í frv. er hliðstætt því, sem er í fiskveiðasamþykktum um þetta atriði, því að eins og kunnugt er mega veiðistöðvar setja hver um sig reglur svipaðar þeim, sem hér er farið fram á að setja, en aðeins fyrir eina verstöð í einu. Þá er það þannig, að starfandi formenn, tveir, þrír eða fleiri, hafa eftirlit með því, að reglugerðinni sé hlýtt. Hér er farið fram á að setja hliðstætt ákvæði. Þessum eftirlitsmönnum er eingöngu ætlað að fylgjast með því á sjónum, að reglunum sé hlýtt, og ef brotnar eru, hverjir séu þeir seku. Ég geri fastlega ráð fyrir, að það komi ekki til nema að mjög litlu leyti, að um brot verði að ræða, því að allir, sem ég veit um, hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag og munu því ekki leitast við að brjóta það. Þó að eftirlitsmenn fyrir Reykjavík yrðu ekki kosnir nú þegar, þá held ég, að það mundi ekki koma að sök, og mundi mér þykja það betra en þurfa að breyta frv. og senda það aftur til Nd.

Bjarni Benediktsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar og sé af þeim, að ekki er þörf að bera fram brtt., fyrst það er nægilegt, að n. sé skipuð síðari hluta næstu viku.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 810).

---

75. Sala nokkurra opinberra jarða.

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Laxárdal og Ymjaberg á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit (þmfrv., A. 302).

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Efni þessa frv. er að heimila ríkisstj. að selja þrjár kirkjujarðir. Sú fyrsta þeirra er Laxárdalur í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu, að selja hana ábúandanum, Jóel Gíslasyni. Þessi ábúandi hefur búið þarna síðan 1901 eða í 43 ár. Hann hefur lengi haft hug á að fá jörð þessa keypta og sótti um það fyrir mörgum árum, meðan l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða voru í gildi. Sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu mælti með, en umsóknin tapaðist í stjórnarráðinu. Það er því fyrir hreinustu mistök, sem þessi maður á ekki sök á, heldur stjórnarvöldin, að hann fékk ekki þessa jörð keypta á sínum tíma.

Eins og getið er í grg., hefur skapazt nýtt viðhorf í þessu máli, þannig að fyrir tveimur árum báru hv. 1. þm. Árn. og hv. 10. landsk. fram frv. um heimild til að hafa skipti á Laxárdal og nágrannajörð, sem heitir Ymjaberg (Emmuberg í daglegu tali), fyrir ¾ hluta jarðarinnar Sandvík í Árnessýslu. En svo er mál með vexti, að eigandi Sandvíkur hefur undanfarið stundað laxveiði á Skógarströnd, hefur fellt hug til þessara jarða og vill eignast þær. Þegar þetta mál var komið það langt áleiðis, hafa komið fram óskir frá þeim, að þeir yrðu sjálfir látnir sitja fyrir kaupunum. Þess vegna flyt ég frv. um heimild til að selja þeim þessar jarðir. Og fyrst á annað borð hefur verið flutt frv. um það af tveimur mikilsmetnum þm., að ríkið láti þessar jarðir, þá er sjálfsagt, að ábúendur sitji fyrir. Ég skal taka fram, að hreppsn. Skógarstrandarhrepps hefur einróma mælt með sölu beggja þessara jarða til ábúenda.

Þriðja jörðin er eyðijörðin Gröf í Staðarsveit. Hefur hún verið í eyði í 100 ár, en nú kringum 30 ár nytjuð af bóndanum á Ölkeldu, oddvitanum í Staðarsveit, Gísla Þórðarsyni. Í upplýsingum, sem hann hefur veitt mér og prentaðar eru sem fylgiskjal, tekur hann fram, að árið 1915 hafi komið til mála, að ríkið byggði þessa jörð til ábúanda og þar yrði byggt upp. En þá kom í ljós, að túnstæði og bæjar hins forna býlis var innan Ölkeldulandamerkja, en mesta óvissa um landamerkin. Þáverandi sýslumaður taldi réttustu leiðina, að hann byggði bóndanum á Ölkeldu þessa eyðijörð og að hann keypti hana síðan af ríkinu. Honum voru boðin kaup, en vegna fjárhagsörðugleika þá gat ekki af þeim orðið. Hins vegar fer bóndinn af nýju fram á, að heimild verði veitt til að selja honum jörðina. Þarna er um smájörð að ræða, — ég held fasteignamat sé 500 kr., — og virðist ekki skipta miklu máli fyrir ríkissjóð.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur það komið hvað eftir annað fyrir á undanförnum árum, þó að l. um þjóðjarðasölu og kirkjujarða hafi verið úr gildi felld, að söluheimildir hafa verið samþ. fyrir einstakar slíkar jarðir, stundum til hreppa, en einnig til einstakra manna. Nýtt dæmi er það, að hv. 1. þm. Eyf. hefur flutt frv. um sölu á Skáldalækjareyju til bónda, sem býr á næstu jörð. Og landbn. Ed. hefur mælt með því. — Ég vænti, að

þetta mál fái góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 53., 55. og 56. fundi í Nd., 21., 25. og 27. sept., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 302, n. 328, 336, 369).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 369. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og hv. alþm. muna eða munu sennilega sumir muna, þá hefur mál svipað þessu legið fyrir Alþ. áður. Það var fyrir nokkrum dögum borið fram frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að hafa makabýtti á þessum tveim jörðum austur í Árnessýslu, en um svipað leyti og það mál var borið fram hér á Alþ. kom beiðni símleiðis frá ábúendum Laxárdals og Ymjabergs um, að þeir gengju sem ábúendur fyrir kaupunum, ef jarðirnar yrðu seldar.

N. virtist að órannsökuðu máli dálítið hart að gengið að selja öðrum en þessum tveim mönnum jarðirnar án þess að gefa þeim kost á að ræða það mál, þegar þeir óskuðu sjálfir kaupanna. Svo var rætt um það, að ef makabýtti yrðu, þá væri ekki hægt að leggja það til af þingsins hálfu, nema samningar tækjust við ábúendur þessara jarða og væntanlega eigendur um ábúðarkjör, sem þeir gætu við unað í framtíðinni. Nú mun ekkert hafa orðið af þeim samningum og hið eldra mál enga afgreiðslu fengið frá þingi.

Hins vegar hafa hinir tveir ábúendur á Laxárdal og Ymjabergi farið fram á að fá þessar jarðir keyptar, og flytur hv. þm. Snæf. á þskj. 302 frv. um, að þeim verði seldar þessar jarðir. Landbn. hefur athugað þetta mál, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess, því að n. hefur í raun og veru þríklofnað. Einn nm. (JPálm) vildi samþ. frv. óbreytt, annar nm. (SG) vildi fella það, en við þrír, ég og þeir hv. 2. þm. Skagf. og þm. Hafnf., vildum afgreiða frv. eða mæla með samþykkt þess með þeim skilyrðum, að ef jarðir þessar væru seldar, þá yrðu þær seldar með þeim skilmálum, að þær yrðu gerðar að ættaróðulum skv. l. um ættaróðul og erfðaábúð.

Þá er einnig þriðja jörðin, eyðijörðin Gröf í Staðarsveit. Nokkur undanfarin ár hefur hún verið nytjuð af ábúanda Ölkeldu, og fer hann fram á að fá þessa eyðijörð keypta. Í l. um ættaróðul og erfðaábúð, sem afgreidd voru frá síðasta þingi eða nýskeð, er gert ráð fyrir, að heimilt sé að selja opinberar jarðeignir vegna erfðaábúðar með vissum skilyrðum, sem sé, að þær verði gerðar að ættaróðulum. Alþ. hefur gengið þannig frá því máli, að lagðar eru að jöfnu jarðir, sem gerðar eru að ættaróðulum eða byggðar á erfðum. Þar sem stefna þessi hafði áður verið tekin af þinginu, sáum við ekki fært að neita ábúendum þessara jarða um sama rétt og aðrir ábúendur hafa skv. l. Þeim var innan handar, þótt þessu væri neitað, að skapa sér þennan rétt með því að fá erfðaleiguábúð á þessum jörðum, sem þeir eiga kröfu til skv. l. Okkur virtist óþarfi að fara að gera óánægju um þennan hlut, úr því að þetta er einu sinni leyft í l., og lögðum því til, að frv. yrði samþ. með þeim skilyrðum, að heimilt væri að selja þessar jarðir, sem um getur í 1. og 2. lið, með sömu skilyrðum og um getur í l. um ættaróðul og erfðaábúð.

Um þriðju jörðina, Gröf í Staðarsveit, er öðru máli að gegna. Hún hefur á undanförnum árum verið nytjuð frá þessari jörð, og mér er tjáð, að eigandi Ölkeldu hafi hug á að skipta þeirri jörð milli barna sinna, og væri þá nauðsynlegt að eiga þessa eyðijörð og leggja hana við, áður en skipti færu fram. Gerðum við að skilyrði, að hún yrði lögð við jörð þessa, en ekki, að nýir eigendur færu að braska með hana, og gæti þannig hjálpað til, að hægt yrði að skipta Ölkeldu í tvö sjálfstæð og sérstök býli.

Nú hefur komið fram brtt. við þetta frv. frá hv. 10. landsk. og nú á þessum fundi frá hv. 2. þm. N.-M., og er þar farið fram á að bæta við heimildina um sölu jarðanna nokkrum fleiri jörðum, sem ég fyrir mitt leyti hef ekki getað aflað mér upplýsinga um, hvernig ástatt er með, og n. ekki heldur, og mun ég því a. m. k. ekki fyrir n. hönd segja neitt um þessar brtt., fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim. — Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta að sinni.

Jón Pálmason: Hv. frsm. gat þess í ræðu sinni, að landbn. væri þríklofin í þessu máli, en þetta er ekki rétt með farið hjá hv. frsm. Það er að vísu svo, eins og tekið var fram í nál., að ég lagði fram í n. till. um að samþ. þetta frv. óbreytt, og miðað var við, að það yrði að skoðast sem undanþága frá þeim ákvæðum, sem eru í l. um ættaróðul og erfðaábúð. En að þeirri till. fallinni féllst ég á þá afgreiðslu, sem felst í meirihlutaáliti n., svo að við það, að ég hef ekki lagt fram neina till. um það í hv. d. að samþ. þetta frv. óbreytt, þá segir það sig líka, að ég hef ekki klofið n., en gengið eftir atvikum að því, að frv. verði samþ., eins og lagt er til í áliti n.

Varðandi þær brtt., sem hér liggja fyrir frá öðrum hv. þm., þá þykir mér ósennilegt, að rétt sé að samþ. þær, en þætti betra, að landbn. tæki til að rannsaka, hvernig ástatt er um þær jarðir, og vildi gjarnan, að þeir hv. þm. létu bíða atkvgr. til 3. umr. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

Sigurður Guðnason: Eins og hv. frsm. tók fram, þá var ég algerlega á móti frv. og lagði til, að það yrði fellt, og ég get ekki sagt, að ég mundi vera með till. landbn., þó að þetta færi ekki lengra. Af þeim ástæðum, að ég er algerlega á móti þjóðjarðasölu í heild, tel ég ekki rétt, að þessi þjóðjarðasala eigi sér stað, í fyrsta lagi vegna þess, að einstaklingum er gefinn réttur til þess að geta verzlað með jarðirnar og það lendir oft í braski, og í öðru lagi er eins og það sé föst og skilyrðislaus regla, að jarðir, sem ríkið á, séu háðar öðrum söluskilmálum en það, sem einstaklingar eiga. Það er talið óviðeigandi af ríkinu að selja jarðir eftir því gangverði, sem þætti sjálfsagt, að einstaklingar mættu gera, og þó að ríkið kaupi eignir fyrir tugi milljóna kr., þá þykir sjálfsagt, ef einstaklingar ágirnast það, að þeir fái þessi verðmæti fyrir miklu lægra verð en á almennan mælikvarða.

Hvað viðvíkur þessum jörðum, sem talað er um í frv., þá er kannske dálítið eðlilegt, að ábúendur jarðanna fari fram á að fá þær keyptar, en ef kemur til að gera makaskipti, þá nær auðvitað ekki nokkurri átt, að ábúendum eignanna sé ekki gefinn kostur á því. En ég álít samt, að makaskipti komi ekki til mála.

Í fyrra var gerð hér á Alþ. undanþága með smáskika, sem tilheyrði Flóaáveitunni, sem látinn var upp í kostnað við áveituna og ekki var hægt að nytja sérstaklega.

Hvað viðvíkur þriðju jörðinni hérna, eyðijörðinni Gröf, þá get ég hreint ekki séð, að það sé neitt verra fyrir þá, sem eiga að nytja þessa jörð, þó að hún sé eign ríkisins, heldur en hún verði eign þess manns, sem þarna býr og skiptir henni milli barna sinna. Ég sé ekki, að hún verði nokkru tryggari í ábúð, þó að einstaklingar skipti henni á milli sín, en ef ríkið á hana, og ég teldi þá leið miklu heppilegri, því að ábúandinn getur nytjað jörðina eftir sem áður.

Það hefur komið í ljós ákaflega einkennilegt fyrirkomulag, sem ekki hefði getað átt sér stað hjá neinum einstaklingi, sem ætti jörð, að landamerki jarðarinnar eru þannig, að tún og bær tilheyra annarri jörð. Það sýnir ekkert annað en hvað einstaklingar ganga yfirleitt á rétt sameignarinnar. Það mundi enginn leyfa sér að ganga þannig á rétt einstaklinga, og ég álít, að hv. þm. ættu ekki að taka sér það til fyrirmyndar með þjóðjarðasölu, og mun ég því greiða atkvæði á móti frv.

Svo er eitt enn. Ég held, að komnar séu einar fimm jarðir í viðbót, sem menn vilja selja, og ég gæti trúað, að það kæmu 10 til 20, áður en frv. er komið gegnum þingið.

Svo er þetta ákvæði um erfðaábúð og ættaróðul. Það getur verið, að einhver munur sé þar á, en frá mínu sjónarmiði er það ekki neitt annað en verið er að draga eignir inn í ættareign í stað persónueignar, og ég geri ákaflega lítinn mun á því.

Gísli Sveinsson: Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, og er hana að finna á þskj. 336, sem sé, að heimilt verði skv. frv., eins og það yrði nú úr garði gert, að leyfa einnig að selja kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum þar, Jóni Steingrímssyni.

Annað, sem greinir á því þskj., er að leiðrétta fyrirsögnina í samræmi við það og einnig í samræmi við það, sem síðar kynni að verða við frekari aukningu frv., þannig að talað sé um sölu nokkurra opinberra jarða.

Þessi brtt. er fram komin nú við það, að ábúandinn á þessari jörð hefur um margra ára bil óskað að fá þessa jörð keypta, en eins og löggjöfinni hefur verið háttað um sinn, hefur ekki verið kleift að fullnægja þeirri ósk nema með lagabreyt. eða nýrri löggjöf eða lagaákvæðum, sem heimiluðu slíka sölu, því að hann eins og aðrir, sem hafa farið fram á að fá jarðir sínar keyptar, hafa ætlazt til, að þeim yrði veitt heimild til að selja jarðirnar frjálsri sölu, sem kalla mætti. Nú hefur það ekki fengið sérlega áheyrn á Alþ. að undanförnu, og hafa enda þær reglur verið afnumdar, sem gerðu frjálsa sölu mögulega, og ég hef ekki séð mér fært að brjótast í því með þessa einu jörð að reyna að fá hana ábúandanum til kaups. Ég hef ekki viljað brjótast í því fyrstur manna, hef búizt við, að straumhvörf yrðu í því í þjóðmálunum, að ekki yrði alltaf tóm sameining, en ábúendur gætu fengið jarðir sínar keyptar, eins og eitt sinn þótti góð regla. En eins og nú horfir við, sé ég ekki ástæðu til annars en að heimila þessi kaup og mun sætta mig við að ganga undir það ok, sem meiri hl. landbn. vill leggja á, að þessum jörðum sé breytt í óðalsjarðir. (BÁ: Stendur ekki einhvers staðar: Mitt ok er létt?) Getur það ok orðið létt, af því að ábúandanum er í sjálfsvald sett, hvort hann vill fara fram á þessa heimild og ganga undir þetta létta ok eða láta svo búið standa, og tel ég honum jafnborgið, hvort sem væri.

Þau efnisrök, sem liggja til þessa máls, eru þau, er nú skal greina:

Ábúandi Prestsbakkakots hefur búið þar allan sinn aldur. Frá ómunatíð hefur þetta verið sjálfstæð jörð og kemur ekki Prestsbakkanum við, sem var prestssetur, en er nú eigi lengur. Hefur bóndinn unnið mikið starf á jörð sinni, ekki aðeins komið þar upp börnum, heldur gert mjög mikið til bóta á jörðinni af mikilli ósérplægni. Umsjónarmaður stjórnarráðsins með opinberum jörðum segir, að það sé alveg sjálfsagt, ef þessi ábúandi vill fá jörð sína undir löglegum kvöðum, þá fái hann það fyrstur manna, því að hann hefur gert þar svo mikið fyrir sig og heimili sitt. Og um leið og landaskipti yrðu framkvæmd, þá ætti hann að fá nokkra sneið af landi Prestsbakkans í hlutfalli við stærð jarðanna. Stærðarhlutföll eru þau, að Prestsbakkakot er einn fimmti hluti, en fjórir hlutarnir eru alls kostar hin forna prestssetursjörð, sem hefur af sjálfu sér þannig lagað land, að allt gæti þar verið heimafengið við túngarðinn, ef ræktað væri, og miklu meira en það. En t. d. um, hvað þessi ábúandi, Jón Steingrímsson, hefur gert á þessari jörð, má benda á, að hann hefur nú gert hana tiltölulega mjög lífvænlega. Hann hefur tekið ástfóstri við hana, eins og tíðkazt hefur hjá góðum mönnum, þó að nú þyki ýmsum undarlegt, að nokkur skuli taka ástfóstri við jörðina. Hann hefur byggt mjög vel á eigin spýtur styrklaust og raflýst, einnig upp á eigin spýtur, á þessari litlu jörð. Sonur hans býr þarna með honum með góðum þrifnaði. Það er alls ekki svo að skilja, að þeir, sem kaupa jarðir með þeim venjulegu kjörum, er ríkisvaldið setur, séu ætíð betur settir en þótt hið opinbera eigi jarðirnar. Nei, það getur verið öfugt, því að það er a. m. k. svo í mínu umdæmi, að opinberar jarðir eru svo lágt leigðar og byggðar með svo vægum kjörum, og svo mun það vafalaust vera víðar. Nei, það er bara þetta eðli mannsins að vilja vita, hvað hann á, og það er ekki enn búið að afnema það eðli, þó að verið sé að bisa við að koma öllu undir einn hatt, stundum með réttu, en stundum vafalaust með röngu. Hv. 1. landsk. var að bera í bætifláka fyrir þessa stefnu, en mér virtist hann vera á okkar máli annað veifið, því að hann taldi óráðlegt að láta jarðirnar út í einstaklingsbrask, en fann svo að því, að hið opinbera seldi jarðirnar brasklaust. Annars var það upphaflega ætlunin, að jarðirnar væru seldar ábúendunum brasklaust með góðum kjörum, og svo var ætlazt til af

ýmsum, sem hugsað hafa um þessi mál, að sporna mætti við því með ýmsum ráðum, að jarðirnar lentu ófyrirsynju í brask. Ég held, að hv. 1. landsk. sé ekkert á móti þessu, að hið opinbera selji með góðum kjörum góðum mönnum ábýlisjarðir þeirra, því að það eru hvort sem er ávallt undantekin höfuðból, sem nota þarf til opinberra þarfa, því að þá kemur ekki til, að sala sé leyfð af hálfu stjórnarvaldanna.

Meiri hl. hv. landbn. hefur líka séð, að hér er um sanngirnismál að ræða, og hv. 2. þm. N.-M. kemur hér með brtt., sem ég tel eðlilega, og sjálfsagt, að fleiri komist undir þennan hatt, fyrst hv. n. hefur lagt út á þessa braut og vill ljá málinu fylgi. Er það að forminu til þakkar vert, en að efni til eru það engin útlát, þar sem n. snýr dæminu við, því að í l., sem nú gilda um ættaróðul og erfðaábúð, í II. kafla, 47. gr., þar er mönnum ekki aðeins heimilað, heldur gefinn réttur að uppfylltum vissum skilyrðum að kaupa ábýlisjarðir sínar. M. ö. o., því opinbera er gert skylt að selja jarðirnar. Hér er ekki hafður sá gangurinn á, heldur borið fram sérstakt frv., og hefur n. fallizt á, að rétt sé að selja þessum mönnum jarðir þeirra að uppfylltum vissum skilyrðum, og enn fremur flutt brtt. við það. Hefur n. við nánari athugun ekki séð annað fært, og er það gott og vel. Og þótt fara megi hina leiðina, þá er þó beinasta leiðin þessi, og vænti ég alls góðs hjá hv. nefnd.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður. — Menn þekkja afstöðu mína gagnvart anda þessa frv. Ég hef verið á móti því, er á móti því og verð á móti því. Þegar þess vegna þeir þrír menn, sem ég legg til á þskj. 569, að fái ábýlisjarðir sínar keyptar, hafa beðið mig um nokkurra ára skeið að reyna að fá heimild til þessara kaupa, þá hef ég ekkert gert í því máli. Umsóknir um kaup frá tveimur þeirra hafa legið í stjórnarráðinu, önnur um ár, hin eitthvað skemur. Hefur þeim ekki verið svarað enn, en það er heimilt að selja þær án sérstakra laga, þar sem jarðirnar eru eign jarðakaupasjóðs ríkisins. En þar sem ekki hefur komið svar enn við umsóknunum um kaupin, finnst mér rétt að flytja hér till. um kaupin, svo að mér verði svarað.

En það er svo hér, eins og einn af okkar íslenzku málsháttum segir, að ein vitleysan býður annarri heim, og rætist það greinilega á þessu frv. Það var vitlaust frv., sem kom hér fram fyrir nokkru, þar sem ætlazt var til, að makaskipti yrðu höfð á þessari jörð, og það vitlausa frv. er látið vera grundvöllur fyrir því, að þetta vitlausa frv. kemur nú fram. En ef Alþ. er svo vitlaust að samþ. þessa vitleysu, þá vil ég ekki standa í vegi fyrir því, að tveir eða þrír menn, sem hafa beðið mig að hjálpa til, að þeir gætu fengið jarðir sínar keyptar, gætu fengið því framgengt. Ég mun því verða með brtt., en móti frv., alveg eins þó að brtt. mín verði samþ.

Hvað þessar jarðir snertir, þá eru tvær þær fyrstu eign jarðakaupasjóðs, keyptar af honum fyrir nokkrum árum. Nú vilja ábúendurnir fá þær keyptar, og ríkisstj. hefur heimild til að selja, en vitanlega kemur það ekki til mála, nema þær séu gerðar að ættaróðulum. Þriðja jörðin er eyðijörð, hefur verið það lengi, ég veit ekki, hvað lengi, en hún er talin eyðijörð í a. m. k. fjórum síðustu jarðatölum, þar á meðal Johnsens jarðatali. Hún er landlítil og hefur fremur litla möguleika sem sjálfstæð jörð. Bóndinn, sem hefur nytjað hana og býr á Hóli, vill fá hana keypta. Það er enginn vafi, að það er hægt að gera hana að sjálfstæðu býli, en þó er hún fulllítil til þess, eins og málum er þarna háttað. Hann hefur mörgum sinnum beðið mig að reyna að fá jörðina keypta fyrir sig. Ég hef alltaf sagt honum, að ég gerði ekkert í því. En ef Alþ. vill fara að selja opinberar eignir, þá er engin ástæða til annars en hann fái þessa ósk sína uppfyllta eins og aðrir, og þá á hann ekki að gjalda þess, að hann hefur beðið mig fyrir það, þó að ég sé persónulega á móti því.

Ég færi fram óskir þessara þriggja manna, það eru ekki mínar óskir, heldur þeirra óskir, og ég mun eins greiða atkv. móti frv., þó að till. mín verði samþ.

Sigurður Guðnason: Það eru örfá orð. — Hv. 10. landsk. telur, að ég sé með þjóðjarðasölu. Ég get ekki fundið það. En ég talaði um, að jarðir, sem hið opinbera seldi, væru ódýrari en hjá einstaklingum og að jarðir, sem hið opinbera leigði, væru mjög lágt leigðar og lægra en hjá einstaklingum. En ef menn, sem hafa á leigu jarðir frá hinu opinbera, vilja fá þær keyptar, þá hlýtur það að vera af því, að þeir eru ekki ánægðir með þær hagsbætur, sem þeir hafa, og vilja fá meiri hagsbætur með því að fá þær keyptar.

Þá er annað, sem sýnir undanhald hjá hv. þm. Hann segir, að ekki komi til mála að selja höfuðból, sem ríkið þurfi að nota. En svo kemur það fram, að einu höfuðbólinu þarf að skipta við þessa jarðasölu, því að hann talar um, að einn fimmti af Prestsbakkanum verði seldur, og ef hann kallar Prestsbakkann höfuðból, þá er það rýrt með því að skipta einum fimmta úr.

Ég tek það fram aftur, að ég mun greiða atkv. á móti frv., af því að ég álít, að það séu nógir hagsmunir fyrir einstaklingana að búa á ríkisjörðum með betri kjörum en annars staðar fást, og í öðru lagi, að þegar ríkið leggur mikið fé til jarðabóta, þá sé eðlilegra, að það sé að bæta eigin jarðir og skapa þar með ábúendunum betri kjör en leggja það í jarðir einstaklinganna, því að þegar er búið að rækta þar og byggja með styrk úr ríkissjóði, þá er kannske eins erfitt að lifa þar eins og meðan jörðin var óræktuð og illa hýst, af því að þá verður að borga svo mikið fé fyrir að fá að vera þar. Það er hægt að telja margar jarðir, sem eru svo dýrar. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það kann að vera, að mér hafi láðst að taka fram, að hv. þm. A.-Húnv. gat þess, að hann vildi fylgja till. meiri hl., þegar hans till. var felld í n., en upphaflega var hún þríklofin, eins og málið lá fyrir.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða við þá hv. þm., sem hafa mælt gegn frv. Mér skilst, að hv. 1. landsk. hafi nú eiginlega talað á móti þessu frv. eða sölu þessara jarða á þeim grundvelli, sem var, áður en l. um ættaróðul voru samþ., en það var allt annar grundvöllur að sleppa úr eign ríkisins jörðum, sem mátti fara með á handahlaupum brasksins manna á milli, því að af þeim ástæðum gat salan orðið hreinasta hefndargjöf. Það er allt annað mál, þegar jarðir eru seldar með

þeim kvöðum, sem á þeim eru, eftir að l. um ættaróðul eru komin í gildi, því að þá á að vera hægt að koma í veg fyrir sölu og braskmeðferð, því að þá er alveg jafntryggt, að jörðin verði ætíð í hæfilegu verði, eins og hún væri í eign hins opinbera. Hins vegar getur hann eðlilega haft sína skoðun um það, að ekki eigi að selja jarðir hins opinbera, en rökin fyrir, að ekki ætti að gera það, fannst mér tilheyra liðinni tíð.

Um ræðu hv. 2. þm. N.-M. skal ég ekki fara mörgum orðum. Mig minnti og minnir enn, að hann væri með frv. um ættaróðul og erfðaábúð, og getur hann þá leiðrétt það, ef það er ekki rétt. En sé það rétt, að hann hafi verið með því, þá skil ég ekki, að hann skuli leggja á móti þessu frv. í því formi, sem það hefur samkv. brtt. n., því að það er þegar með löggjöf búið að slá fastri stefnu um þessi mál, sem sé, að jarðir geti verið annaðhvort í eigu ríkisins og í erfðaábúð eða eign einstaklinga sem ættaróðul með þeim takmörkunum, umráðarétti og kvöðum, sem þeim fylgir. Og sé svo, að sumar jarðirnar, sem hann flytur brtt. um, að seldar verði, séu í eigu jarðakaupasjóðs, þá er óþarfi fyrir hann að vera að gera það fyrir kjósendur sína að flytja brtt., því að þá hafa þeir skýlausan rétt til að fá jarðirnar keyptar, hvort sem þingið segir nokkuð um það eða ekki. Menn geta farið til stj. og samið um kaup á jörðunum með þeim skilyrðum, sem fylgja.

Ég geri ráð fyrir, að eðlilegt sé að samþ. brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., en ég verð samt að óska þess fyrir hönd n., að þessari umr. verði frestað, svo að n. fái aðstöðu til að athuga till., áður en gengið verður til atkv. um þær.

Gísli Sveinsson: Ég hygg, að hv. n. þurfi að breyta frv., hvort sem er, og væri eðlilegast, að brtt. væru teknar aftur til 3. umr., og gæfist hv. n. þá tóm til að athuga till. Gæti hún þá sagt um þær álit sitt, þegar þar að kæmi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég var með l. um erfðaábúð og óðalsrétt. En þótt maður sé með stórum lagabálki, þá er ekki þar með sagt, að maður sé samþykkur öllum ákvæðum hans. Það er líka rétt, að það er sjálfsagt ekki nein þörf með tvær af þeim jörðum, sem ég flyt till. um, að þær séu settar inn í l., en ég gat þess, að umsóknin um aðra jörðina hefði legið fyrir nokkuð lengi, án þess að svar hefði fengizt, og þess vegna eðlilegt, úr því að verið er að semja l. um sölu á opinberum jörðum, að þær komi þar inn í, svo að ekki þurfi að vera að pína út úr hæstv. stj. svar. En ég er hæstv. stj. sammála, að það sé ekki rétt að selja jarðir, heldur sé það þá bezt að láta Alþ. gera það glappaskot.

Forseti (JörB): Skildi ég það rétt hjá hv. frsm. landbn., að n. óski eftir, að brtt. séu teknar aftur til 3. umr., en málið látið ganga áfram? (**PZ:** Ég get fallizt á það.)

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 14:4 atkv.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 60., 61. og 64. fundi í Nd., 6., 9. og 12. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 302, 328, 336, 369, 434).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): N. hefur athugað þær brtt., sem hér komu fram við 2. umr. þessa frv. um sölu á jörðunum Laxárdal og Ymjabergi á Skógarströnd og Gröf í Staðarsveit. Eftir að n. hafði kynnt sér þetta til hlítar, hefur meiri hl. n. komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með brtt. á þskj. 336 um sölu á þjóðjörðinni Prestsbakkakoti á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, en orðið sammála um að leggja á móti brtt. á þskj. 369, öllum saman (**PZ:** Öllum, það er nú vitleysa.), og af þeim ástæðum, sem nú skal greina: Á þskj. 369 er farið fram á að bæta við þetta frv. heimild um sölu á þrem jörðum í Norður-Múlasýslu, Refsstöðum í Vopnafjarðarhreppi, Snotrunesi í Borgarfjarðarhreppi og Steinboga í Hjaltastaðahreppi.

Það er svo um fyrstu tvær jarðirnar, Refsstaði og Snotrunes, að báðar eru eign jarðakaupasjóðs ríkisins, en skv. l. um erfðaábúð og ættaróðul hafa þessir ábúendur jarðanna rétt til þess að fá þær keyptar, ef þeir sækja um það og ríkisstj. að athuguðu máli vill veita þá heimild. Nú hafa báðir ábúendur beggja þessara jarða farið fram á það við *atvmrn.* að fá þessar jarðir keyptar. Ráðun. hefur þegar látið það boð út ganga, að verða skuli við beiðni þeirra, og nú þegar hefur það falið þeim manni í ráðun., sem fer með þessi mál, að tilkynna þessum tveim bændum, að jarðirnar fáist keyptar. Okkur í landbn. finnst því tilgangslaust að fara að samþ. um það sérstök l., þar sem bændurnir geta fengið þær keyptar samkv. öðrum l. — Um þriðju jörðina gegnir hins vegar öðru máli. Eyðijörðin Steinbogi í Hjaltastaðahreppi hefur nú um skeið verið nytjuð af ábúandanum á Hóli, Geirmundi Eiríkssyni, en jörðin Hóll er þjóðjörð og tilheyrir Eiðaþinghá. Það er því útilokað, að Geirmundur geti sameinað ábýlisjörð sína eyðijörðinni Steinboga, sem hann hefur haft nytjar af undanfarin ár, því að þetta eru hvor tveggja þjóðjarðir. Það væri sanni nær, að þessi eyðijörð skyldi sameinuð Hóli og gert úr því eitt býli. Þegar ábúandi á einkaeign fær eyðijörð, sem er eign ríkisins og hann hefur nytjar af, er honum gert að skyldu að sameina eyðijörðina, sem hann hefur haft nytjar af á undanförnum árum, einkaeign sinni. En okkur þykir ófært að fara að leyfa sölu til privatmanna á jörðum, sem hafa verið nytjaðar frá opinberum jörðum og yrðu undir flestum kringumstæðum nytjaðar þaðan í framtíðinni, meðan aðaljörðin er eign ríkisins. Við erum þess vegna á móti því, að eyðijörðin Steinbogi í Hjaltastaðahreppi verði seld Geirmundi Eiríkssyni, bónda á Hóli, meðan ekkert liggur fyrir um, að hann ætli að reisa þar nýbýli. Ef svo væri, liti málið öðruvísi út, en samkv. upplýsingum frá hv. 2. þm. N.-M. getur landbn. ekki fallizt á, að jörðin verði seld, og leggur því til, að brtt. á þskj. 369 verði allar felldar, en hins vegar, að brtt. á þskj. 336 verði báðar samþ.

Í samræmi við þetta ber n. fram smá brtt. við breyt. í nál. á þskj. 328 um, að í stað orðanna „tölul. 1 og 2" komi: tölul. 1, 2 og 3, — með því að þá eru þær jarðir, sem þar er vísað til, orðnar þrjár

í stað tveggja áður. Verði brtt. á þskj. 336 samþ., er því nauðsynlegt að samþ. brtt. á þskj. 434, en verði brtt. á þskj. 336 felldar, mun landbn. taka aftur brtt. á þskj. 434, þar sem hún á þá ekki lengur við.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þegar ég lagði fram brtt. á þskj. 369, gat ég þess, að fyrstnefndu tvær jarðirnar, undir a. og b., sem sé jarðirnar Refsstaðir í Vopnafjarðarhreppi og Snotrunes í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, væru eign jarðakaupasjóðs og færi ég hér fram á sölu á þeim af því, að þær hefðu verið falaðar til kaups, önnur fyrir einu ári, en hin fyrir 10 mánuðum, og hefði hvorugum aðila verið svarað enn. En eftir að ég kom fram með þessa brtt. tjáði landbrh. mér, að hann hefði lagt fyrir þann mann í ráðun., sem um þessi mál fjallaði, að svara báðum aðilum og gefa þeim kost á að kaupa jarðirnar. Þannig er þessi till. þegar búin að hafa sín áhrif, og þarf því ekki að samþ. hana, hvað þessar tvær jarðir snertir, því að þær fást keyptar, hvort sem hún verður samþ. eða ekki.

Álíka einkennilega meðferð fær þriðja jörðin, sem ég flyt till. um á sama þskj., að verði seld. Landbn. er samþykk því að heimila hér sölu á annarri eyðijörð, en þessa eyðijörð, sem ég flyt till. um, vilja þeir ekki selja. Ég get ekki sagt um það, hvað vakir fyrir Geirmundi Eiríkssyni með því að vilja fá þessa eyðijörð keypta, en það væri auðvelt að slá varnagla við því, að hann færi að braska með hana, með því að gera honum að skyldu að setja jörðina í erfðaábúð. Vitanlega er tilgangur hans enginn annar en sá að gera jörðina að sjálfstæðu býli, en ekki að braska með hana. Ég vil því mælast til þess, að landbn. taki málið til athugunar, og frekar, að því verði frestað, en alls ekki að synja um sölu, heldur setja að skilyrði, að hún verði sett í erfðaábúð. Það á að heimila sölu á jörðinni til þess manns, sem hefur nytjað hana og vill gera að sjálfstæðu býli.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og ég sagði áðan, mundi afstaða landbn. til þessa máls hafa orðið önnur, ef það lægi fyrir, að ætlun viðkomandi manns væri að gera jörðina að sjálfstæðu býli. Mér virðist hins vegar allt á huldu um, að svo sé og að ekki liggi fyrir neinar upplýsingar um þetta og þess vegna þurfi ekki að hraða sölu þessarar jarðar.

Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði um, að setja ætti það að skilyrði, ef jörðin yrði seld, að hún yrði sett í erfðaábúð, þá er engin aðstaða til þess, ef til sölu kæmi. Ástæðan fyrir þessu er sú, að með því að selja hana ekki er hægt að fara fram á það við ríkið, að jörðin verði sett í erfðaábúð, en verði hún hins vegar seld Geirmundi, er hægt að setja hana undir óðalsrétt. Mér virðist því, að Geirmundur eigi þess kost að fá jörðina í erfðaábúð, án þess að hún verði seld honum. Óski hann hins vegar eftir að fá hana keypta, þá verða að liggja fyrir einhverjar upplýsingar um, hver ætlan hans sé varðandi jörðina, því að um langt skeið hefur hún ekki verið talin byggileg og lögð undir aðra jörð í Eiðaþinghá. Okkur í landbn. finnst óeðlilegt að gera ábúanda á opinberri jörð að sérstökum eiganda á nokkrum hluta þess lands, sem hann nytjar, og geri ég því ekki ráð fyrir, að hún óski eftir að taka málið til frekari meðferðar.

ATKVGR.
Brtt. 369,a—b teknar aftur.
— 336 samþ. með 17:2 atkv.
— 369,c felld með 13:5 atkv.
— 434 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 328, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 445).

Á 61. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 445, n. 601).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. — Landbn. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og hefur niðurstaða hennar orðið sú að mæla með samþykkt þess. Einn nm. hefur lýst yfir, að hann væri ekki samþykkur frv. að öllu leyti, og mun hann bera fram brtt. Hann hefur lýst sig aðeins samþykkan sölu eyðijarðarinnar Grafar í Staðarsveit og hefur skrifað undir með fyrirvara.

Einn nm., hv. 3. landsk. (HG), var fjarstaddur og er því óbundinn um afstöðu til frv. Hef ég svo ekki annað um frv. að segja. Við hinir nm. leggjum til, að frv. nái fram að ganga í því formi, sem það nú er.

Ég vil láta þess getið frá eigin brjósti, að mér virðist heimildir til sölu á opinberum eignum ærið handahófskenndar, og álít ég, að brýna nauðsyn beri til að setja reglur um jarðakaup og jarðasölu ríkisins. Ég tel það hentugra fyrir ríkið og almenning í landinu, að þetta fái hentugri farveg en það hefur nú og tekið verði á þessum málum föstum tökum. Alþ. verður að gera upp við sig með lagasetningu, hvert takmarkið skuli vera, hvort markmiðið eigi að vera, að bændur eigi að vera sjálfseignarbændur eða ekki. Þá verður að setja hömlur við því, að jarðabrask eigi sér stað, og væri þá eðlilegt að veita bændum heimild til að geta fengið jarðir sínar keyptar. Ég hugsa, að menn séu dálítið tvíbentir um þetta, en mér væri ekki nema ljúft að stuðla að því, að bændur gætu búið á sjálfseignarjörðum. — Ég vildi aðeins vekja athygli á, hversu laust er haldið á þessum málum frá ári til árs.

Vil ég svo vænta þess, að d. geti fallizt á álit landbn. á frv. þessu.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Eins og tekið hefur verið fram, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég er á móti því að selja nema eina af þeim jörðum, sem hér er um að ræða, en það er

eyðijörðin Gröf í Staðarsveit. Hún hefur nú lengi verið í eyði, og auk þess stendur svo á, að bóndinn á Ölkeldu fékk fyrir nokkru heimild til að kaupa hana, en gat það þá ekki vegna fjárskorts. Ég hef stundum verið með því, að ríkið seldi jarðir, þegar þær hafa ekki verið seldar til einstakra manna. En svo stendur á um hinar jarðirnar, sem frv. þetta fjallar um, að það eru ábúendur þeirra, sem vilja fá þær keyptar. Ég tel, að með þessu sé farið inn á ranga braut. Ég álít, að ríkið eigi ekki að selja jarðir sínar, ekki sízt fyrir þá sök, að ekki er um að ræða neitt verð fyrir þær, heldur eru þær seldar á gjafverði. Menn eru farnir að heimta jarðir af ríkinu, og álít ég, að Alþ. verði að spyrna við fótum og hætta að selja jarðir sínar.

Ég flyt hér brtt. á þá leið, að þrír fyrstu liðirnir falli niður og eftir standi aðeins fjórði liður, að ríkisstj. verði aðeins heimilað að selja eyðijörðina Gröf í Staðarsveit.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 7. landsk. þm. (KA) á þá leið, að þrír fyrstu liðir frv. á þskj. 445 falli niður og eftir standi aðeins fjórði liður.

Leita þarf tvöfaldra afbrigða; brtt. er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 623) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. — Það er að vísu óþarfi, en ég vil þó aðeins taka það fram, að samkv. hinni nýframkomnu skrifl. brtt. eiga þrír fyrstu liðir frv. að falla niður og aðeins fjórði liður að standa eftir.

Ég vil leyfa mér að endurtaka, að við hinir nm. leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er, og ber því að fella þessa brtt. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 623 felld með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, StgrA.

nei: MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ.

IngP, HG greiddu ekki atkv.

6 þm. (HermJ, JJ, LJóh, BSt, BrB, GÍG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 6:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, PHerm, PM, ÞÞ, BBen, EE.

nei: KA, StgrA.

HG, IngP greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÍG, HermJ, JJ, LJóh, MJ, BSt, BrB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þegar landbn. þessarar d. hafði þetta frv. til athugunar, barst henni í viðbót beiðni frá ábúanda jarðar um kaup á ábýlinu. Það er bóndinn á Eystri-Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, sem fer þess á leit, Guðmundur Vigfússon að nafni. Þetta er ungur bóndi og hefur ekki fyrir alllöngu tekið við búsforráðum eftir föður sinn, sem hefur búið þar rausnar- og myndarbúi lengi, og virðist ekki betur en þessi sonur hans vilji nú feta í fótspor föður síns, halda tryggð við jörðina, koma á umbótum og halda öllu þar í sem beztu horfi, eftir því sem kunnugir segja, enda liggja nokkrar skýrslur fyrir um það. Jörð þessi er kirkjujörð og hefur verið í fastri ábúð um marga síðustu áratugi. Og nú er þessum unga bónda farið eins og fleirum að kjósa það helzt að eiga ábýli sitt, til þess að þar sé sem bezt treyst að.

Úr því að hv. d. virðist hafa gengið í þá átt, að samþ. þær kaupbeiðnir, sem fyrir liggja, þá sé ég enga ástæðu til þess að gera þar upp í milli og neita þessari, en samþ. hinar. Meiri hl. landbn. hefur fallizt á að mæla með þessari viðbótarbeiðni, og mun ég þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. Þessi maður er nokkuð á seinni skipunum með þessa beiðni, og þetta kemur því í togi á eftir. En til samræmis hef ég orðað brtt. svo, að á eftir 4. lið, eins og hann er nú, bætist nýr liður, 5. liður, svohljóðandi: Kirkjujörðina Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu ábúandanum, Guðmundi Vigfússyni. — Þessi jörð, ef samþ. verður, verður háð sömu kvöðum og tekið er fram um hinar ábýlisjarðirnar, að þær verða að vera ættaróðal samkv. l., sem þar að lúta.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. frá meiri hl. landbn. með ósk um, að hv. d. sjái sér fært að samþ. hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 679 samþ. með 9:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 680).

Á 93. og 94. fundi í Nd., 15. og 16. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 680, 690).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég á hér brtt. á þskj. 690, sem nokkuð er kunn hér í d. áður. Það eru tvær jarðir, sem ég vil, að bætt verði inn í frv. á þskj. 680, og er ætlunin sú, að þær verði einnig seldar. — Önnur jörðin, sú sem er undir staflið a, er eyðijörð, sem í nokkuð mörg ár hefur verið notuð frá ábúandanum á Hóli, og hefur hún verið í eyði líklega á þriðja hundrað ára. Á þessari jörð eru byggð beitarhús, og hefur þessi maður hugsað sér, — ef sonur hans, sem býr hjá honum, tekur ekki við Hóli, sem er kirkjujörð, eftir hans dag, — að skapa þessum syni sínum aðstöðu til þess að geta reist nýbýli við þessi beitarhús. Í þessu skyni er farið fram á að fá jörðina til kaups, og er ætlunin, að hún verði seld með því skilyrði, að á henni verði erfðaábúð.

Hin jörðin er Engjalækur í Hjaltastaðahreppi, og barst mér ekki fyrr en nú í hendur umsóknin frá eiganda jarðarinnar, sem notað hefur Engjalæk, um að fá hana keypta. Engjalækur er líka eyðijörð, en hefur sæmilegar engjar og hefur um margra ára skeið verið notuð frá Klúku. Klúka var seld í vor til tveggja bræðra, og þeir hugsa sér að skipta henni milli sín í tvær jarðir og byggja nýbýli á annarri hálflendunni. En til þess er jörðin Klúka ein sér heldur lítil, en hins vegar sæmilega vel til þess fallin, ef jörðin Engjalækur verður sameinuð henni. Það er nákvæmlega eins ástatt um þessa jörð og um eina jörðina í frv., sem sé eyðijörðina Gröf í Staðarsveit, sem ætlazt er til, að seljist með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Ég hef átt tal við landbn. Ed. út af því, að sumir menn álíta, að ef þessi brtt. verður samþ., muni það tefja fyrir framgangi málsins, en það er engin hætta á því, að málið þurfi að daga uppi, þótt það fari aftur til Ed., og annað er ekki hér um að ræða. — Ég vil því vænta þess, að menn sjái, að úr því að verið er að heimila sölu þjóðjarða, þá eiga þeir aðilar, sem hér óska eftir að fá þessar tvær þjóðjarðir keyptar, sama rétt og aðrir til þess, enda sæti þeir sömu kostum og þeir, sem sé, að eyðijörðin Steinbogi fari í erfðaábúð og að eyðijörðin Engjalækur leggist undir Klúku og verði partur af því nýbýli, sem þar rís upp, þegar Klúku verður skipt. — Hitt er svo annað mál, sem þm. er vel kunnugt, að ég er á móti sölu þjóðjarða og mun greiða atkv. móti frv., þó að till. mín verði samþ. En það eiga allir að vera jafnir fyrir lögunum.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Út af þeim brtt., sem fyrir liggja frá hv. 2. þm. N.-M. (PZ), vil ég segja það, að út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, þótt það yrði samþ. heimild til þess að selja þessar jarðir. En þetta frv. er búið að liggja hér fyrir síðan í þingbyrjun og er búið að ganga gegnum báðar deildir og er hér nú til einnar umr. Ég vil þess vegna ógjarnan fara að breyta þessu frv. nú og tefja það ef til vill með því að láta það fara fyrir Sþ. Ég held þess vegna, að það sé enginn skaði skeður fyrir hv. 2. þm. N.-M., sem hefði haft tækifæri til að koma með þessar brtt. fyrr, þótt hann biði til næsta þings og komi þá fram með sérfrv. varðandi þær jarðir, er hér um ræðir. Annars má vísa því til flm., sem hér eiga hlut að máli, hvort þeir vilji eiga á hættu, að þessar brtt. verði samþ.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Hv. þm. A.-Húnv. beindi því til mín, hvort ég teldi hættu af því fyrir frv., ef þessar brtt. verða samþ. — Eins og hann gat um, var þetta frv. borið fram fyrstu dagana í sept. s. l. og er því búið að vera til meðferðar í fjóra mánuði, og vil ég því segja hið sama og hv. þm. A.-Húnv., að enda þótt ég fyrir mitt leyti gæti fallizt á þessar brtt., tel ég ekki rétt og legg á móti því, að þær verði samþ. núna, vegna þess að mjög er hætt við, að það gæti orðið til að drepa málið á þessu þingi, enda vil ég líka segja það, að flm. till. hefði verið í lófa lagið að bera þær fram við aðrar fyrri umr. hér í d. Legg ég því á móti því, að þessar brtt. verði samþ., þar sem frv. er stefnt í mikla hættu með þeim.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. N.-M., voru þessar brtt. ræddar í landbn. Ed., og ég held, að meiri hl. n. hafi í sjálfu sér verið fylgjandi till. eða með því efnislega, að þær næðu fram að ganga, en samt komu fram svipaðar raddir um það í n. og hér, að það gæti riðið málinu að fullu, ef fara ætti að flækja því milli deilda. Ég kynnti mér þetta ofur lítið með viðtali við landbn. Ed. og spurði, hvort þeir álitu mikla hættu á því, að málið yrði stöðvað þar, þegar það kæmi þangað, og voru þeir nm., sem voru meiri hl. n., eindregið á því, að málinu væri ekki stefnt í neina hættu og að þeir mundu samþ. það óbreytt. Ég tel því ekki mikla hættu á því, að málið mundi daga uppi eða eyðileggjast, þótt brtt. yrði samþ. Ég get ekki borið fram neitt sameiginlegt álit fyrir n., en afstaða n. var yfirleitt þessi, sem ég hef nú skýrt frá, og mun ég greiða atkv. með till.

ATKVGR.

Brtt. 690,1.a—b samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SG, SÞ, SvbH, BG, BÁ, GÞ, HelgJ, HarJ, JörB.

nei: JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SEH, SK, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh.

GSv greiddi ekki atkv.

11 þm. (SigfS, SB, STh, SkG, StJSt, ÞG, ÁkJ, EystJ, GG, IngJ, JakM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Guðnason: Ég hef verið á móti þessu í landbn., en af því að ég get skilið, að röðin heldur áfram með sölu þjóðjarða, og ég held, að þetta verði til þess, að frv. nái ekki fram að ganga, segi ég já.

Brtt. 690,2 samþ. án atkvgr.

— 690,3 samþ. með 16:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:7 atkv. og endursent Ed.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 756).

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. — Þegar frv. þetta var áður til umr. hér í hv. d., var það mitt hlutskipti að hafa framsögu um það. Nú hefur það tekið nokkrum breyt. í Nd., þannig að hún hefur skeytt tveim jörðum við, sem óskað er einnig eftir að fá keyptar. Það eru eyðijarðirnar Steinbogi í Hjaltastaðahreppi og Engjalækur í sama hreppi. Þetta er því nýmæli, sem komið er fram, og ég vildi í sambandi við þá breyt. láta þess getið sem mína einkaskoðun um málið — landbn. hefur ekki séð ástæðu til þess að láta málið að svo komnu til sín taka, — að úr því að málið er komið þetta langt á veg og lítur út fyrir, að það sé þingvilji fyrir því, að þessar heimildir séu veittar, þá sé ég ekki ástæðu til þess að gera þarna upp á milli. Og úr því að búið er að

heimila að heita má í báðum d. fimm slíkar jarðir, þá ætti það ekki að breyta neinu, þó að þær væru sex eða sjö.

Ég vil endurtaka það, sem ég hef fyrr sagt, að ég álít, að þetta jarðabrall ríkisins sé óráð á allan hátt og það væri nauðsyn, að sem allra fyrst væri einhver ýtarleg skipan gerð í þessum efnum. En á meðan það er ekki gert að bæta úr þessu og tekin ákveðin stefna í þessum málum, þá álít ég, að ekki sé hægt að gera hér upp á milli og selja þessar jarðir líka, sem nú er komin ósk um, og þá auðvitað með þeim skilyrðum, sem um slíkar jarðir eru sett.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 813).

76. Hafnargerð á Sauðárkróki.

Á 83. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki (þmfrv., A. 564).

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. Samkvæmt óskum frá hafnarnefnd Sauðárkróks höfum við leyft okkur að flytja hér þetta frv. til l. um breyt. á hafnarl. Sauðárkróks. — Fyrir rúmum 10 árum voru gerðar lendingarbætur á Sauðárkróki og til þess kostað miklu fé. Síðan hefur það reynzt svo, að það hefur átt sér stað nokkur sandburður inn í höfnina. Þetta hefur ágerzt svo á síðustu árum, að við það verður ekki lengur unað án þess að úr verði bætt. Grynnkað hefur þarna svo mikið, að stærri skip geta ekki með góðu móti lagzt við hafnargarðinn. Gert er því ráð fyrir að dýpka höfnina það fyrsta sem mögulegt er. Einnig hefur verið reiknað út, samkv. till. vitamálastjóra, að lengja hafnargarðinn til þess fyrst og fremst, að stærri skip geti lagzt við hann heldur en áður. Hann er svo stuttur, að hafnargarðurinn jafnbrýnir við þau flutningaskip, sem þarna koma. Og ef nokkuð er órólegur sjór, geta þau ekki legið við hafnargarðinn og geta því ekki afgreitt sig þar, ef nokkuð er að veðri. Í öðru lagi er það, að ef hafnargarðurinn væri lengdur fram, mundi það miða að því, að sandburðurinn inn í höfnina hyrfi. Þess vegna mundi þessi viðbót fyrirbyggja sandburð inn í höfnina, og í öðru lagi gætu stærri skip afgreitt sig við höfnina heldur en geta það nú.

Málið liggur mjög ljóst fyrir. Það er reiknað út af vitamálaskrifstofunni, hvað þetta mannvirki muni kosta, og fylgiskjöl með frv. bera það með sér, og ég veit, að hv. þdm. hafa kynnt sér það. Þess vegna skal ég ekki fjölyrða um þetta, en aðeins geta þess, að hv. fjvn. hefur tekið upp í till. sínar nokkra fjárveitingu í þessu skyni. Breyt. þessi á hafnarl. virðist því vera alveg sjálfsögð. Vona ég því, að hv. þd. taki vel á þessu máli. — Óska ég svo, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 675).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. N. hefur athugað frv. og sent það vitamálastjóra til umsagnar. Mælir hann með því, að það verði samþ. óbreytt; hið sama gerir n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 798).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. Í l. nr. 65 frá 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, er svo fyrir mælt, að fé til hafnargerðarinnar skuli vera alls 650 þús. kr. og greitt í venjulegum hlutföllum frá ríkissjóði og framlag úr hreppssjóði með ábyrgð ríkisins. Þetta fé, sem hafnarl. ákveða, er nú uppnotað. En hins vegar er, að því er segir í grg. frv., mikil þörf og aðkallandi að halda hafnargerðinni áfram, bæði með mokstri úr höfninni og bryggjugerð og byggingu sandvarnargarðs.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að þessi upphæð til hafnargerðar á Sauðárkróki verði hækkuð í sömu hlutföllum og áður hefur verið, allt upp í eina millj. kr. Með frv. fylgir sem fylgiskjal áætlun eftir Magnús Konráðsson um þessi mannvirki, sem bráðlega kallar að að

reisa. Og er upphæð sú, sem farið er fram á í frv., nákvæmlega í samræmi við þá áætlun.

Sjútvn. Nd. sendi þetta frv. til umsagnar vitamálastjóra, og mælir hann eindregið með því, að frv. nái fram að ganga. Sjútvn. þessarar d. hefur athugað frv., og fellst hún á þau rök, sem koma fram bæði í grg. frv. og umsögn vitamálastjóra, og leggur því eindregið til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 825).

---

77. Lendingarbætur í Grindavík.

Á 89. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík (þmfrv., A. 627).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 627, n. 718).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er aðeins leiðrétting á áætlaðri upphæð um kostnað við lendingarbætur í Grindavík. Þessar tölur, sem eru í frv., eru í samræmi við útreikninga vitamálastjóra, og leggur öll sjútvn. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 627, n. 795).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta vori voru samþ. hér á hæstv. Alþ. l. um lendingarbætur í Grindavík. Þar var gert ráð fyrir, að veittar yrðu úr ríkissjóði allt að 150 þús. kr. til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar voru í sambandi við lendingarbætur í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík, og tilsvarandi ábyrgð fyrir láni. Síðan þessi lög voru sett, hefur verið unnið að framkvæmdum í lendingunni. Og það fé, sem veitt hefur verið úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, er að mestu upp étið.

Nú hefur það komið í ljós, um leið og að verkinu var unnið, að framkvæmdir þessar hafa orðið dýrari en áætlað var upphaflega, auk þess sem nauðsynlegt er að gera þar frekari aðgerðir viðkomandi lendingarbótum þarna en gert var ráð fyrir, þegar byrjað var. Skrifstofa vitamálastjóra hefur gert áætlun um, hver verða muni heildarkostnaður þessa mannvirkis, og henni telst svo til, að hann verði 450 þús. kr. Er hér því farið fram á að hækka hvort um sig, ríkisábyrgð og framlag ríkissjóðs, um 75 þús. kr., þannig að heimild verði eftir þessum l. til að veita þetta fé úr ríkissjóði og ríkisábyrgð tilsvarandi, þegar tiltækilegt þykir að framkvæma lendingarbæturnar.

Sjútvn. þessarar hv. d. mælir með því, að þessi lagfæring verði gerð á l. um lendingarbætur í Grindavík, — því að nánast verður að telja þetta lagfæringu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 826).

78. Hafnarlög fyrir Keflavík.

Á 89. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26 febr. 1943 (þmfrv., A. 628).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 628, n. 719).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef það eitt að segja, að sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 628, n. 796).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í gildandi hafnarl. fyrir Keflavík er heimild til þess að veita úr ríkissjóði allt að 680 þús. kr. styrk til hafnarbóta í Keflavík, svo og heimild til þess, að ríkið gangi í tilsvarandi ábyrgð, eftir því sem venja er. Fyrir þá fjárhæð, sem heimilt er að veita úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, hefur þegar verið unnið í Keflavík að ýmiss konar hafnarbótum.
Nú er í ráði að vinna þarna meira að þessu, lengja nokkuð þann hafnargarð, sem þar er fyrir. Og það er talið, að þetta muni kosta 1½ millj. kr. Fé hefur enn ekki verið veitt til þessa verks, en Keflvíkingar sækja mjög fast, að ríkissjóður veiti þeim styrk til þess að koma þessu verki í framkvæmd. En til þess að hægt sé að hraða því máli, er nauðsynlegt að gera breyt. á hafnarl. þannig, að ef Alþ. vildi gera um þetta fjárveitingarákvæði, þá sé heimild til þess í hafnarl. Og þetta frv. er undirbúningsráðstöfun að þessu, þar sem lagt er til, að fjárveiting til Keflavíkurhafnar sé hækkuð úr 680 þús. kr. í 1.280.000 kr. og ábyrgðarheimildin tilsvarandi.
Hér er því ekki um annað að ræða en heimild til þess að nota þetta fé til framkvæmdar hafnarmannvirkja í Keflavík, þegar Alþ. sér ástæðu til að veita það.
Vitamálastjóri leggur með þessu frv., og sjútvn. þessarar d. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 827).

---

79. Hafnarlög fyrir Hrísey.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Hrísey (þmfrv., A. 97).

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið, að það er óþarfi að hafa fyrir því langa framsöguræðu. Það stendur eins á um þetta kauptún, Hrísey, og mörg önnur, að þegar þau stækka, er nauðsyn á að gera í þeim ýmsar framkvæmdir og þar á meðal hafnarbætur. En það verður ekki með öðru móti en því, að þau verði aðnjótandi þess að fá til þess styrk úr ríkissjóði, og gildir það þá einnig um þetta kauptún, sem hér er um að ræða.
Það eina atriði, sem skilur þetta kauptún frá öðrum kaupstöðum og kauptúnum með tilliti til hafnarmannvirkja, er það, að hér er gert ráð fyrir, að það fé, sem því sé veitt í sömu hlutföllum og til annarra kauptúna, verði með ábyrgð sveitarsjóðs, en ekki eins og vera mun í hafnarl. annarra

kauptúna, að einnig sé ákveðið um ábyrgð sýslusjóðs. Þessu ákvæði um ábyrgð sýslusjóðs er sleppt í þessu frv. vegna þess, að það hefur nú gerzt í Eyjafjarðarsýslu, að einu kauptúni hefur verið neitað um bakábyrgð sýslusjóðs. Það þýðir því það, að ef ákvæði um ábyrgð sýslusjóðs er í öðrum hafnarl. fyrir kauptún í Eyjafjarðarsýslu, þá mundu þau l. ekki koma að fullu gagni. Og ef ekki fæst einhvern veginn á þessu einhver bót, þá verða l. alveg gagnslaus og ekki hægt að hefja neinar framkvæmdir.

Nú hefur verið lögð fram á hæstv. Alþ. till. til þál. um bráðabirgðahjálp handa Ólafsfirðingum, þannig að það kauptún hafi efni til hafnarmannvirkja. En það er bráðabirgðalausn á málinu, og er ekki búið að ráða því endanlega til lykta. Af þessum ástæðum hef ég sleppt þessu úr vegna Hríseyjar.

Ég vænti þess, að um þetta mál verði ekki miklar umr. að þessu sinni. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 600).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Mál þetta hefur legið alllengi fyrir sjútvn., og hefur n. beðið mjög lengi eftir umsögn vitamálastjóra. En eins og venja er til, hefur þetta frv. verið sent til umsagnar vitamálastjóra. Auk þess er því um að kenna, að þingfrestun hefur gripið hér inn í, og þar af leiðandi hefur afgreiðsla frv. tafizt.

Eins og meðfylgjandi fylgiskj. frá vitamálaskrifstofunni sýnir, hefur vitamálastjóri mælt með samþykkt frv., aðeins með þeim breyt., að fjárhæðir 1. og 2. gr. yrðu lækkaðar. — Öll sjútvn. hefur mælt með frv. á þá lund, sem vitamálastjóri hefur lagt til, að það yrði samþ. En ástæðurnar til þess, að fjárhæðir frv. hafa verið lækkaðar nokkuð, eru fyrst og fremst þær, að vitamálastjóra þykir ekki líklegt, að þessar miklu framkvæmdir, sem stendur til að gera í hafnarframkvæmdum í Hrísey, verði unnar nú á næstu árum, og gæti því vel farið svo, að þær yrðu unnar á nokkru ódýrari tíma en nú er, og sé því ekki nein þörf fyrir að hafa fjárhæðirnar eins háar og gert er ráð fyrir í frv., enda mundi þá verða hægurinn á að fá hækkaðar upphæðirnar, ef framkvæmdir þessar yrðu unnar á svo dýrum tíma sem nú stendur yfir.

Sjútvn. mælir með samþykkt frv. með þeim einu breyt., sem tilgreindar eru á þskj. 600.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja það, að ég get að vissu leyti fallizt á álit vitamálastjóra og vil með tilliti til þess, hversu þetta mál hefur dregizt lengi, taka fram, að þar sem ég tel þurfa að koma málinu fram á þessu þingi, vil ég una því, að tölum verði breytt á þann hátt, sem stungið er upp á í áliti sjútvn., og treysti því þá líka, að hafizt verði handa um það á Alþ. á sínum tíma að hækka aftur þessar tölur, ef þörf krefur.

ATKVGR.
Brtt. 600,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 600,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 620).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 620, n. 765).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — N. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi hafnarl. og séð við þann samanburð, að ábyrgð sýslun. Eyjafjarðarsýslu er felld burtu úr l. og farið þar inn á nýja braut með því að kippa burt ábyrgð sýslun. fyrir þeim hluta, sem ríkissjóður ábyrgist af láninu til hafnarbóta til hreppsins. Með því að hér er um að ræða reglur, sem ekki snerta kaupstaði, gat n. ekki fallizt á að leggja til, að frv. yrði samþ., nema ábyrgð sýslusjóðs yrði færð inn og komi til þar eins og í öðrum hreppum á landinu.

N. er alveg ljóst, að komið hafa upp háværar raddir frá hafnarbótasjóðum og lendingarbótasjóðum í landinu um það að fella þessi ákvæði niður úr hafnarl. En n. taldi ekki rétt að gera slíkt á þessu stigi málsins, en vill í þessu sambandi nota tækifærið til þess að benda á það, hversu mikil þörf er á því að fá samþ. almenn hafnarl. til þess að geta komið þessum málum í það horf, sem þau þurfa að komast í. Vil ég beina þessu til hæstv. samgmrh. Einnig vill sjútvn. beina því til hæstv. samgmrh., að svo fljótt sem unnt er verði samin almenn hafnarl., þar sem tekið sé

til athugunar, hvort gerlegt þætti að fella burt þetta ákvæði. En það er vitanlegt, að ef þetta ákvæði um ábyrgð sýslusjóðs verður fellt burt úr einum hafnarl., kemur krafa um það frá öllum öðrum hreppum að fella það burt. Mér er kunnugt um, að það muni eiga að gera slíka kröfu fyrir Bolungavík, eftir að búið er að gera Ólafsfjörð að sérstöku bæjarfélagi, en það var gert aðallega vegna þess, að sýslun. Eyjafjarðarsýslu neitaði um ábyrgð. Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á það nú, en það verður til athugunar á sínum tíma, hvað eigi að koma í staðinn, ef ábyrgð sýslusjóðs verður kippt burt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. N. leggur til, að frv. verði samþ., en þessu verði breytt eins og hún leggur til á þskj. 765.

Bernharð Stefánsson: Ég get vel skilið afstöðu hv. sjútvn., að hún vilji hafa hafnarl. fyrir Hrísey í samræmi við önnur hafnarl. En eins og hv. frsm. gat um, hefur þessu verið þannig farið um hafnir utan bæja, að það hefur verið áskilin bakábyrgð viðkomandi sýslu fyrir því láni, sem hafnarsjóðir þeirra hafa tekið og ríkið ábyrgist. En því er ekki að leyna, þó að ég geti skilið þessa afstöðu sjútvn., að ég geri ráð fyrir, þegar litið er til afstöðu sýslun. Eyjafjarðarsýslu til ábyrgðarinnar vegna hafnarinnar í Ólafsfirði, að samþykkt þessarar brtt. er það sama og að stöðva framkvæmdir í Hrísey.

Ég býst við, að það sé alveg rétt hjá hv. frsm. n., að orðið sé tímabært og nauðsynlegt að setja heildarl. um hafnargerðir hér á landi. Ég er n. alveg sammála um það, að þau lög ættu helzt að koma á næsta þingi, og mér þætti vænt um það, ef jafnhliða því, að þetta mál er afgr. og þessi brtt. n. ef til vill samþ., sem eins og ég hef upplýst, verður til að stöðva þessar framkvæmdir, kæmi eitthvað frá hæstv. stj. um það, hvað hún hyggst fyrir í þessu máli, þ. e., hvað hún hyggst fyrir um heildarlöggjöf viðvíkjandi hafnargerðum, og þá, hvort hún hugsar sér ekki einhver heildarákvæði um það, hvað ætti að vera skilyrði fyrir ábyrgð ríkissjóðs á lánum til slíkra framkvæmda.

Ég get ekki beinlínis farið að mótmæla þessari brtt., af því að ég finn, að hún er alveg í samræmi við önnur hafnarl., en sem þm. kjördæmisins get ég þó ekki léð henni fylgi mitt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Bæði hv. frsm. n. og hv. 1. þm. Eyf. hafa minnzt á það, hvað ríkisstj. mundi leggja til um samningu almennra hafnarl. fyrir allt landið, sérstaklega út af því atriði, sem hér er deilt um. Ég get út af þessu sagt það, að fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum hefur legið þetta verk, og veit ég ekki annað en hún hafi safnað gögnum til þess að vinna úr og eigi í fórum sínum talsvert af því, sem þarf til undirbúnings slíks frv. Hins vegar hefur n. ekki enn skilað mér eða ráðun. neinu endanlegu um þetta mál. Ég hef rætt um þetta við form. n., og mér hefur skilizt, að honum léki fullur hugur á því, að þetta verk yrði unnið sem allra fyrst.

Hafnarl. eru orðin svo mörg fyrir allt landið, að æskilegt væri að sameina þau í ein heildarl. og handhægt að hafa það í einum l., og þar að auki mundu þessi ákvæði, sem í hafnarlög eru venjulega sett, verða í meira samræmi á þann hátt. — Það er vilji ráðun. og n., sem hefur þetta starf með höndum, að þessu verki ljúki sem fyrst.

Að því er snertir þetta sérstaka mál, þá er það rétt, að eins og frv. er nú úr garði gert, er það að því leyti óvenjulegt, að ekki er gert ráð fyrir, að sýslun. sé í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem hreppurinn kann að taka í þessum efnum. Hygg ég, að það sé vegna þess, að það atvik kom fyrir á s. l. ári, sem segja má, að landfrægt hafi orðið, að sýslun. neitaði að taka ábyrgð á láni vegna Ólafsfjarðar. En bæði var þar um miklu hærri upphæð að ræða en er í þessu frv. og svo einnig hitt, að sýslun. hefur einnig fengið svo mikla andúð fyrir þessa afstöðu sína til Ólafsfjarðar, að ekki er líklegt, að hún grípi til þess aftur, sérstaklega þegar ekki er um hærri upphæð að ræða en hér er. Það er þó allt í allt takmarkað við ½ millj. kr., en við hina ábyrgðina gerði sýslun. sér í hugarlund, að hún mundi verða 4½ millj. kr., þó að það væri mín skoðun, að Ólafsfirðingar væru færir um að standa undir þeirri upphæð eins og Hríseyingar nú undir þessari. Ég segi því eins og hv. 1. þm. Eyf., ég mun ekki andmæla á neinn hátt þeirri brtt., sem hv. sjútvn. kemur með. Það er að vissu leyti eðlilegt og í samræmi við það, sem áður hefur verið. En á hinn bóginn skal ég reyna að ýta undir það, að mþn. í sjávarútvegsmálum ljúki sem fyrst við undirbúning frv., þar sem þetta mál allt verður tekið til yfirvegunar, þ. e. hverja tryggingu ríkissjóður eigi að fá fyrir lánum, sem hann kann að ábyrgjast í þessu skyni.

Bernharð Stefánsson: Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er um allt aðrar upphæðir að ræða í þessu frv. en þá, sem sýslun. Eyjafjarðarsýslu taldi, að væri um að ræða viðvíkjandi Ólafsfirði. Ég vil þó benda á, að Alþ. var sent álit sýslun. um þetta, og neitun hennar á ábyrgð fyrir Ólafsfjörð byggðist ekki eingöngu á óttanum við það að ganga í þá ábyrgð, heldur á þeim skilningi sýslun. og áliti, að það væri rangt að áskilja ábyrgð sýslunnar með þeim takmörkuðu tekjumöguleikum, sem sýslan hefði, fyrir slíkum lánum. Og þó að hér sé um ólíkar upphæðir að ræða, hef ég fulla ástæðu til að ætla, að afstaða sýslun. verði hin sama gagnvart þessu máli og Ólafsfjarðarmálinu. Þess vegna er það, að þó að ég geti ekki verið að rísa gegn þessari till., þar sem hún er í samræmi við önnur hafnarl., þá býst ég við, að samþykkt þessarar brtt. verði til þess, að ekki verði um hafnarframkvæmdir í Hrísey að ræða, fyrr en ef heildarl. yrðu sett um hafnargerðir í landinu og með því móti yrði fært að hefjast handa. Ég vona því, að hv. þdm. afsaki það, þó að ég geti ekki beinlínis lið þessari brtt. fylgi.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf viðvíkjandi setningu almennra hafnarl. En í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Eyf. vil ég geta þess, að ég hef fengið upplýsingar um, að það vanti undirbúning undir þessar framkvæmdir, og er búizt við, að honum verði lokið á þessu ári, svo að tæplega verður hægt að hefja framkvæmdir fyrr en á næsta ári. Þó að þessi till. verði samþ., sé ég ekki annað en búið sé að samþ. hafnarl. fyrir staðinn,

og tel ég því þessa afgreiðslu heppilega fyrir málið, því að ekki þyrfti annað en fá þessu breytt, þegar byrja þarf á framkvæmdum. Ég held því, að allir hv. þdm. muni geta fallizt á að afgr. málið eins og það liggur fyrir nú, svo að það komist í gegn á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 765 samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, PHerm, ÞÞ, GJ, HG, IngP, LJóh, StgrA.
nei: BSt, BrB.
7 þm. (PM, BBen, EE, GÍG, HermJ, JJ, KA) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 792).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 101. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 828).

---

80. Olíugeymar o. fl.

Á 79. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 110 1943, um olíugeyma o. fl. (þmfrv., A. 581).

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þegar l. um olíugeyma komu til framkvæmda, samdi stjórn Fiskifélags Íslands reglugerð fyrir neytendafélögin, og sú reglugerð var hliðstæð samvinnul. vegna þess, að l. bera með sér, að tilætlunin er, að þessi fél. séu samvinnufél. Nú hefur komið í ljós, að þegar þessi fél. eru stofnuð, hefur oft ekki verið hægt að uppfylla ýmis ákvæði samvinnul. Það eru sérstaklega tvö ákvæði, sem erfitt hefur verið að uppfylla. Annað er það, að meðlimir verða að vera minnst 15, og svo hitt, að ekki geta aðrir en einstaklingar verið meðlimir í samvinnufélagi.
Nú hefur það sýnt sig, að á sumum stöðum, þar sem þarf að mynda olíusamlag, er ekki hægt að ná í 15 meðlimi, og veit ég af tveimur dæmum um þetta, og á báðum stöðunum hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að smíða hæfilega olíugeyma. Þessi fél. er ekki hægt að skattleggja sem samvinnufél., heldur sem hlutafél. Á einum stað a. m. k. eru stærstu notendurnir í samlaginu frystihús og kaupfélag. Það samlag samrýmist ekki samvinnul. frekar en hin, en þar er einnig svo ástatt, að öllum undirbúningi er lokið og það tekur til starfa á næstu vertíð. Þar sem það er augljóst, að sum þessara samlaga verða skattlögð sem samvinnufél., en önnur sem hlutafél., er hætt við, að myndist ósamræmi um aðstöðu þessara fél. að því er snertir álögur. Þess vegna samþ. stjórn Fiskifél. Ísl. frv. þetta og óskaði, að það yrði flutt á Alþ.
Frv. gerir þá einu breyt. við 4. gr. l., að við hana bætist ný málsgr., sem hljóðar eins og segir í frv. og er að efni til þannig, að þótt olíusamlög séu skoðuð sem hlutafél., njóti þau sömu hlunninda við álagningu skatta og samvinnufél.
Ég hygg, að um þetta mál ætti ekki að standa mikill styr hér á þ. Það er vitað, að mjög víða hefur l. um olíugeyma verið vel tekið, undirbúningur víða hafinn og Fiskifél. Ísl. hefur stutt að stofnun ýmissa samlaga.
Ég held, að öll sanngirni mæli með því, að þetta litla frv. nái samþykki í þ. Það veldur engri byltingu í þjóðfélaginu, en gerir það að verkum, að þessi olíusamlög þurfa ekki að búa við misjafnar aðstæður.
Legg ég svo til, að frv. verði vísað til sjútvn., þótt það heyri frekar undir fjhn., vegna þess að l. heyrðu undir sjútvn., þegar þau voru hér á ferð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10:1 atkv.

Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 581, n. 665).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ekki ráð fyrir að hafa mjög langa framsöguræðu fyrir hönd n., enda er ég illa til þess fallinn, úr því að ég er nærri mállaus vegna hæsi.
Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar, en þó hefur genglð nokkuð erfiðlega — sjálfsagt vegna annríkis í þinginu — að fá n. fullskipaða á fund. Og þegar málið var afgr. í n., var það afgr. af 3 nm., má því segja, að það sé meiri hl. n., sem leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. En öðrum nm., sem ekki gat mætt á fundi, gaf ég kost á að skrifa undir nál., og hann gerði það, en þó með fyrirvara vegna þess, að hann átti ekki kost á því að setja sig inn í málið.
Það kom til tals í n., hvort þessi breyt., sem hér er gerð um það, að viss flokkur hlutafélaga væri undanþeginn skatti og útsvarsskyldu, gæti ekki haft áhrif á það, að fleiri tegundir hlutafélaga teldu sig hafa ástæðu til þess að óska slíkra leyfa. Hvað, sem um það má segja, er það tvímælalaust, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er svo skýrt og

ákveðið, að það gefur ekki að neinu leyti ástæðu til undanþágu fyrir aðrar tegundir hlutafélaga heldur en olíusamvinnufélög. Og þar af leiðandi er hættulaust að samþ. þetta frv., þannig að aðrir komast ekki undir þessi ákvæði. Þetta vorum við 3 nm. sammála um. Hitt er alveg óskylt mál, og því verður ekki svarað hér, hvort fleiri tegundir hlutafélaga óska eftir slíkum hlunnindum. Og yrði þá hæstv. Alþ. að taka ákvörðun um það á sínum tíma, ef það skyldi koma fyrir. En það virðist óhjákvæmilegt að gera þessa breyt. á l. um olíugeyma. Ég hef komizt að því, síðan málið var til 1. umr., að það er í fleiri tilfellum en ég þekkti þá, sem svo stendur á, að ekki er hægt að mynda olíufélög sem samvinnufélög, og verður þá að mynda þau sem hlutafélög, því að auðvitað verður að skrá félögin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta mál mitt lengra. Ég geri ráð fyrir, að sá velvilji, sem l. um olíugeyma sættu hér í þinginu á sínum tíma, sé enn þá fyrir hendi og menn viðurkenni nauðsyn þess, að á sem allra flestum stöðum, og ekki sízt smærri stöðum, verði stofnuð olíufélög, en þar er erfiðast að koma samvinnufyrirkomulaginu á fót.

Við 3 nm. leggjum því eindregið til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En um 4. nm., sem hér er staddur í d., er það að segja, að hann vildi hafa óbundnar hendur um frv.

Magnús Jónsson: Eins og háttv. frsm. n, sem jafnframt er flm. frv., skýrði frá, þá var ég ekki viðstaddur í sjútvn., þegar þetta mál var afgr., og hefur svo verið reyndar um fleiri mál, sem sjútvn. hefur afgr. upp á síðkastið, að ég hef ekki getað mætt þar á fundi. En ég var settur í þá n. af mannaskorti, sem varð, þegar hin nýja ríkisstj. var mynduð.

Ég hefði sjálfsagt mætt á fundum n., ef fjhn. hefði ekki haft launamálið til meðferðar og tekið til þess alla tíma, sem fyrir hendi voru, stundum frá kl. 9 á morgnana og til kvölds og stundum helga daga sem rúmhelga. Ég hef því ekki getað kynnt mér þetta mál svo, að ég treysti mér til að fylgja því fyrirvaralaust, enda þótt ég sjái ekki annað en rök hv. flm. séu rétt út af fyrir sig. Skrifaði ég undir með fyrirvara m. a. af því, að ég hef yfirleitt ekki verið mjög fylgjandi skattfrelsi, og því erfiðara að halda því áfram, sem nær verður gengið með álagningu skatta, sem fyrirsjáanlegt er. Og skattfrelsi leiðir óhjákvæmilega til þess, að það verður að hækka skattana á ýmsum, sem skattana greiða, og leggja á nýja skatta. Og þó að ég hafi ekki komið með till. um að ná skatti af samvinnufélögunum meir en hefur verið, þá vildi ég ekki mæla með frv. fyrirvaralaust, sem fer fram á að draga fleiri félög undan skatti.

Gísli Jónsson: Í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, vil ég geta þess, að ég var að mörgu leyti honum sammála. En ég sá þó ekki ástæðu til annars en fylgja þessu frv., og þá einkum, ef það gæti orðið til þess að opna augu manna fyrir þeirri nauðsyn að taka þetta mál allt upp frá grunni. Því fleiri aðilar, sem fara inn á sama skattafyrirkomulag og samvinnufélögin, því fyrr mun þjóðin skilja, hversu óheppilegt það er, að menn búi við mismunandi skattal. eftir því, hvernig þeir skrá atvinnufyrirtæki sín. Þess vegna vildi ég ekki gera ágreining út af þessu máli út af fyrir sig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 787).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Frv. er þess efnis, að olíusamlög útgerðarmanna njóti sömu réttinda til skatta og útsvars og samvinnufélög. Þetta hefur verið athugað og er sanngjarnt, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. Það er ekki von, að samlögin verði byggð upp til að uppfylla samvinnul., þess vegna er nauðsyn á þessari löggjöf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 829).

---

81. Hafnargerð í Ólafsvík.

Á 84. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð fyrir Ólafsvík (þmfrv., A. 575).

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Árið 1919 voru samþ. l. um hafnargerð í Ólafsvík. Þá var gert ráð fyrir, að hafnargerð þar kostaði 700 þús. kr. En samkvæmt venju voru ákveðin hlutföll milli framlags ríkissjóðs og framlags hafnarsjóðs Ólafsvíkur, ríkissjóður skyldi greiða ¼ kostnaðar. En reynslan hefur orðið sú, að á fjárl. síðustu 10 ára hefur verið veittur ⅛ kostnaðar. Nú er það orðin föst venja um hafnarl., að í þeim hefur verið ákveðið, að hlutföllin séu þau, að ríkissjóður greiði ⅝, en hafnarsjóður ⅜. Þetta frv. er flutt í því skyni að fá sömu hlutföll hér eins og er í öðrum hafnarl. Heildarupphæðin er 700 þús. kr., og er það látið haldast óbreytt, og er ákveðið, að ⅝ í stað ¼ skuli greitt úr hafnarsjóði, en ríkissjóður skuli greiða ⅝.

Ég vænti þess, að málið fái góða afgreiðslu og því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 575, n. 674).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er ekkert um þetta að segja annað en n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 674 samþ. með 27 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 709).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 709, n. 797).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með l. nr. 60 frá 1919 eru veittar til hafnargerðar í Ólafsvík 175 þús. kr. Þetta var þá veitt eftir öðrum reglum heldur en nú er veitt fé úr ríkissjóði til hafnargerða, þar sem þetta er aðeins ¼ kostnaðar, en ¾ hlutar verða svo eftir þeim l. að koma úr héraði.

Nú er hér í þessu frv. farið fram á, að þessu sé breytt og sett í meira samræmi við núverandi hafnarl. á öðrum stöðum á landinu. Og er hér gert ráð fyrir, að framlagið verði hækkað upp í 280 þús. kr., og miðast það við, að ríkissjóður leggi fram ⅝ kostnaðar, en ⅜ kostnaðar komi úr héraði. Í 1. gr. frv. eru sett ákvæði um það, að með framlagi ríkissjóðs teljist fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárl., þó þannig, að þessi ákvæði um hlutfallsgreiðslurnar verki ekki aftur fyrir sig. — Ég fyrir mitt leyti hefði haft tilhneigingu til þess að breyta þessari gr. í þá átt, að ákvæði 1. gr. um hlutföllin ⅝ og ⅜ væru einnig látin ná til þess hluta, sem áður er veittur, vegna þess að mér er kunnugt um, hve miklar fórnir menn þarna heima hafa fært, sem staðið hafa að þessum mannvirkjum, og það langt um getu fram og fram yfir það, sem átt hefur sér stað annars staðar um hafnarbætur. En þetta mál hafði gengið í gegn í hv. Nd., og ég vildi þá ekki hreyfa þessari breyt., sem kannske hefði orðið til þess að spilla fyrir því, að þær kjarabætur, sem um er að ræða í frv., næðu fram að ganga á þessu þingi. Það hefði einnig verið ástæða til að breyta þessum l. að ýmsu öðru leyti, m. a. 10. gr. l., þar sem ákveðið er, hvernig skuli taka inn lestargjöld, vitagjöld o. s. frv. Venjulega eru ákvæði um það í l., hve háan hundraðshluta taka megi af afla og um lestargjöld og vitagjöld o. s. frv. En í þessum l. er aðeins gefin heimild til að semja um þetta reglugerð, sem síðar sé staðfest af ráðuneyti. Og þessi gjöld í Ólafsvík geri ég ráð fyrir að hafi verið sett miklu hærri en annars staðar, vegna hins lága framlags ríkissjóðs eftir l. frá 1919. Okkur í n. þótti ekki ástæða til að senda frv. aftur til hv. Nd. af þessum ástæðum, og sérstaklega eftir að hæstv. samgmrh. hafði lýst yfir, að það mundi verða undirbúin almenn hafnarlöggjöf fyrir næsta þing. — Ég vil taka þetta fram til þess að vekja athygli á því, að þótt þessi lagabreyt. sé gerð hér, þá eru l. alls ekki færð í sama horf og almennt er um hafnarl. á landinu.

Sjútvn. leggur einróma til, að frv. sé samþ. óbreytt, en væntir þess, að þegar almenn hafnarlöggjöf verður samin, verði einnig þess gætt, að sömu reglur gildi um þessa höfn og um hliðstæðar hafnir annars staðar á landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það láðist að athuga í n., að í 3. gr. stendur, að l. þessi öðlist gildi 1. janúar 1945. Þetta getur að sjálfsögðu ekki staðizt. Vil ég því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við þessa grein, að hún hljóði þannig: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við frv. frá hv. þm. Barð., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 822) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 822 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 823).
Á 105. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 861).

---

82. Útsvör (frv. EystJ).

Á 58. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (þmfrv., A. 449).

Á 72., 73. og 74. fundi í Nd., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Í gildandi skattal. er svo ákveðið, að útgerðarmenn megi draga ⅓ frá tekjum sínum, áður en þær eru skattlagðar, og fé þetta skuli lagt í varasjóð eða nýbyggingarsjóð. Einnig er svo ákveðið í gildandi skattal., að borga skuli 90% af skattskyldum tekjum, sem nema yfir 200 þús. kr., í nýbyggingarsjóð. Þeir, sem hafa yfir 200 þús. kr. tekjur, sleppa við útsvar af þeim hluta teknanna, sem í nýbyggingarsjóð fer. Ekki er tekið fram í l. sams konar ákvæði um lægri tekjur. Þetta hefur orðið til þess, að í sumum bæjar- og sveitarfélögum hefur nýbyggingarsjóðstillag útvegsmanna ekki verið tekið til greina við niðurjöfnun útsvara, þannig að þeir hafa orðið að greiða útsvar einnig af þeim tekjum, sem gengið hafa til nýbyggingarsjóðs. Í frv. þessu leyfi ég mér að leggja til, að í útsvarsl. sé sett það ákvæði, að ekki megi leggja útsvar á þær tekjur, sem ganga til nýbyggingarsjóðs samkv. skattal.
Á síðasta Alþ. var flutt frv. samhljóða þessu, en það dagaði uppi. Vona ég, að svo fari ekki í þetta sinn, og legg til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 615).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Eins og fram kemur á þskj. 615, hefur fjhn. athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 449, n. 812).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Þetta frv. er komið frá Nd. og miðar að því að tryggja, að eigi verði lögð útsvör á þann hluta tekna, sem rennur í nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækja og er undanþeginn skatti. Ég lít að vísu svo á, að frá upphafi hafi löggjöfin ætlazt til, að þessi hluti tekna útgerðarfyrirtækja væri undanþeginn álagningu útsvara.
Flm. kvað þó misbrest hafa orðið á þessu, og

er það án efa rétt, og miðar frv. að því að taka af öll tvímæli í því efni. Allshn. leggur því til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, og fellst á þau rök, sem flm. ber fram í grg. þess. Þess skal þó getið, að einn nm. var ekki viðstaddur, er n. afgr. málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 888).

---

83. Veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

Á 20. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður (þmfrv., A. 91).

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður um þetta litla frv., sem hér liggur fyrir.
Eins og sjá má af grg., er hér aðeins um sanngirnismál að ræða fyrir hestamannafélagið Létti á Akureyri. Það fer fram á að fá nafn sitt skráð undir þá heimild, sem dómsmrh. hefur veitt tilsvarandi félagsskap í Reykjavík, sem sé hestamannafélaginu Fáki, og sjómannadagsráðinu í Reykjavík í sambandi við veðmálastarfsemi við kappreiðar og kappróður með þeim ákvæðum, sem getið er um í 2. mgr., en hún kveður m. a. á um, að 10% af hagnaði af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar. Eina breyt., sem farið er fram á, er aðeins sú, að hestamannafélagið Léttir á Akureyri fái að koma undir sömu ákvæði og hestamannafélagið Fákur í Reykjavík, sem því félagi hefur verið veitt með þessari heimild í l. — Ég vænti þess því fastlega, að frv. fái að fara til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, á því, að það eru ekki fá hestamannafélög starfandi í landinu, sem nákvæmlega eins er ástatt um og hestamannafélögin Fák og Létti, og ef fara á að veita hestamannafélögum yfirleitt þetta leyfi, sem ég annars skal engan dóm á leggja, þá vil ég benda n. á að athuga hin hestamannafélögin, sem eru algerlega hliðstæð og reka starfsemi sína nákvæmlega eins og hestamannafélögin Fákur og Léttir og eiga því sama rétt til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þessi tvö félög.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 769).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Samkv. l. nr. 109 9. okt. 1941 var ákveðið, að dómsmrn. gæti veitt hestamannafélaginu Fáki leyfi til þess að hafa veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og sömuleiðis sjómannadagsráðinu í sambandi við kappróðra. Mér er kunnugt um, að báðir þessir aðilar hafa notfært sér þá heimild, sem dómsmrh. veitti þeim til slíkrar veðmálastarfsemi, og hefur gefizt það vel.
Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að dómsmrh. sé heimilt að veita hestamannafélaginu Létti á Akureyri sams konar heimild í sambandi við kappreiðar á Akureyri. Eins og segir í grg. frv., þá hefur hestamannafélagið Léttir látið gera ýmislegt, sem hefur kostað allmikið fé, t. d. skeiðvöll, og í raun réttri tvo skeiðvelli hefur félagið kostað. Það hefur látið gera reiðveg, hesthús o. s. frv. Félagið hefur árlega haldið tvennar kappreiðar í nágrenni Akureyrar og fjöldi hesta tekið þátt í þeim hlaupum og kappreiðarnar sóttar víðar að en úr Eyjafirði.
Allshn. hefur athugað frv. og mælir með því, að dómsmrh. verði heimilað að veita hestamannafélaginu Létti þessa heimild.
Það hefur komið hér fram í d. við 1. umr., að rétt væri að hafa heimildina almenna, þannig að hestamannafélögin yfirleitt mættu verða þessarar heimildar aðnjótandi, og kann það vel að vera. Allshn. hefur ekki athugað það mál sérstaklega, vegna þess að í l. frá 1941 er heimildin bundin við ákveðin nöfn, og þótti rétt að svo stöddu að breyta ekki frá því, heldur bæta þessum aðila við. Tel ég líka, að það geti verið vafasamt að hafa heimildina almenna, en skal þó ekki leggja neinn dóm á það núna. Hins vegar liggur ekki fyrir hv. Alþ. nein beiðni frá öðrum félögum, sem líkt stendur á um. Mæli ég því með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 794).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu

brtt. 794. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hef hér ásamt tveimur hv. dm. flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 749. Samkv. þeirri brtt. á sú heimild, sem hér um ræðir, að ná til allra þeirra hestamannafélaga, sem hafa kappreiðar, og sömuleiðis á þetta að vera almenn heimild fyrir sjómannadagsráð í landinu, sem stofna til kappróðra, að viðhafa slíka veðmálastarfsemi.

Það er vitað, að þau hestamannafélög, sem hér starfa, vinna öll að sama marki og hafa sama verkefni með höndum. Það er þess vegna ekki eðlilegt að gera neitt upp á milli þeirra, hvað slík réttindi snertir. Alveg er hið sama að segja um kappróður, að víða í kauptúnum og kaupstöðum landsins hefur verið komið á fót sjómannadagsráðum, sem standa fyrir að minnast sjómannadagsins, og einn þáttur í því er kappróður. Þessi starfsemi hefur mjög færzt í vöxt hin síðari ár, og það er þess vegna einnig eðlilegt, að ekki sé gert upp á milli þessara aðila, heldur sé í báðum þessum tilfellum um almenna heimild að ræða.

Hv. frsm. allshn. minntist einnig á þetta við 2. umr. þessa máls, og vænti ég, að frá hans hendi eða n. verði samkomulag um, að þessi breyt. verði gerð á frv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefur ekki athugað þessa till. sérstaklega, því að þetta atriði hefur ekki komið til tals í n. fyrr, en ég fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því, að þessi almenna heimild verði veitt, enda er tekið fram í brtt., að setja eigi um þetta nánari ákvæði með reglugerð. Það er þess vegna að sjálfsögðu þeirra, sem gefa út reglugerðina, að setja skilyrði, sem annars mundu verða sett, þó að þetta væri bundið við nöfn, eins og núna er í l.

Án þess að ég hafi ráðfært mig við meðnm. mína, þá sé ég ekki, að neitt sé á móti að samþykkja þetta, og vil fyrir mitt leyti mæla með því.

ATKVGR.
Brtt. 794 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 806).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 806, n. 897).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Frv. um það efni, sem hér liggur fyrir, var flutt á þessu þingi í fyrravetur af hv. þm. Ak. og fól þá í sér aðeins þá breyt. á gildandi l. um þetta efni, að hestamannafélaginu Létti á Akureyri skyldi veita sams konar réttindi til veðmálastarfsemi, sem það félag hafði með höndum, sem Fákur í Reykjavík hefur haft og eins sjómannadagsráðið í sambandi við kappróður, sem það hefur staðið fyrir.

Í Nd. hefur þessu frv. verið breytt þannig, að í staðinn fyrir að bæta inn í frv. réttindum til handa þessu eina félagi hafa réttindin verið gerð almenn á þann veg, að dómsmrh. eftir þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, er heimilað að veita réttindi þeim félögum, sem hafa slíka starfsemi með höndum, ef þau uppfylla þau skilyrði, sem þarf til þess. Að öðru leyti er haldið óbreyttum ákvæðum um, að ákveðinn hundraðshluti af tekjum af þeirri veðmálastarfsemi skuli renna til ákveðinna framkvæmda, þ. e. a. s. 10% af hagnaði félaganna af veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar skuli renna til þess að gera og bæta reiðvegi og 75% af hagnaði af veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður sjómannadagsráðanna, er færi fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

Allshn. þessarar d. hefur orðið sammála um að mæla með því við hv. d., að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd., og tel ég ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum. Þetta er ekki umfangsmikið eða flókið mál, en ég vil fyrir hönd n. mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 924).

---

84. Gjaldaviðauki 1945 (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka (þmfrv., A. 848).

Á 107. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Eftir tilmælum ríkisstj. hafa verið borin fram á Alþ. þrjú frv., sem ættu að auka tekjur ríkissjóðs. Tvö af þessum frv. eru flutt í hv. Ed., en þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur meiri hluti fjhn. þessarar d. flutt að beiðni ríkisstj. Þessir skattar, sem lagt

er til í frv. þessu, að lagðir verði á, eru að miklu leyti gamlir kunningjar. Síðan þó nokkru fyrir stríð hafa ýmis þau gjöld, sem um ræðir í frv. þessu, verið innheimt með 40% viðauka. Það á við um aukatekjur, vitagjald og stimpilgjald, en lagt er til, að þau gjöld verði innheimt með 100% álagi frá því, sem upphaflega var til ætlazt, og bætt við leyfisbréfagjaldi með sama álagi. Þá er einnig lagt til, að gjald af innlendum kornvörum verði hækkað um 50% frá því, sem verið hefur, og eignarskatturinn verði með 50% álagi 1945. Samtals er gert ráð fyrir, að tekjuaukinn við þessa lagabreytingu nemi rúmlega 280 þús. kr. Þó er þess að gæta, að sú áætlun er miðuð við, að tekjuaukinn gildi fyrir allt árið 1945, en sum af þessum gjöldum hafa sjálfsagt verið innheimt.

Ég geri ráð fyrir, að ekki verði mjög mikill styr um þessa skattaálagningu. Flest af þeim gjöldum, sem hér er lagt til, að verði hækkuð, eru þannig, að þau eru miðuð við ákveðið magn, og hafa þess vegna raunverulega lækkað mikið, síðan peningagildið breyttist. Og enda þótt þau yrðu hækkuð um 100% frá því, sem upphaflega var ætlazt til, þá verður sú skattabyrði sízt þyngri en upphaflega var, þegar skatturinn var lagður bæði á vitagjald, leyfisbréfagjald, lestagjald af skipum og innlent tollvörugjald. Nokkuð öðru máli er að gegna um stimpilgjald, því að í flestum tilfellum er miðað við fjárhæð þess gjalds, sem stimplað er, hvort heldur hún er í afsalsbréfi, skuldabréfi eða víxli. Það má því segja, að sú aukning, sem þarna er gerð, komi þyngra niður en á hina tekjustofnana, sem ég nefndi. Nokkuð sama máli gegnir um eignarskattinn, að við lækkun peningagildisins hafa eignirnar hækkað að krónutali, og það má því segja, að það komi líka verr við en þau gjöld, sem staðið hafa óbreytt. Hins vegar er eignarskatturinn einn af þeim fáu sköttum hér, sem ekki verður talinn hár, og það er ekki gengið lengra en leggja til, að hann hækki um 50% á þessu ári. Ég geri því ekki ráð fyrir, að þetta sæti mikilli gagnrýni, þar sem þörf ríkissjóðs fyrir tekjur er óvéfengd.

Ég vildi aðeins á það minnast við þessa 1. umr. málsins, að áætlað er, að þau tekjuöflunarfrv., sem lögð hafa verið fyrir hv. Ed., auki tekjur ríkissjóðs um 11 til 12 millj. kr., og ef maður reiknar tekjuauka af þessu frv. tæpar 3 millj. kr., verður sú tekjuaukning, sem ríkisstj. hefur lagt til, samtals 14 til 15 millj. kr. Nú er það ljóst, að þessi fjárhæð mun ekki hrökkva til að greiða þau gjöld, sem haldið var uppi við afgreiðslu fjárl., sem sé uppbætur á landbúnaðarafurðirnar, því að uppbætur á kjöt og mjólk ein saman mundi nema a. m. k. 17 millj. kr., og er það sízt of hátt reiknað. Auk þess koma uppbætur á ull og gærur, ef útflutningur verður á því á þessu ári, en enn þá er að vísu allt í óvissu um það. Ég býst því við, að gagnrýni komi fram á því, að þær tekjuöflunarleiðir, sem teknar hafa verið af ríkisstj., muni ekki nægja til að standa undir þeim útgjöldum, sem óhjákvæmileg muni verða á þessu ári, en eins og ég gat um við fjárlagaumr., gerir ríkisstj. sér von um að fá nokkrar aukatekjur, sem ekki er reiknað með í fjárl. Ég gat þess þá, að útlit væri fyrir, að útflutningsleyfi fengist frá Ameríku fyrir nokkru af smjöri. Nú er fengið loforð fyrir 200 smálestum, og ef það smjör selst við sama verði og innlend framleiðsla, ætti það að gefa nokkrar tekjur í ríkissjóð, varla minna en kringum 2 millj. kr. Enn fremur má geta þess, að gengið hefur verið frá kaupum á ýmsum eignum setuliðsins, vélum og verkfærum, og enda þótt ég geri ekki ráð fyrir, að um verulegan söluhagnað verði að ræða á þeim eignum, — eða a. m. k. ekki gott að reikna með því að svo stöddu, — bætast þó við allmiklar tolltekjur, því að sjálfsagt er að reikna fullan toll af öllum þeim áhöldum, eins og þau hefðu verið flutt inn. Þá má loks geta þess, að þótt ekki verði með neinni vissu sagt, hve há sjóðseign ríkissjóðs var um síðustu áramót, því að enn þá vantar miklar upplýsingar til að gera endanlega upp, þá sé ekki ofmælt, að nettóeign sjóðsins hafi verið kringum 10 millj. um áramótin.

Þegar alls þessa er gætt, þá sýnist mér, að ekki væri kannske mjög mikil bjartsýni, þó að menn geri sér vonir um, að ríkissjóður komist af á þessu ári, þótt ekki séu á lagðir frekari skattar en nú hefur verið farið fram á. Komi til þess, að þær tekjur, sem gert er ráð fyrir, hrökkvi ekki fyrir útgjöldunum, þá er þó þess að gæta, að gert er ráð fyrir, að þing komi saman ekki síðar en í septembermánuði næsta haust, og væru þá möguleikar til annaðhvort að fá lántökuheimild eða ef til vill afla nýrra tekna þá. Það hefur því orðið samkomulag um það í ríkisstj. að leggja til, að á þessu stigi málsins verði ekki lagðir frekari skattar á þjóðina en þeir, sem felast í þessum 3 frv., sem ég hef minnzt á, enda geri ég ráð fyrir, að sú skattabyrði þyngi ærið, og er naumast fært, ef ekki á að eiga á hættu, að dýrtíðin hlaupi upp úr öllu valdi, að ganga lengra á þeirri braut.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr., en eins og gat um er það flutt af hv. fjhn., svo að ég veit ekki, hvort beinlínis sé ástæða til að vísa því til n., en þá mælist ég til við hv. form. fjhn., að hann til morguns taki þetta fyrir í n. og athugi það fyrir næstu umr.

Eysteinn Jónsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér ekki mjög stórvægilegt, eins og hæstv. fjmrh. sagði, og hefði ég sennilega ekki séð ástæðu til að segja neitt um það á þessu stigi, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki einmitt notað þetta tækifæri til að minnast örfáum orðum á fyrirætlanir stj. í heild sinni um endanlega afgr. fjármálanna á þessu Alþ. og horfur um það, hvernig takast mundi um fjármálastjórn á næsta ári.

Ég mun geyma mér að ræða um tekjuöflunarleiðir hæstv. ríkisstj. þangað til hér kemur til umr. aðalfrv., sem lagt hefur verið fram af þeirra hendi, sem sé frv. til l. um veltuskatt. Þó get ég ekki annað en látið þau orð falla nú, þegar auðséð er, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið þann kostinn að tína saman það fé, sem hún ætlar að leggja á landsfólkið, aðallega með ýmiss konar neyzlutollum og gjöldum á almenning, sem lítið eða ekkert er jafnað niður eftir efnum og ástæðum, að það fer heldur háskalega í bága við það, sem a. m. k. meiri hl. þeirra flokka, sem standa að hæstv. ríkisstj., hafa látið uppi sem sína skattamálastefnu. En ég ætla sem sagt ekki að ræða um þetta, heldur læt það bíða þangað til þau stærri mál koma hér til meðferðar.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir því, að fram séu komin öll þau tekjuöflunarmál, sem von sé á frá hæstv. ríkisstj., og getur maður þá haft nokkurt yfirlit yfir þetta nú, en það hefur ekki verið unnt áður. Það er víst alveg óhætt að slá því föstu, að það verður aldrei betur sloppið á næsta ári en útgjöld ríkissjóðs verði 140 til 150 millj. kr., og virðist mér það mjög vel sloppið, miðað við þá afgr. á fjárl. og afgr. á útgjaldaliðunum, sem ráðið er eftir yfirlýsingu stjórnarflokkanna. Það er varla hægt að hugsa sér, að þeir tekjustofnar, sem hér voru í l., áður en hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir nýju frv., gefi meira, þó að allt gangi á sama hátt og verið hefur, en 100 til 110 millj. kr., þannig að ef ekkert er dregið úr gjöldum ríkisins frá því, sem fyrr hefur verið, mundi þurfa að afla 30 til 40 millj. kr. nýrra tekna til þess, að von væri um, að rekstur ríkissjóðs gæti orðið hallalaus á næsta ári, — og þó því aðeins, að ekkert beri út af um peningaflóðið frá því, sem verið hefur.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram nokkur frv., sem hæstv. ráðh. áætlar, að gefa muni í tekjur um 15 millj. kr., og það er því áreiðanlega ekki of lágt áætlað, þótt sagt sé, að a. m. k. vanti aðrar 15 millj., ef von ætti að vera um, að rekstur ríkisins yrði hallalaus. Það er því bersýnilegt á því, sem nú liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. ætlar sér að leggja út á næsta ár með þá afgr. fjármálanna, að tekjuhallarekstur er nær því alveg sýnilegur — og hann stórfelldur.

Hæstv. ráðh. sagði von á tekjum handa ríkissjóði, sem nokkuð mætti byggja á, af amerísku smjöri og sölu setuliðseigna. Ég veit ekki, hve þetta er mikið, en ég er þess fullviss, að þetta eru smáliðir, sem gera ekki betur en vega upp á móti þeim umframgreiðslum, sem verða óumflýjanlegar. Þá kvað hann vera 10 millj. kr. í sjóði, sem grípa mætti til, ef á lægi.

Ég verð að segja, að ég tel það ekki vænlegt, ef hæstv. ríkisstj. ætlar nú þegar að éta upp þessa upphæð, sem er nú til vara, og ég tel þetta fullkomlega játningu af hendi hæstv. ráðh. um, að hann búist við verulegum tekjuhalla.

Nú vil ég, að hæstv. ráðh. viti það, að ef ríkissjóður á að vera sæmilega stæður, þá verður hann að eiga miklu meira en 10 millj. kr. í sjóði til að svara greiðslum, áður en tekjur koma inn, — ella þarf að taka lán á miðju ári. Af því, sem nú er greint, er ljóst, að fyrirsjáanlegur er stór halli á fjárl. Á næsta ári er gert ráð fyrir að eyða þeim skildingum, sem ríkissjóður nú á, eða taka lán.

Ég ætla ekki á þessu stigi að stofna til umr. um þetta, en ég vildi aðeins geta þessa í sambandi við yfirlit hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég er hv. 2. þm. S.-M. sammála um það, að umr. um tekjuöflunarfrv. stj. skuli bíða, þangað til það verður lagt fyrir deildina. Ég skil ekki fullkomlega, hvað hv. þm. á við, þegar hann talar um skatta, sem lagðir séu á almenning. Það, sem hér um ræðir, kemur fyrst og fremst á stórútgerðina, heildsala og iðnaðinn.

Hið eina, sem komið gæti til mála að kalla álögur á almenning, er hækkun á sykurvörum, kaffibæti, tóbaki og gosdrykkjum.

Þetta eru að nokkru leyti óþarfavörur, og þeir, sem vilja neyta þeirra, eru þá ekki of góðir að greiða þetta.

Það er bæði gagnslítið og ástæðulaust að taka hér upp umr. um fjárhagsáætlunina.

Ef ástandið verður svipað og það var á þessu ári, þá er áætlunin ekki óvarleg, og ef ekki verða ófyrirsjáanlegar breytingar, þá mun hún standast. Það er rétt, að mörgum útgjöldum er haldið utan við áætlunina, eins og gert var 1943.

Mér er ekki fullkomlega ljóst, á hverju hv. þm. byggir hrakspár sínar. Ef hann byggir þær á því, að breytingar eigi sér stað á þessu tímabili, þá er hann miklu vitrari en við hinir.

Hitt er nær sanni, að þær aukatekjur, sem ég taldi, muni ekki nægja til að mæta þeim útgjöldum, sem sleppt er á áætluninni, en slík svartsýni kom ekki fram frá honum við áætlun síðasta árs, og gætir þar nokkurs ósamræmis. Þá sagði hv. þm., að áformað væri að éta upp þá sjóðseign, sem til var síðasta ár. Það er ekki rétt með farið, að ríkisstj. geri ráð fyrir að éta þetta upp. Ég benti einungis á, að ef í harðbakka slægi, þá er þetta til. Ég viðurkenni það, að ríkissjóður þurfi að eiga mikla sjóðseign. Hv. þm. veit af eigin reynslu, hvers virði það er, og ég vildi sannarlega ekki lenda í sömu sporum og hann varðandi það atriði.

Ég held, að ríkisstj. sé ekki ámælisverð fyrir það, að hún vill stilla skattaálögunum í hóf. Ýmsum mun finnast, að nú sé nóg komið, þótt vitanlega sé gott að hafa varið fyrir neðan sig.

Þá held ég, að ég hafi svarað öllu, sem ástæða er til og til mín var beint.

Eysteinn Jónsson: Ég sagði eitthvað á þá leið áðan, að ég ætlaði að geyma aðalumr. um þetta mál þangað til síðar, en ég gat þess, að mér virtist ríkisstj. ætla að hafa inn tekjur með auknum álögum á almenning.

Ég skal nú benda á nokkra liði máli mínu til sönnunar. Má þar til nefna hækkuð lestagjöld og símgjöld, enn fremur stimpilgjöld og eignarskatt. Og loks er það frv. það, sem nú liggur fyrir efri deild. Það veit hvert mannsbarn, að það, sem þannig er tekið, hlýtur að koma á vörurnar, og þótt í fyrstu verði reynt að sporna við, þá endar það aldrei nema á einn veg. Og það kemur strax niður á þeim, sem reka sjálfir sína verzlun, svo sem samvinnufélög og pöntunarfélög, en það mun vera um þriðjungur landsmanna. Og ef það er tilfellið, að verzlunargróðinn hafi verið svo mikill, þá átti stj. heldur að hækka verðlagið, en ekki að setja stóra vél í gang til að innheimta slíkan toll.

Ég skal nú ekki ræða öllu frekar um þetta nú. Ég hugði, að það, sem ég sagði áðan, mundi nægja, en vildi þó bæta þessum skýringum við.

Um horfurnar í heild er það að segja, að eftir þeirri áætlun, sem gerð hefur verið, þá eru útgjöldin um 140 millj. kr.

Móti þessu eru svo 100 millj. kr. á fjárlögum og þær 10 millj. kr., sem eru í sjóði. Þá vantar 30—40 millj. kr. Nú er lagt fram tekjuöflunarfrv., sem nemur 15 milljónum kr. Hitt vantar. Þess vegna segi ég, að það þurfi að eiga sér stað eitthvað óvenjulegt og ófyrirsjáanlegt, ef þetta á að ganga, en ekki til þess, að það gangi ekki. Þetta

er gott dæmi þess, hve fjármálaástandið er nú óþolandi í landinu. Og það eina, sem hægt er að gera, er að fá tilslökun af hendi þeirra stétta, sem hinir þrír þingflokkar og stjórnarflokkar standa saman af.

Ég hefði ekki gengið lengra í skattaálögum og deili ekki á stj. fyrir að afla ekki meiri tekna í heild. En fyrst hún ræður ekki bót á ástandinu á annan hátt, þá áfellist ég hana fyrir að láta hér staðar numið. Það er alveg auðséð, að þessi málefnaafgreiðsla ber dauðann í sér. Það er alveg fyrir neðan allar hellur að ætla sér nú að leggja út á næsta ár vitandi vits þannig að eyða öllum þeim tekjum, sem inn í ríkissjóðinn koma í bezta tilfelli, og eftir öllum líkum að dæma með því að þurfa að taka eyðslulán eða eyða þeim fjármunum, sem ríkið á. Og ekki það þýðingarminnsta í þessu sambandi er það, að þó að þessu sé þannig komið og þannig fyrirhuguð afgreiðsla fjármálanna, þá er enginn eyrir á fjárl. ætlaður til þeirrar nýsköpunar í atvinnu í landinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur lofað að gangast fyrir og styðja. Það eru engar óvenjulegar fjárveitingar á fjárl. til verklegra framkvæmda. Rétt ríflega til verklegra framkvæmda á sama hátt og verið hefur, en enginn eyrir til nýsköpunar. Þær till., sem komu um það að bæta á fjárl. tekjum vegna nýsköpunar, voru felldar, og þær slíkar fjárveitingar, sem áður voru á fjárl., voru teknar út af þeim. M. ö. o. allar þessar milljónir, sem fyrirhugað hefur verið að ná inn í ríkissjóðinn á þessu ári, sem er að byrja, eiga að ganga til þess að greiða starfsmannahald, með þeim launum, sem ætlað er, og til þess að halda í horfi venjulegum framkvæmdum og til þess að borga niður dýrtíðina og til að gera aðrar ráðstafanir til þess, að sú rétta dýrtíð í landinu komi ekki fram og atvinnuvegirnir geti flotið áfram fyrst um sinn. Til þess að standa undir þessu, en ekki til þess að standa undir nýsköpun, verða nú lögð á landsmenn 20 millj. kr. gjöld í sköttum og tollum, sem reitt eru saman með hinum ólíklegustu aðferðum, sem hvergi eru notaðar annars staðar en þar, sem allt er á heljarþröm í fjármálum. Sú aðferð að leggja á almennt viðskiptagjald hefur ekki verið höfð nema hjá þjóðum, sem komnar eru í fjárhagslegt öngþveiti. Og þó vantar um 15 millj. kr. til þess, að gera megi ráð fyrir því, að þetta geti staðizt.

Það er þetta, sem ég vildi benda á, og það er þetta, sem sýnir, að ekki er hægt að halda áfram á þessari braut. Og ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað eiga tilverurétt, þá á hún að beita sér í þá átt að lagfæra grundvöllinn undir þessum málum þannig, að hægt sé að ráða við þau. En það er þetta, sem ríkisstj. hefur ekki gert enn, og það, sem hún sýnist ekki ætla sér að gera. Og það er fyrir það, sem hún er sérstaklega ámælisverð, auk þess sem þær tekjuöflunaraðferðir, sem notaðar eru í sambandi við þessi mál, eru stórkostlega ámælisverðar, þó að ég ræði það ekki nánar nú, af ástæðum, sem bæði ég og hæstv. fjmrh. höfum minnzt á.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég get ekki neitað því, að mér finnst það nálgast það broslega, þegar einn aðalforustumaður þeirrar stefnu, sem leitt hefur til þess ástands í verðlagsmálum í landinu, sem nú er, stendur upp og heldur hrókaræður um, að núv. ríkisstj. á fjórum mánuðum sé ekki búin að lagfæra það, sem aflaga hefur farið í þessum málum á undanförnum árum, að miklu leyti fyrir forgöngu hans og hans flokks. Það er ekki núv. ríkisstj., sem átti upptökin að því, að byrjað var að borga þessar uppbætur, sem borgaðar eru nú og Alþ. og ríkisstj. og aðrir stynja undir. En ríkisstj. hafði gefið ákveðið loforð um það, að á þessu ári skyldi enn verða reynt að standa undir þessum álögum. Og þau loforð ætlar hún sér ekki að svíkja, heldur standa við þau. Og það verður e. t. v. tækifæri til að tala um það í sambandi við annað frv. hér síðar.

Hv. 2. þm. S.-M. fór að reyna að færa þeim orðum sínum stað, að þær skattaálögur, sem hér er um að ræða, legðust að mestu leyti á almenning í landinu. Hann minntist á tvennar álögur, sem hér eru ekki til umr., hækkun símagjalda, sem tilkynnt var í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Og mér kom ekki í hug, að hann ætti við það, þegar hann talaði um hækkaðar álögur í sambandi við þetta frv. Hinar álögurnar voru tekjuskattsviðaukafrv., en þær álögur lenda ekki, svo að neinu nemi, á öðrum en þeim, sem hafa yfir 30 þús. kr. í tekjur. En það er ekki allur almenningur, sem hefur það. — Svo nefndi hv. 2. þm. S.-M. nokkuð af gjöldum samkv. frv. því, sem hér er til umr., og drap þá á stimpilgjald og lestagjald. Um stimpilgjaldið er það að segja, að það er ekki hægt að segja, að það lendi á öllum almenningi. Ég skal játa, að svo hátt stimpilgjald, sem hér er um að ræða — það hefur verið hátt og verður enn hærra með þessu álagi — það getur undir einstökum kringumstæðum komið illa við, en það eru undantekningar. Það má kannske segja, að það verki að einhverju leyti sem hemill á fasteignaverðið að því leyti, að fasteignir verði seldar lægra verði sem stimpilgjaldinu nemur. En ég sé ekki, fyrst og fremst, að hægt sé að telja slíkt álögur á almenning, og ekki heldur, að stór hætta stafi af því fyrir þjóðfélagið, þó að einhver hemill sé lagður á verð fasteigna, eins og það er orðið. Hins vegar eru lestagjöldin svo lág, að það er blátt áfram hlægilegt að tala um þau í þessu sambandi. Þau eru samtals um 60 þús. kr. á ári. Og þó að þau séu sett í 120 þús. kr. á ári, hver getur hugsað sér, að þau gætu verkað nokkuð gagnvart almenningi um að auka erfiðleika? Það mundi koma fram sem lækkaður hagur hjá þeim, sem vöruflutning annast, og er ekki hægt að telja, að nein hætta stafi af því. — Um viðskiptagjaldið, sem ég ætla annars ekki að ræða hér nú, er það að segja, að það mætti til sanns vegar færa, að ef það ætti að vera áframhaldandi gjald frá ári til árs, mundi það enda með því, að það lenti á almenningi. En það er samkomulag um það milli stj., að svo framarlega sem hún fer með völd þetta ár, beri hún ekki fram tillögur um áframhald á þessu gjaldi. Það er kannske það eina af þessum gjöldum, sem fyrir fram er ákveðið, að ekki verði endurnýjað. Og þegar þess er gætt, get ég ekki séð, að nokkur skynsamleg rök mæli með því, að það þurfi að leggjast á vörurnar. Það er almennt talið, sem ég hygg, að sé rétt, og ég efast um, að hv. 2. þm. S.-M. treysti sér til að mótmæla því, að þeir atvinnuvegir, sem um ræðir í frv., hafi almennt búið við ágæta afkomu á undanförnum árum. Þetta gjald er mest 1½% af þeirri

atvinnugrein, sem talið er, að borið hafi mest úr býtum á undanförnum árum, og svo 1%, sem kemur niður á öðrum rekstri. Hv. 2. þm. S.-M. hefur ekki verið fjarlægur því að leggja á skatt, sem kæmi enn tilfinnanlegar við pyngju þeirra, sem góða afkomu hafa haft, og á ég við eignaraukaskatt, sem hans flokkur hefur staðið að flutningi frv. um, þó að ég þori ekki að fullyrða, að hv. 2. þm. S.-M. hafi verið flm. þess máls. Þó hygg ég, að hann hafi verið meðmæltur því. Sá skattur hlyti að takast beinlínis af eign. Þetta viðskiptagjald gæti undir einstöku kringumstæðum orðið að takast af eign. En þá standa sakir glöggt með reksturinn, ef hann þarf að gera það. Það sjá þó allir, að hér er miklu skemmra gengið en í þeim till., sem flokksmenn hv. 2. þm. S.-M. hafa borið fram viðkomandi eignaraukaskatti, svo að það er ekki hægt að bera það neitt saman. En í frv. eru skýr ákvæði um það, að gjaldið er óheimilt að leggja á vörur, og það er enn fremur óheimilt að draga frá þann skatt við ákvörðun skatta á tekjur, sem miðast við það, að þessir atvinnuvegir hafa á undanförnum árum haft svo góða afkomu, að þeir þoli þetta tiltölulega lága gjald.

Mér er ljóst, að margir verða óánægðir og mörg mótmæli og rök verða send fram gegn þessum skattaálögum. En hv. 2. þm. S.-M. ætti að þekkja það, að það eru vandfundnir tekjustofnar, sem er ekki hægt að færa jafnvel nokkuð góð rök á móti. — Annars þótti mér vænt um, að hv. 2. þm. S.-M. mun hafa komið auga á einhverjar aðrar tekjuleiðir, sem honum þykja heppilegri, og efast ég ekki um, að hv. þd. fái að heyra um þær á sínum tíma.

Það þýðir náttúrlega ekki fyrir okkur að karpa lengur um útlit fyrir tekjuhalla á þessu ári, vegna þess að það veltur á atvikum, sem okkur hv. 2. þm. S.-M. og mér eru ókunn, hvort hann verður eða ekki. Ég hef látið það í ljós áður og endurtek það, að ef ekki verða neinar ófyrirsjáanlegar breyt. á atvinnurekstri landsmanna út á við eða inn á við, eru ekki líkur fyrir, að tekjuhalli verði á þessu ári. En komi þær breyt., er augljóst, að svo getur farið. Og satt að segja er ég ákaflega hræddur um, að ekki verði fram hjá því stýrt, hvenær sem „reaktionin" kemur, að einhver tekjuhalli komi.

Hv. 2. þm. S.-M. breiddi sig talsvert út yfir það, að ekki væri neitt ætlað til hinnar margumtöluðu nýsköpunar. Ég veit ekki, hvort sá hv. þm. var því sjálfur fylgjandi, þegar það var rætt sérstaklega, að ríkið tæki það á sínar herðar og ástæða væri til að veita fé úr ríkissjóði til þess að kaupa tæki, sem ráðgert er að flytja inn í landið. Ríkisstj. hefur gengið út frá því, að nýsköpunin kæmi til með að hvíla á herðum einstaklinga fyrst og fremst og að ríkið yrði fremur hjálpandi heldur en beinn aðili í þeim málum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það er nú ekki hægt fyrir okkur að fara miklu lengra út í það að ræða þessar tekjuöflunarleiðir að sinni, sem koma hér síðar til umr. — En hæstv. fjmrh. sagði, að það væri meining þeirra, að þessum nýja allsherjarveltuskatti yrði ekki velt yfir á verð varanna og það væri ákveðið, að hann yrði ekki lagður á nema einu sinni. Jú, það er nú svo. En það verður fróðlegt að sjá framan í hæstv. ríkisstj. næsta haust í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1946, ef hún ætlar að halda óbreyttri fjármálastefnu þeirri, sem hún hefur nú, og afgreiða ný fjárl. í sömu stefnu og láta falla úr sögunni tekjuöflunarleiðir, sem hún nú með ærinni fyrirhöfn hefur orðið ásátt um. Við sjáum, hvað setur um það atriði. En jafnvel þótt það sé tilætlunin, mun það sýna sig, að þessi veltuskattur hlýtur að koma óbrotinn strax á alla landsmenn, sem sjálfir hafa haft með höndum félagssamtök sín á milli um kaup á vörum og þjónustu með sama hætti. Það mun einnig sýna sig, að það verður ekki hægt að framkvæma þau l. í heilt ár gagnvart ýmsum fyrirtækjum án þess að taka tillit til þess í vöruverði. En um þetta getum við rætt síðar.

En að ég kvaddi mér hljóðs, var aðallega til þess að gera aths. við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um dýrtíðina. Ég geri ráð fyrir, að það hafi þykknað í hæstv. ráðh. út af því, sem ég sagði varðandi horfurnar um fjármálin í landinu, og að ég deildi nokkuð á hæstv. ríkisstj. fyrir að gera enga tilraun til þess að laga grundvöllinn þannig, að þessi mál væru viðráðanleg. Ég get skilið það, að hæstv. ráðh. sé þetta atriði dálítið viðkvæmt, því að hann hlýtur að sjá, að þau mál eru lítt eða ekki viðráðanleg á þeim grundvelli, sem þau nú hafa verið rekin á, þótt hins vegar hafi skort myndarskap hjá hv. stuðningsmönnum ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. sjálfri til þess að ráðast í framkvæmdir til lagfæringar, heldur sé látið undan síga og flotið sofandi að feigðarósi í þeim efnum. En út af því, sem hæstv. fjmrh. hreyttti að mér, þar sem hann sagði, að það væri undarlegt, að ég bentí á það, hversu illa horfði með dýrtíðina, þar sem ég væri einn af aðalforustumönnum dýrtíðarinnar, vil ég segja, að mér virðist það ekki viðeigandi af hæstv. ráðh. að fleygja fram slíkum slettum órökstuddum. Og mér þykir það koma úr hörðustu átt, að hæstv. ráðh. skuli beina að mér slíkum slettum. Ég hef gert margar tilraunir til þess að fá samtök um að stöðva dýrtíðina, — fyrst 1941 eftir dýrtíðarl., sem þá giltu. Þá óskaði ég eftir því, að reynt yrði að stöðva hækkun landbúnaðarafurða með því að byrja á niðurborgun innan lands. Ef það hefði orðið að ráði þá, þó að slík niðurborgun væri ekki að öllu leyti æskileg, þá hefði áreiðanlega mátt stöðva dýrtíðarflóðið með örlitlum hluta af þeim fjárhæðum, sem síðar hefur verið varið í því skyni. En það var ekki gert, og var það ekki mér um að kenna, heldur flokksbræðrum hæstv. fjmrh. Árið 1941 gerði ég tilraun til þess að gera verðfestingu um hlutfallið milli verðlags og kaupgjalds og að samningar yrðu teknir upp um að breyta því, ef þurfa þætti, og spurði, hvort menn vildu standa að festingu þess, ef því hlutfalli væri eitthvað breytt. En menn máttu þá ekki heyra neitt þess háttar nefnt, og menn, sem nú standa að hæstv. ríkisstj., komu þessu fyrir kattarnef. Árið 1942 var af hálfu Búnaðarþings og Framsfl. boðið fram að standa að lækkun kaupgjalds og afurðaverðs. Því tilboði var hafnað af þeim, sem töldu sig umbjóðendur fyrir launastéttir landsins. Þá var sett nokkru síðar 6 manna nefnd, sem reiknaði út hlutfallið á milli kaupgjalds og afurðaverðs. Þegar hún komst að niðurstöðu, þá var það enn, sem Framsfl. stakk upp á því, að hlutfallsleg niður-

færsla ætti sér stað á kaupgjaldi og afurðaverði. Þegar það fékkst ekki, beitti Framsfl. sér fyrir því, ásamt mönnum úr öðrum flokkum, að samkomulag varð um, að forráðamenn landbúnaðarins buðu fram einhliða niðurfærslu á afurðum, en lögðu til, að kaupgjald lækkaði jafnframt. En því var ekki sinnt að lækka kaupið. Mér þykir því það koma úr hörðustu átt, að hæstv. fjmrh. skuli vera með slíkar slettur í sambandi við afstöðu mína fyrr og síðar til dýrtíðarmálanna. Því að ég held, að mér sé fullkomlega fært, samkvæmt fortíð minni, að ræða þau mál með fullum rökum. — Og jafnvel þótt mér hefði orðið eitthvað á í þeim málum, hefði ég rétt til þess að ræða stefnu hæstv. ríkisstj. nú, því að þau mál koma ekki því við, hvort hæstv. ríkisstj. stefnir nú rétt eða rangt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég ætlast varla til þess, að hæstv. forseti leyfi okkur að halda áfram með þessar umr. miklu lengur nú.

Út af því síðasta, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, vil ég leyfa mér að benda honum á það, að það var verk hans og flokks hans, að kaupgjaldið og verðlagið slitnaði í sundur, sem er svo undirrót þess ástands í fjármálum landsins, sem við nú þurfum að berjast við. Ef þetta tvennt hefði ekki verið slitið í sundur, heldur hefði verið fundið hlutfall milli þessa tvenns, sem hefði verið látið gilda, og það nógu snemma, er hæpið, að við hefðum þurft að lenda í slíkum dýrtíðarógöngum sem orðið hefur. — Auk þess veit hv. 2. þm. S.-M., að hann og flokkur hans hefur beitt sér fastast fyrir því, að farið var inn á uppbótafyrirkomulagið, auk þess sem hann og flokkur hans hafa jafnan staðið fast á móti því, að samtök yrðu innan Alþ., sem gætu valdið straumhvörfum í þessum efnum, þ. e. a. s. um stjórnarmyndun.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Mér þykja fullyrðingar hæstv. fjmrh. nokkuð undarlegar. Hann segir, að Framsfl. hafi beitt sér fyrir því að slíta í sundur kaupgjald og afurðaverð eftir gengisl. og það sé undirrót vaxtar dýrtíðarinnar og sá fl. beri því ábyrgð á því, sem skeð hefur í þeim málum. Ég hef tæpast heyrt ósvífnari röksemdafærslu. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. hafi verið fylgjandi því á sínum tíma, að breytt yrði því hlutfalli, sem var í gengisl. á milli þessa tvenns, og það af því, að allir vissu, að það hlutfall gat ekki haldizt. Það vissu allir, að það gat ekki haldizt vegna þess, hve framleiðslukostnaður í sveit hafði hækkað. Og hæstv. fjmrh. heldur því fram, að réttlát hlutföll hefði orðið að finna í staðinn. Heldur hann því þá fram, að verðlag á afurðum bænda hafi verið ranglátt eftir breyt.? — En ef vanrækt hefur verið að setja þarna fast hlutfall, þá hygg ég, að það hafi ekki aðeins verið vanrækt af Framsfl., heldur líka af hæstv. núv. fjmrh. og flokki hans, sem var þá mjög mikils ráðandi flokkur í þinginu og átti sæti í ríkisstj., engu síður en Framsfl. Hann átti því engu síður að vinna að því en Framsfl. að finna það hlutfall, sem festa skyldi í þessum málum. En það var ekki hægt að skilja orð hæstv. fjmrh. öðruvísi en svo, að eftir að skilið var sundur eða raskað því hlutfalli í þessu efni, sem í dýrtíðarl. var miðað við, hafi verð afurðanna verið sett of hátt, og þannig hafi verið sett ranglátt hlutfall á milli afurðaverðs og kaupgjalds, því að annars væri ekkert vit í því, sem hæstv. ráðh. sagði. En það hlutfall varð ekki til þess, sem síðar átti sér stað. Og 1941, þegar ég beitti mér fyrir festingunni, þá hefði flokkur hæstv. fjmrh. átt að koma með annað nýtt hlutfall, í stað þess að festa verðlagshlutföllin þar, sem þau voru, hann hefði átt að koma með till. um nýtt hlutfall. En það gerði sá flokkur ekki.

Að halda því fram, að Framsfl. hafi beitt sér sérstaklega fyrir uppbótafarganinu, er rangt. Ef till. Framsfl. hefði verið fylgt, hefðu ekki átt sér stað útflutningsuppbæturnar, sem hafa verið neyðarúrræði. Og niðurborgun á innlendum markaði hefur aldrei verið sérstakt áhugamál Framsfl., þótt hann hafi fylgt því fyrirkomulagi sem neyðarúrræði.

Það er þýðingarlaust fyrir hæstv. fjmrh. að reyna að draga athyglina frá því, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. er að fara með þessi mál, með því að vera að tala um þessi atriði. Þau koma náttúrlega sáralítið við því máli, sem við hér höfum á dagskrá til umr. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið ábyrgð á fjármálunum í landinu og á því að sjá farborða þeim málefnum. Og það er gangur að henni og ekki neinum öðrum um þau mál. Og hún verður að gera grein fyrir því, hvaða leiðir hún ætlar að fara út úr þeim erfiðleikum, sem fram undan eru. Hún hefur nú gert það. Og leiðin er sýnilega sú að láta undan síga erfiðleikunum og fljóta sofandi að feigðarósi, finna engan grundvöll, sem geri málin viðráðanleg, heldur stofna til stórkostlegs tekjuhalla í fjármálum ríkisins í því mesta góðæri, sem yfir landið hefur komið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Það má benda á það, að ef sú leið hefði verið farin 1941 að finna réttlát hlutföll milli kaupgjalds og verðlags á landbúnaðarafurðum, og sennilega halda hvoru tveggja utan dýrtíðarvísitölunnar, þá voru a. m. k. miklu minni líkur til þess, að það kapphlaup hefði orðið á milli þessa tvenns, sem raun hefur á orðið. Ef þessi leið hefði verið farin, var miklu minni hætta á hækkun dýrtíðarinnar. Um hitt hef ég ekkert sagt, hvort sú tilraun, sem gerð var í þessa átt 1943, hafi verið réttlát eða ekki, og um það má deila endalaust. Og ég hygg, að það væri erfitt bæði fyrir mig og hv. 2. þm. S.-M. að kveða upp óyggjandi dóm um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur og getur því ekki haft framsögu fyrir þessu máli. Og þar sem nú er orðið mjög áliðið, vildi ég mælast til þess, að frv. þetta gæti farið til 2. umr. og n. án þess að um það þyrftu að verða miklar umr. nú. Málið er í sjálfu sér mjög einfalt. Hér er lagt til, að nokkur gjöld, svo sem vitagjald, aukatekjur ríkisins, sem taldar eru í I.—VI. kafla l. nr. 27 27. júní 1921, og stimpilgjald verði innheimt árið 1945 með 100% viðauka í stað 40% viðauka, sem það hefur verið innheimt með á s. l. ári. Enn fremur, að ríkissjóði sé heimilt að innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum með 50% viðauka.
Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 848, n. 914).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Frv. þetta kom frá Nd. og er eins og menn vita um það að heimila ríkisstj. að innheimta nokkra skatta með 100% viðauka árið 1945. En þeir skattar, sem um er að ræða, eru aukatekjur ríkissjóðs samkv. I.—VI. kafla l. nr. 27 27. júní 1921, og samkv. l., sem hafa ákvæði um stimpilgjöld, leyfisbréfagjöld og lestagjald. Ætlazt er til þess, að þessi gjöld verði innheimt með 100% viðauka í stað 40%, eins og nú er heimilt samkv. l. Enn fremur, að ríkisstj. sé heimilað að innheimta með 50% viðauka gjöld af innlendri framleiðslu tollskyldri og eignarskatt samkv. eignarskattsl. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, þó þannig, að 1. þm. Reykv. skrifaði undir með fyrirvara. N. er sammála um það, að það séu full rök til þess, eins og nú standa sakir, að framlengja öll þessi gjöld, nema ef helzt skyldi vera sum atriði stimpilgjaldsins. Það má segja, að stimpilgjald geti verkað að nokkru leyti eins og verðtollur, þannig að hækkunin sé komin. En þar sem ekki er ætlazt til þess, að þetta gildi nema eitt ár, a. m. k. fyrst um sinn, er hægt að endurskoða það nánar, og sá n. því ekki ástæðu til að gera brtt. við þetta atriði. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að leggja til við þessa hv. d., að hún samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 930).

---

85. Hafnarbótasjóður.

Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð (þmfrv., A. 379).

Á 60. og 61. fundi í Nd., 6. og 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Það er svo ákveðið í l. um hafnarbótasjóð, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþ. setur nánari ákvæði um slíkar fjárveitingar. Ég hef leyft mér, með tilliti til frv., sem er næst á dagskrá, að bera fram frv. um breytingu á l. um hafnarbótasjóð, þar sem uppfyllt eru ákvæði 4. gr. um að setja reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í frv. þessu legg ég til, að fé verði aðeins greitt úr sjóðnum samkvæmt sérstökum l. í hvert sinn. Ég skil l. þannig, að þessi tilhögun væri eðlilegri, því að það er venja í sambandi við ýmsa lagasetningu, að hlutaðeigandi ríkisstj. gefi út reglugerð, sem kveði nánar á um hin og þessi atriði laganna. En þar sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að Alþ. skuli setja slíkar reglur, fannst mér réttast að kveða svo á, að það skyldi gert í hvert sinn, er Alþ. ákvæði að veita fé úr sjóðnum. Enn fremur er í frv. sett ákvæði um stjórn og ávöxtun sjóðsins. Ég taldi eðlilegast, að sjóðurinn væri í vörzlu fjmrh., en ávaxtaður í þjóðbankanum. Og það er tekið fram, sem samkvæmt eðli málsins er sjálfsagt mál, að fé sjóðsins sé handbært, þegar Alþ. ákveður að verja fé úr honum.
Ég held, að þessi breyting, sem ég legg til, að

gerð verði á l. um hafnarbótasjóð, sé í alla staði eðlileg, og því geri ég mér vonir um, að Alþ. geti fallizt á þetta.

Ég vil óska, að þetta mál fái að ganga til 2. umr. og sjútvn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þegar l. um hafnarbótasjóð voru sett og síðan, hefur mér virzt sú skoðun vera ríkjandi, að þetta ákvæði í 4. gr., að ekkert megi greiða úr sjóðnum, fyrr en Alþ. setji nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum, sé yfirleitt skilið svo, að sett skuli heildarlög um það, hvernig fé úr sjóðnum skuli varið.

Hv. flm. og hæstv. Alþ. hafa ekki ætlazt til, að sjóðurinn væri gerður að eyðslueyri til almennra hafnargerða í landinu með þeim hætti, sem venjulegt er. Það var til þess ætlazt, að þessu fé, sem er fullar 3 millj. kr., væri varið til að styrkja hafnargerðir, þar sem sérstaklega stæði á, og var jafnvel drepið á, að honum væri varið til að byggja svokallaðar landshafnir, en sú hugmynd hefur nokkuð rutt sér til rúms undanfarið, að á nokkrum stöðum, sem vel lægju við fiskimiðum, bæri ríkissjóði að kosta eina nauðsynlega hafnargerð á staðnum.

Nú skal ég ekki hafa fleiri orð um þennan tilgang l. um hafnarbótasjóð, en koma að því frv., sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir, að fé megi greiða úr ríkissjóði samkv. sérstökum l. í hvert sinn. Það er sem sé gengið á snið við þá hugmynd heildarlöggjafarinnar, sem sett var, um hvernig fé megi verja úr sjóðnum. Ég vil því segja um þetta frv., að það er gagnstætt þeirri hugmynd, sem ég hef gert mér um það, með hverjum hætti fé sé varið úr þessum sjóði, og mér finnst einnig, að heppilegra hefði verið, að hv. mþn. í sjávarútvegsmálum hefði tekið afstöðu í þessu efni, áður en slíkt frv. væri fram komið.

Ég hygg svo, að ég þurfi ekki á þessu stigi málsins að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég tel það mjög varhugaverða leið, sem farin er með því að ætla að breyta l. um hafnarbótasjóð á þann hátt, sem hér er lagt til.

Í sambandi við það mál, sem næst er á dagskrá, vil ég gera stuttar athugasemdir. Ég vona, að sjútvn. taki þetta mál til mjög náinnar athugunar, því að það er um *mjög mikið prinsipatriði* að ræða, hvort hafnarbótasjóð á að nota í þessu sérstaka augnamiði eða sem almennan eyðslueyri til almennra hafnarframkvæmda í landinu, sem sérstakar reglur hafa gilt um til þessa.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég held, að það yrði ekki heppileg aðferð, sem hv. þm. N.-Ísf. leggur til, að sett sé heildarlöggjöf um ráðstafanir á fé úr þessum sjóði. Ég sé ekki, að hægt væri að búa til heildarlöggjöf, sem ætti að gilda langt fram í tímann. Fjárveitingar úr þessum sjóði hljóta eðlilega að mótast af viðhorfinu á hverjum tíma til þeirra málefna, sem sjóðurinn á að vera þáttur í að leysa. Ég held, að sú hugsun, sem hv. þm. talaði um, að hefði vakað fyrir sér, en hefur alls ekki vakað fyrir mér, um tilhögun þessa sjóðs, sé alls ekki heppileg.

Hins vegar talar hv. þm. um, að þennan sjóð ætti að nota með allt öðrum hætti en gert hefur verið í sambandi við fjárveitingar til hafnarbóta að undanförnu. Það ætti sérstaklega að nota hann til stærri framkvæmda. Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á 1. gr. l. um hafnarbótasjóð sjálfan. Þar er afmarkað skýrt um tilgang sjóðsins. Þar *stendur* svo: „Tilgangur *sjóðsins* er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu". — Þetta er það verkefni sjóðsins, sem er markað með 1. gr. l., og er það ekki að neinu leyti frábrugðið þeim grundvelli, sem fjvn. hefur stuðzt við við styrkveitingar til hafnarframkvæmda að undanförnu og styðst við enn.

Ég vil segja, að ef á að leggja þann skilning í sjóðinn, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á, þá fer það mjög vel saman við þær till., sem ég ber fram í því frv., sem hér er næst á dagskrá. Með hafnargerð á Akranesi, sem ég kem að í sambandi við það frv., er ekki eingöngu hugsað um þá menn, sem þar búa, heldur með því greidd gata þess, að menn úr öðrum útgerðarstöðvum á landinu eigi þess kost að nota hin fiskauðugu mið hér í Faxaflóa.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta mál í sambandi við þetta frv., en ef hv. þm. N.-Ísf. leggur þann skilning í meðferð fjár úr hafnarbótasjóði, að fé skuli veitt til landshafna, þar sem hafnarskilyrði séu til þess, að fjöldi manna geti stundað fiskveiðar víðs vegar af landinu, þá eru það sterk rök með frv. því, sem ég flyt og er næst á dagskrá. Vil ég því mjög þakka hv. þm. fyrir þann skilning á slíkri aðstöðu, sem fram kemur hjá honum í þessum umræðum um málið.

En ég skil sem sagt 1. gr. frv. þannig, að þar, sem fyrir hendi eru þau skilyrði, sem þar greinir og ég las upp, þá sé það í fullu samræmi við l. um hafnarbótasjóð, að til slíkra staða sé veitt fé úr sjóðnum. Ég sé ekki neina ástæðu til að fresta slíkum ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir, því að hér situr mþn. um sjávarútvegsmál á rökstólum. (**PZ:** Starfar hún enn?) Sjálfsagt starfar hún enn, en ég sé ekki ástæðu til að stöðva frv. til hafnarbóta, þó að mþn. hafi ekki látið málið til sín taka og það eigi að valda kyrrstöðu í þessu máli. Það kemur auðvitað ekki til mála, að Alþ. láti sig henda slíkt.

Sigurður Bjarnason: Það, *sem* ber á *milli mín og* hv. þm. Borgf. í þessu máli, er það, að hann telur þetta frv. vera í fullu samræmi við önnur l. um hafnarbótasjóð, en ég tel svo ekki vera. Ég tel það ekki vera, vegna þess að með þessu frv. er fé tekið úr hafnarbótasjóði til almennra framkvæmda, og það sést bezt á því frv., sem hér er næst á dagskrá, þar sem ætlazt er til, að tekið sé fé úr hafnarbótasjóði til hafnargerðar á Akranesi. Það er gert á grundvelli heildarframlagsins eða á svipuðum grundvelli og fleiri hafnarframkvæmdir á landinu.

Ég hygg, að þetta skeri úr um það, að hinum sérstaka tilgangi hafnarbótasjóðs sé ekki fylgt með þessu frv., en það, sem hv. þm. Borgf. drap á, að fé úr hafnarbótasjóði skyldi eingöngu veitt til hafnargerða á stórum stöðum eða til stórra hafna, er ekki að öllu leyti rétt skilið. Ég lít svo á, að tilgangur hafnarbótasjóðs sé tvíþættur, og það var þetta, sem vakti fyrir mér, þegar ég flutti frv. um hafnarbótasjóð, sem síðar varð að lögum: Að í fyrsta lagi væri veitt fé úr sjóðnum

til að byggja stórar hafnir, svo kallaðar landshafnir. Þær hafnir eiga að vera fáar, og það ber fyrir fram að gera sér ljóst, í hvaða landshlutum slíkar hafnir eiga að verða og helzt hvar. Það verður að vera ákveðin skipulagning í þessum efnum.

Enn fremur og í öðru lagi var það tilgangur minn, eins og kemur fram í 1. gr. l., að úr sjóðnum yrði einnig veitt sérstök fjárveiting til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem sérstaklega liggja vel við fiskimiðum, en hins vegar eiga erfitt um vik að snúast í slíkum framkvæmdum. Þessi framlög kæmu til viðbótar þeim almennu framlögum, sem veitt eru samkv. l. um hafnarbætur á fjárlögum hverju sinni. Þetta vakir að minnsta kosti fyrir mér, en alls ekki hitt, að fé sé tekið úr hafnarbótasjóði til þess að létta á fjárl. hverju sinni, eins og beinlínis er gert með frv. því, sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Borgf. Þar er gert ráð fyrir, að 1 millj. kr., hvorki meira né minna en þriðji hluti sjóðsins, sé tekin í hafnargerð á Akranesi, án þess að nokkuð liggi fyrir um, að þar verði í framtíðinni svokölluð landshöfn, sem ríkissjóður styrki. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort Akranes verður ef til vill í framtíðinni ein af landshöfnunum. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, þótt sá staður liggi að vísu vel við miðum. Hins vegar er rétt að skjóta því fram, að þegar ég hef heyrt rætt um slíkar hafnir, þá hef ég oftar heyrt minnzt á höfn við sunnanverðan flóann en Akranes, en ég skal sem sagt engan dóm leggja á það.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. Borgf. taldi ekki heppilegt að setja heildarlöggjöf um það, hvernig fé úr þessum sjóði skuli varið, þá hygg ég, að ég hafi þegar svarað því. Ég hygg, að heppilegra sé að átta sig á því, áður en lagt er af stað, hvernig þessum málum skuli skipað í heild. Ég er fullviss um, að hafnarframkvæmdum í þessu landi má haga meir í samræmi við þarfir atvinnulífsins en gert hefur verið og útlit er fyrir, að verði. Þess vegna finnst mér æskilegt að setja viðtækari heildarlöggjöf um það, hvernig fé sé varið úr hafnarbótasjóði, heldur en lagt er til í því frv., sem hv. þm. Borgf. ber fram. Mér finnst mjög nauðsynlegt og tímabært, að snúizt verði að skipulagningu þessara mála og þau krufin betur til mergjar, áður en út á þessa braut er farið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 379, n. 576, 591).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið hjá sjútvn. talsverðan tíma og hefur verið almennt rætt í sambandi við önnur frv., sem fyrir n. hafa legið og snert hafa þetta mál. Á ég þar sérstaklega við frv. um breyt. á hafnarsjóði Akraneskaupstaðar, þar sem farið var fram á stórfellt framlag úr þessum sjóði til hafnargerðar á þeim sérstaka stað. En eins og kunnugt er, horfir einmitt svo við á Akranesi, að fyrirhuguð er þar allmikið aukin útgerð, auk þess, sem æ meir sækir í þá átt, að menn, sem ekki eiga þar heima, vilja komast að til að gera þar út báta sína vegna þess, hve vel hefur horft um fiskafla frá þessari veiðistöð. En hafnaraðstæður eru mjög erfiðar, jafnvel fyrir þann flota, sem fyrir er, hvað þá verulega aukningu. Fyrir því er um alveg sérstakar ástæður að ræða nú og stendur til, að af hálfu þessa kaupstaðar verði hafin stór átök til að tryggja góð hafnarskilyrði, bæði heimamanna og annarra, sem kynnu að verða þess aðnjótandi í náinni framtíð.

Þá er líka vitað, að suður með sjó, einkum í Keflavík, er talið, að mjög mikil þörf sé á framkvæmdum í þessum efnum á næstu árum, og vil ég geta þess hér um leið, að hjá fjvn. hefur mætt nefnd manna frá þessum stað, þ. e. frá Keflavík, til þess að ræða um hina sérstöku nauðsyn þess að stækka þar mannvirki, og hefur þegar verið hafizt handa í þeim tilgangi að tryggja betur en hingað til hefur verið gert tilveru þessa bátaflota, sem þaðan stundar veiðar.

Það er um tvær höfuðveiðistöðvar að ræða hér við Faxaflóa, og er vitað, að hvorug þeirra getur, svo að vel sé, fengið málefnum sínum borgið eftir vanalegum leiðum, þ. e. eftir vanalegri úthlutun á því fé, sem á fjárlögum er veitt til hafnarmannvirkja, þar sem í mörg horn er að líta. Leggur því meiri hl. sjútvn. til, og e. t. v. öll nefndin, þar sem svo var ástatt, að einn nefndarmaður var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, — að heimila, raunar með alveg sérstöku tilliti til þess ástands, sem ríkir um þessar hafnir við Faxaflóa, en líka með það fyrir augum, að aðrar stórar veiðistöðvar landsins gætu átt aðgang að slíkum aðgerðum, ef til þyrfti að taka, — að hér væri hafnarbótasjóður látinn rétta fram hjálparhönd. Þetta er frá sjónarmiði meiri hl. n. nokkurs konar lífsnauðsyn, þegar svo stendur á, að hrinda þarf í framkvæmd dýrum mannvirkjum á þeim stöðum, sem segja má, að svari fljótlega rentu, ekki síður en að nota hafnarbótasjóð til þess að létta undir með hafnarbótum á þeim stöðum, þar sem svo hagar til, að skilyrði eru góð til veiðifanga, hafnarskilyrði mjög hagstæð, fiskimið nálægt, en aðstæður erfiðar á slíkum stöðum til að standa straum af miklum kostnaði.

Ég skal kannast við það, að fyrir flm., sem fluttu frv. um hafnarbótasjóð í byrjun, vakti fyrst og fremst það, að hlutast til um að styðja hafnarframkvæmdir á þeim stöðum, þar sem menn hafa ekki efni á að ráðast í kostnað, en vænlegar aðstæður til að koma upp góðri veiðistöð. En þingið tók upp þá stefnu, að hinar stærri fiskihafnir gætu líka undir vissum kringumstæðum notið aðstoðar hafnarbótasjóðs til sinna framkvæmda. Var það gert með því að gefa kaupstöðunum yfirleitt færi á að vera ekki útilokaðir frá aðstoð sjóðsins.

Í þessum vandamálum öllum, er fyrir lágu, þótti meiri hl. sjútvn. rétt að breyta frv. þeim um breyt. á l. um hafnarbótasjóð, sem fyrir n. lágu, á þann veg, sem segir á þskj. 576. Er þá að sjálfsögðu fullnægt tilgangi 1. gr. þessa frv., sem segir, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum nema eftir sérstökum lögum í hvert sinn, því að í breyt. meiri hl. sjútvn. felast till. um það, hvernig fara skuli með sjóðinn að þessu leyti. Hann getur flýtt fyrir

aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, þar sem hafizt er handa um framkvæmdir og framlög úr ríkissjóði að hverju sinni hrökkva ekki til. Ríkisstj. hefur þá heimild til að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Þá leggur nefndin enn fremur til, að þetta fé sé aftur endurgreitt hafnarbótasjóði á tiltölulega stuttum tíma. Á þann hátt er honum gert mögulegt að fullnægja hlutverki sínu að öðru leyti, sem og að geta líka verið nokkurs konar varasjóður til aðkallandi starfa eða framkvæmda, eftir mati þings og stjórnar á hverjum tíma.

Mér virðist ekki, að hér sé farið fram á neitt, er geti talizt ósanngjörn eða ranglát meðferð á þessum sjóði, og enn fremur, að ekki sé farið fram á annað en það, sem skynsamlegt getur talizt og vel framkvæmanlegt eftir atvikum. Þar, sem útgerðin er í örum vexti og henni há örðug eða jafnvel ómöguleg hafnarskilyrði, og þar, sem enn fremur íbúarnir eru þess fúsir í hvert sinn að leggja fram stórfelld framlög að sínum hluta, verður ekki annað sagt en að það sé alveg sjálfsagt, að hafnarbótasjóður sé notaður sem viðauki við venjuleg framlög til hafnarbóta, ef þess þarf með, og það, sem sjútvn. vill, er einmitt það, að þörfin sé metin í hvert sinn. Fyrir því þótti nefndinni ekki rétt að binda fjárveitingu alveg ákveðið við nokkurn vissan stað, þótt því sé hins vegar ekki að leyna, að hafðir voru fyrir augum innan n. þeir tveir staðir, er ég minntist á.

Ég vil sérstaklega benda á það, að með því ákvæði, sem ætlazt er til, að samþ. verði um endurgreiðslu til sjóðsins, er á engan hátt stefnt að því að torvelda, að hafnarbótasjóður verði á næstu árum einnig notaður til að styðja framkvæmdir á hinum smærri stöðum, sem aðeins geta lagt lítið í kostnað af eigin rammleik.

Ég sé, að fram er komin brtt. á þskj. 591, frá hv. 2. þm. S.-M. Ég fæ ekki betur séð en að hv. þm. í grundvallaratriðum fallist á þá stefnu, sem fram kemur í nál. á þskj. 576. Hins vegar leggur hann til í sinni brtt., að sú fjárveiting, sem hér er átt við og ég vildi nefna viðaukafjárveitingu úr þessum sérstaka sjóði, sé veitt á fjárlögum, sem ég vildi mega kalla í fjárlögum. Það kann að vera, að margt mæli með að slá föstum slíkum till. í fjárl., en ég vil benda á, að hér stendur sérstaklega á, því að hér er átt við viðaukatillag fram yfir það fasta tillag, sem er í fjárl., og þetta viðaukatillag á aðeins að greiða eftir því, hvað verkinu miðar áfram. Það er bundið við þær framkvæmdir, sem raunverulega fara fram, en þau venjulegu framlög til hafnarbóta, sem eru í fjárl., eru venjulega miðuð við staði, og þau standa þar það ár, sem þeim er ætlað að standa þar, hvort sem viðkomandi framkvæmdahérað vinnur svo mikið að endurbótunum eða framkvæmdunum, að kallað verði eftir öllu þessu framlagi úr ríkissjóði eða ekki. Það er vitað, að í þessu eins og mörgu öðru er það svo, að þegar í fjárl. er veitt fé bundið við ákveðna staði eða framkvæmdir gegn tilteknu framlagi frá staðarins eða fyrirtækisins hálfu, þá er það því aðeins greitt úr ríkissjóði, að tiltekin framlög séu fram reidd af þeim, sem framkvæmdanna eiga að njóta, og því aðeins, að verkið sé unnið svo mikið sem þar greinir. Þegar á þetta er litið, tel ég ekki heppilegt að binda þetta í fjárl. Við höfum hins vegar viljað láta það vera á valdi þess ráðh., sem hefur sérstaklega eftirlit með þessum hafnarbyggingum og framkvæmdum, og hann greiðir þá ekki þetta viðbótarframlag úr hafnarbótasjóði, nema komið sé á hverjum þeim stað, sem eftir framlaginu kallar, yfir það hámark, sem hægt er að komast fyrir fjárveitingu ríkisins að viðbættu tilskildu framlagi frá staðnum sjálfum.

Þetta vildi ég taka fram til þess í fyrsta lagi að gera það ljóst, hvenær ráðh. á að grípa til sjóðsins til þessara hluta, og í öðru lagi til að sýna, að það er ekki nauðsyn og meira að segja óheppilegt, að þetta fé sé veitt bundið í fjárl.

Enn fremur vil ég benda á, að við slíkar fjárveitingar úr hafnarbótasjóði í fjárl. er óhjákvæmilegt að binda fjárveitingarnar við nöfn sérstakra staða, en það er ekki tilgangurinn með brtt. okkar að binda þetta við nöfn neinna staða, heldur að láta hina raunverulegu þörf vera leiðarsteininn í þessu efni og treysta svo réttdæmi ráðh. til að synja um eða veita þær viðbótargreiðslur, sem hér er átt við.

Þá er líka óhætt að benda á, að ef fara á inn á þá braut að romsa upp í fjárl. upptalningu yfir aukafjárveitingar úr hafnarbótasjóði til Péturs og Páls, þá er hætt við, að það mundi endurtaka sig, sem komið hefur fyrir á svo mörgum sviðum, að menn hafa viljað hnýta aftan í og koma með þessi og þessi nöfn, án þess að hægt væri að vita, hvort í raun og veru væri nokkur þörf fyrir að áætla þeim stöðum, sem þm. kynnu að finna upp á að bera brtt. um, viðaukaframlag á þennan hátt.

Ég ætla þess vegna, að öllum sé ljóst, að það eru fleiri gallar en kostir á að sundurliða þetta í fjárl., og það er í sjálfu sér tæplega hægt. Hins vegar er alveg áhættulaust að láta þetta standa oplð eins og ég hef þegar lýst.

Mér virðist þá, að málið hljóti að liggja ljóst fyrir. Ég get a. m. k. ekki séð að svo komnu máli, að mér sé unnt að bæta neinum nýjum skýringum við, en ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi skilið tilgang þeirrar breyt., sem hér er um að ræða. Hins vegar er ég þess albúinn að mæta fyrir n. hönd þeirri gagnrýni, sem hér kynni að koma fram, og bíð að því leyti átekta.

Eysteinn Jónsson: Ég hef sérstöðu um þetta mál í n. og skrifa undir nál. með fyrirvara og flyt brtt. á þskj. 591.

Þegar hafnarbótasjóður var lögleiddur, voru þau rök helzt færð til, að hann ætti að styrkja aukalega lendingarbætur og hafnargerðir á þeim stöðum, þar sem skilyrði væru góð til að gera hafnir og gott til fiskveiða, en lítil geta til kostnaðarsamra framkvæmda. Enn fremur held ég, að það hafi verið tekið fram, að einnig skyldi veita fé úr þessum sjóði til hafnargerða, þar sem menn sæktu mjög að með báta til fiskveiða og væru eins konar millistig milli landshafna og venjulegra hafna. Nú er ætlunin að byrja að nota þennan sjóð með nokkuð sérstökum hætti. Að vísu er ekki ætlunin að veita úr honum styrk eða framlag, en í þess stað er ráðgert að láta sjóðinn lána ríkissjóði fé, sem síðan sé lagt fram sem viðbótarframlag til hafnargerða.

Ég lít svo á, að þörf fyrir hafnarbætur á stöðum eins og Akranesi, Keflavík, Húsavík og Hornafirði og ýmsum fleiri stöðum sé ákaflega mikil og þær framkvæmdir séu mjög aðkallandi, en það er jafnframt mín skoðun, að nú á hinum mestu góðaárum, sem þjóðin hefur lifað, verði þingið að hafa myndarskap til að veita svo mikið fé í fjárl. til þessara framkvæmda, að þessir staðir megi vel við una. Þess vegna tel ég það í mesta máta varhugavert að fara nú inn á þá braut að eta upp með lánveitingum í slíkar framkvæmdir sjóði, sem dregnir hafa verið saman á undanförnum árum, og ég álít það meira en varhugaverða stefnu, ég álít það beinlínis að fara inn á þá braut að afgreiða tekjuhallafjárl. Hér er verið að efna til ríkislántöku með þessum hætti og síðan ætlazt til, að það sé endurgreitt í fjárlögum. En vilja menn ekki hugsa um það rólega, hversu auðvelt það muni verða á næstu þremur árum fyrir ríkissjóð að ráða við allar fjárveitingar, sem þá þarf að inna af hendi til verklegra framkvæmda, og eiga líka að endurgreiða hafnarbótasjóði lán, sem ríkið hefur tekið á mesta góðæristímanum? Ég held, að við ættum að geta orðið sammála um, að ef ríkissjóður getur ekki nú án lántöku veitt nægilegt fé til hafnargerða á þeim stöðum, þar sem mest liggur á, þá verði ekki svo ástatt á næstu þremur árum, að hann geti gert þetta þá og bætt einnig við sig endurgreiðslum til hafnarbótasjóðs, sem tekið hefur verið á mesta góðæristímanum. Ég get sannfært hv. þm. um, að þetta fær ekki nema einn endi. Það er augljóst, að þær greiðslur, sem inntar eru af hendi úr hafnarbótasjóði, verða ekki endurgreiddar á næstu árum. Hvernig getur líka Alþingi ætlazt til, að ríkið á næstu þremur árum sé svo betur statt fjárhagslega, að það geti endurgreitt stórar fúlgur inn í hafnarbótasjóð og veitt ríflega um leið á hverju ári til nýrra hafnargerða? Við vitum, að verkefnin þar eru svo mikil og aðkallandi, að það verður á þeim árum engu minna sótzt eftir að fá framlög til hafnargerða en nú er gert. Að vísu kunna þá vissar hafnir að verða fullbúnar, en það koma þá aðrar í þeirra stað, sem þarf að sinna. Auk þess er á prjónunum a. m. k. ein landshöfn, sem kostar stórfé, jafnvel í byrjun, og þegar til greina koma fjárveitingar til þeirrar landshafnar, þá verður fyrst að marki þröng í fjárl. fyrir hendi í sambandi við hafnargerðir.

Það, sem hér hefði átt að gera, er að veita fé í fjárl. það ríflega til hafnargerða, sem menn hafa í huga í sambandi við þetta mál, svo að unnt yrði að vinna að framkvæmd þeirra af miklum áhuga og krafti, og ef menn treysta sér ekki til að veita þannig í eitt skipti svo mikið sem gert er ráð fyrir að þurfi samtals, þá hefði verið rétt að mínum dómi að skipta þeirri áætluðu fjárhæð á fjárl. nokkurra ára, svo að það stæði t. d. í þessum fjárl., að þetta væri fyrsta greiðsla af tveimur eða þremur, því að það yrði til þess, að þessum málum yrði haldið í fullu sambandi við afgreiðslu fjárl., og væri þá komizt hjá að fara út á þá braut að eta upp hafnarbótasjóð til þessara framkvæmda. Ég álít einmitt fulla þörf á þessum sjóði, þegar þrengja fer meira um fjárhaginn en nú er, og þá mun hjálpa að hafa aðeins í höndum kvittanir frá ríkinu fyrir að hafa tekið á móti fé sjóðsins til framkvæmda, sem nú er verið að gera.

Ég lít svo á, að þessi ráðstöfun, að ríkissjóður fari að taka hafnarbótasjóð að láni til slíkra framkvæmda, sé viðurkenning þess, að nú sé komið í þrot með afgreiðslu fjárl. og því sé nú farið að taka lán til framkvæmda, sem hefði átt að sjá borgið með tekjum ríkisins á góðatímanum. Ég ætla, að þetta verði til þess, að hafnarbótasjóður verði raunverulega etinn upp og verði ekki endurvakinn á ný. Ef einhver efast um þetta, þá vil ég vísa til þeirra raka, hvort menn geti gert ráð fyrir, að ef nú er ekki hægt að veita ríflega til hafnargerða, hvort þá muni verða hægt á næstu árum að veita ríflega til þeirra og endurgreiða þar að auki það fé, sem nú á að taka til láns úr hafnarbótasjóði. Eftir að félagar mínir í sjútvn. höfðu kynnt sér ástæðurnar í fjvn., ákváðu þeir að fara þessa leið til að greiða fyrir þessum hafnarmálum, og sá ég því inn á, að þessi stefna mundi verða tekin, og sneri ég mér þá að því að gera till. um, hvernig ég teldi þessu heppilegast fyrir komið, ef á annað borð ætti að fara þessa leið, og um það fjallar brtt. mín á þskj. 591.

Það er gert ráð fyrir því af meiri hluta nefndarinnar, að stjórnin geti veitt þessi viðaukaframlög úr ríkissjóði, ef hún telur það rétt. Er það algert einsdæmi um fjárveitingar til hafnargerða úr ríkissjóði. Ég hygg, að alltaf hafi verið höfð sú venja að taka til í fjárl., hversu miklu fé ríkið skyldi verja til þessara framkvæmda. Mér þykir óviðkunnanlegt að breyta um stefnu í þessu efni og að ríkisstj. geti veitt þannig fé allt að 3 millj. til þeirra hafnargerða, sem hún telur verðugar þess að fá slík framlög. Ég skal taka fram, að brtt. mín er ekki borin fram vegna þess, að ég vantreysti núverandi hæstv. samgmrh. til að sjá um þetta. Mín reynsla af honum frá hans fyrra starfi, sem er mjög hliðstætt þessu, er þannig, að ef hann ætti að ráða einn hér um, þá mundi ég ekki óttast neina hlutdrægni. Ég tel aðeins, að ekki sé rétt fordæmisins vegna að ganga inn á þessa braut, og því síður tel ég það rétt, þar sem ráðh. mundi með þessum fjárveitingum algerlega binda hendur Alþingis um að veita fé á næstu árum til þessara hafnargerða, því að sjóðnum er ætlað að fá féð til baka, svo að ráðh. fengi þá með þessu móti vald til að veita þetta fé úr ríkissjóði. En ef svo færi hins vegar, að sjóðurinn fengi þetta fé ekki endurgreitt, sem ég óttast mjög, þá er hér um raunverulega fjárveitingu að ræða, um leið og féð er greitt af hendi. Hér er því verið að fá stj. í hendur fjárveitingarvaldið að þessu leyti, og tel ég það mjög óheppilegt fordæmi. Ég legg því til, þar sem er sýnilegt, að farið verður inn á þessa braut, að þessum fjárveitingum verði komið fyrir í fjárl., og ætlast ég til, að það verði gert á þann hátt, að í 22. gr. fjárl. verði sett heimild handa stj. til að verja tiltekinni fjárhæð til þessara hafnargerða, sem fjvn. og Alþ. telja, að mest séu aðkallandi og mest skorti á að fá sæmilega úrlausn í fjárl. sjálfum. Hv. frsm., þm. Vestm., andæfði nokkuð þessari leið, áður en ég hafði gert grein fyrir þessu, og hafði ég því ekki komizt að með þá útskýringu, að ég ætlaði, að þessu yrði bezt fyrir komið í 22. gr., og yrði þá gripið til þessa fjár aðeins samkvæmt heimild Alþingis og eftir því, hvaða framkvæmdir teldust nauðsynlegastar. Hv. þm. segir, að erfitt sé að gera sér grein fyrir, hvaða hafnargerðir

helzt ættu að koma til mála. Ég tel, að ekki sé hægt að setja fyrir sig þá erfiðleika. Ég hygg, að fjvn. muni ekki eiga erfitt með að gera sér grein fyrir, hvaða heimildir væri réttast að setja á 22. gr., og hún hefur fullkomlega myndugleika til að gera upp á milli þeirra till., sem um það kynnu að berast, eftir því hve mikil sanngirni mælti með þeim. Það væri því enginn vandi á höndum í þessu sambandi, auk þess sem ég hygg, að það sé í raun og veru nokkurt samkomulag um það *meðal þm., hvaða hafnargerðir það séu, sem mest* ástæða væri að auka fjárveitingar til. Ég hygg því, að þetta mundi ekki valda erfiðleikum, og a. m. k. er ómögulegt fyrir Alþingi að vísa frá sér fjárveitingarvaldinu að þessu leyti með þeim rökum, að þar sé erfitt að gera upp á milli, því að ef inn á slíka braut væri gengið, þá mundi það enda með því, að fjárveitingarvaldið væri dregið smátt og smátt úr höndum þingsins. Ég geri því ekki mikið úr þessari mótbáru hv. þm. Vestm., og ég þykist vita, af því að ég hef fengið um það góðar upplýsingar bæði í n. og annars staðar frá, að nú sé kunnugt um flestar eða allar þær hafnarframkvæmdir, sem til mála mundu koma á sumrinu 1945, og það er augljóst, að ef einhverjir væru svo síðbúnir með þessi mál hjá sér, að þeir væru ekki enn búnir að koma á framfæri sínum málum, þó að komið sé að árslokum, þá búa þeir þannig í haginn fyrir sig að þessu leyti, að engin ástæða er til að hafa neinar áhyggjur af þeim.

Ég vil því fastlega skora á hv. alþm. að taka þá aðferð í þessu máli, sem ég hef lagt til, að verði viðhöfð, ef á að fara að taka nú hafnarbótasjóð, sem ég tel ástæðulaust, en ef menn ganga inn á þá stefnu, sem ég geri ráð fyrir, að verði, að menn hafi þá þessa aðferð, sem ég hef lagt til í brtt. minni á þskj. 591.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Ég sé á brtt., sem fram eru komnar á þskj. 576 frá sjútvn., að þar hefur ekki náðst samkomulag um að afgreiða þetta mál í þeirri mynd, sem ég hafði lagt til. Það er rétt, sem fram er tekið í nál., að náið samband er milli tveggja frv., sem ég flyt um þessi efni, því að frv., sem þessar brtt. eru stílaðar við, er nauðsynlegur undanfari þess, að hægt sé að ráðstafa fé úr hafnarbótasjóði á þann veg, sem í hinu frv. er gert ráð fyrir. Mér þykir vænt um, að n. fellst á, að Alþingi setji ákvæði um, hvernig fé skuli varið úr sjóðnum. Hins vegar harma ég, að hún skuli ekki geta fallizt á till. mína um að verja úr honum fjárhæð til hafnargerðar á Akranesi. Ég hafði bæði í grg. og framsögu gert fyrir því ljósa grein, að samkv. tilgangi sjóðsins væri eðlilegt, að fé hans yrði varið til þessarar hafnargerðar, sem er ekki einungis í þágu þeirra, sem þar búa, heldur jafnframt margra aðkomubáta, sem á vertíðum sækja sjó í Faxaflóa. Og eins og reynslan hefur sýnt, hafa fiskimenn víðs vegar að af landinu sótzt eftir að fá aðstöðu til þess að geta stundað veiðar á þessum stað, og byggist það á því tvennu, hve gott er til fiskisóknar frá þessum stað, og annað það, að veiðarfæraslit er minna þar en við sunnanverðan flóann. En það er alltaf, og ekki sízt nú, mjög veigamikið atriði í útgerðinni að geta komizt af með sem minnstan veiðarfærakostnað, með sérstöku tilliti til þess, hve erfitt er að afla veiðarfæra og þau dýr.

Ég ætla ekki að hefja neina árás á hv. n. fyrir þá niðurstöðu, sem hún, að þessu máli athuguðu, komst að, þótt ég harmi, að málið skyldi ekki fá þá afgreiðslu, sem ég lagði til, né heldur sú till., sem ég kom með síðar, vegna þess að n. hefur sýnt fulla viðleitni til þess að leysa vandræðin á *þessum stað og annars staðar, þar sem* nauðsynlegt er að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir. Það verður fyllilega að viðurkenna, að í þeirri brtt., sem n. ber fram og kemur til með að móta þetta frv. mitt, er fullkomlega gengið í þá átt að létta undir þessar framkvæmdir.

Við þekkjum það af gamalli og nýrri reynslu, að þannig er löngum ástatt á Alþ., að þar er ekki hægt í hvert skipti að mæta óskum einstakra aðila um fjárframlög, heldur hefur reynslan verið sú, að þeir, sem fyrir þessum fyrirtækjum standa, hafa orðið að taka lán fyrir þeim hluta kostnaðarins, sem ríkissjóði bar að leggja fram, og þetta er af því, að þær fjárhagsaðstæður eru ekki fyrir hendi, að fært þyki að leggja fram á einu ári þann hluta ríkisframlagsins, sem leiðir af þessa árs framkvæmdum, á hverjum stað fyrir sig. Þetta er vitanlega mjög bagalegt fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli og verða að standa undir ⅔ af heildarkostnaðinum eða ⅗ eða helmingi kostnaðar, þar sem aðstaðan er hagstæð í þessum efnum, en það er einkum á stöðum, þar sem um minni framkvæmdir er að ræða.

Mér þykir mikils vert um þá úrlausn, sem n. vill gera í þessu máli, að til viðbótar því fjárframlagi, sem fæst á hverju ári til þessara framkvæmda, sé ráðherra gefin heimild til að verja úr hafnarbótasjóði því, sem á vantar, svo að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, fái fullt framlag úr ríkissjóði á móti sínu framlagi á því ári, sem verkið er framkvæmt. Ég lít svo á, að með þessari tilhögun þjóni hafnarbótasjóður fullkomlega og réttilega því hlutverki, sem honum er ætlað að gegna. Hitt má svo segja, að það sé eðlilegt, þar sem hafnarbótasjóður verði notaður með slíkum hætti, að þá verði honum endurgreitt þetta fé, svo að það leiði ekki til beinnar skerðingar á sjóðnum, sem þarf að stækka og eflast.

Því var hreyft hér í sambandi við þessar umr., að ég ætla af hv. 2. þm. S.-M., að það mundi verða erfitt um greiðslu í sjóðinn aftur. Ég held, að ekki sé ástæða til þess að óttast um þetta, því að samkv. breytingu n., ef hún verður að l., þá *er því slegið föstu, að það skuli gert.* Þess vegna verður að inna þessa greiðslu af höndum til þess að uppfylla ákvæði l., og það getur náttúrlega vel verið, að sú skylda að inna þessa greiðslu af höndum hafi að öðru leyti í för með sér takmörkun á fjárframlagi ríkissjóðs, og við því er út af fyrir sig ekkert að segja. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að hér verði ekki árlega um svo stórfelldar greiðslur úr hafnarbótasjóði að ræða, að þetta út af fyrir sig af þeim ástæðum þurfi að valda sérstökum vandkvæðum.

Ég vil því, eins og málum er komið, mæla með því, að þessi brtt. n. nái hér fram að ganga, því að með þeim hætti geri ég ráð fyrir, að svo fari, að þeim miklu framkvæmdum, sem fyrir hendi

eru á Akranesi og líka á öðrum stað hér við Faxaflóann sunnanverðan, megi halda áfram eins og ráð er fyrir gert. Ég óttast, að svo geti ekki orðið, ef viðkomandi aðilar verða að taka lán fyrir utan eigið framlag, til þess að afla fjár með þeim hætti til þess hluta, þar sem ríkissjóðsframlagið á fjárlögunum ekki hrekkur til framkvæmdanna, og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að hægt sé með rökum að mæla gegn því, að hafnarbótasjóður verði notaður með þessum hætti, því að það er vitanlega tilgangurinn með hafnarbótasjóði, að hann flýti fyrir nauðsynlegum framkvæmdum. Þess vegna á það að vera fagnaðarefni þeim, sem staðið hafa að því að koma honum á, að sem fyrst geti sézt í verki raunverulegur árangur af því, að þessi ráðstöfun hefur verið gerð.

Það er gott að eiga þetta fé í sparisjóði, en hitt er þó enn betra, að hægt sé að nota það til þess að koma á nauðsynlegum framkvæmdum, sem skapa skilyrði fyrir aukinni útgerð og öryggi. Ég býst ekki við, eins og sakir standa nú, að hægt sé að ávaxta fé þetta með betri árangri en þeim að tryggja bátaútvegi landsmanna og þá sjávarútveginum í heild, betri aðstæður og meira öryggi.

Þess vegna vænti ég þess, að till. hv. sjútvn. fái einróma undirtektir hér í þessari d., annars verð ég að álíta, að það sé byggt á rangri skoðun á því, sem er hlutverkið með því að safna þessu fé og leggja til hliðar. Í brtt. hv. 2. þm. S.-M. er alveg gengið inn á þessa hugmynd, en ég álít það ágalla á þeirri brtt., að hún mun skapa reipdrátt innan þ. um það, að þá vilji hver ota sínum tota, og það er vitað, að okkur hendir það oft og iðulega hér á Alþ. að vera ekki jafnskarpsýnir að takmarka okkur við aðalatriðin í málunum á hverjum tíma, heldur berum fram brtt., sem geta orðið til þess að hefta eða torvelda slíkar framkvæmdir, án þess að það gefi hlutfallslega úrlausn á öðrum sviðum. En með því að hafa ákvörðun um þetta í höndum þess ráðherra, sem þessi mál heyra undir og að sjálfsögðu byggir till. sínar og ákvarðanir um þessa hluti í samráði við vitamálastjóra, sem hefur umsjón með þessum málum, ætti að fást algerlega óhlutdrægur dómur um nauðsyn framkvæmdanna í hverju tilfelli. Ég ætla þess vegna, að það sé hyggilega ráðið hjá n. að hafa einmitt þessa tilhögun.

Það kom fram í umr. um þetta mál í gær, að með þessum hætti mundi ef til vill ekki verða haldið jafnfast á þessum málum og nauðsynlegt væri, þannig að einstaklingar eða stjórnarvöld á einstökum stöðum geti eflt aðstöðu sína til þess að draga nokkuð mikið, á hverjum tíma, í sinn hlut. Ég held, að þeir menn, sem halda þessu fram, hafi ekki athugað, að það er ákaflega mikill hemill á þessum framkvæmdum, þar sem um svo stórar framkvæmdir er að ræða, að þeir, sem hlut eiga að máli, verða í sumum tilfellum að bera uppi ⅔ af öllum kostnaði við fyrirtækið, í öðrum tilfellum ⅗ af öllum kostnaði, og þar, sem hlutföllin eru hagstæð, ½ af kostnaðinum við fyrirtækið. Þessi stóri hluti, sem viðkomandi aðilar á hverjum stað verða að standa undir, er svo mikill, að það er ekki ráðizt í framkvæmdir fram yfir það, sem alveg óhjákvæmilegt er að gera á hverjum tíma. Það þekkja þeir, sem staðið hafa í slíkum framkvæmdum, að það er ekki alveg hrist fram úr erminni að koma þeim á. Það kostar mikið þrek og mikið átak, meðan á því stendur.

Eins og sakir standa nú, hlýtur það líka að vera keppikefli allra manna, sem gætnir eru í fjármálum og hyggnir eru og forsjálir í þeim efnum, að reyna sem allra mest að greiða sem ríflegastan hluta af þeim kostnaði, sem nú er lagt í, en komizt sé hjá því að stofna til skulda svo sem mögulegt er. Þess vegna er það, að eins og það er eðlilegt að nota þann ávinning, sem fengizt hefur nú, frá sjónarmiði einstaklingsins, er það líka eðlileg og heilbrigð aðstaða hjá Alþ. að veita þann fjárhagslega stuðning, sem ríkinu er ætlað að veita í slíkum tilfellum, reyna sem sagt að gera þetta sem allra mest fyrir þá fjármuni, sem einstaklingar, félög eða ríkissjóður hafa handbæra á þessum tíma, en hliðra sér sem mest hjá því að stofna til skulda upp á framtíðina.

Ég þarf svo ekki að segja fleiri orð um þetta. Úr því að svo fór, að hv. n. gat ekki fallizt á þær till., sem ég hef í mínu frv. um hafnargerð á Akranesi, og till., sem ég síðar bar fram við n. um lausn á þessum málum, þá tel ég þó, að í þessari brtt. n. felist svo veruleg úrlausn í þessu máli, að eftir atvikum geti bæði ég og aðrir, sem eiga mikið undir þátttöku og úrlausn Alþ., sætt okkur vel við málalokin.

Mér er það líka ánægjuefni, að mér er kunnugt um, að n. hefur flutt þessa till. í samráði við hæstv. samgmrh., sem hefur um langt árabil fengizt við þessi mál f. h. ríkisins og er þess vegna gagnkunnugur öllum aðstæðum, og í hans höndum tel ég, af langri reynslu og samstarfi við hæstv. ráðh., að þessu máli sé vel borgið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég verð að telja það frekar aumlega farið, þegar rætt er um ekki minna mál en þetta, að þá skuli aðeins einn nm. sjútvn. láta svo lítið að láta sjá sig hér í deildinni. Þetta er ekki síður aumlegt fyrir það, að n. er klofin um afgreiðslu þessa máls.

Ég benti á það við 1. umr., hve mjög það gengi á snið við upprunalegan tilgang hafnarbótasjóðs. Ég benti á, að upphaflega var gert ráð fyrir því, að verkefni þessa sjóðs væri tvíþætt; í fyrsta lagi að leggja fyrir fé til svokallaðra fiskihafna, hafna, sem hafa sérstaka almenna þýðingu fyrir útgerðina, þar sem saman koma skip frá ýmsum landshlutum á vertíðinni. Í öðru lagi að veita stuðning hafnarlitlum stöðum, sem liggja sérstaklega vel við fiskimiðunum. Ég taldi, að frv. það, sem hv. þm. Borgf. flytur, um það að greiða mætti fé úr þessum sjóði samkv. sérstökum l. í hvert sinn, bryti mjög í bága við 4. gr. l., þar sem segir, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþ. hefði sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum. Með þessu ákvæði var til þess ætlazt, að sett yrðu heildarfyrirmæli um, hversu fé skyldi varið úr þessum sjóði, en ekki hitt, að með einstökum l. mætti ákveða, hvernig nota ætti féð í hvert skipti.

Jafnframt því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 379, flytur hv. þm. Borgf. annað frv. varðandi hafnargerð á Akranesi. Hv. sjútvn. hefur skilað áliti um málið. N. klofnaði um málið, meiri hl. n. vildi samþ. frv. með allverulegum breyt. Breyt. n. miða í aðalatriðum að þessu: Í fyrsta lagi, að samkv. brtt. n. er gert ráð fyrir því, að hafnarbótasjóði verði breytt í lánsstofnun, og eru nefnd-

ar í nál. hv. n. nokkrar ákveðnar verstöðvar, sem njóta eiga góðs af. Í ræðu hv. frsm. n., hv. þm. Vestm., kom það fram, að fleiri verstöðvar mundu væntanlegar á sjóðinn.

Í þessum breyt. hv. sjútvn. er gert ráð fyrir því, að það fé, sem hafnarbótasjóður þannig láni einstökum verstöðvum, sé endurgreitt á 3 árum. Í þessum ákvæðum er engin trygging fyrir því, að þetta verði gert í raun réttri. Það er hægt að breyta þessu þannig, að skuldir séu gefnar upp. Það segir heldur ekkert um það í breyt. n., að það sé nokkurt hámark sett um það, hve mikið megi lána úr sjóðnum. Það er hvergi tekið fram, að ekki megi lána sjóðinn allan, jafnvel nú þegar. Þá er ekkert minnzt á, að greiða eigi nokkra vexti af þessu fé, sem þannig á að næla úr hafnarbótasjóði. Það er, sem sagt, algerlega á valdi ráðh., hversu mikið er lánað, og það hlýtur einnig að vera á valdi ráðh., með hvaða kjörum lánin verða veitt, hvort greiða á nokkra vexti eða ekki. Ég verð að segja, að mig furðar gersamlega, hvernig hv. meiri hl. sjútvn. leyfir sér að breyta í þessu máli. Mig furðar, að áður en mþn. í sjávarútvegsmálum hefur gert minnstu tilraun til þess að semja heildarreglur fyrir hafnarbótasjóðinn um, hvernig fé hans skuli ráðstafað, skuli 3 sjútvnm. treysta sér til þess að koma fram með aðra eins till. um, hvernig ráðstafa skuli fénu úr sjóðnum.

Ég benti í upphafi ræðu minnar á það, hver hafi verið tilgangurinn með hafnarbótasjóði. Ég fæ ekki séð, að með brtt. hv. n. við þetta frv. sé nokkur tilraun gerð til þess að tryggja það, að með útlánum úr sjóðnum verði fylgt hinum upphaflega tilgangi hans. Ég skal lýsa því yfir, að ég vantreysti ekki þeim hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, en ég sé naumast, hvernig hann á að gera upp á milli þeirra mörgu, sem koma og biðja um styrki úr sjóðnum. Ég veit ekki, hvaða reglum hann telur sig geta starfað eftir. Nei, hér er vissulega farið út á mjög hættulega braut með þennan sjóð, sem Alþ. stofnaði ekki í þeim tilgangi, að hann ætti að gera að eyðslueyri á stríðsárunum til algerlega skipulagslausra framkvæmda, heldur til þess að vera vísir að sjóði með markvissu skipulagi til bættra hafnarskilyrða. Um þetta hygg ég, að allir hv. þm. hafi verið sammála á sínum tíma. Nú hefur verulegur hluti þessara hv. þm. horfið inn á þá braut að fara að hrifsa úr sjóðnum, eftir því sem hver hefur tök á, án þess að nokkurt ákveðið skipulag liggi fyrir um, hvernig eigi að verja fénu.

Ég vil láta í ljós óánægju mína yfir því, að mþn. í sjávarútvegsmálum skuli ekki hafa samið neinar reglur um hafnarbótasjóð enn þá. Ef hún hefði gert það, hefði meðferð sjóðsins ekki orðið sú að gera hann að eyðslueyri, eins og nú virðist stefna að.

Enginn skilji orð mín svo, að ég sé að mæla á móti því, sem hv. þm. Borgf. hefur bent á, að ríka nauðsyn beri til þess að ráðast í hafnargerð á Akranesi og Keflavík og víðar, en það er allt annað mál en hér um ræðir, það er sitthvað að byggja hafnir í Keflavík og á Akranesi eða að veita fé úr sjóði, sem stofnaður er í sérstökum tilgangi.

Það má vera, að þetta sé eina leiðin til þess að ráðizt verði í hafnarframkvæmdir. Mér er ekki kunnugt um fjárhagsaðstæður þessara staða, en hitt er vitað mál, að verstöðvarnar hér við Faxaflóa eru auðugastar. Og látum svo vera, að þær fái lán úr þessum sjóði, ef hér skulu vera þær tvær hafnir, sem rætt hefur verið um þessi síðustu ár. Því er og til svarað, að hafnarbótasjóði verði endurgreitt þetta fé og megi því vel við una. En ef það er þannig, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði hér í gær, að ríkissjóður getur eigi nú, í þessu góðæri, staðið straum af þessu fjárframlagi, þá er hann ekki fær um það síðar eða að endurgreiða lánið. Það er því meira en lítil bjartsýni hjá meiri hluta sjútvn. að álíta, að hann geti frekar greitt þetta síðar. Nei, þetta verður eyðslueyrir, sem er varið án nokkurs skipulags.

Ég veit svo ekki, hvort ástæða er til að ræða þetta frekar. Ég hef lýst andstöðu minni við till. n., en hygg till. hv. 2. þm. S.-M. vera nær sanni, því að samkvæmt till. n. skal einn af ráðh. hafa heimild til að veita fé úr sjóði þessum. Ég er og hræddur um, að það verði ekki ætíð friður um stól hæstv. ráðh., því að aðilarnir eru margir, sem hann verður að tala við, án þess að ég vantreysti nokkuð hæstv. ráðh. Það er einnig varasamt fordæmi að fela ráðh. að veita fé þetta. (**JJós**: Vill ekki hv. þm. lesa brtt. nefndarinnar?) Ég hef lesið hana og veit vel, hvað er á ferðinni. Þá vil ég benda á að lokum, hvílíkur öfughyggjuháttur það er hjá hv. nefnd, að ríkissjóður fari að taka lán til slíkra merkilegra verklegra framkvæmda, og annað virtist nú líklegra. Ég vil þá leyfa mér að bera fram rökstudda dagskrá í þessu máli, og er hún á þessa leið:

„Sökum þess, að Alþingi hefur ekki enn sett heildarreglur um starfsemi og rekstur hafnarbótasjóðs, svo sem ráð er fyrir gert í lögum sjóðsins, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. þetta eins og það liggur hér fyrir og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“ —

Ég vona, að hv. d. sjái nauðsyn þess að vernda þennan sjóð gegn því rupli, sem hér beinist gegn honum, og því leyfi ég mér að skora á hv. þm. að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil, út af þessu máli, taka það fram, að hv. sjútvn. hefur rætt við mig um þessa till., og er ég henni fullkomlega samþ. Ég tel, að með þessu megi greiða fyrir hafnargerðum, án þess að hinn upphaflegi tilgangur sjóðsins sé skertur. Hér er einungis um lán til skamms tíma að ræða. Mér er kunnugt um, hve mörg sveitarfélög eiga erfitt með að standa undir hafnargerðum, ef ríkissjóður getur ekki hjálpað. Ég tel því, að með þessari till. sé fundið nýtt og nauðsynlegt verkefni fyrir hafnarbótasjóð, án þess að hans upphaflegi tilgangur sé að nokkru leyti skertur. Ég undirstrika, að hér er ekki um neina fjárveitingu eða styrk að ræða. Ég veit, að hreppsfélög hafa átt erfitt með að útvega sér lán, jafnvel þótt ríkissjóður standi að baki með væntanlegum lánum úr honum, en ég tel, að þetta sé að nokkru leyti leyst með till. sjútvn., því að það ætti að mega tryggja það, að þetta fé verði endurgreitt eins og ákveðið er. Háttv. þm. N.-Ísf. fann þessu það til foráttu, að hér væri verið að binda fjárveitingarvaldið fyrir fram með eindæmi fjmrh., en í frv. segir svo:

„Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, sem hafizt er handa um framkvæmdir, og framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum að hverju sinni hrökkva ekki til að greiða að þeim

hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staða, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þrem árum."

Gangur málsins er þá sá, að fjvn. fyrst og Alþingi síðar samþykkja að leggja fram fé í þessum tilgangi. Ef til vill er þá ekki hægt að standa straum af verkinu í bili, og þá hjálpar hafnarbótasjóður. Þá var minnzt hér á vexti og með hvaða kjörum lán skyldu veitt úr sjóðnum. Ég tel, að reglur sjóðsins hljóti að fara eftir því, sem ég nú hef lýst, og því tel ég, að sjóðurinn eigi að lána fé vaxtalaust þennan ákveðna tíma. Ég hygg því, að með þessu sé unnt að hjálpa fleiri aðilum en frv. gerði upphaflega ráð fyrir, án þess að draga þyrfti úr framlögum, sem ákveðin voru upphaflega.

Háttv. 2. þm. S.-M. hefur borið fram brtt., og er enginn munur annar en sá, að í þeirri brtt. er gert ráð fyrir, að framlög eða lán úr sjóðnum skuli veitt eftir fyrir fram ákvæðum Alþingis. Ég er ekki á því, að þessi till. sé til bóta, og legg því til, að till. sjútvn. verði samþ. óbreytt.

Tilgangur þessa hafnarbótasjóðs er sá, ef ég man rétt, að styrkja þær hafnir, sem við erfið skilyrði eiga að búa, og þarf þessi starfsemi á engan hátt að torvelda það, að þessum tilgangi sé náð.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég vil eigi á nokkurn hátt tefja þetta mál, og hefur n. sett þetta fram sem brýna nauðsyn og veitt því brautargengi, og sæti því sízt á mér að vera að tefja fyrir því, þótt nokkuð hafi nú verið veitzt að mér persónulega. Ég vil því ekki gefa tilefni til frekari umræðna, en vona, að þeir, sem andvígir voru málinu, geti fallizt á þetta, án þess að frekar sé um það rætt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég hefði gjarnan kosið að geta verið sammála hæstv. samgmrh. um gagnsemi þessarar ráðstöfunar, en ég get því miður hvorki átt samleið með honum né nefndinni. Hæstv. ráðh. sagði, að með till. sjútvn. væri eigi verið að skerða réttindi sjóðsins eða veita fé úr honum. Þá sagði hæstv. ráðh. nokkru síðar, að sjóðurinn ætti að lána fé vaxtalaust. Ég verð að segja, að ef þessum sjóði er ætlað að lána fé vaxtalaust, þá sé hann að verja fé af fjáreign sinni. Og þótt hann fái kannske ekki vexti núna, tel ég, að svo þurfi eigi að verða framvegis. — Ég vil þess vegna halda fast við að óska þess, að hv. d. samþ. þá rökstuddu dagskrá, sem ég hef borið fram og ég álít, að verði til bjargar þessum sjóði, í þeim þjóðnýta tilgangi, sem liggur til grundvallar með stofnun hans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. N.-Ísf. felld með 16:7 atkv.

Brtt. 591 felld með 15:12 atkv.

— 576 (ný 1. gr.) samþ. með 18:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 89. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 621).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Bjarnason: Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá flutti ég við 2. umr. þessa máls rökst. dagskrá í málinu, þar sem ég taldi þetta frv. og þá brtt., sem kom frá hv. sjútvn., hin háskasamlegustu fyrir meðferð þessa sjóðs í framtíðinni. Nú fór það svo, að þessi rökstudda dagskrá var felld hér við 2. umr. í hv. d., en ég hef ekki talið mér fært að láta við svo búið standa í meðferð þessa máls og vil við þessa síðustu umr. hér í d. gera tilraun til að bjarga því, sem bjargað verður í sambandi við sjóðinn.

Þess vegna vildi ég leyfa mér, án þess að hafa um þetta fleiri orð, að spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm. sjútvn., hvort meiri hluti n. væri ekki fáanlegur að taka til athugunar að setja inn í 1. gr. frv. ákvæði, sem setji ákveðið hámark fyrir því, hvað lána megi úr hafnarbótasjóði í þeim tilgangi, sem þar um ræðir. Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. n. að því, hvort hún væri ekki reiðubúin að taka til athugunar t. d. að setja inn ákvæði um það, að aldrei mætti slíkt framlag úr sjóðnum nema hærri upphæð en helmingi höfuðstóls hans. Ég tel svo bráðnauðsynlegt að setja slíkt ákvæði, að ég vil ekki láta ófreistað að beina þessu til hv. n., og hygg að minnsta kosti, að það mundi að einhverju leyti fyrirbyggja, að sjóðurinn yrði á skömmum tíma gersamlega þurrausinn og þannig gerður að eyðslueyri á næstu mánuðum.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, en beini því til hv. frsm. n., hvort n. sjái sér fært að taka þetta til athugunar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þegar lauk 2. umr. um þetta mál, þá hafði hv. þm. N.-Ísf. veitt meiri hluta sjútvn. mörg högg og þung, og voru þó öll frekari vopnaviðskipti látin niður falla og svæðar sakir allar, og er það ekki ætlun mín nú að taka upp neinar sérstakar deilur um málið.

Ég skil það vel, að hv. þm., sem í raun og veru er frumhöfundur að stofnun þessa sjóðs, sem um ræðir, hafnarbótasjóðs, beri nokkurn ugg í brjósti um meðferð hans, en þó er það álit mitt í fyrsta lagi, að sá uggur sé að mestu á misskilningi byggður, og í öðru lagi, að sú nauðsyn, sem hér kallar á eftir, yfirgnæfi í sjálfu sér það, þótt mönnum þætti að einhverju leyti eiga sér stað frávik frá því, sem lá til grundvallar í fyrstu, þegar gengið var að því verki að stofna hafnarbótasjóð.

Eins og áður hefur verið að vikið, hefur Alþ. í byrjun gert breyt. á þeirri frumhugmynd, þannig að sjóðurinn gæti náð yfir víðari verkefni en höfundur hans upphaflega hefur hugsað sér. Til að víkja að þeirri hugmynd, sem hv. þm. ber nú fyrir brjósti, að eftir sé skilinn í sjóðnum jafnan kjarni nokkur, sem ekki sé til ráðstöfunar í þeim tilgangi, sem kveður á í brtt. sjútvn., þá vil ég

fyrir mitt leyti leita samkomulags og hef þar stuðning nokkurn innan sjávarútvegsnefndar. Ég hef að vísu ekki getað náð til allra, en svo langt sem ég hef náð, þá er sá meiri hluti, sem stóð að brtt., því alls ekki mótfallinn, að tryggingarákvæði sé sett, eitthvað svipað því, sem hér var á minnzt. En hins vegar má líka geta þess að veikja ekki um of þá aðstöðu, sem skapast við að hrinda stórframkvæmdum í verk með brtt. sjútvn., og þætti mér hóflega í farið og mælist til við hv. þm. N.-Ísf., að hann stilli brtt. sinni í hóf, og erum við allir ánægðir með, ef hann fellst á, að einn þriðji hluti sjóðsins stæði óhreyfanlegur í þessu efni og eins og tekinn frá. Með öðrum orðum, að til ráðstöfunar, eins og segir í 1. gr. frv. eins og það nú er orðað eftir 2. umr., sé á hverjum tíma ekki leyfilegt að grípa til meir en ⅔ hluta hafnarbótasjóðs.

Með því fyrirkomulagi, sem nú hefur verið lýst, vil ég fyrir hönd okkar nm., þeirra, sem til hefur náðst, lýsa yfir fylgi við þá brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. hefur komið fram með, og vænti ég þá, að fullt samkomulag geti náðst um þetta deiluatriði, svo að málið fari með samþykki sem flestra þm. úr þessari hv. deild.

Sigurður Bjarnason: Ég get þakkað hv. frsm. sjútvn. fyrir undirtektir hans undir þá brtt., sem ég orðaði hér. Honum finnst að vísu nokkuð djúpt tekið í árinni, að eingöngu megi verja slíku framlagi úr sjóðnum allt að helmingi hans. Þar greinir okkur að vísu nokkuð á, en ég vil þó til samkomulags, þar sem ekki er séð, hvort takast mundi að tryggja helming sjóðsins, ganga inn á þá miðlunartill., sem hann orðaði og kvað meiri hluta vera fyrir í hv. sjútvn. eða samkomulag mundi geta tekizt um.

Um leið og ég geng að þessari málamiðlunartill., þá vil ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að ég kem með þessa till. hér eingöngu til að bjarga því, sem bjargað verður. Skoðun mín er óbreytt, að hér sé óráðlega að farið, en þar sem þó tekst samkomulag um þetta atriði, þá mun ég láta frekari deilur um það niður falla, þótt ég geti ekki fylgt frv. sem heild, eins og ég hef tekið fram.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. í samræmi við það, sem samizt hefur um milli hv. frsm. n. og mín.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. „Við 1. gr. Aftan við 2. mgr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en ⅔ hlutum höfuðstóls hans.“ Þessi till. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 633) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi að gefnu tilefni benda á það, að þörf er á, áður en þetta frv. fer út úr hv. d., að leiðrétta lítils háttar 2. gr., leiðrétting, sem er nauðsynleg, þegar 1. gr. hefur verið breytt, því að það stendur í 2. gr.: „Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært.“ Það mundi stangast á við orðalag þessarar 2. gr., ef orðalaginu væri ekki breytt. Þykir mér því heppilegt að gera hér nokkrar breyt. á, til þess að þessar gr. stangist ekki á.

Ég vil líka benda á það, að ef sú skriflega brtt., sem fram hefur komið frá hv. þm. N.-Ísf., verður samþykkt, sem ég vil mega ætla, þá mundi hún líklega falla bezt inn í að vera á milli þeirra tveggja mgr. í 1. gr., sem koma á eftir orðunum, sem eru í niðurlagi 1. mgr.

Sú brtt., sem þarf að koma hér til leiðréttingar, er nú að verða handbær, og þarf ekki annað til að samræma þetta en bæta við orðunum: „sbr. þó 1. gr.“ í lok 2. gr. frv.

Skriflegu brtt. í þessa átt vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Vestm. „Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. þó 1. gr.“

Þessi brtt. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 634) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég vil taka það fram, að ég samþykki þessa brtt. Ég tel, að allur ótti hennar vegna sé ástæðulaus, til þess þyrfti ríkissjóður að kippa að sér höndum með hafnargerðir. Ég held, að ekki komi til þess, að sjóðurinn verði nokkurn tíma aðallega notaður til þessa, og ég undrast, að flm. skuli ekki geta fallizt á þetta þess vegna.

ATKVGR.
Brtt. 633 samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SB, SG, SEH, SkG, SvbH, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, JörB.
nei: SigfS, ÁkJ.
StJSt, BG, IngJ greiddu ekki atkv.
12 þm. (SK, SÞ, ÞG, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GTh, HelgJ, JakM) fjarstaddir.
Brtt. 634 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 635).

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 103., 104., 105., 106., 108. og 109. fundi í Ed., 16., 17., 18., 19., 22. og 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 635, n. 842 og 889).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur ekki getað orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta yrði samþ. óbreytt. Meiri hl. n. hefur skilað nál. á þskj. 842 og lætur fylgja 2 fylgiskjöl, sem sýna, hvernig fara mundi um þennan sjóð í framtíðinni, ef þetta frv. yrði að lögum óbreytt og heimildir þess notaðar að fullu á hverjum tíma. Ég hygg, ef menn kynna sér þessi gögn, þá muni þeir fallast á, að þessi stefna er engan veginn holl í þessu máli. Enda mundu lögin ekki standa þannig óbreytt nema skamma stund. Á næsta þingi mundi verða gerð tilraun til að breyta l. eða afnema þau og sjóðurinn þannig látinn renna aftur inn í ríkissjóð. Það er sjáanlegt, að með þessari stefnu er algerlega gengið á snið við þá hugmynd, sem vakti fyrir flm. frv., þegar frv. var fyrst lagt fram á Alþ. Frv. var borið fram í Nd. á síðasta þingi af þeim Sigurði Bjarnasyni, Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni Jósefssyni og var 45. mál. Með leyfi hæstv. forseta leyfi ég mér að lesa upp einn málslið frv. eins og hann var, þegar frv. var lagt fram. Þar stendur: „Skal styrkur úr sjóðnum veittur til viðbótar hinum almennu fjárframlögum til hafnargerða og lendingarbóta samkv. sérstökum hafnarlögum eða l. um lendingarbætur á einstökum stöðum.“ Af þessu er sjáanlegt, að það, sem vakti fyrir flm. og einnig mþn. í sjávarútvegsmálum, sem nokkuð ræddi þetta mál, var, að sjóðurinn sé fyrst og fremst stofnaður til þess að koma upp höfnum á þeim stöðum, þar sem góð skilyrði til útgerðar eru fyrir hendi, en viðkomandi hreppsfélög svo fátæk, að þau eru engan veginn fær um að greiða þann kostnaðarmismun, sem verður samkvæmt venjulegum l. um lendingarbætur og hafnargerð við að koma höfninni upp. Nú má segja, að síðasta Alþ. hafi ekki með öllu fallizt á þetta, þar sem það felldi þetta úr l. og lét standa, að ekki mætti veita fé úr sjóðnum fyrr en Alþ. hefði sett nánari ákvæði um það. En það er samt ekki þar með sagt, að það hafi vakað fyrir þm. að vísa á bug þessari meginstefnu frv., nema síður sé. Og það er áreiðanlegt, að það hefur aldrei vakað fyrir Alþ. og flm., að hægt væri að hirða sjóðinn svona, eins og nú er gert ráð fyrir, og fénu varið eingöngu til ákveðinna hafna. Ég hygg, ef þetta hefði komið strax fram í fyrra, að þá hefðu þessi l. aldrei farið út úr þinginu. Það má segja, að það sé Alþingis að breyta lögunum. En ég tel, að stefnt sé að svo varhugaverðri breytingu með þessu, að mönnum beri að athuga það gaumgæfilega áður en þeir greiða atkv.

Ég ætla að leyfa mér að benda á nokkur atriði, sem koma fram á fylgiskjali nr. 1. Þegar á fyrsta ári fjárlaga eftir að l. þessi væru samþ., árið 1946, væri Alþ. skyldugt að greiða inn í sjóðinn 1,1 millj. kr., miðað við, að ráðh. notaði heimildina að fullu. Þetta stigi síðan upp ár frá ári, og árið 1954 er þetta hvorki meira né minna en 2 millj. og 283 þús. kr., sem Alþ. er skuldbundið til að greiða inn í sjóðinn til að uppfylla ákvæði laganna. Það er ákveðið í l. nú, að aldrei megi lána meira en ⅔ af höfuðstóli sjóðsins. Ég hygg, að þegar þetta ákvæði var sett í l. í Nd., hafi vakað fyrir mönnum að lána ⅔ af hinum upprunalega höfuðstóli, sem er 3 millj., eða aldrei meira en 2 millj. kr. En ég vil leyfa mér að leiðrétta það, að höfuðstóll á hverjum tíma er ekki annað en það fé, sem fylgir sjóðnum að viðbættum útlánum. Höfuðstóll 1954 væri þá 6300000.00 kr., og má þá lána ⅔ af þeirri upphæð. Síðan hækkar þetta og verkar þannig, að með hverri lánveitingu er Alþ. fyrir fram bundið að endurgreiða í sjóðinn næstu 3 ár þá upphæð, sem veitt er. Það sjá allir, sem athuga þetta, hvað hér er á ferðinni, ef þeir bera þetta saman við það framlag, sem ríkissjóður hefur varið til hafnargerða á undanförnum árum, eins og fylgiskjal nr. 2 sýnir. Framlag ríkissjóðs til þessara mála var undir og yfir 300000.00 kr. á árunum 1936—41, en árið 1943 um 1½ millj., 1944 rúmar 2 millj. og 1945 rúmar 3 millj. kr. Nú er það sagt, að þrátt fyrir hátt framlag í ár til þessara mála, þá þurfi enn meira fé í þessu skyni, og ætlunin er að taka það úr sjóðnum. Þess vegna er nú þetta frv. fram komið. En það er vanhugsað að samþ. það nú og binda ríkissjóði stórkostlegar byrðar fyrir komandi ár, það er verið að taka 3 ára víxil, sem ekkert er vitað um, hvort Alþ. getur greitt á þeim tíma. Og það er alveg vitað, að Alþ. getur það ekki nema skera niður fjárveitingar til annarra hafnarframkvæmda. Og þá rekur að því, að allar fjárveitingar til hafnarmannvirkja fari beint inn í hafnarbótasjóð, og síðan ræður viðkomandi ráðh., hvernig fénu er varið, Alþ. ræður þar engu um. Og það má geta nærri, hvert öngþveiti yrði í fjármálum landsins, ef einnig yrði þannig farið með brúafé, vegafé, símafé og annað, sem veitt væri til verklegra framkvæmda í landinu. Það væri þá hægt að láta hætta störfum fjvn. alla og stytta þingtímann um þann tíma, sem fer í að ræða fjárveitingar. En ég er ekki trúaður á, að menn yrðu á einu máli um, að sú tilhögun væri heppileg.

Ég get trúað því, að mér verði svarað, að engin hætta sé á því, að fé yrði notað eins og heimildin leyfir. Þá leyfi ég mér að benda á, að þess þekkist ekki nokkurt dæmi, að viðkomandi ráðuneyti noti ekki allt fé, sem heimilað hefur verið, nema einhverjar sérstakar ástæður komi til. Ég vil því til sönnunar benda á landsreikninginn; þar hefur verið varið 300 þús. kr. til brúargerða, en þó er heimilað í fjárlagafrv. aðeins að verja 30 þús. kr. í því skyni. Og svona er það í flestum greinum, heimildirnar eru notaðar til hins ýtrasta. Ég vil taka það fram, að ég stefni þessari gagnrýni ekki að núverandi samgmrh., sá maður hefur margra ára reynslu í þessu starfi, og þess utan ber ég fullt traust til hans, að hann misnoti ekki þetta vald. En það er engan veginn æskilegt, að Alþ. semji lög með tilliti til þess, hvaða maður situr í þeirri stöðu á hverjum tíma, og breyti þeim, ef skipt er um mann. Sú stefna er algerlega röng, og ber því að athuga frv. með það fyrir augum, að ekki þurfi að breyta því strax á næsta þingi.

Mér er sagt, að þetta frv. sé í raun og veru fram komið vegna þess, að aðkallandi þörf sé að leggja meira fé í hafnargerð á Akranesi og Keflavík. Nú vil ég í sambandi við þetta spyrja hæstv. samgmrh., hvort hann hugsi sér að nota sjóðinn til þessara hafna og þá að hve miklu leyti á þessu ári, einnig hvort hann hugsi sér að nota hana til annarra hafna. Ég hef heyrt, að hugsað sé að nota eitthvað

af þessu fé til hafnargerðar á Akureyri. Ef það er gert, þá er algerlega brotið í bága við fyrstu gr. l., nema henni verði breytt. Í 1. gr. l. er ákveðið, að fé skuli veitt til hafnargerðar á þeim stöðum, sem vel liggja til útgerðar og sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða. Nú er svo með Akureyri, að hún uppfyllir ekki þessi skilyrði, þar sem hún meðal annars liggur langt frá fiskimiðum, og er því engin ástæða til að eyða í því augnamiði stórkostlegu fé í hafnargerð þar. Ég vildi benda á þetta, ef það er rétt, sem mér hefur borizt til eyrna, að minni hl. sjútvn. hafi léð máls á að beita sér fyrir því, að fé sé varið í hafnarframkvæmdir þar. Einnig er talað um, að einhverju af þessu fé skuli varið til hafnarframkvæmda á Norðfirði og einnig Hornafirði. Ég vildi gjarnan fá það upplýst, hvað hæstv. ráðh. hugsar sér að gera í þessum málum öllum á yfirstandandi ári, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Að sinni mun ég ekki fara inn á till. minni hl., e. t. v. mun gefast tilefni til þess síðar, þegar frsm. hefur gert grein fyrir máli sínu. Læt ég þetta nægja að sinni og vona, að hæstv. samgmrh. gefi d. skýr svör í sambandi við þetta mál.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Hafnarbótasjóður er stofnaður með l. árið 1943. Eins og kemur fram í 1. gr. sjóðslaganna, hefur tilgangur sjóðsins verið sá að stuðla að bættum lendingarskilyrðum á þeim stöðum, sem hafa góð skilyrði til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða. Stofnfé sjóðsins var ákveðið 3 millj. kr. úr ríkissjóði, og síðan skyldu lagðar í sjóðinn 300 þús. kr., sem veittar hafa verið af fjárl. síðan l. voru sett. Þegar þetta frv. til l. um hafnarbótasjóð var til meðferðar á sínum tíma hér á Alþ., gerðu menn sér mjög ólíkar hugmyndir um það, hvernig fé úr sjóðnum skyldi varið, einn vildi þetta og annar hitt, og bar mjög á milli. Þessi ágreiningur varð til þess, að þeir, sem sérstaklega börðust fyrir því að fá l. um hafnarbótasjóð samþ., treystu sér ekki til þess að láta taka upp í þau l. nánari ákvæði um það, á hvern hátt fé úr sjóðnum skyldi varið. Þeim var það ljóst, að ef inn á þær brautir hefði verið farið að taka upp í l. fastar reglur um þetta atriði, hefði vel getað farið svo, að frv. hefði aldrei komizt gegnum þ. og ekki orðið að l. Þess vegna var það ráð upp tekið, að 4. gr. kveður á um, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum, fyrr en hv. Alþ. hefði sett nánari ákvæði um fjárveitingu úr sjóðnum. Með þessu skaut hv. Alþ. því fram af sér á sínum tíma að taka ákvarðanir um þetta, og var ástæðan fyrir þessu sú, að önnur ákvæði hefðu sennilega leitt til þess, að frv. hefði aldrei komizt gegnum þingið. Þegar nú meiri hl. sjútvn. er að reyna að draga fram og gera grein fyrir því, hver tilgangur Alþ. hafi verið, þegar l. um hafnarbótasjóð voru sett, þá er meiri hl. n. sannarlega að leggja út í óvinnandi verk, vegna þess að hann hefur enga hugmynd um, hver var vilji hv. Alþ. í þessu, og allar fullyrðingar í sambandi við þessa hluti af hálfu meiri hl. sjútvn. eru því ekki á neinum rökum reistar.

Frv. um breyt. á l. um hafnarbótasjóð er borið fram af hv. þm. Borgf. í Nd. Var frv. í þeirri mynd, er það kom fram, að það var eingöngu miðað við eitt byggðarlag á landinu, en í meðförum hv. sjútvn. Nd. tók frv. þeim breyt., að það hefur að geyma ákveðnar, almennar reglur um það, með hvaða hætti megi verja fé úr hafnarbótasjóði. Eins og frv. er nú komið hingað til d., lítur það þannig út, að það heimilar hæstv. ríkisstj. að verja fé úr hafnarbótasjóði til þess að flýta fyrir aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um hafnarframkvæmdir og hafnarmál og þar sem sett hafa verið sérstök hafnarlög og fjárveiting veitt til hafnarmannvirkja. — Sjútvn. þessarar hv. d., sem hefur fengið þetta frv. til athugunar, hefur ekki getað orðið á einu máli um það, hvernig málið skuli leyst. Hv. meiri hl. sjútvn. hefur lagt til, að frv. verði samþ. með breyt., og vill láta afgreiða það þannig, að það sé heimilt með sérstökum l. í hvert skipti að veita fé úr hafnarbótasjóði, enda sé í þeim l. ákveðið, hvernig endurgreiðslu úr ríkissjóði skuli hagað í hafnarbótasjóð. Ef menn athuga þessa breyt. og bera hana saman við l. um hafnarbótasjóð og við frv. eins og það kemur frá hv. Nd., sjá menn, að till. hv. meiri hl. sjútvn. er ekkert annað en grímuklædd till. um það að fella frv. eins og það liggur fyrir. L. um hafnarbótasjóð kveða svo á um, að ekki megi greiða fé úr sjóðnum nema samkv. sérstökum l., en þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að setja almennar reglur um þetta, en brtt. meiri hl. sjútvn. ganga út á að færa frv. úr þeirri mynd, sem það er nú í, og í nákvæmlega sama farið eins og l. um hafnarbótasjóð voru í eða verra. Mér hefði fundizt það miklu hreinlegri framkoma af meiri hl. n. að segja það hreint út, að hún legði til, að frv. yrði fellt, heldur en að vera að grímuklæða till. sína með þeim hætti, sem hér hefur verið gert.

Minni hl. sjútvn. er á allt öðru máli um afgreiðslu þessa máls en meiri hl. nefndarinnar. Við erum þeirrar skoðunar, að hér sé um það nauðsynjamál að ræða, að sjálfsagt sé að afgr. frv. í því formi, sem það liggur hér fyrir í, og skal ég nú gera grein fyrir þessari niðurstöðu okkar.

Eins og kunnugt er, hefur það iðulega komið fyrir, að fjárveitingar þær, sem veittar eru til hafnarbóta á ýmsum stöðum í landinu, hrökkva ekki til þeirra framkvæmda, sem þær hafa verið ætlaðar til, og valda þessu ýmsar ástæður, er ég þarf ekki að rekja, þar sem þær eru vel kunnar. Oft er það t. d., að áætlanir, sem gerðar hafa verið, standast ekki, þegar til framkvæmdanna kemur, og að ráðast þarf í ýmislegt fleira en upphaflega hefur verið tekið með í áætluninni, til þess að verkið komi að fullum notum. Þannig er oft ráðizt í hafnarmannvirki með ákveðna fjárveitingu í höndum, sem síðan reynist ófullnægjandi, og verður afleiðingin sú, að það verk, sem byrjað hefur verið á, kemur oft að sáralitlum notum, og hafa þá verið lagðir fram fjármunir og erfiði, án þess að þeim tilgangi hafi verið náð, sem upphaflega hefur verið ætlazt til. Og oft er það, að ekki vantar mikið til viðbótar til þess að ljúka verki, sem byrjað hefur verið á, þannig að það hefði fullkomlega getað náð tilgangi sínum. — Þeim mönnum, sem með þessi mál hafa farið, hefur verið vel ljós nauðsyn þess, að ráðin verði bót á þessu. Það mun og æðioft hafa komið fyrir, að farið hefur verið fram á fjárveitingu við hæstv. Alþ., sem veitt hefur verið, og hefur orðið að gera þetta í trausti þess, að hæstv. Alþ. mundi síðar veita meira fé til framkvæmdanna, sem byrjað hefur

verið á. Þetta er auðvitað neyðarráðstöfun bæði fyrir þá, sem framkvæmdarvaldið hafa yfir þessum fjárhæðum, hæstv. fjmrh. og vitamálastjóra, og einnig fyrir þá, sem þurfa að þiggja. Þetta er í fyrsta lagi ekki í samræmi við gildandi reglur, þótt oft sé nauðsynlegt að brjóta l., auk þess sem oft eru erfiðleikar á að koma þessu fram, þó að um mestu nauðsyn sé að ræða. Þess vegna hafa þeir, sem um þessi mál hafa hugsað og hafa orðið við þetta að búa, verið að leita eftir einhverri leið til þess að bæta úr þessu, þannig að hægt væri að hlaupa undir bagga. Hefur þá fyrst orðið fyrir að leita til hafnarbótasjóðs, sjóðsins, sem einmitt var stofnaður í þeim tilgangi að hlaupa undir bagga, þegar um er að ræða nauðsynlegar umbætur á hafnarmannvirkjum, sem ekki er næg fjárveiting fyrir. Minni hl. sjútvn. telur sjálfsagt, að fara beri inn á þessa braut, og telur sig hafa fyrir því fullgild rök.

Mér virðist þau andmæli, sem hér hafa komið fram af hálfu hv. meiri hl. n., vera mjög úr lausu lofti gripin og hafa ekki við nein rök að styðjast. Aðalröksemdin, sem hv. meiri hl. ber hér fyrir sig, er sem sé sú, að það sé í ósamræmi við l. og vilja hæstv. Alþ., ef þetta frv. verður samþ. Ég hef hér áður bent á, að þessar fullyrðingar ná ekki nokkurri átt, vegna þess að hvorki hv. meiri hl. né nokkur annar getur sagt um vilja hæstv. Alþ. á þessum tíma, þar sem það tók ekki ákvarðanir um, hvernig fé úr hafnarbótasjóði skyldi varið. Enn þá fráleitari virðist mér sú mótbára hv. meiri hl., að verið sé að brjóta 1. gr. hafnarbótasjóðsl., ef 4. gr. verður breytt eins og hér er lagt til. Þessar fullyrðingar eru í mínum augum það fráleitar, að ég held, að hv. meiri hl. n. hafi ekki athugað málið nægilega vel, þegar hann sló þessari fullyrðingu fram, því að ein grein í l. getur að sjálfsögðu ekki verið brot á annarri.

Þá er þriðja atriðið, sem hv. meiri hl. leggur mikla áherzlu á. Hann heldur því fram, að ef frv. verður samþ. óbreytt, hafi ríkisstj. fengið í sínar hendur frá Alþ. mikið ótakmarkað fjárveitingarvald í sambandi við hafnargerðir, þannig að hún hefði bundið hendur Alþ. um ófyrirsjáanlegan tíma í sambandi við önnur hafnarmannvirki í landinu. Ég verð að segja það, að ég á ekki gott með að skilja þessar röksemdir, og virðast mér þær algerlega úr lausu lofti gripnar, vegna þess að það er síður en svo, að ríkisstj. fái með þessu vald á nokkurn þann hátt, eins og hv. meiri hl. sjútvn. vill halda fram. Það er einmitt tekið greinilega fram í sjálfu frv., sem hér liggur fyrir, að ríkisstj. hafi því aðeins vald til þess að verja fé úr hafnarbótasjóði til hafnargerða, í fyrsta lagi, að sett hafi verið hafnarlög fyrir viðkomandi stað, í öðru lagi, að fjárveiting hafi verið veitt í fjárl. til þessara hafnargerða, en að sú fjárveiting hafi ekki hrokkið til. M. ö. o., ríkisstj. getur ekki veitt fé úr hafnarbótasjóði samkv. frv. nema hæstv. Alþ. hafi lýst því yfir, að það vilji, að ákveðin höfn sé byggð og að úr ríkissj. verði veitt fé til þess að byggja þessa höfn. Ég fæ ekki betur séð en að með þessu grundvallarskilyrði séu hendur ríkisstj. svo bundnar, að hennar vald í þessum efnum sé það eitt að sjá um, að sá vilji, sem Alþ. hefur látið í ljós með hafnarl. og fjárveitingum, komist til framkvæmda, og með því frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru verið að fela ríkisstj. að sjá um, að ekki þurfi að stöðva hafnargerðir, sem hæstv. Alþ. hefur ákveðið að gera skuli, ef þessar fjárveitingar hrökkva ekki til. Hér er því ekki verið að gera annað en að skapa ríkisstj. möguleika til þess að sjá um að framkvæma vilja Alþ., og fæ ég ekki séð, að verið sé að gefa ríkisstj. annað vald en hún nauðsynlega verður að hafa.

Hv. meiri hl. sjútvn. hefur tekið upp í nál. sínu stóra töflu og mikla útreikninga í sambandi við þetta mál, sem eiga að sýna yfirlit yfir inn- og útgreiðslur sjóðsins næstu ár, ef þetta frv. verður samþ. Ég nenni ekki að vera að eltast við þessa töflu og tel það óþarfa, vegna þess að allir þessir útreikningar eru byggðir á svo þröngum grundvelli, að þeir ná ekki nokkurri átt. Hv. meiri hl. sjútvn. miðar útreikninga sína við það, að ríkisstj. þurfi endilega á hverjum tíma að nota til fullnustu alla þá heimild, sem hún hefði samkv. frv. til þess að verja fé úr hafnarbótasjóði. En hver er kominn til þess að segja, að ríkisstj. þurfi að nota þessa heimild til fullnustu? L. gera ekki ráð fyrir slíku. L. gera ráð fyrir því, að þegar fjárveitingar hrökkva ekki til ákveðinnar hafnargerðar, hafi ríkisstj. heimild til þess að hlaupa undir bagga. Ég geri ráð fyrir því, að það sé fráleitt að láta sér til hugar koma, að það þurfi endilega að vanta þar svona mikið upp á fjárveitingar, að þetta verði alltaf notað út í yztu æsar. Að minnsta kosti hefur hæstv. Alþ. óbundnar hendur til þess að ráða þessum málum og sjá um, að ekki þurfi að nota meira en Alþ. sýnist af þessu hafnarbótafé með sínum fjárveitingum. Hæstv. Alþ. getur séð um þetta í sambandi við fjárveitingar og ætti því að sjálfsögðu að geta haft hönd í bagga með þessum málum.

Það var minnzt á það af frsm. meiri hl. sjútvn., hv. þm. Barð., að það væru ýmsar hafnir, sem hér kæmu til greina, og óskað eftir yfirlýsingu um það frá hæstv. samgmrh., hvað hann mundi gera í sambandi við fjárveitingar um þessa hluti. Ég ætla ekki að fara að ræða sérstaklega þá hluti, en hef heyrt tilnefnda ýmsa staði í sambandi við þetta, sem gætu komið til athugunar, t. d. Keflavík, Akranes, Vestmannaeyjar, Höfn í Hornafirði, Akureyri, Húsavík, Norðfjörð og ýmsa aðra staði, en geri ekki ráð fyrir því, að neinar upplýsingar liggi fyrir um það, hve mikið fé þarf að nota í sambandi við þessa hluti. En einn stað langar mig þó til að minnast sérstaklega á út af því, sem hv. frsm. sagði, og er það Akureyri. Hv. frsm. virðist standa í þeirri trú, að verði þetta frv. samþ., geti Akureyri ekki komizt undir l., þannig að Akureyri gæti út af fyrir sig ekki átt rétt á að fá styrk úr hafnarbótasjóði, ef bærinn þyrfti á að halda. Hann byggir þessa skoðun sína á því, að 1. gr. l. útiloki Akureyri. Ég verð að segja það, að mér er þessi niðurstaða hans alveg óskiljanleg. Mér er óskiljanlegt, að hv. frsm. meiri hl. skuli halda því fram í alvöru, að höfuðstaður Norðurlands liggi þannig að sjó, að hann geti ekki talizt góður til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, og er þetta allt önnur hugmynd en menn hafa almennt gert sér um legu Akureyrarkaupstaðar. Ég hef einmitt talið, að Akureyri væri ein af aðalhöfnum landsins, og gæti sú höfn, mörgum öðrum höfnum fremur, talizt ágæt til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða, þannig að af þeirri ástæðu er mér það alveg óskiljanlegt, ef Akureyri er útilokuð frá að njóta hlunninda samkv. frv. Hitt er svo

annað mál, hvort Akureyri þarf á þessu að halda, það er mér ókunnugt um, en vegna þess að hv. frsm. meiri hl. sjútvn. fór sérstaklega að minnast á Akureyri, vildi ég ekki láta þeim ummælum hans ómótmælt.

Ég held, að það sé ekki ýkjamargt fleira, sem ég þarf að taka fram í sambandi við þetta frv. Við, sem erum í minni hl. sjútvn., teljum, að hér sé um það mikið nauðsynjamál að ræða, að sjálfsagt sé að afgreiða þetta frv. eins og það liggur fyrir, og það sem fyrst, til þess að gefa hæstv. ríkisstj. möguleika til þess að sjá um, að vilji hæstv. Alþ. verði framkvæmdur í sambandi við hafnarbætur. Við getum ekki fallizt á þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn frv. af hálfu hv. meiri hl. sjútvn., og leggjum sérstaka áherzlu á, að samþykkt brtt. hv. meiri hl. sjútvn. er í raun og veru ekkert annað en að fella það frv., sem hér liggur fyrir.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Frsm. minni hl. sjútvn., hv. 9. landsk. þm., hefur nú að vísu tekið af mér ómak með sinni skýru ræðu, sem hann flutti hér síðast og ég get tekið undir að langsamlega flestu leyti. En mér þykir hins vegar hlýða, vegna þeirrar fyrirspurnar, sem frsm. meiri hl. sjútvn., hv. þm. Barð., bar hér fram til mín, að segja um málið nokkur orð. Enn fremur skal ég gera það ljóst þegar í upphafi, að frv., í þeirri mynd, sem það nú er, er samið að miklu leyti í samráði við mig og með minni vitund og samþykki. Álít ég þess vegna, að mér beri að standa til svars um þau atriði, sem að hefur verið fundið.

Ég skal ekki fara að rekja tilganginn með l. um hafnarbótasjóð frekar en gert hefur verið, það er sjálfsagt ekki hægt að komast nær því, hvað vakað hefur fyrir hæstv. Alþ. í einstökum atriðum, þegar það setti l. um hafnarbótasjóð, heldur en það, að í stórum dráttum og á breiðum grundvelli má segja, að það hafi vakað fyrir hæstv. Alþ. að styrkja í einhverju formi þá, sem áttu erfitt um að koma sínum hafnarbótaframkvæmdum á veg. Því var aldrei slegið föstu og þess vegna er ekki endanlega hægt að segja um, hvernig þetta yrði gert, sérstaklega hvort það yrði gert eins og tillögumenn hugsuðu það í upphafi og kom fram í fyrsta frv. um hafnarbótasjóð, að leggja fram viðbótarframlög, eða þetta yrði gert á einhvern annan hátt. Hins vegar smeygði hæstv. Alþ. fram af sér að taka ákvarðanir um, hvernig fé skyldi veita úr hafnarbótasjóði. Nú kom fram á þessu þingi fyrsta frv., sem komið hefur fram um notkun á fé sjóðsins. Það var frá hv. þm. Borgf., og fór fram á 1 millj. kr. úr sjóðnum, sem skyldi varið til hafnargerðar á Akranesi. Það er alveg augljóst mál, að hefði verið farið inn á þá braut, sem það frv. markaði, þá hefði saga þessa hafnarbótasjóðs ekki orðið löng, því að hann hefði orðið uppurinn, ef til vill ekki á þessu þ., en hann hefði ekki enzt mörg þ., ef féð hefði verið notað eins og það frv. gerði í upphafi ráð fyrir. En því var breytt, og eftir ýmsar bollaleggingar endaði það í því formi, sem hér hefur verið lýst og nú liggur hér fyrir og ég átti nokkurn hlut í, eins og ég hef áður tekið fram.

Ég skal þá í stuttu máli reyna að gera grein fyrir því, hvernig á því stóð, að ég fylgi þeirri stefnu, sem frv. kveður á um, eins og það er nú. Það hagar nú svo til um flestar hafnargerðir hér á landi, að þær eru á okkar mælikvarða það stór mannvirki, að erfitt er að vinna að þeim í einu lagi eða ljúka þeim á einu sumri, en venjulegur vinnutími við hafnargerðir er ekki nema sumartíminn, og þess vegna er ekki hægt að ljúka þeim, þar sem um nokkuð stór mannvirki er að ræða. Hins vegar er það afar æskilegt oft á tíðum, að unnt sé að vinna ákveðinn hluta af framkvæmdunum á einu sumri, og þess vegna miklu ódýrara að geta unnið verkið á stuttum tíma en að draga það í langan tíma. Verða framkvæmdirnar beinlínis dýrari við að dragast á langinn, þar sem ýmis kostnaður verður af að hefja starf og ljúka því. Einnig verður óbeint tjón af því, að framkvæmd verksins dregst, vegna þess að þá er ekki hægt að taka mannvirkið til afnota. Þetta hefur valdið því, að ýmis verk hafa verið unnin hér miklu örara en fjárveitingar hafa verið veittar til þeirra af hæstv. Alþ., og þegar fjárveitingar hafa verið veittar til þessara framkvæmda, hefur það beinlínis verið vitandi vits, að þær mundu ekki duga. Það eru dæmi um það, að liðið hafa 10 ár, sem ýmsir staðir hafa orðið að bíða með að fá fjárframlög sín til þess að ljúka hafnargerð sinni, og enn þá er einn staður á landinu, þar sem gert er ráð fyrir, að fjárveiting til verks, sem unnið var 1941, verði ekki greidd að fullu fyrr en árið 1950. Þetta var nokkuð algengt áður fyrr, en síðan fjárhagur ríkissjóðs rýmkaðist, hefur stórum dregið úr þessari aðferð, en samt er þetta til enn þá. Þetta kemur líka til af því, að ýmsir sækja nokkuð fast að fá styrk til hafnarmannvirkja, af því að þeir halda, að fjárhagur ríkissjóðs verði ekki eins góður á næsta ári og að ekki sé óhætt að láta dragast að fá fjárveitingu, og leggja því meira kapp á að fá hana en að framkvæma hafnargerðina. Þetta verkar svo þannig í heild, að ekki er hægt að veita til allra staða nægilega mikið fé til þess að ljúka verki, sem á að ljúka yfir sumarið. Var þetta m. a. ástæðan fyrir því, að hv. þm. Borgf. bar fram frv. sitt um að veita fé úr sjóðnum til hafnargerðar á Akranesi, og er eðlilegt, að ýmis óánægja skapist út af þessu.

Því hefur verið haldið fram af hv. þm. Barð., að með þessu séu bundnar hendur Alþingis og fjárveitingarvaldið fært í hendur ráðherra. Það er ekki svo nema að nokkru leyti, því að svo er ákveðið í frv., að ekki megi lána fé til annarra hafna en þeirra, sem hafnarlög hafa verið sett um. Nú hefur það oft tíðkazt, að á ári hverju hafi verið greiddur viss hluti af ákveðinni heildarupphæð: ½, ⅓, ¼ og þar fram eftir götunum, eða svipað þessu virðist mér gert ráð fyrir í frv. þessu. Þó hefur verið gefin ráðherraheimild, ef með þyrfti. Ráðherra eru því skorður settar.

Hv. þm. Barð. beindi til mín fyrirspurnum, sem ég vil leitast við að svara. Hv. þm. spurði, hvort fé yrði veitt úr ríkissjóði í ár til Akraness. Því er þar til að svara, að ef frv. verður samþykkt, geri ég ráð fyrir, að svo verði. Ég geri ráð fyrir, að heimildin verði notuð, svo framarlega sem hún fæst samþ. og önnur nauðsynleg skilyrði verða fyrir hendi. En allt er í óvissu um, hvað hægt verður að vinna, og fer það mjög eftir því, hvernig gengur að útvega efni til framkvæmdanna.

Í öðru lagi spurði hv. þm., hvert annað yrði veitt

lán. Því get ég ekki svarað á þessu stigi málsins, það fer mjög eftir því, hvernig þessum stöðum gengur að útvega efni. Hv. þm. spurði, hvort fé mundi verða veitt til Akureyrar, ef til kæmi, og virtist hann telja 1. gr. frv. því til hindrunar, vegna þess að sá staður, sem láns yrði aðnjótandi, þyrfti bæði að liggja vel við sjósókn og framleiðslu. En eins og hv. 9. landsk. (GÍG) tók fram, má deila um, hvort Akureyri uppfylli ekki þessi skilyrði. Ég tel, að veita megi lán úr sjóðnum, án þess að taka 1. gr. til fullra greina. Aftur er það sett fram í 4. gr., hvaða aðstæður þurfi að vera fyrir hendi til þess að lán megi veita. Það er þess vegna hægt, án þess að tekið sé tillit til aðstöðu til sjósóknar. Getur því Akureyri komið til álita til jafns við aðra staði.

Ef öllu, sem hv. þm. Barð. spurði um, er ekki fullsvarað með þessu, skal ég leitast við að svara því, eftir því sem ég get. Ég skal aðeins benda hv. þm. Barð. á, að umframgreiðslur hafa oft átt sér stað bæði til brúa- og vegagerða, og geta ýmsar ástæður legið til þess. En þótt þetta hafi verið venja, að minnsta kosti á síðari áratugum, getur hv. þm. séð, að ekki hefur miklu verið eytt í umframgreiðslur. Ég mun gera mitt til, að sama regla verði höfð í framtíðinni. En um það fé, sem varið hefur verið í umframgreiðslur vegna vega- og brúagerða, er það að segja, að þar hefur verið syndgað upp á náðina. Ég tel því heilbrigðara að hafa heimild til þess að inna slíkar greiðslur af hendi en að hafa hana enga og nota féð samt.

Hv. 9. landsk. tók ýmislegt fram og réttilega af því, sem ég vildi sagt hafa. Ég vil aðeins segja að lokum, að mér sýnist ekki, að ríkissjóði sé bundinn neinn óhóflegur baggi í framtíðinni, jafnvel þótt heimildin verði notuð upp í topp. Það er hér um 2 millj. kr. að ræða eða ⅔ úr millj., sem þyrfti að borga út til þess að fá þessa upphæð inn aftur. Margar slíkar greiðslur hafa átt sér stað á fjárlögum, og tel ég þessa upphæð, ⅔ úr millj., sízt hærri upphæð en oft áður hefur verið bundin á þennan hátt af Alþingi.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. S.-Þ., og þar sem hún er jafnframt of seint fram borin, þarf tvöföld afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 954) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég verð að segja, að mér virtist frv. þetta nokkuð varhugavert, fyrst þegar það kom fram, en við nánari athugun hefur skoðun mín á því breytzt, ef ég skil frv. rétt.

Það er meiningin með frv., eins og það liggur fyrir, að hafnarbótasjóður verði eins konar lánsstofnun og að það beri að veita eitthvað fé til hans á fjárlögum. Það fé, sem lánað er, verður svo að endurgreiða á næstu 5 árum.

Ef svo er sem mér sýnist, getur þetta greitt mjög fyrir hafnarbótum í landinu. Mér sýnist þetta form líklegra til þess, að sjóðurinn megi að gagni koma, en áður var, þegar veitt var fé úr honum án þess að fá það endurgreitt. Með þessu móti fæst meira fé til hafnarbóta en fengizt hefði, ef frv. hefði ekki verið borið fram.

Mér sýnist, að með þessu frv. sé ríkissjóði alls ekki misboðið, og Alþ. hefur þá valdið í hendi sér, ef fé það, sem úti er látið, er of mikið.

Ég vil að lokum segja, að ég tel þetta fyrirkomulag líklegt til að koma hafnarbótum í framkvæmd á hagkvæman hátt og að það muni stuðla að auknum framkvæmdum á þessu sviði.

Ef þessi skilningur minn á tilgangi frv. er réttur, mun ég greiða atkv. með því, að það nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með þessu frv. eru ráðh. gefnar frjálsar hendur um fjárveitingar úr hafnarbótasjóði og tekið alveg fram fyrir hendur Alþ. Ég vil benda á, að þessi ráðstöfun getur verið mjög varhugaverð. Ég veit ekki um þann hring, sem skapaður hefur verið um þetta mál, en hitt veit ég, að hv. þm. Borgf., sem flytur frv. á þskj. 380, hefði ekki gert sér að góðu að láta það frv. bíða eða falla, nema hann gæti á þennan hátt fengið þá upphæð, sem hann fer fram á þar, að veitt verði úr ríkissjóði til framkvæmda í kjördæmi hans.

Hæstv. ráðh. sagðist geta undirstrikað það, sem hv. 9. landsk. sagði í ræðu sinni áðan, og vil ég því fara dálítið inn á þau rök, sem hann bar á borð. En ég veit ekki, hvaðan hv. þm. grípur þau rök, sem hann kemur hér með. Hv. 9. landsk. á sæti í sjútvn. Ed. Þar var ekkert rætt um þetta atriði. Þar hefur ekkert verið um það sagt, að sameiginlegt álit sé fengið. Hv. 9. landsk. getur af þessu séð, að þessi rök eru bókstaflega tekin úr lausu lofti gegn betri vitund í trausti þess, að þessi skjöl liggi ekki hér fyrir sem sönnunargögn, og ef öll sönnunargögn hv. 9. landsk. eru byggð á sama grundvelli, þá undrar mig, að hæstv. ráðh. vilji undirstrika þau og gleypa þau eins og nýja beitu í þessu máli.

Hann segir, að meiri hl. sé að leggja út í óvinnandi verk, þegar hann ætli að sanna, að verið sé að leggja byrðar á ríkissjóð í framtíðinni með fjárveitingum úr sjóðnum. Ég held, að hv. 9. landsk. hafi ekki lesið þá töflu, sem hann minntist á, en treysti sér ekki á nokkurrar handar máta til að hrekja, því að hún sýnir glöggt, að ef heimildin er notuð til fulls, þá er stefnt út í það, sem skýrt er í þeirri töflu. Það má halda því fram, að ekki eigi að nota heimildina til fulls, en hvað á þá að gera við sjóðinn? Á þá að semja einhverjar aðrar reglur um það, sem eftir er? Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um, að þetta fé verður notað til fulls, ef ekki í hans tíð, þá í tíð einhvers annars ráðh., sem þá tekur við. Og þó að hæstv. ráðh. geti fært rök fyrir því, að á undanförnum árum hafi ekki farið fram neinar aukagreiðslur, þá sýnir það aðeins, hversu vel hann persónulega fer með þetta fé, og ég hefði getað fullkomlega treyst á hann að gera það hér, að svo miklu leyti sem hann megnar, en það þarf ekki lítið afl til að standa á móti, þó að það sé veikari hringur en hér hefur verið sleginn. Ég er ekki viss um, að það varnarvirki, sem hann hefur hlaðið um sig, standist þá stórskotahríð, sem á hann verður hafin af hv. 9. landsk. og hv. þm. Borgf. til að fá það, sem þeir þykjast hafa fulla heimtingu á. Hv. 9. landsk. segir, að till. okkar séu aðeins grímuklædd

tilraun til að fella frv. Þær eru tilraun til að opna augun á þeim, sem vilja ekki sjá, hvert hér er stefnt. Mig undrar ekkert, þegar hv. 9. landsk. er búinn að fá sinn hlut, að þá snúi hann við blaðinu og segi: Nú er ekkert vit í að halda þessu áfram, því að nú er ég búinn að fá mitt. — Þetta er að vera umboðsmaður fyrir sína kjósendur, en það er ekki að vera umboðsmaður fyrir þjóðina í mikilvægum landsmálum.

Ég vil spyrja: Hvað segði hæstv. ráðh. og Alþ. um það, ef ætti að fara eins með raforkusjóð, ef farið væri að koma með frv. um að skipta honum á líkan hátt og hér á að gera? Ekki er þörfin minni þar og ekki ólíklegt, að hægt væri að fara eins með þann sjóð. Næst kæmu svo framlög til vega og brúa á sama hátt, allt ætti að fara í sama farveginn, m. ö. o. allt fjárveitingarvaldið yrði tekið úr höndum þingsins og sett í hendur stj., því að hér er verið að skapa fordæmi, sem ekki er hægt að benda á með neinum rökum, að ekki megi fylgja í öðrum greinum.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig er það með tekjuöflunarmöguleika þeirra hafna, sem hér um ræðir? Ég vil benda á, að í hverjum einustu l. um lendingarbætur, sem aðeins snerta mjög fátæka hreppa, sem hafa sáralitla tekjuöflun, þar er sett skilyrði fyrir framlagi og ábyrgð ríkissjóðs að greiða 6% af afla inn í hafnarsjóð eða lendingarbótasjóð. Mér er kunnugt um, að á Akranesi er þetta gjald ekki nema 1—2% og sama í Keflavík, og á Akranesi er þetta ekki einu sinni tekið. Er ekki ástæða til, ef veita á sérstaklega til þessara hafna, að rannsaka, hvort tekið sé að fullu það gjald, sem heimilt er, og ef það er tekið, hvort hafnirnar geti staðið undir þessum framkvæmdum? Og þó að 1—2% á Akranesi þyki þungur skattur, þá er hann samt léttari en 6% hjá þeim, sem eru að byggja austur á Borgarfirði og víða annars staðar, því að 6% geta ekki verið þyngri hjá þeim, sem veiða vel, en hjá þeim, sem veiða illa. Ég væri til með að setja inn það ákvæði, að ekkert væri veitt úr þessum sjóði nema viðkomandi höfn fengi heimild til að taka 6% og notaði hana að fullu, því að mér skilst, að það sé réttlátt, að sömu menn í sama landi verði að búa við sömu l., en hér er ekki ætlazt til þess.

Hæstv. ráðh. leggur sig svo fram að andmæla því, sem við höfum sýnt fram á með rökum, hvernig fari með þetta fé, að þau rök, sem hann greip til, voru með öllu ranglát og gripin úr lausu lofti. Það er hægt að segja slíkt fyrir héraðsdómara, þar sem menn hafa tekið að sér að verja mál, hvort sem það er rétt eða rangt, en það er ekki hægt að taka slíkt til greina sem rétt rök í svona máli. (**BBen:** Eru héraðsdómarar allra manna ómerkilegastir?) Nei, en þar hefur það stundum verið borið fram, sem af dómara hefur ekki verið tekið gilt, og ég hef oft verið staddur í rétti, þar sem svona lagað hefur verið borið fram, og ég sé vel, úr hvaða skóla þessi hv. þm., 9. landsk., kemur. Hann sagði, og það var endurtekið af hæstv. samgmrh., að samkv. l. sé ekki heimilt að veita fé úr sjóðnum til hafnargerða, fyrr en búið sé að veita fé til þeirra úr ríkissjóði. En hvað ætli þessar millj. entust lengi, ef ætti að fara að veita fé úr sjóðnum til allra hafnargerða, sem ekki hafa fengið allt uppfyllt? Ég gæti trúað, að það yrðu nokkuð margar millj., ef ætti að uppfylla allar þær kröfur. Þetta eru því engin takmörk á því, sem veita megi úr sjóðnum, því að það er sýnilegt, að sjóðurinn er ekki nema brot af því, sem af honum verður krafizt, því að nú er búið að ákveða margar nýjar hafnir og lendingarbætur, svo að skiptir millj. kr., en þar er sagt, að þær framkvæmdir skuli gerðar eftir því, sem fé er veitt í fjárl., en hér eru engin takmörk fyrir, hvað ráðh. getur greitt úr sjóðnum, meðan þar er nokkur eyrir eftir. Og ég veit það, að ef þessi lagasetning verður gerð, þá mun hæstv. ráðh. sjá, hvort ekki koma alls staðar fram, hvarvetna af landinu, kröfur um að fá fé úr þessum sjóði til hafnarbóta.

Hv. 9. landsk. segir, að með þessu væri verið að fela hæstv. stj. að framkvæma þann vilja, sem kemur fram í frv. Þetta er alveg rangt. Það getur ekki verið, að verið sé að framkvæma vilja Alþ., þegar verið er að fyrirbyggja, að Alþ. geti staðið undir nauðsynlegum fjárgreiðslum til nauðsynlegra framkvæmda í framtíðinni, en það er það, sem verið er að hefta með þessu frv., ef að l. verður.

Þá var rætt dálítið um Akureyri í sambandi við þetta mál. Ég vil segja, að skýring hæstv. ráðh. kann vel að standast, mér þykir það ekki ólíklegt. En það sýnir, hvernig farið er enn þá fjær frá upphaflegu hugmyndinni, ef þetta er samþ., því að þá er að engu gerð 1. gr. frv. með skýringu hæstv. ráðh. á henni, sem ég raunverulega tek alveg gilda. Það má vera, að hann hafi rétt fyrir sér, að ef þetta er samþ., þá megi veita fénu í allar hafnir, sem ekki er hægt að róa frá, þó að ég þekki ekki þær hafnir. Hér er því alveg kippt burt þeim grundvelli, sem lá fyrir, þegar sjóðurinn var stofnaður, og þá mætti alveg eins veita fénu til búnaðarframkvæmda, því að það er ekki neitt meiri munur á því og því, sem hér er gert. Og ef Akureyri uppfyllir þessi skilyrði, þá gera allar hafnir það, því að það er engin höfn, sem lengra er að sækja sjó frá. (**BSt:** Það er veiddur fiskur þar inni í höfninni.) Það er alls staðar hægt að veiða, það er hægt að veiða á Þingvallavatni. En þegar um það er að ræða að sækja á mið, þá er engin höfn, sem síður getur fallið undir þetta en Akureyri.

Ég ætla þá að láta þetta nægja viðvíkjandi hv. 9. landsk., en skal þá aðeins fara inn á það, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann sagði, að ekki hefði þurft að gera ráð fyrir, að sjóðurinn hefði orðið langlífur, ef frv. hv. þm. Borgf. hefði verið samþ. Það er ómögulegt um það að segja, en ég er þeirrar skoðunar, að það hafi fyrst og fremst vakað fyrir Alþ., að það fé, sem yrði til ráðstöfunar úr sjóðnum á sínum tíma, ætti ekki að grafast í jörð, heldur að vera notað til að hjálpa fram yfir það, sem veitt væri beint úr ríkissjóði. Hitt var ósamið um, hvernig ætti að styrkja þessar hafnir, hvort ætti að gera það með lánum, og það teldi ég ekki óeðlilegt, að þessar hafnir fengju fé sem vaxtalaust lán, sem sjóðurinn fengi endurgreitt aftur. Þá veit ég, að sjóðurinn mundi vaxa og yrði að lokum lífvænlegur. Hér er aftur á móti sköpuð kyrrstaða með fé sjóðsins og ríkissjóði íþyngt svo, að hann getur ekki staðið undir öðrum nauðsynlegum framkvæmdum.

Hæstv. ráðh. skýrði greinilega, að æskilegt væri, að hægt væri að vinna sama verkið á einu og sama ári. Það er rétt, en það á að vera á valdi Alþ.,

hvort og hvar það er gert. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að spyrja, hvernig muni verða hægt að framkvæma það í framtíðinni, þegar ríkissjóður getur ekkert lagt til þessara mála annað en það lögboðna iðgjald í hafnarbótasjóð. Þá verður ekkert til nema það, sem greitt er úr sjóðnum, og þá verður allt komið undir velvilja hæstv. ráðh. á hverjum tíma, og líklega verður það strax á næsta ári, að ríkissjóður verður að endurgreiða þetta fé, og tel ég það út af fyrir sig miklu skynsamlegra.

Við þurfum ekki að halda, að möguleikar til að styðja góðar hafnarframkvæmdir vaxi, þó að ríkið láti fé úr þessari skúffu í aðra skúffu og taki það síðan úr henni og láti í framkvæmdirnar. Munurinn er aðeins sá, að ef það er tekið úr þessari skúffu, þá ræður Alþ. ráðstöfuninni, en ef það er tekið úr hinni, þá ræður ráðh. því. Ég veit, að hæstv. ráðh. er svo mikill reikningsmaður, að hann sér, að það eru engin rök í málinu og að þetta bætir ekki að neinu leyti úr þörfinni, enda viðurkenndi hæstv. ráðh., að þetta væri rétt og að veitingarvaldið væri að nokkru leyti tekið úr höndum Alþ., og það er sannleikurinn, að veitingarvaldið er tekið af Alþ., allt, ef ríkissjóður getur ekki látið nema framlagið til sjóðsins, en takmarkað, ef hann getur látið meira, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi, og það eitt er nægilegt til umhugsunar um, hvort ekki ætti að fella þetta mál.

Hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurn minni þannig, að hann vissi ekki sjálfur, hvernig þessu fé yrði varið, því yrði varið, eftir því sem þörf væri á og um væri beðið til þeirra staða, sem þyrftu þess með. Þetta er nægileg upplýsing um það, að þetta fé verður allt notað að yztu mörkum. Við vitum það, sem eigum mikið ógert í þessum málum. Ég tel það skjóta skökku við, þegar hæstv. stj. hefur sett sér það mark að láta vinna mjög takmarkað að vegagerð, af því að það sé svo dýrt, og telur betra að geyma fé, þar til tímar kynnu að verða betri, en í þessu máli á að fara inn á þá stefnu að taka víxil til þriggja ára út á óvissar og óþekktar tekjur ríkissjóðs á þeim tíma til að flýta fyrir hafnargerðum, og vita þó allir, að þar er kostnaðurinn margfalt meiri. Það veit enginn, hvað við fáum fyrir 800 þús. kr. árið 1948, en þær 800 þús. kr., sem við fáum lánaðar á þessu ári, verða að greiðast aftur árið 1948 með 800 þús. kr., og þá er það kannske tvö- eða þrefalt, og kannske verður þá breyttur gjaldmiðill og kannske komnar nýjar aðferðir við hafnargerðir með nýjum vélum. Hvernig sem þessu er velt fyrir sér, þá er það hreinasta glapræði að fara þannig með hafnarbótasjóð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara hæstv. ráðh. fleiru. Ég þakka honum fyrir skýr svör. Ég vil aðeins benda á, að meiri hl. leggur til, að 4. gr. l. verði orðuð um, því að þá verður það þó ákveðið, hvað mikið á að láta úr sjóðnum og hvernig endurgreiðslurnar eiga að fara fram, því að ég tel óheimilt og óviðunandi að fara að eyðileggja tilgang 1. gr. l. með annarri gr. Það er svo mikil fjarstæða, að ég er hissa á, að hæstv. ráðh. skuli leggja til, að það verði gert, sérstaklega eftir þann nýja skilning, sem hann hefur öðlazt á greininni. Verði frv. samþ. óbreytt, mun ég að sjálfsögðu bera fram brtt. við 3. umr. um að fella alveg niður endurgreiðsluskylduna. Ef það á að vera á valdi ráðh. að veita þessar viðbótargreiðslur til hafnargerða, þá er ekkert um það að segja, en að það sé á valdi ráðh., hvenær á að greiða fé til baka til að fyrirbyggja aðrar nauðsynlegar framkvæmdir, það er gersamlega óviðunandi.

Samgmrh. (**Emil Jónsson**): Herra forseti. — Hv. þm. Barð. hefur hér viðhaft, að því er mér finnst, furðulegt orðbragð og furðuleg rök. Það kann að vera hans venja, en ég kann ekki við það.

Hann kallaði það, sem ég bar fram, falsrök og að einhver rammbyggður hringur mundi skipta milli sín peningunum úr sjóðnum og ég væri þátttakandi í því. Þetta eru ósæmileg ummæli og óviðeigandi. Ekkert af þessu á sér stað. Rökin í málinu eru skýr og glögg. Það kann að vera, að þetta orki tvímælis frá hans sjónarmiði, en að vera að tala um falsrök nær engri átt. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um það, en víkja nokkrum orðum að því, sem hann sagði um málið.

Hann sagði, að eins vel mætti verja þessu fé til búnaðarframkvæmda eins og að lána nokkurn hluta þess um stuttan tíma, meðan það væri ekki notað til annars. Höfuðtilgangur sjóðsins í framtíðinni er að styrkja hafnarbyggingar, þannig að verja megi fé úr sjóðnum til viðbótar því framlagi, sem í fjárl. er ætlað til þeirra. Um þetta hefur þingið ekkert sagt nú, allra sízt neitt lokaorð. Og að það eigi að vera einhver goðgá og langt frá aðaltilgangi sjóðsins að nota það til sams konar framkvæmda, sem sérstök þörf er að létta undir með, það nær engri átt. Aðaltilgangur sjóðsins er að létta undir með lánum eða styrkjum með þeim hafnarframkvæmdum, sem Alþ. hefur samþ., og það er það, sem hér er um að ræða, ekkert annað.

Ég vil einnig benda hv. þm. á, að hér er ekki farið inn á óvenjulega braut. Það er altítt, að unnið hafi verið að hafnargerðum fyrir miklu meira fé en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Það er algeng venja, að þó að veittar hafi verið t. d. 50 þús. kr. til einhverrar hafnar, sem á að vera ⅔ hlutar, svo að þar eru fyrir hendi 250 þús. kr. til framkvæmdarinnar, þá hefur oft verið unnið fyrir hálfa millj. á þeim stað, og þá verður viðkomandi staður að útvega sér fé að láni í bili með þeim skilyrðum að greiða það fljótlega aftur.

Það eru falsrök að segja, að ríkissjóður geti skotið sér undan því langt fram í tímann að inna þessar greiðslur af hendi, því að þegar hægt er að vinna þessi verk, þá getur ríkissjóður ekki skotið sér undan því, hvort sem sú greiðsla fer fram gegnum hafnarbótasjóð eða á annan hátt.

Hv. þm. minntist á Akranes og sagðist illa trúa því, að sá þm., sem er fyrir það kjördæmi, mundi skilja mikið eftir af þeim millj., sem frv. hans gerði ráð fyrir, svo að það væri fyrir fram vitað, að það þyrfti að veita þetta fé á þessu ári. Ég vil segja honum, að um það getur hann ekkert sagt. Ég geri ráð fyrir, að þeim verði veitt það, sem þeir komast yfir að vinna fyrir, hvort sem það verður hálf eða heil millj. Til Akraness er nú veitt í fjárl. 300 þús. kr., og verður því heildarupphæðin þar til að vinna fyrir 750 þús., og fyrr en þeir hafa unnið fyrir 750 þús. fá þeir enga aukaveitingu á Akranesi. Ég tel sáralitlar líkur fyrir því, að fyrir alla þá upphæð yrði unnið á einu sumri. Svona eru rök þessa hv. þm. Og þó leyf-

ir hann sér að kalla það falsrök, sem aðrir bera fram í málinu. — Þá fór hann inn á tekjuöflun hafnarsjóðs á Akranesi. Ég sé ekki, að það komi þessu máli við. Það er ekki um annað að ræða en ríkissjóðshlutann af kostnaðinum. Hvernig Akurnesingar standa undir þeim kostnaði, sem þeir bera, er annað mál. Hvort rétt er eða forsvaranlegt að láta sjómenn í Borgarfjarðarsýslu borga 6% til hafnarsjóðs af aflanum og Akurnesinga 1%, kemur ekki málinu við. Ef það er ekki rétt, þá á að breyta hlutfallinu í hafnarlögum fyrir viðkomandi stað. En það kemur ekki þessu við. Og það er tillit tekið til þessa í hafnarl. þessara staða, þar sem Borgarfjörður fær tiltölulega meira úr ríkissjóði en Akranes. Mál þetta liggur ljóst fyrir, og það, sem frekar kynni að vera um þetta að segja, geri ég ekki ráð fyrir að upplýsist nú, heldur yrðu framhaldandi umræður um þetta aðeins karp.

Ég vildi þá minnast á brtt. hv. þm. S.-Þ., þó að hann hafi enn ekki talað fyrir henni. Hún er einföld og skýrir sig sjálf. Ég álít henni fylgja hættu, að hafnarbótasjóður fái ekki sitt fé fyrr en hver veit hvenær. Þá er hann ekki þess megnugur að inna af hendi hlutverk það, sem honum var ætlað. Það er þá fyrst, þegar endurgreiðsluskyldan er numin burt, að hætta er á, að hann geti ekki þjónað þeim tilgangi, sem upphaflega var ætlazt til. Hvað því viðvíkur að draga framkvæmdir nú eða fresta þeim, þá er hvorki þessi hv. þm. né ég þess umkominn að segja, hvort rétt sé. Það getur vel farið svo, að eftir nokkur ár verði talið óhyggilegt að hafa staðið í ýmsum verkum, sem nú er verið að láta framkvæma. En það getur líka svo farið, að það verði talið hyggilegt. Um þetta tel ég engan geta dæmt enn þá.

Jónas Jónsson: Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. í því skyni að reyna að miðla málum milli þeirra tveggja stórvelda, sem hér eigast við, sem er sessunautur minn, hv. þm. S.-M. (IngP), og hv. þm. Barð. (GJ), en þeir heyja hér harða styrjöld við ríkisstj. og ýmsa hennar fylgjendur. Það, sem mér finnst þessir menn hafa sterklega sér til stuðnings, er þetta: Ef það er fortakslaust skylda ríkisstj. að borga svo að segja strax það, sem venjulegt er að greiða til að fullgera hafnir, þá verður útkoman sú, ekki sízt þegar harðnar í ári og ríkið getur lagt minna í heild til hafnarvirkja, að valdið færist raunverulega þessu viðvíkjandi frá Alþ. til ríkisstj. Hins vegar álít ég rétt, sem líka var haldið fram af hæstv. ráðh., að með þessu móti sé hægt að flýta fyrir höfnunum, sem landið er að vinna að. Það kemur viðbótarkraftur inn í. Og þetta er a. m. k. annar höfuðtilgangur sjóðsins og sá, sem mest er rætt um hér. Legg ég til, að niðurlagsorð gr. verði eins og hér segir: „Framlög, sem eru þannig greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd úr ríkissjóði eftir því, sem fé er veitt til einstakra hafna á fjárl." Þetta þýðir, að ríkissjóður þarf ekki að flýta sér að borga þetta lán meir en góðu hófi gegnir. Þá er hafnarbótasjóður eins og banki, sem hefur lánað peninga og fær ekki strax aftur. Þetta verða bankar og að sætta sig við. Ég hygg því, að með þessu móti sé í raun og veru valdið yfir fjárveitingunni hjá Alþ., eins og á að vera. Að því leyti er þetta betra en till. meiri hl. Og það er nokkuð þungfært að gera l. í hverju tilfelli um það, hvort eigi að lána hinni eða þessari höfn. Samkv. minni till. er ríkisstj. bankastj. yfir hafnarbótasjóði, en Alþ. hefur fjárveitingarvaldið yfir hafnargerðum, eins og á að vera.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Mér hefði fundizt tilhlýðilegt, að hæstv. ráðh. blési sig ekki svo mikið út af þessu máli, sem er vandamál, að hann hallaði svo réttu máli sem raun var á. Ég hef aldrei sagt, að hann færi með falsrök. Ég sýndi það með rökum, en hæstv. ráðh. hefur undirstrikað það. (**Samgmrh.:** Er það ekki það sama?) Nei, það er ekki alveg sama. Hann skrifaði nafn sitt á víxilinn, en það er ekki sama og að lána fé. Annars held ég hæstv. ráðh. hljóti að fyrirgefa mér, ef ég hef orðið óþinglegur, því að óþingleg orð notaði hann sjálfur. (**Samgmrh.:** Að gefnu tilefni.) Er hæstv. ráðh. þá svo veikur á svellinu, að hann hlaupi út af línunni og út í foraðið óðar en hann fær tilefni? Ég hélt hann væri meiri persóna en svo, að það þyrfti meira en að kippa í hann til þess.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á það í fullri alvöru, að hann gekk alveg fram hjá aðalrökunum, nefnilega, að það skapast ekki meira fjárframlag til hafnarbóta, þó að þessi leið sé farin, en það er aðalatriðið. Þess vegna nær sjóðurinn ekki tilgangi sínum eftir að búið er að fara svona með hann. Og með því að taka burt endurgreiðsluskylduna er kippt valdinu frá ráðh. um það að ráða yfir fénu síðar meir. Hann getur þá ráðið því aðeins einu sinni. Möguleikarnir til að leggja til hafnarbóta meira og meira eru fyrir hendi, þó að þessi leið sé farin. En möguleikarnir til þess, að einn maður ráði því, eru alltaf fyrir hendi, svo lengi sem Alþ. vill láta endurgreiða fé. Hæstv. ráðh. segir, að það komi ekki þessu máli við að ræða um tekjurnar. Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir því. Það kemur sannarlega málinu við, hvort ríkisstj. eða Alþ. eru að veita sérréttindi, og það stórkostleg sérréttindi, til allra þeirra hafna, sem fá úr þessum sjóði, fram yfir það, sem ríkisstj. getur veitt á hverjum tíma. Þetta getum við orðið sammála um. En ef slík sérréttindi eru veitt, þá er engin goðgá að athuga gaumgæfilega, hvort þær leiðir hafi verið farnar að fullu, sem á að fara samkv. l. um innheimtu gjalda. Það hefur ekki þótt tiltækilegt að veita áframhaldandi einn þriðja til hafnarbóta í Reykjavík, vegna þess að talið er, að bærinn geti, ef hann framfylgir þeirri reglugerð, sem hann hefur fengið með l., fengið nægilegt fé til hafnarinnar, og það er alveg rétt. Ég er ekki að segja, að Akranes þurfi ekki hjálp. En ég held fram, að Akranes eigi ekki að fá neina opinbera hjálp á þann hátt, að með henni sé verið að útiloka, að aðrar hafnir, sem hafa jafnmikla þörf fyrir hjálp, geti einnig fengið hana í náinni framtíð. Og það er hægt að ná þessu með því að hafa ekki endurgreiðsluskyldu inn í ríkissjóð aftur. Það er ekkert vit að vera sí og æ að greiða í sjóðinn eins og hér er gert ráð fyrir, það væri miklu meiri hjálp að lána Akranesi fé, sem hafnarsjóður Akraness greiddi á ákveðnum tíma inn í sjóðinn vaxtalítið eða vaxtalaust. En fram hjá þessu meginatriði gengur hæstv. ráðh., en snýr máli sínu upp í persónulegar aðdróttanir til þeirra manna, sem eru að

skýra málið. Og hann er það fær í þessu máli, að hann finnur, að grundvöllurinn er að gliðna undir fótum hans, og þess vegna grípur hann til þess að fara að tala um, að ég hagi mér svona eða á hinn veginn. Þetta tel ég engan veginn þinglegt né heldur ráðherralegt, og það í stórmáli. Það er meginatriðið í þessu máli, að ríkissjóði verði ekki bundnir þeir baggar með lagaákvæðum, að við eigum á hættu að geta ekki veitt í framtíðinni nauðsynleg framlög til þeirra staða á landinu, sem þess þurfa með, en að því er stefnt, ef frv. verður samþ. óbreytt. Og ég vona, að þessi hæstv. ráðh. sitji lengur í ráðherrastól en þessi l. verði látin óbreytt standa. Því að ég er viss um, að ef þau verða samþ. á þessu ári, verður þeim breytt á næsta ári vegna þeirra áhrifa, sem þau hafa á margan hátt. Og ég veit, að þegar núverandi formaður fjvn. hefur athugað þessi mál, mun hann finna, þegar hann er búinn að fá sinn hlut, að ekki er viturlegt að vera lengur á þessari braut.

Að gefnu tilefni skal ég skýra frá því, að ég reyndi alls konar samningaleiðir í þessu máli, en till. mínum var hafnað. Hv. þm. Borgf. hefur talið, að ef honum tækist ekki að vinna virkið á þessu ári og ná í féð, þá væri fyrirbyggt, að hann gæti unnið það með stórskotahríð á næsta ári. Þetta veit hæstv. ráðh., enda ræddi ég um það við hann.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég heyri nú, að hv. þm. Barð. vildi draga nokkuð í land stóru orðin, og er það vel. En hitt skil ég þó ekki, hvernig honum getur fundizt óþinglegt, að ég skuli minnast á það, sem hann sjálfur bar upp í sig. Ef ég hef upp eftir honum óþingleg orð, hvernig má ég skilja, að þau hafi ekki verið upphaflega óþingleg í hans munni? Annars ætla ég ekki að hafa mörg orð um málið sjálft, en nefna nokkur atriði.

Hv. þm. sagði, að ég hefði vikið mér undan því, sem er aðalatriðið, að hér með væri ekki hækkað fjármagn til hafnargerða. Og þess vegna lét hann liggja orð að því, að þá væru ekki heldur auknir möguleikar til þessara framkvæmda, þó að l. yrðu staðfest. Þetta held ég fram, að sé alveg rangt, og hef rökstutt nægilega, ef hann hefði viljað á það hlusta. Ég skýrði það fyrir honum, að það er viss, takmörkuð upphæð á hverju ári, sem hægt er að veita til hafnargerða. Nokkur hluti er nú veittur til staða, sem ekki er líklegt, að fullnoti upphæðina á árinu. Þó er ekki hægt að færa upphæðirnar milli staða, vegna þess að svo er til ætlazt, að það verði geymt og lagt í sérstakan sjóð, sem ekki er notaður á hverjum stað. Hins vegar veldur þetta því, að ekki er hægt að veita til nokkurra staða, sem vitað er um þegar, að mundu nota féð og þyrftu og ættu að fá það úr ríkissjóði. Slíkir staðir mundu ekki geta lokið þeim framkvæmdum á árinu, sem byrjað hefur verið á og ætti að ljúka. Í þessu efni á frv. að hjálpa og getur hjálpað. Þetta eru aðalrök málsins.

Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að kasta mér út í stórskotahríðina út af þessu máli, en af því að margt hefur blandazt inn í, vildi ég gjarnan gera grein fyrir því með örfáum orðum, hvers vegna ég hef leyft mér að skrifa undir nál. meiri hl. og vera meðflm. að brtt., sem fylgja því á þskj. 842. Það, sem mér virðist í raun og veru bera á milli, er það, hvort valdið yfir fjárveitingunum skuli vera hjá Alþ. eða ráðherra. Þegar um fjárveitingar er að ræða, held ég, að ekki geti verið nokkur ágreiningur meðal þm., að valdið eigi að vera hjá Alþingi. Ég man ekki til, að nokkurn tíma hafi komið fram till. um að veita til hafnargerða, brúargerða, vegagerða eða neinna slíkra framkvæmda ákveðna heildarfjárhæð, sem ráðh. úthluti til ákveðinna staða. (**Samgmrh.:** Þetta var áður gert til hafnarbygginga.) Jú, en eins stórfellt eins og þetta er nú, held ég, að slíkt komi ekki til. Það hefur verið úthlutað eftir áliti samgmn. til flóabáta, það er alveg satt. En hér er um svo stórfelldar fjárhæðir að ræða, að ég er ekki með, að Alþ. afsali sér valdi yfir þeim. Það er um það að ræða, hvort raunverulega sé um lánsstofnun að ræða, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á. Og mér fannst hann snerta aðalatriðið. Er verið að gera hafnarbótasjóð að lánsstofnun til staða, sem vilja flýta sínum hafnarframkvæmdum, eða er ekki verið að því? Ég get ekki komið auga á annað en að hér sé a. m. k. ákaflega óvenjuleg lánsstofnun, þar sem lánveitandi, en ekki lántakandi, á að borga lánin, a. m. k. að forminu til. Annars held ég, að naumast sé hægt að segja, að þessi stofnun sé lánsstofnun. Ég gæti hugsað mér að fela ráðh. eins konar bankastjóravald yfir lánsstofnun. En ég get ekki kallað lánsstofnun, þar sem lánveitandi borgar lánin, en ekki lántakandi, en svo er það hér. Hann borgar sjálfur á þremur árum.

Þá er eftir það í þessu frv., sem gæti réttlætt að kalla sjóðinn lánsstofnun, að samanlögð upphæð til ákveðinna hafnarbóta megi ekki fara fram úr hlutfalli, sem ákveðið er í hafnarlögum hvers staðar. Hversu mikið sem ráðh. nú kynni að veita úr hafnarbótasjóði til einhvers hafnarvirkis, verður framlag ríkisins ekki hlutfallslega hærra en vera ætti. Líta því sumir svo á, að hér sé ekki um annað að ræða en það, að ráðh. færi valdið til *og flýti hafnarbótum á ákveðnum stöðum* fram yfir aðra staði. En við að velta þessu máli fyrir mér get ég ekki annað séð en fjárveitingarvaldið lendi í höndum ráðherra. Því að þegar Alþ. veitir fé til hafnarbóta, gerir það ekki annað en það að velja úr staði, sem það vill flýta fyrir. Verkefnin eru svo stórkostleg fram undan og kalla að. Ég álít, að Alþ. eigi að hafa þetta hlutverk. Og það er praktiskara að vinna meira verk á einum stað í einu en að píra smáfjárhæðum til margra staða. Og það ber einmitt að nota hafnarbótasjóðinn í þessu skyni. En það álít mitt, að Alþ. eigi að úthluta þessu, hefur ráðið atkv. mínu í n. og um brtt. Hins vegar má búa um þetta í fremur frjálsu formi, eins og líka brtt. gengur út frá, og megi ákveða með hvaða greiðslumála hver einstök fjárveiting sé veitt. Ég held þess vegna, að ef brtt. verður samþ., verði málið að vísu að sumu leyti bundið, en að sumu leyti talsvert frjálsara en eftir frv. eins og það er nú.

ATKVGR.

Brtt. 842 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HermJ, IngP, MJ, ÞÞ.

nei: GÍG, HG, JJ, KA, LJóh, PHerm, BBen, BrB, EE, StgrA.

PM, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 954 felld með 10:7 atkv.

1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 113. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PHerm, BBen, EE, GÍG, HG, JJ, KA, StgrA.
nei: MJ, ÞÞ, GJ, HermJ, IngP.
3 þm. (PM, BSt, BrB) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 986).

86. Brunamál í Reykjavík.

Á 71. fundi í Ed., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um brunamál í Reykjavík (þmfrv., A. 526).

Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég get látið nægja að vísa til grg.
Frv. er flutt til að færa til nútímahorfs þær reglur, sem gilda um brunamál í Reykjavík, frá 1875, þegar stjórn bæjarmála var öðruvísi fyrir komið en nú.
Engar nýjungar eru í frv. Það er aðeins til samræmingar og til að greiða fyrir, að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á brunareglugerð kaupstaðarins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 88. og 89. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 526, n. 685).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Þetta frv. er samið til þess, að hægt sé að gera nýja brunamálasamþ. Gömlu l. þurfti að breyta, til þess að sum ákvæði hinnar nýju samþykktar gætu öðlazt staðfestingu. En okkur í allshn. þótti réttara að láta lögreglustjóra, sem fjallar um aðra hlið þessara mála heldur en slökkviliðsstjórinn gerir, líta á frv. áður en það er endanlega samþ. Og álit lögreglustjóra var það, að hann taldi nokkuð mikið sneitt af valdi lögreglustjóra og falið slökkviliðsstjóra, og það meir en góðu hófi gegndi. Að öðru leyti mælti hann með frv. N. féllst á þessar athugasemdir lögreglustjóra. Allar brtt., sem fram eru bornar, eru í samræmi við hans till. Ég vil mælast til þess, að þessar brtt. verði samþ. og frv. síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 685,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 685,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 685,3 (10. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—13. gr. (verða 10.—12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 739).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 106. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 739, n. 948).

Forseti (JörB): Ég vil geta þess, að allshn. leggur til, að þetta mál sé samþ. óbreytt. Ég vil mega vænta þess, að hv. þdm. geti fallizt á, að það þurfi ekki frekari umr. um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 988).

87. Lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík (þmfrv., A. 771).

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef borið hér fram frv. um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík. Þar í hverfinu hagar svo til, að undanfarin ár hefur verið unnið þar nokkuð að lendingarbótum, og hefur verið byggð þar bryggja og komið fyrir sérstakri vélvindu til þess að setja upp skip í lendingu. Til þessa verks hafa hverfisbúar notið nokkurs styrks úr ríkissjóði, auk þess fjár, sem þeir hafa sjálfir lagt fram. Nú er fyrirhugað að stækka bryggjuna nokkuð, lengja hana og breikka og jafnvel hækka. Samkvæmt áætlun vitamálaskrifstofunnar er talið, að þessar endurbætur og breytingar muni kosta 150 þús. kr. Í fjárl. fyrir 1945 eru veittar úr ríkissjóði 25 þús. kr. sem byggingarframlag til þessa verks. Enda þótt þessi styrkur hafi verið veittur úr ríkissjóði til þessara endurbóta bæði nú á þessu ári og áður, hafa ekki verið til nein hafnarl. fyrir þetta hverfi, og að sjálfsögðu er óviðeigandi að veita fé úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda, án þess að til séu um þennan lendingarstað sérstök lög, eins og mun vera yfirleitt þar, sem veitt er fé úr ríkissjóði til lendingarbóta. Ég hef því borið frv. fram til þess að fá bætt úr þessum ágalla, og er það samið eftir fyrirmælum, sem gilt hafa um aðra lendingarstaði í landinu. Frv. er í engu frábrugðið öðrum slíkum l. að öðru leyti en því, þar sem tekin eru upp í það þau nöfn, sem við eiga í sambandi við lendingarstaðinn og fjárhæðina, sem sérstaklega er áætluð í þessu tilfelli. Ég vænti því, að frv. geti fengið fljóta afgr., og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 771, n. 838).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar. Hefur hún sent það til vitamálastjóra og óskað umsagnar hans. Vitamálastjóri leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Eins og fram kemur í grg., hefur á undanförnum árum verið lagt fram nokkurt fé úr ríkissjóði í fjárl. til framkvæmda á lendingarbótum í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík, en l. hafa ekki verið til um lendingarbætur þar. Er frv. flutt til að bæta úr þessu. Sjútvn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, enda er fjárhæð sú, sem nefnd er í frv., nákvæmlega tekin eftir áætlunum vitamálastjóra og frv. samið nákvæmlega í samræmi við þau l., sem nú eru til um lendingarbætur. Það er því till. sjútvn., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 771, n. 953).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 989).

---

88. Eyðing á rottum.

Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu á rottum og músum (þmfrv., A. 530).

Á 74. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Þetta litla frv., sem hér er flutt, er samið af bæjarráði Reykjavíkur og er byggt að mestu leyti á till. heilbrigðisfulltrúanna í Reykjavík. Það er vitað, að þessi vágestur er kominn miklu víðar um land en áður var og er nú verri og illkynjaðri.

Hér í Reykjavík hefur verið gerð tilraun til að eyða þessum vágesti, en með frekar litlum árangri. Og það hefur komið í ljós, að tilgangslaust er að reyna að eyða þessu, nema nágrannahéruðin geri slíkt hið sama. Og ég er þeirrar skoðunar, að fyrir lítil sveitarfélög verði þetta svo kostnaðarsamt, að eigi sé ástæðulaust, þó að þau fái styrk frá ríki. Ég vænti því, að frv. nái fram að ganga, og legg til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 86. og 87. fundi í Ed., 12. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 530, n. 659).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það er ekki þörf á að hafa langa framsögu fyrir því máli, sem hér liggur fyrir. Allshn. hefur athugað þetta frv. og hefur fallizt á, að rottuplágan sé orðin það alvarlegs eðlis, að ástæða sé til þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að útrýma henni.

Eins og kunnugt er, hefur þessi rottufaraldur töluvert aukizt við dvöl setuliðsins hér á landi, og sérstaklega hafa rottur útbreiðzt miklu víðar en áður var vegna þess, að þær hafa safnazt að þeim herbúðum, sem setuliðið hefur reist víða úti um sveitir landsins.

Bæjarfélögin eða kaupstaðirnir hafa yfirleitt áður gert ráðstafanir, hver á sínum stað, til að reyna að eyða rottum hjá sér, en það, sem torveldar þetta einna mest, er, að til þess að árangur verði af eyðingu á rottum á einum stað, verður samtímis að fara fram eyðing á rottum á nærliggjandi stöðum. Sveitarfélögin munu ekki hafa sinnt þessu fram að þessum tíma, sennilega vegna þess, að rottugangur er þar minni, en eins og nú standa sakir er nauðsynlegt, ef árangur á að nást af tilraunum þessum, að eyðingarstarfsemin sé framkvæmd samtímis á sem flestum stöðum, eða a. m. k. þeim stöðum, sem liggja svo nálægt hver öðrum, að líklegt sé, að rotturnar hlaupi á milli.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessi eyðing fari fram einu sinni á ári og samtímis á öllum stöðum, þar sem rottu verður vart.

Það varð hins vegar að samkomulagi að fella úr frv. ákvæði um, að þessi eyðingarstarfsemi skyldi einnig ná til músa. Eins og hv. þm. er kunnugt, var frv. miðað við eyðingu þessara dýrategunda beggja. En n. leit svo á, að hvort tveggja væri, að minna tjón væri af músagangi að öllum jafnaði, þótt að vísu hafi komið fyrir, þegar sérstaklega hart hefur verið í ári, að mýs hafi flykkzt heim að bæjum og valdið nokkru tjóni, en það eru frekar undantekningartilfelli, og svo eru kannske tiltölulega önnur ráð notuð við að eyða músum heldur en sú aðferð, sem sérstaklega er gert ráð fyrir í þessu frv. gegn rottum. N. gerir því nokkrar breyt. við frv., sem miða eingöngu að því að fella niður ákvæði um eyðingu músa.

Brtt. eru hér á þskj. 659 og að vísu við nokkuð margar gr. frv., en efnislega er breyt. þó aðeins þessi eina, að það nái ekki til eyðingar músa. Að öðru leyti liggur þetta frv. þannig fyrir, að þetta eyðingarstarf á rottum sé falið bæjarstjórnum og sveitarstjórnum, og kostnaðinum er skipt á milli bæjar- og sveitarfélaga og ríkisins, þannig að bæjar- og sveitarfélögin á viðkomandi stöðum, sem eyðingin fer fram, greiði kostnaðinn að ⅔ hlutum, en ríkið að ⅓ hluta. Ég geri ráð fyrir, að það megi teljast sanngjarnt, þegar svo víðtækar ráðstafanir eru gerðar til þess að eyða þessari plágu, að ríkið taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Allshn. leggur til og hefur verið sammála um, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt., að það nái ekki til eyðingar músa. Einn nm., hv. 1. þm. Eyf., var að vísu ekki viðstaddur afgreiðslu frv., vegna veikinda, en ég geri ráð fyrir, að hann hefði ekki gert ágreining, a. m. k. ekki um þessa breyt., sem n. leggur til að verði.

ATKVGR.

Brtt. 659,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 659,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 659,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 659,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 659,5 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 659,6 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um eyðing á rottum.

Á 89. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég vildi bara bera fram litla brtt. Mér virðist fara betur á, að 3. málsgr. 2. gr. verði 2. málsgr. 4. gr., og vona ég, að hæstv. forseti taki þetta til greina.

Forseti (StgrA): Hv. 6. þm. Reykv. hefur afhent mér skrifl. brtt., svo hljóðandi: (Sjá þskj. 737.)

Þar sem brtt. þessi er of seint fram borin, auk þess sem hún er skrifl., verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 737 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Sþ., 4. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 738).
Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 738, n. 929 og 937).

Frsm. meiri hl. (Sigurður E. Hlíðar): Um þetta frv. gat n. ekki orðið að öllu sammála, en meiri hluti n., 4 þm. að tölu, hefur skilað áliti, sem er á þskj. 937, þar sem þessi meiri hluti leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 2. þm. N.-M., gat því miður ekki orðið sammála að öllu leyti og skilar því öðru áliti fyrir sig á þskj. 929.

Þetta frv., sem fram er komið að tilstuðlan bæjarstjórnar Reykjavíkur og heilbrigðisstjórnar bæjarfélagsins, hefur fyrst og fremst það nýmæli að geyma, að gert er að skyldu, að rottueyðing skuli fara fram um land allt, og í öðru lagi, að ríkissjóði beri að leggja fram ⅓ kostnaðar af eiturlyfjum. Hér er um algert nýmæli að ræða hér á landi, þó að þetta þekkist í öðrum löndum, því að bæjar- og sveitarfélögin hafa undanfarið orðið að bera allan kostnað af því, og hitt er enn þá merkilegra, sem ég fyrir mína parta legg mest upp úr, og það er, að hér er í fyrsta skipti lagt til, að eitthvert skipulag verði á eyðingu rottu. Það er ekki nóg, að eitt og eitt bæjar- og sveitarfélag leggi í kostnaðarsamt útrýmingu á þessu óþarfa dýri, ef sveitarfélagið við hliðina á skirrist við því, því að þótt það heppnist í bili, þá ber það lítinn árangur, þar sem rotturnar í hinu ósnerta héraði við hliðina á geta strax hlaupið yfir í hið eydda svæði aftur. Ef menn hugsa á annað borð til þess að útrýma þessu skaðlega dýri, er ekki um annað að gera en koma einhverju skipulagi á, og ég hygg, að mér sé óhætt að segja fyrir hönd meiri hluta d., að hann sé sammála um, að mikið sé upp úr því leggjandi, að rottueyðing skuli fara fram um allt land.

Ég sé, að hv. minni hluti leggur alveg á móti þessu og gerir eiginlega það að ástæðu, að ekki muni vera rottur hér á landi nema á sem svari helming af byggðu landi. Ég hygg, að hann hafi litla tryggingu fyrir því, að þessi staðhæfing sé rétt. Sönnu nær er, að rottugangur sé í öllum kaupstöðum hringinn í kringum landið, og út frá kauptúnunum hefur rottugangur þessi teygt sig upp í sveitirnar, kannske ekki upp í alla dali, en þó veit ég, að þar, sem ég þekki bezt til, á Norðurlandi og sérstaklega í Eyjafirði, að þar koma rotturnar meira og minna upp um alla dali, þó að þær séu að vísu ekki komnar á öll heimili. Enn fremur segir minni hlutinn, að sums staðar geri rottur lítinn óskunda. Það tel ég mjög hæpið, því að rottur gera víst alls staðar óskunda, þar sem þær eru á annað borð; t. d. á sveitaheimilum, þar sem torfbæir eru eða hús byggð úr torfi, eru rottur einhver versti óþarfagestur, sem hugsazt getur; þær grafa alla veggi í sundur, og eru ósköp að sjá hamaganginn í þessum skepnum. Rottur eru sennilega víðast hvar um landið, og þar, sem þær eru ekki komnar, munu þær sennilega koma á næstunni, því að þær eru þeim eiginleika gæddar, að þær hafa ákaflega öra tímgun og fjölgunarhæfileikar þeirra eru framúrskarandi. Af einum rottuhjónum geta á 3 árum komið milljón afkvæmi, svo að þá getur maður nokkurn veginn gizkað á, hvað verður, ef ekkert er gert til útrýmingar.

Ég þarf ekki drepa á yfirlýsingu meiri hlutans frekar, en við leggjum sem sé til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Ég hef talið, að ekki bæri að samþ. þetta frv. óbreytt. Í fyrsta lagi tel ég vafaatriði, hvort þörf er á að fyrirskipa með l. allsherjareyðingu á rottum um allt landið, og í öðru lagi finnst mér engin sanngirni í því að láta menn, sem aldrei hafa rottu séð, borga hluta í kostnaðinum af eyðingu hjá hinum. Þess vegna finnst mér, að undir öllum kringumstæðum eigi að breyta frv. í það horf, að þau ákvæði, sem fyrirskipa, að þriðjungur kostnaðar skuli greiðast úr ríkissjóði, falli burtu og að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög, sem þurfa að eyða rottum og gera ráðstafanir til þess, greiði kostnaðinn sjálf. Hins vegar skal ég ekki standa á móti því, að samþykkt sé gerð um þetta mál, til þess að styðja að því, að menn standi betur saman að eyðingunni. Þess vegna vil ég ekki leggja til, að frv. verði fellt, heldur breytt á þann hátt, að hvert sveitarfélag sé látið bera sinn kostnað.

Ég reyndi að afla mér upplýsinga um, hver kostnaðurinn mundi verða, en það var ekki hægt. Þessi bæjarfélög, sem hafa við rottur að stríða og telja mesta þörf á eyðingu þeirra, hafa aldrei lagt skipulega í að eyða rottum, eins og gert er ráð fyrir í þessum l., og geta ekki gefið upplýsingar um kostnaðinn. Þau geta sagt, hver útgjöldin hafi verið við eyðingu á rottum þetta og þetta ár, því að venjan hefur verið, að þeir, sem hafa orðið varir við rottur, gæfu sig fram við ákveðinn mann, sem þá kom og eitraði. Hvað þessar kákráðstafanir kosta, liggur fyrir, en hvað skipulögð útrýming mundi kosta, það getur enginn gefið upplýsingar um, og það hefur ekki heldur verið reynt að láta gefa upplýsingar um það. Það er ævinlega hægast að koma yfir á ríkissjóð útgjöldum, þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um, hve mikil þau eru.

Ég legg þess vegna til, að gerðar séu á þessu frv. 3 breyt., tvær við 2. gr. og ein við 6. gr., sem sé, að felld séu burtu úr þeim þau ákvæði, að ríkið taki þátt í kostnaðinum. Fyrst og fremst geri ég það vegna þess, að ég tel ekki rétt að skylda þá menn, sem ekki þurfa að leggja í neinn kostnað til þess arna, af því að engar rottur eru í þeirra sýslu, til að taka þátt í kostnaðinum, — alveg eins og ég teldi ekki rétt að fara að skylda einhverja

menn héðan úr Reykjavík til þess að taka þátt í einhverjum kostnaði, sem lægi einhvers staðar allt annars staðar hjá öðrum mönnum og ekki væri til sambærilegur kostnaðarliður og væri talað um, að þeir tækju þátt í að standa undir. Það er fyrir sig, þó að menn séu látnir standa undir sameiginlegum kostnaði, þegar allir þurfa að taka þátt í honum og þegar allir finna, að ástæða sé til þess að leggja í kostnaðinn, en þegar mikill hluti þjóðarinnar þekkir ekki það, sem á að fara að útrýma með þessum aðgerðum, þá er alveg ástæðulaust að leggja kostnaðinn af þessu á þá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
Brtt. 929,1 felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 13:7 atkv.
Brtt. 929,2 tekin aftur.
3.—7. gr. samþ. með 14:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:8 atkv.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, PO, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SÁÓ, ÞÞ, GÞ, GTh, IngJ.
nei: HarJ, PZ, PÞ, SB, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, HelgJ, JörB.
11 þm. (JakM, JJós, LJós, ÓTh, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, FJ, GG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Sigurður Bjarnason: Ég vil aðeins taka það fram, að það er ekki af því, að ég vilji halda neinum hlífiskildi yfir þessum kvikfénaði, að ég greiði þannig atkv., heldur er það vegna þess, að ég tel óeðlilegt, að ríkissjóður sé látinn greiða hlut í þessum kostnaði, og segi því nei.

Ingólfur Jónsson: Með því að ég tel, að rotta sé plága þar, sem hún kemur, og þeir staðir, sem hafa enn ekki fengið þá plágu yfir sig, geti átt von á því að fá hana, ef ekki er unnið skipulega að útrýmingu hennar, segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Ég álít óþarfa, að ríkissjóður fari að leggja í þennan herkostnað, og segi því nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 990).

---

89. Orlof.

Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febr. 1943 (þmfrv., A. 909).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Allshn. hefur flutt þetta frv. að beiðni Alþýðusambands Íslands. Í l. er svo ákveðið, að deilur um orlof og orlofsfé skuli fara fyrir félagsdóm. Þetta hefur orðið til þess, að öllum, sem í einhverjum deilum hafa lent varðandi þetta atriði utan Reykjavíkur, hefur orðið næstum ókleift að koma málum sínum fram. Og jafnvel hér í Reykjavík, þar sem félagsdómur á þó sæti, hefur þetta orðið til þess að kljúfa í sundur málssókn, sem eðlilega hefði átt að vera í einu lagi.

Ég hygg, að málfærslumaður Alþýðusambandsins hafi sannfærzt um, að þetta væri mjög óheppilegt, og Alþýðusambandið komizt á sömu skoðun og því lagt til að breyta þessu á þann hátt, að mál varðandi þetta efni verði meðhöndluð af venjulegum dómstólum og með venjulegum hætti, þó þannig, að málið þarf ekki að liggja fyrir sáttanefnd, heldur héraðsdómara þeim, sem á að leita um sættir.

Ég held, að ekki geti orkað tvímælis, að þetta sé eðlileg málsmeðferð og félagsdómur hafi í raun-inni engar sérstakar forsendur til að kveða upp í þessum efnum réttari dóm en hinir venjulegu dómstólar, og sé því á allan hátt eðlilegt að taka upp þá aðferð, sem frv. leggur til.

Má geta þess, að n. hefur ekki athugað málið á fundi. Hins vegar hef ég með öðrum nefndarmanni borið þetta saman við gildandi lög, en í heild höfðum við ekki áður talað neitt um þetta, þó að við höfum borið ráð okkar saman utan fundar. Læt ég mér því í léttu rúmi liggja, hvort þessu verður vísað til nefndar eða menn telja, að þetta muni nægja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 112. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 1008).

---

90. Eignarnám lóðarréttinda fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku (þmfrv., A. 594).

Á 87. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt að tilhlutun hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps og fjallar um að taka leigunámi landspildu á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.
Nánari atriði þessa máls eru þau, að árið 1896 var „Gudmans Efterfölgere" á Akureyri leigð landspilda úr Brimnesslandi við landamerki Hornbrekku, 60 faðmar á lengd og 20 faðmar á breidd. Síðar er þessu breytt í viðbótarsamningi, þannig að 20×20 faðmar þessarar lóðar eru teknir af öðrum enda og bætt við hinn. Talið er, að þarna sé heppilegur staður fyrir dráttarbraut.
Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps telur nauðsynlegt að fá þessa landspildu, en ókleift hefur reynzt að komast að viðunandi samningum við eigendur. Ég mælist til, að þessu verði flýtt sem auðið er og vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 594, n. 650).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verið samþ. með þeirri einu breyt., að framkvæmd leigunámsins fari eftir l. nr. 61 1917. Í frv. stendur „eignarnám" í stað „leigunám", og vil ég líta á það sem prentvillu. N. mælir með, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 650 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 678).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88., 89., 90. og 91. fundi í Ed., 14., 15. og 16. des., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 109., 110., 111. og 113. fundi í Ed., 23., 25., 26. og 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Ed., 30. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 678, n. 921).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Mál þetta er komið frá hv. Nd. og var flutt þar af hv. 2. þm. Eyf. eftir beiðni þáv. hreppsn. Ólafsfjarðarhrepps.
Við athugun á málinu, sem allshn. lét fara fram, kom það í ljós, að hér var raunverulega ekki að ræða um leigunám, heldur um eignarnám á leigulóðarréttindum og ef til vill á nokkrum mannvirkjum á lóðinni.
N. hefur gengið úr skugga um, að Ólafsfjarðarkaupstað er nauðsyn á að fá yfirráð yfir þessum leigulóðarréttindum vegna hafnargerðar í héraðinu, og hefur fengið staðfestingu á því hjá hæstv. samgmrh. Einnig hefur n. fengið upplýsingar um, að það hafi verið leitað samkomulags við eigendur

lóðarréttindanna um kaup á þeim, en borið svo mikið á milli, að þeir heimtuðu meir en þrefalt það verð, sem hreppsnefndin taldi sanngjarnt fyrir þetta.

N. leggur því til, að samþ. verði að heimila Ólafsfjarðarkaupstað að láta fara fram eignarnám á þessum lóðarréttindum, en telur þá sjálfsagt vegna hagsmuna þeirra, sem lóðarréttindin eiga, að kaupstaðurinn sé jafnframt skyldaður til þess að taka eignarnámi þau mannvirki, sem vera kunna á lóðinni, ef eigendur óska ekki frekar að flytja þau.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Eins og getið er um í nál. og sést reyndar í samningnum, sem prentaður er á þskj. 594, þá er lóðinni ekki alveg rétt lýst, og í samræmi við það leggur n. til, að breyt. verði gerð á lýsingu lóðarinnar, og einnig er um eignarnám að ræða í stað leigunáms, og er 2. brtt. afleiðing af því og fjallar um, að fyrirsögn frv. verði breytt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni.

Gísli Jónsson: Mig langar aðeins í sambandi við afgreiðslu þessa máls að spyrja um, hvort heimild sú, sem hér um ræðir, sé ekki í hafnarl. Ég veit ekki betur en að í þeim l. sé eignarnámsheimild almennt. Vildi ég benda á, að ef þau ákvæði eru í hafnarl., er óþarfi að vera að samþ. þetta frv. hér.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Ég vil bara benda hv. þm. á, að þetta er eignarnám á lóðarréttindum, en lóðin sjálf er eign kaupstaðarins.

ATKVGR.
Brtt. 921,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 921,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamærum Brimness og Hornbrekku.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 994).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 116. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1017).

---

91. Útsvör (frv. allshn. Ed.).

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör** (þmfrv., A. 629).

Á 86. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Allshn. hefur flutt þetta frv. samkvæmt beiðni hæstv. félmrh., og fylgir því ýtarleg grg., og læt ég því að mestu leyti nægja að vísa til hennar. Frv. er ýtarlega athugað og undirbúið af bæjarstjórn Ísafjarðar og borgarritaranum hér og einnig af hæstv. félmrh. og mér, og er það álit þessara aðila, að það mundi bæta fyrir innheimtu útsvara, ef frv. þetta væri samþ. Þetta frv. er fyrst og fremst um það að færa gjalddaga útsvara fram á árinu, og kannast menn við þetta, því að þetta er í raun og veru staðfesting á tveimur lagafrv., sem Alþ. hefur samþ. undanfarin ár og valdið hafa deilum milli mín og hv. þm. Barð. Reynslan sýnir, að greiðsludögum þarf að fjölga á útsvörum, og er það hentugra fyrir almenning að hafa greiðslurnar fleiri og því ekki eins háar í hvert sinn. Ég legg ekki til, að frv. fari í n., en legg þó eigi á móti því, ef það er ósk deildarmanna. Ég hef þá gert grein fyrir frv. og vona, að það fái fljóta afgreiðslu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil taka það fram, að mér finnst undarlegt, ef flýta skal svo afgreiðslu þessa máls sem hér er lagt til. Sú athugun, sem fram hefur farið á þessu, er einungis af hendi annars aðilans, og þá á hinn aðilinn eftir að rannsaka það. Ég legg því til, að frv. þetta verði sent Vinnuveitendafélagi Íslands til umsagnar. Hér er verið að leggja allþungar skyldur á herðar atvinnurekendum, sem krefjast mikils starfs og geta auk þess valdið deilum milli vinnuþiggjenda og veitenda.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég sendi þetta frv. til allshn. eftir að það hafði verið ýtarlega athugað. Þetta er einungis staðfesting á brbl. og getur því ekki komið mönnum ókunnuglega fyrir sjónir. Ég hef haft með höndum innheimtu útsvara hjá allmörgum mönnum og hef eigi orðið var við, að það vekti deilur eða erfiði, og tala ég af reynslu sem forstjóri stórs fyrirtækis. Ég tel því, að eigi komi til mála að senda frv. þetta til umsagnar út í bæ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ræða hæstv. ráðh. staðfesti það, sem ég sagði, að þetta mál er aðeins undirbúið af öðrum aðilanum, og það er rangt. Ég undrast það, að hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði ekki aukna vinnu í för með sér fyrir fyrirtækin, og hlýtur slíkt að vera sprottið af vanþekkingu. Ég þekki þetta ekki síður en hæstv. ráðh.; ég hef haft með höndum umfangsmikinn atvinnurekstur og veit, hvílíka vinnu þetta útheimtir allt árið. Ég legg því eindregið til, að þetta verði sent hinum aðilanum til umsagnar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég skil ekki þann úlfaþyt, sem þetta

hefur valdið hjá hv. þm. Barð. út af þessum l., sem þegar hafa gilt í tvö ár, og það hefur ekki verið kvartað undan þessu enn. Hér er eigi um neinar nýjar skyldur á vinnuveitendur að ræða.

Hv. þm. Barð. var að tala um að tryggja einhliða rétt. En það er ekki hægt að tala um slíkt, þegar verið er að tryggja það, að menn greiði skatta og skyldur til hins opinbera. Ef verið væri að tryggja einstökum atvinnurekendum einhvern rétt, þá væri hægt að tala um það. En að tala um einstaklingsrétt í þessu sambandi, þó að menn borgi það, sem þeim er gert að skyldu að greiða til almennra þarfa, nær ekki nokkurri átt. Út af því, sem sagt var áðan, vil ég segja það, að ég held, að það sé sagt algerlega út í loftið, að atvinnurekendur sætti sig ekki við þetta fyrirkomulag, sem þeir hafa sætt sig við, og hafa innheimt skatta til ríkissjóðs síðan 1924 og frá enn þá eldri tíma. Og ég fæ ekki skilið, að skattar til sveitarsjóða eigi að hlíta nokkuð öðrum lögum eða að vera réttlægri hvað innheimtu snertir heldur en skattar til ríkissjóðs. Hvort tveggja eru þetta skattar til almennra þarfa, og það er ekki hagsmunamál einhvers einstaks í sveitarfélaginu, heldur sveitarfélagsins í heild. Ég teldi það mjög óvanalega aðferð, ef farið væri að vísa máli, sem n. hefur flutt, til n. aftur, þó að hins vegar n. mundi taka velviljaðri beiðni vel um að athuga málið á milli umr. Hitt er vitanlegt, að ef þetta frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi, þá mun óhjákvæmilegt að setja hér brbl. En satt að segja er það hálfhlálegt að setja brbl. um þetta efni í staðinn fyrir, að sett væri ákvæði í útsvarsl. með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar er fengin í framkvæmd þessarar innheimtu.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég get mjög dregið úr máli mínu, þar sem þetta hefur verið rakið af hæstv. ráðh. En ég vil benda hv. þm. Barð. og öðrum dm. á, að það hvílir á algerum misskilningi, að með þessum l. eða með l. um fjölgun greiðsludaga, þegar þeir voru ákveðnir fyrir fram, áður en búið var að jafna niður, væri lögð nokkur ný skylda á atvinnuveitendur um að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna. Sú skylda er nú þegar í l. og var í l., áður en þessi l. voru sett á árinu 1943 og fyrri hluta þessa árs. Það er vikið að því sama í þessu frv., og það eru gerð um það skýrari og heillegri ákvæði en þegar eru, en þau fara eingöngu í þá átt að samræma fyrri l. við þau fyrirmæli, sem eru í skattareglugerðinni varðandi innheimtu ríkisskatta. Svo að að því leyti er ekki heldur um neina nýjung að ræða. Það má segja, að nýjungin, sem hér er á ferðinni, er að lögfesta til frambúðar það atriði, sem við vitum, að hv. þm. Barð. hefur ætíð verið mikið á móti, að menn séu skyldaðir til þess að greiða hluta af útsvörum sínum, áður en búið væri að ákveða endanlega útsvarsupphæðina. Það má skoða þetta sem afgert deilumál hér í hv. d., þar sem deildin hefur hvað eftir annað samþ. þetta með yfirgnæfandi meiri hluta atkv., og reynslan hefur daglega skorið úr því, að þetta ákvæði er heppilegt. En vegna þeirrar almennu andúðar, sem hv. þm. Barð. hefur sagt, að væri gagnvart þessu atriði, hef ég beinlínis beðið starfsmenn bæjarins að fylgjast með því og láta mig vita, ef þeir yrðu varir við mikinn kurr hjá greiðendum, og mun það aðeins hafa komið fyrir, að maður og maður, eða samtals í 3—4 tilfellum, léti í ljós óánægju, en allur þorri manna lætur beinlínis í ljós mikla ánægju yfir þessu og telur það mjög hagkvæmt fyrir gjaldendur og bæjarfélagið í heild. Varðandi það, að það sé verið að íþyngja atvinnurekendum með þeirri skyldu að greiða fyrir innheimtu opinberra gjalda, sérstaklega útsvara, þá vildi ég benda hv. þm. Barð. á, að því fer mjög fjarri, að þetta sé rétt, vegna þess að ef útsvör hjá launþegum og smærri gjaldendum greiðast ekki, þá er ekki nema eitt ráð til þess að bæta það upp, og það er að hækka útsvarsbyrðina á þeim stóru gjaldendum, sem hægt er að ganga að með einfaldara móti, þeim, sem hafa miklar tekjur og miklar eignir, sem hægt er að ná í. Það er þess vegna, ef svo mætti segja, beint hagsmunamál þessara aðila og hagsmunamál þeirra umfram aðra menn, að haldið sé uppi skipulegri innheimtu, svo að gjöld innheimtist hjá öllum þeim fjölda manna, sem oft hefur gengið illa að ná til nema fyrir milligöngu atvinnurekenda.

Ég held þess vegna, að það sé öllu meira áríðandi, að hv. þm. Barð. taki upp sína afstöðu til endurskoðunar en n. fari að fjalla um þetta á ný.

Hv. þm. Barð. var að tala um, að endurskoða þyrfti útsvarslöggjöfina, og er þá enginn annar vandi fyrir hv. þm. en að koma með frv. um það eða skora á ríkisstj. að taka slíka endurskoðun upp. En ég vil þó benda á það, að hér er á ferðinni frv. um breyt. á útsvarsl., og mun þá hv. þm. geta, í sambandi við það mál, sem nú er í n., tekið það til athugunar. Til þess er nægilegur tími, jafnvel þótt þetta frv. gangi greiðlega fram. Það er ákaflega leitt að þurfa að hraða þessu máli svo, að menn geti ekki áttað sig á því, en ég hygg, að slíkur starfsmaður sem hv. þm. Barð. er muni geta það, ef venjulegur tími líður á milli umræðna.

Ég verð að taka undir með hæstv. ráðh., að það er alveg einstök aðferð, ef vísa á máli aftur til n., sem n. hefur flutt. Hitt skal játað, að n. hefur ekki grandskoðað þetta frv., ekki einstakir nm., en ég get sagt fyrir mig, að ég skoðaði það rækilega og geri það eindregið að mínum till. Frv. hefur fengið óvenjulegan góðan og ýtarlegan undirbúning áður en það var lagt hér fram á þingi. Ég vil þess vegna fallast á þá till. hæstv. félmrh., að málið verði látið ganga til 2. umr.; allshn. getur þá athugað málið, eftir því sem efni standa til, milli 2. og 3. umr., sérstaklega þegar á það er litið, að frv. er ekki komið nema til fyrstu umr., og þá hefur hv. þm. Barð. tíma til þess að athuga það og flytja brtt. Hinu get ég lýst yfir, að þó að frv. fari til allshn., þá beiti ég mér á móti því, að það verði sent út í bæ til umsagna, enda eru þar engar nýjar kvaðir á atvinnurekendur, sem gætu réttlætt það að tefja málið með því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 9:2 atkv.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og hv. form. allshn.,

að málið skyldi ekki tafið. Ég hafði ekki óskað að vera með við atkvgr. Ég mun nú ekki verða á móti málinu, en fylgja því við atkvgr., ef þannig stendur á í deildinni, að þess sé þörf, til þess að það komist í gegn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 91., 93. og 96. fundi í Ed., 5., 8. og 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 629, 713, 753).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég hef í sjálfu sér ekki mikið um þetta frv. að segja að svo stöddu, allra sízt áður en hv. þm. Barð., sem borið hefur fram allmargar brtt., hefur tekið til máls. Ég mun út af fyrir sig ekki ræða hans brtt. á þessu stigi málsins. Annars hefur mér skilizt, að það sé í raun og veru óaðgengilegt að fallast á nokkra þeirra, nema brtt. við 3. lið b., að orðin „og styrktarfjár" í 1. mgr. b-liðar falli niður. Mér finnst það sanngjörn till., og ég fyrir mitt leyti mæli með henni. Till. allar eru misjafnar í eðli sínu, en fara allar meira og minna í þá átt að gera þau fyrirmæli, sem hér voru sett, þýðingarlítil. Og sérstaklega, ef megintill. hv. þm. Barð. verður samþ., þá er tilgangi þessarar lagasetningar alveg eytt. Varðandi eitt atriði þessara till. hans, vil ég þó drepa á það, að ég hef borið fram brtt. við 29. gr., a-lið: Upphaf orðist svo: „Kaupgreiðendur ábyrgjast eftir kröfu sveitarstjórnar, að útsvarsgjaldendur" o. s. frv. Það er hægt að fallast á eitt meginatriði brtt. hv. þm. Barð. a. m. k. varðandi þann lið, og skilst mér, að það ætti að geta orðið til samkomulags. Það er sanngjarnt, að ef kaupgreiðendur eiga að ábyrgjast útsvar, þá séu bornar fram kröfur um það, eins og um getur í þessari brtt. minni.

Ég mæli með því, að frv. verði samþ. með þessari brtt., sem ég gerði, og þessum brtt. hv. þm. Barð., sem ég gat sérstaklega um.

Gísli Jónsson: Ég skal vera stuttorður. Ég verð að lýsa afstöðu minni vegna þeirra mörgu brtt., sem ég hef flutt á þskj. 713. Það, sem frv. þetta fer fram á, er það, hvort eigi að lögfesta það að leggja á útsvar, áður en það er fallið undir greiðslu, og mér hefur skilizt, að það væri gert vegna þess, að hægara sé að fá jafnari greiðslur með því móti en ella, og þegar hv. 6. þm. Reykv. upplýsir, að menn séu glaðir yfir þessu, þá hygg ég, að það sé réttur skilningur, að menn séu glaðir yfir því að mega jafna þessu í 10 greiðslur, en ekki yfir hinu að hafa orðið að greiða þetta fyrir fram. Ég hélt, að það væri orðið samkomulag um þessa brtt., þannig að í stað þess að greiða fyrir fram eins og gert er ráð fyrir í 1., þá mætti ákveða vissa greiðsluupphæð 1. hvers mánaðar. Kæmi þetta í sama stað niður fyrir bæjar- og sveitarfélög að öðru leyti en því, að þau yrðu að bíða 3 mánuðum lengur eftir greiðslum heldur en þau gera nú. Þetta er sanngjörn till. En nú hefur hv. 6. þm. Reykv. lýst því yfir, að hann gæti ekki fallizt á þetta, og harma ég það. En verði þessi till. mín felld, hef ég flutt varatill. við hana, að í stað orðsins „helmingi" í 1. málsgr. a-liðar komi: 40%. Það er einnig þarna undir a-lið sömu gr., að í stað orðanna „meira en álagt útsvar" komi: meira en honum bar. — Ég skal ekki dvelja við það, en ég sé ekki, hvers vegna á að ganga svo mjög á rétt skattþegnans, að hann eigi ekki kröfu á endurgreiðslu á vöxtum af því fé, sem hann er búinn að greiða samkvæmt l. Hann á eins mikinn rétt á því eins og bæjarsjóður á rétt á því, sem hann fær of seint greitt. Þetta eru að vísu smámunir fyrir hvorn aðila, en það er ekki hægt að hafa samkomulag um þessi mál, ef annar aðilinn fer alltaf það, sem hann getur komizt, og metur aldrei sanngirni eða réttlæti hins aðilans, þó að hann standi undir öllum þessum greiðslum. Vona ég, að hv. 6. þm. Reykv. fallist á, að þetta verði lagfært. Þá er 29. gr.; þar hef ég lagt til, að rétt væri að halda eftir af kaupi útsvarsgjaldenda. Mér finnst, að hér sé gengið langt í því að koma réttinum yfir á þriðja aðilann, sem ekki kemur þetta mál neitt við. Hann á að ábyrgjast greiðslur, og það er hægt að beita lögtaksrétti gagnvart þeim aðila, sem á að sjá um greiðslurnar. Það er ætlazt til þess, að kaupgreiðandi beri ábyrgð á þessu eins og sínu eigin útsvari; og þar finnst mér gengið svo langt, að það komi ekki til mála, að slíkt sé lögfest. Í sambandi við þetta vil ég benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að hann minntist á þetta við fyrri umr., að þetta væri sami réttur og ríkissjóður hefði til þess að innheimta ríkisskattana, en það er ekki rétt. Þessi réttur er ekki í skattal.; hann er settur í reglugerð, sem ráðuneytið hefur gefið út, og enginn dómur hefur fallið um það, hvort reglugerðin er nánari takmörkun laganna sjálfra. Ég hef athugað þetta og borið það undir lögfræðinga, og þeir telja enga sönnun fyrir því, að dómur mundi falla á þá leið, að menn væru skyldugir til að ábyrgjast slíkar greiðslur, eins og hér er ætlazt til. En ef þetta verður samþ. hér, horfir málið öðruvísi við. Ég skal ekkert um það segja, hvort ástæða hefur þótt til þess að fara í mál út af þessu, en ég segi fyrir mig, að ég vildi gjarnan fá dómsúrskurð um þetta, og ég tel, að það fari í bága við skattalög frá 1935. Það er tekið fram síðar í l., að þessi ábyrgð geti skapazt á hendur kaupgreiðanda fyrir smáyfirsjón starfsmanns, t. d. ef hann hefur ekki tilkynnt, hvenær starfsmaður hefur farið. Ég sé ekki annað en þess háttar vanræksla geti leitt til þess, að kaupgreiðandi verði að setja upp viðtæka vátryggingarstofnun til þess að tryggja sig gagnvart slíkum áföllum að greiða meginið af þeim sköttum, sem kaupþegar ættu að greiða og bæri skylda til að greiða, ef þessi ákvæði verða ekki sett í l. Hv. 6. þm. Reykv. viðurkenndi, að hann gæti fallizt á, að b-liður yrði samþ., en síðan hef ég lagt fram brtt. um, að liðurinn falli niður, enda er vafasamt, að hann fái staðizt í lögum. Svo er e-liður 29. gr., að á eftir meginmáli e-liðar komi: og ber sveitar- eða bæjarstjórnum að hafa ákveðið hlutföllin í kröfu sinni. Ég tel eðlilegt, að ekki sé raskað því, sem ætlað er að ná með l., í meginatriðum. Svo kemur, að síðari málsl. f-liðar falli niður. Ég verð að segja,

að það er ákaflega hart að gera kaupgreiðanda ábyrgan fyrir útsvarinu, af því að hann hefur ekki lesið þessa auglýsingu eða hlustað á hana í útvarpinu. Ég veit ekki, hvort þessir menn hafa gert sér það ljóst, hve umfangsmikið það er að greiða kannske millj. kr. á ári í kaupgreiðslur til kannske 5—10 þús. manna. Það er lagt svo mikið starf á hendur þessum mönnum, að þeir verða að setja upp sérstaka skrifstofu, ef þeir eiga ekki að verða fyrir þungum búsifjum af þessum ráðstöfunum. Ég sé ekki annað en það sé hægt að gera þetta miklu einfaldara án þess að bæjarsjóður tapi nokkru. Síðan hef ég lagt til við g-lið, að í stað orðanna „samkvæmt d- og e-lið" og út þann málsl. h-liðar komi: samkvæmt d- og e-lið og tilkynna sveitarstjórn, að svo hafi verið gert, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi. Skal upphæðin handbær til útborgunar, hvenær sem sveitarstjórn vitjar þess á útborgunartíma kaupgreiðanda. — Ég sé ekki, hvers vegna ekki er hægt að ganga inn á þessa breyt. Hvað er hér á ferðinni? Treysta sveitarstjórnir sér ekki til þess að láta sækja útborganir þær, sem kaupgreiðandi á að gjalda? Ætla þær að þvinga kaupgreiðendur, þegar þeir eru búnir að innkalla féð, til þess að skila fénu, og í næsta skipti á hann að fá að greiða dráttarvexti af því, ef hann uppfyllir ekki þessi skilyrði? Andi l. er sá að ganga á rétt kaupgreiðenda, og það er ómögulegt að fá leiðréttingu á því. Ég get t. d. ekki skilið, að það geti valdið erfiðleikum fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur að senda sína innheimtumenn til þess að taka þetta gjald á útborgunartímum viðkomandi fyrirtækis að öðru leyti en því, að það er vitanlega auðveldara að láta færa sér þetta inn á borðið. Andi laganna er ekki þannig, **að það sé talið nauðsynlegt**, að þessir aðilar þurfi að hafa fulla samvinnu til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Viðvíkjandi h-lið hef ég lagt til, að á eftir orðunum „svo sem segir í i-lið" í k-lið 4, falli niður, en í stað þeirra komi nýr málsl., er orðist svo: Þá skal hann greiða 100—500 kr. sekt, ef sannað er, að vanræksla hans hafi bakað sveitarsjóðnum tjón. Ég get fellt mig við það, ef af einhverra aðila hálfu eru ekki uppfyllt landslög, varðandi það að greiða sektir, en það er sitthvað, hvort maður á að greiða sekt eða hvort hann er sektaður þannig, að fyrirtæki hans gæti orðið gjaldþrota fyrir slíkar vanrækslur, en það væri sannarlega ekki til hags fyrir bæjarsjóð. Ef þessu væri beitt, væri það bara til að spilla samkomulaginu milli þessara aðila. Síðan hef ég lagt til við 3. gr., að hún orðist þannig:

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, skal eftir því, sem unnt er og lög þessi mæla fyrir um, aðstoða bæjar- og sveitarstjórnir við innheimtu útsvara, enda sé honum heimilt að reikna 4% innheimtugjald af því fé, sem hann þannig innheimtir. — Það er nauðsynlegt, að þetta sé gert með fullu samkomulagi. Nú er ég ekki að setja þetta 4% innheimtugjald til þess að auðga þann, sem innheimtir þetta gjald, heldur set ég það til þess, að viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir kasti ekki frá sér skyldum sínum til þess að spara sér þennan greiða. Það er ekki nema sanngjarnt, að innheimtumaðurinn fái þetta í innheimtulaun. En þetta ætti að vera trygging fyrir því, að þeir menn geri skyldu sína við innheimtuna, en kasti ekki skyldunni á hinn aðilann. Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir því, ef hv. 6. þm. Reykv. getur ekki fallizt á þetta atriði, þó að það sé eitthvert fjárhagslegt atriði fyrir bæjarfélagið, því að það þarf ekki að hugsa til þess að geta innheimt 15—20 millj. án þess að bera einhvern kostnað af innheimtunni. Ég vil því fastlega mælast til þess, að n. í heild geti fallizt á, að þessar brtt. verði samþ. Ég vil svo að síðustu leyfa mér að geta þess, að ef málið hefði ekki verið lagt fram af n., að mér skilst til þess að fyrirbyggja, að málið fengi meðferð í n., eins og venja er, hefði ég borið fram viðtækar brtt. við fyrri kafla l., en það mun ég ekki gera við þessa umr., sú brtt. þarf að koma til umr. á Alþ., áður en þessi l. fara úr þinginu. Mun ég því ekki tefja málið hér með þeirri brtt., heldur koma henni á framfæri í Nd., og er það viðurkenning til hv. 6. þm. Reykv. fyrir þá nærgætni, sem hann sýndi með því að vilja tala við mig um málið í n. Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar og mun ekki taka aftur til máls nema sérstakt tilefni gefist til.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Það er tiltölulega lítið í ræðu hv. þm. Barð., sem gefur mér tilefni til þess að halda uppi löngum umr. Hann hefur á þessu nokkuð aðra skoðun en ég, og er ekkert við því að segja, og flytur hann brtt., og stafa þær af þeim ólíku sjónarmiðum, sem eru okkar á milli. Hann talaði um óeðlilega meðferð mála; þetta frv. er að rauninni stjfrv., en ekki frv. n., og er flutt að tilhlutun hæstv. dómsmrh. og undirbúið að tilhlutan hans, og ég held, að það sé komið frá bæjarstj. Ísfirðinga. Síðan hefur það verið nokkuð athugað af bæjaryfirvöldum Reykjavíkur og loks lagt fram af n. eftir beiðni hæstv. dómsmrh. Það, sem okkur hv. þm. Barð. og mig greinir á um, er aðallega þetta, að hann talar um þær miklu skyldur, sem lagðar séu á herðar kaupgreiðanda. En sannleikurinn er sá, að kaupgreiðandi gerir það langmest sjálfs sín vegna að greiða fyrir því, að þeir, sem kaup eiga að fá, greiði gjaldið, vegna þess að ef ekki næst lögmæt útsvör af þessum gjaldendum, þá er óhjákvæmilegt, að útsvarsbyrði hinna stærri fyrirtækja og fastlaunafólks verður þeim mun stærri, og þó að það þyki nokkuð óréttmætt að leggja skyldur á menn til þess jafnvel að fara eftir almennum auglýsingum um að tilkynna innheimtumönnum á bæjarskrifstofunni, hverjir eru hjá þeim í störfum, og þeir fái ekki önnur fyrirmæli um það en munnlegar, almennar tilkynningar, þá er hér um að ræða, hvort kaupgreiðendur vilja heldur hjálpa til þess, að þetta fólk borgi útsvar af kaupi sínu, eða taka á sig greiðslur á þessu sjálfir, því að þetta er oft og tíðum fólk, sem dvelst skamman tíma í sveitarfélaginu við vinnu. Ég held, að það sé miklu skynsamlegra af hálfu kaupgreiðenda að hafa samvinnu um þetta heldur en að láta þetta vera eins og það var í mörg ár hér í Reykjavík, að hér voru þúsundir gjaldenda, sem enginn henti reiður á og ekki fékkst einn eyrir frá. Þetta hefur mikið batnað eftir að það tókst að koma á samvinnu kaupgreiðenda og sveitarfélagsins, sem sett var inn með því lagaboði, sem hér hefur verið sett. Ég held þess vegna, fyrst kominn er á fastur þáttur í þessum

málum, og ef menn vilja láta sér annt um hagsmuni atvinnurekenda og kaupgreiðenda, en hv. þm. Barð. heldur aðallega uppi andófi gegn því hér, þá sé bezt að halda því áfram, vegna þess að í sjálfu sér er ekki verið að spyrja um greiðslur á ábyrgð atvinnurekenda, heldur útsvarsskyldu þessara smærri gjaldenda, og þeim útsvarsskuldum verður ekki fullnægt nema með þessari samvinnu. Og þó að þessi ákvæði séu nokkuð harkaleg á pappírnum, þá finnst mér sjálfsagt, að þeim verði beitt af hófsemi, enda er það ekki svo, að hér sé um neina einræðisherra að ræða, sem farið geti sínu fram hvernig sem þeim lízt. Hér er um að ræða opinbera trúnaðarmenn sveitarfélagsins, sem eiga yfir höfði sér bæði bæjarstjórnina og svo enn fremur það, að fram fara almennar kosningar fjórða hvert ár, svo að ef þeir hegða sér með öllu ósæmilega, sé ég ekki annað en hér sé tryggilega séð fyrir því, að þetta ákvæði verði haldið. Ég hef svo ekki mikið meira um þessar aths. hv. þm. Barð. að segja, þær mótast út frá okkar mismunandi sjónarmiðum. Ég er sannfærður um, að það sjónarmið, sem ég er málsvari fyrir, er rétt og er ekki aðeins heildinni fyrir beztu, heldur einnig kaupgreiðendum. Hv. þm. Barð. telur ekki réttmætt og er á móti því, að nokkur hluti útsvarsins sé greiddur áður en búið er að fastákveða útsvarsupphæðina í hvert sinn. Þetta er atriði, sem ég hef oft heyrt áður. Alþ. er þegar búið að fallast á þann skilning, sem ég hef gerzt talsmaður fyrir. Þá sagði hv. þm., að það væri hart að lögbjóða það ekki, að bæjarstjórnir væru skyldugar til þess að sækja útsvörin til kaupgreiðenda á föstum útborgunartímum þeirra. En ég get upplýst hann um það, að það er föst venja, ef þess er óskað, að útsvarið er sótt með þessum hætti á þeim tímum, sem kaupgreiðendum hentar bezt, og er sjálfsagt, að eftir þessu verði farið í framtíðinni. En það væri vitanlega óviðeigandi að fara að taka fram í l., á hvaða klukkutíma eigi að sækja þessar greiðslur eða því um líkt, heldur eiga þar aðeins að vera ákvæði um almenna ábyrgðarskyldu. Legg ég svo til, að frv. verði samþ. með þeim tveim breyt., sem ég nefndi í minni fyrri ræðu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég stóð aðeins upp til að mótmæla því, að ég sé að halda fram vörnum til óhagnaðar fyrir kaupgreiðendur, eins og hv. 6. þm. Reykv. hélt fram, því að það næst allt, sem þarf að ná, og miklu betur að mínu áliti, ef höfð er full samvinna og sýnd full sanngirni á báða bóga. Raunar getur nú hv. 6. þm. Reykv. ekki skilið þetta, og við því er ekkert að segja. En svo langt er þó komið með þessu, að hann lýsir því yfir, að nota skuli miklu mildari aðferð við þessa innheimtu, og vill hann þá máske á næsta þingi flytja með mér brtt. í þá átt að lögbjóða þá mildu aðferð til að sjá, hve góð áhrif hún hefur á þjóðina.

ATKVGR.

Brtt. 713,I.1 felld með 9:1 atkv.
— 713,I.2 felld með 10:1 atkv.
— 713,I.a varatill. felld með 9:2 atkv.
— 713,I.b varatill. felld með 9:1 atkv.
— 753 samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 713,I.3.a tekin aftur.
— 713,I.3.b samþ. með 9:3 atkv.
— 713,I.3.c felld með 9:1 atkv.
— 713,I.3.d felld með 9:1 atkv.
— 713,I.3.e felld með 9:1 atkv.
— 713,I.3.f felld með 10:1 atkv.
— 713,I.3.g felld með 9:1 atkv.
— 713,I.3.h. felld með 9:1 atkv.
— 713,I.3.i felld með 9:1 atkv.
— 713,II. felld með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 808).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. án atkvgr.

Á 111. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 808, n. 922, 931, 933).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Allshn. hefur athugað þetta frv. og vill mæla með, að það verði samþ., en þó með nokkrum breytingum.

1. brtt. n. er efnisbreyting frá frv. að því leyti, að n. álítur, að hverri sveitarstjórn sé skylt að tilkynna kaupgreiðendum, hve háa upphæð hver útsvarsgreiðandi skuldi, og geti sveitarstjórn þá krafizt þess af kaupgreiðendum, að þeir haldi eftir af kaupi fyrir þeim upphæðum og skili því fé síðan til sveitar- eða bæjarsjóðs. Sveitarstjórn getur krafizt þess, að vinnuveitendur sendi henni skýrslur um alla starfsmenn þeirra og haldi eftir af kaupi vinnuþiggjendanna, og er því ekki nema eðlilegt, að sveitarstjórn tilkynni, hve háa upphæð hver vinnuþiggjandi skuldi. 2. brtt. er um það, að sveitarstjórn sé skylt að senda kvittanabækur. 3. brtt. fjallar um það, að sveitarstjórn geti og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Hv. 4. þm. Reykv. hefur borið fram brtt. um, að sveitarstjórn beri að taka tillit til, af hvaða ástæðum vangreiðsla á útsvari er til orðin.

Ég get fallizt á þessa brtt.

4. brtt. n. er um að lengja frestinn upp í 6 daga, sem kaupgreiðendur skulu hafa til að skila af sér innheimtufénu. 5. brtt. er aðeins samræmisbreyting. Ég get ekki fallizt á 1. brtt. hv. 4. þm. Reykv., en um 3. brtt. hans get ég verið honum sammála.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta með fyrirvara, því að mér þótti n. ekki ganga nógu langt. Hv. frsm. n.

hefur nú gert grein fyrir brtt., og hef ég þar litlu við að bæta, en þó láðist honum að geta um brtt. á þskj. 931, frá allshn. Og þakka ég hv. frsm. fyrir undirtektir hans við till. mínar.

Um 1. brtt. mína, sem er lítil efnisbreyting, er það að segja, að ég vil, að viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn sé heimilt að skylda kaupgreiðendur til að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með 6 jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febr. næsta ár eftir gjaldárið.

Reynslan hefur sýnt það hér í Reykjavík, að nauðsynlegt er, að útsvörin séu tekin í nógu mörgum skömmtum, svo að ekki safnist fyrir háar upphæðir. Árið 1940 lögðum við til, að gjalddagar yrðu 10, en þá voru þeir ákveðnir 7. En nú er það orðin regla að hafa þá 10, og ég hygg, að þessi regla ætti að verða viðteknari en hún er. Reynslan sýnir, að þessi regla er nauðsynleg, og með því móti koma greiðslurnar örar inn í bæjarsjóðinn.

Um 2. brtt. mína, sem sumir hv. þm. telja varhugaverða, er það að segja, að þegar það var ákveðið, að atvinnurekendur voru skyldugir til að halda eftir af kaupi verkamanna sinna, þá var sleginn sá varnagli, að eigi mætti ganga of hart fram í kröfum um greiðslur útsvara.

Og segir svo í 1. frá 1940, b-lið 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ekki má krefjast útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar", — og enn fremur: „Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að mörg atvik geta orðið til að gera útsvarsgreiðsluna erfiða. Menn hafa jafnvel verið krafðir veikir, og er slíkt ef til vill af vangá, en slík dæmi voru til, og þótti því rétt að hafa þennan varnagla.

Ég held ekki vernd yfir óreiðumönnum, heldur hinum, sem erfitt eiga. Margar ástæður geta valdið því, að útsvör hafi fallið í vangreiðslu, og hef ég nú fallizt á að halda megi eftir ⅕ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓, og vildi ég ekki spenna bogann hærra. Ég hygg nú, að ég hafi lýst því, hvað fyrir mér vakir með brtt. á þskj. 933, því að 3. brtt. talar fyrir sér sjálf, og þurfa þessi lög að liggja á borði hvers atvinnurekanda. N. hefur orðið sammála um brtt. á þskj. 931, varðandi þá menn, sem vinna hjá einum og öðrum. Og var engin regla fyrir því, hve miklu mátti halda eftir af kaupi þeirra, en með þessari brtt. er það ákveðin upphæð, 10 af 100, en þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 kr. Hefur þessi aðferð reynzt vel og gefizt vel að ná þessum hluta útsvara hjá daglaunamönnum. Ég þarf svo ekki að gera frekari grein fyrir þessu, en ég þykist geta úr hópi talað.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég get fallizt á brtt. á þskj. 922 og 931, og hygg ég, að þær horfi til bóta. En ég get ekki fallizt á brtt. á þskj. 933, þó að mér virðist sem flm. hennar, að heppilegt sé að hafa gjalddagana sem flesta, með því að setja það ákvæði inn í l., að það skuli vera ákvarðað við 6 mán. greiðslutímabil, hvort sem gjalddagarnir séu tveimur fleiri eða færri. Mér virðist þessi brtt. hv. 4. þm. Reykv. sé heldur spor aftur á bak, og ég fæ ekki skilið, að þessi hv. þm., með þeim mikla áhuga, sem hann hefur fyrir að hafa dagana sem flesta, skuli vilja orða brtt. á þskj. 933 eins og hann gerir. Þá vil ég segja það, að ég tel, að sá varnagli, sem settur var inn í útsvarslöggjöfina 1941, um að ekki mætti krefjast útsvars af manni, ef tekjur hans nægja ekki til lífsframfæris að dómi framfærslunefndar, hafi við mikið að styðjast. Hins vegar virðist mér sú brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. flytur á þskj. 933, tölul. 2, stefni nokkuð í aðra átt, þar sem sagt er, að ekki megi ganga lengra í kröfu að innheimta útsvar en svo, að viðkomandi útsvarsgreiðandi hafi nægilegt fé fyrir sig og sína að leggja. Og ef það á að vera í öllum tilfellum á valdi þess, sem skuldar sveitarfélaginu, hvort hann hefur nægilegt fyrir sig og sína að leggja, þá er hætt við, að útsvör innheimtist heldur illa, hvort heldur það væri í Reykjavík eða annars staðar. Mér virðist, að ef hv. 4. þm. Reykv. vill slá varnagla eitthvað líkt því, sem hann kom inn í þessa löggjöf 1941, þá þyrfti hann að orða þessa brtt. nokkuð öðruvísi en hér er gert. Og ég tel, að eins og hún er orðuð af hans hálfu, mundi hún beinlínis geta stefnt sveitarfélögunum í hættu, ef menn eiga einir að dæma um það, hvort þeir hafi nægilegt fé fyrir sig og sína að leggja. (GÞ: Þetta eru bara gamlar útsvarsskuldir.) Ég veit það, en þær eiga rétt á sér eins og aðrar, svo framarlega sem möguleikar eru fyrir hendi að greiða þær. Nú virðist mér, að það sé ekki varlegt af þessum ástæðum, sem ég hef nefnt, að samþ. þessa brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., nema hann mundi finna á henni eitthvert annað orðalag, sem ekki beinlínis stefnir sveitarfélögunum í voða, en það er nú svo með sveitarfélögin, að löggjöfin leggur á þau allmiklar kvaðir, bæði um skólahald og ýmislegt, sem þau þurfa að halda uppi í almennings þágu. Og þegar af þessum ástæðum verður að vera nokkurt aðhald í útsvarslöggjöfinni, þannig að sveitarfélögin geti uppfyllt þarfir sinna borgara og staðið við þær skyldur, sem löggjöfin leggur þeim á herðar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Það skal ekki verða langt mál. Hæstv. dóms- og félagsmrh. hefur andmælt brtt. mínum í ræðu sinni. Um athugasemd hans við fyrri brtt. vil ég segja það, að ég hygg, að hann hafi ekki lesið nógu ýtarlega, hvað í frv. felst, þar sem hann vill meina, að ég sé að draga úr fjölgun greiðsludaga. Það eru tvenns konar ákvæði í frv. eins og það er, hvernig eigi að innheimta þann hluta útsvarsins, sem lagður er á eftir áætlun, miðað við fyrra útsvarið, og það eru 4 greiðsludagar á þeim hluta útsvarsins, þ. e. 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní. Þessum greiðsludögum er alls ekki haggað. Svo þegar kemur að innheimtu þess útsvars, sem ekki hefur verið greitt á þessum fjórum greiðsludögum, þá er spurningin, hvað greiðsludagarnir eiga að vera margir; þá vil ég ekki falla frá því, að þeir eigi að vera 6, en þó ekki fleiri en 10 greiðsludagar á útsvarið. En ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi misskilið, hvað í þessu frv. felst, ef

hann heldur, að brtt. mínar dragi úr greiðsludagafjöldanum.

Um hina brtt. vildi ég segja það, að það er algerlega ástæðulaus ótti hjá hæstv. ráðh., að sveitar- og bæjarfélög komist í gjaldþrot, þótt till., eins og hún er, yrði samþ. Hún er aðeins varnagli fyrir of mikilli harðýðgi, sem hægt er að beita, og ég leyfi mér að segja, að beitt hefur verið við innheimtu útsvara, sem ég ekki tel upp hér fyrir hæstv. ráðh., en hins vegar veit um, þar sem hefur verið farið ósæmilega harkalega að við innheimtu útsvara gagnvart einstaklingum. Þessi varnagli vil ég komist inn í lögin.

Ég skal gjarnan verða við ósk hans að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. og umorða hana, þó aðeins á þann veg, að það, sem ég ætlast til með henni, náist, með öðru orðalagi. En það væri einfaldari lækning til þess að fullnægja ósk hæstv. ráðh. að bæta við till.: að dómi framfærslunefndar, — þ. e. a. s. um þarfir einstaklingsins. En til þess að lengja ekki umr., skal ég taka brtt. aftur til 3. umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. 4. þm. Reykv. tók aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 933 undir 2. lið. Ég ætla þá ekki að deila við hann um fyrra atriðið, sem okkur greinir á um, en ég vil þó segja það, að mér var það fyllilega ljóst, hvaða ákvæði felast í frv. um ákvörðun gjalddaga til útsvarsgreiðslu. Ég skil ekki, hvers vegna hv. 4. þm. Reykv., sem helzt vill hafa gjalddagana 10, flytur þá brtt., sem hann er hér með, því að vel gæti verið, að sveitarstjórnir hefðu í upphafi áætlað færri gjalddaga, en vildu síðar á árinu fjölga þeim, en með brtt. hv. 4. þm. Reykv., ef samþ. verður, er útilokað, að sveitarstj. geti síðar á árinu fjölgað greiðsludögunum. Þetta tel ég ákaflega óheppilegt, því að með því að slík ákvæði yrðu samþ., er beinlínis unnið að því að fækka gjalddögunum, en ekki fjölga þeim, eins og hv. 4. þm. Reykv. vill vera láta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 933,1 felld með 15:3 atkv.
— 922,1—3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 931 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 922,4—5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 933,2 tekin aftur til 3. umr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 933,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 952, 963).

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Við 2. umr. þessa máls tók ég aftur aðra brtt. mína á þskj. 933. Mér skildist þá, að það væri aðallega orðalag hennar, sem vekti andstöðu, og því hef ég nú hér breytt orðalaginu, þó að efnið sé það sama, með þeirri brtt., sem ég nú flyt á þskj. 963. Þetta orðalag, sem ég hef nú hér við þennan lið í frv., er nákvæmlega eins og þetta var í l. frá 1940. En til þess að taka af öll tvímæli, þá hef ég sett inn í till., að þetta gildi aðeins e- og f-liðina. En eins og ég tók fram við 2. umr., þá á þetta aðeins við innheimtu eldri útsvara.

Ég hygg, að ég hafi gert nokkuð ljósa grein fyrir því, hvað fyrir mér vakti um það, að þetta ákvæði heldur áfram að standa í l.; og þó að það sé gert nokkru þrengra en áður, vænti ég, að ég þurfi ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði við 2. umr. málsins, og vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á brtt. eins og hún nú er orðuð.

ATKVGR.
Brtt. 963 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 977).

Á 117. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1029).

---

92. Prófessorsembætti Sigurðar Nordals.

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals (þmfrv., A. 671).

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Tilgangur þessa frv. er sá, að einum merkasta andans manni og rithöfundi íslenzkum, sem nú er uppi, verði veitt færi á að sinna störfum sínum það, sem eftir er ævinnar, við sömu kjör og hann hefur notið. Frv. fer fram á það, að þegar dr. Sigurður Nordal hefur látið af prófessorsembætti því, er hann gegnir við Háskóla Íslands, verði honum gefinn kostur á að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í íslenzkum fræðum með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu og ákvæðum l. um aldurshámark opinberra starfsmanna.

Prófessorsembætti Sigurðar Nordals.

Prófessor Sigurður Nordal er nú 58 ára að aldri og hefur starfað í rúman aldarfjórðung við heimspekideild Háskóla Íslands. Þess eru mörg dæmi, að mönnum, er þeir hafa látið af embætti, hafi verið veitt full laun áfram, þegar þeir hafa náð þeim aldri, er l. um aldurshámark opinberra starfsmanna tilskilja; hitt er öllu fátíðara, að fyrir þann tíma sé mönnum veitt lausn frá störfum með fullum launum. Þó eru þess nokkur dæmi, og eins og í grg. segir, eru sérstaklega tveir menn, sem getið er um í þessu sambandi. Annað dæmið var, þegar jarðfræðingnum Þorvaldi Thoroddsen var veitt lausn frá kennarstörfum við menntaskólann og ákveðin full laun áfram, er hann var 44 ára að aldri, en hitt dæmið er um náttúrufræðinginn Bjarna Sæmundsson, þegar honum, 56 ára að aldri, var veitt lausn frá embætti með fullum launum. Var þetta gert með það fyrir augum, að þessir menn gætu helgað vísinda- og náttúrufræðistörfum starfskrafta sína óskipta. Ég ætla, að þó að nokkur ágreiningur muni hafa verið um þessi tvö atriði í öndverðu, þá hafi reynslan sannað, að Alþ. hafi gert hið rétta í báðum þessum málum, — að Alþ. hafi gert rétt að því leyti, að þjóðinni hafi orðið mikið gagn af vísindastörfum þessara tveggja manna, sem urðu miklu meiri en þau hefðu orðið, ef þeir hefðu daglega verið bundnir við kennslustörf.

Með þessu frv. er farið fram á svipað og þau fordæmi, sem ég hef nú drepið á. Prófessor Sigurður Nordal hefur starfað rúmlega aldarfjórðung við heimspekideild Háskóla Íslands, og nú, þegar hann stendur nær sex tugum, mun það vera ósk hans að geta helgað sig óskiptan ritstörfum og fræðistörfum, án þess að þurfa að láta tefjast af daglegum kennslustörfum.

Um þennan mæta og merka rithöfund og fræðimann þarf ekki að fara mörgum orðum, þar sem um er að ræða einhvern kunnasta fræðimann og rithöfund íslenzkan, sem nú er uppi. — Árið 1912 lauk hann magistersprófi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla, og tveimur árum síðar varði hann doktorsritgerð sína um Ólaf helga við Hafnarháskóla. Árið 1918 var hann skipaður prófessor í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands. Síðan hefur honum verið margvíslegur sómi sýndur; m. a. var hann gerður heiðursdoktor við háskólann í Oslo árið 1938 og við háskólann í Gautaborg árið 1941. Enn fremur má geta þess, að árið 1923 var honum boðin prófessorsstaða í norrænum fræðum við háskólann í Oslo, en afsalaði því embætti og hélt áfram störfum sínum við Háskóla Íslands. Þá hefur hann og flutt fyrirlestra víða um lönd, sérstaklega á Norðurlöndum, og hefur oft verið utan heil misseri við að flytja fyrirlestra. Eitt ár var hann við Harvardháskólann í Bandaríkjunum. Hefur honum á þessum ferðum sínum verið mikill sómi sýndur. — Um störf Sigurðar Nordals prófessors skal ég ekki vera fjölorður. Hann hefur skrifað mjög mörg ritverk um íslenzk fræði og menningu, og má m. a. nefna Skýringar við Völuspá, rit hans um Ólaf helga, rit um Snorra Sturluson, hið mikla rit hans, sem hann hefur unnið að á síðari árum: Um íslenzka menningu, sem ætlað er að verði í þremur bindum. Ritstjórn hefur hann haft á hendi fyrir fjöldamörg rit, eins og t. d. Fornritaútgáfuna, og séð um útgáfu íslenzkra fornrita, t. d. Egils sögu Skallagrímssonar, Borgfirðingasagna, Vestfirðingasagna og margra fl. Og auk þessa hefur hann ritað fjölda ritgerða um íslenzk fræði og heimspeki, sem nú eru að koma út í bók, sem nefnist Áfangar. Hér er og um skáld að ræða í bundnu og óbundnu máli. Sigurður Nordal mun vera einn víðfrægasti Íslendingur, sem nú er uppi. Hann sameinar bæði fræðimanninn, skáldið og listamanninn, og ætla ég, að íslenzkri menningu yrði ómetanlegur styrkur að því, ef hann fengi nú óskiptur að helga krafta sína þessu fræðistarfi. Það er ósk vor, að íslenzki Háskólinn megi verða miðstöð norrænna fræða, og það er í því skyni, sem þetta frv. er flutt hér í þessari deild.

Ég ætla, að á þetta frv. megi líta sem höfundarlaun til eins mesta fræðimanns, sem Íslendingar eiga.

Ég vil svo mælast til, að frv. þetta fái skjóta afgreiðslu og verði vísað til 2. umr. og, samkvæmt venju, til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 671, n. 703).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Menntmn. hefur á fundi í gær orðið sammála um, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. þm. N.-Ísf., var ekki viðstaddur á fundi vegna annarra nefndarstarfa og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 105. og 106. fundi í Ed., 18. og 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 671, n. 884).

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Frv. þetta á þskj. 671 er um að veita prófessor Sigurði Nordal lausn frá embætti með fullum launum og öllum þeim réttindum og skyldum, er embættinu fylgja.

Um þetta held ég ekki geti orðið neinn ágreiningur. Verðleikar Sigurðar Nordals eru þjóðkunnir. Jafnframt því að hafa stundað kennslu í norrænu við Háskólann um 25 ára skeið, er hann afkastamikill vísindamaður og rithöfundur og hefur nú með höndum samningu mikilla ritverka um íslenzkar bókmenntir og menningu.

Frv. þetta miðar að því að gefa honum tækifæri til að helga þessu starfi krafta sína óskipta.

Frv. er komið frá hv. Nd., flutt af hv. þm. þeirrar d. og afgreitt frá d. með shlj. atkv. Menntmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það kann að vera komið fram í gögnum málsins, en ég vildi þó spyrja, hvort mál þetta er komið frá Háskólanum, annaðhvort sem ósk frá honum eða sent honum til umsagnar. Ég sé ekki, að það komi fram í Nd.-plöggunum, og vildi fá upplýsingar um það.

Ég vil taka það skýrt fram, að ef Háskólinn hefur lagt til, að þetta form væri haft, mun ég ekki beita mér á móti því, að þessi háttur verði á hafður. En ég vil þó láta uppi, að hér sé um varhugaverða braut að ræða.

Það mun aðeins hafa átt sér stað tvisvar, að mönnum hafi verið veitt svipuð undanþága, þ. e. þeim Bjarna Sæmundssyni og Þorvaldi Thoroddsen. Að því er Bjarna snertir hefur þessi undanþága verið í því fólgin, að hann hefur fengið lausn frá embætti með fullum launum, sínum gömlu embættislaunum. Ég geri ráð fyrir, að svipað hafi gilt um Þorvald Thoroddsen.

Ég mundi manna fyrstur greiða atkv. með því, að Sigurður Nordal fengi á sama hátt lausn frá störfum, þó að hann sé ekki nema 58 ára gamall, og héldi fullum embættislaunum út sitt æviskeið. Ég efast ekki um, að hann mundi með ritstörfum margfaldlega vinna fyrir því fé, sem honum þannig yrði veitt, þótt það sé mikill missir, að slíkur maður hætti kennslu, sem hefur verið allra manna fremstur kennari í sinni grein, a. m. k. síðan Björn Ólsen dó. Og það er vissulega mikil vinna að rita upp allan þann fróðleik, sem slíkur maður hefur aflað sér í löngu starfi varðandi sína fræðigrein.

En ég tel það a. m. k. varhugavert, ef menn eiga að hverfa frá skyldurhliðinni í starfi sínu, en halda réttindum að öðru leyti.

Við skulum ekki láta okkur detta í hug, þó að Sigurður Nordal sé að vissu leyti einstakur maður, að þetta skapi ekki fordæmi. Það er gefinn hlutur, að eftir 10—20 ár mun enginn háskólakennari vilja láta af embætti nema með svipuðum hætti. Og þá er það, hvort hæstv. Alþ. vill fara að velja einstaka menn úr.

En það, sem mér finnst mestu máli skipta, er það, hvort Háskólinn gæti haldið áfram sínu eðlilega starfi, ef svo margir menn hyrfu frá honum, en gætu þó komið inn og haft afskipti af háskólamálefnum, þegar þeim sjálfum sýndist. Þetta getur haft úrslitaþýðingu varðandi ýmis mikilvæg málefni, t. d. fjármál, og er ekki eðlilegt, að slíkir menn hafi þar sömu völd og þeir menn, sem eru þar starfandi enn þá.

Það þykir máske óviðeigandi að tala um þetta hér. Ég er með því, að Nordal fái það fé, sem beðið er um. En við megum ekki láta mat okkar á fagmanni verða til þess að rugla allri embættaskipun manna.

Ég hef í rauninni ekkert meira um þetta að segja á þessu stigi málsins. Ég vona, að orð mín verði ekki misskilin á þann veg, að ég vilji leggja stein í götu Sigurðar Nordals, heldur vildi ég aðeins fá upplýsingar um það, hvort Háskólinn hefur mælt með þessu, því að það kemur þá harðast niður á honum sjálfum, ef hann vill stuðla að því, að þetta fordæmi verði skapað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki tefja mikið þessa umr., en vildi aðeins beina fyrirspurnum til hv. frsm., áður en gengið verður til atkv. um þetta mál.

Ég hjó eftir því, að hv. 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að prófessor Sigurður Nordal mundi vinna fyrir þessum friðindum, sem hann fengi, með ritstörfum. Í sambandi við þetta vildi ég spyrjast fyrir um, hvort það er tilætlunin, ef þessi l. verða samþ., að Háskólinn eigi öll verk Nordals, sem hann kann að rita, meðan hann situr á þessum launum, því að að öðrum kosti hefur hv. þm. hlotið að meina eitthvað annað en hann mundi vinna fyrir því fé. Ég hef ekki skilið þetta svo, en ég vildi gjarnan vita um þetta, áður en gengið er til atkv., því að ef svo er, þætti mér eðlilegast, að því væri bætt inn í l., að Háskólinn ætti þessi verk. En ef svo er ekki, skilst mér, að hér sé verið að setja hann á ákveðin laun sem uppbót fyrir það starf, sem hann er búinn að vinna áður.

Þá vildi ég einnig vita, hvort ætlunin er, að hann fái þessi laun fram að aldurstakmarkinu og komi þá á eftirlaun, eða hvort hann á að halda þessum launum, meðan hann lifir.

Þá hef ég einnig heyrt, að Sigurður Nordal hafi alla tíð haft hærri laun en aðrir prófessorar, að hann hafi beinlínis verið keyptur til landsins. Ég vildi fá upplýsingar um, hvort svo er og hvort ætlunin er að miða við þau laun, sem hann hefur nú, eða laun, sem almennt eru greidd prófessorum við Háskólann.

Um þetta vildi ég gjarnan vita, áður en gengið er til atkv. um málið.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Ég skal taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að ef þetta ætti að verða nokkuð almennt fordæmi, gæti það verið varhugavert. En flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar, að hér standi svo sérstaklega á,

að þetta ætti ekki að þurfa að skapa fordæmi.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. það mig að svara, skal ég viðurkenna, að ég hef ekki fylgzt svo vel með gangi málsins í Nd., að ég viti, hvort þetta er eftir formlegri ósk háskólaráðs. Er það vafalaust eftir ósk Nordals sjálfs, og ég held, að það sé einnig eftir óskum prófessora háskólaráðs, sem hafa talað við þm. Nd.

Að því er snertir fyrirspurnir hv. þm. Barð., vil ég aðeins segja, að sjálfsagt er ekki ætlazt til annars en Nordal fái laun fyrir verk sín eins og aðrir prófessorar, þó að hann láti af embætti.

Að því er snertir aldurstakmarkið, þá stendur hér í 18. gr. frv., að hann skuli fá undanþágu frá kennslustörfum og ákv. um aldurstakmark opinberra starfsmanna.

Sá skilningur, sem kom í ljós í sambandi við þriðju fyrirspurnina, að Sigurður Nordal hefði hærri laun en aðrir prófessorar, er byggður á mesta misskilningi, því að hann hefur sömu laun og aðrir prófessorar við Háskólann. Á 18. gr. fjárl. hefur hann raunar nokkurn styrk, sem e. t. v. hefur átt að skoða sem uppbót á laun hans og mun vera þannig til kominn, eins og hv. þm. vita, að erlendur háskóli sótti mjög eftir að fá hann til kennslustarfa og bauð honum miklu hærri laun. En til þess að missa hann ekki frá Háskólanum hér, hefur hann fengið þessar 2000 kr. sem eins konar uppbót á launin, og get ég ekki séð, að það séu stórir fjármunir, þar sem hann hefur ekki að öðru leyti fengið neinn opinberan styrk fyrir störf sín.

Tel ég, að hæstv. Alþ. gerði mjög rétt með því að verða við þessari beiðni, jafnvel þótt hún væri aðeins komin frá honum sjálfum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Mér sýnist því miður koma í ljós, að þetta mál hafi ekki fengið slíka meðferð sem skyldi, þar sem jafnvel er komið í ljós, að hv. frsm. veit ekki, eftir hvers óskum málið er fram borið, nema hlutaðeigandi manns persónulega, og gefur aðeins lítilfjörlegar upplýsingar um það á skotspónum, hvort Háskólinn hafi haft málið til meðferðar eða ekki.

Ég álít, að hægt væri að afgreiða þetta mál frá d., án þess að bera það undir háskólaráð, ef um það eitt væri að ræða að veita Nordal lausn frá embætti með fullum launum og ekkert annað, þó að það væri ævilangt. Ég man ekki eftir, að neinn Íslendingur hafi fengið slíka löggjöf um sig nema Jón Sigurðsson forseti. En þá kom annar, sem settur er honum heldur hærra. Látum nú vera, þó að menn vilja koma þessu í framkvæmd með löggjöf, en ekki venjulegum fjárlagaákvæðum, eins og venja er til. Þá verður hæstv. Alþ. að gera það upp við sjálft sig. En þegar hæstv. Alþ. ákveður, að maður, sem starfar við ákveðna stofnun, sleppi við þær skyldur, er embættinu fylgja, og geti haldið öllum réttindum innan þeirrar stofnunar eftir sem áður, en þau geta ekki verið falin í öðru en því að hafa afskipti af stjórn Háskólans, þá er um svo mikla misbeitingu að ræða, að ég óska eftir því eindregið, að álits Háskólans verði leitað um það, áður en málið er afgreitt. Mig furðar mjög á því og hef ekki vitað aðra eins afgreiðslu, að n. Alþ. í tveimur d. skuli leyfa sér að afgreiða slíkt mál, án þess að bera það undir Háskólann. Furðulegast þykir mér þó að heyra, að n. í Ed. skuli ekki vita, hvort þetta hefur verið gert eða ekki.

Ég vildi aðeins í vinsemd margbeina til þeirra manna, sem í n. eru, — ekki sízt formannsins, — að málið verði tekið aftur til athugunar í n. og nál. gefið út á ný, að fenginni umsögn Háskólans.

Þá furðar mig einnig á því, sem hv. frsm. sagði, að hér væri um svo einstakan mann að ræða, að ekki yrði með þessu skapað fordæmi. Hann hlýtur þó að muna, að einmitt við meðferð málsins hafði bæði hann og ég talað um að skapa öðrum manni í viðbót sömu kjör, sem væri alveg eins vel, ef ekki betur, að þessu kominn en Nordal. Svo að það er ekki útilokað, að þetta gæti orðið til þess að skapa fordæmi, áður en lyki.

En jafnvel þótt þessu sé sleppt, þá er hér um svo mikið brot á stjórn Háskólans að ræða og svo óvenjulega aðferð í embættaskipun landsins, að ég tel fráleitt, að málið verði afgreitt, án þess að háskólaráð láti uppi álit sitt um þetta.

Vildi ég svo mælast til, að þessari umr. yrði frestað, og skora á hv. n. að fallast á þá meðferð málsins.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég fyrir mitt leyti get fallizt á, þar sem ósk er borin fram um það, að hv. menntmn. skjóti á fundi hjá sér að nýju um mál þetta og leiti á sérstakan hátt þess álits, sem talið er að bresti hér. Mér þykir ekkert óeðlilegt, að þetta hafi verið gert að umræðuefni, og sízt kemur mér einkennilega fyrir sjónir, þótt hv. d. vilji vita öll deili á málinu og þekkja undirstöðu þess. En mér finnst hins vegar ekki nein sérstök ástæða til að fara stórum orðum um, — þau hafa reyndar ekki verið notuð stór —, eða víta n. mjög fyrir að afgreiða málið eins og það lá fyrir og á þann hátt eins og hér er fram komið. Því að vitanlega mælir n. með frv. með höfuðtilliti til menntamannsgildis og verðleika Sigurðar Nordals. Og álitið á þeim manni verður líka aðalmælikvarði hv. d. við atkvgr. um þetta mál. Því hefur verið skotið fram af meðnm. mínum, að þetta væri fordæmi gagnvart öðrum mönnum. Ég vona, að ágætismenn við Háskóla Íslands yrðu sem allra flestir á borð við þennan prófessor. En því minna, sem gengi Háskólans verður, og því smærri menn, sem skipa þar prófessorsembættin, því minni hætta er því samfara að samþ. þetta frv. Þess vegna óska ég, að þessi hætta mætti verða mikil, en ekki lítil.

Það er nú svo, að þessi d. er síðari d., sem hefur þetta mál til umsagnar, því að málið er búið að fara gegnum hv. Nd. og ná samþ. þar. Það gefur því málinu nokkra kjölfestu, enda þótt síðari d. fari skemmra út í málið um allar upplýsingar. Það er því álitið á menntamannsgildi Sigurðar Nordals og verðleikum, sem verður prófsteinn á þetta mál hér í hv. d. og ræður úrslitum um það, hvort frv. verður samþ. eða ekki. — En úr því að beiðni er komin fram um það, að athugað verði, eftir hvaða beiðni frv. þetta sé komið fram, hvort það sé eftir beiðni dr. Sigurðar Nordals eða eftir beiðni háskólaráðs eða hvernig frv. þetta er í heiminn komið, þá get ég verið samþykkur því, að umr. um málið verði frestað til þess að leitað verði þessara upplýsinga.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Ég fyrir mitt leyti set mig ekki á móti því, að upplýsinga sé leitað um þetta atriði hjá háskólaráði.

Að öðru leyti finnst mér þessar umr. heldur óviðfelldnar. Þetta er nú ekki mál þannig vaxið eða flókið, að mér finnist ástæða til þess að saka menntmn. þessarar hv. d., þótt hún leitaði ekki upplýsinga um það, hvers vegna flm. fluttu frv. og hvernig menntmn. hv. Nd. fjallaði um málið, þar sem málið var afgreitt með alveg samhljóða atkv. frá þeirri hv. d. og er í raun og veru þess efnis, að mér finnst, að það hefði verið viðkunnanlegast að afgreiða það gegnum báðar d. hljóðalaust.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Það er að gefnu tilefni frá hv. frsm. n., orðum hans um það, að þessar umr. hefðu verið óviðfelldnar, að ég vildi beina því til hans umsagnar, í hverju það hefði komið fram, að þær væru óviðfelldnar, og af hverju sú helgi stafar, að ekki megi tala um þetta mál eins og önnur þingmál. Á dögunum, þegar talað var hér um norrænudeild Háskólans, taldi þessi sami hv. þm. óviðfelldið að ræða um hana. Nú telur hann óviðfelldið að ræða um þetta mál. Ég beini því til hv. d., hver hnjóðsyrði til dr. Sigurðar Nordals hafi fallið hér við þessar umr. eða hvort nokkur tilraun hafi verið gerð til þess að gera hans veg lítinn eða hvort honum mætti til miska verða nokkuð það, sem í umr. hefur komið fram. Hér er um persónulegt atriði að ræða, og þeir, sem hafa stofnað til þess að flytja þetta mál, hafa einnig stofnað til þess, að um þennan mann yrðu umr. hér á hæstv. Alþ. Þess vegna geta þeir ekki öðrum um kennt, ef þær umr. snúast á annan veg en þeir hefðu kosið. Nú hef ég ekki heyrt eitt einasta orð sagt hér af kala til dr. Sigurðar Nordals. Og ég hef ekki sagt það. Í hverju liggur það þá hjá hv. frsm., þegar hann segir um slíkt mál, sem er stórkostlega persónulegt, að það sé óviðfelldið, að um það verði umr.? Og til hvers heldur hann, að hann sé skipaður í þingn., ef ekki til þess að gefa upplýsingar um mál og athuga þau efnislega? Það er vissulega ekkert smáatriði, hvort á að taka upp þann hátt að skapa embætti, eins og hér er ráðgert, og ætlast til þess, að þm. geti sameinazt um þau með sínum atkv. án þess að athugað sé, hvort það ruglar embættakerfi landsins.

Ég vildi því lýsa furðu minni yfir þessum ummælum hv. frsm. og vonast til þess, að hann segði þá hreinlega frá því, í hverju þær óviðfelldnu umr. hefðu átt sér stað, sem hann gat um, og hvað hér hefði komið fram vansæmandi eða það, sem ekki hefði átt að eiga sér stað. Jafnframt því vil ég vekja athygli hans á því, að skylda okkar þm. er að ræða mál og gera grein fyrir þeim, en ekki eins og hv. frsm. sagði, að starf n. hefði verið, að vegna þess að hv. Nd. hefði afgreitt málið í einu hljóði að lokum, hefði hann ekki talið sér skylt að athuga málið eða kynna sér, hvort frumstæðustu gagna um málið hefði verið aflað.

Umr. frestað.

Á 109., 110., 111., 113. og 114. fundi í Ed., 23., 25., 26., 29. og 30. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 671, n. 884, 966).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég á á þskj. 966 brtt., sem fer inn á það, að á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verði 2. gr. og hljóðar svo: „Þegar dr. Sigurður Nordal hefur látið af kennslu við heimspekideild Háskólans samkv. 1. gr., skal leggja niður dósentsembættið, sem stofnað var við deildina með lögum nr. 66 14. des. 1944."

Þegar rætt var um dósentsembættið, sem stofnað var með þessum l., voru meginrökin fyrir því, að þetta mál næði fram að ganga, að Háskólinn þyrfti að tryggja sér þann mann, sem embættið var stofnað fyrir, og viðurkennt af þeim mönnum, sem mest börðust fyrir málinu hér, að ekki sé þörf á þessum kennslukröftum til handa Háskólanum, heldur sé þörf á að tryggja skólanum þennan sérstaka mann. Það er þegar komið á daginn, að þetta hefur verið megintilgangurinn, því að það er ekki einu sinni búið að samþ. frv. að fullu, þegar borið er fram frv., sem liggur fyrir á þskj. 671, um að dr. Sigurður Nordal skyldi vera leystur frá störfum við Háskólann. Það er undirstrikun á því, að Háskólinn hafi ekki þörf fyrir kennslukrafta sem dr. Sigurðar Nordals, því að annars væri frv. ekki borið fram. Það er því ekki nema eðlileg afleiðing af því, sem hér hefur komið fyrir í þessu máli, að þegar dr. Sigurður Nordal lætur af kennslustörfum við Háskólann, þá sé hitt embættið lagt niður, því að þá er gert hvort tveggja í senn, að tryggja háskólanum þá starfskrafta, sem honum voru tryggðir með þessum l., sem voru samþ. rétt fyrir áramótin.

Ég vænti þess, að þessi brtt. verði samþ.; hún er ekki nema bein afleiðing af þeim rökum, sem menn hafa fært fram fyrir þessu máli, og því er eðlilegt, að þannig sé með málið farið, og þegar embætti dr. Sigurðar Nordals losnar, verði sá maður, sem ætlazt er til, að taki við því, sá maður, sem settur var dósent með l. 1944, færður upp um embætti, annaðhvort í það embætti, sem dr. Sigurður Nordal lét af, eða að annar dósent fari í það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Eftir ósk, sem kom fram hér við umr. málsins fyrir nokkrum dögum, hefur menntmn. þessarar hv. d. sent háskólaráði þetta frv. til umsagnar. Það hafði verið fundið að því hér, að ekki væri leitað umsagnar háskólaráðs um frv. Það barst svar frá háskólaráði strax daginn eftir að við sendum frv. til umsagnar, og er svarið dagsett 29. jan. 1945 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Til svars bréfi hv. menntmn. dagsettu í gær um frv. til laga um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals, leyfi ég mér að skýra frá því, að háskólaráð hefur á fundi í dag samþ. einróma að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt. Virðingarfyllst, Jón Hj. Sigurðsson. Til menntamálanefndar Ed. Alþingis."

Menntmn. hefur, síðan frv. var síðast á dagskrá, athugað það nánar, og ég hef sérstaklega kynnt mér, hvernig frv. er fram komið í Nd. Það er flutt af 4 þm., einum frá hverjum flokki, og 3 af þeim eru í menntmn. Nd., sem flutt hefur fleiri frv. um breyt. á Háskólanum. Frv. er því flutt að frumkvæði þaðan, og ég hygg, að það hafi sérstaklega verið hv. þm. Snæf., og eins og ég taldi víst, að það mundi hafa verið í samráði við dr. Sigurð Nordal. Eins og hv. þm. er kunnugt, er aðalefni þessa frv. að veita dr. Sigurði Nordal undanþágu frá kennsluskyldum og láta hann halda full-

um launum, en gefa honum samt kost á því að vera tengdur Háskólanum og halda því prófessorsréttindum sínum áfram. Við síðustu umr. var sérstaklega fundið að því atriði, að hann skyldi fá lausn frá kennsluskyldum, en halda samt fullum réttindum við Háskólann. Ég hef rætt þetta við form. menntmn. Nd. og einnig við einn af flm., hv. þm. Snæf., og þeir segja, að frv. sé á þennan hátt til orðið vegna þess, að þeir óskuðu eftir því, að þótt dr. Sigurður Nordal fengi undanþágu frá kennsluskyldum, þá fengi Háskólinn að njóta kennslukrafta hans áfram, og einnig hefði hann sjálfur óskað að fá að vera tengdur við Háskólann, nemendur sína og deild, sem hann hefur starfað fyrir með mjög góðum orðstír svo mörg ár. Og þeir töldu einnig, að Háskólanum væri mjög mikill stuðningur að því, að maður eins og dr. Sigurður Nordal væri tengdur Háskólanum. Það, sem sérstaklega var fundið að þessu við umr. hér, var það, að með þessu væri skapað fordæmi, sem ekki væri heppilegt, að prófessor gæti verið leystur frá kennsluskyldum, en njóti samt allra réttinda. Þetta er ekkert einsdæmi; þess eru mörg dæmi við erlenda háskóla, að prófessorum og vísindamönnum séu veittar undanþágur sem þessi og haldi fullum réttindum við Háskólann, þó að þeir sinni ekki kennsluskyldum. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi. Prófessor Georg Brandes hafði um mörg ár réttindi við Kaupmannahafnarháskóla, eftir að hann lét af prófessorsembætti. Ef ekki hefði verið um annað að ræða en dr. Sigurður Nordal fengi undanþágu frá kennsluskyldum, en hefði framvegis full laun, þá hefði verið óþarft að semja um þetta sérstakt frv., þá hefði nægt að setja þetta inn á fjárl. eins og hefur verið gert með tvo aðra prófessora. Frv. er einmitt komið fram og orðað á þennan hátt, vegna þess að flm. töldu það stuðning fyrir Háskólann, að dr. Sigurður Nordal yrði framvegis tengdur honum. Og jafnframt hafði hann óskað eftir því að halda áfram sambandi sínu við nemendur sína og deild. Hins vegar hefur það verið rætt við dr. Sigurð Nordal, hver afstaða hans væri til þess að eiga áfram afskipti um mál og stjórn Háskólans, og hv. þm. Snæf. hefur sagt mér eftir honum, að hann hefði alls ekki hug á því, þegar búið er að leysa hann frá kennslustörfum, að hafa neina íhlutun um stjórn Háskólans.

Til viðbótar þessu vil ég drepa á það, að því var haldið fram hér, að norrænudeildin væri eftir fjölgunina síðustu svo fjölmenn, að hún gæti á þann hátt ráðið tiltölulega meiru en henni bæri í málefnum Háskólans. En í rauninni er það háskólaráð, sem fer með stjórn Háskólans, og það er á fundum háskólaráðs, er öll málefni, sem Háskólann varða, eru tekin til athugunar, en í háskólaráði hefur hver deild, hvort sem hún er stór eða smá, einn mann. Að þessu leyti skiptir það því engu. Sigurður Nordal mun hafa boðizt til þess að gefa yfirlýsingu um þetta atriði, að þrátt fyrir það að hann héldi fullum rétti, eins og greinir í frv., þá mundi hann alls ekki að neinu leyti óska eftir að taka þátt í stjórn Háskólans. Ég ætla því, að með þeirri yfirlýsingu, sem yrði lesin hér upp og prentuð í þingtíðindunum, ætti að vera tryggilega fyrir þessu séð gagnvart þeim mönnum, sem óttast, að afskipti hans af Háskólanum væru ekki vel séð af öðrum deildum Háskólans. Ég held, að menntmnm. allir hér í d. séu sammála flm. um það, að Háskólanum sé mikill stuðningur og vegur að því, að Sigurður Nordal sé framvegis við Háskólann, þó að hann sé undanþeginn kennsluskyldu, á þann hátt, að hann geti haft samband við norrænustúdentana o. s. frv. og verið í ráðum með kennurum að einhverju leyti í sinni deild. Þó að við getum í raun-inni vel skilið, að hv. alþm. geti, þegar þeir líta lauslega yfir frv., fundizt, að þarna væri einstökum prófessor veitt allmikil réttindi, þá býst ég við, ef þeir athuga málið, þá geti þeir fallizt á, að hér sé ekki um neitt hættulegt fordæmi að ræða, og ég segi fyrir mig, og ég held, að ég tali þar fyrir hönd allra nm., að ég held, að við óskum allir eftir, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Mér fyndist það mjög óviðkunnanlegt, ef hv. d. færi að gera brtt. við þetta frv. og reka það aftur til Nd. fyrir smávægileg atriði, sem hér um ræðir, og ekki sízt, ef hæstv. menntmrh. læsi upp, eins og ég býst við, að hann geri, yfirlýsingu frá Sigurði Nordal um það, að hann mundi ekki ætla sér að hafa afskipti af stjórn Háskólans, og fæst þá með frv. það, sem fyrir flm. vakti, að gefa Sigurði Nordal kost á að vera í tengslum við Háskólann áfram og gefa skólanum kost á því að njóta kennslukrafta hans, ef svo stæði á, að hann hefði tíma til þess að sinna þar kennslustarfi og halda fyrirlestra við Háskólann. Viðvíkjandi brtt., sem fram er komin á þskj. 966 frá hv. þm. Barð., um það, að ef Sigurður Nordal lætur af kennslu við heimspekideild Háskólans, þá skuli leggja niður dósentsembætti, sem stofnað var við norrænudeildina með l. nr. 66 1944, trúi ég því varla, að þessi till. sé flutt í alvöru hér á Alþ., það er alveg nýbúið að samþ. að fjölga dósentsembættum við heimspekideild, og það er broslegt að fara að ætlast til þess, að sama þing afnemi embætti, sem það var að enda við að stofna. Auk þess er till. mjög óskýr, því að það var ekki stofnað eitt dósentsembætti við norrænudeildina, heldur tvö, og það verður ekki ráðið af till. hvort dósentsembættanna eigi þá að falla niður, og það er ekkert um það, hver eigi úr því að skera. Ég þykist þess fullviss, að það sé enginn maður hér í hv. d., sem færi að ljá þessari till. atkv. sitt, svo að ég tel ekki ástæðu til að ræða um hana frekar, en vildi þó óska þess, að hv. d. fari ekki að hrófla við frv., heldur sjái sóma sinn í því að samþ. það óbreytt eins og það er flutt og hefur verið afgr. frá hv. Nd.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hv. frsm. minntist á það, að fyrir mundi liggja yfirlýsing frá Sigurði Nordal um það, að hann mundi ekki taka þátt í stjórn Háskólans, þó að þetta frv. yrði samþ. Ég hef hér með höndum bréf frá Sigurði Nordal, sem yrði þá bókað í Alþt., og jafngilti það í rauninni því, að það væri tekið fram í frv., að prof. Sigurður Nordal skyldi ekki taka þátt í stjórn Háskólans, en mér sýnist það ekki koma til mála, eftir að slíkt bréf hefur verið lesið upp, og með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa upp bréfið. Það hljóðar svo: „Reykjavík, 30. jan. 1945. Herra kennslumálaráðherra Brynjólfur Bjarnason. Samkvæmt samtali því, sem ég átti við yður í dag um frv. það um prófessorsembætti mitt, er nú liggur fyrir efri deild Alþ., vil ég bréflega

lýsa yfir því, sem hér fer á eftir: Ef umrætt frv. yrði samþ. og ég léti af föstum kennarastörfum í Háskóla Íslands, mundi ég telja sjálfsagða afleiðingu af því, að ég hætti jafnframt að taka nokkurn þátt í stjórn Háskólans, þar sem ég gæti ekki fylgzt nægilega með daglegum málum stofnunarinnar til þess að hlutast til um þau. Ég mundi ekki mæta á fundum heimspekideildar, nema þess væri sérstaklega óskað, og ekki greiða þar atkv., — alls ekki sækja almenna kennarafundi — og allra sízt taka við kosningu sem deildarforseti og sæti í háskólaráði, þótt þess yrði farið á leit við mig, sem engum mundi líklega til hugar koma. Ég efast ekki um, að þegar núverandi háskólaráð mælti einróma með því, að umrætt frv. væri samþ. óbreytt, hafa þeir fulltrúar allra háskóladeilda, sem í ráðinu eru, meðal annarra forseti lagadeildar, prófessor Ólafur Lárusson, talið háskólann einfæran um að sjá svo til, að af þessu stafaði engin röskun á stjórn hans í stóru eða smáu. Virðingarfyllst. Sigurður Nordal."

Gísli Jónsson: Út af ræðu hv. 7. landsk., sem taldi vafa á því, að till., sem ég flyt á þskj. 966, væri flutt í alvöru, vil ég taka það fram, að það liggur full alvara á bak við till., og er hún byggð á þeim rökum, sem ég færði fram, þegar frv. um stofnun nýs dósentsembættis við Háskólann var hér á ferðinni. Því var margyfirlýst, að þetta væri gert til þess að tryggja Háskólanum ákveðinn mann og til þess að tryggja það, að þessi maður færi ekki í annað starf. Það var fyrst eftir að það var ugglaust, að verið var að stofna þetta embætti, að fram kemur um það ákveðið frv. í Nd. að losa Sigurð Nordal við kennslustörf, því að nú sé búið að tryggja Háskólanum nægilega kennslukrafta. Eftir að sú yfirlýsing er komin fram frá Sigurði Nordal, að hann, þrátt fyrir það að þessi l. verði samþ., muni láta Háskólann njóta kennslukrafta sinna, þá er því síður ástæða til að vera að bæta við einum manni. Enda er það viðurkennt af hv. 7. landsk., að öll þessi rök hafi ekki verið byggð á sannleiksgildi, heldur hafi þau verið færð fram til að kasta ryki í augu þm., og þá horfir málið öðruvísi við. Ef byggt hefði verið á því, sem sagt hefur verið hér, þá var það rökrétt hugsun, að þessi till. yrði samþ., en ef ekki er hægt að samþ. þessa till., þá hefur hv. frsm. annaðhvort farið með röng rök í málinu eða hann hefur ekki viljað trúa því, að þessir menn segðu það satt, að það væri eingöngu til að tryggja Háskólanum ákveðinn mann, að frv. kom fram. Ég vil benda á, að þetta eru rökin í málinu, og þess vegna er till. mín komin fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 966 felld með 10:2 atkv.
2. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 117. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 118. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1030).

---

93. Dósentsembætti í guðfræði.

Á 74. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands (þmfrv., A. 651).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til að halda langa framsöguræðu. Það er öllum kunnugt, að guðfræðideildin hefur búið við sama kennarakost síðan 1911.
Það er og öllum kunnugt, sem til þekkja, að þar hefur einkum verið kennd guðfræði, en hins vegar ekkert, sem lýtur að „praktisku" preststarfi.
Björn Magnússon á Borg hefur tvisvar fengið meðmæli til starfa við guðfræðideildina, og hafa margir óskað, að honum yrði veitt þetta embætti og hlutur hans nokkuð réttur, þótt ég leggi engan dóm á fyrri embættaveitingar. Ég legg til, að málinu verði vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 651, n. 702).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Menntmn. hefur athugað þetta mál og orðið sammála um að mæla með því, að það næði fram að ganga óbreytt.
Einn nm. gat ekki verið á fundi, þegar n. afgreiddi málið, vegna annarra þingstarfa.
Ég skal taka það fram, að það er nokkuð síðan n. fékk þetta mál í raun og veru til meðferðar, því að biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurgeir Sigurðsson, hafði sent n. það fyrir alllöngu með ósk um, að hún stuðlaði að því, að það yrði flutt á Alþ. Hins vegar hefur n. óskað umsagnar frá háskólaráði og guðfræðideildinni. Þessar umsagnir hafa borizt nefndinni og eru birtar með nál. Og að þeim athuguðum og eftir athugun á málinu í heild hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að frv. næði fram að ganga.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um þetta mál, til þess að fleiri hv. þdm. geti tekið þátt í atkvgr. en nú eru mættir hér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:6 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Það var verið að samþ. frv. um að leysa einn kennara Háskólans frá starfi. Ég sé, að það er mikill áhugi fyrir því að gera nokkrar breyt. á kennslu í Háskólanum, einkanlega að auka kennsluna. En svo einkennilega horfir við, að það hefur verið samþ. að leysa frá kennslustarfi kennara, sem ég held, að sé almennt álitinn mjög mikill kennari, og þar að auki hefur hann starfað í þeirri deild Háskólans, sem Íslendingum bæri að leggja einna mesta áherzlu á, að hefði góða kennslukrafta. En á sama tíma er farið fram á, að aukið sé við kennslukrafta í þeirri deild Háskólans, sem lítið er sótt, og það virðist sem áhugi fyrir málefnum hennar sé að fjara út hjá þjóðinni. Margir staðir eru prestslausir, og þeir staðir, sem hafa presta, eru safnaðarlausir. Fjöldinn allur vill ekki koma í þessi hús og hlusta á það orð, sem prestarnir flytja. Ég held, að það sé rangt, ef það vakir fyrir flm. þessa frv., að það þurfi að unga út sem mestu af prestakennurum og prestum vegna hins mikla trúaráhuga þjóðarinnar. Því að það virðist vera svo, að lýðurinn vilji ekki meðtaka orðið. Ég held þess vegna, að það verði mjög árangurslítið, þó að við fjölgum kennurum svo og svo mikið við guðfræðideild Háskólans. Ég held, að það lækni ekki þessa meinsemd, ef það skyldi kallast svo, að það er að dofna yfir guðstrúnni hjá þjóðinni. Ég held líka, að það sé ekki það, sem vakir fyrir flm. þessa frv., heldur hitt, sem tekið er fram í grg. frv., að við stofnum embætti fyrir sérstakan mann. Og ástæðan er sú, að honum var misboðið í embættisveitingu. Það er fjarri mér að láta nokkuð í ljós til andmæla því. Ég hugsa, þótt mig skorti þekkingu til að dæma um það, að þessi maður hafi verið hart leikinn í veitingu dósentsembættis og í báðum tilfellum hafi hann verið vel til þess fallinn að hljóta embættið. En það er alger fjarstæða, að það sé hægt að ganga inn á þá stefnu, að þó að fleiri en einn hæfur maður sæki um embætti og þeim sé veitt, sem síður skyldi, þá eigi að stofna nýtt embætti fyrir þá, sem ekki hljóta embættið. Slíka braut er ekki hægt að fara út á.

Ég vil þess vegna mótmæla því og undirstrika það með mínu atkv., að hæstv. Alþ. sé að gera sig sekt um að fara inn á þessa braut.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, en ég vil þó benda á það, að það sé engin frekja, þó að farið sé fram á það, að fjölgað sé kennurum við guðfræðideild Háskólans. Deildin er framhald af gamla prestaskólanum, og það er elzti embættismannaskóli hér á landi. Frá því að prestaskólinn var stofnaður hafa þar aldrei verið fleiri en tveir kennarar, eða í rauninni þrír, því að þar var haldið uppi heimspekikennslu með aukakennara, en hann hefur talizt til dósenta. Þó að þessu væri breytt nú, þegar við deildina hafa í rauninni verið þrír kennarar, þá sé ég ekki, að gert hafi verið svo vel við guðfræðideild, að þar þurfi að kvarta sérstaklega undan. Hv. síðasti ræðumaður lagði áherzlu á það, að þörfin fyrir fjölgun kennara við guðfræðideild hefði ekki aukizt, og í öðru lagi taldi hann það fjarstæðu, að stofnað væri embætti handa vissum manni, þó að gengið hefði verið framhjá honum við veitingu slíks embættis. En hv. þm. sleppti höfuðatriðinu, þ. e. að guðfræðin er það mikil vísindagrein, að það er ærið starf fyrir fjóra kennara. En sannleikurinn er sá, að guðfræðideildin hefur gengið mjög upp á síðustu árum og nemendafjöldi hefur aukizt, þannig að á síðustu 30 árum hefur ekki verið um neina afturför að ræða í guðfræðideildinni.

Á síðasta ári (1944) útskrifuðust 10 guðfræðingar, og er það með flesta móti, sem hefur átt sér stað. 1943 útskrifuðust ..... Af þessu sést, að það er ekki um neinn flótta að ræða í þessum efnum, eins og hv. þm. vill meina. Hitt er svo annað mál, að það hefur gengið erfiðlega að fá presta til sumra prestakalla, en það er af öðrum ástæðum, kannske sérstaklega vegna þeirra breyttu hátta í sveitum, að erfiðleikar eru á því að stunda bú og fá vinnumenn og vinnukonur til búsins, en það eru aðrar orsakir. Eins og ég sagði áðan, er engin sérstök deila um það í þessu sambandi, hvort viðkomandi maður hafi orðið fyrir ranglæti, en ég legg áherzlu á það, að í þau tvö skipti, sem hann sótti um slíkt embætti, hefur hann verið dæmdur hæfur til þess starfs af öllum þeim, sem um málið hafa fjallað. En höfuðáherzlu leggjum við á hitt, að guðfræði sé það merkileg vísindagrein og kirkjan það merkileg stofnun, að þessi vöxtur við slíka kennslu, nú eftir margra áratuga skeið, sé langt frá því að vera óforsvaranlegur.

Sigurður Kristjánsson: Það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði um þetta mál, er náttúrlega alveg rétt, hvað það snertir, að hér er um vísindagrein að ræða í sambandi við guðfræðikennsluna, en það sannar ekkert um það, að það sé þörf á því eða réttlátt að stofna þetta embætti. Það er vitanlegt, að fyrir nokkrum áratugum voru miklu fleiri kirkjur á Íslandi en nú er, og þá var það svo, að Íslendingar, sem fóru til háskólanáms, höfðu flestir ekki um annað að velja að loknu námi en að verða annaðhvort sýslumenn eða prestar, flestir gerðu sér vonir um að verða prestar. Nú hefur þetta verið fært mikið saman, og þar af leiðandi er nú þörf fyrir færri starfsmenn við kirkjuna en áður. Þess vegna er öfugt að halda því fram, að það muni þurfa fleiri kennara við guðfræðideild nú heldur en áður. Vera má, að þetta hafi ekki verið fullkomið fyrstu árin, og æskilegt væri, að það yrði enn fullkomnara, en í rauninni hefur aldrei verið litið þannig á, að guðfræðinámið ætti að vera sérstök vísindi. Það hefur verið frekar aukaatriði. Ég held, að almenningur í landinu hafi ekki meðtekið kennimennsku prestanna

sem sérstök vísindi, heldur sem trúaratriði, það er einmitt það, sem farið er út í. En það er ekki hægt að neita því, að þeir fáu menn, sem stundað hafa guðfræðinám, vilja hliðra sér hjá því að verða prestar, ef þeir eiga kost á nokkru öðru, þó að það sé ekki annað en að vera skrifstofumenn, svoleiðis að prestaskólinn hefur ekki útskrifað embættismenn fyrir kirkjuna eingöngu, heldur eru það kannske menn, sem vilja ná einhverju háskólaprófi og þykir það þá kannske liggja betur fyrir sér að ná prófi í þessari fræðigrein heldur en öðrum. En hvað, sem um þetta er, þó að guðfræðin sé kannske merkileg vísindagrein, þá er það hins vegar víst, að ekkert embætti krefst minni vísindalegrar kunnáttu til hinnar daglegu starfrækslu en einmitt prestsembættið, sem, eins og ég sagði áðan, hefur verið meðtekið af þeim einföldustu og þeim, sem krefjast minnst af vísindunum, en meira af hugarfarinu.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en ég vildi leggja áherzlu á það, sem ég tel höfuðatriðið í þessu máli, að ég tel það alveg ófært að ganga inn á þá braut að fara að stofna nýtt embætti fyrir þær sakir, að til eru fleiri hæfir menn í þessi embætti en þeir, sem í þeim eru, og jafnvel þó að hæfum mönnum kannske hafi verið misboðið, þegar valið var á milli þeirra manna, sem um embættin sóttu.

Ég er sannfærður um það, að eins og 3 menn gátu annað því að undirbúa menn undir prestsembætti frá því að prestaskólinn var stofnaður, eins geta þeir það nú, þegar prestsembættin eru færri. Þess vegna er ekki þörf fyrir aukna kennslukrafta. En það, sem vakir fyrir flm. þessa frv., er fyrst og fremst það, að þeir vilja veita þessum manni uppreisn, og þeir sjá ekki annað ráð til þess en að leggja inn á þessa óheilbrigðu braut að fara að stofna sérstakt embætti handa honum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, GSv, GTh, HelgJ, PZ, PÞ, SigfS, SG, JörB.

nei: SK, STh, StJSt, ÁkJ, EOl, FJ, GÞ, HarJ, JakM, JPálm, LJós, ÓTh, PO, SB, SEH.

4 þm. (ÞG, GG, IngJ, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

nei: GJ, GÍG, HG, BrB, StgrA.

6 þm. (HermJ, JJ, KA, PM, BBen, EE) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 103., 104., 105. og 106. fundi í Ed., 16., 17., 18. og 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 651, n. 816 og 892, 906).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 906. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Meiri hl. menntmn. þessarar d. hefur komizt að þeirri niðurstöðu að vilja mæla með því, að þetta frv. verði samþ.

Mál þetta er nú kunnugt orðið hv. þdm., og ég hygg, að ekki vanti á það, að öll þau skjöl liggi fyrir í málinu, sem yfirleitt þarf fram að leggja, vegna þess að málið er mjög einfalt í eðli sínu. — Án þess að ég ætli nokkuð að fara út í forsögu málsins, er það kunnugt, að Háskóli Íslands hefur tvisvar sinnum óskað eftir því, að þessi maður yrði einn af starfsmönnum þar. Hann mun hafa starfað þar einn vetur. Og án þess að hans tilverknaði væri um að kenna, varð ekki framhald á því. En guðfræðideildin hefur nú óskað eftir því, að í viðbót við þá krafta, sem þar eru nú, verði þessum manni bætt við. Enn fremur hafa um 70 prestar sent Alþ. áskoranir um og mælt með því, að þetta yrði gert. — Ég hygg, að þau rök, sem ég hef tilfært, nægi til að sanna, að þessi viðbót við starfskrafta guðfræðideildarinnar yrði til þess að efla þjóðkirkjuna í landinu og guðfræðideildina og þar með kristnina í landinu. Og enn fremur er bent á það, að þessi stofnun hefur starfað með mismunandi kjörum um það bil eina öld, og hefur ekki verið fjölgað þar mönnum fyrr en nú. — En náttúrlega geta menn sagt, að við þessa deild Háskólans sé meira en nóg af starfskröftum. En það eru þá þeir menn, sem yfirleitt óska ekki eftir, að þjóðkirkja starfi hér. En meðan þjóðin hefur þjóðkirkju og yfir 100 starfandi presta og vill ekki þessu breyta, — og það hefur komið fram hjá miklum hluta þjóðarinnar, að hún vill, að kirkjan sé höfð í heiðri —, þá virðist rétt að gera það, sem hér er stefnt að. Og t. d. um álit manna um að hafa þjóðkirkju má nefna, að nú er verið að koma upp kirkju hér í þessum bæ, og það er verið að undirbúa byggingu annarrar kirkju hér í bænum. Og það er verið með eins konar dómkirkju í smíðum líka eða undirbúning fyrir hana. Og í kaupstöðum úti um land og í byggðum landsins er áhugi mikill hjá fólki um þessa hluti, og menn leggja á sig mjög verulegar fórnir til þess að reisa hús fyrir sínar guðsþjónustur. Og ríkið hefur styrkt kirkjubyggingar og hefur byggt upp á nokkrum prestsetrum. Það er því ekki hægt að segja annað en þjóðin og þingið séu sammála um það, að hér eigi að vera þjóðkirkja og til hennar eigi að vanda. Og nú hefur þjóðkirkjan, gegnum ákveðin meðmæli starfsmanna sinna, óskað eftir því, að þessi ákveðni guðfræðingur yrði starfsmaður við Háskólann. Ég held því, að frá því sjónarmiði sé óhætt að styðja þetta mál, ef menn á annað borð vilja halda við þjóðkirkju í landinu. Og þegar litið er á embættakerfi landsins, hygg ég, að prestastéttin og guðfræðideild Háskólans fari hér ekki fram á neina hófleysu.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Fyrir nokkru var hér á ferð í hv. d. frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands. Það frv. hafði

hlotið mjög ýtarlegan og rækilegan undirbúning. M. a. hafði það frv. verið sérstaklega athugað í n. og sennilega líka samið af háskólaráði. Frv. hafði verið rætt á fundum háskólaráðs og á fundum innan Háskólans, og miklum tíma hafði verið varið í að undirbúa það sem allra rækilegast. Með frv. þessu mun því háskólaráð hafa litið svo á, að það hefði gert til fullnustu þær till., sem það teldi sig þurfa að gera um breyt. á skipun á kennaraliði Háskólans. Ég geri líka ráð fyrir, að svo hafi verið litið á hér á hæstv. Alþ., þegar það frv. kom fram, að þá hafi háskólaráð í raun og veru sagt það, sem það taldi sig þurfa að segja um skipun kennaraliðs Háskólans, og háskólaráð út af fyrir sig hefði þar engu við að bæta né frekari óskir fram að færa. Meðan þetta frv., sem ég gat nú um, var til afgreiðslu hér á hæstv. Alþ., þá var borið fram í hv. Nd. það frv., sem nú er hér til umr. Og það vakti strax athygli, þegar þetta frv. var lagt fram í Nd., að í því er lagt til, að bætt væri við einum kennara við Háskólann í guðfræðideild, en háskólaráð hafði þó ekki gert ráð fyrir þessari kennarafjölgun í sínu frv. Það kom líka greinilega í ljós í grg. með því frv., sem hér er til umr., að það var ekki til orðið innan Háskólans og ekki flutt samkvæmt ósk hans, heldur stóð biskupinn yfir Íslandi bak við þetta frv. og mun hafa haft stuðning frá prestum landsins til þess að bera það fram.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, þar sem háskólaráð hefur áreiðanlega tekið til mjög ýtarlegrar athugunar, hvaða breyt. nauðsynlegt sé að gera á skipun Háskólans viðkomandi kennaraliði hans, þá skuli nú koma till. um að bæta nú við einum kennara í guðfræðideildinni. Mér kemur undarlega fyrir sjónir, að háskólaráð skyldi ekki koma auga á þessa nauðsyn. Það kemur líka mjög greinilega fram, þegar háskólaráði er sent frv. það, sem hér liggur fyrir, til athugunar, hver afstaða háskólaráðs er til þessa frv. Í nál. Nd. hefur verið tekin upp umsögn háskólaráðs um frv. Í þeirri umsögn kemur mjög greinilega fram, að frv. þetta um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands sé ekki fram komið að ósk háskólaráðs. Og fæ ég ekki betur séð en með þessari yfirlýsingu staðfesti háskólaráð eindregið þann grun, sem ýmsir höfðu um, að þetta frv. væri ekki flutt hér að vilja háskólaráðs og háskólaráðið teldi ekki nauðsyn á að stofna nýtt dósentsembætti við guðfræðideildina. (JJ: Það stendur fleira í umsögn háskólaráðs í grg.) Það stendur að vísu í þessari umsögn háskólaráðs, að kennsla verði aukin í guðfræðideildinni og það mæli með frv. þessu. (JJ: Það er nóg.) En sú staðreynd, að háskólaráð byrjaði á því að lýsa yfir, að frv. þetta væri ekki flutt að ósk þess, getur ekki skoðazt öðruvísi en svo, að háskólaráð út af fyrir sig sé andvígt þessari ráðstöfun, þó að það sjái ekki ástæðu til annars en taka við þessum nýja dósenti, ef kennurum verður fjölgað í guðfræðideildinni. Umsögn háskólaráðs getur aldrei orðið skoðuð á annan veg en þennan.

Mér virðist því, eins og málið liggur fyrir, að það, sem hér er að gerast, sé ekki annað en það, að nú eigi að troða upp á Háskólann nýjum dósenti, sem Háskólinn hafi ekki óskað eftir og háskólaráð vill lýsa yfir, að það beri ekki ábyrgð á, að frv. um það sé fram komið, þó að það vilji taka við manninum, ef Háskólanum er sendur hann.

Út frá þessari afstöðu háskólaráðs hef ég fyrir mitt leyti tekið þá afstöðu til þessa frv. að geta ekki fylgt því, og greiddi ég því þegar við 1. umr. atkv. á móti frv. Ég skal játa, að ég fyrir mitt leyti hef ekki þá þekkingu til að bera, að ég geti sjálfur um það dæmt, hvort það mundi verða nokkur efling fyrir guðfræðideildina, þó að þar verði nýjum dósenti bætt við, til þess að kenna þau nýju fög, sem hér er um að ræða í frv. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, og út frá þeirri þekkingu, sem ég hef á þeim, leyfi ég mér að efast um, að guðfræðideildin sé nokkru betur sett, þó að bætt verði við hana þeim dósenti, sem tilnefndur er í frv. Í 2. gr. frv. er um það talað, að það eigi að auka kennslu í deildinni í trúarbragðasögu, kirkjurétti og sálgæzlu, og skilst mér, að til þess sé ætlazt, að fjölgun dósenta við deildina eigi að koma til þess að ráða við þá kennsluaukningu. Fróðir menn hafa skýrt mér svo frá, að kennsla í trúarbragðasögu geti ekki orðið annað en aukastarf og það lítilfjörlegt aukastarf, sem kennurum, sem fyrir eru í deildinni, væri auðvelt að bæta við sig, þannig að vegna þess fags væri ekki nauðsyn á að bæta við kennurum við deildina. Fróðir menn hafa og sagt mér, að nefndur maður í þessu frv., sem væntanlega verður dósent, hafi ekki lagt neina sérstaka stund á sálgæzlu, og sé þess vegna ekki hægt að ætlazt til þess, að hann kenni það fag, þannig að þó að sá maður kæmi til Háskólans, mundi hann ekki geta tekið að sér kennslu í þessu fagi. Þriðja fagið er kirkjuréttur, sem hér er talað um að auka kennslu í. Og að því er ég bezt veit hefur það hingað til ekki verið talið á færi prestastéttarinnar að fást við kennslu í þeirri grein. Að því er ég bezt veit hefur sú kennsla verið verk lögfræðinga hingað til. Þegar kirkjuréttur hefur verið kenndur, hefur hann verið kenndur við lagadeildina, og guðfræðinemar hafa sótt tíma í lagadeildinni í þeirri grein. Þannig að eftir því, sem mér finnst málið liggja fyrir, þá virðist mér þær fræðigreinar, sem í frv. er talað um að auka kennslu í, sumpart vera þannig, að þeir kennarar, sem fyrir eru, geti bætt þeim á sig, en sumpart vera þannig, að það heyri undir aðra fræðimenn en í prestlegri stétt að fást við að kenna þær greinar. Og í þriðja lagi finnst mér sá maður, sem nefndur er í þessu sambandi hér í frv., hafi ekki lagt neina sérstaka stund á þessi fög. Eins og því málið horfir við, er frá mínum bæjardyrum séð ekki nauðsyn á að samþ. þetta frv. og bæta við kennara í guðfræðideildinni til þess að ráða við þær fræðigreinar, sem talað er um í 2. gr. frv.

Mér hefur og verið bent á það af kunnugum mönnum, að ef það er í raun og veru meiningin að auka kennslu í guðfræðideild Háskólans frá því, sem nú er, þá þurfi að gera þar annað og meira en fjölga þar kennurum, því að þá sé líka nauðsynlegt að lengja námstíma stúdentanna. Eins og nú er, mun námstími þeirra vera 4 ár. En í háskólum á öðrum Norðurlöndum mun guðfræðinámið vera 5 til 6 ára nám. Nú þegar er því námstími stúdenta í guðfræðideild styttri hér á landi en annars staðar. Og stúdentar telja sjálfir, að ef auka ætti kennslu í deildinni og þyngja námið, væri óhjákvæmilegt að lengja námstím-

ann. En fyrir því er ekki séð í þessu frv., að námstíminn sé lengdur, og verður það að sjálfsögðu að skoðast galli.

Ég hef, ásamt hv. 7. landsk. þm., borið hér fram brtt. við 1. gr. frv., sem er á þskj. 906. Og hef ég borið þessa brtt. fram vegna þess, að þó að ég út af fyrir sig sé á móti þessu frv., þá vil ég samt gera tilraun til þess að sníða af því þann ágalla að formi til, sem ég tel, að sé á þessu frv. Í niðurlagi 1. gr. frv. er talað um það, að veita skuli sr. Birni Magnússyni prófasti að Borg þetta nýja dósentsembætti, ef stofnað verður. Ég fyrir mitt leyti ætla algerlega að leiða hjá mér, hvort þessi maður hefur verið grátt leikinn af ríkisvaldinu fyrr á árum og einnig nú við síðustu veitingu dósentsembættis við guðfræðideildina eða ekki. Ég ætla einnig að leiða hjá mér, hversu hæfur þessi maður sé yfirleitt til þess að ráða við þær kennslugreinar eða þau fög, sem kennarar guðfræðideildarinnar þurfa að fást við. Ég er fávís um þá hluti, ég játa það alveg eins og það er. Ég ætla mér ekki að leggja neinn dóm á þá hluti. En mér finnst út af fyrir sig ákaflega óviðkunnanlegt, að upp í sjálft lagafrv. og l., ef frv. verður samþ., skuli vera tekið nafn ákveðins manns. Mér finnst það form ákaflega óviðkunnanlegt, að það sé tekið fram í l. sjálfum, að ákveðnum manni skuli veita ákveðið embætti. Og ég geri ráð fyrir, að slíkt sé mjög óvenjuleg ráðstöfun. Mér fyrir mitt leyti er t. d. ekki kunnugt um, að þetta eigi sér fordæmi. Mér er ekki kunnugt um það, að hér hafi áður verið stofnað embætti og það beinlínis verið tekið fram í l., að í það skyldi skipast ákveðinn maður. Og ég verð að telja, að það gæti jafnvel verið hættulegt fordæmi, ef farið væri út á þá braut. Því að að sjálfsögðu mætti þá telja víst, ef þessu er slegið föstu, að viss maður fái embættið, að þá gætu einnig fleiri á eftir komið og í sambandi við lagasetningu yrði þess krafizt um fleiri stöður, að ákveðnir menn yrðu skipaðir í þær.

Mér finnst það líka talsvert óviðeigandi gagnvart hæstv. ríkisstj. að leggja fyrir hana að skipa ákveðinn mann í ákveðið embætti. Ég vænti, að hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um, hvern hann muni skipa í embættið, ef það verður veitt. Og ef svo kynni að fara, að hæstv. ráðh. mundi vilja lýsa yfir, að í þetta embætti yrði skipaður þessi maður, þá vil ég mega vænta þess, að þeir, sem að þessu frv. standa, gætu fallizt á mína brtt. og það fyrst og fremst vegna þess fordæmis, sem í þessu liggur. Ég fæ ekki betur séð en þeir, sem hafa áhuga fyrir þessu máli, séu alveg jafnvel settir, þó að þetta verði fellt úr frv., ef svo kynni að fara, að hæstv. ráðh. gæfi um þetta yfirlýsingu. En með því að fara þá leið, sem við hv. 7. landsk. höfum lagt til í okkar brtt., þá er a. m. k. fyrir því séð, að ekki sé skapað fordæmi, sem ég tel í alla staði óviðeigandi.

Umr. frestað.

Á 109. fundi í Ed., 23. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Þegar hér var í hv. d. til umr. frv. um mestu fjölgun háskólakennara, sem legið hefur fyrir þessu þingi, — þau eru orðin svo mörg þessi frv. um fjölgun kennara þar, að ég kann ekki að greina þau sundur með öðru en því —, þá benti ég á það, að megingalli á því frv. væri, að engin allsherjarrannsókn hefði farið fram á því, hver þörf Háskólans og einstakra deilda Háskólans væri fyrir kennslukraftaaukningu, og það væri í raun og veru óboðlegt að afgreiða málið, án þess að slík rannsókn hefði átt sér stað, en þó væri ljóst og það lægi í augum uppi, að með því frv. væri einni deild Háskólans, norrænudeildinni, eða réttara sagt deildarhluta, stórlega ívilnað með tilliti til annarra háskóladeilda, og þar af hlyti óhjákvæmilega að leiða, að ef stækkun norrænudeildarinnar yrði samþ., þá yrðu aðrar deildir Háskólans að fá réttan sinn hlut á móts við þá háskóladeild. Hv. þdm. tóku, enginn af þeim, þau rök, sem ég þá færði fram, gild, heldur samþ. frv. óbreytt í þeirri barnalegu trú, sem kom fram hjá hv. þm., sem talaði hér í gær, að það frv. hefði verið byggt á ýtarlegri athugun á kennslukraftaþörf Háskólans. Það var rækilega sýnt fram á það í umr., að sú athugun hafði ekki farið fram þá. Og enn ljóslegar hefur komið fram síðan, hve fráleitt er, að slík athugun hafi átt sér stað, í því, að háskólaráð hefur, eftir þá ýtarlegu rannsókn, sem hv. 9. landsk. þm. talaði um hér í gær, snúið sér til menntmn. þingsins með beiðni um að flytja frv. um einn starfsmann við norrænudeildina, sem þeim hafði gleymzt í vetur, þegar þeir undirbjuggu frv. Það er því miður svo, að enn þá skortir yfirsýn um það, hverja krafta Háskólinn þurfi til þess að sinna starfi sínu. En hæstv. Alþ. kemst ekki hjá því, úr því það hefur látið undan kröfum einstakra deilda varðandi stórkostlega starfsmannafjölgun við kennslu, og langt umfram það, sem aðrar deildir hafa látið sér detta í hug að fara fram á fyrir sig, þótt þær hefðu miklu meira og mikilvægara hlutverki að gegna, úr því að hæstv. Alþ. hefur látið þannig undan kröfum einnar deildar við Háskólann, þá sé ég ekki, að hæstv. Alþ. geti verið þekkt fyrir annað en að láta á samsvarandi hátt undan a. m. k. sanngjörnum óskum annarra deilda Háskólans. Og það var einmitt í umr. um þessa miklu fjölgun háskólakennara, — um það frv., sem samþ. var og ég gat um, — bent á, að ef menn samþ. það, yrðu menn að vera reiðubúnir til þess að skapa öðrum háskóladeildum sambærileg starfsskilyrði á við það, sem norrænudeildin hefði hlotið. Ég taldi það að vísu ofrausn að skapa norrænudeildinni slík skilyrði sem þá voru ákveðin. Og ég tel ekki fært að skapa öðrum deildum Háskólans slík skilyrði, — þó að mér skiljist, að þeir menn, sem vildu greiða hlut norrænudeildarinnar, ættu að vera með því að rétta hlut annarra deilda líka. En þó að ég treysti mér ekki til þess að auka þannig stórlega aðrar deildir Háskólans eins og norrænudeildin hefur verið aukin, treysti ég mér ekki til að vera á móti sanngjörnum óskum annarra deilda um aukningu. Slíkt væri blábert ranglæti gagnvart öðrum deildum Háskólans og skapaði enn meiri glundroða og öngþveiti í menntamálum okkar en búið er að skapa með þeim frv., sem þetta Alþ. hefur samþ. varðandi Háskólann. — Ég vil þess vegna undirstrika það, að það er í beinu framhaldi af afstöðu minni til háskólafrv. á dögunum, — og það þó að sú skoðun, sem ég hélt fram hér í hv. d. á dögunum, yrði undir —, sem ég hef, ef

svo má segja, neyðzt til að taka þá ákvörðun að styðja þetta frv., vegna þess, að ef það væri ekki gert, væri óheyrilegt ranglæti framið á guðfræðideild Háskólans. Og ég geri það ekki sízt vegna þess, að það var játað og yfir lýst, að aukningin á norrænudeildinni á dögunum væri beinlínis gerð til þess að koma þar að mönnum, sem ekki gátu komizt í þær stöður, sem þá þegar voru til við Háskólann. Þar var ekki verið að mynda embætti vegna nauðsynjar í starfinu, heldur til þess að hjálpa einhverjum mönnum um stöður. Og það var vitað, a. m. k. um annan þeirra góðu manna, sem þar áttu hlut að máli, að hann hafði sótt um stöðu, sem laus var í Háskólanum, en annar hafði fengið hana. Og af því að ekki var hægt að veita tveimur mönnum eina stöðu, voru skapaðar tvær stöður handa tveimur mönnum. Ég get ekki séð, að norrænudeildin eigi ein að njóta slíkra kjara. Úr því að hæstv. Alþ. hefur tekið það upp um embættaveitingar, a. m. k. varðandi Háskólann, þá sýnist mér, að elzta og að sumu leyti virðulegasta deild Háskólans eigi ekki að njóta minni réttar en sú yngsta og þess vegna sé frá sama sjónarmiði sjálfsagt að láta sömu reglu gilda um guðfræðideildina í þessu efni sem tekin var upp varðandi norrænudeildina, að úr því að menn geta ekki fengið stöður, sem til eru, þá eigi bara að hafa það handhæga ráð að fjölga stöðunum. Ef norrænudeildinni hefði verið neitað um það, mundi ég neita þessu í sambandi við guðfræðideildina. En ég vil ekki vegna þess, hvernig mönnum er við einstakar fræðigreinar og menn, vera á móti því að veita guðfræðideildinni sama rétt og búið er að veita norrænudeildinni. Og allra sízt vil ég það vegna þess, að guðfræðideildin kemur hreinlega fram og segir: Við höfum ekki nema eina stöðu handa tveimur mönnum, og þess vegna viljum við láta annan manninn fá nýja stöðu með sérstökum l. Þessi framkoma er falslaus og hreinskilin, en hér er ekki verið með yfirdrepskap, eins og verið var með í sambandi við norrænudeildina. Enn þá frekar mun ég fylgja guðfræðideildinni að málum, þar sem hv. Alþ. hefur tekið upp þennan hátt varðandi norrænudeildina að búa til embætti með l. handa umsækjendum, þó að þeir hafi aldrei orðið fyrir neinu ranglæti. Ég held, að allir viðurkenni það, að þó að þeir ágætu menn, sem nú eiga að hljóta dósentsembætti við Háskólann, séu mjög vel hæfir menn, þá hafi t. d. sögukennaraembættið, sem dr. Þorkell Jóhannesson hlaut, verið alveg réttilega veitt og alls ekki gert á hluta hins unga manns, sem þar varð að lúta í lægra haldi með stöðuna. Hann hefur þess vegna ekki um neitt að kvarta annað en það, að hann gat ekki að réttum l. orðið kennari við Háskólann. Þá var það ráð fundið að breyta l. og mynda ný rétt l., sem gera það að verkum, að hann getur hlotið stöðuna. Varðandi guðfræðideildina er það vitað mál og ekki um deilt, að sr. Björn Magnússon prófastur hefur tvívegis orðið fyrir mjög hastarlegu ranglæti af veitingarvaldinu, einstæðu ranglæti, sem ekki aðeins er honum sjálfum til miska, heldur orðið til ófarnaðar fyrir alla guðfræðideildina, og það er þess vegna ekki í raun og veru nema réttlát uppreisn, bæði fyrir sr. Björn Magnússon og guðfræðideildina, að þetta sé nú leiðrétt. Ég vil taka það fram, að þó að það sé óvanalegt, að tekið sé fram í l., að einstakur maður eigi að hljóta ákveðna stöðu, þá er það ekki algerlega óþekkt varðandi Háskólann, vegna þess að bæði var slíkt gert með dr. Guðmund Finnbogason á sínum tíma, að ákveðið embætti var stofnað handa honum, og eins liggur nú hér fyrir frv. varðandi próf. Sigurð Nordal, sem er í raun og veru ekkert annað en að ákveðinn mann eigi að skipa í tiltekna stöðu. Það er því eftir allra beztu fordæmum, að nú er tiltekið, að sr. Björn Magnússon eigi samkv. þessum l. að fá tiltekna stöðu. Með þessu er líka hreinlega gefið í skyn, að verið er að rétta hlut manns, sem fyrir ranglæti hefur orðið.

Ég vil þó taka það fram, að ég hefði talið eðlilegra að rétta hlut þessa manns á annan veg. Ég hefði talið eðlilegt, að hv. Alþ. hefði samþ. víti á þann ráðh., sem nú síðast, og jafnvel á hinn fyrri líka, sem hafa beitt þennan góða mann ranglæti, og honum hefði verið veitt góð fjárhæð úr ríkissjóði til uppbótar fyrir það tjón, sem hann hefur beðið vegna þess ranglætis, sem hann hefur verið beittur, og því beint til veitingarvaldsins, að honum væri séð fyrir góðu embætti, þegar það losnar á næstunni.

Þetta hefði auðvitað verið sá venjulegi háttur til þess að afgreiða slíkt mál, en ekki sá, sem upp er tekinn með þessu frv. En vegna þess að hv. d. er búin, af miklu minna tilefni og í rauninni gersamlega að ástæðulausu, að taka upp sama hátt varðandi norrænudeildina og á að gera varðandi guðfræðideildina í þessu frv., treysti ég mér ekki til annars en láta jafnt yfir báða ganga og styð þetta frv. Ég vil taka það fram, að það eru einstök atriði í frv., sem ég hefði kosið á annan veg, og ég mundi þess vegna hafa borið hér fram brtt., ef ég teldi ekki, að málinu væri stefnt í nokkra hættu með því að láta það nú hrekjast á milli deilda. Það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vil beina til hæstv. forseta til athugunar. Ég sé, að í 1. gr. frv. er tekið til, á mér óþekktu tungumáli, heiti á einhverri væntanlegri stofnun.

Nú held ég, að það séu óskrifuð lög, að íslenzk lagafyrirmæli eigi að vera á íslenzkri tungu en ekki erlendri og allra sízt á tungumáli, sem fáir menn skilja og fæstir koma orðum að. Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki úrskurða, að þetta erlenda heiti félli niður úr frv. Ég vil biðja hann vinsamlega að taka þetta til athugunar. Hins vegar óska ég ekki, að það verði gert, ef af því leiðir, að frv. verði að fara milli d. Þótt ég leggi nokkuð upp úr þessu, er það ekki svo mikið, að ég vilji láta frv. verða fyrir töfum af þeim sökum, og mun því fremur kjósa, að þetta óþekkta tungumál haldist en að frv. verði fyrir hrakningi af þeim sökum.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vil taka það fram vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég tel það ekki ná nokkurri átt, að forseti úrskurði um nokkra breytingu á frv., með því að strika þessi erlendu orð út. Mér skilst meira að segja, að þetta geti verið efnisbreyting. Ég er að vísu ekki svo vel heima í þessari fræðigrein, að ég geti fullyrt, að svo sé, en mér virðist í fljótu bragði, að hér geti verið um efnisbreytingu að ræða og ekki komi til mála að breyta því með forsetaúrskurði. Hins vegar er alveg sjálfsagt, að þessi

orð verði látin niður falla, en það verði gert á þinglegan hátt með brtt.

Viðvíkjandi þessu frv. vildi ég aðeins segja það, að ég hef ekki heyrt nein rök færð fyrir því, að þörf væri á þessu embætti við guðfræðideild Háskólans. Ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því, þótt ég hafi rætt um þetta við allmarga menn, sem áhuga hafa fyrir framgangi þessa máls, og ég hef engan heyrt rökstyðja þetta mál með því, að þörf væri á embættinu. Ekki einn einasta. Þessir hv. stuðningsmenn málsins hafa rökstutt þetta áhugamál sitt á allt annan hátt. Þeir hafa haldið því fram, að þeim manni, sem hér um ræðir, séra Birni Magnússyni prófasti á Borg, hafi tvívegis verið sýnt ranglæti, og efast ég ekki um það. Vitaskuld geta verið skiptar skoðanir um það, og ég vil ekki fara að deila um það hér. Mér þykir þetta svo furðuleg röksemd, að þótt ekki væri vegna annars en þess, mundi ég eindregið verða á móti þessu frv., því að hér er vissulega verið að fara inn á hættulega braut. Ef ranglæti er sýnt í embættaveitingum, skal stofna nýtt embætti í hvert skipti! Ég gæti nú talið upp nokkuð mörg embætti eða jafnvel tugi embætta, sem ranglega hafa verið veitt, að almannadómi eða a.m.k. að margra manna dómi, og færu þá að vera nokkuð mörg embættin, sem stofna þyrfti til þess að leiðrétta það. Hv. þm., sem síðast talaði, vildi yfirleitt fara inn á þessa braut. Hann sagði að vísu, að hann væri því ekki samþykkur, að þessi háttur yrði upp tekinn, en það hefði nú einu sinni verið farið inn á þessa braut að veita embætti af persónulegum ástæðum, og átti hann þar við það frv., sem nýlega hefur verið samþ. um breyt. á háskólal. og þau nýju dósentsembætti, sem stofnuð hafa verið við norrænudeild Háskólans. Það hefur verið farið inn á þessa braut að veita þessum mönnum embætti, vegna þess að þeir hafa þótt afskiptir í embættaveitingum, og taldi hv. þm. þess vegna nauðsynlegt, að áfram yrði haldið á þessari braut og allir, sem teldu sig afskipta, fengju embætti, sem stofnuð væru fyrir þá. Mér skilst, að til greina geti komið, að þeir verði nokkuð margir, sem teljast afskiptir í þessum efnum, þegar fram í sækir, svo að stofna þurfi nokkuð mörg ný embætti.

Hv. þm. hélt því fram, að norrænudeildin hefði nú meiri kennslukröftum á að skipa en nauðsyn krefði, þannig að komið væri misræmi á milli deildanna og því sjálfsagt, ef einhver önnur deild færi fram á, að stofnað yrði nýtt embætti við hana, enda þótt það væri að þarflausu, yrði það veitt. Nú er guðfræðideildin næst, þá kemur kannske lögfræðideildin, svo læknadeildin, og hver veit, hvað mörg embætti þessar d. kunna að fara fram á til samræmis við norrænudeildina? Ég býst við, að þau gætu orðið nokkuð mörg. Hv. þm. fullyrðir, að þau embætti, sem stofnuð voru með breytingunum á háskólal. á þessu þ., hafi verið algerlega óþörf embætti og hefðu verið stofnuð að óathuguðu máli. Þetta er vitaskuld ekki annað en fullyrðing út í bláinn hjá hv. þm., og ætla ég ekki að deila um það núna. Í fyrsta lagi hafði talsverð athugun farið fram á málinu, áður en frv. var flutt, en það var að tilhlutan háskólaráðs, sem hafði látið athuga málið. Ég veit ekki betur en háskólaráð hafi þar staðið einhuga að, og hvað snertir verkfræðideildina, fór mjög ýtarleg athugun fram, og leitaði ráðið álits allra þeirra aðila, sem yfirleitt komu til greina, svo sem Verkfræðingafélagsins, Rannsóknaráðs ríkisins o. s. frv. En hvað sem þessu líður, og jafnvel þótt hv. þm. hafi haft rétt fyrir sér, að hér hafi verið stofnuð embætti að þarflausu, þá er það furðuleg ræða, sem hv. þm. flytur, að úr þessu eigi að bæta með því að stofna nógu mörg önnur óþörf embætti innan Háskólans, en hvers vegna ekki að stofna embætti á fleiri sviðum til þess að fá jafnvægi við Háskólann eða til þess að stofna stöður handa mönnum, sem hafa orðið afskiptir við embættaveitingar? Hvað segir hv. þm. um það, þegar t. d. rektorsembættið við menntaskólann var veitt Pálma Hannessyni? Ýmsir töldu þá, að næstur hefði staðið Jón Ófeigsson. Hefði ekki verið rétt að stofna nýjan menntaskóla til þess að Jón Ófeigsson gæti orðið rektor? Að sjálfsögðu! Nei, hér erum við komnir út á hála braut, og ég tel það alveg furðulegt, ef þetta frv. verður samþ. á þessum forsendum. Ef atkvæði þeirra manna, sem líta sömu augum á málið og hv. síðasti ræðumaður, ráða úrslitum um, að þetta frv. verði að l., þá erum við vissulega komnir á hála braut. Ég tel vansæmandi fyrir Alþ., ef svo færi, og væri ég í sporum séra Björns Magnússonar á Borg, mundi ég ekki taka við embættinu á þessum forsendum, þegar vitanlegt er, að meiri hluti þm. er andvígur því, að nýtt embætti verði stofnað. Ég gæti ekki verið þekktur fyrir að taka við embætti, þegar þannig væri í pottinn búið.

Ég vil leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann segir, að rétt eftir að síðasta breytingin á háskólal. hafi verið samþ. hafi komið fram ný till. frá háskólaráði um stofnun nýrra embætta. Ég veit ekki til, að slík till. hafi komið frá háskólaráði eða háskólaráð hafi farið fram á það við neinn að flytja slíka till. Það var síðast í gær, að háskólarektor tjáði mér, að háskólaráð ætti ekki hlut að máli um neitt af þeim frv., sem legið hafa fyrir Alþ. um Háskólann, hvorki um próf. Sigurð Nordal né frv. um heilbrigðisfræði og þá allra síst þetta frv., sem hér er til umr. Það er því alger misskilningur, að háskólaráð standi að nokkru þessara frv.

Þetta frv. er bundið við nafn ákveðins manns, séra Björns Magnússonar prófasts á Borg. Að sjálfsögðu er það bundið við nafn ákveðins manns, vegna þess að tilgangur frv. er að veita honum eins konar skaðabætur fyrir það, að hann hefur orðið fyrir ranglæti í embættaveitingu.

Ég held satt að segja, að Háskólanum sé enginn greiði gerður með því að gera hann að eins konar góðgerðastofnun handa mönnum, sem menn vorkenna af því, að þeir hafa orðið afskiptir eða orðið fyrir ranglæti. Ég álít, að þetta sé beinlínis vansæmd fyrir Háskólann. Þessi aðferð, að veita ákveðnum manni embætti með l., er í raun og veru ekkert annað en það, að verið er að taka einn þýðingarmesta þátt framkvæmdarvaldsins úr höndum ríkisstj. Alþ. er að taka hann í sínar hendur, sem sé veitingarvaldið. Ég hygg, að þess séu fá dæmi í íslenzkri löggjöf. Þetta gæti kannske verið afsakanlegt og dæmi til þess annars staðar, að veitt hafi verið embætti á nöfn, þegar um frábæra vísindamenn er að ræða, sem þing og þjóð hafa viljað sýna alveg sérstakan heiður og þar sem ekki er neinn ágreiningur um embættaveitinguna, en í þessu tilfelli að veita embætti á

nafn vegna þess að maður hefur unnið það sér til ágætis að hafa orðið fyrir ranglæti, og taka þar með veitingarvaldið úr höndum ríkisstj., tel ég með öllu óviðunandi.

Ég sé, að komið hafa fram brtt. við frv. frá hv. 9. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm. um að fella niður nafn séra Björns Magnússonar. Tel ég þó sæmra að samþ. frv., ef þessi breyting yrði samþ. Hins vegar get ég lýst því yfir, að ég mundi að sjálfsögðu ekki veita öðrum embættið en séra Birni Magnússyni, vegna þess að ég tel í fyrsta lagi, að viljayfirlýsing þ. sé jafnskýr, þótt þetta yrði fellt niður, og í öðru lagi kemur ekki til mála undir þessum kringumstæðum að veita öðrum embættið en sr. Birni, þar sem það væri algerlega í samræmi við þær reglur, sem farið hefur verið eftir undir öllum venjulegum kringumstæðum og ég tel, að beri að fara eftir við embættaveitingar við Háskólann.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Hv. 9. landsk. hélt hér ræðu um þetta mál og hefur með öðrum manni flutt brtt. við frv., og vil ég taka þær lítillega til athugunar.

Hann hélt því fram, þessi hv. þm., að það væri í raun og veru ekki hægt að sjá, að fyrir lægi vilji Háskólans um að fá þennan mann sem starfsmann, en þá niðurstöðu gat hann ekki fengið nema með því að lesa aðeins part af þskj., þar sem hinn parturinn er algerlega á móti röksemdum hans. Málið liggur sem sagt þannig fyrir, að fyrst og fremst hefur guðfræðideildin fyrir nokkrum árum mælt með því að fá þennan mann fyrir starfsmann og aftur í haust mælt með því, að þangað vildi hún fá hann, og prófnefndin, sem athugaði málið, komst að sömu niðurstöðu. Svo að segja öll prestastétt landsins, með biskupinn í broddi fylkingar, sendir Alþ. áskorun um að stofna hreint og beint embætti fyrir þennan mann við Háskólann. Nú vil ég beina þeim orðum til hæstv. kirkjumálaráðh., sem er mjög þaulkunnugur stéttarfélögum og hefur mjög þeirra málefni með höndum, en eftir því, sem flokkur sá, sem hann er í, og bræðraflokkur hans, Alþfl., hafa beitt sér hér á Alþ., hefur það verið nokkurs konar hæstaréttardómur fyrir þessa menn, að stéttarfélög ættu að ráða. Það eru mjög mörg atriði komin inn í okkar löggjöf, sem byggjast á þessu. Nú hafa aldrei við neina embættaveitingu komið fram sterkari meðmæli stéttarfélags en frá prestum og biskupi landsins, og þó að þessi hv. ráðh. hafi ekki hitt neinn mann, sem álítur, að það sé til uppbyggingar þjóðkirkjunni að fá þetta embætti stofnað, þá hef ég talað um þetta við nokkra presta og biskup landsins, og þeim er það sérstakt áhugamál til að styrkja guðfræðideildina og þjóðkirkjuna. Það hefur aðeins hitzt svo illa á, að hæstv. ráðh. hefur einmitt ekki hitt þá menn, sem hafa á þessu áhuga, en hann hefur þó fyrir sér þau skjöl, sem þar að lúta. Ég hygg, að hæstv. ráðh. og hv. 9. landsk. geti verið ánægðir með, að þeir aðilar, sem telja verður, að bezt vit hafi í þessu máli, prestar, biskup og guðfræðingar í Háskólanum, eru allir sammála um að biðja um þessa aðgerð af hálfu Alþ. Hitt er líka rétt hjá hv. 9. landsk., að háskólaráð, sem kemur frá öllum d., hefur lýst því yfir, að það hafi ekki sérstaklega beðið um þetta, en er hins vegar hlynnt því, að orðið sé við óskum guðfræðid. Það er ein deild, guðfræðideild, sem hefur mikinn áhuga fyrir þessu, og svo að segja allir hennar menn úti um allt land, en hinar deildirnar hafa ekki fundið neina knýjandi nauðsyn, sem eðlilegt er, málið kemur þeim ekki á sama hátt við; þeir taka þó fram, að þeim þyki betra, að þetta sé gert, þótt þeir beiti sér ekki fyrir því. Þess vegna er það, að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera eins óánægður með það, þótt þetta mál nái fram að ganga óbreytt, sem ég vona að verði, þegar hann lítur á það, að eini stéttarfélagsskapurinn, sem mark er á takandi í þessu máli, hefur látið sinn dóm ganga málinu í vil. Þá hafa sumir talað um það, að óviðkunnanlegt væri að mæla með einstökum manni í þessu frv. Hv. 6. þm. Reykv. hefur fært fyrir því nokkur rök, að það hafi eiginlega verið síður, þótt nöfn hafi ekki verið nefnd. Hefur Alþ. einmitt í vetur búið til embætti, og er grunur minn sá, án þess að ég sé að bregða hæstv. kennslumálaráðh. um lítilmennsku, að hann sé annaðhvort búinn eða muni innan skamms undirskrifa veitingu nokkurra embætta við Háskólann, algerlega ákveðin af d. sjálfum. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann ætli að gera nokkra uppreisn. Mér er ekki kunnugt um annað en bæði nýju embættin við norrænudeildina og öll við verkfræðideildina séu ákveðin upp á nöfn af aðstandendum þeirra og þingmenn viti um þessi nöfn.

Ef farið er aftur í tímann, er hægt að finna dæmi þessa við Háskólann, en annað þeirra var um embætti handa Bjarna frá Vogi, en hitt um Alexander Jóhannesson. Þetta er því engin nýjung að efni til. En hið nýjasta dæmi um þetta er embætti það, er búið var til handa Birni Guðfinnssyni. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri óþægilegt að nefna nöfn í þessu sambandi, það væri að ganga á rétt þess ráðh., sem hefði með þetta að gera. Það er nú að vísu rétt, að ráðh. hafi veitingarvaldið. En nú um hríð hefur fengizt dýrkeypt reynsla um þetta í veitingum gagnvart Birni Magnússyni, og þess vegna er engin furða, þótt guðfræðideild Háskólans og menn kirkjunnar vilji ekkert eiga undir þessu. Alþ. getur því veitt þetta embætti til þess að losa báða aðila við óþægindi af þessu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að taka þátt í orðabardaga þeim, sem á sér stað hér, en það var einungis út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að embætti þau, sem stofnuð voru við norrænudeild Háskólans, hefðu verið gerð handa einstökum mönnum. En um mitt atkv. í þessu máli kom ekkert persónulegt til greina, því að annan þennan mann hef ég aldrei talað við. Hins vegar er það ætíð hvatning, ef góðir menn eiga í hlut. Aftur á móti er veitingarvaldið hjá ráðh., en ég var með þessu í því trausti, að góðir menn skipuðu þessar stöður. Við höfum ekki tækifæri til þess að láta ljós okkar skína út yfir landssteinana á annan hátt fremur en með norrænudeildinni, nema að það fari nú að birta yfir guðfræðideildinni. Ég hef ávallt haldið, að fjölga ætti kennurum við Háskólann í áföngum. En nú mun vera búið að lögfesta á þessu Alþ. á annan tug starfsmanna við Háskólann, og þykir mér það nokkuð mikið. Nú skilst mér, ef kennsla verður aukin við guðfræðideildina, að þá verði

námstíminn lengri, en það atriði mun fremur fæla menn frá deildinni.

Hv. 6. þm. Reykv. gat þess, að athuga þyrfti í heild kennaraliðið við Háskólann. Hann sagði viðvíkjandi fjölguninni við norrænudeildina, að við hefðum flumbrað þessu af án athugunar. Það má vera, að það hefði mátt athuga þetta betur, en hafi það verið flaustursverk, sem ég þó játa alls ekki, þá væri nú full ástæða til þess að stinga við fótum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég vil segja það, viðvíkjandi öðru frv., sem lagt var hér fram, að varla er hægt að undirbúa eitt mál betur en gert hefur verið með þetta. Skjölin liggja hér öll frammi, áskorun frá kirkjuráði og fjölda kirkjunnar manna og auk þess meðmæli háskólaráðs og guðfræðideildar Háskólans.

Og hér á Alþ. er augljóst, að ekki er um neinn klíkuskap að ræða, þar sem í Nd. hafa menn af öllum flokkum verið þessu fylgjandi. Ég vil upplýsa það, viðvíkjandi orðum hv. 9. landsk. um, að háskólaráð hefði andmælt þessu, að háskólaráð er alls ekki mótfallið þessu frv., þrátt fyrir ummæli þess í fyrstu, sem orsökuðust af því, að það vildi greina þetta frv. frá öðru, sem það lagði megináherzlu á, að yrði samþykkt.

Og viðvíkjandi ummælum hv. þm. um umsögn fróðra manna, þá veit ég ekki, hvar hana er að finna, ef ekki má taka tillit til þess, sem biskup, prestar o. fl. segja.

Þá sagði hv. þm., að hann skyldi ekkert um það dæma, hvort Björn Magnússon hefði verið grátt leikinn. Ég vil ekki fara að rifja þetta upp, en vil minna á, að Björn Magnússon hefur tvisvar sótt um þetta embætti og í bæði skiptin verið dæmdur hæfur til þessa starfs, nema af viðkomandi ráðh., sem hefur veitt gagnstætt því.

Út af orðunum „Pastoral seminarium", sem hv. þm. þóttist ekki skilja, vil ég segja það, að þetta er alþjóðaheiti, og er erfitt að skilgreina þetta öðruvísi, á meðan ekki er til annað orð yfir það.

Annars er ég ekki mótfallinn því að leita álits forseta um, hvort fella ætti þetta orð úr frv., en þar er það sett til skýringar og til að fyrirbyggja misskilning.

Hæstv. ráðh. sagði, að engin rök hefðu verið lögð fram í þessu máli.

En nú er því svo farið, að kennslukröftum er mjög áfátt við Háskólann, og mikil þörf er á, að þeir verði auknir, ef hér eiga að vera til guðfræði- eða lögfræðivísindi.

Annars geri ég ráð fyrir, að erfitt sé að færa fram þau rök, sem hæstv. ráðh. tekur gild, og legg ég honum það ekki til lasts. Það er ekki rétt, að Björn Magnússon eigi að fá þetta sem sárabætur.

Og varðandi orð hæstv. ráðh. um, að verið væri að gera Háskólann að góðgerðastofnun, þá er það hreint engin góðgerðasemi að veita Birni Magnússyni þetta embætti, sem hann hefur verið dæmdur hæfur til og unnið sér það til ágætis að sigra tvisvar ágæta menn.

Það er eitt, sem mig langar til að segja við hæstv. ráðh. Ég er stuðningsmaður núv. ríkisstj. og mun standa við það og vil á engan hátt móðga eða misbjóða hæstv. ráðh. En það er allsendis ómögulegt að koma þessu öðruvísi fyrir en gert er í frv., enda þótt hæstv. ráðh. vildi lofa að veita sr. Birni Magnússyni embættið.

Háskólaráð hefur ákveðnar reglur til að fara eftir um embættaveitingar. Ef embætti losnar, verður að slá því upp, skipa dómnefnd, efna til samkeppni um embættið og svo framvegis.

Þess vegna er það ómögulegt fyrir ráðh. að lofa nokkru fyrir fram um, hverjum hann muni veita embættið, því að það verður að fara eftir reglugerð um það.

Það eru engin líkindi til, að sr. Björn Magnússon hefði skap til að keppa eftir embættinu í þriðja sinn, og er þess vegna nauðsynlegt að fara þá leið, sem farin er með þessu frv.

Þessi leið er því farin til að tryggja sr. Birni Magnússyni embættið, en ekki til að misbjóða veitingarvaldinu á nokkurn hátt.

Sr. Björn Magnússon hefur tvisvar sýnt, að hann er hæfur til þess að hljóta embættið, en hann er eini maðurinn, sem ekki má fá það! Þrátt fyrir augljósa hæfni hans hefur veitingarvaldið tvisvar gengið framhjá honum og sett aðra menn í þessa stöðu.

Það dugar því ekki, þótt hæstv. ráðh. lýsi yfir, að hann muni veita honum embættið. Það er útilokað, að hann fari í þriðja skipti að sækja undir högg ráðh., og verður því að hafa þann hátt á, sem hafður er hér í frv.

Forseti (StgrA): Það hafa tveir hv. þm. óskað eftir, að ég felldi úrskurð um, hvort senda þyrfti frv. aftur til Nd., ef felld yrðu niður hin erlendu orð, sem eru í upphafi frv.

Ég hef átt tal um þetta við hv. 1. þm. Reykv. og skrifstofustjóra Alþingis, og hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að verði orðin felld niður, þyrfti að senda frv. aftur til Nd.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Hæstv. kennslumálaráðh. vildi halda því fram, að fjölgun kennara við Háskólann hefði verið vel undirbúin, og mótmælti því, sem ég sagði, að umleitanir hefðu komið frá Háskólanum sjálfum. Vil ég því lesa upp eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimspekideild Háskóla Íslands leyfir sér hér með að beina þeim tilmælum til háttvirtrar menntamálanefndar að hlutast til um, að lektorsembætti dr. Björns Guðfinnssonar, sem hann var settur í af kennslumálaráðherra frá 1. ágúst 1941 með þeim launakjörum, sem dósentar við háskólann njóta, verði gert að dósentsembætti með lögum."

Það hefur komið glögglega fram, að verið var að stofna embætti fyrir ákveðna menn, og hefur ekki verið farið neitt dult með það, hverjir eigi að hljóta hin nýju embætti við norrænudeildina.

Hv. þm. Dal. virtist ekki vita glögg skil á þessu og færði því til sönnunar, að hann hefði ekki talað við nema annan manninn, og má yfirleitt um ummæli þessa hv. þm. segja, að sá, sem afsakar sjálfan sig, ásakar sig.

Það væri ekki nema eðlilegt, þótt aðrar deildir Háskólans stækkuðu í samræmi við norrænudeildina, ef Alþ. liti svo á, að ríkissjóður gæti staðið undir þeim kostnaði, sem af því leiðir.

Það var auðheyrt á ræðu hæstv. menntmrh., að hann metur guðfræðideildina lítils, en norrænu-

deildina mikils, og vill ekki unna henni stækkunar. Hann hefur trú á öðrum fræðum en kennd eru í guðfræðideild, og hefur það komið fram í ræðu hans. En á það ber að líta, að guðfræðideildin er sú deild, sem Háskólinn var upphaflega byggður í kringum, og er yfirleitt svo í vestlægum löndum. Og þó að ég komi ekki fram sem forsvarsmaður þessarar deildar Háskólans sérstaklega, lít ég svo á, að við eigum tvímælalaust að halda hana svipað og aðrar deildir.

Ég lít aftur á móti svo á, að við getum ekki staðið undir eins örri útþenslu Háskólans og stofnað var til hér á dögunum. Þeir, sem það gerðu, töldu okkur færa um að taka afleiðingum þess. Þeir menn voru ekki eins þröngsýnir og ég er.

En ég vil láta eitt yfir alla ganga. (**Menntmrh.**: Hv. þm. vill kannske láta stofna prófessorsembætti í að lesa í lófa?) Ef hæstv. ráðh. flytur frv. um að stofna prófessorsembætti í að lesa í lófa, skal ég ekki segja nema ég taki það til velviljaðrar athugunar, þegar þar að kemur.

Þá taldi hv. ráðh. ekki rétt að binda frv. við ákveðið nafn. Ég var fyrst hikandi við að gera það, en við nánari athugun sannfærðist ég um, að rétt væri að fara þá leið. Ég sannfærðist um það við ræðu hv. ráðh., er hann lýsti yfir því, að hann mundi veita sr. Birni Magnússyni embættið og engum öðrum. Ég hefði annars verið hikandi að grípa fram fyrir hendur hv. ráðh., en eftir yfirlýsingu hans þykir mér vel að geta átt þátt í að veita sjálfur embættið og veita sr. Birni Magnússyni þannig uppbót fyrir það ranglæti, sem hann hefur orðið fyrir. Ég játa, að það er varhugaverð braut, sem hér er farið inn á. En bæði er það, að í þessu tilfelli er ekki tekið fram fyrir hendur ráðh., og, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, hins vegar hefur sr. Björn Magnússon orðið fyrir ranglæti hvað eftir annað, og það er hlutverk Alþingis að leiðrétta það ranglæti, sem það hefur gert sig sekt um. Það er ranglæti fyrri og verri ríkisstj., sem með þessu frv. er verið að leiðrétta, og finnst mér ráðh. ætti sízt að fyrtast, þótt þessi háttur sé hafður á. Mér kom það mjög undarlega fyrir, hve hv. þm. Dal. mælti ákveðið á móti þessu frv., og held ég, að andstaða hans stafi af misskilningi hans. Hann er, eins og öllum er kunnugt, allra manna mestur bókasafnari og á mikið safn guðsorðabóka, en þær eru margar gamlar og úr sér gengnar. Með því að gerast stuðningsmaður þessa frv. og vinna þannig að því, að guðfræðideildin fái aukna starfskrafta, gæti hann vænzt þess að geta aukið safn sitt með nýjum guðsorðabókum enn meira en hann hefur getað fram að þessu.

Menntmrh. (**Brynjólfur Bjarnason**): Herra forseti. — Þetta eru kannske þarflausar umr. um svo lítið mál og þetta er. En samt sem áður finnst mér, að vegur Alþingis yrði allmiklum mun minni, ef frv. þetta yrði samþ., sérstaklega á þeim grundvelli, sem forsendur þess eru byggðar á. Legg ég því mikla áherzlu á, að frv. verði alls ekki samþ. í því formi, sem það nú er. Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að þetta mál væri vel undirbúið og komið hefðu umsagnir frá öllum hlutaðeigendum og þeir mæltu allir með því, að þetta embætti yrði stofnað. Ég á bágt með að skilja, hvers vegna þessi þörf hefur allt í einu skapazt, rétt þegar nýbúið er að veita sr. Sigurbirni Einarssyni dósentsembættið í guðfræði. Þetta er svo mikilsvert fyrir prestastétt landsins og fyrir allar kirkjulegar stofnanir landsins, að þær finna allar hvöt hjá sér til að mæla með stofnun þessa embættis. Þrátt fyrir þetta er ég ekki orðinn sannfærður um nauðsyn þess að stofna þetta embætti.

Það hafa komið fram rök, en þau hafa ekki verið mér skiljanleg. Því er ef til vill þannig farið, að ekki sé hægt að koma rökum við mig. Ég hef reynt að kynna mér þetta mikla áhugamál prestastéttarinnar. Ég hef reynt það með því að ræða við ýmsa um málið. Öll svörin hafa verið á einn veg: Sr. Birni Magnússyni hefur verið sýnt svo mikið ranglæti, að nauðsynlegt er að koma honum að Háskólanum. Jafnframt hefur því verið haldið fram, að hann hafi ekki einu sinni ástæður til að hafa börn sín í Reykjavík til að koma þeim í skóla. Mér eru með öllu óskiljanleg þau rök, sem fram hafa verið borin í þessu máli. Ég játa, að mér er óskiljanlegt, hvaða þörf er á því fyrir menntalífið í landinu og heiður íslenzkra vísinda að auka kennslu í guðfræði. (**BBen**: Skiptir það ekki nokkru máli, að sálna sé gætt?) Jú, en hvers vegna er sr. Björn Magnússon öllum öðrum Íslendingum færari til að gæta sálna? (**BBen**: Það er það, sem við skiljum ekki.) Ef tveir ágætir menn sækja um eitthvert embætti, en aðeins annar þeirra getur hlotið það, á að stofna nýtt embætti handa þeim, sem útundan verður? Ó, já. Ef fara á eftir þeirri reglu, gætu þau orðið nokkuð mörg embættin, sem stofna þyrfti við Háskólann. Umsækjendur gætu verið nokkuð margir, 2, 3, 4, allt ágætir menn, og svo ætti að stofna embætti handa þeim, sem útundan yrðu við veitingu. Ég held, að það væri gleðiefni, að okkar þjóðfélag væri svo á vegi statt um ágætismenn í hverri grein, að um hvert embætti, sem losnaði, sæktu a. m. k. 2 til 3 menn hæfir í stöðuna. En samkvæmt röksemdafærslu hv. þm. bæri að stofna jafnmörg embætti og hæfir menn eru til í hvert. Ég leit ekki þannig á, þegar ég fylgdi því frv., sem þegar hefur verið samþ. um fjölgun embætta í norrænudeildinni. Ég leit svo á, að hér væri um 2 ágætismenn að ræða, sem Háskólinn hefði í fyrsta lagi fulla þörf fyrir og hagur væri að festa við Háskólann. Og í öðru lagi leit ég svo á, að íslenzk fræði væru svo þýðingarmikil fræðigrein, einmitt fyrir háskóla okkar, að við yrðum að leggja talsverða áherzlu á það, að við gætum gert hana þannig úr garði, að hún yrði fremst í sinni röð. Ég áleit, að það yrði að vera þjóðarmetnaður okkar Íslendinga. Einmitt þess vegna vil ég mótmæla þeim skoðunum, sem voru uppistaðan í ræðu hv. 6. þm. Reykv., en hún var þessi: Við verðum að sýna réttlæti, sem er í því fólgið, að sama hlutfall sé milli allra deilda Háskólans (**BBen**: En það verður ekki, þó að þetta verði samþ.), og við eigum að fjölga embættum við Háskólann alveg án tillits til þess, hvar þörfin sé fyrir þá kennslukrafta. Ég lít öðruvísi á, ég lít þannig á, að við eigum að gera okkur grein fyrir, hvaða vísindi við þurfum að efla, og við verðum að haga embættaveitingum okkar og stuðningi við Háskólann eftir því. Það er fáránleg fjarstæða að ætla að haga okkar embættaveitingum þannig við Háskólann, að rétt hlutföll verði á milli deilda. Hér er málið komið inn á

næstum fáránlega braut í þessum efnum, enda veit ég, að hv. þm. meinar þetta ekki. Þessi röksemdafærsla hv. þm. er ekki annað en leikur, — það veit ég. Hann hefur af einhverjum ástæðum ákveðið að verða með þessu máli, þótt hann í hjarta sínu sé á móti því, eins og fram hefur komið og hann hefur játað, og þessi röksemdafærsla hans er ekki alvarlega meint, sem betur fer.

Ég skal t. d. játa það, að ég tel meiri nauðsyn á öðrum hlutum en fjölga embættum við guðfræðideildina. Það er vissulega takmarkað fé, sem við getum lagt í Háskólann. Og ef við höfum yfir takmörkuðu fé að ráða, þá verður að gæta þess við hvert skref, að það fé, sem við getum notað til vísindastarfsemi, sé notað á sem heppilegastan hátt og komi okkar þjóð að sem allra mestu gagni. Ég get t. d. ekki fyrir mitt leyti viðurkennt guðfræðina sem vísindagrein, og allra sízt get ég litið svo á, að þessi nýja kennsla, sem þarna á að bæta við í Háskólanum, a. m. k. sumar greinar hennar, séu nokkuð nálægt því að vera vísindi. Hin skoðunin er sú, að maður eigi ekki að greina þar á milli, eins og hv. 6. þm. Reykv. heldur fram, að það eigi ekki að ráða, hvað manni sé vel eða illa við, heldur eigi maður að sýna „réttlæti", óháð því, hvort maður telur fræðigreinina nokkurs virði eða ekki. Þá gæti maður alveg eins verið fylgjandi því að stofna embætti í pýramídafræði, eins og einhver var að stinga upp á, sumir kalla það ákaflega þýðingarmikil vísindi. Og það væri hlutdrægni, ef maður væri á móti því. (**GÍG:** Má ekki bæta því aftan við í frv.?) Ég sé ekki mikinn mun á því, hvort það væri pýramídafræði eða sálgæzla.

Það er misskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv., að háskólaráð hafi komið með nokkrar till. til Alþ. eða farið fram á nokkra löggjöf síðan l. um breyt. á háskólal. voru samþ., háskólaráð stendur ekki að baki þeim frv., sem síðan hafa komið fram og þegar eru orðin að l. og sumpart er verið að ganga frá, eins og þetta frv. og frv. um Sigurð Nordal. Háskólaráð á þar engan þátt og stendur þar ekki að baki.

Hvað snertir embætti Björns Guðfinnssonar, þá er bréfið, sem hv. 6. þm. Reykv. las upp áðan, ekki frá háskólaráði, heldur heimspekideildinni. (**BBen:** Já, frá Háskólanum.) Ég sagði háskólaráði, og það var það, sem hv. þm. var að tala um. En hér er aðeins um formsatriði að ræða, vegna þess að Björn Guðfinnsson er starfandi við Háskólann — hefur lektorsembætti með dósentslaunum, svo að hér er ekki um aðra breytingu að ræða en þá, að hann mundi fá nýja nafnbót.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi það alveg fjarstæðu að hafa nokkuð á móti því, eins og nú stæði á, þó að stofnun þessa embættis væri bundin við nafn. Hann var að vísu mér sammála um, að yfirleitt væri varhugavert að fara inn á þá braut, en samt sem áður í þessu tilfelli væri hægt að fara inn á þá braut, vegna þess að hér væri þingið að leiðrétta ranglæti á demonstrativan hátt. En svo sagði hv. þm., að hann hefði ógjarnan viljað grípa fram í, ef hann hefði vitað, að sá ráðh., sem ætti að veita embættið, væri andvígur að veita þessum manni embættið, heldur vildi hann veita það öðrum. Þetta stangast nú heldur á hjá hv. þm. Hann vill binda þetta embætti við nafn, enda þótt hann sé á móti því yfirleitt, til þess að leiðrétta ranglæti í embættisveitingu. En svo lýsir hann yfir, að ef ráðh. ætlaði að fremja ranglæti á þessum manni í þriðja sinn, ætlaði hann að veita honum til þess brautargengi, vegna þess að hann vildi ekki grípa fram fyrir hendur ráðh. að því er þetta snertir. Þetta er dæmi um það, hve utangarna eru rök þessa hv. þm., sem er einn af skeleggustu þm. í rökfræði. Þegar hann rökræðir þannig, veit maður, að hann er að leika sér. Ef það væri einhver annar en þessi hv. þm., sem bæri fram svona röksemdir, gæti maður e. t. v. hugsað, að hann meinti það, en það er útilokað, að þessi hv. þm. rökræði svona, ef hann meinti það, sem hann væri að segja.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að það væri nauðsynlegt, að þessi embættisstofnun samkvæmt frv. yrði bundin við nafn, vegna þess að sá maður, sem hér á hlut að máli, séra Björn Magnússon, gæti ekki verið þekktur fyrir að sækja um embættið. En það yrði hann vitaskuld að gera, ef það er ekki veitt á nafn, — hann yrði að sækja um það, og sú embættaveiting yrði að fara fram samkvæmt reglugerð Háskólans, þannig að á ný yrði skipuð dómnefnd, og hann mundi að sjálfsögðu leggja fram eina af þessum vísindaritgerðum, sem hann hefur á lager og mundi ekki kosta hann mikla fyrirhöfn.

Ég tel nú fulla vissu fyrir því, samkvæmt undangenginni reynslu, að álitsgerð n., sem ráðh. á að hafa til hliðsjónar samkvæmt reglugerð Háskólans, mundi ekki geta verið nema á einn veg. Og þegar ég lýsi því yfir, að ég mundi veita séra Birni Magnússyni embættið, þá geri ég það vegna þess, að ég veit, að dómurinn mundi ekki falla nema á einn veg. (**MJ:** En ef komin verður verri stj.? — **GJ:** Eða vitrari samkeppnismaður?) Forlögunum fresta má, en fyrir þau ekki komast. Ef það ætti að koma fyrir í þriðja skiptið fyrir þennan mann að fá ekki veitingu fyrir þessu embætti, þótt honum beri eftir öllum venjulegum reglum að fá það og hann dæmdur hæfastur af dómnefnd, — já, þá er ekki langt frá, að það megi kalla það forlög. Ég á nú erfitt með að skilja það, ef þessi maður finnur svo mikla vísindalega köllun hjá sér eins og hans skoðanabræður og kollegar vilja vera láta, að hann mundi ekki láta það á móti sér að sækja um í þriðja sinn. En hitt tel ég meira lítillæti að taka við embætti úr höndum Alþ. eftir þær umr., sem eru búnar að fara fram, og eftir að hægt er að sanna, að meiri hl. Alþ. er andvígur þessu frv. Það er t. d. alveg greinilegt á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að hv. 6. þm. Reykv. er andvígur frv. — og ekki síður en ég. Og kannske eru það fleiri, því að það hefur verið hafður í frammi í þessu máli slíkur áróður, að ég man varla annað eins. Svo má frv. ekki fara til Nd., — þá má ekki breyta því vegna þess, hve hættulegt það er, ef það kemst til Nd. aftur. Nú er engin hætta, að ekki sé hægt að afgr. frv. fyrir þinglok, því að svo mörg stórmál eru eftir, svo að á því er ekki nein hætta, að frv. þetta dagi uppi. En hættan við það, að það fari til Nd., er sú, að það mundi falla þar, af því að það slysaðist í gegnum d., af því að þm. voru ekki viðstaddir, sem voru andvígir því. (**BBen:** Hverjir eru það?) Ég kann ekki við að telja þá upp, en ég get t. d. nefnt Þórodd Guðmundsson, sem ekki var viðstaddur. (**BBen:** Er það nú víst?) Það væri kannske óhætt

að prófa það, það er ekki að vita, hvað skeður frá degi til dags í þessu máli, áróðurinn er svo mikill. En það er kannske vissara að gefa ekki of miklar upplýsingar um hugarfar manna.

Það ber allt að sama brunni, að það er ekki nein sérstök ástæða til þess að binda þetta embætti við sérstakt nafn, enda þótt horfið yrði að því að stofna þetta embætti, — ég get ekki séð annað en það sé alveg óþarft. Það hefur að vísu verið bent á menn í sambandi við löggjöf um stofnun embætta, t. d. eins og við umr. um dósentsembætti við norrænudeildina, og er þar mikill munur á, og slíkt bindur ekki ráðh. á neinn hátt, þó að fram komi raddir við umr. á Alþ., að veita eigi þessum og þessum manni embættið. Svo að hér er um býsna ósambærilega hluti að ræða. Einmitt hv. 1. þm. Reykv. hefur lagt mikla áherzlu á það, að allar embættaveitingar við Háskólann færu fram samkvæmt reglugerð hans, og hefur talið það miður farið og mjög ranglátt og gengi hneyksli næst, þegar ráðh. hefur ekki tekið til greina álitsgerð dómn., enda þótt ráðh. hefði samkvæmt l. fullan rétt til þess að veita embætti við Háskólann hverjum þeim manni, sem dæmdur er hæfur á annað borð. Mér finnst nú sitja sízt á þeim, sem mest hafa gagnrýnt ráðh., sem hefur veitingarvaldið í sínum höndum, fyrir að hlíta ekki þeim dómi, sem kveðinn hefur verið upp af dómn., að vilja nú algerlega taka af Háskólanum réttinn til þess að hafa áhrif á embættaveitingu og algerlega ganga framhjá reglugerðinni og láta Alþ. eitt hafa veitingarvaldið. Það má að vísu segja, að í þessu tilfelli skipti það ekki svo miklu máli, því að það sé ekki ágreiningur milli Háskólans og Alþ. í þessu máli. En hér er samt sem áður um fordæmi að ræða, sem ég tel í alla staði mjög óheppilegt. Og hvers vegna á að skapa þetta fordæmi? Það er þarflaust. Sami maður mundi fá embættið, hvort sem brtt., sem fram er komin um að fella nafn hans burt, er samþ. eða ekki. Og hvaða nauðsyn er þá að skapa þetta fordæmi? Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. og aðrir þeir, sem fyrst og fremst bera hag Háskólans fyrir brjósti, myndu meta rétt Háskólans það mikið, að þeir myndu ekki að þarflausu vilja ganga inn á þá braut, hvað sem líður hinu, að við erum þar um leið að þarflausu að skapa fordæmi um að taka veitingarvaldið úr höndum ráðh.

Umr. frestað.

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 26. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var hér til umr. síðast, gaf kennslumálaráðh. þá yfirlýsingu, að hann mundi ekki veita öðrum en séra Birni Magnússyni embættið, þótt brtt. á þskj. 906 yrði samþ. Mér fannst dálítið einkennileg þessi yfirlýsing, því að ef þessi brtt. er samþ., finnst mér málið sé komið á eðlilegt stig, þ. e. að samkeppni fari fram um embættið. En það undrar mig mjög, að hv. 1. þm. Reykv. skuli vilja ganga á þá meginreglu Háskólans, að hann fái að ráða nokkru um það, hvernig embætti hans eru skipuð. En ég skal ekki fara langt út í það atriði, en vil aðeins bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðh.: Ef frv. er samþ. eins og það nú liggur fyrir, mundi hann þá veita það séra Birni eða nokkrum öðrum manni?

Það kemur glöggt fram í frv., að ekkert tímatakmark er í því um það, hvenær embættið skuli stofnað. Nú skilst mér á flm., að séra Björn Magnússon muni ekki sækja um fleiri embætti við Háskóla Íslands. Yrði ráðh. þá að veita það manni, sem ekki einu sinni sækir um embættið? Mér finnst ástæða til að setja einhver ákvæði um þetta í frv. og það skuli stofna innan einhvers ákveðins tíma. (**JJ:** Það má sækja um fyrir umsækjandann.) Ég veit ekki, hvort honum þætti það nokkuð meiri sómi, að hv. þm. S.-Þ. sækti um fyrir hann. En sem sagt, ég vildi gjarnan fá að heyra um þetta frá hæstv. ráðh.

Annars var ég undrandi á ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann taldi, að embættið væri óþarft, en ræða hans gengur út á að sanna það, að hann geri rétt að greiða atkv. með málinu.

Ég get ekki séð, hvernig hv. 6. þm. Reykv. getur rétẗlætt þessa skoðun sína, nema á bak við hana standi sú hugsun, að hann ætli sér strax að fara að krefja um ný embætti fyrir lögfræðideildina, og er mér ómögulegt að skilja mál hans á neinn annan hátt. En ef þetta er ætlun hans, þá er ástæða til að spyrna við fótum, því að þá er komið að því, sem hann hefur spáð, að með stofnun þessara embætta væri verið að skapa glundroða innan Háskólans. Við vissum ekki, inn á hvaða plan við værum að halda í embættaveitingum Háskólans, ef við héldum svona áfram. Enda sýnir þetta byrjunina, því að jafnsterkur maður og hv. 6. þm. Reykv. hefur nú kiknað fyrir þessu, þar sem hann var samþykkur því hér um daginn að stofna óþarfa embætti við Háskólann og er þá væntanlega fylgjandi stofnun hvers þess embættis, sem fjölgað verður við Háskólann og þá ekki hvað sízt, ef það snertir lögfræðideildina, og hefur hann viðurkennt það, að hann hafi snúizt í þessum málum, af því að hann óskaði eftir því, að þau skapi glundroða. Vitanlega mun þetta skapa glundroða, og er rétt, að menn geri sér það ljóst, þegar til atkvgr. kemur um þetta mál.

Ég hafði hugsað mér að bera fram rökstudda dagskrá í þessu máli, en hef við nánari athugun fallið frá því, en vil sjá, hverju fram vindur, hvort hæstv. ráðh. svarar, og sjá, hvort tekið verður tillit til þess af flm., og mun bíða þar til málið verður komið á annað stig en það er nú á.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Hv. þm. Barð. hefur bent á það, að það er ekki til tekið í frv., frá hvaða tíma beri að veita séra Birni Magnússyni þetta embætti, og hann spurði, hvort ég mundi veita þetta embætti, ef ekki yrði um það sótt. — Það er dálítið erfitt fyrir mig að svara, hvernig farið skuli með þessa embættisveitingu, vegna þess hversu hún er óvenjuleg og einstæð í sinni röð. Það er ákaflega erfitt fyrir ólögfróðan mann að svara því, hvernig veita á slíkt embætti, hvort sækja beri um það eða hvort ekki er ætlazt til þess, að um það verði sótt, og mundi ég sjálfsagt leita mér upplýsinga um það. En svo mikið er víst, að ég mundi ekki veita embættið, nema eindregin ósk kæmi frá séra Birni um, að honum yrði veitt embættið, og mundi mér

ekki koma til hugar að veita embættið, ef viðkomandi maður vildi ekki taka við því.

Hvað snertir hitt atriðið, sem sé frá hvaða tíma embættið er veitt, þá er það algerlega á mínu valdi, eins og frv. er úr garði gert, og gæti dregizt eitthvað, að sú embættisveiting fari fram. Ég þori ekkert um það að segja, en álít tryggara fyrir flm. frv. að setja ákvæði í frv. um það, hvenær veitingin skuli fara fram. Vitanlega hef ég fullan rétt yfir þessu, því að í frv. stendur ekki annað en að það skuli vera tvö dósentsembætti við guðfræðideild Háskóla Íslands og séra Björn Magnússon verði skipaður í annað þeirra, en það stendur ekkert um, hvenær það skuli gert. Það væri því hægt að draga það, þangað til önnur ríkisstj. tæki við og annar maður tæki við embætti menntmrh., og væri þá ekki að vita, hvernig færi um þessa veitingu.

Viðvíkjandi því, sem nokkuð hefur komið til tals hér við umr., að séra Björn mundi ekki hafa skap til þess að sækja um þetta embætti, ef embættisveiting færi fram með venjulegum hætti, þá virðist mér það auðvelt fyrir séra Björn, — þó að hann sé skapmaður, sem mér þykir líklegt, að hann sé, eins og margir ágætismenn, — að sækja um það með venjulegum hætti, þannig að skipuð yrði dómnefnd samkv. reglum Háskólans, sem raunverulega réði mestu um það, hver embættið fengi. Séra Björn á vissulega engar sakir við Háskólann, þar sem hann hefur í bæði skiptin verið dæmdur hæfur, sem hann hefur sótt um dósentsembætti. Aftur á móti tel ég hann eiga sakir við veitingarvaldið, og eftir þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál hér á Alþ., þá finnst mér næsta óskiljanlegt, hvernig séra Björn hefði skap í sér til þess að sækja um embætti til menntmrh. eða láta óska eftir því, að honum yrði veitt embættið, en vitaskuld er það rétt hjá hv. þm. Barð., að slík ósk verður að koma fram, hann verður að sækja um það, og kemur ekki til mála að veita embættið, nema full vissa sé fyrir því, að séra Björn taki við því. Það skiptir ekki máli, hvort hann sækir um það sjálfur eða lætur annan sækja fyrir sig, sem væri næsta broslegt, og dettur mér ekki í hug, að hann ætli að fara þá leið.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það er ef til vill rétt, úr því að ég hef slæðzt á mælendaskrá, að nota sér það, þótt ekki sé mikil ástæða til þess, þar sem ég hafði ekki framsögu um þetta mál, og er gott, að svo var. Það eru hins vegar svo margar skoðanir uppi um þetta mál, að mér finnst nauðsynlegt að segja til litar, — af veikum mætti —, hvers vegna ég hef haft þessa afstöðu til málsins, ekki sízt þar sem ég átti sæti í menntmn., sem fjallaði með þetta mál.

Mér finnst nú meðferðin á þessu andlega máli þannig, að þetta er orðinn eins konar trúðleikur eða vikivakadans, og það, sem mér finnst svo miklu máli skipta og öllum er vitanlegt, er, að undirrót málsins er ekki að öllu leyti andlegs efnis. Málið er svo margþætt, að ekki er gerlegt að rekja það allt hér, og mun ég því aðeins drepa á aðalatriðin.

Það, sem kemur þar til greina og er þess vert að hafa orð á, er fyrst og fremst ágreiningurinn um þessa embættisveitingu. Talið er, að hann eigi sér svo víðtækar rætur, að erfitt er að vera með eða móti eftir almennum skoðunum þm. Það hefur verið sagt, að þetta andlega mál sé borið fram af hálfu einhverra flokka, — sé flokksmál, og skal ég ekkert segja um það, en ef svo væri, þá er þetta sízt af öllu andlegt málefni.

Svo sér maður, þegar þetta frv. er fram borið, að borið saman við önnur háskólafrv. er þetta mál að nokkru leyti keimlíkt þeim. Það kemur fram samúð eða andúð í garð þessara frv., forustan af hálfu Háskólans er dálítið reikul og þingfl. að sama skapi, þar sem þar á hver sitt dálæti. Þarf ekki að minna á annað en þegar rætt var um dósentsembættin í norrænudeildinni og prófessorsembættin í verkfræðideildinni. Þar var aðdáandi norrænna fræða eins og hv. þm. Dal., og er það honum sagt til lofs; hann vill norrænufræðingana, það er hans grein, en vill ekkert með verkfræðingana. Munu brtt. hafa fallið í samræmi við þetta. Hv. þm. Barð., sem er veraldarinnar framkvæmdamaður, — hann gildir einu um prófessorsembættin í verkfræðideild, en vill ekkert með dósentsembættin í norrænudeildinni.

Svo er maður kominn að veitingu dósentsembættis við guðfræðideild Háskólans, og þar virðist gæta nokkurs hins sama; skoðanir hv. þm. eru sitt á hvað og eftir líkum mælikvarða og ég gat um. Er þess vegna erfitt fyrir þá þm., sem eru engir sérfræðingar í neinum af þessum greinum, að komast að ákveðinni niðurstöðu. En nú var ég neyddur til þess að gera það, þegar þar að kom, og er ég ekkert feiminn við að játa það skoðunarleysi mitt, að ég var lengi á báðum áttum, hvort ég ætti að vera með eða móti því, að þetta embætti væri stofnað. Ég var þeirrar skoðunar og er, að það sé engin nauðsyn fyrir Háskólann að stofna til þessa dósentsembættis, og frá því sjónarmiði ætti ég að vera á móti þessu frv. En hér eru fleiri sjónarmið, sem koma til greina, og þau riðu baggamuninn fyrir mér. Ég er einn af þeim mönnum, sem halda því fram, að sr. Björn Magnússon hafi orðið fyrir skakkafalli af hálfu opinbers valds og það oftar en einu sinni. Ég hef þá grundvallarskoðun, eins og líklega margir fleiri, að þegar einstaklingur hefur orðið fyrir barðinu á opinberu valdi, og því fremur, ef slíkt kemur oftar en einu sinni fyrir, þá sé það í raun og veru skylda manns að hlífa heldur en höggva. Þetta þykja ef til vill ekki góðar og gildar málsástæður, en ég sé ekki, að þessi maður eigi sér á annan hátt uppreisnar von, þannig að þessi ástæða reið baggamuninn fyrir mér, svo að ég er fylgjandi frv.

Nú hafa komið fram brtt. við frv., sem ef til vill eru á einhverjum rökum reistar og réttlátar að ýmsu leyti, t. d. sú, að nafn sr. Björns verði numið burt úr frv., og eru þau rök færð fram, að það sé móðgun við ráðh. að taka við slíku plaggi frá Alþ., sem sé stílað á nafn ákveðins manns. Ráðh. hefur haft orð á því, að það sé óviðeigandi, en sagði jafnframt, að ef til embættisveitingar kæmi, mundi hann ekki veita embættið öðrum en sr. Birni. Ég er þess fullviss og segi það af reynslu af þessum hæstv. ráðh., að úr því að hann hefur þetta mælt, mun hann standa við orð sín. Ég álít það hégóma einn, hvort þetta nafn stendur í frv. eða ekki, því að það er öllum lýðum ljóst, að það er sr. Björn Magnússon, sem málið snýst um. Úr því að yfirlýsing hæstv. ráðh. lá fyrir og þar

sem ég trúi, að hann standi við orð sín, hefði ég getað fallizt á, að þessi brtt. yrði samþ., en ef hún verður samþ. hér í hv. d. og málið endursent hv. Nd., gæti svo farið, að málið félli með því. En annaðhvort er að vera með þessu frv. eða móti því, og vildi ég því óska, að það kæmi hér líka fram, að annaðhvort séu hv. þm. með þessu frv. eða ekki.

Þegar málið var sent frá 1. umr. til 2. umr., var ég ekki viðstaddur vegna forfalla, svo að það hvorki stóð né féll með mínu atkv., en hv. þm. Dal. hjálpaði til með sínu atkv. að koma því til 2. umr., þar eð það munaði aðeins einu atkv. Hann segist nú munu spyrna við fótum, og er ég því að hugsa um að hafa vaktaskipti við hann.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ætli það sé ekki rétt að ég taki upp þráðinn, þar sem hann slitnaði hjá hv. 2. þm. Árn., því að það varð orð að sönnu, að ég tek nú við vaktinni í umr., þegar hann fer af henni.

Ég játa það og ber engan kinnroða fyrir, að ég vildi ekki sýna þessu máli þá vansæmd að láta það ekki komast til n. Ég áleit rétt, að málið færi til athugunar í n. og hinn rétti vilji hv. d. kæmi fram í málinu, hver sem hann er, og ég segi fyrir mig, að mér datt ekki í hug að hlaupa frá málinu og taka ekki þátt í atkvgr.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri vel undirbúið, og mér virtist einnig hæstv. menntmrh. taka undir það á vissan hátt. Hann kvaðst ekki mundu láta „agitera" fyrir nokkru öðru máli eins og þessu. Hvort báðir hafa meint það sama viðvíkjandi undirbúningi málsins, skal ég láta þá um og skal ekki teygja lopann lengi um þetta atriði.

Ég vík þá aftur að hv. 6. þm. Reykv. Hann taldi, að ég hefði í ræðu minni játað, að ég hefði talað við annan dósentinn í norrænudeildinni. Ég tók það fullkomlega fram, að ég vissi í raun og veru ekki um, hver kynni að verða dósent, því að þótt menn hefðu verið nefndir, sem líklegir væru til þess að fá þessi embætti, þá var mér ekki kunnugt um, hvort þessir menn mundu sækja um þau. Svo að þetta var aðeins ráðagerð, en auðvitað hvetur það mann meira til þess að fylgja stofnun nýrra embætta, þegar ágætir og fróðir menn sækja um þau.

Þegar maður lítur á það, að hinum norrænu fræðum við Háskólann sé mest á loft haldið og unnið sé sem mest að þeim störfum, eins og ég tel þurfa, þá er það aldrei of oft sagt, og það á Háskóli Íslands að hugsa um og allir landsmenn, að norrænud. við Háskólann ber einmitt að efla, eftir því sem kostur er á, ef menn á annað borð vilja, að orðrómur fari af þessum háskóla og berist til annarra landa. — En hitt verð ég að segja, að það getur náttúrlega skeikað að sköpuðu um það, hvort allir verða svo frjósamir bókaútgefendur, þótt þeir komist í þessi embætti, að þeir frekar en aðrir uppfylli hillur þeirra, sem safna bókum. En ég taldi það mjög vafasama afstöðu til guðfræðideildarinnar, ef stofnað yrði þar annað dósentsembætti, sem ef til vill mundi lengja námstíma þeirra, sem þar stúdera sína námsgrein, því að við vitum, að fátækir stúdentar verða oft að taka praksis jafnhliða námi sínu, þar eð þeir hafa ekki fjármagn til þess að stúdera of lengi í sinni námsgrein, einkum ef það er ekki tekjumikið embætti, sem blasir við. Eg vil þess vegna minna þá menn á það, sem efla vilja guðskristni hér á þessu landi, að þeir athugi betur, hvort það er í raun og veru rétt að stofna til þessa dósentsembættis í guðfræðideild, sem vafasamt er, hvort verður til mikillar eflingar fyrir okkar guðfræðistétt, enda þótt góður maður komi þar í, en skerða þar með hina fámennu hjörð, sem á að vera til sálgæzlu úti um land. Við vitum, að fjölmörg prestsembætti standa auð, og við vitum, að það er beinlínis ákveðið að sækja einn af þessum fáu sálnahirðum utan af landinu og setja hann niður hér í Reykjavík, og með þessum manni fækkar auðvitað sálnahirðunum úti á landi. — Ég játa hins vegar, að það er rétt og sjálfsagt að sýna sr. Birni Magnússyni vott þess, að hann hafi verið hörðu beittur, og þar sem slíkt átti sér stað meira að segja við tvær veitingar í dósentsembætti við guðfræðideild Háskólans. Það er því enginn vafi á því, að sá maður á að fá einhvern greiða í staðinn úr ríkissjóði, en ég held, að þetta, sem hér er talað um, verði seint til að bæta honum upp það óréttlæti, sem hann hefur verið beittur. Mér hefði þess vegna fundizt réttara, að hann fengi heiðurslaun fyrir hrakningana heldur en að taka þennan ágæta sálnahirði úr sveitinni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Þessar umr. gerast nú langar, og skal ég ekki lengja þær frekar, en það voru bara örfá orð út af ummælum hæstv. menntmrh., er hann sagði, að ósamræmis gætti hjá mér. Í því sambandi vil ég minna hann á, að hvorugur þeirra ráðh., sem hér hafa átt hlut að máli, nutu trausts míns. En nú er því svo farið, að ég styð þessa stj. og ber traust til hæstv. menntmrh. fram yfir þá, sem áður sátu. Og þegar nú hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að ekki komi til mála að veita neinum öðrum en Birni Magnússyni þetta embætti, þá byggist hans yfirlýsing á því, að hann hefur kynnt sér alla málavöxtu og að enginn er til þessa hæfari en Björn Magnússon. Ef hins vegar hann hefði álitið aðra jafnfæra, þá hefði ég viljað láta þá reyna sig. Þetta ósamræmi, sem hann talar um hjá mér, kemur því af þeim orsökum, að ég ber meira traust til hans en fyrirrennara hans. Misskilningur hans orsakast af lítillæti hans, sem er hvers manns prýði, og stækkar hann í mínum augum við það. Hann gerir sér ekki ljóst það traust, sem ég ber til hans.

Annars hef ég ekki ástæðu til að deila við hæstv. ráðh., því að hann hefur borið fram í þessu máli sömu rök og ég notaði í stóra háskólafrv., svo að þau orð hafa ekki lent í svo ófrjóan akur sem vænta mátti og hafa borið ávöxt, þótt síðla sé. Hæstv. ráðh. var bara hlynntur þeirri deild, sem hér um ræðir. En ég tel það gott, að hann fái að læra það á sínum embættisferli, að jafnt verður að gera vinum sínum og óvinum. Nú stendur svo á, að norrænudeildin hefur eftir þetta þing 7 prófessora og dósenta, og ég tók það fram í umr. um stóra háskólafrv., að ekki yrði hjá því komizt að skapa öllum deildum Háskólans svipaða aðstöðu. Þess vegna er það, að hér er um réttmæta leiðréttingu að ræða.

Hv. þm. Barð. hélt því fram, að ég væri að koma á glundroða við Háskólann. Ég hef aldrei verið á

móti því að fjölga kennurum við Háskólann, en ég hef bara haldið því fram, að ef slíkt er gert við eina deild, þá verði líka að gera það við aðrar deildir Háskólans, ef eigi á að gæta ósamræmis. Ég skora því á hæstv. ráðh. að gera samanburð á okkar háskóla og háskólum erlendis, og þá vænti ég, að við vöknum við vondan draum. Þjóðfræðadeild okkar háskóla er eins stór og við stærstu háskóla stærstu heimsvelda, á meðan aðrar deildir eiga við þröngan kost að búa. Þetta skapar rangt mat á því, hver fræðin eru mests virði.

Og þótt norræn fræði hafi mikið gildi, þá hafa kristin fræði það líka. Annars er það rétt, að ég hefði ekki verið þessu fylgjandi, ef stóra háskólafrv. hefði ekki fengið þá afgreiðslu, sem það fékk.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Hv. 6. þm. Reykv. reyndi að snúa sig út úr þeim villum, sem voru í ræðu hans síðast. Hann sagði, að hann hefði verið deigur að samþ. þetta frv., ef ég hefði ekki verið búinn að lýsa því yfir, að ég mundi veita Birni Magnússyni embættið, því að ég væri svo sanngjarn og kynni að meta réttara en aðrir. En nú vildi ég benda hv. þm. á það, að ef nú risi upp nýr spámaður, fremri Birni Magnússyni, myndum við þá ekki verða ásáttir um að veita honum embættið?

En þegar ég lýsti því yfir, að ég mundi veita sr. Birni Magnússyni, þá er það sökum þess, að ég reikna ekki með því, að nýr spámaður rísi upp, en auðvitað mundi það verða okkur til mikillar gleði, ef svo færi.

Ég gerði ráð fyrir, að sr. Björn mundi sækja og verða dæmdur hæfur sem fyrr, og þá mundi ég veita honum embættið. Ég var ekki svo bjartsýnn að ætla, að annar honum fremri kæmi, slíkt datt mér ekki í hug.

En úr því að svona stendur á, að tryggt virðist, að sr. Birni verði veitt embættið, hvaða nauðsyn er þá að brjóta svo allar reglur sem í þessu frv. er gert og hv. þm. hefur einnig sagt, að væri mjög óviðfelldið?

Hann lýsti yfir trausti sínu á mér; hvaða ástæða er þá til þess, að hann mælir með þessu frv., sem ber vott um mesta vantraust? Í þessu máli fer hann eftir allt öðrum reglum en hann er vanur í sinni röksemdafærslu, og það er af því, að þetta er allt leikaraskapur fyrir honum.

Hann sagði, að ég hefði breytt um skoðun, síðan embættin voru stofnuð við norrænudeildina, og fallizt á þá skoðun, sem hann hefði haldið fram þá. Ég hef ekki breytt um skoðun. Ég hef alltaf verið á móti því að stofna óþörf embætti, en okkur greinir á um, hvort embættin við norrænudeildina væru óþörf. En nú hefur hv. þm. breytt um skoðun. Hugsun hans nú er á þá leið, að úr því að búið sé að stofna óþörf embætti, þá sé sjálfsagt að halda því áfram.

Hv. þm. vildi fara eftir þeirri reglu, að kennarar ættu að vera jafnmargir við hverja deild Háskólans, en ég lít ekki svo á. Ég lít á það eitt, hvaða gagn embættið hefur fyrir þjóðina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 113. og 114. fundi í Ed., 29. og 30. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 906 felld með 9:7 atkv.

1. gr. samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, BSt, BBen, EE.

nei: GJ, GÍG, HG, KA, PM, ÞÞ, BrB, StgrA.

2. gr. samþ. með 9:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:7 atkv.

Á 117. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 651, 1015).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég hef borið fram á þskj. 1015 brtt. í tveim liðum. Fyrri liðurinn er við 1. gr. frv., að þar verði bætt inn í „eigi síðar en í lok ársins 1945". Mér þykir eðlilegt, vegna þeirrar yfirlýsingar, sem fram hefur komið frá hæstv. menntmrh., að þetta sé sett inn í frv., svo að engum blöðum sé um það að fletta, að þessum ákveðna manni sé veitt þetta embætti á þessu ári.

Síðari liður brtt. er, að aftan við 2. gr. komi ný gr., sem hljóði þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi". Það er orðið venja hér á þingi, að slík ákvæði séu sett í frv., en flaustrið hefur verið svo mikið við að búa þetta frv. út og koma því gegnum þingið og menntmn. beggja d. o. s. frv., að enginn virðist hafa séð þennan agnúa á frv. Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem bera það svo mjög fyrir brjósti, að þetta frv. nái fram að ganga gallalaust, séu fúsir til að fylgja þessum brtt. báðum, þar sem þær eru í raun og veru ekki nema sjálfsagðar leiðréttingar á formi frv.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða nánar um þetta atriði.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins í sambandi við þessar brtt. og ummæli hv. þm. Barð. segja það, að síðari brtt. hans, að l. öðlist þegar gildi, má teljast meinlaus, en líka gagnslaus. Það er mjög fjarri því, að það hafi verið fyrir flaustur eða vangá, að þetta ákvæði er ekki í frv. eins og það er borið fram. Það eru fastar reglur um, hvenær lög skuli öðlast gildi, ef ekkert er fram tekið um það í l. sjálfum, ég má segja, að það sé sex vikum eftir að þau hafa verið birt í stjórnartíðindum. Þetta mál er þess eðlis, að ekkert liggur á upp á dag, að þau öðlist gildi, áður en sá lögmælti tími er kominn, eftir að þau hafa verið birt í stjórnartíðindum.

Um fyrri brtt. er það að segja, að ég sé ekki annað en hún sé gersamlega óþörf, a. m. k. frá sjónarmiði þeirra, sem bera nokkurt traust til veitingarvaldsins. Maður getur skilið þetta sem sneið til ráðh., að hann muni þverskallast við að veita embættið, en til þess tel ég enga ástæðu.

Ég sé því ekki, að nein þörf sé á að samþ. þessa brtt.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Úr því að þessi till. er fram komin frá hv. þm. Barð., þá skilst mér, að ef hún verður samþ., þá sé hún viljayfirlýsing frá þinginu, að það vilji láta það koma skýrt fram, að það eigi að veita embættið á þessu ári. Mundi það þá að sjálfsögðu verða veitt við fyrsta tækifæri, undireins og gengið hefur verið úr skugga um, að viðkomandi maður óskar eftir að taka við embættinu. Verði till. felld, er ekki hægt að líta á það öðruvísi en sem viljayfirlýsingu um, að d. vilji ekki láta veita þetta embætti á þessu ári. Ég get ekki skilið það öðruvísi og mun skilja það þannig.

Gísli Jónsson: Ég vil í tilefni af ummælum hv. 1. þm. Reykv. benda á, að hvorki hann né aðrir fylgismenn þessa frv. báru svo mikið traust til hæstv. menntmrh., að þeir vildu láta falla burt það atriði úr 1. gr. frv., að sr. Björn Magnússon yrði skipaður í embættið, þó að hæstv. ráðh. hefði marglýst yfir, að hann legði mikið upp úr formsins vegna, að það atriði yrði fellt burt, en hann mundi engum öðrum veita það en þessum manni. Nú, þegar á að hafa sem allra mest öryggi, þá kemur hv. 1. þm. Reykv. og segist bera svo mikið traust til þessa sama manns, að engin þörf sé á að samþ. þessa till., sem er beint sprottin af því vantrausti, sem hann lýsti á hæstv. ráðh. í þessu sérstaka atriði.

Um hitt þarf ekki að ræða, að það er ekki nema sjálfsögð leiðréttíng, og ég lít svo á, að ef fylgismenn frv. treysta sér ekki til að samþ. till., þá sé það af því, að þeir viti, að málið hefur ekki fylgi í þinginu, og þá eru þeir að berja fram mál, sem er borið fram og samþ. af minni hl. Alþingis, og það styrkir engan veginn þeirra mál, auk þess sem þeim hefur verið bent á, að 1. gr., þó að hún sé samin af æruverðum biskupnum með aðstoð guðfræðideildar Háskólans, þá er ekki sæmilegt að láta hana standa eins og hún er með útlendum orðum, sem ekki nema sárafáir þm. skilja, auk þess sem það eru fleiri en einn, sem ekki skilja heldur ákvæði 2. gr., hvernig beri að framkvæma þá sálgæzlu, sem þessi maður á að kenna samkv. þeirri gr., svo að það hefði þurft að semja allt frv. um. Um það skal ég ekki deila nú, en ef þessir aðilar treysta sér ekki til að samþ. þessar sjálfsögðu leiðréttingar, þá er það af engu öðru en því, að eitthvað annað liggur á bak við.

ATKVGR.
Brtt. 1015,1 felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, GJ, GÍG.
nei: HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE.
StgrA greiddi ekki atkv.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jónas Jónsson: Út af ræðu hæstv. menntmrh. vil ég taka fram, að ég greiði atkv. á móti þessari till., ekki af því, að ég hafi sérstaklega mikið traust á honum sem ráðh., heldur af því, að einn helzti af stuðningsmönnum hæstv. ráðh., borgarstjórinn í Reykjavík, hefur lýst yfir áður í mjög skemmtilegri ræðu, að hann fylgdi frv. eins og það lægi fyrir af fullu trausti á hæstv. ráðh., og þar sem auðvelt er fyrir borgarstjórann að fella þennan hæstv. ráðh., ef hann ekki „stendur sína Pligt", segi ég nei.

Magnús Jónsson: Út af ummælum hæstv. ráðh. vil ég aðeins gera þá grein fyrir atkv. mínu, að þótt ég greiði atkv. á móti brtt., þá er það í jafnfullu trausti þess, að hæstv. kennslumrh. muni veita þetta embætti við fyrstu hentugleika, og í því felst alls engin viljayfirlýsing frá minni hendi um, að embættið verði ekki veitt á þessu ári, heldur af því, að ég treysti hæstv. ráðh. fullkomlega til að fara eftir þeim vilja Alþingis, sem fram kemur í samþykkt þessa frv.

Páll Hermannsson: Ég segi nei með sömu forsendum og hv. 1. þm. Reykv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem ég er á móti þessu dósentsembætti, að það verði sett, þá er mér áhugamál að draga það sem lengst, og með þeim forsendum segi ég nei.

Bjarni Benediktsson: Í frv., eins og það liggur fyrir, er ótvírætt svo kveðið á, að við guðfræðideild Háskólans skuli vera tvö dósentsembætti. Það er því ótvírætt skylda hæstv. ráðh. að sjá um, að þessu lagaboði verði fullnægt strax og l. taka gildi eða innan hæfilegs tíma þar frá, eins og búið er að taka fram. Og í fullu trausti þess, að ríkisstj. virði landslög án tillits til þess, hvort viðkomandi ráðh. vildi hafa þau um sumt öðruvísi en þau eru, þá segi ég nei.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég mun greiða atkv. á móti þessari till. af sömu forsendum og hv. þm. Dal. Ég get ekki skilið, að hv. þm. geti greitt atkv. á móti þessari till. af öðrum ástæðum, nema þeir séu sannfærðir um, að þetta frv. hafi ekki meiri hl. í þinginu, en sé svo, þá tel ég ekki neina skyldu að sýna slíkum l. neina sérstaka virðingu.

Brtt. 1015,2 felld með 10:4 atkv.
Frv. samþ. með 9:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1031).

94. Sjúkrahús o. fl.

Á 74. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.** (þmfrv., A. 657).

Á 91. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. frá 1933 um sjúkrahús o. fl. og er flutt af heilbrigðis- og félagsmálan. Tilefni þess er fyrst og fremst það, að á þ. fyrir alllöngu var flutt frv. af hv. þm. Ak. þess efnis, að reisa skyldi og reka fullkomið sjúkrahús á Akureyri fyrir Norðlendingafjórðung og kostnaðinn við byggingu og rekstur sjúkrahússins skyldi greiða úr ríkissjóði. Þessu frv. var vísað til heil-

brigðis- og félagsmálan. N. sendi þetta mál til mþn. um læknishéraðaskipun, tilkostnað ríkisins vegna sjúkrahúsa, læknabústaða o. fl. Frá þessari mþn. barst svar á þá lund, að n. lagði gegn því að stofna til ríkisrekstrar á öðrum sjúkrahúsum en Landsspítalanum. Um rök fyrir því vil ég leyfa mér að vísa til grg., sem birt er með þessu frv. Þar er tekið fram, að mþn. telur, að rétt sé, að sveitarfélögin sjálf reki þessi sjúkrahús, og það tryggi betur en ríkisrekstur haganlegan rekstur þeirra. Mþn. lagði því til, að í stað þessa frv. kæmi breyt. á sjúkrahúsal., á þá lund, að ríkið greiði ríflegri styrki en verið hefur til stofnkostnaðar og rekstrar sjúkrahúsa almennt. Till. n. voru á þá lund frá því, sem venja hefur verið, að styrkir til sjúkrahúsa og læknabústaða voru hækkaðir úr einum þriðja í helming stofnkostnaðar. Að því er snertir fjórðungssjúkrahúsin þrjú, eitt á Norðurlandi, annað á Austurlandi og það þriðja á Vestfjörðum, skal ríkissjóður greiða ¾ stofnkostnaðar til þeirra. Þessi munur á almennum sjúkrahúsum og læknisbústöðum annars vegar og fjórðungssjúkrahúsunum hins vegar byggist á því, að hin síðarnefndu eru sótt svo mjög af utanhéraðsmönnum, t. d. ætla ég, að sjúkrahúsið á Akureyri hafi á undanförnum árum gist utanbæjarsjúklingar að ⅔. Af þessari ástæðu verður eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið styrki þessi sjúkrahús meir en önnur. Þetta mál var svo rætt í heilbrigðis- og félagsmálan. eftir að álit mþn. hafði borizt, og m. a. var rætt við landlækni og hæstv. félmrh. Við athugun á þessu máli kom fram, að á næstu árum standa fyrir dyrum mjög miklar byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða, og það, sem þegar er byrjað á eða stendur fyrir dyrum á næsta eða næstu tveimur árum, er talið af allfróðum mönnum að muni nema 12 til 13 millj. kr. Auk þess þarf að byggja næstu árin þar á eftir læknisbústaði og sjúkrahús fyrir margar millj. kr. Af þessum ástæðum töldum við hæpið að samþ. till. mþn. eins og þær lágu fyrir, vegna þess að þær mundu hafa í för með sér mjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóð á næstu árum. Eftir að heilbrigðis- og félagsmálan. hafði rætt við landlækni og hæstv. félmrh., varð samkomulag um að breyta þessum ákvæðum á þann veg, að sjúkrahús almennt og læknisbústaðir yrðu styrktir úr ríkissjóði með ⅔ stofnkostnaðar í stað ⅓ sem verið hefur, en jafnframt sett í 1. ákvæði um, að þessi 3 fjórðungssjúkrahús verði styrkt með ⅔ kostnaðar, og hef ég áður getið um ástæðuna fyrir því.

Að því er snertir rekstur þessara sjúkrahúsa, vildi mþn. ekki fallast á, að ríkið ræki þau, og heilbrigðis- og félagsmn. féllst á þetta sjónarmið, þannig að sveitar- eða bæjarfélögin sjálf, sem að þessum sjúkrahúsum standa, eigi þau sjálf og reki. Hins vegar þykir það sjálfsagt, þar sem margir utanhéraðsmenn sækja sjúkrahús, að ríkið greiði verulegan hluta af rekstrarhalla þeirra. Þess vegna fer frv. fram á, að ríkissjóður greiði sjúkrahúsunum árlega vissan rekstrarstyrk og auk þess fjárhæð, sem nemi þeim halla, er hlýzt af veru utanhéraðsmanna á sjúkrahúsinu, og er miðað við daggjöld ríkisspítala. Að því er snertir þessi rekstrarákvæði, vil ég geta þess, að þetta er að verulegu leyti í samræmi við það, sem veitt hefur verið undanfarin ár á fjárl., en þar hefur verið veittur verulegur styrkur til nokkurra sjúkrahúsa, miðað við svipuð sjónarmið og hér komu fram. Þetta er aðalefni frv., og skal ég ekki fara um það fleiri orðum. Vil ég aðeins taka skýrt fram, að munurinn á till. heilbrigðis- og félagsmálan. annars vegar og mþn. hins vegar, er sá, að mþn. lagði til, að ríkissjóður greiddi ¾ stofnkostnaðar til fjórðungssjúkrahúsanna, en ½ kostnaðar til annarra sjúkrahúsa og læknisbústaða, en samkomulag varð um ⅗ og ⅖. Annað atriði, sem mjög kemur til athugunar, er, að fyrir dyrum standa mjög stórvægilegar framkvæmdir í þessum efnum, og það, sem þegar er byrjað á, nemur um 12 millj. á næstu tveimur árum, eftir því sem heilbrigðisyfirvöldin hafa komizt næst. Nú vildi ég biðja hv. þm. að gæta þess, að með þessu frv. er ekki verið að skylda Alþ. til þessara greiðslna, heldur fyrst og fremst verið að breyta hlutföllunum, og sú breyting byggist á því, að það er að mörgu leyti ósanngjarnt, að héruðin byggi sjúkrahús og læknisbústaði með þeim kjörum, sem nú eru. Fámennum sveitarhéruðum er það algerlega um megn og jafnvel þótt um stærri bæjarfélög sé að ræða, eins og t. d. Akureyri, en auk þess er ósanngjarnt, að það bæjarfélag búi við það hlutfall, sem verið hefur, þar eð svo margir utanbæjarsjúklingar leita sjúkrahúsvistar þar. Það má vel vera, að mönnum hrjósi hugur við þeim fjárframlögum, sem ríkissjóður þarf að leggja fram til þessara mála, en ég vil telja, að ein helgasta skylda ríkisvaldsins sé að sjá borgurunum fyrir læknisþjónustu og sjúkrahjálp. Mörg héruð eru nú læknislaus, og áhrifamesta ráðið til þess að fá lækna í þau er að bæta kjör þeirra og starfsskilyrði.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins taka það fram, að ætlazt er til, að þetta mál komi í stað þess frv., sem hv. þm. Ak. flutti um byggingu og rekstur sjúkrahúss á Akureyri (138. mál), og vil jafnframt taka það fram, að hv. þm. Ak. hefur fyrir sitt leyti viljað fallast á till. mþn. um byggingarstyrk og þann rekstrarstyrk, sem mþn. lagði til, en taldi hins vegar of skammt gengið með till. heilbr.- og félmn. Að því er snertir rekstrarstyrkinn, er ákveðið í frv., að nærliggjandi héruð megi skylda til þess að taka þátt í stofn- og rekstrarkostnaði fjórðungssjúkrahúsa, en hv. þm. Ak. kveður sig hafa reynslu fyrir því, að þessi leið sé ekki fær, þar eð hún mundi ekki bera þann árangur, sem til er ætlazt. Með þessum fyrirvara hv. þm. Ak. ætla ég, að rétt sé að segja, að heilbr.- og félmn. standi óskipt að þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Eins og frsm. heilbr.- og félmn., hv. þm. Snæf., sagði, hefur orðið dálítill ágreiningur milli mín og n. um afgreiðslu þessa máls, og helga ég mér afstöðu með fyrirvara.

Eins og hv. þm. Snæf. gat einnig um, er þetta frv. á þskj. 657 eiginlega staðgengill þess frv., sem ég bar fram fyrr á þessu þingi; var það á þskj. 346 og fjallaði um byggingu og rekstur sjúkrahúss á Akureyri. Með öðrum orðum er það upplýst, að það frv., sem var vísað til heilbr.- og félmn., var sent til umsagnar mþn. um læknishéraðaskipun o. fl., og er þetta frv. að mestu leyti verk þeirrar mþn. Ég fyrir mitt leyti var búinn

að lýsa mig samþ. aðalatriðum þess frv., en síðan hefur orðið á því breyt., einmitt varðandi byggingarkostnaðarliðina; þar sem mþn. lagði til, að sjúkrahúsin leggi fram ⅓, er því hér breytt í ⅖, og við fjórðungsspítalana átti ríkissjóður að greiða stofnkostnað að ¾, en hér er hann lækkaður niður í ⅗. Ég ætla að sætta mig við þessar till., þótt ég hefði kosið hitt frekar, en svo er það í 2. mgr. 1. gr. á þskj. 657, sem ég ætla að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sjúkrahúss, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.“

Það er þetta ákvæði, sem ég get ekki fellt mig við og hef gert fyrirvara um. Það er skylda mín að gera það að kappsmáli, að þetta verði ekki í þessum l., vegna þess að fengin er reynsla í þessum efnum á Akureyri, og hefur þetta gefizt svo hroðalega illa, að bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar vill ekki þurfa að fara út í slíkt aftur. Gamli Akureyrarspítalinn var rekinn þannig, að það voru í raun og veru 3 hreppar í þessum tveim sýslum: Eyjafjarðarsýslu og S.-Þingeyjarsýslu, sem áttu hluta í þessum spítala. Eyjarfjarðarsýsla var meðeigandi og þátttakandi og einnig hluti af S.-Þingeyjarsýslu, eftir gjafabréfi frá fyrirtækinu „Gudmans Efterfölgere“. Eyjafjarðarsýsla lagði fram 200 þús. kr. um leið og Akureyrarkaupstaður þurfti að greiða svo að þúsundum skipti í rekstrarkostnað. Þetta gerði bærinn sig að sjálfsögðu ekki ánægðan með, og loks tók bæjarstjórn spítalann í sínar hendur, og gerði Eyjafjarðarsýsla sig ánægða með það. Nú á hið sama að verða upp á teningnum, það á nú að gera það að skilyrði fyrir viðurkenningu fjórðungssjúkrahúss, að sömu hrepparnir eiga nú að verða þátttakendur, bæði hvað snertir framlag til rekstrarkostnaðar og þátttöku í stjórn. „Sporin hræða“, menn eru hræddir við þessa gömlu reynslu og eru þess vegna mótfallnir því að taka slíkt upp aftur.

Með þessum fyrirvara tel ég mér rétt til þess að koma fram með brtt. við 3. umr.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Eins og kunnugt er, hefur styrkur til sjúkraskýla og sjúkrahúsa numið undanfarið ⅓ af kostnaði, en ⅔ hafa verið greiddir frá viðkomandi héruðum. Hér sé ég, að gengið er heldur lengra til móts við héruðin en áður hefur verið; tel ég þetta sanngjarnt og eðlilegt, enda þótt ekki sé eins langt gengið og margir hefðu á kosið. Þetta er, sem sagt, til töluverðra bóta frá því, sem verið hefur, því að okkur, sem þekkjum þessi mál, er vel kunnugt um, að það hefur verið miklum erfiðleikum bundið fyrir hin einstöku héruð að koma upp og standa undir ⅔ kostnaðarins, sem verið hefur af að reisa sjúkrahús og sjúkraskýli, og eins er það kunnugt, að það er óhjákvæmilegt nú til dags fyrir hin einstöku læknishéruð að hafa til staðar sjúkraskýli og fullkominn læknisbústað, því að ella er útilokað fyrir héruðin að fá nokkurn lækni til þess að gegna læknisstörfum í þeim.

Eins og kunnugt er, hefur að undanförnu verið byggt allmikið af slíkum læknisskýlum og ríkissjóður hlaupið undir bagga með viðkomandi héruðum, sumpart með viðbótarfjárgreiðslum eða með því að greiða vexti af lánum, sem héruðin hafa orðið að taka vegna þessara framkvæmda. Nú stendur svo á, að síðan 1942 hafa verið byggð nokkur sjúkraskýli úti í byggðum landsins, og eru hér sérstaklega tvö sjúkraskýli, sem ég vil minnast á, annað í Rangárvallasýslu, en hitt í S.-Þingeyjarsýslu. Árið 1942 var áformað að byggja þessi hús, sem áttu að vera af svipaðri stærð og gæðum, og var byggingarkostnaður áætlaður rúmlega 100 þús. kr., og samþykktu viðkomandi héruð á þessu ári að hefja framkvæmdir í þessum efnum. Nú er byggingu á þessum sjúkraskýlum mikið til lokið, en kostnaður hefur farið svo langt fram úr áætlun, að hann er meira en helmingi hærri frá því, sem gert var ráð fyrir í kostnaðaráætluninni, og eins og gefur að skilja, er það því mjög þungur baggi fyrir viðkomandi héruð að standa undir þeim aukna kostnaði, sem af þessu hefur orðið. — Ég sé, að á þskj. 657 í 1. gr. stendur:

„Ríkissjóður greiðir sveitar- (bæjar-, sýslu-) félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara ...“

Þess vegna vil ég spyrja frsm. heilbr.- og félmn. að því, hvort ekki væri hægt að láta l. ná þannig aftur fyrir sig, að þau verki einnig til þeirra sjúkraskýla og læknisbústaða, sem hafa verið reist síðan 1942. Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að n. taki það til athugunar, hvort hún sjái sér ekki fært að gera þær breyt. á frv., sem hér er farið fram á. Það getur ekki verið um mikið aukinn bagga fyrir ríkissjóð að ræða, þar sem ekki er um að ræða meira en 2—3 hús, sem þannig er ástatt um. — Mér er kunnugt um það, að 4 menn í fjvn. voru ákveðnir í því að bera fram till. um það, að ríkissjóður greiddi helming fjárframlaga til læknisbústaða og sjúkraskýla, en við vissum um, að heilbr.- og félmn. var með þetta mál, og vildum þess vegna bíða átekta og sjá, hvað frá n. kæmi í þessum efnum. Ég vil þó vænta þess, að n. sjái sér fært að verða við þessum tilmælum mínum, þannig að l. nái að verka til þeirra læknisbústaða og sjúkraskýla, sem hafa verið reist síðan 1942.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Hv. þm. Ak. andmælti, eins og áður var kunnugt og samkv. grg. frv. á þskj. 657, ákvæðinu um það, að ráðh. væri heimilt að skylda öll sveitarfélög í grennd viðkomandi sjúkrahúss til þátttöku í fyrirtækinu. Ég verð að lýsa því yfir, að ég fyrir mitt leyti tel ástæður hans mjög eðlilegar í því efni, en hins vegar litu mþn. og heilbr.- og félmn. þannig á, að þegar kaupstaður reisir sjúkrahús, eins og t. d. Akureyrarkaupstaður, þá væri eðlilegt, að þau sveitar- og sýslufélög, sem mest not hefðu af þessu sjúkrahúsi, — í þessu tilfelli Eyjafjarðarsýsla og S.-Þingeyjarsýsla —, hefðu nokkra þátttöku í þessum fyrirtækjum. Hins vegar er ekki hægt að setja um þetta nein ákvæði í frv., heldur verður að leggja það á vald ráðh. Nú má það vel vera, að þetta verði erfiðleikum bundið í framkvæmdinni og reynslan sýni, að þetta verði meira eða minna tilgangslaust ákvæði, en n. fannst ekki fært að fella þetta niður, og ef almennt er á þetta litið, er ósanngjarnt, að kaupstaðirnir einir út af fyrir sig reisi sjúkrahús, en nærliggjandi

sveitarfélög taki engan þátt í. — Með frv. er ætlazt til, eins og segir í frv. í 1. gr. á þskj. 657:

„Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar fjórðungssjúkrahúss, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara."

Ef einhverjir sérstakir erfiðleikar hafa komið fram í vissum héruðum, vænti ég þess, að heilbr.- og félmn. taki þá til greina. Ég geri enn fremur ráð fyrir, að mjög verði tekið til greina fjölmenni eða fámenni þeirra sveitarfélaga, sem um ræðir, og efnahagur þeirra, en vitaskuld er ógerningur að setja ákvæði um þetta í l., eins og það er ógerningur að fella niður þá heimild, að nærliggjandi sveitarfélög takist á hendur eign og gerist aðilar að rekstri fyrirtækisins.

Hv. 1. þm. Rang. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort ekki væri rétt, að l. þessi verkuðu aftur fyrir sig til ársins 1942, þannig að læknisbústaðir og sjúkraskýli, sem reist hafa verið, nytu þessara hlunninda, sem með þessum l. verða veitt, þótt um væri að ræða framkvæmdir, sem reistar hafa verið fyrir gildistöku þessara l. Ég lít svo á samkv. almennum skýringum á l., að þessi l. yrðu skilin svo, að þau yrðu ekki látin verka aftur fyrir sig, heldur að þau nái aðeins til þeirra framkvæmda, sem hér eftir koma til greina, en svo er það annað mál og getur verið fullkomlega sanngjarnt hjá hv. 1. þm. Rang. að gera um það sérákvæði þannig, að þeir læknisbústaðir og þau sjúkraskýli, sem reist hafa verið á þessum dýru tímum, njóti einnig þeirra fríðinda, sem hér um ræðir. Ég skal taka það skýrt fram, að eftir frv., eins og það er nú, skil ég það þannig, að það eigi ekki að verka aftur fyrir sig, en það er sjálfsagt, að n. taki það til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki sé rétt að ganga inn á þau tilmæli, sem hv. 1. þm. Rang. hefur borið fram.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég vil aðeins þakka frsm. heilbr.- og félmn. fyrir undirtektir hans við tilmæli mín. Ég tel það rétt hjá honum, að ekki er ætlazt til þess, að l. verki aftur fyrir sig, ef frv. verður að l. eins og það nú liggur fyrir, en þar sem ég býst við, að aðeins sé um tvö hús að ræða, er voru reist á þessum dýru tímum og mundu verða nokkuð hart úti samanborið við sams konar fyrirtæki, þá finnst mér ekki nema sanngjarnt, að n. líti á þetta með velvilja og taki það til athugunar og reyni að bæta úr þessum málum fyrir 3. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls í fyrrakvöld beindi hv. 1. þm. Rang. því til heilbr.- og félmn., sem flytur þetta frv., hvort ekki væri rétt að setja inn í frv. ákvæði um, að þeir læknisbústaðir, sem væru í byggingu eða byggingu að mestu lokið, gætu komið undir l., þar eð fullkomin sanngirni mælti með því, þar sem þeir væru byggðir á þessum mjög svo dýru tímum, og er þá sérstaklega átt við læknisbústaðina á Stórólfshvoli og á Breiðamýri.

Heilbr.- og félmn. tók þetta atriði til athugunar á fundi sínum í dag, þar sem hæstv. heilbr.- og félmrh. var viðstaddur. Hæstv. ráðh. skýrði þá frá þeim skilningi á frv., að það gæti náð til sjúkrahúsa og læknisbústaða, þar sem ekki hefði þegar farið fram fullnaðaruppgjör á kostnaði. — Samkv. upplýsingum frá landlækni er svo ástatt um báða þessa staði, að fullnaðaruppgjör hefur enn ekki farið fram, og geta þeir því komið undir frv., án þess að gerðar séu nokkrar breyt. — Af þessum ástæðum er ekki flutt brtt. í samræmi við það, sem hv. þm. minntist á.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Í grg., sem fylgir þessu frv., er frá því skýrt, að mþn. um læknishéraðaskipun, sem nú er starfandi, hafi samið frv. um breyt. á l. frá 1933, um sjúkrahús o. fl., og lagt þar til, að lögfest yrðu þau hlutföll um framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa og læknisbústaða, að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar, en ¾ stofnkostnaðar til þriggja fjórðungssjúkrahúsa.

En í því frv., sem hv. heilbr.- og félmn. flytur og hér er til umr., er þessum hlutföllum breytt þannig, að framlög ríkissjóðs til fjórðungssjúkrahúsa eru lækkuð úr ¾ niður í ⅜ byggingarkostnaðar, og til almennra sjúkrahúsa úr helmingi og niður í allt að ⅖, hvort tveggja til samkomulags, þannig að samkv. frv. gæti það jafnvel orðið enn þá minna en þetta.

Nú finnst mér, að rétt væri að lögfesta þetta á þann hátt, sem mþn. hefur upphaflega ætlazt til, þegar hún samdi sitt frv. Ég tel það vera meira í samræmi við það, sem gilti um Landsspítalann, þegar hann var reistur, og fyrir því flyt ég, ásamt hv. 1. þm. Skagf., brtt. við frv., um það, að í stað orðanna: „allt að tveim fimmtu" í 1. efnismálsgr. komi: helming, — og í stað orðanna: „allt að þrem fimmtu" í 2. efnismálsgr. komi: þrjá fjórðu hluta.

Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 722) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég leyfi mér að þakka hv. heilbr.- og félmn., að hún hefur tekið til greina þær aths., sem ég hef gert í þessu máli.

Ég lýsi því yfir, að ég mun sætta mig við þá afgreiðslu, er ég fæ eftir því áliti hæstv. heilbr.- og félmrh., að hann telur, að gr. nái til sjúkrahúsa og læknisbústaða, þar sem fullnaðaruppgjör hefur enn ekki farið fram.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil út af þeirri till., sem hér hefur komið fram, láta það álit mitt í ljós, að ég taldi, að frv. og þau hlutföll, sem ákveðin eru í því frv., sem hér liggur fyrir, um framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa, væri fullkomið samningsatriði og til þess að málið fengi afgreiðslu á þessu þingi, sem nú situr.

Ég held, að hv. frsm. þessa máls hafi fyrr í þessari umr. veitt því athygli, að hluti ríkissjóðs að ⅓, eins og venja hefur verið að veita til sjúkrahúsbygginga, sem ýmist er nú verið að byggja eða í ráði er að byggja á næstu árum, mundi nema um 4.300.000 kr. En sú hækkun, sem frv. mun hafa í för með sér á framlögum ríkissjóðs, mundi nema um 1.300.000 kr. til sjúkrahúsa, fyrir utan læknisbústaði og sjúkraskýli, þannig að með þeim breyt., sem yrðu, ef þetta frv. nær fram að ganga, mundi hluti ríkissjóðs hækka allt að því um tvær millj. kr.

Nú má vera, að margir hv. þm. séu bjartsýnir á hag ríkissjóðs, og þá sérstaklega flokksbræður þess hv. þm., er flytur þessa brtt., og að sú bjartsýni komi í ljós á þann hátt, að þeir flytja brtt. um að hækka loforð ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga að mjög verulegu leyti frá því, sem frv. fer fram á. — Ef brtt. hv. þm. V.-Húnv. næði fram að ganga, mundu framlög ríkissjóðs hækka úr nú áætluðum 4.500.000 kr. upp í a. m. k. 7.300.000, eða nokkuð hátt á áttundu millj. Þeir, sem eru mjög bjartsýnir og telja engan vanda fyrir ríkissjóð að lofa þessu, samþ. sjálfsagt till. hv. þm. V.-Húnv., og það sæti ekki á mér sem heilbrigðismálarh. að leggja á einn eða annan hátt stein í götu þessarar ágætu samþykktar. En ég vildi aðeins benda á, að það fer fremur illa á því, að þeir sömu menn, sem eru að kvarta undan of háum sköttum og ógætilegri fjármálastefnu núv. ríkisstj., séu að bera fram till., sem auka loforð úr ríkissjóði, a. m. k. þeir, sem bera brigður á, að ríkissjóður geti staðið við þær skuldbindingar, sem hann nú hefur tekið á sig.

Ég skal ekki frekar fjölyrða um þetta, en vil aðeins lýsa því yfir, að ég hef ætlað mér að beita mér fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt, eins og það kom frá félmn., en mundi ekki telja mér fært að gera það, ef brtt. hv. þm. V.-Húnv. yrði samþ. Ekki af því, að ég telji ekki æskilegt, að hægt væri að gefa slík loforð og inna þau af hendi, heldur af þeirri ástæðu, að ég hygg, að betra sé að lofa ofur lítið minna í almennri löggjöf og reyna að efna meira í framkvæmd.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef nú ekki í höndum neina útreikninga um kostnað ríkissjóðs af þessu. En ég sé strax í hendi mér, að ekki getur verið réttur sá útreikningur, sem hæstv. félmrh. hefur með höndum, að framlög ríkissjóðs mundu hækka úr rúmum 4 millj. kr. upp í 7—8 millj. við þessa breyt. Það getur ekki staðizt, því að hækkunin er hlutfallslega ekki nándar nærri svo mikil eftir okkar till. Till. þessi er fram komin af því, að við álítum þetta réttmætt miðað við það, sem áður hafði verið um Landsspítalann, og sé því rétt að koma þessu í það horf.

Hitt er alveg rétt hjá hæstv. heilbrigðismálaráðh., að menn ættu að temja sér þá reglu að lofa ekki meiru en mögulegt er að efna. Mundi ég telja mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. vildi nú taka upp þá stefnu.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef ekki nákvæma útreikninga á þessu við höndina, en ég hef haft þá áður og fullyrði, að það, sem ég hef hér upplýst, er rétt. Vitanlega eru þær áætlanir, sem fyrir liggja um sjúkrahúsbyggingar, nokkuð óákveðnar, hafa enda ekki verið gerðar um öll sjúkrahús. Geta þær vel breytzt og sennilegt, að það verði þá frekar til hækkunar en lækkunar. Má vera, að það sé eitthvað réttlæti í þessu samanborið við Landsspítalann, að þessum hlutföllum verði breytt. En mikil hefur verið þolinmæði hv. þm. V.-Húnv. að sitja hér á þingi um a. m. k. 7—8 ára skeið og hafa ekki komið auga á þetta fyrr en nú, að hann er kominn í stjórnarandstöðu. Það er að vísu vel þegið ráð til ríkisstj. að gæta þess að lofa ekki of miklu, en það fer þó ekki vel á því, að hv. þm., jafnmikið og hans flokkur talar um ógætilega fjármálastjórn, skuli standa að því að flytja till. um milljónaloforð í viðbót við það, sem fyrir er.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Hv. frsm. lýsti yfir áðan, að það væri álit hæstv. heilbr.- og félmrh., að þau sjúkrahús og læknisbústaðir, sem enn þá væru í byggingu og ekki væru búin að senda fullnaðaruppgjör, ættu að koma undir þessi l., ef þau næðu fram að ganga.

Ég vildi óska, að hæstv. ráðh. láti uppi álit sitt sjálfur um þetta atriði.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég held, að það sé ástæðulaust fyrir hv. 1. þm. Rang. að bera brigður á, að ég hafi gefið slíka yfirlýsingu, þar eð ég veit ekki betur en hann hafi verið viðstaddur á fundi fjvn. fyrir stuttu, þar sem ég gaf sömu yfirlýsingu og á fundi heilbr.- og félmn., er hv. þm. Snæf. hefur skýrt frá.

Annað mál er það, að þeir, sem óska eftir því að fá nú þetta lögfest, fengju það með samþ. þess frv., sem fyrir liggur frá n., því að annars gæti dregizt að fá þessi l. í gildi þangað til búið væri að gera upp eitthvað af reikningum vegna þeirra framkvæmda á byggingu sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem koma undir þessi l.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Ég á sæti í þeirri mþn., sem þetta mál var sent til umsagnar. Og sú milliþn. lagði til, að tekin yrðu upp þau hlutföll um framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa og læknisbústaða, að ríkissjóður greiddi helming stofnkostnaðar, en ¾ stofnkostnaðar til þriggja fjórðungssjúkrahúsa. Það mætti því virðast eðlilegt, að ég fylgdi brtt. hv. þm. V.-Húnv. um að breyta frv. í það horf að taka upp þessi hlutföll. Í heilbr.- og félmn. var það rætt ýtarlega eftir að álit mþn. kom, og þar lagði hæstv. dóms- og félmrh. fram upplýsingar, sem hann ympraði á hér einnig, að búið væri að byggja svo mikið af læknisbústöðum og sjúkrahúsum, að þarna mundi

verða um miklar fjárfúlgur að ræða, eða 12.750.000 kr., og af því hefði hlutfallið samkv. þriðjungareglunni, sem gilt hefur um þátttöku ríkissjóðs í kostnaðinum, verið 4.250.000 kr., sem komið hefði á ríkissjóð að greiða. En með þeim breyt., sem mþn. lagði til, hefði það, eins og hæstv. ráðh. tók fram, hækkað um 3 millj. kr. Þessar upplýsingar höfðu ekki legið fyrir í mþn. Og þegar þetta var rætt í heilbr.- og félmn., varð svo að fengnum þessum upplýsingum í málinu að niðurstöðu að fara þá millileið að láta þann hluta, sem ríkissjóður greiddi af þessum kostnaði, vera ⅗ og ⅖, eins og stendur í frv. því, sem fyrir liggur, í stað ¾ og ½. Í heilbr.- og félmn. varð fullt samkomulag um þetta. Og ég fyrir mitt leyti mun standa með frv. óbreyttu, þó að ég hafi í öndverðu í mþn. lagt hitt til og mundi frekar kjósa það. Hins vegar tel ég vonlaust um framgang málsins í því formi, sem hv. þm. V.-Húnv. leggur til. — Samanburður hans á Landsspítalanum og öðrum spítölum fær náttúrlega ekki að öllu leyti staðizt. Um Landsspítalann er alveg sérstöku máli að gegna. Það mun að vísu rétt, að ríkissjóður lagði þar fram ¾ stofnkostnaðar. En þetta er eini spítalinn, sem rekinn er af ríkinu sjálfu. Ríkisvaldið hefur ekki hingað til viljað ganga inn á, — og hvorki mþn. né heilbr.- og félmn. —, að nokkrir aðrir spítalar yrðu reknir af ríkinu. Og að mörgu leyti hefur Landsspítalinn sína sérstöðu, fyrst og fremst vegna þess, að hann er nauðsynleg stofnun í sambandi við læknakennsluna við Háskólann, og því er nauðsynlegt, að viðkomandi þátttöku ríkissjóðs gildi um hann önnur hlutföll um stofnkostnað og rekstrarkostnað heldur en aðra spítala.

Það dylst engum, að ef frv. þetta er samþ., er það mjög mikil framför frá því, sem nú er, og mikil hagsbót m. a. fyrir Akureyri að fá staðfest, að ríkissjóður greiði ⅗ stofnkostnaðar spítalans þar, í staðinn fyrir ⅓, eins og venjan hefur verið undanfarið um spítala.

ATKVGR.
Brtt. 722,a felld með 14:4 atkv.
— 722,b felld með 13:6 atkv.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 106. fundi í Ed., 19. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 657, n. 873, 874).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. var borið fram af heilbr.- og félmn. hv. Nd. En hún hafði fengið til meðferðar frv., sem hv. þm. Ak. hafði borið fram um byggingu og rekstur sjúkrahúss á Akureyri, þar sem lagt var til, að ríkið reisti sjúkrahús þar og sæi um rekstur þess.

Mþn., sem er starfandi til að athuga og gera till. um læknishéraðaskipun o. fl., fékk þetta mál til umsagnar eftir kröfu hv. þm. Ak. Hún lagði til, að í stað þess að samþ. sérstakt frv. um sjúkrahús yrði almennt ákvæði sett inn í l. frá 1933 um sjúkrahús o. fl. að efni til eins og þetta frv. er að öðru leyti en því, að þar er gert ráð fyrir nokkru hærri byggingarstyrk til sjúkrahúsa en hér er gert. Hins vegar hygg ég, að það sé svo um þau ákvæði um styrk, sem í þessu frv. eru nú, að um þau sé nokkurn veginn tryggt samkomulag, þannig að þeir, sem annað hefðu kosið, telji, að við þetta megi hlíta, a. m. k. fyrst um sinn.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. fékk mál þetta til meðferðar, og er hún sammála um að mæla með, að það verði samþ. Einn nm., hv. 4. landsk., gat þess í n., að hann mundi bera fram brtt. við frv., og skýrði frá efni hennar. Sú brtt. er nú fram komin á þskj. 874. Um þessa brtt. hafa nm. óbundin atkv., enda lá þá ekki fyrir n. álit landlæknis eða heilbrigðisstj. um efni till. Till. er um, að ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, sé ráðh. heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar fyrir, að það sé fjórðungssjúkrahús, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess, en samkvæmt l. frá 1933 er gert ráð fyrir því, að heilbrigðisstj. geti fyrirskipað, að öll sveitarfélög læknishéraðsins skuli verða þátttakendur í byggingu og rekstri sjúkrahússins, ef meiri hl. sveitarstjórna samþ. það. Ég hygg, að það sé vafasamt, að þessi brtt. sé í fullu samræmi við þessi ákvæði l. frá 1933, þó að ekki sé beinlínis hægt að segja, að þau rekist á. Hins vegar er annað atriði, sem rétt er að benda á í þessu sambandi, en það er, að það getur valdið ríkissjóði nokkuð auknum fjárútlátum, ef brtt. þessi er samþ. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, á ríkissjóður að greiða fjórðungssjúkrahúsum árlega rekstrarstyrk, 100 kr. á sjúkrarúm. Ef þess vegna nærliggjandi héruð við kaupstað, sem sjúkrahús er byggt í, er ekki aðili að byggingu þess eða rekstri, eru sjúklingar úr þeim héruðum samkvæmt l. utanhéraðssjúklingar, og greiðir ríkissjóður með þeim þá upphæð, sem hér er greint í frv. Ég ætla, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hafa legið varðandi sjúklinga á Akureyri, sem gera má ráð fyrir, að þessi l. taki til, hafi samkvæmt síðustu skýrslum verið um 7000 legudagar sjúklinga af Akureyri, en legudagar sjúklinga úr þeim tveimur nærliggjandi sýslum, sem komið hefur til orða að yrðu í félagi við Akureyri um sjúkrahússbygginguna, þ. e. a. s. Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, nálega jafnmargir, eða um 7000. Það er ekki ástæða til að ætla, að hér sé um mjög stóra upphæð að ræða í þessu sambandi, vegna þess að ætla má, að daggjöld sjúklinga verði ákveðin sem næst því, sem dvöl sjúklinganna kostar, en þó getur nokkur kostnaður orðið þessu samfara.

Ég hygg, að ekki liggi á að samþ. þessa breyt. á frv., og mun því ekki greiða till. atkv., en hún

getur komið til greina síðar, þegar hefur sýnt sig, hvernig á þessum málum verður haldið.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Eins og hv. 3. landsk. hefur þegar talað um, hef ég borið fram brtt. við 1. gr. frv., og felur sú breyt. í sér ekkert annað en það, að ráðh. sé því aðeins heimilt að setja það skilyrði fyrir viðurkenningu fjórðungssjúkrahúss, að sveitarfélög í grennd við sjúkrahúsið gerist aðilar að rekstri sjúkrahússins, að það bæjar- eða sveitarfélag, sem sjúkrahúsið er reist í, óski eftir slíkum félagsskap við önnur bæjar- eða sveitarfélög eða nærliggjandi sýslur. Ég hef borið þessa brtt. fram af þeirri ástæðu, að mér er kunnugt um, að a. m. k. bæjarstjórn Akureyrar mundi síður en svo óska eftir því, að nærliggjandi sýslur væru aðilar að byggingu sjúkrahússins á þann hátt, að þær ættu hlut í húsinu, þ. e. a. s. legðu fram hluta af stofnfé og þá að sjálfsögðu, ef þær gerðu það, hefðu einnig þátttöku í stjórninni og þannig bein áhrif á rekstur sjúkrahússins. Þessi afstaða bæjarstjórnar Akureyrar er til komin vegna þess, að Akureyrarkaupstaður hefur áður fengið nokkra reynslu af því að reka sjúkrahús á þennan hátt, því að á tímabili áttu Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla sameiginlega gamla sjúkrahúsið, sem nú er á Akureyri, en það er orðið of lítið og úrelt, og þarf því að byggja nýtt sjúkrahús í staðinn. Það reyndist þannig, að það torveldaði rekstur sjúkrahússins, að tveir aðilar ættu þannig að stjórna því. Bæjarstjórn Akureyrar leit einnig svo á, og ég er líka persónulega þeirrar skoðunar eins og nú standa sakir, að það mundi verða til að draga enn þá meir á langinn, að reist verði nýtt sjúkrahús á Akureyri, ef því yrði á þann veg háttað, að ráðh. notaði þá heimild, sem nú er í frv. til að setja það skilyrði fyrir stuðningi ríkisins við sjúkrahúsið, að Eyjafjarðarsýsla og sennilega líka Suður-Þingeyjarsýsla yrðu beinir eigendur og aðilar að byggingu og rekstri sjúkrahússins.

Það er að vísu rétt, sem hv. 3. landsk. tók fram, að sú breyt., sem ég legg til, að gerð verði, getur haft nokkur áhrif á fjárframlög ríkisins til sjúkrahússins, þ. e. a. s. hún hefur engin áhrif á fjárframlög ríkisins til byggingar sjúkrahússins. Það er tilskilið hlutfall, hvað ríkið á að greiða til þess, og það framlag mundi ekkert breytast, þó að till. væri samþ. Hins vegar mundi það vera fjárhagslegur hagur fyrir Akureyri, ef sýslurnar yrðu skyldar til að taka þátt í byggingunni, því að þær yrðu þá að sjálfsögðu að leggja fram nokkurn hluta þess, sem ríkið leggur ekki fram í stofnkostnað, sennilega þá í hlutfalli við íbúafjölda þessara héraða, þannig að út frá því sjónarmiði yrði það fjárhagslegur hagur fyrir Akureyrarbæ, að sýslan yrði með. En þrátt fyrir það held ég, að megi fullyrða, að afstaða bæjarstjórnar Akureyrar er sú, að hún óskar ekki eftir félagsskap sýslnanna um byggingu sjúkrahússins.

En varðandi þann halla, sem ríkissjóður ætti að greiða vegna legu utanhéraðssjúklinga, a. m. k. upp að vissu marki, þá gæti sá kostnaður orðið meiri samkvæmt minni brtt., eins og hv. 3. landsk. tók fram, vegna þess að ef þessi tvö sýslufélög yrðu meðeigendur að sjúkrahúsinu, yrðu sjúklingar úr þessum sýslum ekki taldir utanhéraðssjúklingar, og þess vegna yrði það fé minna, sem ríkissjóður yrði að leggja fram í þessu skyni. Hins vegar býst ég við, að fyrir Akureyri hefði þetta atriði ekki nein fjárhagsleg áhrif, vegna þess að ef sýslurnar væru í félagi um rekstur sjúkrahússins og halli yrði á rekstri þess, þá yrðu þær að taka þátt í þeim halla, sem yrði af legu þeirra sjúklinga, sem búsettir væru í þeim sýslum, svo að sá halli kæmi ekki á Akureyrarbæ, heldur kæmi það á sýslurnar, svo að fjárhagslegi munurinn gæti orðið sá, að kostnaðurinn, sem viðkomandi sýslur ættu að hafa vegna halla af legu sjúklinga úr þessum sýslum, kæmi undir öllum kringumstæðum samkvæmt minni till. á ríkið, og það gætu orðið þau auknu útgjöld, sem ríkið hefði af þessu. En þótt af þessu gætu orðið einhver aukin útgjöld fyrir ríkið, þá álít ég hitt tæplega réttlátt að þröngva bæjar- eða sýslufélögum til að hafa félagsskap við önnur sveitarfélög um slík fyrirtæki sem þetta, ef þau vilja það ekki. Það má náttúrlega segja, að það sé ekki líklegt, að ráðh., sem með þessi mál fer á hverjum tíma, mundi nota þannig heimildina gegn vilja fjölmennra bæjar- eða sýslufélaga. En ef gengið er út frá, að hann mundi ekki gera það, þá er engin ástæða til að hafa slíka heimild í l., ef aðeins ætti að nota hana, ef það væri ósk viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Þó að það kynni að fara svo, að það væri einhver fjárhagslegur ávinningur fyrir ríkið að þröngva þannig bæjar- og sveitarfélögum til samstarfs á þessu sviði, þá álít ég það tæplega viðeigandi fjáröflunaraðferð fyrir ríkið, heldur ætti ríkisstj. í þessu máli að fara eftir því, sem viðkomandi bæjar- og sýslufélög teldu sér hentast, og þá ekki sízt eins og mér skilst, að mundi verða í þessu tilfelli, að þetta mundi ekki hafa í för með sér neinn fjárhagslegan ávinning fyrir Akureyrarkaupstað, heldur það gagnstæða. En þrátt fyrir það tel ég, að Akureyrarbær mundi kjósa að leggja á sig meiri fjárhagsleg útgjöld við bygginguna til þess að geta verið einn um það, hvernig byggingunni er hagað, að vísu með samþykki viðkomandi yfirvalda, heilbrigðisstjórnarinnar, og einnig hvernig rekstrinum er hagað.

Eins og ég sagði, þá miðar þessi brtt. eingöngu að því, að sú heimild, sem ráðh. er gefin, verði aðeins notuð eftir ósk viðkomandi bæjar- og sveitarfélags, og ég, eins og ég hef þegar tekið fram, tel tæplega viðeigandi af löggjafanum að hefta svo frelsi bæjar- og sveitarfélaga og þeirra óskir séu ekki fyrst og fremst látnar ráða í þessu efni.

Jónas Jónsson: Ég vil leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti þessarar d. stilli svo til, þegar 3. umr. fer fram um þetta mál, að hæstv. heilbrmrh. fengi tækifæri til að vera við, því að þetta mál er þannig, að það getur haft þýðingu viðvíkjandi ýmsum atriðum, að hæstv. ráðh. geti gefið skýringu á, hvernig ríkisvaldið lítur á þessi l., ef samþ. verða.

Ég ætla að segja það strax, að ég álít, að sumt í þessu frv. sé til bóta, sérstaklega viðvíkjandi læknisbústöðunum og auknum styrk til þeirra, sem er mjög nauðsynlegt, eins og málum er nú háttað. Aftur á móti álít ég, að ákvæði frv. viðvíkjandi fjórðungsspítölunum séu nokkurn veginn svo slæm sem mest getur verið, því að þau lúta að því að gera fjórðungum landsins nokkurn veginn eins

erfitt fyrir í þessu efni og hugsanlegt er, sérstaklega þeim, sem lengst eru komnir, en það eru Norðlendingar. Ég mun því flytja við 3. umr. brtt. í þá átt, að frv. gæti orðið framkvæmanlegt fyrir Akureyrarbæ og á þann hátt, sem Akureyrarkaupstaður mundi telja viðunanlegt í þessu efni.

Ég vil í fáum dráttum rifja upp gang og meðferð þessa máls. Hv. þm. Ak. ber fram frv. um spítala á Akureyri. Mþn. í heilbrigðismálum gaf álit sitt um frv., og var það mjög aðgengilegt fyrir Akureyri. Þar var gert ráð fyrir, að á Akureyri yrði fjórðungsspítali kostaður að ¾ af ríkinu og ¼ annars staðar að. Í þessari n. var m. a. landlæknir. Svo þegar farið er að ræða frv. hv. þm. Ak., þá snýst landlæknir sjálfur og að því er virðist meðnm. hans, og upp úr einhverjum skrýtnum graut, sem þessir menn gera, kemur þetta frv. á þskj. 657.

Til þess að gera nokkra grein fyrir, hvernig þetta mál horfir, er það fyrst að segja, að það er alls ekki læknadeild Háskólans að þakka, að hér er kominn landsspítali í Reykjavík, heldur duglegum konum í Reykjavík, sem hófu fyrir mörgum árum samskot til að fá spítalann, eins og konur á Akureyri og karlar líka hafa hafizt handa um samskot. Það kom svo að lokum, að kvenfólkið í Reykjavík hafði safnað svo miklu fé, að það var ekki annað hægt en að koma á móti því, og þá kemur ríkissjóður og leggur fram ¾ hluta stofnkostnaðarins og tekur að sér reksturinn. Þess vegna er það misvísandi, sem mætti ráða af gögnum, sem liggja fyrir á þskj. 657, að halda, að Landsspítalinn hafi sérstaklega verið reistur fyrir Háskólann.

Á Akureyri er spítali, sem Guðmundur Hannesson hafði forgöngu fyrir að setja á stofn um aldamótin. Þessi spítali hefur nú starfað í rúm 40 ár og hefur raunverulega verið landsspítali. Hann hefur ætíð haft ágæta lækna, svo ágæta, að t. d. uppskurðir viðvíkjandi vissri tegund af berklum hafa alls ekki verið gerðir nema þar. Þetta hús er nú orðið gamalt og allt of lítið, alveg eins og við þekkjum frá Kleppi. Þar er mörgum sjúklingum safnað saman, sérstaklega þeim, sem þarf að skera upp við berklum. Svo kemur landlæknir og n. og hugsar sér, að þetta sé eitthvert smáatriði fyrir þessar sveitir. Er það fullkomin vanþekking og jafnvel það, sem verra er. Þessir háu herrar skilja ekki og láta sér ekki detta í hug, að það muni enginn friður verða í heilbrigðisstjórninni, fyrr en búið er að koma þessu máli fyrir á heppilegan hátt. Vil ég þá snúa mér til hv. 3. landsk., sem er forstjóri tryggingarmálanna. Nú er búið að gera hér miklar breyt. og umbætur á tryggingarmálunum. En hvar eru spítalarnir? Landsspítalinn rúmar ekki helminginn af þeim, sem vilja komast þangað. Hvaða meining er af þeim, sem standa að sjúkratryggingunum, að gera sífellt dýrari og dýrari tryggingarkerfi, en hugsa ekkert um spítalaplássið? Því að það skulu þeir góðu herrar vita, að meðan þeir hugsa ekkert um nauðsynina á því að koma upp sjúkrahúsunum, þá geta þeir ekkert gert. Það er í fullu ósamræmi að hækka styrk til trygginganna og eiga svo ekki þak yfir höfuðið á þeim, sem koma utan af landinu og verða að leggjast undir læknisaðgerð. Þessi löggjöf er því þannig, að þar stangast allt á.

Nú vil ég beina því til hv. frsm., 3. landsk. þm., hvaða réttlæti honum finnist í því, að hér í Reykjavík, þar sem fyrsta fjórðungsspítalanum er hrundið áleiðis til framkvæmda af borgurum þessa bæjar og nokkrum öðrum, að hver legudagur kostar hér 15 kr., en á Akureyri og öðrum spítölum úti um land 25 kr. Hvernig getur maður hugsað sér, að berklasjúklingar, sem fara til Akureyrar héðan að sunnan til aðgerðar, eigi að þurfa að borga 25 kr. á dag þar, eftir kannske að hafa verið hér á spítala, þar sem þeir hafa ekki þurft að borga nema 15 kr. á dag, þar sem nú er ekki hægt að gera meiri háttar aðgerðir hér á landi á berklasjúklingum nema á Akureyri? Það er ekki með neinni sanngirni hægt að gera ráð fyrir því, og það er ekkert vit í því. Þeir, sem vilja það, geta það ekki af öðru en þröngsýni eða af því, að þeir vilja ekki setja sig inn í málið eða taka rökum.

Ég kem þá að því, sem í raun og veru var komið á fastan grundvöll í áliti mþn., sem hafði gert ráð fyrir því, að hið opinbera tæki þátt í þessum framkvæmdum að ¾ hlutum, en viðkomandi héruð að ¼ hluta. Það er ekki hægt að líta á Landsspítalann öðruvísi en spítala fyrir Reykjavík og Suðvesturland. Því að ef hann væri fyrir Háskólann fyrst og fremst, þá mundi Reykjavík, Árnessýsla, Borgarfjörður og aðrar næstu sveitir við Reykjavík vera búnar að byggja sinn spítala. En að þessi héruð eru ekki búin að því, er af því, að Landsspítalinn notast þeim sem fjórðungsspítali. — Ef menn koma svo að því að vilja halda því fram, að það sé kennslan ein, sem geri það nauðsynlegt, að kostað sé hlutfallslega meiru til Landsspítalans af hinu opinbera heldur en spítala í hinum landsfjórðungunum, þá er því til að svara, að til þess að læra að skera upp við berklum, þá er ekki hægt fyrir stúdenta að fara annað hér á landi en til Akureyrar. Ef því hér væru ekki hleypidómar að verki, þá ættu að vera 4 fjórðungsspítalar á landinu, einn í Reykjavík, einn á Ísafirði, sá þriðji á Akureyri og hinn fjórði í Múlasýslum. Og á öllum þessum stöðum mundu að jafnaði vera læknar, sem hver á sínu sviði gerðu eitthvað svo vel, að til þeirra þyrfti að leita annars staðar að af landinu, eins og að jafnaði hefur verið um Akureyri. Þess vegna er það, að það er alveg óskiljanlegt, hvernig þessir menn, sem komnir voru inn á þessa skynsamlegu niðurstöðu viðkomandi hlutfalli því, sem hið opinbera skyldi greiða af kostnaði við þessar framkvæmdir, gátu farið inn á að gera héruðunum þessar framkvæmdir erfiðari. Þeir máttu vita, að Akureyri gat ekki fengið neina peninga til spítalabyggingar annars staðar að en frá fólkinu þar, sem spítalinn á að byggjast, og frá fólkinu í næstu héruðum. Það var því það fyrsta, sem gert var til þess að auka erfiðleika fyrir þetta fólk, að láta byggingarkostnaðinn verða of mikinn, sem það yrði að bera. Annað var að tengja saman erfiðleika, sem ekki er hægt fyrir svona fyrirtæki að standa undir. Og svo var það hið þriðja að gera ráð fyrir, að aðilar standi undir þessum kostnaði a. n. l., sem þeir ekki geta staðið undir og alls ekki eiga að bera.

Ég vil taka fram, að brtt. hv. 4. landsk. þm. er mjög til bóta. Og vil ég aðeins bæta við hans röksemdir því, að það er eins og allt sé í meðferð þessa máls gert til þess að lítillækka Akureyri, svo sem t. d. það að taka ekki fram, að þessi fjórðungsspítali fyrir Norðurland eigi að vera þar.

Hann gæti eftir frv. alveg eins verið á Hofsósi eða á Skagaströnd. Það er eins og það sé afbrýðisemikennd tilhneiging manna hér til þess að bægja næststærsta kaupstað landsins frá því að hljóta viðurkenningu í þessu efni, því að eftir frv. og brtt. á að þurfa að sækja um það til ráðh., hvar aðalspítalinn fyrir Norðurland skuli vera í Norðlendingafjórðungi, rétt eins og það sé nokkur efi á því. Nú hagar svo til, að sumpart í Akureyrarbæ og sumpart í nágrenni bæjarins er fólkið búið að leggja á sig miklar fórnir vegna þessara framkvæmda. Akureyri er búin að gefa mikið fé til þessa, og Kaupfélag Eyfirðinga er búið að gefa stórmikið líka í þessu skyni. Og þetta svarar alveg til þess, sem gert var hér í Reykjavík, að það er nú þegar til, með þessum samskotum, ¼ partur af væntanlegum byggingarkostnaði spítalans.

Viðkomandi frv., eins og það nú liggur fyrir, get ég tekið fram nokkur atriði til skýringar. Fyrst og fremst mun það vera ákaflega erfitt að fá t. d. Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu og aðra sýslu til til þess að setja á stofn svona fyrirtæki saman. Í öðru lagi er slík samvinna erfið, af því að yfir svona fyrirtæki á að hafa eina stjórn, en ekki margar. Og hvernig kæmi þetta út fyrir Þingeyjarsýslu? Hún er búin að byggja mjög hæfilegt sjúkrahús fyrir part af sýslunni á Húsavík. Á það sjúkrahús er hægt að taka 15 sjúklinga. Það var byggt af mikilli ráðdeild og kostaði 70 þús. kr. fyrir nokkrum árum, er það var reist, og fullnægði eðlilegri þörf Suður-Þingeyjarsýslu og kannske Norður-Þingeyjarsýslu. Og fjórir hreppar hafa einn lækni á Breiðamýri, og þar var gamalt læknishús, sem ekki svaraði kröfum tímans, og reyndist því erfitt að fá þangað lækni. Þá lögðu héraðsbúar fram fé og byggðu læknisbústað fyrir 200 þús. kr., fjórir hreppar. Ef svo ofan á þetta ætti að leggja það á þessa menn, sem eru búnir að byggja alveg hæfilegt sjúkrahús fyrir sig og viðráðanlegt og búnir að byggja læknisbústað svo dýran eins og ég hef sagt, — ef þeir ættu svo að leggja sérstaklega þar á eftir fram fé í landssjúkrahús, þá væri það að mínum dómi ekki sanngjörn meðferð mála. Það virðist því eins og bláókunnugir menn hafi staðið að því að taka saman þetta frv., sem ekkert vissu um það, hversu myndarlega og ráðdeildarsamlega Þingeyingar eru búnir að koma þessum málum fyrir hjá sér fyrir sitt hérað. Það er því þannig einnig eftir brtt. hv. 4. landsk. þm. alveg lokað fyrir það, að Akureyringar líti við þessu. Og þá fá Reykvíkingar og aðrir, sem koma til veru á spítalann á Akureyri, að vera lengur yfir geðveika fólkinu í spítalanum. Og það er ekki þeim fyrir norðan að kenna eða sjúklingunum, heldur þeirri heilbrigðisstjórn, sem undirbúið hefur þetta frv.

Ég vil svo segja fáein orð um Austfirði. Austfirðingar hafa haft áhuga fyrir því að hafa hjá sér eitt vandað sjúkrahús, sem ríkið ræki sem fjórðungssjúkrahús. Múlasýslurnar hafa að vísu nokkur smá sjúkrahús í kaupstöðum, en auðvitað ekkert, sem hægt er að bera saman við það, sem bezt á að vera hægt að gera í því efni. Er það nú of mikið, að þessar sýslur, svona langt frá Reykjavík og einnig langt frá Akureyri og eru heimur út af fyrir sig, fái hjá sér sjúkrahús t. d. fyrir 30 sjúklinga, sem til væri vandað eins og Landsspítalans? Ég segi nei. Slíkt er óhjákvæmilegt að gera fyrir þessi héruð, ef ekki á beinlínis að gera þessu fólki ómögulegt að lifa. Og sama er að segja um Vestfirði. Það eru ekki allir Vestfirðir og ekki sunnan Ísafjarðar, sem mundu sækja til Ísafjarðar til að nota sjúkrahús þar. En það er þó allstórt svæði, sem hefur notað þennan tiltölulega myndarlega spítala, sem Ísfirðingar hafa reist, sem þó þarf endurbóta við og Ísfirðingar óska, að verði endurbættur.

Ef ekki verður af yfirvöldum þessa lands breytt um hugsunarhátt í þessum efnum, þannig að byggðir verði fjórðungsspítalar, sem séu nokkurs konar landsspítalar, hver í sínum landsfjórðungi, að öðru leyti en því, að spítalinn í Reykjavík verður stærstur, þá verður aldrei varanlegur friður um þessi mál, og sízt fyrir þann ágæta landlækni, sem svo lítið gott hefur lagt til þessara mála.

Ég vil svo að síðustu taka fram, að ég hugsa mér við 3. umr. að bera fram brtt., ekki af því að ég búist við því, að hún verði samþ., heldur til þess að það komi hér undir atkv., hvort menn vilja stofna til rekstrar á spítala, sem Akureyringar treysta sér til að standa undir. En að slíkri brtt. felldri, hvað er það, sem hér fer fram? Reykjavík með um 40 þús. íbúa og Sunnlendingafjórðungur eru búin að fá sjúkrahús, sem kostað er af ríkinu að öllu leyti. En samhliða þessu á það að vera mögulegt fyrir Akureyri, ef hún er búin að gera samning við Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu um þátttöku í byggingu sjúkrahúss, að það verði samþ. sem fjórðungsspítali eftir ákvæðum frv. um það að öðru leyti. Hér er mjög mismunað fólki, eftir því hvar það býr, auk þess sem ekki á að haga þessu svo, þar sem Þingeyingar eru búnir að koma upp spítala hjá sér og Akureyri og Eyjafjarðarsýsla eru búnar að leggja fram fé sérstaklega til þessara framkvæmda. En segjum nú, að Akureyri ætti að byggja 100 rúma spítala, sem yrði nokkuð nákvæmt hlutfall á móts við Landsspítalann, miðað við þörf á hverjum stað. Þá ætti Akureyri bókstaflega að bera uppi 100 rúma spítala. En Reykjavík aftur á móti, með 150 rúma spítala, á að fá ekki aðeins allan halla borgaðan, heldur hvern legudag borgaðan að ⅔ hlutum. Þetta er svo mikil fjarstæða, að það er ekki nokkur möguleiki til þess, að slíkt geti haldizt. Og ég býst við, að það fari svo, að Akureyri byrji á þessum spítala eins og hann í raun réttri á að vera og komi upp nokkrum útveggjum og segi svo við þjóðfélagið: Þið getið valið um, hvort þið viljið láta ykkar sjúklinga liggja úti eða hvort þið viljið gera ykkar skyldu, eins og þið eigið líka að gera á Vestfjörðum og í Múlasýslum, svo að þessi spítalabygging verði framkvæmanleg. — Ég treysti því, þegar hv. 3. landsk. þm., forkólfur tryggingamálanna hér, athugar málið, þá sjái hann, að það er betra að gera eitthvað af viti nú í þessu máli heldur en að standa í baráttu við fólk í þrem fjórðungum landsins, þangað til réttur er hlutur þess með réttlátum framkvæmdum í þessum málum.

Umr. frestað.

Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Í viðbót við það, sem ég sagði við fyrri umr. viðvíkjandi brtt. hv. 4. landsk., vil ég leyfa mér,

með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr 6. gr. læknisskipunarl. frá 1933, sem ég drap á í fyrri ræðu minni: „Nú hefur sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annarra sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa."

M. ö. o. þó að brtt. verði samþ., þá stæði eftir sú heimild, að sveitarfélög innan læknishéraðs Akureyrar gætu, ef landlæknir mundi fallast á það, krafizt þess að vera með. Ég vil með tilvísun til þessa beina því til hv. 4. landsk., hvort hann vilji ekki taka till. aftur til 3. umr. Að öðru leyti hef ég ekki meira við það að bæta, sem ég sagði áður um till.

Það er rétt, sem tillögumaður sagði, að því er kostnaðarhliðina snertir, að málið liggur þannig fyrir, ef sýslurnar, t. d. Eyjafjarðarsýsla, væru ekki með í byggingu sjúkraskýlis, þá kæmi að ríkissjóði að greiða halla, sem kynni að verða fyrir sjúkrahúsvist manna úr Eyjafjarðarsýslu, sem þá myndu teljast utanhéraðsmenn. Ríkissjóður tekur þá að sér að greiða halla, sem ella mundi falla í hlut hlutaðeigandi sýslufélags, og þannig er hægt að komast hjá því að byggja sjúkrahús. Og þess vegna lít ég svo á, að þegar sýslur hafa klifið þrítugan hamarinn til þess að koma sér upp sjúkrahúsi, hafi Eyjafjarðarsýsla komið sér hjá þessu.

Hv. þm. S.-Þ. flutti alllanga tölu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, sem hann sagði, að mestu vegna þess, að því er sjálfsvarað. Hv. þm. spurði nokkuð oft, hvernig þeir herrar hugsuðu sér að leysa þetta vandamál, hvernig þeir hugsuðu sér að sjá fyrir sjúkravist öllu því fólki, sem nú verður sjúkratryggt. Þar til er því að svara, að þau sjúkrahús, sem hafa starfað til þessa, halda áfram að starfa, þó að sjúkratryggingin komi. Munurinn er sá, að tryggingin greiðir kostnaðinn í staðinn fyrir það, að einstaklingar og sveitarfélögin hafa greitt hann hingað til. Því er ekki að neita, að sums staðar stendur svo á að hörgull er á sjúkraplássi, og það er ekki ólíklegt, að við sjúkratryggingarnar verði leitað meira eftir rúmi á sjúkrahúsum heldur en áður var, meðan einstaklingarnir borguðu sjálfir, þó að það verði að sjálfsögðu að mestu leyti undir læknunum komið, hvernig það verður í þessu efni.

Í sambandi við það, sem hv. þm. benti á sem lausn þessa máls, að ríkið byggi fjórðungssjúkrahús, er það hugmynd, sem ég get hugsað mér, að eigi eftir að koma til framkvæmda, þó að ég geti ekki hugsað mér, að ráðlegt sé að gera það nú. Ég held, að skortur á sjúkrahúsum verði fljótast leystur í bili með því, að um það sé samvinna milli ríkisstj. og hlutaðeigandi héraða. Og með hverjum hætti slík samvinna eigi að vera, er slegið föstu með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hingað til hefur það verið svo, að engin lagaákvæði hafa verið um það, hver styrkurinn sjálfur væri, sem reiknaður er til sjúkrahúsa. Venja hefur verið að greiða ⅓ af stofnkostnaði, en nokkuð hærra þar, sem um sjúkraskýli eða læknisbústað hefur verið að ræða. Nú er gert ráð fyrir, að þessi hlutföll verði bundin með l., þannig að almenn sjúkrahús fái alltaf tryggða ⅖ af stofnkostnaði úr ríkissjóði. En á þeim stöðum, sem mest mæðir á, leggur ríkissjóður fram 60% eða ⅗. Ég er ekki í vafa um það, að þetta verður til þess að létta undir það, að héruðin sjái sér fært að ráðast í slíkar byggingar frekar nú en áður, ekki sízt, þegar ríkissjóður greiðir rekstrarstyrk, sem nemur 100 kr. á rúm á ári, án tillits til þess, hver notar leguplássið. Fyrir þau sjúkrahús, sem verulega eru sótt af utanhéraðsmönnum, er tryggt til viðbótar, að halli, sem kann að verða á kostnaði við þessa menn, verði greiddur úr ríkissjóði.

Með þessari lagasetningu er verið að setja ákveðnar reglur um það, hvernig samvinna héraða og ríkissjóðs á að vera í þessu máli, til þess að héruðin viti, að hverju þau eru að ganga.

Það er auðvelt að segja, að eina lausnin sé, að ríkissjóður reisi sjúkrahús á Akureyri, Austfjörðum og Ísafirði og sjái um rekstur þessara sjúkrahúsa. En ríkissjóður hefur í fleiri horn að líta en til þessara staða. Og ég hygg, að það mundi draga meir á langinn framkvæmdir í þessu efni, ef hlutaðeigandi héruð vörpuðu öllum áhyggjum upp á ríkissjóð og aðhefðust ekkert sjálf í þessu efni. Ég vil benda á það, að það yrði ekki svo lítill léttir fyrir Reykjavík, ef hún þyrfti ekki að hugsa um að byggja spítala. Það er verið að byggja fæðingarstofnun í sambandi við Landsspítalann, og mér finnst sennilegt, að áframhald verði á þeirri samvinnu í þeim málum.

Hv. þm. orðaði það svo eitt sinn, að ef þetta frv. yrði samþ., þá væri níðzt á Akureyri. Hvað þá um hina staðina, t. d. Ísafjörð, sem hefur byggt stærsta sjúkrahús utan Reykjavíkur og fékk ⅓ úr ríkissjóði? Hvað, ef Akureyri sætti sömu kjörum og önnur sjúkrahús og fengi ⅓ og enga tryggingu fyrir rekstri? Hér er boðið ⅗ eða 60% og trygging sett fyrir rekstri. Það er skiljanlegt, að það væri auðveldara fyrir Akureyri, ef sjúkrahús væri byggt og síðan afhent þeim.

Ég er ekki í vafa um það, að með samvinnu héraða og ríkissjóðs í þessu efni verður fyrr bætt úr þessum vandræðum heldur en ef ríkissjóður ætti einn að sjá um þetta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég get ekki látið þetta mál fara svo úr hv. d. að benda ekki á nokkur atriði, sem ég vænti, að heilbr.- og félmn. athugi. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ⅖ kostnaðar verði greiddir úr ríkissjóði fyrir sjúkrahús og sjúkraskýli og læknisbústaði. Ég tel það nauðsynlegt að hafa heimild í l., þar sem stj. væri heimilað að fara hærra en þetta, ef um væri að ræða sjúkraskýli eða læknisbústaði.

Það hefur oft verið minnzt á þetta, og ég tel, að það sé útilokað, að læknishéruð, sem hafa 3—5 hundruð íbúa, geti staðið undir þeim kostnaði, sem það hefði í för með sér að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli, þegar um er að ræða, að á bak við það standa fátækir hreppar og sveitir, sem eiga erfitt með að standa undir nauðsynlegustu gjöldum við rekstur sveitarsjóðs.

Ég tel því nauðsynlegt, að það sé sett hér inn, að ríkisstj. sé heimilt, þegar svo stendur á, að

greiða jafnvel allan kostnað við að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli fyrir fátæk og fámenn héruð í landinu. Það er engan veginn hægt að leysa þessi vandræði í læknamálunum í þessum héruðum nema með því aðeins, að meiri hjálp komi frá því opinbera. Ég skal benda á hérað eins og t. d. Flateyjarhérað nú, sem ekki hefur getað fengið lækni, vegna þess að þar er enginn læknisbústaður. Allar tekjur hreppsins eru 15 þús. kr., og er þá gengið eins langt ofan í vasa þessara manna sem hægt er, og þeir treysta sér ekki til að standa undir meiru. Það sér því hver maður, hvað slík sveitarfélög muni geta látið af mörkum til þess að bera uppi kostnað við byggingu læknisbústaðar. Svipað hygg ég að megi segja um önnur afskekkt læknishéruð annars staðar á landinu, t. d. í Borgarfirði eystra. En um það má fá fyllri upplýsingar hjá landlækni, hvort þessi héruð muni geta komið sér upp læknisbústöðum eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum.

Þá er annað atriði, sem ekki kemur þessu máli við, en mér finnst þurfa athugunar við, en það er, að gengið sé nokkuð nánar frá ákvæðunum í 1. heldur en hér er gert ráð fyrir í 1. gr. Mér finnst t. d., þar sem sagt er hér: „Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar“ o. s. frv., að þarna þurfi að vera nánar tekið til, hvað þetta skuli vera víðtækt, hvort aukningin skuli ná til þeirra staða eða héraða, sem t. d. hafa sjálf komið sér upp sjúkraskýli eða læknisbústað. Hugsanlegt væri, að fjórðungssvæðin hefðu komið sér upp læknisbústað eða sjúkraskýli á eigin kostnað og geti ekki eða vilji ekki taka þátt í þessu, sem hér um ræðir. Í þessu sambandi vil ég benda á Vestfirði. Þar hefur Ísafjörður komið sér upp spítala. Nú er verið að reisa sjúkrahús á Önundarfirði, og ríkissjóður leggur þar til ⅓ kostnaðar, en ekki helming. En þarna er reist sjúkrahús fyrir stórkostlegt framlag einstaklinga og útgerðarfélaga vegna óhjákvæmilegrar þarfar fyrir sjúkrahús þar fyrir sjómenn, sem þar koma til að fá læknishjálp.

Á Patreksfirði hefur verið reist stórt og veglegt sjúkrahús, sumpart vegna héraðsins og sumpart vegna þess, að þar þarf oft að taka á móti sjómönnum, sem þar koma inn og þurfa að leggjast á spítala. Þessir staðir hafa rekið sjúkrahúsin á sinn kostnað og með styrk frá þinginu allt síðan fyrir aldamót og ætla ekki að leggja það niður og mundu ekki leggja það niður, þótt ákveðið yrði að reisa fjórðungsspítala fyrir Vesturland með einhverjum sérstökum hlunnindum, og ég get ímyndað mér, að það sama sé að segja um Austurland. En ég vil benda á það, að það væri heppilegra að takmarka nánar, yfir hvað stórt svæði þetta skuli ná.

Þá er talað um í 3. málsgr., að ríkissjóður greiði fjórðungssjúkrahúsunum árlega eftir á rekstrarstyrk, er nemi 100 kr. á sjúkrarúm, auk viðurkenndrar verðlagsuppbótar á hverjum tíma, og að auki allt að þeirri fjárhæð, er nemi þeim halla, sem sjúkrahús bíður af viðskiptum við innlenda sjúklinga o. s. frv.

Mér finnst ekki koma skýrt fram, hvort eigi að greiða þetta, þó að sjúkrahúsin þurfi þess ekki með. Ég geri ráð fyrir, að það sé gengið út frá því, að þess þurfi alltaf með, og hér er gengið út frá því, að þetta verði fastur styrkur til allra sjúkrahúsa, og finnst mér því ekki óeðlilegt, að sett væru ákvæði um það, hvaða eftirlit ríkissjóður hefði með rekstri þessara sjúkrahúsa.

Þá er síðasta málsgr.:

„Ráðherra er heimilt að greiða öðrum sjúkrahúsum sveitar- (bæjar- og sýslu-) félaga en fjórðungssjúkrahúsum samsvarandi rekstrarstyrk vegna halla af viðskiptum við utansveitarsjúklinga, enda nemi þau viðskipti verulegum hluta af heildarviðskiptum sjúkrahússins.“

Þar finnst mér ekki koma nægilega skýrt fram, hvort greiða eigi af útlendingum. Í fyrri gr., 3. málsgr., er gert ráð fyrir, að fjórðungsspítalarnir fái ekki styrk nema fyrir innlenda sjúklinga, en síðustu málsgr. mætti skilja svo, að spítalarnir ættu kröfu af utansveitarsjúklingum, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir menn. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki hugsað þannig frá n., en það ætti að vera orðað þannig, að ekki væri um það að villast. Að síðustu vil ég benda á það, að mér finnst ekki sjálfsagt að ganga út frá því, að sjúkrahúsin séu alltaf rekin með halla. Reynslan hefur sýnt með Landakot, að það er hægt að reka sjúkrahús, án þess að það þurfi styrk til þess að standa undir rekstrinum. Það má nefna Sólheima; það sjúkrahús hefur ekki þurft sérstakan styrk, en það má ekki bera það saman við Landsspítalann, sem hefur annað hlutverk, það er kennsluhlutverk, og þarf hann því meiri styrk en almenn sjúkrahús. Hins vegar er þetta ekki svo mikil upphæð, að það þurfi að gera veður út af því. En ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, hvort n. sér sér ekki fært að gera þá breyt. á 1. gr., að heimilt sé að veita 100% styrk til þess að byggja læknisbústaði og sjúkraskýli á erfiðum stöðum, ef það að áliti landlæknis og heilbrigðisstj. þykir ekki fært að hafa viðunandi læknisþjónustu nema fara inn á þá braut. Ég hygg, að þetta mál verði aldrei leyst fyrir sum læknishéruð, nema ríkið byggi læknisbústaðina og leggi fram allt, sem til þeirra þarf, svo að læknirinn gæti gengið að öllu, sem hann þyrfti, án þess að baka sér kostnað. Með því væri hægt að tryggja þessum læknislausu héruðum lækni. Það þarf að hugsa um þessi mál, þegar gengið er frá breyt. á 1. Að síðustu vildi ég biðja hv. frsm. að láta mig vita nægilega snemma, hvort hann sér sér fært að koma með slíka brtt., — annars mun ég bera fram brtt. við þessa gr. frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég gat þess við fyrri hl. þessarar umr., að bæjarstjórn Akureyrar mundi vera því mjög mótfallin, að ákvæði það, sem heimilar ráðh. að skylda sveitarfélög til þess að standa saman að sjúkrahúsi, stæði í frv. Síðan hefur borizt skeyti frá bæjarstjórn Akureyrar varðandi þessi sjúkrahúsmál. En í þessu skeyti er staðfest þessi afstaða bæjarstjórnar, sem ég hélt fram, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þetta skeyti. Það hljóðar svo:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í dag samþ. einu hljóði eftirfarandi:

Bæjarstjórn beinir þeirri eindregnu ósk til hins háa Alþ., að það samþykki frumvarp Sig. E. Hlíðar um ríkisspítala á Akureyri eða til vara þáltill. Jónasar Jónssonar um, að ríkið greiði ¾ hluta

byggingarkostnaðar sjúkrahússins. Fáist hvorugu þessu framgengt, að þá verði samþ. frv. það um skipun sjúkrahúsamála, sem liggur fyrir."

Það er sagt, að afstaða bæjarstj. Akureyrar sé þannig, að hún óski frekar eftir því að samþ. verði frv. það, sem hv. þm. Ak. flytur hér í þinginu, og þar næst, ef það ekki fæst, að samþ. verði þáltill. hv. þm. S.-Þ. um það, að Akureyri fái þá sérstöðu að fá greidda ¾ stofnkostnaðar við byggingu sjúkrahúss þar, og fáist það ekki heldur, að þá verði samþ. frv. það, sem nú liggur hér fyrir. Leggur bæjarstj. Akureyrar áherzlu á það, að numið verði úr l. það ákvæði, sem brtt. mín fer fram á, að numið verði burt. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram til sönnunar því, að ég hafi farið með rétt mál, þegar ég hélt því fram, að afstaða bæjarstj. væri þessi varðandi það atriði, sem brtt. mín fjallar um.

Hv. 3. landsk. hefur bæði nú og eins fyrr í ræðum sínum hér talið, að þessi brtt. mín mundi í framkvæmd rekast á ákvæði 6. gr. sjúkrahúsal. frá 1933, og vildi í tilefni af því óska eftir, að ég tæki till. aftur til 3. umr., til þess að n. gæti athugað það frekar. Ég hef ekkert á móti því að taka till. aftur til 3. umr., ef hægt væri að athuga þetta nánar. En mér sýnist persónulega, að það mundi ekki verða árekstur milli ákvæðisins í brtt. minni og ákvæðisins í 6. gr. l. eins og nú er. Varðandi viðskipti t. d. Akureyrar og þess hluta Eyjafjarðarsýslu, sem er í sama læknishéraði, þá skilst mér, að þar gæti verið um tvenns konar fyrirbæri að ræða á grundvelli 6. gr. l. Annars vegar er það Akureyri, sem ætlar að reisa sjúkrahús, er verða mundi notað einnig af þeim hluta Eyjafjarðarsýslu, sem er í sama læknishéraði, og Akureyri óskaði eftir því, að Eyjafjarðarsýsla tæki þátt í kostnaðinum við að reisa og reka sjúkrahúsið, en Eyjafjarðarsýsla vildi það ekki. Samkvæmt 6. gr. l. væri ráðh. heimilt að skylda Eyjafjarðarsýslu til þátttöku í þeim kostnaði með Akureyri. Nú liggur það fyrir samkv. skeytinu, að bæjarstj. Akureyrar óskar síður en svo eftir þessu, þannig að frá þessari hlið mundi verða árekstur vegna þessa ákvæðis. Hins vegar er hægt að hugsa sér, að sýslan mundi óska eftir því að verða þátttakandi í byggingu og rekstri sjúkrahússins, sem Akureyri ætlaði að reisa, og þó að Akureyri vildi það ekki, hefði ráðh., samkvæmt 6. gr. l., heimild til þess að skylda Akureyri til þess að verða við óskum frá Eyjafjarðarsýslu um að byggja og reka sjúkrahúsið sameiginlega. En við því er sá varnagli í niðurlagi þeirrar málsgr., sem um þetta fjallar, að til þess þyrfti meiri hl. héraðsbúa að vera innan þess sveitarfélags, sem að samþykktinni stæði. En nú er það staðreynd, að í þeim hluta Eyjafjarðarsýslu, sem er í sama læknishéraði og Akureyri, er ekki eins mikill fólksfjöldi og á Akureyri. Þannig yrðu ekki heldur fyrir hendi þau skilyrði, sem gr. setur, til þess að á þeim grundvelli yrði hægt að skylda Akureyri til þess að hafa Eyjafjarðarsýslu í þessu, gegn vilja Akureyrarkaupstaðar. Ég held því, að í framkvæmdinni mundi ekki verða árekstur þarna á milli hvað snertir viðskipti þessara aðila, sem ég hef borið fram brtt. vegna. En hins vegar hef ég ekkert á móti því, eins og ég gat um, að taka till. aftur til 3. umr., til þess að það megi athuga þetta nánar, því að það er ekki ætlun mín að koma af stað neinum vandræðum, heldur þvert á móti að koma ákvæðinu þannig, að ekki þurfi að verða árekstur milli þessara aðila, sem kynni að verða til þess að tefja þessar framkvæmdir, því að það er orðin þörf á því að bæta úr skorti sjúkrahúss fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir.

Jónas Jónsson: Ég vil aðeins víkja fáum orðum að ræðu hv. 3. landsk. Hann telur, að það sé í sjálfu sér ekki neitt níðzt á Akureyrarkaupstað, þó að hann hafi fyrstur af öllum héruðum landsins reist stóran spítala og rekið hann lengi styrklaust og nú með styrk eins og gerist og þannig verið brautryðjandi um okkar spítalamál. Það, sem nú á að rétta að Akureyri, er löggjöf, þar sem ekki má nefna nafn Akureyrar, og það á að vera samstarf um stofnun og rekstur sjúkrahússins. Ég sé ekki beinlínis, hvaða ástæður geta legið til þess, að ekki megi nefna Akureyri í sambandi við fjórðungsspítala. Ég get ekki betur séð en hér sé verið að leika sér að því að láta líta svo út sem Akureyri eigi ekki að koma til greina, — það eigi að eyðileggja spítalamálið þar, þrátt fyrir stórkostleg samskot viðvíkjandi þessum stóra spítala. Þá kem ég að rekstrinum. Þar er ég samdóma hv. 4. landsk. og hans till. og eins því, sem bæjarstj. Akureyrar hefur símað; það er ekki hægt að hafa samfélag um þetta, og ég vil heyra hv. 3. landsk., frsm. n., skýra frá því, hvernig hann heldur, að stjórn Landsspítalans færi að, ef Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla og Árnessýsla, þessi læknishéruð öll, ættu að vera saman um rekstur þess spítala. Það, sem farið er fram á um Akureyri, er alveg það sama og þetta væri gert, en þessi héruð nota Landsspítalann sem fjórðungsspítala af eðlilegum ástæðum. En það var ekki aðeins það, að ekki væri hægt að fá þetta samstarf héraðanna, þegar Landsspítalinn var reistur, heldur lagði Reykjavík ekkert fram og hefur ekki fengizt til þess að leggja neitt til þess. Þess vegna er það, að það er bæði hér á Suðurlandi og annars staðar þrautreynt, að ekki er hægt að fá þessa samvinnu. Ég hefði gaman af því, þar sem hv. 3. landsk. er gamall þm. fyrir Austurland, að hann segði okkur, hvernig ætti að ljúka við læknisbústaðinn á Egilsstöðum. En þar er gert ráð fyrir tveim læknum og sjúkrahúsi með 8 rúmum, en það er mjög dýrt að byggja, og ég held, að það mundi ekkert veita af því húsnæði, sem hv. þm. Barð. hefur minnzt á, og hefur hann þó sennilega miðað við öllu minni héruð en það. En ég sé ekki, að það sé mögulegt að leysa þetta mál á skynsamlegan hátt fyrir Austfirði nema með því að gera ráð fyrir, að þessi spítali verði reistur. En þetta stóra hérað, Fljótsdalshérað, á illa aðstöðu með lækni, en læknisvöntuninni mætti fullnægja á skynsamlegan hátt með litlum spítala, sem mætti stækka. Hitt er ókleift, að héraðið rísi undir þeim skilyrðum, sem hér er gert ráð fyrir. Þá furðar mig á því, hvað hv. heilbr.- og félmn. meinar með því að setja l., sem eru óframkvæmanleg, þegar verið er að setja þau, hvað þá síðar. En það, sem ber mest á milli mín og hv. frsm. heilbr.- og félmn., er það almenna viðhorf til heilbrigðismálanna í landinu. Það er enginn vafi á því, að þegar Landsspítalinn kom, var það mikil umbót frá því, sem áður var, og til hans hefur verið leitað af ýmsum góðum

læknum til fyrirmyndar um ráðdeild í rekstri. En Landsspítalinn var reistur fyrir forgöngu kvenna í Reykjavík og síðan fyrir forgöngu þingsins, en ekki fyrir forgöngu Háskólans, og læknar eru þýðingarlausir fyrir þetta mál og hafa sumir frekar spillt fyrir því, því að þeir héldu, að það drægi frá sínum „praxis" að byggja spítala. Það eru þess háttar menn, sem standa að þessu frv. nú. Þetta eru álíka viðbárur eins og þegar verið var að spilla fyrir Landsspítalanum. Svo kom góður spítali fyrir Reykjavík og fyrir landið vestanvert, og það var betri aðstaða fyrir þá sjúku, af því að þjóðfélagið lét byggja þarna góðan spítala. En aftur á móti er hvorki plássins vegna né staðhátta auðvelt fyrir sjúklinga af Austur- og Norðurlandi að koma hingað, og þess vegna miða fjórðungsspítalarnir að því, að til verði einn góður spítali fyrir hvern landsfjórðung.

Þetta miðar að því að gera alls staðar ólíft nema við Faxaflóa. Það á hvorki að leggja rafmagn né vegi nema þar. Þetta allt er einn þáttur þeirrar landauðnarstarfsemi, sem nú er haldið uppi. En ég held, að háttv. 3. landsk. ætti að endurskoða hug sinn og athuga, hvort þetta muni vilji þjóðarinnar. Hann vill, að á Akureyri sé byggður spítali fyrir 25 sjúklinga, enda þótt Akureyringar séu því mótfallnir á þann hátt, sem hér er lagt til.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég átti satt að segja ekki von á þessum miklu umr. um svo ómerkilegt mál. (**JJ:** Alveg rétt; ómerkilegt mál!) Já, það má segja, fremur ómerkilegt mál.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði um sjúkraskýli í fámennum læknishéruðum, vil ég segja það, að mér er auðvitað ekki kunnugt álit n. hér um, en ég býst við, að hún sé þessu andvíg sökum þess, að þá félli niður ákvæðið um $^{2}/_{5}$. Þá spurði hv. þm. Barð., hvort ákvæði frv. væru nægilega skýr. Það er ekki á valdi n. að kveða skýrara á hér um, það heyrir að sjálfsögðu undir heilbrigðisstjórnina. Um rekstur sjúkrahúsanna er það að segja, að ríkið styður þau án tillits til þess, hversu þau bera sig. Enn fremur spurði þm. Barð. um, hversu yrði háttað með útlendinga. *Ég hygg, að þeir verði látnir sæta sömu kjörum* og utanhéraðsmenn, en væri um halla eða vanskil að ræða, mundi ríkissjóður bera þann halla. Annars mun það vera venja, að hafður sé hærri taxti fyrir útlendinga en aðra, enda mun það hafa verið svo t. d. í Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, að fremur mun hafa verið gróði að útlendingum. Ég skal bera þessi atriði fram í n. Það, sem ég hef hér sagt, er einungis mín skoðun.

Hv. þm. S.-Þ. var ekki eins ákveðinn sem fyrr í, að verið væri að níðast á Akureyringum með frv. (**JJ:** Ég rökstuddi það að nýju.) Það var þá einkennilegur rökstuðningur og fær ekki stuðning frá Akureyringum sjálfum. Því að hér liggur fyrir skeyti, þar sem þeir óska eftir, að frv. nái fram að ganga, ef úr því er fellt ákvæði landlæknis, um, að nálæg héruð verði í félagi, og er það eðlilegt. Ég sagði hér í ræðu um daginn, að margt mælti með því, að sjúkrahús séu rekin af ríkissjóði, en sem stendur kallar svo margt að í heilbrigðismálunum, að hann getur ekki ráðizt í að byggja spítala á Akureyri. Það verður hér sem oftar heppilegra, að ríkissjóður og héruðin taki höndum saman. Viðvíkjandi læknisbústaðnum á Fljótsdalshéraði, þá er sú leið til, sem háttv. þm. S.-Þ. þekkir mjög vel, já, mjög vel, að fá frávik frá l. um það tilfelli.

Ég veit ekki betur en mörg læknishéruð standi saman, eins og er, að rekstri sjúkrahúsa og skóla. En ef annar aðilinn tekur nauðugur upp slíka samvinnu, þá getur sambúðin orðið erfið. Og í þessu tilfelli getur orðið um það að ræða samkvæmt upplýsingum hv. 4. landsk. Háttv. þm. S.-Þ. kveður legudaga Reykvíkinga á Akureyri vera um 1500. Þetta er sjálfsagt rétt. En ef til vill er það af því, að þar er sá maður, sem færastur er hér á landi í aðgerðum á berklasjúklingum. Þó hygg ég, að legudagar Akureyringa í Reykjavík séu ekki færri.

Fólk er nokkuð á ferð og flugi í þessum erindum, og þýðir ekki um það að sakast. Ég sé ekki ástæðu til að víkja frá frv. í þessum atriðum, en till. háttv. 4. landsk. skal verða athuguð af nefndinni.

ATKVGR.

Brtt. 874 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 26. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 657, 874, 955).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 955. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Það hefur verið svo, að ég hef ekki haft tíma til að kalla saman heilbr.- og félmn. til fundar, en það hafði ég ætlað mér, áður en til þessarar umr. kæmi. Af þeim sökum sé ég þó ekki ástæðu til að biðja forseta að taka málið út af dagskrá. Ég hygg, að málið liggi ljóst fyrir. Ég vil aðeins greina hér frá skriflegri brtt. frá mér, sem ég hef ekki enn látið prenta. Mun ég lesa hana upp með leyfi hæstv. forseta. Brtt. er við fyrstu gr. frv., 2.—3. efnismálsgr.: Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og hið þriðja á Austurlandi, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef sveitar- (bæjar-, sýslu-) félag eða félög, sem ákveða að reisa eða þegar standa að viðurkenndu fjórðungssjúkrahúsi, óska þess, er ráðherra heimilt að úrskurða, að önnur sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda eiga slík sveitarfélög kröfu á þátttökunni. — Þessi brtt. er efnislega samhljóða brtt. á þskj. 955, sem er breyting á sömu málsgr.

Breyting við 3. málsgr. er sú, að inn í málsgreinina bætist á eftir orðunum: „sem heimilisfastir eru utan þeirra sveitarfélaga, er að sjúkrahúsinu standa," orðin: eða átt gætu kröfu á að gerast aðilar að fyrirtækinu samkvæmt 2. málsgr. — Ef þessi brtt. verður samþ., er gengið inn á það sjónarmið, sem liggur til grundvallar brtt. á þskj. 874.

En þar segir, að ekki skuli það sett að skilyrði, sem þar greinir, nema það sveitar- eða bæjarfélag, sem sjúkrahúsið er reist í, óski þess, en brtt. mín gengur lengra að því leyti, að hún gerir einnig ráð fyrir því, að slík sveitarfélög eigi jafnan kröfu til þátttöku, ef þau óska eftir því. Aftur lýtur síðari brtt. að því, að þegar ákveðið er, hverjir teljist utanhéraðsmenn, þá skuli ríkissjóður greiða allan halla af legu þeirra á sjúkrahúsinu, en þó komi ekki til greina íbúar þeirra héraða, sem átt gætu kröfu á að gerast meðeigendur að sjúkrahúsinu og vera með um rekstur þess.

Við skulum taka það sem dæmi, að reist verði sjúkrahúsið á Akureyri. Ef þessi brtt. verður samþ. og Eyjafjarðarsýsla eða sá hluti hennar, sem er innan læknishéraðsins, óskar að vera með Akureyrarkaupstað um byggingu og rekstur sjúkrahússins, þá er ráðh. heimilt að gera það að skilyrði fyrir að gera það að fjórðungssjúkrahúsi og greiða þar með ⅜ hluta af stofnkostnaði í stað ⅖. En ef sýslufélag óskar ekki eftir að gerast meðeigandi, þá greiðir ríkissjóður ekki fyrir sjúklinga þaðan það, sem kann að vanta á, að daggjöldin hrökkvi til að greiða fyrir þá á sjúkrahúsinu, eins og ríkissjóður greiðir fyrir utanhéraðsmenn almennt. Þetta mundi leiða það af sér, að Akureyri mundi gera annað tveggja: að ákveða nokkuð hærri daggjöld fyrir sjúklinga úr Eyjafjarðarsýslu eða semja við sýsluna, að hún greiddi styrk með sjúklingum þaðan eftir svipuðum reglum og ríkissjóður greiðir fyrir utanhéraðsmenn almennt. Ég tel þetta ákvæði fullkomlega eðlilegt, þegar þess er gætt, að flest sýslufélög á landinu hafa tekið á sig meira og minna þungar byrðar, til þess að koma upp sjúkrahúsum eða sjúkraskýlum. Og það er fullkomlega óeðlilegt, þegar þetta er athugað, að sýsla eins og Eyjafjarðarsýsla væri algerlega undanþegin slíkum kvöðum og eftir því sem hún færðist lengur undan að byggja sjúkrahús, þá greiddi ríkissjóður allan halla af kostnaði við sjúklinga úr sýslunni. Með því móti væri þeirri sýslu sköpuð betri aðstaða en öðrum, hvað snertir fjárframlög til heilbrigðismála.

Þessi till. er samin eftir till. frá landlækni, sem er þessum málum kunnugastur. Mæli ég því með því, að hún verði samþ.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 3. landsk. En hún er of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 961) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hef ekki sent út prentaða brtt., vegna þess að ég var að bíða eftir því, að hv. 3. landsk. ætti samtal við mig um þetta mál, áður en þessi síðasta umr. færi fram hér í d. Nú heyri ég, að hann hefur ekki haft tíma til að halda fund um málið, en hefur flutt víðtæka brtt. við frv. Í tilefni af því mælist ég til þess, að þessari umr. sé frestað, svo að menn geti fengið tíma til að átta sig á brtt., ekki síst þar sem ég mun bera fram aðra skrifl. brtt.

Ég minntist á það um daginn, að það þyrfti að búa betur að hinum fámennu og afskekktu læknishéruðum í landinu, svo að þau gætu átt kost á læknisþjónustu. Frsm. hefur ekki treyst sér til að taka neitt, sem tryggir það, inn í sína till. Ég leyfi mér hér með að bera fram brtt. við fyrstu málsgr. Þar skal koma nýr liður, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: Þyki nauðsynlegt að dómi heilbrigðisstjórnarinnar að reisa sjúkraskýli eða læknisbústaði til tryggingar læknisþjónustu í afskekktum eða fámennum héruðum, greiðir ríkissjóður það af kostnaðinum, sem nauðsynlegt þykir til þess, að byggingunum verði komið upp. — Ég tel óhjákvæmilegt, að reynt sé að tryggja með þessum l. fámennum héruðum læknisþjónustu. Og á það var einmitt lögð mikil áherzla við umr. í Sþ., þegar rætt var um skipun mþn. til að endurskoða þessi l. En það er ekki reynt með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Frv. skapar hinum fámennu héruðum aðeins jafna aðstöðu og öðrum, en það er engan veginn nóg til að tryggja þeim viðunandi læknisþjónustu. En með samþykkt minnar brtt. er þó leitazt við að ráða bót á þessu. Að sinni sé ég ekki ástæðu til að ræða till. fullkomlega. Ég vænti, að umr. verði frestað, svo að hv. þm. gefist kostur að athuga till., þegar búið er að prenta þær.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð. Hún er of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 962) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (StgrA): Í tilefni af beiðni hv. þm. Barð. og þar sem 2 skriflegar brtt. eru fram komnar við málið og þm. hefur ekki gefizt kostur að athuga þær, tel ég rétt að fresta þessari umr. og tek málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 113. og 114. fundi í Ed., 29. og 30. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 657, 874, 955, 961, 962).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar brtt. þær, sem hér um ræðir, á þskj. 961, 962 og 874. Þeir fjórir nm., sem mættu, voru sammála um að leggja á móti því, að brtt. á þskj. 962 yrði samþ. Ástæður eru þær, að n. lítur svo á, að slegið verði fastri með l., þegar þau verða samþ., þeirri meginreglu, er gilda skuli um styrkveitingu til sjúkrahúsa. En sú regla yrði að engu, ef jafnmikil undanþága yrði sett í l. og gert er ráð fyrir á þskj. 962, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þyki nauðsynlegt að dómi heilbrigðisstjórnarinnar að reisa sjúkraskýli eða læknisbústaði til tryggingar læknisþjónustu í afskekktum eða fámennum héruðum, greiðir ríkissjóður það af kostnaðinum, sem nauðsynlegt þykir til þess, að byggingunum verði komið upp.“

N. er þeirrar skoðunar, að hér sé ekki hægt að líta svo á, sem kveðið sé alveg á um það, hvað átt er við með hluta af kostnaðinum; hér sé undir ákvörðun þess komið á hverjum tíma, og sé því óráðlegt að veita ráðh. þetta vald. Þar, sem svo

stendur á, að ástæða þykir til að gera frávik frá þeirri reglu, verði að leita til Alþ. um aukafjárveitingu, en ekki á náðir ráðh.

Um hinar tvær brtt. er aðeins það að segja, að báðir flm. halda sig hvor um sig við sína till., og aðrir nm. tóku ekki á fundinum afstöðu til þeirra. Annað held ég ekki þurfi skýringar við og mál þetta liggi það glöggt fyrir, að óþarfi sé að fara um það fleiri orðum.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það er nú máske rétt hjá hv. 3. landsk., að ekki sé rétt að viðhafa langar umr. um þetta mál, þar sem búið er að ræða það nokkuð, og ég býst við, að hv. þdm. séu búnir að glöggva sig það á því, að frekari umr. breyti ekki afstöðu manna til neinna muna.

Ég vil þó segja örfá orð í tilefni af þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 874.

Í fyrri umr. um málið hélt hv. 3. landsk. því fram, að ákvæði þessarar brtt. kæmu í bága við 6. gr. sjúkrahúsal., eins og hún er nú. Ég andmælti því þá og hef ekki breytt þeim skilningi, að þetta geti farið saman. Hef ég utan þings leitað um það umsagnar tveggja lögfræðinga, sem sögðust álíta, að það mundu a. m. k. undir flestum kringumstæðum ekki verða árekstrar þarna á milli, svo að ekki er ástæða til að gera mikið úr þeim röksemdum, enda minntist hv. 3. landsk. ekkert á það nú í ræðu sinni.

Hitt er annað mál, að þetta verður nokkurt fjárhagsatriði, og kann það að valda nokkru um afstöðu hv. þm. til málsins.

Viðvíkjandi brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 961, þá tel ég, að ef hún yrði samþ., þá yrði mjög dregið úr þeirri fjárhagslegu aðstoð í mörgum tilfellum, sem með frv. er fyrirhugað að veita einstaka bæjum og sveitarfélögum til að reisa og reka sjúkrahús. Í fyrsta lagi er breyt. við 2. málsgr. frv. á þá leið, að sá styrkur, sem ætlazt er til, að ríkið veiti, til þess að sjúkrahús geti staðið straum af utanhéraðssjúklingum, næði ekki til sjúklinga frá þeim héruðum, sem gætu átt kröfu á því að gerast aðilar að sjúkrahúsunum. Þetta mundi valda því, að styrkur vegna utanhéraðssjúklinga yrði miklu minni. Það kemur að vísu ekki fram í brtt. og liggur ekkert fyrir um það hér, hve víðtækt þetta mundi verða í framkvæmd. Hv. 3. landsk. virðist líta þannig á, að t. d. varðandi sjúkrahúsið á Akureyri mundi þetta ná til Eyjafjarðarsýslu og a. m. k. þess hluta sýslunnar, sem er í sama læknishéraði og Akureyri. En mjög getur orkað tvímælis um það, og mér liggur við að halda, að samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er fyrir því, hve mörg héruð hafa notað sjúkrahúsið á Akureyri mjög verulega, mætti teygja þetta ákvæði mjög mikið.

Vil ég því fyrir mitt leyti leggja áherzlu á, að þessu ákvæði verði ekki bætt inn í frv., heldur verði þessi brtt. frá hv. 3. landsk. felld, en mín brtt. samþ.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég flyt brtt. á þskj. 955, til þess að reyna á sama hátt og hv. síðasti ræðumaður að hjálpa til að leysa úr þeirri flækju, sem sköpuð hefur verið í þessu máli, því að það, sem að er brtt. hv. 3. landsk., er einmitt það, að hún er óleysanleg flækja.

Brtt. hv. 4. landsk. er sanni nær, en gengur þó ekki í þá átt, sem ég hefði helzt á kosið. Og þótt ég vilji ekki spilla fyrir hv. 4. landsk., hef ég borið fram brtt., því að ég álít, að hún muni ganga betur gegnum hina d. en jafnvel till. á þskj. 874.

Sannleikurinn er sá, að ég er mjög óánægður með þetta frv., en til þess að greiða fyrir því, að eitthvað gerist, vil ég ekki spilla fyrir því, en áskil mér allan rétt til að vera með frekari kröfum síðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil segja, að mér finnst þetta einkennileg afgreiðsla frá hv. n. Hér er sandur af brtt. við 3. umr., sem enginn tími er til að athuga. Hv. n. hefur gengið svo frá málinu við 2. umr., að hún er sammála um, að frv. skuli ná fram að ganga óbreytt, en kemur síðan við 3. umr. með brtt. við málið.

Ég hefði viljað fylgja brtt. hv. þm. S.-Þ. á þskj. 955, en ef á að samþ. hana, verður einnig að samþ. 3. og 4. málsgr. 1. gr. á þskj. 657, sem ég alls ekki get fylgt. Það er líka áreiðanlegt, að síðasta málsgr. er þannig, að hv. n. hefur aldrei ætlazt til, að hún færi svona úr hæstv. Alþ., og því leggur hún til á síðustu stundu, að þetta sé lagað nú.

Ég vildi því beina þeirri fyrirspurn til hv. n., hvort hún vill ekki enn taka þetta mál til athugunar og fá eitthvað vit í það, áður en það verður afgreitt. Skal ég svo láta útrætt um það atriði.

Þá er ég einnig undrandi, ef á að taka það sem vilja allrar hv. n. að vera á móti till. á þskj. 962, en hv. frsm. lýsti yfir því, að ⅘ hlutar hennar séu henni mótfallnir. Ég er þó enn þá meira undrandi yfir þeim rökum, sem hv. þm. færði fyrir því að vera á móti till. Hann taldi það með öllu ótækt að láta þetta vald í hendur ráðh. Hann vildi ekki, að það vald hvíldi á ráðh. að kveða á um, hve mikið fram yfir það, sem ákveðið er í l., skyldi á hverjum tíma veitt úr ríkissjóði, til þess að koma upp þeim læknisbústöðum í afskekktum héruðum, sem vitað er, að íbúarnir sjálfir geta ekki staðið undir. — En hv. n. þykir ekki margt að því að veita ráðh. vald til að ákveða, að þetta fé skuli ekki veitt, nema hann hafi fallizt á þörf framkvæmdanna og metið þær, því að í 1. gr. frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir sveitar- (bæjar-, sýslu-)félögum allt að tveim fimmtu kostnaðar af að reisa almenn sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkv. ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.“

Hvernig getur nú hv. n. látið svona frá sér fara? Annars vegar viðurkennir hún, að það sé sjálfsagt, að læknisbústaðir fái engan styrk, nema viðkomandi ráðh. viðurkenni þörf þeirra framkvæmda, en hins vegar vill hún ekki veita honum vald til þess að meta ásamt landlækni, hvort það sé nauðsynlegt að veita meira en þetta fé, svo að eitt læknishérað sé ekki alveg þjónustulaust.

Brtt. mín miðar að því að tryggja, að unnt verði að reisa sjúkrahús eða læknisbústaði í afskekktum eða fámennum héruðum, til þess að fá læknisþjónustu í héraðið. Reynist hins vegar hægt að fá læknisþjónustu án þess, er ástæðan þar með fallin burtu, og eins og hver maður hlýtur að sjá, er ekki neitt vald tekið af ráðh. samkv. ákvæðum þessara l., þar sem þau aðeins gilda í þeim til-

fellum, að ekki sé hægt að fá læknisþjónustu að öðrum kosti.

Ég er því alveg undrandi yfir þeim rökum, sem hér hafa verið borin fram. Og þá minnist ég einnig annars, sem hér hefur skeð nýlega. ... Það kann vel að vera, að það hafi verið einhverjir sérstakir eiginhagsmunir fyrir þeirra kjósendur, þegar verið var að ganga frá þessu máli. En það er ekkert samræmi í því, ef á annan bóginn þykir ekki tiltækilegt að láta ráðh. hafa mjög takmarkað vald, en í hinu tilfellinu má láta hann hafa ótakmarkað vald, sem áður hefur alltaf verið hjá þinginu. Ég vil því biðja hv. frsm. að endurskoða rök sín fyrir þessu máli.

Ég vil að síðustu beina þeirri ósk til hv. 4. landsk., sem ég býst við, að taki brátt aftur við forsetastörfum, að hann fresti nú atkvgr. um þetta mál, á sama hátt og hann frestaði áður atkvgr. um annað mál, af því að þm. vantaði í d., svo að ekki verði greidd atkv. um málið, nema d. sé fullsetin. Ég vil vita, hvaða hv. þm. það eru, sem vilja ekki bæta úr þeirri brýnu nauðsyn, að erfiðustu læknishéruðin fái nauðsynlega læknisþjónustu, en þessi gr. fer ekki fram á neitt annað. Það má gjarnan standa með nafnakalli í Alþt., hverjir það eru, sem bera svo litla umhyggju fyrir fámennustu og fátækustu héruðunum, að þeir vilji ekki skeyta um, þó að þau fái ekki nauðsynlega læknisþjónustu framvegis.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég ætlaði ekki að blanda mér í þær miklu umr., sem orðið hafa um þetta mál, því að þótt það að vissu leyti snerti mitt kjördæmi nokkuð mikið, þá hefur mér fundizt, að í því væru ekki mörg atriði, sem væru mjög stórvægileg fyrir mitt umhverfi. En það er búið að segja svo mörg orð um þetta mál og m. a. víkja að atriðum, sem mér koma við, að ég get ekki með öllu látið umr. afskiptalausar.

Það hefur hvað eftir annað verið vikið að því, að þessi flækja, sem málið virðist nú vera komið í að nokkru leyti, stafi af því, að Eyjafjarðarsýsla taki ekki þátt í byggingu eða rekstri sjúkrahúss á Akureyri. Það hefur verið talað um, að Eyjafjarðarsýsla sé laus við þá kvöð, sem hvílir á flestum sýslufélögum landsins, að leggja eitthvað til sjúkrahúss. Þetta er a. m. k. ekki meira en hálfur sannleikur, ef það er þá það. Til skamms tíma hafa verið tvö sjúkrahús í Eyjafjarðarsýslu, sem hún hefur lagt fé til. Nú er að vísu búið að skilja það sveitarfélag, þar sem annað sjúkrahúsið var, frá sýslunni, sem sé Ólafsfjörð, en það er þó a. m. k. enn ofur lítið sjúkrahús á Dalvík. Það er því alrangt, að Eyjafjarðarsýsla leggi ekkert fram til sjúkrahúsa.

Annars var það svo með þetta sjúkrahús á Akureyri, að fyrst þegar það var stofnað, var það gjöf einstaks manns, en Akureyrarkaupstaður, sem var þá tiltölulega lítill, og Eyjafjarðarsýsla ráku það í félagi. Síðan, með fullu samkomulagi beggja aðila, tók bærinn við rekstri sjúkrahússins, en sýslan varð algerlega fyrir utan hann.

Ég skal ekki segja margt um þá brtt., sem hv. 3. landsk. hefur borið fram á þskj. 961, en ég get ekki fallizt á hana og tek um flest eða allt undir það, sem hv. þm. S.-Þ. hefur um þetta sagt, og skal ég ekki endurtaka það hér, en aðeins bæta því við, að ég sé ekki betur en brtt. miði að því að leggja alveg sérstaka refsingu og fjárútlát, ekki á héraðið, heldur á þá sjúklinga, sem kynnu að vera úr nálægum héruðum, ef ekki er samkomulag um, að þau héruð taki þátt í rekstri sjúkrahússins. En eins og hv. þm. S.-Þ. benti á, þá er það heldur ótiltekið, hvaða héruð þetta eru. Segjum svo, að það mætti leggja þessa refsingu á sjúklinga úr innri hluta Eyjafjarðarsýslu og tveimur hreppum Suður-Þingeyjarsýslu, en það er ómögulegt að skilja till. svo, að það eigi að einskorða við það. Í Eyjafjarðarsýslu eins og hún var fram að síðustu áramótum voru tvö læknishéruð fyrir utan Akureyrarlæknishérað. Þetta á að gilda fyrir sjúklinga úr þeim læknishéruðum og kannske enn fleiri. Þetta er óákveðið allt og laust í reipunum, að því er mér finnst, í þessari brtt. á þskj. 961.

Að hinu leytinu sé ég enga þýðingu í því, þegar einn bær, næststærsti bær landsins, tekur að sér þær skyldur, sem því fylgja að reisa og starfrækja sjúkrahús með stuðningi ríkisins, þó að fleiri aðilar komi þar til, því að ríkissjóður græðir ekkert á því, því að það er ákaflega mikið vafamál, hvort ríkisvaldið sér því fólki, sem í þessum hreppum býr, fyrir læknishjálp á sama hátt og öðrum landsmönnum. Það er talsvert óljóst, hverjar eru skyldur heilbrigðislæknisins á Akureyri. Og ef það skyldi vera svo, að íbúar þessara sveita væru utan allra læknishéraða að nokkru leyti, þá væri minni ástæða til að gera veður út af þessu.

Mér finnst ákaflega óbilgjarnt gagnvart Akureyrarkaupstað, sem er að reisa sjúkrahús með ærnum kostnaði, — en ég skal þó taka fram, að með frjálsum samskotum hafa íbúar sveitanna í grennd lagt fram nú þegar stórfé til byggingarinnar, — ef það ætti að verða skilyrði fyrir þeim réttindum, sem frv. fjallar um, að nærliggjandi héruð vildu taka á sig fjárhagslegar kvaðir, því að það hlýtur að fara eftir þeirra eigin geðþekkni og vilja, hvort þau vilja taka þessar kvaðir á sig, og ef þau neita, þá á Akureyrarbær að líða fyrir það.

Ég verð að segja, að ég er ekki ánægður með þetta frv., jafnvel þótt á því yrðu gerðar þær breyt., sem fyrir liggja og ég get fallizt á. Ég álít, að það hefði verið að ýmsu leyti eðlilegasta lausnin á málinu að samþ. það frv., sem hv. þm. Ak. bar fram í Nd. snemma á þinginu um það, að ríkið reisti og ræki sjúkrahús á Akureyri. Ég hygg, að ekki sé hægt að benda á höfuðstað hinna fjórðunganna, sem sé jafnréttnefndur höfuðstaður þess fjórðungs eins og Akureyri er höfuðstaður Norðurlands. Ef við tökum Vesturland, hver er þá höfuðstaður þess fjórðungs? Ísafjörður? Ég hygg, að hann geti ekki talizt nema höfuðstaður Vestfjarðakjálkans. Stykkishólmur getur miklu fremur heitið höfuðstaður Breiðafjarðar. Sama er með Austurland. Hver er nú höfuðstaður Austurlands? Er það Seyðisfjörður, Reyðarfjörður eða jafnvel Egilsstaðir? En það orkar ekki tvímælis, að Akureyri er höfuðstaður Norðurlands, og Akureyri er langsamlega stærsti kaupstaður landsins næst á eftir Reykjavík, svo að mér hefði fundizt það vera sanngjörn lausn á þessu máli, að frv. hv. þm. Ak. hefði verið samþ. í aðalatriðunum. Nú mun ekki kostur á því, og þá verð ég að segja, að ef þetta frv. verður samþ., sem ég hef ekki á móti, að sé gert, þá álít ég óhjákvæmilegt að gera þá breyt., sem hv. 4. landsk. stingur upp á á þskj. 874, því

að með henni eru settar skorður við því, að heilbrigðisstjórnin, sem ef til vill er ekki þessu máli of velviljuð, — og það má alltaf búast við því —, geti sett þau skilyrði og kröfur, sem kaupstaðurinn getur ekki með nokkru móti fullnægt. En að hinu leytinu fyndist mér, að það væri líka sanngjarnt, að það, hvort nærliggjandi sveitir taka þátt í þessu, sé undir samþykki þeirra sjálfra komið, og þess vegna er ég í raun og veru einnig meðmæltur brtt. hv. þm. S.-Þ. á þskj. 955, og ég vildi helzt taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði nú síðast, en hann óskaði eftir því, að málinu væri frestað til frekari athugunar, og þá vildi ég fyrir mitt leyti gjarnan óska eftir því, að reynt yrði að bræða þessar till. saman. Efnislega geta þær staðizt báðar, en eins og þær eru bornar fram, geta þær ekki orðið samþ. báðar að forminu til. Ég vil langhelzt og álít sanngjarnast að leysa málið þannig, að efni þeirra beggja sé tekið upp í frv., að heilbrigðisstj. gæti ekki sett þessi skilyrði nema því aðeins, að það hérað, þar sem fjórðungssjúkrahús á að reisa, óskaði þess, og ekki væri heldur hægt að leggja þessar kvaðir á nærliggjandi sveitir, nema þær samþ. Að vísu er það ekki hægt hvort sem er, en ég held, að það mundi ekki valda skaða, þó að það væri beinlínis tekið fram í l. Ég vil því gjarnan mæla með því, að þetta frv. væri tekið út af dagskrá, og það væri æskilegt, ef n., sem hefur haft málið til meðferðar, vildi athuga þá leið að steypa saman brtt. á þskj. 874 og 955.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég hafði ekki athugað brtt. á þskj. 955, þegar ég sagði þessi fáu orð áðan. Hv. síðasti ræðumaður og hv. þm. Barð. hafa mælzt til, að málinu verði á ný frestað og tekið til athugunar af n. Ég vil að sjálfsögðu ekki setja mig á móti því, en ég vil þó taka fram, að eftir þær umr., sem fóru fram í n. á síðasta fundi, þykir mér ekki sennilegt, að n. komist að frekara samkomulagi en orðið er. Á hinn bóginn sé ég ekki, að neitt sé því til fyrirstöðu formsins vegna, að samþ. verði bæði brtt. á þskj. 874 og 955. En þó að þær væru ekki formlega fullkomlega samrýmanlegar, þá eru þess ekki fá dæmi, að síðari d. sé ætlað að taka til athugunar ýmis atriði, sem ekki hefur unnizt tími til að ganga frá í fyrri deildinni.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ef brtt. mín yrði samþ., þá væri lögð refsing, ekki á Eyjafjarðarsýslu, heldur þá íbúa hennar, sem yrðu veikir og þyrftu að liggja á sjúkrahúsi á Akureyri, þá held ég, að þetta sé ekki rétt. Ég hygg, að ef mín brtt. er samþ., þá hlyti að fara svo, að annaðhvort yrði félagsskapur um sjúkrahúsið milli sýslunnar og Akureyrarkaupstaðar eða þá, sem ekki er ólíklegt, að samningar yrðu milli sýslunnar og kaupstaðarins um, að sýslan greiddi samsvarandi styrk til sjúkrahússins vegna sjúklinga, sem legið hafa þar úr sýslunni, við það, sem ríkissjóður samkvæmt frv. á að greiða, og ég verð að segja, að mér finnst það ekki óeðlilegt.

Það er bezt að segja það eins og það er, að það er rétt, sem hv. þm. sagði, að allt er á huldu með, hvað yrði úrskurðað nærliggjandi hérað, en það eru svo mörg atriði frv., sem hljóta að liggja undir úrskurði, að ég held, að verði að treysta á slíka úrskurði.

Það er augljóst í sambandi við byggingu fjórðungssjúkrahúss á Akureyri, að á fjórðungssjúkrahúsum og öðrum sjúkrahúsum er sá meginmunur, að þau eru miklu stærri en gert er ráð fyrir, að þörf kaupstaðarins krefji, og fyrir það leggur ríkissjóður meira til byggingar þessa sjúkrahúss en annarra. En vegna þess að það er stærra en svo, að það samsvari þörf kaupstaðarins, þá er ekki óeðlilegt, að heilbrigðisstjórnin setji þau skilyrði, að fleiri taki þátt í rekstrinum og standi undir honum og njóti þeirra kjara, sem sjúkrahúsið getur veitt. Viðurkenning fyrir, að það sé fjórðungssjúkrahús, liggur í því, að sjúklingar fyrir utan kaupstaðinn í nærliggjandi héraði greiða halla, sem sjúkrahúsið ber af þeim. Ég held því, að það sé fjarri lagi hjá hv. þm., að nokkur refsing sé lögð á íbúa Eyjafjarðarsýslu, þó að þessi till. verði samþ.

Að því er varðar ummæli hv. þm. Barð., þá gefa þau ekki tilefni til andsvara umfram það, sem hann svaraði í sinni ræðu, en á henni var fullkomlega ljóst, að ef till. er samþ. eins og hún er, þá eru í raun og veru þessi l. að engu gerð, að því er snertir almenn sjúkrahús og sjúkraskýli, því að þegar heilbrigðisstj. metur þessa þörf samkvæmt till. eins og hún er hjá hv. þm., þá getur ríkisstj. veitt allt, sem hún telur þörf til að koma þeim upp, jafnvel allan kostnað. Segir það sig sjálft, að með þessu eru l. að engu gerð. Veit ég ekki til, að nein hliðstæða sé til fyrir þessu í l. (**GJ:** Jú, t. d. í l. um hafnarbótasjóð, sem verið var að samþ.) Þar er þó miðað við fé sjóðsins, en þetta er almennt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég sé ekki ástæðu til, að málinu verði á ný vísað til n., því að frá henni sé ekki sameiginlegra till. að vænta.

Forseti (StgrA): Ég skal taka fram út af ósk um frestun á málinu, að ég álít eins og hv. form. n., að ekki fáist frekari niðurstaða í n. um málið. Hins vegar hefur málinu verið frestað áður vegna till., sem komu fram, svo að n. gæti athugað það, og hefur hún nú gert það. Ég sé því ekki ástæðu til frekari frestunar.

ATKVGR.

Brtt. 962 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, GJ, JJ.

nei: LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, GÍG, HG, KA, StgrA.

EE, HermJ, IngP greiddu ekki atkv.

Brtt. 961 felld með 10:3 atkv.

— 874 samþ. með 9:6 atkv.

Forseti (StgrA): Þar sem þessi brtt. hefur hlotið samþykki d., tel ég, að brtt. á þskj. 955 geti ekki komið til atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég er hæstv. forseta ekki sammála um, að atkvgr. geti ekki farið fram um brtt. 955. Það, sem þessar tvær till. fara fram á, getur vel farið saman. Ég skal að vísu játa það, að orðalagi þarf e. t. v. að breyta. En efnislega getur það mjög vel farið saman, að ef sveitar- eða bæjarfélag, sem sjúkrahúsið er reist í, óskar eftir þátttöku fleiri, þá sé það einnig bundið því skilyrði, að nærliggjandi sveitarfél. óski eftir þátttöku.

Forseti (StgrA): Þessi brtt. á þskj. 955 er við annan málslið, en nú er búið að samþ. aðra brtt. um orðun þess málsliðar. Þess vegna tel ég ekki hægt að bera brtt. 955 upp.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1009).

Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1040).

---

95. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (þmfrv., A. 779).

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Eins og grg. frv. ber með sér, er þetta frv. flutt af fjhn. eftir ósk hæstv. fjmrh. En stjórn Lífeyrissjóðs Íslands hefur samþ. frv. og gengið frá því. Samkvæmt l. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem gengu í gildi 1. júlí s. l., er upphæð lífeyris ákveðin á 12. gr. þannig, að hámark lífeyris skal vera 60% að meðallaunum 10 s. l. ára hlutaðeigandi starfsmanns, með þeim breytingum, sem geta orðið á launaupphæð að meðtalinni verðlagsuppbót. En við það er átt í þessari gr., að það sé hugsanlegt, að sveiflur verði á upphæð launanna á tiltölulega skömmum tíma, ef t. d. vísitalan lækkar og verðlag að sama skapi, að 60% af meðallaunum 10 næstkomandi ára geti orðið jafnhá og jafnvel hærri en laun starfsmanna eru í þeirri stöðu, þegar lífeyririnn verður greiddur. Þetta var aldrei tilætlun löggjafans, enda er ekki líklegt, að til þess komi, en það þótti rétt, úr því að breyt. á l. var flutt á annað borð, að girða fyrir, að slíkt geti komið fyrir. Og til þess er ætlazt, að það sé gert með 1. gr. þessa frv., að því er varðar mennina sjálfa, og á 2. gr., að því er varðar eftirlifandi maka. Að vísu er gert ráð fyrir því, að lífeyrir samkvæmt þessari gr. geti orðið nokkru hærri en samkvæmt 12. gr. að prósentum þess hundraðshluta, því að í 12. gr. er hámarkið 60% á meðallaun 10 s. l. ára. 1. og 2. gr. þessa frv. gera ráð fyrir því, að lífeyririnn verði 75% af þeim launum, sem greidd eru fyrir sams konar störf. En það þótti rétt að hafa þessa heimild rýmri með tilliti til þess, ef svo stendur á, að hlutaðeigandi starfsmaður greiðir iðgjöld, sem eru mjög miklu hærri en við er miðað, þegar lífeyrir verður greiddur, og talið eðlilegt, að þeir njóti þess að nokkru.

Meginefni þessa frv. og það, sem veldur því, að það er flutt, er að finna í 3. gr. Eftir l. um Lífeyrissjóð embættismanna eru þeir menn tryggingarskyldir í þeim sjóði, sem taka laun samkvæmt launal. En það er mikill fjöldi starfsmanna, sem er í þjónustu ríkisins beint eða óbeint án þess að taka laun samkvæmt launalögunum. Nægir að benda á skrifstofufólk lögreglustjóra, vitamálastjóra, vegamálastjóra, starfsfólk í einkasölunum, yfirmenn á skipum ríkisins og fleiri. Allt þetta fólk varð tryggingarskylt samkvæmt hinum nýju l., sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tók í gildi 1. júlí s. l. Nokkuð af þessu fólki hefur starfað lengi í þjónustu ríkisins, nokkrir hinna elztu allt frá því 1920 eða jafnvel fyrr. Rétt samkv. lögum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá þeir ekki að l. óbreyttum, nema frá þeim tíma, sem sjóðurinn tók þau l. í gildi, 1. júlí s. l. Það liggur í augum uppi, að fyrir þá menn, sem hafa starfað í þjónustu ríkisins og komnir eru á fullorðinsár, skortir mikið á, að þessi trygging sé fullnægjandi og með þessa starfsmenn sé farið eins og undanfarið, að þeir séu teknir upp á 18. gr. fjárl. með fullum eftirlaunum eða að Lífeyrissjóður greiði full eftirlaun. Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að tryggja þessum mönnum fullan eftirlaunarétt, sambærilegan við það, sem þeir nutu, er voru í Lífeyrissjóði embættismanna, að því tilsettu, að þeir greiði iðjöld til jafns á við og eftir sömu reglum sem starfsmenn hafa greitt eftir 10 s. l. ár, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum. Það þótti ekki fært að fara lengra aftur í tímann. Það þóttu ekki líkindi til þess, að þessum starfsmönnum væri fært að greiða iðjöld, sem jafngiltu þeim, sem ég hef nefnt. Af þessu leiðir, að gera verður ráð fyrir því, að sjóðurinn hafi halla af greiðslum til þessara manna. Er því gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði það, sem til vantar, að iðgjöld þessara manna hrökkvi til að standast kostnað við sjóðinn. Hversu mikla fúlgu hér er um að ræða, er ekki hægt að segja um, það fer að miklu leyti eftir því, hver verðlagstala verður gildandi í landinu. Auk þess er aldrei hægt að segja um það með vissu, hve margt af starfsfólki ílengist og nýtur lífeyris. En ætla má, að langflestu af þessu fólki, þar sem verulega skortir á, að lífeyririnn verði fullnægjandi, mundi verða veitt eftirlaun samkv. 18. gr. fjárl. Þannig er í raun og veru að mestu leyti um að ræða, hvort heppilegra sé að styrkja sjóðinn eða ætlazt sé til þess, að greitt sé af fjárl. til jafns við aðra. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að það starfsfólk, sem hér er um að ræða, hefur ekki fyrr en 1. júlí s. l. greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands. Komið hefur til mála, og ég verð að segja, að ýmislegt mælir með því, að Lífeyrissjóði Íslands verði heimilað að endurgreiða iðgjöld frá þessu fólki, sem til hans hafa gengið, þannig að fólkið mundi nota það fé til þess að greiða þá fúlgu, sem þarf að greiða til Lífeyrissjóðs Íslands. Mér þykir trúlegt, að það komi fram till. um þetta hér í deildinni. Mér þykir rétt að taka það fram, að fjmrh. og fjvn. eru sömu skoðunar um þá meginreglu þessa frv., að hið opinbera greiði ekki fyrir liðinn tíma, heldur taki á sig að bæta sjóðnum, þegar fram kemur halli af þessum greiðslum. Hæstv. fjmrh. er sömu

skoðunar, að það sé ekkert því til fyrirstöðu, að ríkisstofnunum og öðrum, sem falla undir 3. og 4. gr., verði heimilað vegna starfsmanna sinna að greiða í eitt skipti fyrir öll, til þess að kaupa tilsvarandi rétt, eins og segir í 3. gr., að starfsmenn njóti. Það er erfitt með stofnanir eins og einkasölurnar að ákveða svona langt fram í tímann.

Að því er 4. gr. snertir, þá skýrir hún sig sjálf. Svo er ástatt um nokkra flokka starfsmanna, sem eru tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, að þeir njóta einnig annarra trygginga samkv. l. slysatryggingarinnar. Á það við um lækna, sem eru slysatryggðir á öllum ferðalögum, svo og ljósmæður, sem ekki eru í þessum sjóði, og skipverja á skipum ríkissjóðs, hafnsögumenn og nokkrir fleiri. Samkv. alþýðutryggingalögunum, kaflanum um slysatryggingar, eru greiddar ákveðnar bætur vegna slysa og dauðsfalla þessara manna. Þykir eðlilegt, að þær komi til frádráttar við lífeyri, sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir. Þar sem þessi störf eru talin áhættusamari en önnur, þykir eðlilegt, að slysatryggingin greiði til lækna og slysatryggðra starfsmanna.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem þarf að taka fram um frv. á þessu stigi málsins. Það er flutt af n., en hefur þó ekki verið athugað á nefndarfundi, heldur hjá einstökum nm. Ég veit ekki, hvort ástæða er að vísa því til n. Ég geri ráð fyrir því, að það muni vera óþarft, a. m. k. fyrr en ef brtt. koma fram við það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég hef getið um það áður, að ég geri ráð fyrir að bera fram brtt. við frv., áður en það er afgr. úr þessari d., og vonaði, að hægt yrði að halda fund í n., áður en gengið er frá till. Nú hefur ekki verið hægt að halda fund í n. Ég sé ekki ástæðu til annars en málið gangi til 3. umr. nú, en mælist til þess, að málið verði ekki tekið á dagskrá aftur, fyrr en hægt hefur verið að halda fund í n. og athuga það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 779, 845).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Fjhn. hefur haldið fund um þetta frv. eftir að það var lagt fram og flytur á þskj. 845 brtt. þess efnis, að aftan við 3. gr. frv. bætist nýr málsliður, þar sem svo er fyrir mælt, að Lífeyrissjóður Íslands skuli endurgreiða þeim mönnum, sem samkvæmt þessari grein greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir liðið starfstímabil, þær upphæðir, sem þeir hafa greitt í Lífeyrissjóð Íslands fyrir sama tímabil.

Eins og hv. þm. er kunnugt, leiddi það af breyt. þeirri, sem gerð var, þegar l. um tryggingu starfsmanna og embættismanna gekk í gildi, að tala hinna nýju sjóðsfélaga eftir nýju l. varð um 500 eða á 6. hundrað. Þessir menn fá ekki, eftir l. eins og þau eru nú, meðan þeir eru starfsmenn ríkisins, önnur réttindi hjá sjóðnum en þau, sem skapast frá því að þeir byrja að greiða iðgjöld til sjóðsins. Það liggur í augum uppi, að fyrir menn, sem komnir eru á fullorðinsár og hafa starfað í langan tíma í þjónustu ríkisins, er þetta mjög ófullnægjandi, enda hefur það verið talið sjálfsagt, að með þessu verði veitt í að brúa þetta millibilstímabil. Mundu þessir menn, eins og tíðkazt hefur hingað til, verða teknir á 18. gr. fjárl. með eftirlaunagreiðslur, eftir því sem Alþ. ákveður að hverju sinni. Nú getur það komið fyrir, að á tveimur stöðum skuli greiða eftirlaun til sömu manna, og getur það valdið ýmsu misræmi í þessu efni. En til þess er ætlazt samkvæmt 3. gr. þessa frv., að úr þessu verði bætt og þessir starfsmenn, sem eru orðnir nýir sjóðsfélagar, fái sömu aðstöðu og aðrir í Lífeyrissjóði embættismanna, ef þeir greiða iðgjöld 10 ár aftur í tímann, ef þeir hafa starfað svo lengi. Við athugun hefur það komið í ljós, að hér er um svo verulega upphæð að ræða, að ætla má, að það verði nokkrum erfiðleikum bundið fyrir ýmsa að tryggja sér réttindi á þann hátt, ef ekki er létt undir á einhvern veg. Sé miðað við 5 þús. kr. laun sem hámark, þá nemur iðgjaldið 350 kr. á ári og á 10 árum 3500 kr., og með vöxtum og vaxtavöxtum eitthvað yfir 4500 kr., sem ýmsir að sjálfsögðu eiga erfitt með að greiða út að fullu. Hins vegar hafa þessir menn frá því Lífeyrissjóður Íslands var stofnaður á árinu 1936 greitt iðgjöld til hans, persónugjald og skattaálag. En menn í lífeyrissjóði embættismanna voru undanþegnir þessu til Lífeyrissjóðs Íslands. Með þessum brtt. er gert ráð fyrir, að þessum starfsmönnum skuli endurgreitt það, sem þeir hafa greitt í Lífeyrissjóð Íslands í rúm 8 ár, sem þeir hafa greitt til sjóðsins, með það fyrir augum, að þeir njóti þá sömu fríðinda fyrir þetta tímabil eins og meðlimir Lífeyrissjóðs embættismanna ríkisins. Tala þessara manna er rúmlega 500, og við lauslega athugun, sem við höfum gert á því, hve mikið þeir hafa greitt í Lífeyrissjóð Íslands, virðist koma í ljós, að það sé nálega 550 kr. að meðaltali, sem greitt hefur verið af hverjum manni. Sé þetta nær sanni, sem ég hygg að verði, væri þá heildarframlagið nálægt 270—300 þús. kr., og mundi það, eins og ég áðan sagði, létta nokkuð undir þær greiðslur, sem þeir eiga að inna af hendi til þess að fá sambærileg réttindi við eldri sjóðsfélaga.

Fjhn. ber þessa till. fram og er sammála um hana. En mér þykir rétt að geta þess, að ég hef rætt við tryggingarráð, sem hefur með höndum stjórn Lífeyrissjóðs Íslands. Og enda þótt tryggingarráð telji þetta ekki æskilega leið, er mér óhætt að segja það, að það er ekki mótfallið því, að þetta sé gert í þessu tilfelli, með tilliti til þess, að þessir menn verða að fá sömu aðstöðu og meðlimir Lífeyrissjóðs embættismanna hafa haft þetta umrædda tímabil.

Fleira held ég ég hafi ekki að segja, en ég vil mæla með því fyrir n. hönd, að till. verði samþ. og frv. látið ganga fram óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 845 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., 17. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 869).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 869, n. 1027).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Frv. þetta er upphaflega flutt af fjhn. hv. Ed., samkv. ósk hæstv. fjmrh., sem hafði verið um það í samráði við hæstv. ríkisstjórn.

Þau meginatriði, sem í frv. felast, eru þrjú. Í fyrsta lagi það, sem fram kemur í 1. og 2. gr., um nokkra takmörkun, bæði til sjóðsfélaga sjálfra og maka þeirra. Eins og kunnugt er, þá miðast ellilífeyrir og önnur hlunnindi, sem sjóðurinn greiðir, við meðaltekjur hlutaðeigandi embættismanns síðustu 10 ár, sem hann hefur verið í embætti. Ég hef lagt til, að sú breyt. verði gerð, að upphæð ellilífeyris megi aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, sem greidd eru fyrir tilsvarandi embætti á hverjum tíma, er sjóðsfélaginn lætur af því, og lífeyrir eftirlifandi maka megi aldrei nema meiru en 50%.

Ástæðan er sú, að nú, þegar vísitalan er mjög há, og ef svo verður um nokkurra ára bil, en síðan fellur verðlagsvísitalan aftur, þá má búast við, að þeir embættismenn, sem hverfa frá störfum, meðan vísitalan er enn há, geti komizt jafnvel á hærri eftirlaun en nemur launum starfandi manna í því embætti, sem um ræðir, á sama tíma. — Því þótti mér rétt að setja þessa takmörkun, og ætla ég, að það mál þurfi ekki frekari skýringar við.

Þá er næsta meginatriði frv., sem fjallar um það, að þeir menn, sem koma undir ákvæði þessara l. 1944, öðlist að fullu rétt sjóðsfélagans eins og þeir hefðu komið inn undir l. á þeim tíma, sem þeir gengu í opinbera þjónustu.

Til þess að þetta megi verða, er tilætlunin, að þeir greiði til lífeyrissjóðs sem því svarar, að þeir hefðu átt að greiða samkv. l. frá 1919 fyrir tíu s. l. ár, ef þeir hefðu verið svo lengi í starfi. Einnig er ætlazt til, að lífeyrissjóður endurgreiði lífeyrissjóðsframlög þessara manna og þau gangi yfir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins upp í þessa greiðslu aftur í tímann.

Nú má búast við því, að þegar til þess kemur, að þessir menn eigi að njóta hlunninda sjóðsins, muni nokkuð á vanta í ýmsum tilfellum, að þeir hafi greitt svo mikið, sem með þarf, til að öðlast þau fríðindi, sem þeir eiga að fá, og er til ætlazt, að ríkissjóður greiði mismuninn.

Því miður er ekki hægt að svara nákvæmlega, hve miklu þetta muni nema fyrir ríkissjóð. Þó hefur verið gerð nokkur áætlun um, hve mikla upphæð þyrfti að setja inn í sjóðinn nú í dag til þess að mæta þeim kröfum, sem á sjóðinn skapast með þessari lagabreyt., og eftir því, sem næst verður komizt, er það allveruleg upphæð, eða 6—7 milljónir fyrir ríkissjóð. En það er vitanlega ekki það, sem liggur hér fyrir, að kasta slíkri upphæð inn í sjóðinn nú, heldur að jafna metin á svo sem 20—30 árum, meðan þeir menn, sem nú koma inn undir hlunnindi sjóðsins með þessari breyt., eru að hverfa af sjónarsviðinu. Sennilegt er, að árleg útgjöld ríkissjóðs af þessum sökum verði ekki ýkjamikil, þegar þess er gætt, að þeir embættismenn ríkisins, sem fá ekki fullan lífeyri, komast inn á 18. gr. fjárl. og fá þar þá aukagreiðslu, sem vantar á, að þeir fái full hlunnindi. Ef þessari reglu er haldið áfram, breytir þetta frv. engu öðru en því, að ákveðið er í eitt skipti fyrir öll, að þessar greiðslur fari fram, sem hingað til hafa verið ákveðnar í fjárl. á hverju ári fyrir sig.

Þriðja atriðið í frv. er það, að bætur, sem sjóðsfélagar, makar þeirra og börn eiga rétt á hjá alþýðutryggingunum, skuli dregnar frá þeim hlunnindum, sem þeir eiga að fá úr lífeyrissjóði samkvæmt l. Þetta er sjálfsagt ákvæði. Það er engin ástæða til annars en slíkar bætur, t. d. slysabætur, séu dregnar frá þeim bótum, sem þessi l. gera ráð fyrir.

N. er sammála um að mæla með þessu frv. Einn nm., hv. þm. V.-Húnv., hefur þó fyrirvara um málið. Mun hann byggjast á því, að honum þótti ekki nægilega upplýst, hvað kostnaðurinn yrði mikill fyrir ríkissjóð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Eins og hv. frsm. gat um, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir, hvernig á því stendur.

Ég er að vísu samþykkur tveimur fyrstu gr. frv. Þar er um að ræða leiðréttingar á l., sem ég tel, að þurfi að gera. Efni þessara gr. er í samræmi við till., sem ég ásamt öðrum hv. þm. bar fram á síðasta þingi, þegar þetta mál var til meðferðar, en þá voru felldar í d. En minn fyrirvari snertir 3. gr. frv. og stafar af því, að þótt þess væri óskað, var ekki hægt að fá upplýsingar eða áætlun um, hvað ríkissjóður mundi þurfa að borga mikið vegna þeirra ákvæða, sem í þessari gr. eru, og vegna þess, að ekki er hægt að fá neinar upplýsingar um þetta, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara og mun ekki taka þátt í meðferð málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÞ, SÁÓ, SvbH, ÞG, BÁ, EmJ, EystJ, GSv, HelgJ, JJós, JörB.
PZ, SkG, IngJ, HarJ greiddu ekki atkv.

13 þm. (LJós, ÓTh, SEH, ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, FJ, GÞ, GG, GTh, JakM, JPálm) fjarstaddir.

Á 123. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1068).

---

96. Lendingarbætur í Grunnavík.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um lendingarbætur í Grunnavík (þmfrv., A. 942).

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Frv. það, sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk. þm., um lendingarbætur í Grunnavík, er flutt samkv. ósk hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps. Í Grunnavík hefur verið nokkur vélbátaútgerð um alllangt skeið, án þess þó, að þar hafi verið gerðar lendingarbætur, nema lítil steinbryggja. Nú mun það vera svo, að þessar lendingarbætur þurfi að fullkomna og bæta nokkuð. Og þess vegna hefur hreppsnefndin þar falið okkur flm. þessa frv. að leita heimildar hjá hæstv. Alþ. til handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán allt að 15 þús. kr. til framkvæmda í þessu skyni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta frv. mörgum fleiri orðum. Þær upphæðir, sem teknar eru í 1. og 2. gr. þess, eru teknar upp í samráði við vitamálastjóra, sem hefur miðað þær við þær framkvæmdir, sem hreppsbúar hyggjast að gera að lendingarbótum þarna á komandi sumri. Það skal tekið fram, að fyrir liggja 15 þús. kr. óeyddar, sem Grunnavíkurhreppur á, af því fé, sem þegar hefur verið veitt til þessara lendingarbóta á fjárl. Það, sem því er meginkjarni þessa frv., er, að aflað verði ríkisábyrgðar fyrir láni, sem Grunnavíkurhreppur þarf að taka til þess að geta lagt fé fram á móti þessum 15 þús. kr. frá ríkissjóði.

Við flm. höfum, til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi, aflað okkur umsagnar vitamálastjóra, sem fylgir þessu frv. sem fylgiskjal. — Það er ætlan okkar og eindregin tilmæli hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps, að þetta mál geti fengið afgreiðslu nú á þessu þingi. Ég vil þess vegna mjög mega mælast til þess við hv. sjútvn., að hún hraði afgreiðslu þessa máls svo sem verða má, þannig að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess á þessu þingi.

Leyfi ég mér svo að óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 942, n. 991).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég skal ekki tefja tíma fundarins með framsögu þeðu. N. hefur athugað þetta mál eins og venja er til um önnur hafnarbóta- og lendingarbótamál og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 116. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 117. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 942, n. 1028).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur athugað þetta frv., og hún hefur borið það saman við gildandi l. um lendingarbætur og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég vil geta þess, að upphæðin er aðeins 15 þús. kr., sem ætlazt er til, að lagt sé fram úr ríkissjóði í sambandi við þessar lendingarbætur, og hefur þessi upphæð þegar verið veitt í fjárl. fyrir árið 1945. Þetta frv. er því í fullu samræmi við það, sem hv. fjvn. hefur ákveðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1073).

---

97. Stimpilgjald.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 1942, um breyt. á l. nr. 75 21. júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv., A. 761).

Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 100. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson: Mig langaði aðeins að segja örfá orð í sambandi við þetta mál; ég ætlaði eiginlega að gera það í gær við 1. umr., en það var enginn, sem mælti sérstaklega fyrir frv., svo að það féll niður. Mig langaði að spyrja hv. fjhn., sem flytur þetta mál, hvort ástæða muni vera til þess að setja stimpilgjald miðað við fimmfalt fasteignamat. Í grg. segir, að þess kunni að vera dæmi, að fasteignir séu seldar fyrir fimmfalt fasteignamat, en þau dæmi finnast ekki nema þegar verðbólgan er sem allra hæst vegna húsnæðisvandræða. Ég tel alveg undantekningu, ef fasteignir eru seldar fyrir fimmfalt verð, og miklu eðlilegra að miða við brunabótavirðingu. Það kann vel að vera, að ekki sé rétt að skylda menn til að gefa upp verð á fasteignum, eða sérstaklega þegar um makaskipti er að ræða, að þá kunni að vera eðlilegra undir vissum kringumstæðum, að það sé ekki gert, en ég vil skjóta því til hv. fjhn., hvort ekki mætti standa þrefalt eða fjórfalt eða þá brunabótavirðing. Þetta sama og útilokar, að stimpilgjald sé miðað við fasteignamat.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og við segjum í grg., þá er málið flutt fyrir hönd hæstv. ríkisstj. eftir ósk hæstv. **fjmrh.**

Ég hef skilið frv. svo, að menn eftir sem áður borgi af söluverði, þannig að þegar það er lægra en fimmfalt fasteignamat, þá borgi þeir ekki af fimmföldu, heldur raunverulegu söluverði, en aftur á móti sé þetta ákvæði um fimmfalt fasteignamat haft svo hátt, til þess að nokkurn veginn öruggt sé, að menn borgi af öllu söluverðinu í því tilfelli, þegar þeir ekki kjósa að gefa upp hið raunverulega söluverð. Nú getur verið, að menn kæri sig ekki um að taka söluverðið fram í afsalinu og kjósi heldur að borga af fimmföldu fasteignamati, og þá er það fyllilega heimilt. Ég hef ekki kannað það að vísu, en ég bjóst við, að þetta mundi ekki vera strangar nú en hitt á sinni tíð, þegar ákveðið var að borga af tvöföldu fasteignamati, ef ekkert var gefið upp.

Tilgangur löggjafans er vitanlega sá, að borgað sé stimpilgjald af þeim raunverulegu upphæðum, sem verzlað er í. Það er ekki hægt að tryggja það með öðru móti en því að hafa áætlaða verðið nokkuð hátt.

Páll Zóphóníasson: Ég ætla að beina þeirri athugasemd til hv. fjhn., hvort hún vildi milli umr. athuga, hvort ekki væri rétt að setja einnig inn í þessi l. lágmark, sem stimpilgjald er greitt af. Þegar menn gefa ekki upp söluverð, þá er það sjaldnast út af fyrir sig af því, að þeir vilji komast undan stimpilgjaldi, heldur miklu algengara til þess að koma ekki upp um fé, sem áður hefur verið svikið undan skatti. Menn eru búnir að svíkja undan skatti svo og svo mikið fé, sem þeir hafa síðan lagt í fasteignir, og ef þeir þinglýsa verðið eins hátt og það er, þá kemst upp um skattsvikin. Þetta er ákaflega algengt, og á hverju ári eru margir menn, sem kaupa eignir háu verði og nota til þess fé, sem þeir hafa ekki talið fram. Ef hið háa kaupverð þá kemst upp, verða þeir að gera grein fyrir, hvaðan þeir hafi haft fé til að greiða með, og geti þeir það ekki, kemst upp um skattsvik. Til þess að komast hjá þessu, fá margir kaupverðið sett lægra en það er raunverulega og láta þinglýsa því. Lágmarkssöluverð fasteigna er nú aldrei innan við þrefalt fasteignamat og svo upp í fimmfalt. Þess vegna vildi ég láta athuga, hvort ekki gæti komið til mála, að aldrei væri borgað minna en af þreföldu fasteignamati, og ef ekkert er gefið upp, þá fimmfalt.

Þetta vildi ég biðja n. að athuga fyrir næstu umr. Mönnum er alveg sama um stimpilgjaldið út af fyrir sig, en hitt er það, að þeir verja til kaupanna fé, sem þeir eru áður búnir að fela og vilja ekki láta komast upp um. Þess vegna gefa þeir ekki neitt upp, og þá er það vægasta, sem hægt er að gera við þá, að skylda þá til að greiða af þreföldu fasteignamati. Ég vona, að n. athugi þetta milli umr., og skal ég ekki hafa þessi orð lengri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta litla frv. er flutt af fjhn. Nd. eftir beiðni stj.

Eins og kunnugt er, þá er til þess ætlazt í l., að stimpilgjald sé miðað við raunverulegt söluverð eigna, en í þeim l. er ákveðið, að ef söluverð er ekki tilgreint á afsalinu, þá skuli miða við fasteignamatsverð. Þegar verðhækkunin kom á fasteignir, eftir að styrjöldin byrjaði, var augljóst, að þessi varnagli hlaut að verða til tjóns fyrir ríkissjóð, því að þá var söluverð jafnan fyrir ofan fasteignamat, og þegar fasteignir fóru að hækka ört í verði, gat þetta ekki staðizt lengur. Þá var gripið til þess með l. frá 1942 að breyta l. þannig, að stimpilgjald skyldi miðað við tvöfalt fasteignamat, ef kaupverð væri ekki tilgreint á afsalsbréfinu. Þetta hefur kannske nokkurn veginn fullnægt, þegar þessi breyt. var gerð, en sú dýrð stóð ekki lengi, því að þegar verðhækkunin fór að koma fyrir alvöru á síðari hluta ársins 1942, varð gangverð á fasteignum ekki tvöfalt fasteignamat, heldur þre- eða fimmfalt og jafnvel þar yfir. Stj. þótti ekki ástæða til, að þeir, sem seldu eða keyptu fasteignir, gætu hagnazt á slíku lagaákvæði sem þessu. Það varð regla við fasteignasölu að tilgreina ekki kaupverð, heldur *tiltaka fasteignamat* eignarinnar í afsalsbréfinu og greiða stimpilgjald af tvöföldu fasteignamati. Það er ekki gott að segja, hve miklu þetta munar fyrir ríkissjóð, — til þess hefði þurft rannsókn, sem ekki þótti ástæða til að framkvæma, — en ef þessi breyt., sem gera á með þessu frv., næði fram að ganga, þ. e. a. s. að miða við fimmfalt fasteignamat, þá á að vera nokkurn veginn tryggt, að menn hagnist ekki á að tilgreina ekki söluverð fasteigna. Hitt er annað mál, að með þessu frv. er engan veginn tryggt, að rétt söluverð sé sett á afsalsbréfin, en það er annað mál, sem ekki þýðir að ræða í sambandi við þetta frv.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. nái fram að ganga og verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 761, n. 1048).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta stutta frv. er borið fram af hv. fjhn. Nd. og er ákaflega einfalt.

Með l. nr. 49 frá 1942 var það ákvæði sett eða sú breyt. gerð á l. um stimpilgjald frá 1921, að ef ekki er gefið upp verð á fasteignum, skuli áætla stimpilgjald eftir reglu, sem þar er talað um, en þó ekki minna en tvöfalt fasteignamatsverð. Þetta var sett til þess að stuðla að því, að verð væri yfirleitt gefið upp, og er það tilgangur l.

Nú er þetta ákvæði orðið úrelt, vegna þess að tvöfalt fasteignaverð er orðið svo langt frá venjulegu söluverði, að það skiptir ekki svo miklu, hvort verðið er gefið upp, vegna þess að tvöfalt fasteignamatsverð er svo langt fyrir neðan. Og af því að þessi vísbending er gefin í l., þá er oft miðað við það, þó að það sé ekki nauðsynlegt, er heimildin í l. til að áætla það ekki lægra en söluverð hefur verið.

Það er til þess að koma í veg fyrir þessa venju, að þetta frv. hefur verið borið fram í Nd. að tilmælum fjmrh., og breyt. er engin önnur en að ekki skuli áætla, ef ekki er gefið upp verð, minna en fimmfalt fasteignamatsverð. Það er í raun og veru engin hætta á að setja þetta mark, ég vil segja eins og verkast vill, þó að það væri tífalt, því að öllum er leiðin opin til þess að komast undan slíku með því að fylgja anda l. og gefa upp verðið.

Fjhn. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 1079).

---

98. Búnaðarmálasjóður.

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs (þmfrv., A. 329).

Á 53., 55. og 57. fundi í Nd., 21., 25. og 28. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv. er samið af mþn. búnaðarþings og er flutt hér fyrir tilstilli n. Eins og hv. þm. er kunnugt, lá fyrir á síðasta þ. till. um stofnun ferðasjóðs fyrir íslenzka bændur, og var það mál vakið hér í tilefni af orlofsl., sem samþ. voru um svipað leyti. Þegar svo var komið, að slík l. voru til, sem tryggðu mönnum orlof og tækifæri að ferðast um landið, þótti mönnum ranglátt að láta hlut bænda liggja eftir og gefa þeim ekki kost á hinu sama. Meðferð þessa máls hér á Alþ. var sú, að það var hvað eftir annað hrakið milli d. og síðan fellt.

Urðu töluverðar umr. um málið meðal bænda, og kom þá í ljós, að enginn sérstakur áhugi var á því að samþ. þetta frv., meðfram af því, að þeim þótti verkefni þessa sjóðs of veigalítið, fremur en af hinu, að þeir teldu eftir að leggja á sig gjöld þau, er fyrirhuguð voru. Og þegar farið var að ræða málið á breiðari grundvelli, kom fram till. í mþn. um að halda hugmyndinni um tekjuöflun áfram og færa út verkefni sjóðsins. Eins og kunnugt er, hefur um langt skeið verið greitt útflutningsgjald af sjávar- og landbúnaðarafurðum. En fyrir nokkrum árum var gjaldið af landbúnaðarafurðum fellt úr gildi, meðfram vegna þess, að ósamræmi var talið að hafa slíkt gjald á útfluttum vörum, en ekki þeim, sem seldar eru á innlendum markaði, því að margir töldu, að innlendi markaðurinn væri betri en hinn erlendi. Hins vegar er útflutningsgjald af fiski enn í gildi, og rennur 1¾% af verði útfluttra sjávarafurða í fiskveiðasjóð og er varið til eflingar sjávarútvegsmálum þjóðarinnar. Þetta gjald, sem hér er farið fram á, er hliðstætt því, þó með þeim breytingum, að lagt er til, að það falli á allar innlendar landbúnaðarafurðir, en er lægra, ekki nema ½% af heildsöluverði afurðanna. Ætlazt er til, að gjaldi því, sem mynda á búnaðarmálasjóðinn, verði hægt að verja til framfara íslenzka landbúnaðinum. Það orkar ekki tvímælis, að verkefnin eru margþætt og mikil, og þótt Búnaðarfélag Íslands hafi til umráða allmikið fé, er ríkið leggur því til, er því mjög markaður bás miðað við þau verkefni, er ríkið fær því í hendur, og þess ber að gæta, að atvmrh. getur ráðið, hvernig þessu fé er varið, því að honum ber að samþ. útgjaldaáætlun félagsins. Hins vegar eru mörg verkefni, sem Búnaðarfél. hefur löngun til að styrkja meðal ísl. bænda og ekki er hægt að sinna, vegna þess hve fjárhagur er þröngur. T. d. má nefna húsbyggingu félagsins, þar sem hús þess er orðið gamalt, svo að segja má, að starfsemi fél. sé upp úr því vaxin. Félaginu er nauðsynlegt að eiga myndarlega byggingu til starfsemi sinnar. Sömuleiðis er uppi áhugi um að koma fyrir í þeirri sömu byggingu gistiheimili fyrri sveitafólk, þar sem það gæti átt sér samastað, er það er hér á ferð. Æskilegast væri, að þetta stæði í sem nánustu sambandi við þær stofnanir, sem fjalla mest um mál bænda, eins og t. d. Búnaðarfél. og Búnaðarbankann. Nú stendur fyrir dyrum, að Búnaðarbankinn reisi hús hér í bænum, og rætt hefur verið um að koma fyrir í því húsi bæði skrifstofu félagsins og gisti- og greiðasölu fyrir bændur, sem eru hér á ferð. Því er ekki að neita, að á undanförnum árum hefur mjög verið eftir því spurt, hvort félagið veitti nokkurn styrk til kynnisferða bænda. Slíkar kynnisferðir hafa komizt á í ýmsum landshlutum og hafa þar notið nokkurs styrks, en félagið hefur hvergi nærri getað uppfyllt þær óskir, er fram hafa komið, svo þröngur stakkur sem því er skorinn í þessum efnum. Í frv., sem ég nefndi í upphafi, var gert ráð fyrir, að úr ferðasjóði skyldi veitt fé til einyrkja bænda, sem venjulega sitja á hakanum, þegar slíkar ferðir eru farnar, vegna skorts á vinnukrafti. Ætlazt var til, að þessir bændur yrðu styrktir til að fá sér hjálp á heimilið, meðan þeir væru í ferðinni. Einnig má minna á það, að þótt Búnaðarfél. hafi með höndum framkvæmdir fyrir ríkið og ríkinu beri að kosta þá starfsemi og geri það, þá hefur fél. á ýmsan hátt fært út verksvið sitt fram yfir bein fyrirmæli og tekið að sér meira og meira af ýmiss konar sérstakri starfsemi. En sumt af verkefnum fél. er þess eðlis, að fé til þeirra á að koma frá bændum sjálfum, og er það ekki nema réttmætt, enda bændastéttinni það metnaðarmál, að félagsstarfsemi hennar standi á eigin fótum.

Ég skal geta þess, að frv. hefur verið sent öllum búnaðarsamböndum landsins til umsagnar, og hafa komið jákvæð svör frá öllum nema einu og meðmæli með því, að frv. verði flutt á Alþ.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en óska þess, að frv. verði vísað til landbn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 453).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Landbn. Nd. hefur fjallað um þetta mál og orðið einhuga um að mæla með samþykkt frv. með ofur litlum orðabreytingum. Hún var öll þess álits, að það væri tímabært, að Búnaðarfélag Íslands aflaði sér eigin fjár til starfsemi sinnar, en þetta gjald greiðist af sölu landbúnaðarvara. Er þetta hliðstætt því, að ákveðinn hluti af verði útfluttra sjávarafurða gengur til eflingar fiskveiðasjóði.

Ég hef áður farið nokkuð ýtarlega út í þetta frv. og tel ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég þá sagði, og mæli með því við hv. d., að hún veiti frv. brautargengi. Brtt. er á þskj. 453 og er aðeins til nánari skýringar á tilsvarandi greinum. Breytingarnar eru þær við 1. gr., að í stað orðanna „heilsöluverði varanna" komi: því verði, er framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma. — Í öðru lagi, að á eftir orðunum „eða söluverð erlendis (cif.) að" komi: að viðbættum útflutningsuppbótum, ef greiddar eru, en að. — Niðurlag 2. gr. orðist svo: svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. — Með öðrum orðum, að loðskinn verði líka gjaldskyld, og er það samkv. bendingu búnaðarþings. En búnaðarþing fékk þetta mál til meðferðar og lagði eindregið til, að það næði fram að ganga með þessum breyt.

ATKVGR.

Brtt. 453,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 453,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

3.—6. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 77. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 515).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þannig er málum háttað, að á þessum fundi er útbýtt brtt. við málið, sem nefndin sér ekki ástæðu til að ræða.

Fer ég því fram á það, eins og síðasti ræðumaður, að hæstv. forseti fresti umræðu um málið.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 515, 517, 565).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Landbn. á nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 565, en áður en ég geri þær að umtalsefni, skal ég geta þess, að n. hefur athugað brtt. á þskj. 517 frá hv. þm. V.-Húnv., og hefur hún fallizt á að mæla með þeim brtt.

N. hefur borið málið undir tollstjórann í Reykjavík og rætt við hann um ýmis atriði viðvíkjandi því gjaldi, sem hér er um að ræða, og brtt. þær, sem n. ber fram, eru að nokkru leyti fluttar eftir bendingu frá honum, og er tollstjóri sömuleiðis þeirrar skoðunar, að málið verði voðfelldara í framkvæmd, ef brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. verða samþ., en þær fjalla um, að gjaldið, sem um ræðir í frv., skuli reiknað af verði varanna eins og það er greitt framleiðendum á hverjum tíma, en í ákvæðum, *sem voru í 1. gr., var mælt svo fyrir*, að gjaldið skyldi reiknað sem útflutningsgjald af útfluttum vörum. Var á það bent, að oft væru vörur, sem selja ætti úr landinu, óseldar og ekki vitað um verð þeirra og því erfitt að ákveða gjaldið. Enn fremur má á það benda, sem n. hefur einnig rætt, að þegar vörur eru seldar úr landi, er kominn á þær kostnaður, sem leggst á verðið, og er betra að losna við að leggja toll á þann hluta verðsins, sem myndast við þann hluta kostnaðarins, svo sem tunnur, salt o. fl., en með brtt. hv. þm. V.-Húnv. er hjá þessu sneitt. Till. á þskj. 565 frá n. eru að mestu leyti orðabreyt., skýringar og lagfæringar til að gera skýrari, eðlilegri og auðveldari ákvæðin um innheimtu gjaldsins. Ég þarf ekki að lýsa hverri brtt. út af fyrir sig, þær eru svo augljósar, að hver þm., sem rennir augunum yfir þær, sér, hvað er um að vera, að þar er aðeins um formsbreyt. og skýringar að ræða. N. stendur öll að þessum brtt. og *mælir einnig með brtt hv. þm.* V.-Húnv.

ATKVGR.

Brtt. 517,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 565,1.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 565,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 517,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 565,3.a—c samþ. með 20 shlj. atkv.
— 565,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 573).

Á 80. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 87., 96., 98., 100., 101. og 102. fundi í Ed., 13. des., 9., 10., 11., 12. og 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 16. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 573, n. 654).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur verið til umr. og ályktunar í Nd. og samþ. þar og sent til Ed. og komið þar fyrir landbn., og var hún sammála um að *mæla með því að samþ. það eins og það lá fyrir*, og afgr. n. það mál frá sér 8. des. s. l. En síðan hafa þær breyt. orðið, að þar sem l. áttu að ganga í gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1945, getur það nú ekki orðið, og hefur meiri hl. n. því komið sér saman um að gera þá breyt., að l. komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. febrúar 1945.

Þetta frv. er að efni til, eins og hv. d. er kunnugt, tilraun framleiðenda á landbúnaðarafurðum að koma sér upp nokkrum sjóði til framkvæmda og framfara fyrir þá, og geti þeir þá frekar ráðið þar bót á ýmsum nauðsynjamálum og þjóðfélagsmálum fyrir landbúnaðinn heldur en áður. Það er lagt til í þessu frv., að greitt sé ½% af verði af flestum landbúnaðarvörum, sem hægt er að ná gjaldi af, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma. Það eru náttúrlega sumar vörur, sem alls ekki eru skattlagðar, eins og t. d. stórgripakjöt og garðamatur, en það má með reglugerð ákveða fleiri vörur með. Bændur hafa hingað til ekki lagt neitt fyrir í sameiginlegan sjóð. Það **hefur verið aðeins greiðsla til búnaðarfélags**, hreppa- og búnaðarsambandssjóða. En nú er þessi viðleitni í þá átt að ná saman fé til þess að leggja í sameignarsjóð fyrir bændur þó þannig, að það komi öllum bændum, sem í búnaðarfélögum eru, til góða, og þykir það ekki fyrr en nauðsyn bar til. Þessi sjóður mundi spara heldur gjöld úr ríkissjóði til Búnaðarfélags Íslands, sem aðallega stendur fyrir þessum sjóði. Ef þessar greiðslur eru látnar í ný sameiginleg fyrirtæki eða framkvæmdir, þá munu líka hverfa beiðnir frá þessari stofnun til ríkissjóðs um styrk til þeirra, sem vel mætti vera, **að annars mundu koma. Þetta er því aðeins ósk frá bændum til löggjafans, að hann verndi þá og** veiti þeim réttindi til þess, að þeir megi á skipulegan hátt innkalla hjá sjálfum sér gjald, sem ekki íþyngir landinu eða ríkissjóði, en frekar stefnir í þá átt að létta heldur gjöldum af honum, ef til kemur.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða meir um þetta mál. Það hefur að vissu leyti verið rætt á öðrum grundvelli hér í hv. d., en vel getur verið, að frv. **eða lögin standi til bóta, þegar reynsla er komin á, hvernig féð innheimtist, og gerðar þar á lagfæringar, ef reynslan sýnir eitthvað annað betra en hér er gert ráð fyrir.**

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — **Ég ætla aðeins að gera grein fyrir mínu atkv. Ég treysti mér ekki til þess að greiða atkv.** með þessu frv. af þeim ástæðum, að ég tel, að farið sé þarna inn á mjög hæpna braut, sem sé þá að lögskylda menn til þess að greiða gjöld til ákveðinna félagssamtaka. Þetta er í raun og veru hliðstætt því, að Alþýðusambandi Íslands væri heimilað og gert að skyldu að leggja ákveðinn hundraðshluta á laun allra verkamanna í landinu og setja í sjóð hjá sér og verja því fé eftir því, sem þeim samtökum þóknast. (**BSt:** Er þetta

ekki gert í praxis?) Þetta er ekki gert, og ef hv. þm. álítur, að slíkt komi til greina, þá mætti kannske prófa það, hvort slíkt frv. mundi fá samþykki hans hér á Alþ. En ég álít, að þetta sé á engan hátt rétta leiðin. Ég álít, að Búnaðarfélagið eigi að vera, eins og Alþýðusamband Íslands, algerlega frjáls samtök: frjálst, hvað menn vilja til þess greiða. Ég sé ekki neitt á móti því, að Búnaðarfélag Íslands innheimti þennan skatt af bændum, en þá álít ég, að það eigi ekki að vera löggjafaratriði, heldur algerlega frjálst samkomulag, sem ekki þurfi neina löggjöf til.

Gísli Jónsson: Ég tók eftir því í ræðu frsm., að hann sagði, að þetta gjald væri ekki til þess að íþyngja neinum öðrum en seljendum sjálfum. En ég sé hér, að í 3. gr. frv. segir: „Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.“ Ég vildi gjarnan fá að vita, hvernig þetta er meint hjá þeim, sem samið hafa frv. Eiga þeir menn, sem fyrst kaupa vöruna, að greiða þetta gjald og fá það svo endurgreitt úr sjóðnum? Ef svo er, virðist mér vanta, að þetta sé skýrt tekið fram, og eins hitt: Hvernig er þeim, sem greiða gjaldið, tryggt, að þeir fái það endurgreitt? Hver stendur í ábyrgð fyrir því? Eins og þetta er, skilst mér, að kaupmenn muni kaupa á föstu verði og verði þá að greiða úr eigin vasa. Nema ætlazt sé til þess, að varan sé eingöngu tekin í umboðssölu, eins og mjólkin er nú, þannig að hægt sé að innheimta það aftur af bændum, þegar borgað er út, en það er ekki hægt, ef varan er seld föstu verði til ákveðins aðila. Þetta vil ég fá upplýst, áður en ég tek afstöðu til málsins.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hæstv. menntmrh. gat um það í ræðu sinni, að hér væri verið að lögskylda menn til þess að greiða fé til samtaka, og byggði afstöðu sína til málsins aðallega á því og taldi sér ekki fært að samþ. frv. þess vegna. En hér er ekki í raun og veru verið að lögskylda menn til þess, vegna þess að það er búið að leitast fyrir um þetta og greiða atkv. m. a. á sambandsfundum bænda, og eftir þeim till., sem þeir samþykktu þar, má segja, að það hefur svo að segja mótmælalaust verið greitt jákvæði með þessari greiðslu, enda er þetta frv. borið fram af mþnm. búnaðarþings og stj. Búnaðarfélags Íslands. Og þeir menn munu allir hafa kynnt sér, að óskir frá bændum lágu fyrir um þetta. Þetta svarar að vissu leyti til útflutningsgjalds, eins og er greitt af sumum vörum, en þetta gjald er tekið af vörum, sem seldar eru innanlands, en hitt rennur oftast í ríkissjóð.

Nú minnir mig, að útgerðarmenn séu skyldaðir til þess að greiða til fiskimálan., en sá skattur á að vera þeim til framdráttar, og mér virðist sú greiðsla ekki vera óskyld þeirri greiðslu, sem farið er fram á í þessu frv.

En hvað viðvíkur fyrirspurn hv. þm. Barð., þá vil ég taka það fram, að þetta gjald leggst auðvitað á seljendur eða réttara sagt framleiðendur, því að meginhluti af þessum vörum er seldur eins og t. d. mjólkin, á stöðvum, sem bændurnir hafa sjálfir, að vissu leyti í umboðssölu. Ég álít, að hér þurfi ekki að setja sérstakt ákvæði, að skattur verði tekinn af framleiðendum, en ef mönnum finnst það vera eitthvað vafasamt, sem ég ekki tel, að þeim beri að greiða það, þá er hægt að bæta úr því með brtt. áður en frv. fer til n., því að þar sem þegar er komin fram brtt. við frv., þá verður það ekki til að tefja málið, þó að komi ný brtt. og verði samþ. til skýringar, ef það þykir nauðsynlegt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 870) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér finnst, að ekki sé hægt að standa á móti því, að þetta mál nái fram að ganga. Upplýst er, að það hefur gengið gegnum marga hreinsunarelda. Það hefur verið rætt í búnaðarsamböndum og félögum og síðast á búnaðarþingi. Hefur það hlotið, að ég ætla, nær einróma fylgi. Það er því samkvæmt ósk bændanna sjálfra, sem þetta gjald er lagt á þá. En ég kvaddi mér hljóðs til að benda n. á, að eins og frá frv. er gengið nú, er ég hræddur um, að mikil vandræði verði að innheimta þetta gjald. Tollstjórinn í Reykjavík hefur bent mér á, að a. m. k. gjald það, sem lagt er á sumar þessar vörutegundir, yrði mjög illinnheimtanlegt. Það verða sjálfsagt ekki mikil vandræði um innheimtu gjalds af þeim vörum, sem eru seldar gegnum hinar stóru sölumiðstöðvar, svo sem mjólkursamsölur og sláturhús, sem tollheimtumenn eiga vísan aðgang að. Aftur á móti eru aðrar vörur, sem framleiðendur selja beint til kaupmanna víðs vegar um land, svo sem grænmeti og gróðurhúsavörur og jafnvel skinn og gærur. Þetta dreifist svo mikið, að ómögulegt er að henda reiður á, hvert eigi að snúa sér með innheimtu. Það fer þá eftir nákvæmni eða gætni hlutaðeigandi kaupmanns, hvort þetta er gefið upp eða ekki. Þess vegna er vert fyrir n. að athuga, áður en frv. er afgr. endanlega, hvort ekki sé ástæða til að takmarka skattinn, sem lagður er á þessar vörur, eða að öðrum kosti hvort unnt væri að setja einhver ákvæði í l., sem gerðu innheimtuna mögulegri en hún virðist vera eins og frá frv. er gengið nú.

Gísli Jónsson: Það er viðurkennt af hv. frsm., að ekki sé tilætlunin, að verzlanir, sem taka á móti þessum vörum, greiði sjálfar þennan skatt. En þá er nauðsynlegt að bæta inn í gr., að þær eigi að fá það endurgreitt hjá framleiðendum og megi draga það frá við útborgun. Á þetta bæði við kjöt og ull og allar aðrar vörur, sem seldar eru í stórum stíl til þeirra verzlana úti á landi, sem hafa með höndum slík kaup. Sama er að segja um loðskinn. Það eru ýmsir menn, sem enn þá kaupa þau fyrir fast verð, og því er nauðsyn að setja inn í l., að þeir, sem þessar vörur kaupa, eigi að fá þetta gjald endurgreitt og megi draga það frá kaupverðinu. Ég vænti, að n. athugi þetta fyrir 3. umr. og komi með brtt. Að öðrum kosti mundi ég þurfa að bera fram brtt. til að taka þetta skýrt fram. **(Fjmrh.:** Mér finnst þetta leiða beint af 1. gr. frv.) Það finnst mér ekki, það er a. m. k. hægt að hártoga það, og það er sjálfsagt að hafa það hreint, að þeir eigi rétt á að draga gjaldið frá, og ég veit, að það vakir fyrir hv. flm., að svo verði gert.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hv. frsm. og hæstv. fjmrh. lögðu sérstaka áherzlu á, að þetta mundi vera vilji bændastéttarinnar, og færðu það til síns máls, að þetta hefði verið samþ. nær einróma á búnaðarþingi og fulltrúafundum búnaðarsambandanna. Ég tel þetta ekki örugga sönnun þess, að þetta sé almennur vilji bændastéttarinnar. Það mætti nefna dæmi þess, að samþ. hefði verið á þessum samkomum ýmislegt, sem vafi gæti leikið á, að hafi verið almennur vilji bændastéttarinnar. En frá mínu sjónarmiði er þetta ekki aðalatriðið. Þó að um sé að ræða almennan vilja stéttarinnar að leggja þetta fé af mörkum, þá tel ég, að hér sé farið inn á ranga braut. Ég tel það á sama hátt ranga braut og ef Alþýðusamband Íslands fengi að leggja ½% á öll vinnulaun og fengi þannig aðstöðu til að afla sér nokkurra milljóna í félagssjóð sinn. (**GJ:** Gera þeir það ekki án aðstoðar ríkisvaldsins?) Þeir gera það aðeins af frjálsum vilja, og búnaðarþing getur gert það sama, og mun enginn amast við því. Ég tel, að ef svo er, að almennur vilji bændastéttarinnar sé fyrir, að þetta gjald sé lagt á, þá sé því minni ástæða til að koma til ríkisvaldsins og skylda menn til að greiða þetta gjald, því að þá getur Búnaðarfélagið framkvæmt þetta af frjálsum vilja bændastéttarinnar sjálfrar. Það er t. d. mögulegt fyrir Búnaðarfélagið að leggja kvaðir á sína félagsmenn, og þarf ekki annað til þess en frjálsa félagssamþykkt. Það kann að vera, að benda megi á, að til þess að innheimta þetta gjald eins og hér er gert ráð fyrir þyrfti aðstoð löggjafans. Ég fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, þó að til kæmi aðstoð löggjafarvaldsins til að innheimta þessi gjöld, sem bændur ákvæðu af frjálsum vilja að greiða, en þá er um allt annað mál að ræða.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil aðeins segja það út af ræðu hæstv. fjmrh., að ég hef leitað fyrir mér nokkuð til tollstjóra, hvort hann hefði till. um að breyta innheimtufyrirkomulaginu, sem ákveðið er í frv. Hann var ekki reiðubúinn til þess, en ég mun athuga þetta betur til 3. umr., hvort hann hefur nokkrar brtt. til bóta. Annars stendur í 4. gr., að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd l. að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu gjaldsins, og er þá hægt að ákveða tilhögun innheimtunnar með reglugerð, eftir því sem haganlegast þykir.

Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að enginn vafi er á því, hverjir eigi endanlega að bera þessar greiðslur. Það eru auðvitað framleiðendur. Það kemur ekki til mála, að þeir, sem kaupa vörurnar, eigi að bera þær, og þá draga þeir það vitanlega frá kaupverðinu. Þeir eru ekki svo skyni skroppnir, að þeir sjái ekki fyrir því. Annars er sjálfsagt, að n. taki til athugunar það atriði, sem hv. þm. Barð. minntist á, hvort þörf sé á að taka það beinlínis fram í l., að það séu framleiðendur, sem endanlega skuli bera þetta gjald. Þetta er í sjálfu sér ekkert atriði, heldur aðeins lögskýring.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 870 (ný 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Alþt. 1944. B. (63. löggjafarþing).

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 871).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Eins og ég gat um hér við 2. umr. þessa máls, get ég ekki fellt mig við, að frv. þetta verði afgr. óbreytt frá þ., og þar sem landbn. sér ekki ástæðu til að taka ábendingu mína í þessu máli til athugunar og hefur ekki komið fram með brtt., leyfi ég mér að leggja fram skriflega brtt., þannig að við 1. málsgr. 3. gr. bætist: „enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda.“ — En í 1. mgr. 3. gr. segir svo:

„Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku.“

Verður þetta ekki skilið á annan veg heldur en þann, að þessir aðilar eigi að bera gjaldið; sölumiðstöðvarnar geta dregið það frá þeim aðilum, sem eiga vörurnar, en verzlanirnar geta ekki dregið það frá framleiðendum nema um það séu nánari ákvæði í l. Með tilliti til þessa leyfi ég mér að leggja fram þessa skriflegu brtt. og vænti þess, að hv. dm. samþ. hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 894) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Það var ekki rétt hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Barð., að landbn. hafi ekki athugað það atriði, sem hann kemur nú með brtt. um. Við töluðum um þetta í n., og okkur virtist, — ég segi fyrir mitt leyti —, að þetta væri alveg óþarfa breyting og að það væri því engin ástæða til þess að fara að koma fram með hana af n. hálfu, enda var þetta bæði til umr. í hv. Nd. og í þessari hv. d. og leitað umsagnar hv. landbrh. Var álit allra á einn veg, að það væri engin nauðsyn til þess að fara að breyta orðalaginu, en þar sem búið er að gera breyt. á frv., þannig að það verður að fara til hv. Nd. aftur, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að lengja umr. út af þessu atriði, því að ég býst við því, ef sessunaut mínum, hv. þm. Barð., verði andmælt, geti umr. dregizt á langinn, sem mér er meira á móti skapi heldur en þótt þessi gagnslausa en óskaðlega brtt. nái fram að ganga. Tek ég því þann kostinn að fara ekki að karpa við sessunaut minn, en mun sennilega greiða till. atkv.

ATKVGR.
Brtt. 894 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 895).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá þessa fundar. Ég geri ráð fyrir að koma með brtt. við frv., en hef hana ekki tilbúna nú.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Ég vildi hreyfa því, hvort nokkur ástæða sé til þess að taka málið af dagskrá, og hvort hæstv. forseti vildi ekki heldur bíða með málið, þar til síðar á fundinum, svo að hv. þm. V.-Húnv. gæti þangað til útbúið sína brtt., sem hann gæti svo borið fram nú á fundinum við þessa umr.

Forseti (JörB): Þetta er ein umr. um málið, svo að ég vildi mega vænta þess, að það þyrfti ekki að koma að sök, þótt málið fengi ekki afgreiðslu í hv. d. í dag. Og jafnvel þótt svo færi, að því yrði breytt og það þyrfti þess vegna að fara til hv. Ed., vænti ég, að það þyrfti ekki heldur að hindra afgreiðslu málsins á þessu þingi. Ég get að vísu frestað umr. um málið nú um stund. En fyrst hv. þm. hefur ekki brtt. sína tilbúna, þá get ég tæpast búizt við, að honum vinnist tími til að ganga frá henni nú á fundinum, því að ef að líkindum lætur, stendur þessi fundur ekki mjög lengi.

Ég vil nú aðeins mega spyrja hv. þm. V.-Húnv., hvort hann treysti sér til innan stuttrar stundar að hafa brtt. sína tilbúna. (**SkG:** Ég tel vafasamt, að ég geti það.) Þá fresta ég þessari umr. og tek málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 110., 112., 118., 119. og 120. fundi í Nd., 22. og 25. jan., 1. og 2. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 895, 918, 940).

Jón Pálmason: Herra forseti. — Meiri hl. landbn. hefur flutt hér smábrtt. við þetta frv. eftir beiðni hæstv. ríkisstj.

Önnur till. fer fram á það, að úthlutun úr þessum sjóði sé háð samþykki landbrh. á hverjum tíma.

Hin brtt. fer fram á það, að þrátt fyrir þennan skatt, sem um er að ræða, þá séu vörurnar ekki neitt hækkaðar í útsölu.

Tveir hv. nm. í landbn. vildu ekki gerast flm. að brtt. Það mun aldrei hafa verið til annars ætlazt en að þetta gjald væri borgað af framleiðendum, en ekki neytendum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessar brtt. nema tilefni gefist til. Ég vænti þess, að hv. d. geti á þær fallizt.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Mér voru sýndar þessar brtt., sem hv. þm. A.-Húnv. reifaði hér, áður en þær voru fluttar. Eins og hv. þm. sagði, neitaði ég ekki að vera með samþykkt þeirrar brtt., sem fjallar um það, að þessi kostnaður megi ekki leggjast á vörurnar í útsölu. En ég tel ákvæði frv. um þetta efni svo skýr, að sú brtt. sé alveg óþörf. Það hefur aldrei verið tilgangurinn að koma þessu máli þannig fyrir, að hægt yrði að velta þessu yfir á aðra heldur en bændur sjálfa. Ég sé ekki ástæðu til þess, að þegar bændum er einum ætlað að greiða þennan skatt, að fara að taka af þeim yfirráðin yfir honum og hvernig honum yrði varið. Ég held, að meðnm. minn í minni hl. landbn., hv. 2. þm. Skagf., hafi haft sama álit um þetta efni, og ég get því talað fyrir hönd okkar beggja um þetta atriði.

Ég er sömuleiðis á móti öðrum brtt., sem fram hafa komið. Ég sé ekki ástæðu til þess að hrekja þetta frv. til hv. Ed., og legg ég því til, að allar brtt. verði felldar og frv. verði samþ. óbreytt eins og það lá fyrir.

Skúli Guðmundsson: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 918. Fyrri brtt. snertir gjald það, sem leggja á landbúnaðarvörur samkvæmt þessari gr., en það er ½% af vöruverðinu. Ég tel, að þetta muni vera óþarflega hátt gjald. Það er mikið fé, sem mundi koma í þennan sjóð á ári með þessu gjaldi. Og þó að ég að vísu viti nú ekki, hvert verkefni þessa sjóðs muni aðallega vera, þá get ég búizt við, að ekki sé þörf á að leggja svona hátt gjald á vörurnar sem þarna er farið fram á. Ég hef þó ekki lagt til í mínum brtt. að lækka þennan hundraðshluta. En hins vegar er mín brtt. um það, að stjórn Búnaðarfélags Íslands geti ákveðið að lækka gjaldið og einnig að fella það alveg niður um ákveðið tímabil, ef hún telur óþarft að innheimta svona hátt gjald í sjóðinn.

Mér hefur verið bent á, að eðlilegra væri, að það væri búnaðarþingið, en ekki stj. Búnaðarfél., sem hefði með það að gera að ákveða þetta. En ég sé ekki ástæðu til þess að breyta því, vegna þess að stjórn Búnaðarfélagsins mun að sjálfsögðu fara að vilja búnaðarþings í þessu efni. Ég tel það æskilegt, að hægt sé að breyta þessu gjaldi til lækkunar eða fella það niður í bili án þess að til þess þurfi lagabreytingu, og við það er brtt. mín miðuð.

Hin brtt. er um lítilfjörlegt atriði í 2. gr., þar sem um er að ræða gjaldið, sem rjómabú og smjörsamlög eiga að greiða samkvæmt þessu frv., en ég legg til, að falli burt. Það er ástæða til þess að fella það burt vegna þeirrar samkeppni, sem nú er milli þessara aðila annars vegar og heimilanna hins vegar, þar sem smjör er selt með sama verði frá samlögum, rjómabúm og heimilum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessar brtt. mínar.

Ég verð að láta undrun mína í ljós yfir brtt. landbn. á þskj. 940. Um síðari brtt. er að vísu ekkert sérstakt að segja. Það mun hafa verið gengið út frá því, að í framkvæmdinni yrði það þannig, eins og þar er tekið fram. En hitt er mér alveg óskiljanlegt, að menn vilji gera hvort tveggja í senn, að slá föstu, að bændur greiði þetta gjald sjálfir og megi ekki velta því yfir á aðra, og um leið taka af þeim ráðstöfunarréttinn yfir þessu fé. Mér finnst furðulegt, að meiri hl. landbn. skuli komast að þessari niðurstöðu. Ég veit ekki, hvað sagt væri af sumum mönnum, ef samþykkt væri, að stéttarfélög gætu ekki ráðstafað fé, sem þau eiga í sjóðum, án þess að spyrja stjórnarvöldin um það. Þetta er hliðstætt því, ef slík ákvæði væru sett í lög.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er orðið einstakt í sinni röð, því að með því er einu félagi í landinu gefin heimild til skattlagn-

ingar (**PZ**: Á sjálft sig.), — ekki á félagið, en á vissar tekjur manna í landinu. (**BÁ**: Á meðlimi sína.) Ég hygg, að það yrði ákaflega undarlegt upplit á mönnum, sem eru með þessu, ef till. kæmi hér fram á Alþ. um það, að t. d. Alþýðusamband Íslands mætti taka í sjóð hjá sér vissa prósentu af vinnulaunum þeim, sem útborguð væru í landinu. Ég fæ þess vegna í raun og veru ekki skilið, hvernig Alþ. getur afgr. frv. eins og þetta, þar sem stöðugt er nú verið að kvarta undan því — og raunar með réttu —, hvað ríkið leggi á mikla skatta. Mér þykir undarlegt, að Alþ. skuli einnig vera farið að ganga inn á þær brautir að láta einstök félög í landinu taka skatta af mönnum.

Ég vildi láta þessa skoðun mína í ljós á þessu frv. Ég tel það eiginlega vera brot á allri reglu, sem gilt hefur hér á hv. Alþ. áður. Og þess vegna ætla ég mér að greiða atkv. á móti frv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Mér þykir dálítið einkennileg sú breyting, sem hefur orðið á hugarfari ýmissa hv. þm., síðan þetta frv. var lagt fyrir síðast. Þá gekk það hér í gegnum þrjár umr., eins og þingsköp ákveða, án þess að hreyft væri slíkum andmælum gegn frv. sem nú hafa komið fram við þessa einu umr. um málið. Ég veit satt að segja ekki, hvar á að leita að orsökinni fyrir þessari skoðanabreytingu, sem fram hefur komið í þessu efni. Og á ég þar við allar þær brtt., sem fram hafa komið, og ummæli hæstv. dóms- og félagsmrh., sem hafði náttúrlega alveg sömu aðstöðu til þess að koma þessari skoðun sinni á framfæri þá eins og nú.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, sem raunar hefur komið fram áður við þessar umr., að það er síður en svo, að hér sé verið að læðast aftan að mönnum, sem hér er gert ráð fyrir, að eigi að leggja þennan skatt á. Það er búið að senda drög að þessu frv. út til allra búnaðarsamtaka á landinu, og að þessum samtökum stendur meginþorri allra bænda í þessu landi, því að undirstaða búnaðarsamtakanna eru hreppabúnaðarfélögin, sem eru starfandi úti um allar byggðir þessa lands. Þessi félög kjósa fulltrúa til þess að mæta á búnaðarsambandsfundum, auk þess, sem búnaðarsambandsfundir eru sóttir af áhugasömum bændum, sem ekki mæta beint sem fulltrúar. Það hafa komið samþykktir frá öllum búnaðarsamtökum um, að þessi skattur verði lagður á eins og frv. fer fram á. Og búnaðarþinginu, sem er forsvarsaðili bændastéttarinnar, gefst kostur á betri aðstöðu til þess að vinna að hagsbótum bænda með því að fá þessar tekjur. Ég fyrir mitt leyti skil ekki þessa afstöðu Alþ., að vilja ekki verða við eindreginni ósk bænda, sem er aðeins vegna þess, að heppilegra þykir að fá þetta sett í lagaform og skapa því þannig grundvöll, að öll innheimta yrði auðveldari og hægari að innheimta þetta gjald.

Það er mjög hliðstætt þessu, sem gert hefur verið gagnvart sjávarútveginum, því að skattur hefur verið lagður á sjávarútvegsmenn í því formi, að hann rennur í fiskveiðasjóð. Og með þeim hætti eiga útvegsmenn kost á hagstæðari lánum heldur en þeir annars ættu. Svo að það er áreiðanlega fordæmi fyrir því að fara inn á þessa braut, þó að þarna sé dálítill aðferðamunur um ráðstöfun fjárins.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 918, frá hv. þm. V.-Húnv., virðist hún vera gersamlega ástæðulaus. Því að það var í þessu formi, sem búnaðarsamböndin mæltu með framgangi frv., og ég ætla, að samþykkt væri gerð um það líka í hans héraði. Eins og hefur verið lýst, er það líklega það óskiljanlegasta, sem fram hefur komið í þessu máli, að leggja til að taka ráðstöfunarréttinn á þessu fé af búnaðarþinginu, eða vilja láta ráðstöfunarréttinn vera háðan samþykki eins ákveðins ráðh. Ég satt að segja skil ekki þann hugsanaferil, sem liggur bak við brtt., sem fer fram á slíkt. Þetta er fé, sem eingöngu er lagt á bændastétt landsins. Þessi bændastétt hefur fengið lögfest form fyrir meðferð sinna mála, sem m. a. felst í því, að bændur halda búnaðarþing. Og þar sem um er að ræða þeirra eigið fé, þá er það harla undarlegt, að stofnun þessara bændasamtaka skuli ekki mega upp á eindæmi ráðstafa þessu fé í þágu bænda. Ég var undrandi, þegar ég sá slíka brtt. fram komna sem þessa frá hv. meiri hl. landbn. Það er vitað, að það fé, sem lagt er til Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands samkvæmt fjárl. árlega, er háð, hvað úthlutun snertir, samþykki viðkomandi ráðh. Og það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þótt svo sé. Þessar stofnanir verja þessu fé í margs konar starfsemi fyrir ríkisvaldið og þjóðfélagið. Hitt gegnir öðru máli með það fé, sem rennur til þessarar stofnunar beint frá bændunum sjálfum og er ekki á neinn hátt tekið af öðrum en þeim. Og þar sem þetta er gert með einróma samþykki þeirra sjálfra, þá virðist það vera ósanngjarnt, ef Alþ. fer að seilast inn á umráðasvið búnaðarþings yfir þessum fjármunum og fela það í hendur eins ráðh. Þar sem Búnaðarfélag Íslands er alveg óháð stofnun ríkisvaldinu, virðist það einkennilegt, að bændur skuli ekki mega efla þessa stofnun með fjárframlögum til nytsamrar starfsemi án þess að setja það undir yfirráðasvæði ríkisvaldsins. Mér virðist ekki nokkur heil brú í þeirri hugsun, sem liggur bak við þessa ásælni, sem fram kemur í slíkri brtt. sem þessari. Og mér er það blátt áfram hryggðarefni, að einn af bændafulltrúunum á Alþ. skuli hafa gerzt forgangsmaður og 1. flm. þessarar brtt.

Ég þarf svo ekki meiru við þetta að bæta. Ég vil mjög taka undir það, sem kom fram hér frá hv. minni hl. landbn., hv. þm. Mýr., að þetta frv. nái nú fram að ganga eins og það liggur fyrir og að það verði ekki stofnað til breyt. á því. Og ég vil mjög eindregið mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt hér við þessa einu umr. og gert að l. í því formi, sem það nú er.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég átti kost á því í landbn. þessarar hv. d. að fylgjast með afgreiðslu þessa máls og lagði þá til, að frv. yrði samþ. eins og það lá þá fyrir. Ég er sama sinnis enn, að það út af fyrir sig er ekki óeðlilegt, að það verði að greiða einhverja upphæð af framleiðsluvörum landbúnaðarins, fyrir sitt leyti á svipaðan hátt eins og greitt er af framleiðsluvörum sjávarútvegsins, til þess að standa undir ýmiss konar starfsemi, sem þessar stéttir hafa báðar með höndum. Og um það þarf ég ekki frekar að ræða, því að nánar var gerð grein fyrir því, þegar málið var rætt í landbn.

En ég stóð upp í tilefni af brtt., sem fram eru komnar, og þeim umr., sem um þær hafa

fram farið. Út af brtt. á þskj. 918, frá hv. þm. V.-Húnv., vil ég segja það, að mér virðist hún heldur miða að því að draga úr þeim möguleikum, sem opnaðir eru með þessari lagasetningu, og jafnvel gera þá að engu, ef heimildinni er beitt, sem í brtt. felst, því að þar er lagt til, að búnaðarþingi sé heimilt að fella niður þetta gjald alveg, ef því sýnist ástæða til um ákveðinn tíma. Og er þá vitanlega að engu gerð þessi lagasetning. Ég get ekki greitt þeirri brtt. atkv.

En út af brtt. meiri hl. landbn. vil ég segja það, að síðari brtt. er ekkert annað en nánari skýring á því, sem fyrir landbn. vakti, að þetta gjald yrði ekki til þess að hækka verð vörunnar. Svo að því leyti er brtt. ekki efnislega ný, heldur nánari skýring á þessu ákvæði.

Um þá brtt., sem aðallega hefur verið rætt um hér, sem fer fram á, að samþykki landbrh. þurfi til þess að veita af þessu fé, vil ég segja, að ég mun einnig fylgja þeirri brtt., og það af þeim ástæðum, sem hv. þm. Borgf. undirstrikaði hvað gleggst nú. Því að mér þótti hv. þm. Borgf. oft hafa verið rökvissari heldur en í sinni ræðu áðan. Hann dró upp samanburð nokkurn á milli þessara útgjalda, af sjávarafurðum til fiskveiðasjóðs og því gjaldi, sem hér er um að ræða til búnaðarmálasjóðs. En hér er ekki um sambærilega hluti að ræða. Þær prósentur, sem teknar eru af sjávarafurðum, renna í fiskveiðasjóð. En fjárveiting úr fiskveiðasjóði er háð samþykki ráðh. Það er ekki hægt fyrir fiskimálan. eða Fiskifélagið að veita fé úr þessum sjóði án samþykkis ráðh. Og með þessari brtt. er einmitt lagt til, að farið verði inn á þá sömu braut og með gjaldið af sjávarafurðum. Hv. þm. Borgf. sagði, að hér væri tekinn ráðstöfunarrétturinn af Búnaðarfélagi Íslands. En þessi réttur er þá líka tekinn af útvegsbændum og þeim ekki leyft að úthluta fé án samþykkis ráðh. Og mér virðist það ekki óeðlilegt, því að með þessu er tekinn skattur af heilli stétt, og það er ekki óeðlilegt, að einhver aðili frá hinu opinbera hafi íhlutun um það, hvernig þessum skatti verði varið. Ég gæti hugsað mér að taka þetta til athugunar, að það verði í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir um landbúnaðarafurðir, ef t. d. sjávarútveginum væri frjálst að fara einn með sitt fé og falið Fiskifélagi Íslands eða öðrum aðila, sem hliðstæður væri Búnaðarfélagi Íslands, að ráðstafa þessu fé, en slíkt gæti ég ekki hugsað mér, að veita úr þessum sjóði án samþykkis ráðh. Og þess vegna þykir mér rétt að fjárveiting úr búnaðarmálasjóði sé háð samþykki landbrh., eins og fjárveiting úr fiskimálasjóði er háð samþykki þess ráðh., sem fer með sjávarútvegsmál.

Jón Pálmason: Ég er hissa á, hvað sumir menn virðast hafa tekið óstinnt upp þessa brtt., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. landbn.

Hv. þm. Borgf. talaði um þá skyndilegu hugarfarsbreytingu, sem orðið hefði hjá okkur, sem flytjum þessa till., frá því, sem hefði verið, þegar frv. gekk í gegnum d. Ég tók fram, þegar ég mælti fyrir brtt., að hún væri flutt eftir tilmælum hæstv. stj. Ég fyrir mitt leyti hef ekki lagt áherzlu á að breyta þessu frv. frá því, sem það var, en hins vegar get ég ekki annað en álitið, að það sé að ýmsu leyti eðlilegt að gera það til samkomulags að samþ. þessa brtt., því að það er vitað mál, að það eru ekki allir menn hér á þingi, sem kæra sig um að leggja á þetta skattgjald.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um út af þessari brtt., að sér fyndist ósamræmi í því að vilja láta bændur, sem eiga að greiða þetta gjald, ekki fá að vera einráða um úthlutun fjárins, vil ég aðeins segja, að það er algengt um skatta, sem lagðir eru á menn, að þeir ráði ekki sjálfir úthlutun þess fjár. Þetta er ekki annað en veltuskattur á bændur með þeirra samþykki. Vörur bænda eru undanþegnar þeim veltuskatti, sem nú er í ráði að leggja á, en þetta er veltuskattur, sem er ætlazt til, að gangi til þarfa bændanna sjálfra. Ég geri ráð fyrir, að sú brtt., sem hér hefur verið flutt að tilhlutun hæstv. stj., eigi kannske rætur sínar að rekja til þeirra deilna, sem orðið hafa um veltuskattinn, og tel ég hana með öllu hættulausa. Ég fyrir mitt leyti treysti hæstv. landbrh. alveg eins vel til að samþ. úthlutun þessa fjár og tel fyrir bændanna hönd ekki neina hættu af því stafa, enda er það augljóst mál, að ef ágreiningur verður milli búnaðarþings og búnaðarfélagsstjórnarinnar annars vegar og Alþingis hins vegar, þá mundi af því leiða, að l. yrðu afnumin.

Ég veit ekkert um það, að þetta skattgjald hafi verið samþ. af öllum búnaðarsamböndum í landinu, en sú reynsla, sem ég hef fengið af fylgi bænda við málið, er þannig, að á leiðarþingi, sem ég hélt á Blönduósi milli hátíða, kom fram harðvítug gagnrýni frá þeim bónda í héraðinu, sem talaði þar helzt f. h. Framsfl. Taldi hann fjarri lagi, að þingið færi að leggja þennan skatt á bændur nú, jafnvel þótt það ætti að ganga til þeirra mála. Þar var enginn til að mæla skattinum bót nema ég einn, og þó voru mjög margir bændur viðstaddir. Það er því víst, að ekki er óskipt ánægja meðal bænda á þessu skattgjaldi, en ég tel fyrir mitt leyti, að það sé um að ræða svo mikla þörf fyrir félagsmálefni bænda, að ég er því fylgjandi, að þetta gjald verði lagt á vörur þeirra.

Varðandi það, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um í sambandi við sína till., þá kom þar fram sú skoðun, að þetta væri of hátt gjald. Hann fór fram á að lækka það og gefa Búnaðarfélagi Íslands heimild til að fella það niður. Á þetta get ég ekki fallizt. Ég vil hafa gjaldið óbreytt og tel enga hættu í því að samþ., að landbrh. hafi á hverjum tíma íhlutun um, hvernig því er úthlutað, sem færi þannig fram, að gerð yrði áætlun um, hvernig því yrði varið, og ráðh. yrði að samþ. þá áætlun.

Samkvæmt því, sem áætlað hefur verið, og samkvæmt því, sem nú liggur helzt fyrir um verð á þessum vörum, má ætla, að þessi skattur muni á þessu ári nema allt að hálfri milljón króna. Hér er því um talsverða upphæð að ræða. Ég álít, að það sé í þessu efni bezt fyrir alla aðila, að sem bezt og friðsamlegast samstarf geti orðið um málið. Mér þykir undarlegt, ef svo mikið vantraust er á hæstv. núverandi landbrh., að hv. þm. telji einhvern voða af því stafa, að þetta eigi að vera háð hans samþykki. Ef kæmi annar landbrh., sem hefði minna traust, þá er, eins og ég sagði áðan, augljóst mál, að það er fyrir hendi sá möguleiki að afnema l., ef ósamkomulag yrði milli búnaðarþings og landbúnaðarráðherra um úthlutun fjárins.

Pétur Ottesen: Ég finn ástæðu til út af ræðu hæstvirts samgöngumálaráðherra að segja nokkur orð.

Honum fannst, að mér hefði fipazt í röksemdafærslunni, að því leyti sem ég minntist á fiskveiðasjóðsgjaldið í þessu sambandi. Ég vil benda honum á, að það er gert með fullu samkomulagi við sjávarútvegsmenn að haga meðferð þessa gjalds á þann veg og með þeim ráðstöfunum, sem þar hafa verið gerðar, og einnig er þess að gæta, að það er fellt í nokkuð fast form í þeirri löggjöf, sem gildir um þær lánveitingar. Ég hef ekki orðið var við, hvorki meðan á því stóð að setja þetta form um ráðstöfun fjárins né síðar, að sjávarútvegsmenn hefðu neitt við þetta að athuga, og þess vegna hafði ég ekki heldur neitt við það að athuga út frá þessu sjónarmiði séð. En hér er þetta mál flutt f. h. bænda, og þeir ætlast til þess, að þeir fái að ráðstafa þessu fé. Ef það hefði fylgt því, að það hefði að einhverju leyti átt að renna inn í Búnaðarbanka Íslands og verið látið þar í einhverja lánadeild, sem bændur hefðu leitað til til að fá lán úr til sinna framkvæmda, — hefðu bændur hugsað sér framkvæmd þessara l. á þann veg, — þá efast ég ekki um, að þingið hefði orðið við því að verja fénu með þeim hætti. En það er tilgangur bænda með þessu frv., að féð verði falið búnaðarþingi til ráðstöfunar. Það er ósk þeirra og tilgangur, án þess að nokkur löggjöf verði sett um, hvernig með það skuli fara, eins og átti sér stað um fiskveiðasjóðsgjaldið. Það er þeirra tilgangur með þessari lagasetningu, að þeir fái þetta fé í sinn sjóð og fái að ráðstafa því sjálfir. Þess vegna finnst mér ósamræmi í þessu og l. um fiskveiðasjóðsgjald, því að þegar þau l. voru sett, var fénu beinlínis ráðstafað samkvæmt óskum, sem höfðu komið fram um það frá sjávarútvegsmönnum. Ef svo í þessu tilfelli á að neita hliðstæðum óskum, sem fram koma frá bændum um, hvernig með þetta fé skuli fara, þá tel ég það ósamræmi við það, sem áður hefur verið gert. Ég held þess vegna, að ef mér hefur eitthvað fipazt í röksemdafærslunni, þá hafi hæstv. samgmrh. orðið það á að stranda á sama skerinu hvað þetta snertir.

Í ræðu, sem hv. þm. A.-Húnv. hélt um þetta mál, fór hann að útfæra það á ýmsan veg og mála upp á vegginn t. d. það, að þótt bændur fengju eiginn umráðarétt yfir þessu fé, gæti vel svo farið, að ríkisstj. yrði svo skipuð síðar meir og Alþingi þannig skipað, að allt vald yrði tekið af búnaðarþingi um þetta mál. Mér finnst, að þetta séu ekki nein rök í þessu máli. Annaðhvort viðurkennir hv. þm. rétt búnaðarþings til ráðstöfunar á þessu fé eða hann gerir það ekki. Annaðhvort viðurkennir hann, að þessu máli sé bezt og hentugast skipað þannig, að búnaðarþing fái ráðstöfun fjárins upp á eigin hönd eins og bændur vilja, eða hann telur réttast, að aðrir aðilar hafi það með höndum, eins og kemur fram í brtt. hans, því að þar leggur hann til, að sú skipun sé á höfð, að meðferð þessa fjár sé háð samþykki stjórnarvaldanna.

Hv. þm. færir fram sem málsbætur fyrir þeirri hugarfarsbreytingu, sem orðið hefur hjá honum, síðan málið fór til Ed., að viðkomandi ráðh. hafi óskað eftir þessu. Þá virðist hann líta svo á sína aðstöðu, að honum sé skylt að gera það, sem ráðh. segir, jafnvel þótt það sé í mótsetningu við hans fyrri skoðun í þessu máli.

Um það, að ekkert þurfi að óttast í sambúðinni milli búnaðarþings og þess manns, sem nú skipar sæti landbrh., þá er ég fyrir mitt leyti ekki hræddur við þá sambúð, en ef hann miðar þá löggjöf, sem nú er verið að setja, við þann hæstv. ráðh., sem situr í stólnum á þeim tíma, sem löggjöfin er sett, þá lítur hann allt of skammt í sambandi við afgreiðslu þessara l., því að þau eru eins og önnur l., sem sett eru, miðuð við allar þær ríkisstj., sem sitja að völdum, meðan l. eru í gildi. Þetta er nú það stjórnarfar, sem við búum við.

Hv. þm. sagði, að fram hefði komið ein óánægjurödd gegn þessu máli á fundi, sem hann hélt. Það afsannar ekkert það, sem ég sagði, að málið var sent til allra búnaðarsambanda, og þau lýstu sig ekki einu sinni öll samþykk þessu máli, heldur sendu þakklæti til stj. og mþn., sem fjallaði um þetta mál, fyrir að hafa farið inn á þessa braut og vilja með þeim hætti greiða götu þess að efla fjárhagslegt sjálfstæði Búnaðarfélags Íslands. Þannig er rétta lýsingin á því. Þessi bréf liggja fyrir í Búnaðarfélagi Íslands, þó að ekki hafi verið farið með þau til landbn., sem ekki var ástæða til á því stigi málsins, því að n. lagði óskipt til, að málið yrði samþ., og þurfti ekki frekari gagna við. (**BÁ:** Það hefur verið skýrt frá þessu oftar en einu sinni.) Já, það hefur verið skýrt frá því oftar en einu sinni, segir hv. frsm. minni hl.

Ég held, að það sé ákaflega skakkt til getið um hugarfar bænda og sjálfstæðislöngun í eigin starfi og félagsstarfi, ef hv. þm. lítur svo á, að það sé meðal til að lækna þessa óánægjurödd að taka umráðaréttinn af búnaðarþingi og flytja hann til annarra stjórnarvalda. Þá misskil ég alveg hugsunarhátt bænda, ef það er læknismeðal við þeirri óánægju, sem uppi kynni að vera um þetta mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það eru örfá orð út af síðustu ræðu hv. þm. Borgf.

Hann sagði, að það væri sitt hvort með þessa lagasetningu og það gjald, sem nú er tekið af sjávarafurðum í fiskveiðasjóð og fiskimálasjóð, því að núverandi skipulag á gjaldinu af sjávarafurðunum væri gert í fullu samkomulagi við sjávarútvegsmenn og þar að auki í föstu formi, og þyrfti þess vegna ekki og mætti ekki bera þetta tvennt saman. Ég skal ekki fara langt út í þetta og get ekki fullyrt nægilega um þetta hér, þar sem ég hef engin gögn. Ég hygg þó, og held ég fari ekki með rangt mál, að margir sjávarútvegsmenn séu andstæðir þeirri löggjöf, sem nú gildir í þessu efni. Ég minnist þess á fiskiþingi og víðar, að komið hafa till. um, að fiskimálasjóður yrði lagður undir Fiskifélag Íslands, og það veit ég, að hv. þm. kannast við, svo að það er síður en svo, að þessi skipun sé gerð í fullu samkomulagi við sjávarútvegsmenn. En þetta hefur þótt nauðsynlegt, vegna þess að hér er um skattgjald að ræða, og eins og hæstv. dómsmrh. sagði, þá er ekki hægt að leggja lögþvingaðan skatt á landsfólkið eða nokkurn hluta þess, þó að það sé vilji þess, — og þó að það sé sagt, að öll búnaðarsambönd séu samþykk þessari skattaálagningu, þá er alls ekki þar með sagt, að meginið af bændum sé henni

fylgjandi, — nema ríkisstj. eða sá ráðh., sem með þessi mál fer, hafi íhlutun um, hvernig því fé er varið.

Ég skal svo ekki fara út í þetta frekar, en aðeins undirstrika, að mér finnst hæpin fullyrðing hjá hv. þm., að sú tilhögun, sem nú er á gjaldinu af sjávarafurðum, sé í fullu samkomulagi við sjávarútvegsmenn. Mér hefur skilizt, að þeir vilji vera nokkru frjálsari með það og fá þetta fé til ráðstöfunar án íhlutunar ráðh. Er það alveg hliðstætt því, sem þetta frv. fer fram á, og gæti ég eftir atvikum hugsað mér, að það væri tekið til athugunar, en ef það er bundið á einu sviði, verður það að vera hliðstætt á öðrum.

Pétur Ottesen: Það, sem ég átti við með því, að sjávarútvegsmenn hefðu sætt sig við þetta gjald, var meðferðin á fénu, til hvers hefði átt að verja því. Hitt er annað, hvaða stofnun hefur verið falin meðferð þessa skatts, og að því leyti, sem það er mál fiskimálan., þá er það rétt hjá hæstv. samgmrh., að það eru mjög uppi raddir um að breyta til um tilhögun á þessu. Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að það væri mikil bót frá því, sem nú er, að Fiskifélagi Íslands væri falin meðferð fiskimálasjóðs, en þá væri líka verið að færa nær því, sem í þessu frv. felst eins og það er nú, en þá er það að vísu eftir, að þetta er háð íhlutun ríkisstj., þó þannig, að áður er búið að setja fram formið um það, til hvers eigi að verja þessu fé, en slíkt form er ekki um að ræða í þessu sambandi og ekki heldur til þess ætlazt af bændum.

ATKVGR.

Brtt. 940,1 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SEH, STh, SÁÓ, ÞG, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, JakM, JJós, JPálm, LJós, SigfS, SB.

nei: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, HarJ, PZ, PÞ, PO, JörB.

6 þm. (SK, ÁkJ, ÁÁ, GG, GTh, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 918,1 felld með 17:2 atkv.
— 918,2 felld með 18:1 atkv.
— 940,2 samþ. með 16:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:7 atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 1041).

Á 120. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið endursent frá Nd., og hafa þar verið gerðar á því tvær breytingar, og er önnur þeirra nokkur efnisbreyting. Ég tel óþarft að ræða þetta mikið, því að öll þessi deild var sammála um það, og var það afgr. héðan með 10 shlj. atkv. Má það því teljast sennilegt, að deildarmenn hafi ekki skipt um skoðun síðan.

Gjald það, sem hér um ræðir, er greitt af framleiðendum landbúnaðarins sjálfum, og hafa þeir á búnaðarsambandsfundum talið sig fúsa til þess að leggja þetta af mörkum til sjóðs til eflingar bændastéttinni, og skal búnaðarþingi falið síðan að veita úr sjóðnum. Nú kom fram till. í Nd. um, að varasamt sé að láta búnaðarþing annast greiðslur úr sjóðnum, heldur á að fela hæstv. landbúnaðarráðh. það. — Því fer fjarri, að ég vantreysti hæstv. landbrh., en við vitum ekki, hvað lengi hann situr, og því allur varinn góður, og hygg ég, að bændur óski ekki eftir neinum fjárhaldsmanni á þessu sviði. Það er mælt af sumum, að bændur séu tregir til þess að láta fé af hendi, en þessi sjóður ætti að verða ríkissjóði til mikils léttis. Og það er illt, þegar bændur ætla að láta þetta fé af hendi, þá séu þeir ekki taldir fullkomlega fjár síns ráðandi.

Við höfum því, hv. 1. þm. N.-M. og ég, leyft okkur að bera fram skriflega brtt. við 1. gr. frv., og er hún svo hljóðandi:

Við 1. gr. Orðin „enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til“ falli burt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1074) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég er dálítið undrandi yfir því, að stuðningsmenn þessa frv. skuli vilja stofna því í hættu með því að láta það fara fyrir Sþ. Ég hygg, að ótti þeirra sé ástæðulaus. Það er lítil hætta á því, að landbrh. færi að stöðva fjárveitingar og setja sig á móti búnaðarþingi í þeim efnum, og því ekki líkur til, að hann mundi oft neyta þessa valds.

Ég er því á móti því að stofna málinu í hættu af eintómum hégóma.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það má lengi deila um það, hvað mikið form og hvað mikið efni felst í þeirri breytingu, sem gerð var á þessu frv. í Nd.

En þar sem málið var borið fram fyrir beiðni búnaðarsamtakanna og áherzla lögð á það, að búnaðarþing hefði féð til umráða, þá verður maður að ætla, að knýjandi ástæður hafi legið fyrir því, að farið var að breyta frv. í Nd. og gera bændur ómynduga yfir því fé, sem þeir leggja sjálfir til. Og þótt hæstv. fjmrh. vilji halda því fram, að ráðh. muni ekki neyta þessa valds, þá er með þessu raunverulega búið að taka fjárveitingarvaldið af búnaðarþingi.

Ráðh. getur komið í veg fyrir, að því fé sé ráðstafað og að búnaðarþingið ráðstafi því á þann hátt, sem það óskar, og stöðvað alla ráðstöfun á þessum fjármunum.

Nú er það með þessa stétt, eins og aðrar stéttir, að hún hefur ekki frekar en þær nokkra tryggingu fyrir því, að valdi, sem er í höndum ráðh., verði ekki misbeitt. Það er meira en aðeins að forminu til, sem verið er að taka yfirráðin yfir þessu fé af bændastéttinni. Þetta sýnir bezt hug þeirra manna, sem berjast fyrir þessu, hvernig þeir hugsa til íslenzku bændastéttarinnar og hvað mikla vantrú þeir hafa á henni.

Það er ekki aðeins stj. Búnaðarfélagsins, sem á að ráðstafa þessu fé, — það er þing bændanna sjálfra, búnaðarþingið, sem verður að ganga frá samþykkt um ráðstöfun fjárins.

Ég álít, að verði þetta ákvæði samþ., sé það beinlínis móðgun við bændastétt landsins, því að það er vitað mál, að hún hefur aldrei sýnt sig í því að fara verr með fé en aðrar stéttir landsins, og þetta er þar að auki fé, sem bændurnir greiða sjálfir og enginn annar aðili, og þeir hafa samþ. að greiða það. Þetta er skattur, sem þeir leggja á sig sjálfir til þess að byggja upp sín samtök stétt sinni til framdráttar. (**Menntmrh.**: Geta ekki fleiri stéttir gert það sama?) Verkalýðsfélögin geta gert það í þéttbýlinu, af því að það er auðveldari aðstaða fyrir þau.

En þetta er hliðstætt því, ef l. væru sett um það, að verkalýðsfélögin mættu engu af sínu fé ráðstafa nema með samþykki ríkisstj. Þetta er hvort tveggja lagt á stéttir, og sá munur er einn á því, að vegna þess að bændur eru svo dreifðir í þessu landi, eins og við vitum, er erfiðara með þeirra samtök. Þeir selja sínar vörur á þann hátt, sem við vitum, að þeir geta. Þess vegna er nær því ókleift fyrir þá og þeirra samtök að leggja á sig þennan skatt. Það er vegna þessa, að bændur verða að flýja á náðir löggjafans til þess að koma sínu fram, sem verkalýðsstéttirnar hafa komið fram með samtökum vegna sinnar aðstöðu.

Ég mun ekki lengja umr. um þetta mál, þó að mikið mætti um það ræða. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þeirri brtt., sem hér er komin fram. Það er rétt, að það sýni sig, hvort hv. þm. ætla sér að fella þetta frv. og hvort þeir ætla að taka ráðstöfunarvaldið af bændum og gera þá ómynduga yfir sínu eigin fé. En hvað sem samþ. verður nú á þessu Alþ. og reynt að gera bændur ómynduga, þá mun það sannast, að strax á næsta búnaðarþingi mun verða hafin barátta fyrir frelsi bænda yfir sínu eigin fé. Það er kannske hægt að segja, að bændur hafi að ýmsu leyti erfiða aðstöðu nú í þessu þjóðfélagi, en það mun sýna sig, eins og svo oft áður, að sú jafnvægisröskun, sem kann að vera í bili, varir ekki lengi. Og seinna mun koma að því, að bændastétt landsins mun fá þá aðstöðu hér á Alþ., að hún verður fær um að brjóta af sér þennan klafa. En verði þetta frv. samþ., geta þó bændur byrjað að safna fé í þennan sjóð, sem þeim er nauðsynlegur til þess að byggja upp sín samtök.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Ég minntist á þetta örlítið, þegar rætt var um þetta frv. hér í hv. d., og taldi, að þetta frv. væri í raun og veru alveg einstakt í sinni röð, þar sem ákveðnum stéttarsamtökum er gefin heimild til þess að leggja skatt á eina stétt og ráðstafa síðan þessum skatti eins og forráðamönnum þessara stéttarsamtaka býður við að horfa.

Þetta er alveg einstakt og alveg sambærilegt við það, ef Alþýðusambandi Íslands væri heimilað með l. að leggja ½% skatt á öll vinnulaun í landinu og fá í sinn sjóð allmikið fé, sem gæti kannske skipt millj. kr. (**HermJ**: Leggja þeir ekki meira á?) Mér er ekki kunnugt um það, — eða heldur hv. þm. það? Mér er kunnugt um, að fámenn iðnfélög leggja nokkurt gjald á meðlimi sína. En hvað snertir Alþýðusambandið, þá er ekki um slíkt gjald að ræða, sem er hliðstætt því, sem er í frv. Ef slíkt frv. væri flutt hér á þingi, mundu óðar koma háværar raddir um það, að slíkt hefði aldrei heyrzt fyrr, og enn fremur færi frv. fram á það, að Alþýðusambandinu væri heimilað að ráðstafa þessu fé. Þetta er algerlega hliðstætt og viðurkennt af hv. þm. En hvað ætli væri sagt, ef svipuð till. kæmi frá verkalýðsfélögunum, en það gert að skilyrði um úthlutun þessa skatts, að viðkomandi ráðh. yrði að vera henni samþykkur, m. ö. o., rétt til þess að stöðva, að þetta fé yrði beinlínis misnotað, og hvernig ætli því yrði tekið, ef staðið væri upp og sagt, eins og hv. þm. sagði áðan, að hér með væri verið að gera þessa stétt, sem nú væri verkamannastéttin, ómynduga?

Úr því hv. þm. Str. fór að gera samanburð á þessum tveimur stéttum, þá er bezt að halda því áfram og gera samanburð á því, sem er algerlega hliðstætt. Hv. þm. vildi, eins og hér er farið fram á, að Búnaðarfélagið fái með l. heimild til að leggja þennan skatt á bændur; hv. þm. sagði, að bændur væru í mótsetningu við verkamenn, þeir væru svo dreifðir út um strjálbýlið og ættu svo erfitt um samtök, að þeir gætu ekki lagt sín gjöld á eins og verkamenn. Nú er því fyrst og fremst að svara, að þetta gjald, sem hér er um að ræða, er svo miklu hærra gjald heldur en verkamenn leggja á sína meðlimi yfirleitt, svo að þar kemur enginn samanburður til greina. Í öðru lagi, að því er jafnvel haldið fram, að yfirleitt væru bændur skipulagsbundnir í búnaðarfélögum, og þar sem þetta kemur frá Búnaðarfélagi Íslands, kemur þetta frá bændum sjálfum. Og ef það er rétt, að bændur séu yfirleitt svo félagsbundnir í búnaðarfélögum eins og hv. þm. hélt fram, þá virðist mega ætla, að auðvelt sé að innheimta þetta gjald án aðstoðar löggjafans, við skulum segja af mjólkurbúum, kaupfélögum og sláturfélögum. Ef þetta er í rauninni svo, að bændur séu yfirleitt sameinaðir um það að leggja þennan skatt á og þeir almennt skipulagðir í búnaðarfélögum, þá þarf enga aðstoð löggjafarvaldsins, og þá þurfa þeir ekki heldur að óttast, að ráðin verði tekin af þeim yfir þessu fé.

Ég tel þess vegna miklu einfaldara fyrir hv. þm. og aðra, sem berjast fyrir því að fá slík l. samþ. á Alþ., að ná þessu gjaldi inn á frjálsan hátt, eins og önnur stéttasamtök í landinu. Ég álít það algerlega ófært fyrir Alþ. að samþ. þetta frv. þannig, að það sé útilokað, að viðkomandi ráðh. geti gripið fram í með framkvæmdir fjárins, vegna þess að það er á engan hátt trygging fyrir því, að fé verði ekki misnotað. Og eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, óttast ég það enn þá meir, að slíkt geti átt sér stað, enda höfum við ljós dæmin um misnotkun fjár, sem sams konar menn hafa ráðið yfir og vilja nú fá yfirráðin fyrir þessu fé, og nægir að nefna þar t. d. S. Í. S. Það fé, sem S. Í. S. ræður yfir, sem er sumpart fengið af opinberu fé, er svo herfilega og freklega misnotað, að það mundi verða algerlega óviðunandi, að slíkt gæti átt sér stað með þetta fé eins og S. Í. S. hefur gert, og menn gætu fengið yfir slíku fjármagni að ráða fyrir aðstoð löggjafans, eins og hér er farið fram á. Misnotkun sú, sem S. Í. S. hefur framið á því fjármagni, sem það hefur haft yfir að ráða, hefur komið greinilega í ljós hvað snertir skólahald og blaðaútgáfu, sem það hefur haft með höndum. Blaðaútgáfan er notuð til pólitísks áróðurs, sem er kannske enn þá hatrammari og enn þá ósvífnari en þekkzt hefur í nokkru öðru

málgagni hér á landi. Samvinnuskólinn er líka notaður sem áróðursstofnun, og ég gæti nefnt margt dæmið, ef í það færi, sem ég get lagt sönnunargögn fyrir.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í þetta, og vitaskuld er ekkert hægt um það að fullyrða, hvernig þetta fjármagn yrði notað, en hitt er víst, að sú reynsla, sem þegar er fengin um notkun slíks fjár, ætti að verða til varnaðar, þannig að slíkt frv. sem þetta verði ekki samþ. nema því aðeins, að það feli í sér ákvæði um það, að viðkomandi ráðh. geti stöðvað notkun þessa fjármagns, ef um misnotkun verður þar að ræða, og sú brtt., sem samþ. hefur verið í Nd., er í raun og veru ekki um annað en þetta, sem þeir hv. þm. Str. og hv. þm. Dal. vilja láta niður falla.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það þýðir ekki að verða langorður um þessa hluti, því að hver hefur sína skoðun. Það vorum ekki við, sem að frv. stöndum, sem komum þessum ágreiningi á stað. Ég býst við, að það hafi verið einhverjir í stj. eða henni nákomnir. Ég býst við, að það sé alveg einstakt tilfelli, að stöðvuð sé fjárgreiðsla, sem búnaðarþingið hefur samþ. Það er sitt hvað, þó að landbrh. hafi eftirlit með því fé, sem veitt er af því opinbera. En sú fjárveiting, sem hér er um að ræða, er það, sem bændurnir sjálfir borga úr sínum vasa og hafa falið búnaðarþinginu að fara með.

Hæstv. menntmrh. fór að bera það saman og sagði, að það væri sama, sem frv. færi fram á, og ef Alþýðusamband Íslands tæki ½% af vinnulaunum sinna meðlima og safnaði í sjóð. Hæstv. menntmrh. veit, að þetta er alveg sitt hvað, hann veit, að ekki er um alla landbúnaðarframleiðslu að ræða, sem á að borga af, heldur fer mjög mikill hluti hennar í heimilisþarfir.

Hæstv. menntmrh. talaði mikið um þá hættu, sem væri á því, að búnaðarþingið mundi misbeita valdi sínu, og tók dæmi af Sambandi ísl. samvinnufél. Og hann talaði um Samvinnuskólann í því sambandi og þann mikla áróður, sem þar væri framinn. Ég hygg þó, að sú stofnun sé nú komin undir þann mikla hænuvæng hæstv. menntmrh. **(Menntmrh.:** Nei, nei.) Svo að ég býst við, að hann hafi þar eftirlit og sá skóli verði ein af þeim stofnunum, sem hann getur hlynnt að og eflt. **(Menntmrh.:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm.) Jæja, mér hefði fundizt þetta ákaflega líklegt, en ég veit ekki, hvað vængbreiður hann er, það getur verið, að sá kjúklingur standi út undan hans móðurvæng.

Umr. frestað.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 1041, 1074).

Forseti (StgrA): Hér liggur fyrir skrifl. brtt. frá hæstv. menntmrh. við 7. gr. frv., um að í stað „1. febr." komi: 1. marz. — Mun ég leita afbrigða, til þess að brtt. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1082) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Út af ummælum, sem féllu hér í gær um þetta mál hjá tveim hæstv. ráðh., vildi ég segja nokkur orð. Hæstv. landbrh. taldi, að sú breyt., sem hefði orðið á frv. í Nd., væri eintómur hégómi, og undraðist, að menn skyldu vera að rekast nokkuð í þessu hér. Ég get ekki verið þessum hæstv. ráðh. sammála um, að þetta sé hégómi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að skylda bændur, sem framleiða landbúnaðarvörur, með l. til fjárframlaga. Að vísu er ætlazt til þess, að þessi fjárframlög komi þeim sjálfum að liði. Mér finnst það enginn hégómi, hvort þeir eiga sjálfir að ráða yfir þessu fé eða ekki. Ég mun þó hins vegar greiða þessu frv. atkv., þó að það taki ekki breyt., en geri það með hangandi hendi, vegna þess að ég er ekki alveg viss um, að það sé rétt að leggja þessa kvöð á bændur, ef þeir fá ekki að ráða yfir þessu fé og verja því á þann hátt, sem heppilegast væri talið fyrir þeirra stétt. Ég get að vísu sagt það, að ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. mundi sýna ósanngirni í þessu efni, en hins vegar býst ég varla við því, að jafnvel þessi hæstv. ráðh. gæti gefið tryggingu fyrir því, að það gæti ekki komið fyrir, að það yrðu mannaskipti í stj. Menn eru misjafnir, sumir góðir og í versta tilfelli aðrir illir, og þá gæti verið annað en hentugt fyrir bændur að leggja þetta fé fram í hendur á manni, sem í versta tilfelli væri allt annað en velviljaður í þeirra garð, og auk þess væri það leiðinlegt fyrir bændur að vera skyldaðir til þess að leggja fram fé á þennan hátt og hafa ekki heimild til þess að ráða yfir því.

Þá var það hæstv. menntmrh. Hann hefur verið á móti þessu frv. frá byrjun og ekki viljað láta leggja þetta gjald á, og mér skildist hann telja, að þetta væri sambærilegt við það, að stjórn Alþýðusambandsins hefði í l. leyfi til þess að leggja ákveðið gjald á alla launþega, t. d. ½% af öllum greiddum launum. Ég get ekki verið sammála um það, að þetta sé sambærilegt, mér finnst standa ólíkt á um þetta tvennt. Ég efast ekkert um það, að Alþýðusambandið eða stjórn þess verji á ýmsan hátt vel í þarfir verkamanna því fé, sem það fær milli handa, alveg eins og Búnaðarfélag Íslands mundi verja því fé vel, sem það fengi milli handa. En samt er þetta ekki sambærilegt, vegna þess að það er annars konar útgjaldaþörf, sem samtök bænda hafa, heldur en samtök verkamanna.

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin hafa á margan hátt reynt að greiða fyrir framkvæmdum í atvinnugreinum með beinum fjárframlögum, og ég tel, að hæstv. Alþ. hafi með l. lagt fjárbyrðar á þann félagsskap. Vil ég í því sambandi minna á samþykkt frá hæstv. Alþ., lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Vil ég nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp 5. gr. þeirra laga. Hún er þannig:

„Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði:

1. Stærð túna.
2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942.
3. Ræktunarástand túnanna.
4. Skilyrði til nýræktar.
5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún

skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað).
6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau.
7. Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar falli undir ákvæði II. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.

Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi."

Ég ætla, að þetta sé gott dæmi um það, að öðruvísi stendur á um samtök bænda en samtök verkamanna, þegar jafnvel svo er ástatt, að löggjafarvaldið leggur útgjaldaskyldu á herðar Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndunum. Menn sjá af þessari grein, að það er ekki lítið verk, sem þarna á að vinna. Vil ég ekki gizka á, hvað það kostar mikið, en hef heyrt, að það muni velta á milljónum. Nú gera lög þessi ráð fyrir, að bændur skuli greiða helming kostnaðar. Ef Búnaðarfélag Íslands hefur ekki meiri tekjur en það hefur haft undanfarin ár, þá væri ástæðulaust að ætla því og búnaðarsamböndunum að bera uppi helming þessa kostnaðar. Hér er gengið út frá því, að þessi félagsskapur fái fé úr ríkissjóði, eins og sjálfsagt er.

Ég vil benda hæstv. menntmrh. á þetta og verð að segja, að mín niðurstaða er sú, að þetta tvennt, verkamannasamtökin og samtök bænda, séu ekki að þessu leyti alveg sambærileg, heldur miklu fremur ósambærileg. Að öðru leyti vil ég ekki blanda mér inn í þær umr., sem urðu um þetta mál í gær.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég er nú búinn að gleyma ýmsu af því helzta, sem ég hefði viljað minnast á í gær. En þó vakti það svo mikla athygli mína, að það gat ekki gleymzt, að hæstv. fjmrh. sagði, að það væri hégómaatriði, sem verið væri að samþ. hér. En svo kemur hér annað hljóð úr horni frá hæstv. kennslumálarh., og var helzt að heyra á honum, að þetta atriði væri aðalatriði frv., því að án þess að þetta atriði væri samþ., væri ekki hægt að samþ. þetta frv. Ég held, að það sé rétt skilið, að þetta hafi verið í ræðu hans, að því er þetta atriði snertir.

Það kemur því fram mjög einkennilegur skoðanamunur frá tveimur ráðherrum í ríkisstjórninni, þar sem annar álítur, að þetta sé meira form, eins og hæstv. fjmrh. taldi þetta vera, en hinn hæstv. ráðh. álítur, að þetta sé efnisatriði, er skipti svo miklu máli, að ekki sé hægt að samþ. frv., ef þetta yrði ekki einnig að lögum. Kemur hér fram nokkuð, sem er eitt meginatriði þessa máls, sem sé það, að þetta atriði er, eins og bent hefur verið á, fyrst og fremst borið fram af forvígismönnum Sósfl., þó að notaður sé til þess þingmaður úr öðrum flokki að bera það fram. Það er líka vitað, að Sjálfstfl. leggur ekki, eins og skilja má, áherzlu á þetta atriði, og margir þm. flokksins munu jafnvel óska eftir, að þetta atriði verði ekki samþ. En Sósfl. aftur á móti leggur á það áherzlu, hefur þvingað það í gegn og fengið hv. þm. A.-Húnv. til þess að bera það fram.

Ég álít, að segja megi með góðum og gildum rökum, að ef hægt er að þvinga það fram á Alþ., að hv. þm. greiði atkv. með því að setja bændum fjárhaldsmann um það fé, sem þeir sjálfir leggja fram, og það jafnvel þótt hinir sömu hv. þm. séu á móti því, sé engin trygging fyrir því, að þetta ákvæði, þegar það er komið í l., verði ekki notað á sama hátt í ríkisstjórninni, þannig að ráðherrar verði þvingaðir í stað þm. áður. Við höfum séð mörg dæmi þess, að mál eru þvinguð fram, þótt þau kosti ríkissjóð nokkrar millj. og séu andstæð vilja ráðherra, ef mikils þykir við þurfa að halda samstarfi um önnur mál.

Það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. tók fram, að það mundi ekki þykja litlu máli skipta, hvort bændur eru sviptir yfirráðarétti yfir því fé, sem þeir hafa lagt fram í því skyni að efla þessi samtök. Það mundi líka blátt áfram vera þýðingarlaust að lögleiða slíkt, af þeirri einföldu ástæðu, að þótt þetta yrði samþ. hér nú, þá yrði það afnumið á næstu árum, því að þetta mundi eðlilega skapa óánægju meðal bænda, sem þegar í stað mundu taka upp baráttu fyrir sínum málstað og ekki slaka á, fyrr en þingið léti undan og þeir fengju sjálfir umráðarétt yfir sínu eigin fé.

Að því er snertir þá brtt., sem hæstv. menntmrh. ber hér fram, þá er það rétt, að eins og ákvæðið er nú í frv., geta l. ekki tekið gildi á þeim tíma, sem þar er ráð fyrir gert. En þetta lagfærist af sjálfu sér, þar sem vitað er, að l. taka ekki gildi fyrr en þau hafa verið afgr. hér frá þinginu og síðan staðfest í ríkisráðinu á þann hátt, sem nauðsyn krefur, til þess að þau geti tekið gildi, og taka þau þá gildi þann dag, sem þau koma þaðan og eru auglýst.

Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég er ósnortinn af þessum hita, sem fram kemur í þessu máli. Mér skilst á hv. þm. Str., að þetta sé eitt af þeim málum, sem næstum skipti flokkum nú, þvingunum sé beitt við hv. þm. og svo í ríkisstjórninni innbyrðis. Hér sé gengið inn á svo varhugaverða braut, að það sé spurning, hvort þjóðfélagið bíði ekki mikinn hnekki, ef þessi breyt. verði ekki gerð á frumvarpinu.

Það var rangt, sem hann sagði, að einstakur þm. hafi borið þetta fram í hv. Nd., því að það var hluti nefndarinnar, sem bar það fram og hafði til meðferðar. Og viðvíkjandi allri þessari þvingun og ósköpum, sem hér um ræðir, verð ég að játa, að ég hef ekki heyrt þetta nefnt. Ég álít, að ekki megi rugla hér saman frv. og þessari brtt. Það er aðeins þessi brtt., sem er hér til umr. nú, og ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh., að þetta er meginatriði í mínum augum, en þykir þó frv. rétt, eins og það kemur frá hv. Nd. Mér þykir það ekki nokkur þvingun, og mér þykir það mjög einkennilegt að heyra þetta borið saman við frjálsan félagsskap. Því skyldi ekki t. d. Alþýðusamband Íslands og annar sams konar félagsskapur geta gert með sér frjáls samtök að leggja fram svo og svo mikið fé? Þetta er alveg eðlilegt, og það er sá munur á því, ef þetta er gert með l., að þá er hver félagsskapur frjáls að því, hvort hann gerir þetta eða ekki, og því engin ástæða til að hafa neitt opinbert eftirlit með því.

Mér skildist á hv. 1. þm. N.-M., að þessu væri þvingað upp á bændur. Mér hefur nú skilizt, að þetta frv. væri gert í greiðaskyni við bændur,

og lít svo á, að hæstv. Alþ. sé með þessu að styðja bændur í ákveðnu máli, sem þeir álíta, að þeir hafi ekki nóg samtök til að koma í kring öðruvísi. En ekki er hægt að neita því, að um leið og þessi l. eru sett, eru allir neyddir til að vera með í þessu. Það, sem ríkið hér leggur til, er því það, að hæstv. Alþ. megi setja um það lög. Það lætur einn ráðh. setja reglugerð um málið og felur síðan innheimtumönnum innheimtu þessa gjalds, lögtaksrétt o. s. frv. Og þar sem auk þess allir eru þvingaðir til að vera með, er óverjandi, að Alþ. neyði svo fámenna stétt til að vera með í þessum samtökum öðruvísi en þeir, sem óánægðir kynnu að verða, gætu leitað á náðir þessa sama valds, sem setti þessi lög.

Hv. þm. Str. sagði, að þessu yrði fljótlega breytt aftur, ef ráðherra ætti að hafa þetta vald. Ég aftur á móti gæti trúað því, að þetta yrði flutt aftur, ef það yrði fellt í burtu nú. Hver getur sagt með vissu, að ekki myndist einhver sterkur minni hl. meðal bænda í landinu, sem væru alveg á móti því, hvernig þessu fé væri varið og vildu ekki leggja það fram? Þeir mundu segja sem svo: Ef þetta væri frjáls félagsskapur, mættum við segja okkur úr honum. Nú eru þetta landslög, og við heimtum, að það Alþ., sem þvingaði okkur með þessum l., búi um leið til einhvern opinberan rétt, sem við getum kært til gegn því gerræði, sem hér er framið.

Mér skilst því, að þetta sé alveg eins verndarráðstöfun gagnvart bændunum og verið sé að svipta þá umráðaréttinum.

Mér finnst þeir hv. þm., sem talað hafa með þessari brtt., ekki gera mun á frjálsum samtökum og því, sem er lögþvingun.

Ég mun því greiða atkv. móti þessari brtt.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Ég hef borið hér fram smábrtt. við þetta frv. á þá leið, að lögin komi til framkvæmda 1. marz, í stað þess, sem í frv. stendur, að þau skuli koma til framkvæmda 1. febr. 1945. Það getur tæplega staðizt, þar sem 1. febr. er liðinn, en gert var ráð fyrir, að l. mundu öðlast gildi, þegar er frv. hefði verið samþ. Ég tel því, að ekki verði hjá því komizt að gera þessa breyt. á frv., þó að e. t. v. megi segja, að l. komi ekki til framkvæmda 1. febr. Það er auðvitað engin bót og mjög óvenjulegt, að sá háttur sé á hafður, enda alls ekki til þess ætlazt í þessu tilfelli.

Hv. þm. Str. sagði um þetta atriði, að það væri flutt í þeim tilgangi að bregða fæti fyrir frv., en röksemdir hans fyrir því þóttu mér næsta lítils virði.

Ég þarf svo ekki að segja mikið um þetta mál almennt. Það er búið að taka það fram af rökum bæði með og móti þeirri brtt., sem fram er komin frá hv. þm. Dal., sem þörf er á. Ég vil þó aðeins segja það viðvíkjandi röksemdafærslu hv. 1. þm. N.-M., þar sem hann heldur því fram, að mjög mikill munur sé á Búnaðarfélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, vegna þess að Búnaðarfélagið hafi ýmsar verklegar framkvæmdir með höndum og umsjón með ýmsum verklegum framkvæmdum, sem því sé beinlínis falið af ríkisvaldinu, þá er það alveg rétt hjá honum, að þessi munur er á þessum tveimur samböndum, en hins vegar fær Búnaðarfélag Íslands mjög mikinn styrk af opinberu fé til þessara framkvæmda og þessara umsjónarstarfa og hefur launaða starfsmenn frá ríkinu til þess, og vitaskuld verður greiddur úr ríkissjóði kostnaður við þau verk, sem Búnaðarfélaginu eru falin; hjá því verður ekki komizt. En ef nú Alþýðusambandið fengi til umráða tvær milljónir króna auk þeirra frjálsu iðgjalda, sem það fær frá félögum sínum, og á þann hátt með löggjöf frá Alþingi lagður skattur ½ % á öll vinnulaun, sem greidd væru meðlimum í Alþýðusambandinu, þá geri ég ráð fyrir, að ekki kæmi annað til mála en að Alþýðusambandið innti af hendi einhver þjóðfélagsleg verkefni fyrir þetta fé, og þá mundu koma til greina verklegar framkvæmdir, sem sambandið hefði með höndum, og þá mundi ekki annað koma til greina en að viðkomandi ráðh. gæti haft eftirlit með því, hvernig þessu fé yrði varið. Sá munur, sem hv. þm. var þar með á Búnaðarfélaginu og Alþýðusambandinu, kemur í þessu tilfelli ekki málinu við. Það, sem hér er sambærilegt er það, að Búnaðarfélagið fær til umráða fé, sem fæst með skatti, sem lagður er á bændur með löggjöf, og eins og frv. var upprunalega, þá var ætlazt til, að Búnaðarfélagið gæti ráðstafað því eins og því sýndist, alveg eins og Alþýðusambandið getur ráðstafað frjálsum iðgjöldum meðlima sinna. Það er þetta, sem mér virðist ekki geta komið til greina og enginn þessara hv. þm. mundi telja geta komið til greina, ef Alþýðusambandið ætti í hlut.

Um það hefur verið rætt, að til greina gæti komið, að viðkomandi ráðh. misbeitti sínu valdi, þannig að hann leyfði ekki, að þetta fé væri notað til þeirra hluta, sem landbúnaðinum væru nauðsynlegir og bændur almennt vildu verja fénu til og teldu nauðsynlegt fyrir sína stétt. Slíka tryggingu er aldrei hægt að gefa, en það liggur í hlutarins eðli, að þetta vald getur ekki verið annars staðar en hjá ráðh., vegna þess að þessi skattur er lagður á með l. frá Alþingi á bændastéttina, án þess að nein trygging sé fyrir því, að bændur greiði þennan skatt til sinna samtaka af frjálsum vilja. Það er óviðunandi fyrir löggjafarvaldið, að þessi samtök ráði algerlega yfir þessu fé, þegar þessi skattur er lagður á með lögum og engin trygging fyrir því, að bændur leggi hann á sig af frjálsum vilja. Þetta er eins og hver annar skattur, og auðvitað geta þeir alltaf misbeitt þessu valdi. Það er t. d. ekki óhugsandi, að þetta fé yrði notað til að gefa út blöð fyrir Búnaðarfélagið, og hver segir, að það yrði ekki ritað eins og Samvinnan eða Bóndinn, sem starfsmenn í Búnaðarfélaginu stóðu á bak við og rituðu mest í. Þetta hlýtur hverjum manni að vera skiljanlegt, vegna þess að það er svo einfaldur hlutur.

Hv. þm. Str. talaði um skoðanamun milli mín og hæstv. fjmrh. að því leyti, að hæstv. fjmrh. taldi þetta hégómamál. (**Fjmrh.**: Ég sagði, að þetta væri fremur formsatriði en efnisatriði.) Ég sé ekki, að hér sé um eins mikinn skoðanamun að ræða og hv. þm. vildi vera láta. Það, sem hæstv. fjmrh. á við, er þetta, að hann er þeirrar skoðunar, að ekki muni til þess koma, að ráðh. þurfi að grípa fram í, búnaðarþing muni vilja verja fénu þannig, að engin ástæða sé til fyrir ráðh. að grípa þar fram í. Það geta verið um það skiptar skoðanir, hve miklar líkur séu fyrir því, að ástæða sé fyrir ráðh. að nota þetta vald. En ástæð-

an fyrir því, að ég og hæstv. fjmrh. og aðrir, sem vilja hafa þetta ákvæði í frv., erum fylgjandi því, að ráðh. hafi þetta vald, er sú, að fénu sé ráðstafað á þann hátt, sem ríkisvaldið telur heppilegast.

Jónas Jónsson: Ég var ekki viðstaddur í gær, þegar hæstv. menntmrh. hafði í sambandi við þetta búnaðarmál ráðizt á Sambandið og Samvinnuskólann með mikilli fákænsku og vöntun á góðum siðum, og þó að ég sjái ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um þetta efni, þá læt ég það vera mér tilefni til að minna á ýmislegt, sem kemur við uppeldismálum á heimili kommúnista, að því leyti sem það getur útskýrt það, sem hér liggur fyrir.

Ég vil þó, áður en ég minnist á þetta efni, benda á, að það virðist í sambandi við meðferð Alþingis á frv. um búnaðarmálasjóð hafa komið illur andi yfir kommúnistaflokkinn og það á elleftu stundu. Þegar þetta mál var til umr. í Nd., sáu kommúnistar ekki ástæðu til að koma með gandreiðarbeizli til að leggja við bændastéttina, en við frekari umr. málsins umbreyttust þeir og hafa svo gert að skilyrði fyrir stjórnarsamvinnunni, að fjötur yrði lagður á bændur. Þetta er því merkilegt, af því að það sýnir, að kommúnistar, sem aldrei hafa hugsað um annað en að koma á upplausn, kunnu lítt til landsstjórnarmála, eins og Snorri Sturluson segir um óróabelgi í Noregi. Er sízt að undra, þó að margt gangi nú illa fyrir kommúnistum, þegar þeir, að líkindum eftir fyrirlagi úr öðru landi, taka þátt í ríkisstjórn án þess að hafa til þess hæfileika eða undirbúning. Það verður ekki tekið öðruvísi en sem merki um talsverða vöntun á greind, að flokkurinn skyldi vera búinn að láta frv. ganga gegnum fimm umr. í þinginu, áður en forkólfarnir sáu þann voða, sem stafað gæti af frelsi bænda. Annars er ég ekkert hissa á framkomu kommúnista í þessu efni, því að þeirra verk miða öll í átt til aukinnar upplausnar, og það er sú kynning, sem menn fá af vinnubrögðum þeirra í lýðfrjálsum löndum.

Hæstv. menntmrh. mun vera kunnugt, að um það leyti sem hann var að taka sína Tyrkjatrú í Berlín, voru skoðanabræður hans í Noregi fjölmennir. Þeir höfðu eins og hér beitt yfirboðum og æsingum, þangað til þeim hafði tekizt að fá nokkurt fylgi á þingi og í bæjarstjórnum. En það fór svo, að þegar kommúnistar áttu að fara að ráða á þingi og í bæjarstjórnum, þá varð allt þeirra ráð að ráðleysi, svo að allar stoðir hrundu undan flokknum og hann þurrkaðist úr landinu. Þegar stríðið byrjaði, var enginn kommúnisti til í norska þinginu. Það verður aldrei nógsamlega virt við Norðmenn og gæti verið hér á landi, að þeir þoldu ekki yfirstjórn frá útlöndum. Sjálfstæðis- og þjóðerniskennd Norðmanna var svo mikil, að þeir vildu ekki láta útlendinga skipa sér fyrir, og þess vegna þurrkuðu þeir þennan flokk út úr landinu.

En fyrst þessi hæstv. ráðh. sá ástæðu til að tala um Sambandið og Samvinnuskólann út af þessu búnaðarmáli, þá er rétt að minnast á, hvað kommúnistar hafa afrekað á þeim vettvangi. Í Rússlandi eyðilögðu þeir samvinnufélögin, og hið sama gerðu þeir í Eystrasaltsríkjunum, þegar Hitler og Stalin gerðu með sér vinmæli 1939. Hér á landi var kommúnistaflokkurinn í opinberri andstöðu gegn samvinnuhreyfingunni um nokkur ár. Síðan komust kommúnistar á þá skoðun, að þeir ættu fremur að beita undirferli og hrekkjum gagnvart félögunum. Tóku þeir þá að ganga í sum kaupfélögin. Hér í bænum áttu þeir þátt í stofnun Kron, en hafa nú um margra ára skeið haldið uppi látlausum illindum og ófriði í því félagi. Er ekki annað sýnna en að það falli innan skamms í marga parta, og eiga flokksbræður hæstv. ráðh. alla sök í því máli. En að því er Sambandið snertir, þá hefur það margsinnis bjargað Kron úr erfiðleikum, og ef Kron hefði ekki notið góðvildar Sambandsins, er ekki sýnilegt, að það væri nú í tölu lifandi fyrirtækja. Loks kom þar, að setja varð dugandi framsóknarmann í forsvar fyrir félagið, og hefur hann getað bætt úr mörgum eldri syndum kommúnista.

Einn var sá maður í liði kommúnista, sem um nokkra stund virtist hafa til að bera áhuga og dugnað til að starfa við samvinnufyrirtæki. Þetta var Jens Figved, kaupstjóri í Kron. En jafnvel hið græna tréð brást. Eini kommúnistinn, sem sýndist vinna af áhuga fyrir kaupfélagsskapinn, var þó ekki meiri kostagripur en það, að félagið var í stöðugri hnignun undir stjórn hans. Var hann skuldugur félaginu um nálega 100 þúsund krónur, er hann var knúður til að yfirgefa félagið. Liðu nokkrir mánuðir, þar til Árna Benediktssyni tókst að bjarga við þessu skuldamáli. (**Menntmrh.:** Þetta er sagt í skjóli þinghelginnar.) Þetta er sagt af því, að það er satt. Hæstv. ráðh. veit, að það liðu margir mánuðir, þar til þessi skuld var greidd. (**Menntmrh.** Ef þetta væri ekki sagt í skjóli þinghelginnar, mundi það koma fyrir dóm.) Það er bezt fyrir hæstv. ráðh. að reyna að fá vottorð um, hvenær þessi skuld var borguð. Ég skora á hæstv. ráðh. að sanna það, að Jens Figved hafi verið skuldlaus, þegar hann flosnaði upp í félaginu. Það liggja fyrir um þetta vottorð frá stjórn Kron, og eru þau prentuð í Degi á Akureyri, og þar getur hæstv. ráðh. lesið þau. En það er að segja af þessum flokksbróður hæstv. ráðh., að þegar hann fór frá Kron, setti hann upp heildsölu til að keppa við félagið, sem hann hafði verið með í að stofna og hafði stjórnað. Ég held því, að hæstv. ráðh. ætti að tala sem minnst um samvinnumál, vegna þess að þótt ég vilji ekki fjölyrða um það hér, þá er það vitað, að hans flokkur hefur fyrst og fremst verið að reyna að eyðileggja samvinnufélagsskapinn. Er þar síðast að minnast þess, að á s. l. hausti komu þeir hér á Alþingi með till., sem voru alveg sérstaklega fjandsamlegar samvinnufélögunum. Haustið 1942 stakk þessi hæstv. ráðh. upp á því að skipta samvinnufélögunum upp líkt og Póllandi var skipt upp af sömu ástæðum. Næsta haust vildi hæstv. ráðh. taka af samvinnufélögunum völdin yfir sínum eigin vörum, og jafnframt hélt flokkurinn því fram, að þau hefðu aðallega á boðstólum óætar vörur, kommúnistar gætu ekki lifað á þeim vörum, sem hér væru framleiddar og kaupfélögin seldu. Þannig hefur þessu verið haldið áfram á hverju ári.

Að því leyti sem hæstv. ráðh. minntist á tímarit, sem ég stjórna með fleiri mönnum, þá þarf hann ekki að vera hissa á stefnu þessa rits. Þegar hæstv. ráðh. og flokkur hans gera sig bera í fjandskap við samvinnufélögin, þá þarf hann ekki

að undra, þó að þau snúist til varnar í málgagni sínu. Hæstv. ráðh. veit, að ekkert fyrirtæki, hvort sem það er borgaralegt eða kommúnistiskt, vill láta drepa sig. Ég er búinn að vera nokkuð lengi ritstjóri Samvinnunnar, og það hefur gengið vel með mínum samstarfsmönnum, og í hvert skipti sem skaðsamlegar árásir hafa verið gerðar á samvinnufélagsskapinn, hefur vitanlega alltaf verið snúizt til varnar í þessu riti. Samvinnumönnum hefur líka verið ljóst, að þetta var nauðsynlegt. Þegar hæstv. ráðh. hafði í fyrsta skipti komið með sínum legátum á sambandsfund, sem var haldinn á Hólum í Hjaltadal vorið 1943, þá ákvað sambandsstjórnin að stækka Samvinnuna stórkostlega og skoraði á mig að skrifa áfram um samvinnufélögin, ekki aðeins í Samvinnuna, heldur víðar, ef því væri að skipta. Hæstv. ráðh. má vera ljóst, að ekki aðeins ég, heldur einnig mínir samstarfsmenn eru mjög fúsir til að taka upp hanzkann fyrir samvinnufélögin hvenær sem er. Og því meiri ósvífni sem hann sýnir og hans lið, því meira verða þeir húðflettir fyrir vankunnáttu sína og vanmátt til að reka fyrirtæki af þessu tagi. Því meiri sem árásir þeirra verða, því rækilegar verður sýnt og sannað, að þeir geta þar ekkert annað en verið eins og graftarbaktería í kýli.

Að því leyti sem hæstv. ráðh. talaði um misbeitingu á ríkisstyrknum til Samvinnuskólans, þá er það mála sannast, að ríkið má vera þakklátt samvinnumönnum fyrir að standa fyrir og reka stóran skóla árum saman með 5000 króna styrk. Þeir, sem líta í gegnum gömul fjárlög, geta séð, að þegar ég, sem lengi hafði verið skólastjóri Samvinnuskólans, var ráðh. og gegndi að parti til sömu stöðu og þessi hæstv. ráðh. gegnir nú, þá fór ég ekki að eins og hæstv. ráðh., þegar hann heimtaði, að skáldastyrkurinn væri allur undir n., sem hann ræður yfir. Og hæstv. ráðh. veit, að ástæðan til þess, að Gunnar Gunnarsson var settur inn með alþingisvaldi, var sú, að Alþingi treysti ekki kommúnistaflokknum til að sýna þessum fræga rithöfundi verðugan sóma, og það eru fleiri en hann, sem þörf væri að vernda fyrir þessum mönnum, sem nú fara með fé. Ef hæstv. ráðh. getur bent á nokkurn skóla jafnstóran og samvinnuskólann, sem hafi starfað lengi og látið sér nægja 5000 kr. styrkur, þá skal ég vera honum þakklátur fyrir það. Það er alveg rétt að vera ekki frekur í fjárkröfum í þessu efni, því að bæði samvinnumenn og kaupmenn geta vel kostað sína skóla, eins og þeir hafa líka gert að mestu leyti. En af því að hæstv. ráðh. hefur komið inn á þetta mál tilefnislítið, finnst mér rétt að klykkja út með því að gera upp við hann gömul viðskipti, þar sem mér tókst á alveg ótvíræðan hátt að sanna, hvaða „móral" hann og hans flokkur hefur gagnvart afskiptum frá erlendu valdi og fjárstyrk þaðan.

Fyrir nokkrum árum þótti grunsamlegt, hvað mikið af efni aðalblaðs kommúnista var komið beint frá Rússum. Þá var þó ekki komið eins og nú, því að nú eru þýddar greinar í blaðið frá Rússlandi, svo að það er líkast því, að það sé gefið út í Moskvu. Ég átti þá nokkurn þátt í, að rannsakað var, hvernig væri með allt þetta rússneska efni í blaðinu. Kom þá í ljós, að Rússar höfðu borgað mikið á annað hundrað þúsund krónur á stuttum tíma í þetta fyrirtæki hæstv. ráðh. Þetta verð ég að segja, að hafi verið mjög heppileg athugun. Þegar svo er komið, að einn flokkur er farinn að taka við fé frá útlendu valdi og er svo óskammfeilinn að reyna að dylja það, þá er ástæða til að koma og taka í taumana, og þá er ástæða til, að þjóðin fái að vita um það. Þessar greiðslur námu 160 þús. kr. á stuttum tíma. Það er kannske ekki talað um þetta á hverjum degi, en eftir að þessi rannsókn fór fram, þá vita allir, að þessi flokkur stendur undir erlendri stjórn og þiggur þaðan fé til starfsemi sinnar. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. sé ekki fyllilega ljóst, hvílík skaðsemi þetta er. Ég þykist vita, að hann sé of illa að sér í sögu landsins til að hann sjái, hvert slík starfsemi stefnir. Við þurfum ekki annað en að líta í okkar sögu. Við skulum líta til 13. aldarinnar. Þá var hér uppi mjög sterk erlend hreyfing, katólska kirkjan, sú virðulega stofnun. Hún var alþjóðastofnun, sem dró til sín vald og áhrif frá landsins eigin börnum og virti einskis lög landsins, ef svo bar undir. Afleiðingin varð sú, að Íslendingar glötuðu frelsi sínu í sjö aldir. Þessi alþjóðastofnun kom hér inn í lítið þjóðfélag og beitti hér sínum alþjóðaáhrifum til að eyðileggja stofnanir landsins sjálfs. Þetta fékk sinn lokadóm árið 1264, og Íslendingar bjuggu við afleiðingarnar í sjö aldir. Við getum litið nær, athugað, hvað gerðist hér á 16. öld, þegar lúterska stefnan var að ryðja sér til rúms. Þá urðu margir Íslendingar til að styðja konungsvaldið í Danmörku til að innleiða þessa breytingu hér. Þeir gerðu þetta í góðri trú, en hverjar voru afleiðingarnar? Konungsvaldið magnaðist svo, að landsmenn urðu að búa við rammasta einveldi og kúgun öldum saman. Þannig hefur þetta verið tvisvar sinnum hér á landi, að þegar landsmenn hafa orðið til þess að innleiða hér eða koma á alþjóðastefnum, þá hafa þeir fyrir það orðið að þjóna útlendingum um langan aldur.

Nú er komin hér til landsins þriðja alþjóðahreyfingin, bolsevisminn, sem hefur verið öfluglega studd af innlendum mönnum. Þarf þar ekki annað en líta í blað hæstv. ráðherra til að sjá, hverra áhrifa gætir þar mest. Þar er ekki verið að tala um Jón Guðmundsson, ritstjóra Þjóðólfs, Halldór Friðriksson eða aðra mæta Íslendinga, nei, þar eru langar ritgerðir og frásagnir um Súvaroff og ýmiss konar blóðtökumenn úti í löndum. Það eru skrifaðar ævisögur slíkra manna, eins og þeir kæmu okkur sérstaklega mikið við. Þannig er öll framkoma þessa ráðh., allt síðan hann fór að taka móti fé frá útlöndum til blaðs síns og fyrirmælum um, hvað þar ætti að standa.

Nú gæti ég hugsað, að hæstv. ráðh. segði sem svo, að samvinnuhreyfingin væri einnig útlend alþjóðastefna, sem hefði verið innleidd hér. En þar er mjög ólíku saman að jafna. Kommúnisminn er útlend hreyfing undir útlendri yfirstjórn. Samvinnuhreyfingin er ekki fædd hér, en hefur orðið innlend og stendur ekki undir neinu útlendu valdi og hefur aldrei óskað eftir neinum styrk þaðan. En þegar þessir menn, sem þiggja fé og fyrirmæli frá útlendingum, hitta fyrir sér fyrirtæki eins og samvinnufélögin, sem vilja hafa Ísland fyrir Íslendinga, og vita, að þau efla þjóðmenningu Íslendinga og þjóðernistilfinningu, þá vilja þeir fyrir hvern mun eyðileggja þennan félagsskap, og er það mjög skiljanlegt frá því sjónarmiði, sem hæstv. ráðh. hefur. Hann kom upp um sig, þegar

hann fór að nefna blöð og að komið gæti til mála, að bændur notuðu fé sitt til að gefa út blöð eða bækur.

Ég vil að síðustu benda á það, eins og ég hef vikið að, að sú stefna, sem þessi hæstv. ráðh. fylgir, er útlend og óþjóðleg, og hann er sjálfur þægasti og auðmýksti fylgismaður þessa útlenda valds, sem hér er að seilast til valda. Þess vegna er minnst af honum að vænta til allra þjóðlegra hluta. Í vor, þegar þjóðin var að undirskrifa frelsi sitt, hverjir voru það, sem ekki þurfti að draga í bílum til kjörstaðanna? Það voru samvinnumennirnir og sveitafólkið, sem mætti 100%, meðan verið var að draga fólkið, sem þessi hæstv. ráðh. er fulltrúi fyrir, í bílum á kjörstað í 4 daga. 4 daga þurfti til þess að tryggja það, að sá lýður, sem þessi hæstv. ráðh. hefur valið sér að vera starfsmaður fyrir, kæmist á þá staði, sem hann hefði getað komizt á á einum degi, eins og sveitafólkið. Það skiptir engu fyrir hans málstað, hvaða heimskustrik eru gerð í þessu efni. En að sama skapi má segja, að með jafngreindan mann og þann, sem situr við hlið hans, sé það óþægilegt að reyna að hafa áhrif á það, að frv. nái fram að ganga. En ég býst við því, að það verði erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að bíta af sér þann varg, sem hann hefur við hægri hlið.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Ég stend aðeins upp til þess að lýsa því yfir, að þessari ræðu verður ekki svarað. Hv. þm. getur ekki ætlazt til þess, að nokkur maður með réttu ráði svari slíkri þvælu. Það gerir vitanlega enginn. Ég vil taka það fram, að hv. þm. tók af mér ómak með ræðu sinni, til þess að sanna það, hversu mikið hneyksli það er, að hann skuli vera starfandi við skóla, sem styrktur er af ríkinu. Maðurinn sakfelldi einstaka menn og bar á þá, að þeir hefðu stolið stórfé, og notaði til þess þinghelgina. Í þessum skóla hefur hann kallað eitt af stærstu samvinnusamtökunum, Kron, eiturbólu. Efalaust var þessi ræða hans sams konar sögukennsla eins og fer fram af hans hálfu í Samvinnuskólanum. Meðan slíkir kennarar eru við skólann eins og þessi maður, sem talar raunverulega eins og hann sé ekki með réttu ráði, má hver lá mér sem vill, að ég tel það óviðunandi, að skólinn sé styrktur af opinberu fé.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Mér þykir rétt að láta skoðun mína um frv. í ljós með fáum orðum, eins og það horfir við og með tilliti til þess, að ég er í þeirri n., sem fjallar um það, og skrifaði undir nál. ágreiningslaust og mælti með samþykkt þess. Ég vil taka það fram, að þessi meðmæli mín með frv., sem binda atkv. mitt til þess að vera með því, þegar til atkvgr. kemur, standa óbreytt. En hins vil ég láta getið, að það, sem var þess valdandi, að ég gerði þetta, að ég sá, að réttast var að mæla með samþykkt frv., var ekki það, að mér virtist það gallalaust, heldur það, að þau meginrök voru fyrir hendi, sem réttlættu það, að maður sé með því. Það, að búnaðarsamtök landsmanna, Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþingið jöfnum höndum, eru vitanlega í fjárþörf um það margt og mikilsvert, sem í hvert skipti þarf að gera fyrir landbúnaðinn, og að geta á einhvern hátt aflað nokkurra tekna, er höfuðnauðsyn. Það er þessi höfuðnauðsyn, sem réð mestu fyrir mér, að ég gat með öðrum nefndarmönnum mælt með samþykkt frv. Mér voru líka ljósir annmarkar, sem þar er um að ræða. Ég vil láta þeirra getið. Það er ekki sízt þar á að minna, að þar er verið að afla í sjóð, að vísu til sameiginlegra hagsmuna bændastéttarinnar, en gjald sjóðsins er tekið af framleiðendunum, kannske í mjög ólíkum hlutföllum við þann hluta, sem á að njóta hans. Það er sérstaklega valið af aðalframleiðslusvæðunum, þar sem reglubundin starfræksla er, svo sem mjólkurbú, sláturhús og slíkt, sem verða aðalgreiðendur í sjóðinn. Hitt er svo óbundið, hverjir njóta skuli. Það er ekki ástæða til þess af Alþ. að þegja yfir þessu, þó að ég hafi ekki gert þetta að meginástæðu við afgreiðslu frv. í n., heldur hitt, sem ég nefndi fyrst. Það er líka samhliða þessu, sem annað kemur til greina. Þó að þetta sé ekki nema lítil upphæð, ½% af verði, þá er ástæða með nokkrum orðum að taka þetta til athugunar.

Þó að þetta nemi kannske litlu nú sem stendur, af því að sala hefur verið ör og ekki hefur horft til vandræða nú um nokkurt skeið, gæti komið að því seinna, að framleiðendur þyldu ekki, að á hverju einasta ári væri tekið af því verði, sem þeir þurfa að fá fyrir afurðir sínar. Ég vona, að það komi ekki fyrir, en það getur komið fyrir. Þess vegna eru það engir, sem verða að fórna þarna, nema þeir, sem framleiða vöruna. Ég er þess vegna ekki viss um, þó að bændur séu fórnfúsir, að þeir eigi að gjalda, og þótt þeir geti goldið í bili, hvaða heildarþökk maður fær fyrir afgreiðslu þessa máls, en ég tek á móti þeim skelli.

Við umr. í Nd. hefur verið bætt í frv. þessu, að áskilja samþykki landbrh. hverju sinni. Ég held, að í kappræðum um þetta hafi gætt meira heimilishyggju alþingismanna en umhyggju fyrir málefninu sjálfu. Ég álít ekki, að hér sé um neitt hættuatriði að ræða, og eins og ég greiddi frv. atkv. í n., mun ég að sama skapi greiða frv. hingað komu, með þessu viðbótaratriði, atkv. og óttast ekki, að það verði landbúnaðinum til meins.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að fylgja eftir sigrinum með örfáum orðum. Og ég ætla að taka fram, að hæstv. ráðh. hefur lagt á flótta, eftir að hafa í þessu máli ráðizt á samvinnufélögin og mig, þegar ég var ekki viðstaddur. En svo, þegar honum er haslaður völlur og hann á að standa fyrir máli sínu, rennur hann af hólmi. Hæstv. ráðh. tilfærði eitt orð, sem ég hefði átt að segja í Samvinnuskólanum. Ég skal ekki segja, hvort orðið er rétt í sjálfu sér, en þar sem það ber vott um þekkingarskort á móðurmálinu, ætla ég að skora á hæstv. ráðh., ef hann treystir sér til, að útvega vottorð frá nemendum mínum um, að ég hafi viðhaft þetta orð um nokkurt félag. Ég vil, að þessi ófullkomna málsmeðferð, sem kemur fram í þessari setningu, bitni á honum. Annars er þetta ekki nema venja kommúnista, að ráðast á menn og renna svo af hólmi, þegar þeim er svarað. Þessi viðskipti eru táknræn upp á það, sem koma skal.

ATKVGR.
Brtt. 1074 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, GJ, HermJ.
nei: KA, MJ, PM, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.
2 þm. (LJóh, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þótt ég treysti núverandi landbrh. til þess að fara með þetta mál í fullu samræmi við ákvæði laganna, álít ég, eins og þetta mál er undirbúið og tilkomið, ekki rétt, að aðrir en bændur sjálfir hafi þar íhlutunarrétt, og segi því já.

Brtt. 1082 felld með 9:5 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1084).

99. Lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Á 109. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda (þmfrv., A. 925).

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál er þannig til komið, að ríkið á Flatey og þar er verið að byggja bryggju, sem er lífsnauðsyn. Ég flutti ábyrgðarheimild fyrir fáeinum dögum, en samgmrh. og fjvn. álitu óheppilegt að hafa það form og mæltu með því, að haft væri venjulegt frv.form. Ég hef gert þetta og flutt það eftir fordæmi annarra slíkra hafna og álít því vafasamt, hvort þetta mál þarf að fara til n., nema þá sjútvn., því að fjvn. er búin að afgr. það fyrir sitt leyti. Annars læt ég hæstv. forseta ráða, hvort hann leggur til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 925, n. 957).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir hönd sjútvn. hef ég fátt eitt að segja um frv. þetta annað en það, sem fram kemur í nál., sem hér hefur verið útbýtt á sérstöku þskj.
Frv. þetta er algerlega samhljóða þeim frv., sem hér hafa verið afgr. á þessu þ. um lendingarbætur víðs vegar um landið, og sjútvn. mælir því eindregið með, að það verði samþ., en eins og venja n. hefur verið, þá kallaði hún fyrir sig vitamálastjóra og bar málið undir hann. Hann mælti með málinu, en lagði fram fyrir n. áætlun, sem gerð var í apríl 1943 um þessi mannvirki, og sú áætlun er upp á 210 þús. kr. Í frv. er gert ráð fyrir því í 1. gr., að ríkið leggi fram helming kostnaðar við þessar framkvæmdir, allt að 200 þús. kr., og í 2. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt f. h. ríkissjóðs að takast á hendur ábyrgð á jafnhárri upphæð, er Flateyjarhreppur leggur í mannvirkið.
Þar sem fyrir n. lá síðasta áætlunin um þetta mannvirki, taldi n. ekki ástæðu til, að svo komnu máli, að hafa þessa upphæð, sem greind er í 1. og 2. gr. frv., hærri en í samræmi við áætlunina. N. leggur þar með engan úrskurð á, hvort áætlun þessi standist eða ekki, en þar sem hún er það eina, sem n. gat byggt á, taldi hún rétt að fara eftir því. Því leggur hún til, að í staðinn fyrir 200 þús. kr. í fyrstu gr. frv. komi 105 þús. kr., sem er nákvæmlega helmingur af því, sem áætlunin segir, og sömuleiðis í 2. gr. Þar kemur einnig sama upphæðin; í stað 200 þús. kr. komi 105 þús. kr. N. var alveg sammála um að mæla með frv., en telur rétt, að þessar breyt. séu á því gerðar, því að ef svo fer, að þessi áætlun, sem fyrir n. var lögð, reynist ekki fullnægjandi, þá verður tími til þess síðar að lagfæra það.

ATKVGR.
Brtt. 957,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 957,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 116. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 995, n. 1067).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Frsm. er ekki við, en n. mælir með, að mál þetta sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1088).

---

100. Ítala.

Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um ítölu, nr. 85 16. des. 1943 (þmfrv., A. 877).

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er lítið mál. Það fer fram á breyt. á ítölul., sem samþ. voru á síðasta þingi, og er þannig til komið, að sýslumaður Húnavatnssýslna hefur talið á því talsvert mikil tormerki, að hægt væri, svo að óvéfengjanlegt væri, að framkvæma l. eins og þau eru.

Hér er aðeins farið fram á, að í stað þess, að ætlazt er til samkv. l., eins og þau eru, að boðaðir séu á fundi, þar sem ráðgazt er um þessi ítölumál, bæði ábúendur jarða og jarðeigendur í hverri sveit, í stað þess er farið fram á í þessari breyt., sem frv. felur í sér, að eingöngu séu boðaðir á þessa fundi ábúendur jarðanna. Með því að gera skýlausa kröfu um það að boða alla eigendur jarða á þessa fundi, getur það torveldað, að þessir fundir geti orðið haldnir, því að erfitt er að ná til sumra þeirra. Sumar jarðir eru í opinberri eign, og eigendur sumra jarða eru utansveitarmenn, enda þótt meiri hluti þeirra sé að jafnaði innan sveitar. En að ábúendur séu látnir ráða í þessu tilfelli, er í samræmi við ýmsa aðra löggjöf, sem sett hefur verið, bæði veiðil. o. fl., og er í raun og veru miklu einfaldara. Hefur því landbn. fallizt á að flytja þetta frv. og væntir þess, að það geti gengið greiðlega í gegnum hv. þd.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Þetta frv. er um breyt. á l. um ítölu, sem samþ. voru á síðasta þingi. Ég var flm. þess frv. þá, og er mér því þetta mál nokkuð kunnugt. Í 2. gr. þeirra l. eru ákvæði um fundi í sveitarfélögum, sem taka þetta mál til meðferðar, hvernig til þeirra skuli boðað og hverjir hafi þar atkvæðisrétt. Er þar gert ráð fyrir því, að það séu bæði ábúendur og jarðeigendur, sem fjalla um málið. Og var á þetta fallizt á þingi í fyrra, þar sem það mun hafa þótt eðlilegt, að jarðeigendur hefðu nokkuð um þetta að segja.

Nú er hins vegar bent á það, að það geti verið annmörkum bundið að ná til þeirra í sumum tilfellum, og því er hér komin till. um að breyta l. í þá átt, að það skuli aðeins vera ábúendur jarðanna, sem boðaðir séu á þessa fundi og hafi þar atkvæðisrétt.

Ég fyrir mitt leyti geri nú heldur lítið úr þessu. Mér finnst það ekki þýðingarmikið atriði, vegna þess að þessir fundir hafa ekkert úrslitavald um það, hvort ítala er gerð eða ekki. Það vald er allt hjá sýslunefndum samkvæmt l. Þetta eru heimildarl. handa sýslunefndum til þess að gera ítölu í einstökum hreppum og á stærri svæðum. Og sýslun. geta tekið þetta mál upp og gert samþykktir um ítölu, án þess að kröfur komi frá nokkrum manni um það utan sýslun., ef þeim sýnist þörf. Þær geta líka tekið þetta fyrir og gert samþykktir um ítölu, þótt krafa um það komi aðeins frá 1 eða 2 mönnum. Og það hvílir heldur engin skylda á sýslunefndum til að ákveða ítölu, þó að óskir komi um það frá slíkum fundum. Valdið er, sem sagt, að öllu leyti í höndum sýslunefndanna. Það er aðeins gert ráð fyrir því, eins og l. eru nú, að ábúendur og jarðeigendur geti borið fram óskir til sýslunefnda, en úrslitavaldið er hjá sýslunefndum. Mér sýnist það því ekki þýðingarmikið atriði, hvernig er um atkvæðisrétt á þessum fundum. Það má vel vera, að auðveldara sé að koma því svo fyrir, að það séu eingöngu ábúendur, sem um þetta fjalla á fundunum. Sé ég því ekki ástæðu til að setja mig á móti þessari breyt., þó að ég telji hana þýðingarlitla.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Sú lýsing, sem hv. þm. V.-Húnv. hefur gefið á meðferð þessara mála, er í aðalatriðum rétt. Hann gengur bara fram hjá því í þessu sambandi, að það er alveg skilyrðislaust gert ráð fyrir því í l. um ítölu, að á þessa fundi, sem um er að ræða, séu boðaðir allir ábúendur og jarðeigendur á viðkomandi svæði, og þar með allir, sem eiga þar einhvern jarðarpart. Og það er það, sem talin eru nokkur tvímæli á, hvort ekki sé hægt að hnekkja ítölumati, ef það kemur upp, að einhver jarðeigandi, sem t. d. er utan sveitar, hefur ekki verið boðaður á fund, sem fjallað hefur um málið á viðkomandi stað. Og tilgangurinn með þeirri breyt. á l., sem þetta frv. felur í sér, er að koma í veg fyrir misfellur vegna þeirra örðugleika, sem þarna er um að ræða.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði nú, vil ég benda á það, að það gæti aldrei komið fyrir, að gert yrði ógilt ítölumat fyrir þær sakir, að í einhverju hefði ekki verið farið eftir strangasta bókstaf l. um þessi fundarboð, vegna þess, eins og ég gat um áðan, að það er raunverulega ekkert vald í þessum efnum hjá þessum fundum, heldur er það allt í höndum sýslunefnda. En um þetta er vitanlega ekki ástæða til að fjölyrða.

Eins og ég sagði áðan, sé ég ekkert á móti því, að þessi breyt. verði gerð á l. um ítölu, þó að ég telji hana þýðingarlitla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 109. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 110. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 877, n. 1065).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv. þetta, sem hér er til umr., er ekki veigamikið. Það er aðeins um það, að ekki þurfi að bjóða jarðeigendum á hreppsfund, þegar undirbúið er, að gengið sé til atkvæða um það, hvort ítala fari fram eða ekki á jörðum hreppsins. Áður var í l. ákvæði um það, að bæði ábúendum og jarðeigendum skyldi boðið, en hjá einstaka sýslumönnum hefur það verið erfitt að ná til jarðeigendanna, — þeir hafa verið vítt út um veröldina, og þess vegna talið nægja, að aðeins ábúandinn einn verði kallaður á fundinn. Þetta frv. er komið frá landbn. Nd. og hefur gengið breytingalaust í gegnum þá d. Okkur nefndarmönnunum fannst í sjálfu sér ekki mikil ástæða til að fara að reifa þetta mál, — það væri ekki nauðsyn á því, úr því að málið væri búið að fara í gegnum aðra d., og töldum við ekki ástæðu til annars en mæla með samþykkt þess. Það má segja, að það sé ágætt fyrir þá, sem eiga að bjóða til funda, hreppsnefndir og oddvita, að þurfa ekki að bjóða vítt og breitt og fljótt að koma málinu frá, þegar ekki þarf að kalla til jarðeigendur. Ég held, að það geri þeim ekki mikið til, þó að þeir séu ekki viðstaddir þessa ítölu, enda er hún ekki svo bundin um aldur og ævi og gengur þar að auki til sýslunefnda. Og ef eigendur jarðanna hafa áhuga fyrir ítölunni, þá ættu þeir að geta fengið að vita um og gert athugasemdir við og gætt réttar síns um þá ítölu, sem fram hefur farið. Þess vegna vill n. mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Bjarni Benediktsson: Út af nál. vildi ég bera fram fyrirspurn til form. landbn. Er það svo að skilja, að n. sé búin að taka upp allsherjarreglur um það að fylgja öllu því, sem hv. Nd. hefur ákveðið? Ég vil spyrja hv. frsm. og form. n., hvort ekki er meiningin að afturkalla brtt., sem n. hefur borið fram varðandi frv. um búnaðarmálasjóð, þar sem gengið er á móti vilja Nd., og hvort nokkur þörf sé á því að vísa málum til þessarar n., sem koma frá Nd.

Eiríkur Einarsson: Ég var ekki við, þegar ákvörðun var tekin um þetta mál, og er því óbundinn um ákvörðun og meðferð þess. Ég vil þó láta þess getið, að þótt ég hefði fallizt á samþykkt frv., þá finnst mér frv. vera frekar til að þjóna vissri lagasetningu heldur en til þess að tryggja ítöluna. Það er veitt undanþága til þess að þurfa ekki að kveðja jarðeigendur, og má segja, að það sé til hægðarauka fyrir sýslumenn að losna við þá töf að þurfa að kveðja þá. Það getur verið gott undir ýmsum kringumstæðum, en það getur líka staðið öðruvísi á. Það getur staðið svo á, að ábúandinn sé kærulítill um rétt ábýlisins eða a. m. k. ekki að sama skapi kærusamur eins og eigandinn kynni að vera. Ég tel frv. samt til bóta, þó að ég láti mig það annars litlu skipta, en ég vil aðeins láta þessa getið varðandi mína persónulegu afstöðu til málsins.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skil ekki í því, hvaða ástæðu þetta nál. hefur gefið hv. 6. þm. Reykv. til þess að fara að rísa hér upp og tala um óviðkomandi mál, ég held, að hann hafi tækifæri, þegar þar að kemur, til þess að tala um þá hluti. Ég get ekki skilið, að hann geti séð það á nál., að það telji, að sérstakar umbætur séu gerðar á ítölul. með þessu frv., en hitt er annað mál, að ef frv. hefði átt að ganga gegnum Nd. líka, þá hefði verið munur á því að gera það, ef skammt hefði verið liðið á þingið, og taka þá upp ítölulögin til frekari athugunar og ganga betur frá þeim en gert væri með samþykkt þessarar litlu breyt., sem að litlu gagni kæmi. Væri mikill munur á því að koma með brtt., ef málinu væri ekki svona langt komið, að ekki eru eftir nema tvær umr. og þar að auki er þingtíminn næstum liðinn, svo að ekki er tími til að fara að athuga ítölulögin í heild, heldur aðeins taka þetta atriði og samþ.
En hv. þm. getur ráðlagt hvað sem honum sýnist, — hitt get ég látið hann vita, að landbn. leitar ekki ráða til hans um það, hvað henni sýnist um brtt. og hvaða brtt. hún kemur fram með hér í d. heldur en hann spyr landbn., hvaða brtt. hann kemur með sem allshn.maður.

Bjarni Benediktsson: Ég er hissa á því, að hv. þm. skuli taka þetta svona óstinnt upp. Ég var ekki að gefa honum ráð, heldur vildi ég fá ráð og gögn frá honum til þess að ákveða mína afstöðu. Ég vildi vita, hvort hér væri um einstakt fyrirbrigði að ræða eða nýja reglu, sem ætti að fara að taka upp. Nú skilst mér, að það sé ekki ætlunin að taka upp nýja reglu og ekki eigi að láta Nd. ráða eins og hér er gert.
Ég get ekki fallizt á, að frv. hafi farið torleiðis gegnum Nd., því að málið er flutt sem 259. mál og sýnist því hafa verið síðla búið. Grg. er með því einkennilegasta, sem sézt hefur. Þar stendur m. a.: „Nýlega var þinglýst hér eignarrétti tveggja manna á rúmum 80 álnum í 11 hundraða jörð“ o. s. frv. Og síðan segir undir lokin: „Þegar þetta

er athugað, finnst mér ekki viðeigandi" o. s. frv. Þarna er landbn. farin að tala í fyrstu persónu eintölu, og þannig virðist mér öll till. vera. Ég held, að málið hafi ekki fengið rækilegan undirbúning eða athugun, — þessi persóna virðist hafa verið með hugann einhvers staðar annars staðar en við málið, og landbn. Nd. gerir þetta að sínum orðum, án þess að staðfæra það upp á þingið eða sína eigin starfsemi. Mér finnst of mikið kastað höndunum til slíkrar lagasetningar sem þessarar.

Landbn. Ed. lætur sér svo nægja sem meðmæli með frv., að Nd. hafi mælt með því. Ég verð að segja það, að mér finnst um of kastað höndunum til þingstarfa, þegar ráðsettir og reyndir menn, eins og form. landbn. og hv. þm. Dal., takast á hendur að bera fram og flytja jafnilla undirbúið mál og þetta er.

Páll Hermannsson: Mér skildist á fyrri ræðu hv. 6. þm. Reykv., að hann væri að gera að gamni sínu. Mér skildist, að hann væri að spyrjast fyrir um það og vildi, að form. landbn. og frsm. þessa máls svöruðu því, hvort landbn. væri komin í eins konar vinnumennsku hjá landbn. Nd. Ég get upplýst hv. þm. um, að svo er ekki. Aftur á móti, að því leyti er þetta mál snertir, verð ég að telja, að það skipti litlu máli, hvort það verður samþ. eða ekki. Hins vegar er það svo, að í þessu frv. er bætt úr agnúum, sem eru taldir á l. um ítölu, en hins vegar hefur landbn. tekið eftir því, hvað grg. er einkennileg, eins og hv. 6. þm. Reykv., og það er auðséð, að hún er ekki samin af n., heldur af einstaklingi. En það er um frvgr. að segja, að það er hún, sem liggur fyrir til samþykktar, en ekki grg. Annars læt ég það ósagt, hvort hv. 6. þm. Reykv. fylgir frv. eða ekki, — ég vildi hins vegar gjarnan eiga hann að í öðru máli, sem kemur til umr. síðar á fundinum.

Gísli Jónsson: Mér finnst þetta mál ekki alveg eins saklaust og um er rætt af hv. landbn. Mér skilst, að samkvæmt 2. gr. l. sé eingöngu átt við búendur og jarðeigendur innan sveitar, og ef það er réttur skilningur á l., þá er alveg óþarfi að breyta gr. eins og ætlazt er til með frv., því að það er sjáanlegt, að ef á að breyta l. eins og ætlazt er til með brtt. 877, þá er útilokað að fá þátttöku þeirra jarðeigenda í þessu máli, sem búa í sveitum og hafa leigt þessar jarðir þar, kannske til eins eða tveggja ára, og mér finnst galli að útiloka þá aðila. Ég fæ ekki annan skilning út úr 2. gr. en það sé átt við jarðeigendur í viðkomandi sveit og þess vegna óþarfi að leita til annarra jarðeigenda úti á landi, eins og til er tekið í grg. Sé þetta réttur skilningur á l., og ég vil heyra það frá hv. þm. Dal., hvort þetta er réttur skilningur á greininni, — þá er þessi breyt. til hins verra. Það er ekki hægt að neita því, að hér er tekinn réttur af þeim mönnum, sem eiga jarðir og búa í sveit og hafa nú rétt til þess að greiða atkv. um þessi mál. Ég mun því ekki greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 877.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það var aðeins út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um það, hver breyt. mundi verða við samþykkt frv.

Ég get ekki betur séð en jarðeigendur, sem búa í sveit, verði alltaf kallaðir á fund með búendum hreppsins. Annars hefur praktiskt verið þannig á þetta litið, að það væru kallaðir fleiri en þeir, sem væru innan hreppsins, — það þyrfti að kalla húseigendur líka. Það verður að telja, að það sé nokkur hægðarauki fyrir þá, sem kalla saman fundi, að þurfa ekki að fara út fyrir hreppinn, og praktiskt hefur það verið þannig.

Það þarf vonandi ekki að skýra það fyrir hv. 6. þm. Reykv., að grg. frv. verður ekki að l., og það kemur ekkert sjálfu frv. við, hvað er í grg., hvort hún er stíluð í fyrstu persónu o. s. frv. En ég vil segja það á móti því, að Ed. hefði ekki flutt frv., ef það hefði ekki verið búið að vera í Nd., að ef frv. hefði komið fyrr fram, þá hefði það verið athugað betur af landbn. Nú er komið að þinglausnum, og er því ekki tími til mikilla athugana, og sýnist tilgangslaust að fara að hrekja frv. aftur til Nd. En það má skeika að sköpuðu, hvort frv. verður samþ. eða fellt, en ég mun greiða því atkv., af því að ég tel það heldur til bóta.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, HermJ, IngP.
nei: EE, GJ.
BBen, BrB, StgrA greiddu ekki atkv.
5 þm. (LJóh, BSt, GÍG, HG, JJ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1090).

---

101. Húsaleiga.

Á 111. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 923).

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af allshn. samkvæmt beiðni ríkisstj. Frv. gengur út á það, að ríkisstj. sé heimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsum, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. sept. 1941, enda sé knýjandi nauðsyn fyrir ríkið að fá umráð yfir húsnæðinu til þess að geta látið starfsmenn ríkisins fá þar íbúðir, vegna þess annaðhvort, að það sé skylt samkvæmt l. fyrir ríkið að útvega slíkum mönnum húsnæði, eða að öðru leyti óhjákvæmilegt.

Þessi breyt. á húsaleigul. er að því leyti hlið-

stæð því ákvæði, sem fyrir er, að þeir einstaklingar, sem hafa eignazt hús fyrir 9. sept. 1941, geta einir sagt upp húsnæði, ef þeir hafa beina þörf fyrir það sjálfir. Og n. hefur fallizt á að flytja þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv.

Á 114. og 115. fundi í Nd., 29. og 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 923, 982).

Jörundur Brynjólfsson: Eins og frv. þetta ber með sér, þá er það flutt af allshn. þessarar hv. d. með því fororði, að nm. séu óbundnir aðilar um flutning þess og hafi óbundnar hendur um að greiða atkv. með brtt., er fram kunna að koma. Ég tók það fram þegar í byrjun af minni hálfu, að mér lægi í léttu rúmi, hvort þetta mál væri flutt hér í d. eða ekki í þessum búningi, og ég hefði alveg óbundnar hendur um það, hvort ég í nokkru mundi vera með málinu. Nú get ég að vísu lýst því yfir af minni hálfu, að hugsað gæti ég mér að fylgja málinu í gegnum þingið, ef því yrði breytt eitthvað í það horf, sem brtt. hv. þm. A.-Sk. hljóðar um.

Það, sem veldur því, að ég get ekki fallizt á þetta mál, eins og það er nú, er fyrst og fremst það, að ég kann ekki við að ríkinu einu sé veittur ríkari réttur en einstaklingarnir hafa í þessu efni. Einstaklingarnir hafa ekkert vald á húsnæði nema að mjög takmörkuðu leyti, og það er ekki undir þeirra eigin geðþótta komið eða áliti þeirra sjálfra, ekki einu sinni, þó að þeir hafi ríka nauðsyn fyrir húsnæðið sjálfir, annaðhvort til íbúðar eða þá til atvinnu sinnar, heldur fer það að miklu leyti eftir dómi þar til lögboðinna manna.

Eftir þessu frv. getur ríkið losað húsnæði, þó að íbúðarhúsnæði sé, ef það þarf á því að halda, annaðhvort til sinnar starfsemi fyrir skrifstofu eða eitthvað þess háttar eða þá fyrir embættismannabústað. Nú get ég vel skilið, að ríkið kunni að þurfa að fá til umráða slík hús, sem það á, en mér finnst, að þá sé ekki unnt að ganga lengra í þessum ívilnunum en að ríkið verði þá að sjá þeim mönnum fyrir viðunandi húsnæði, sem kunna að hafa það til notkunar nú, og sérstaklega ef húsnæðið er að einhverju leyti notað til íbúðar. En jafnvel þótt það væri að einhverju leyti notað til annarra hluta, svo sem atvinnurekstrar eða þess háttar, finnst mér tæpast viðunandi, að ríkið fái þarna ríkari rétt en þegnum þjóðfélagsins er áskapað með lögum.

Það mun nú vera sérstakt hús, sem haft er í hyggju, eftir því sem mér er tjáð, og er þess valdandi, að þetta frv. er flutt. Mér er sagt, að þetta muni aðallega vera sakir þess, að hæstv. ríkisstj. telji sig þurfa að halda á húsnæðinu Gimli hér í bænum. Það hús er notað fyrir mötuneyti og er leigt þar af nokkrum mönnum. (**ÞG:** Framsóknarmönnum.) Framsóknarmönnum, stingur hv. 2. landsk. inn í. Þótt svo væri, þurfa þeir nú að borða, og enn er ekki komið svo, þó að einhverjir hafi tilhneigingu til þess, að þeir séu sviptir þegnréttindum. Það er ekki enn komið svo, þó að það sé kannske í uppsiglingu eða einhverjir hafi kannske hneigð til þess, — það er líklega rétt að orða það svo. Hvað þetta innskot áhrærir, get ég upplýst þennan hv. þm. um, að það kennir margra grasa í þessu mötuneyti hvað pólitískar skoðanir áhrærir. Eitthvað kann að vera af framsóknarmönnum, en hinir 3 landsmálaflokkarnir eru þar líka, því að ég veit þau deili á þeim félagsskap, sem þar er, og hefur aldrei verið neitt um það sakazt. En svo er það líka notað til íbúðar, og ég kann ekki við, að sú kona, sem leigir þarna húsnæði, ekkja mesta sæmdarmanns, sem gegndi um langa og góða stund trúlega og með hinni mestu sæmd starfi sínu í þágu þjóðfélagsins, sé borin út á götuna, þó að ríkið kunni að þurfa á því húsnæði að halda, sem hún býr í, og mun ég ekki greiða atkv. með því. Öðru máli gegnir þó að nokkru um hinn félagsskapinn, þó að mér finnist að vísu, að hann eigi að hafa sömu réttindi og aðrir þegnar þjóðfélagsins hér í þessu landi.

En svo eru fleiri ástæður, sem eru þess valdandi líka, að ég tel þetta hæpna ráðstöfun, a. m. k. í því skyni að taka húsnæðið til íbúðar, þótt fyrir embættismenn sé og ég geti fullkomlega viðurkennt, að það muni vera þörf á því. Þá er það fyrst, að ástand hússins mun vera svo, að það þarf allrækilega viðgerð, ef það á allt að geta heitið nothæft til íbúðar, og það mun kosta mikið fé. Ég hef átt tal við byggingafróðan mann, sem veit deili á húsinu, og telur hann, að viðgerð á því geti ekki farið fram nema fyrir mikla peningaupphæð.

Byggingar ríkisins, sem standa á lóðinni frá Bókhlöðustíg að Arnarhólstúni, eru orðnar gamlar og úreltar, og er ekki ráðlegt að leggja í kostnað við að gera mikið við þær, því að þær verða á sínum tíma rifnar og aðrar byggingar, stórar og veglegar, byggðar í þeirra stað. Til þess ber að taka tillit.

Þetta eru þær höfuðástæður, sem eru þess valdandi, að ég get ekki verið með málinu.

Þótt till. hv. þm. A.-Sk. verði samþykkt, ætti ríkisstj. að athuga, að ekki er ráðlegt að leggja mikla fjárhæð í þessi hús. Það er mjög aðkallandi, að reist verði þarna ný og vegleg hús til afnota fyrir ríkið.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Mér þykir leitt, að hv. 1. þm. Árn. skuli ekki geta fylgt frv. óbreyttu.

Í frv. er farið fram á, að ríkinu sé veittur sami réttur og einstaklingum þjóðfélagsins um að láta leigutaka rýma úr húsum sínum. Það er ekki viðunnanlegt, að ríkið hafi ekki sama rétt og einstaklingur í þessu efni.

Með brtt. hv. þm. A.-Sk. er ríkinu lögð sú skylda á herðar að sjá leigutaka, sem yrði að rýma burt, fyrir húsnæði. Slík skylda hvílir ekki á einstaklingum. Þetta frv. stefnir að því, að ríkinu sé veittur sami réttur og einstaklingunum, og vil ég því vænta þess, að það verði samþ. óbreytt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Þetta frv. er flutt að tilhlutun ríkisstj.

Grg. þess segir ekki mikið um málið, og við 1. umr. var það ekki mikið skýrt. Er því nokkur ástæða til að fara um það nokkrum orðum. Þess er

getið í grg., að leitað hafi verið eftir, að húsnæðið yrði rýmt, en sú eftirleitun hafi ekki borið árangur og dómur hefði fallið í málinu.

Það er fullyrt í grg., að ef frv. yrði samþ., væru aðeins lítilvægir hagsmunir fyrir borð bornir, og virðist þetta benda til, að frv. eigi að ná til ákveðinna framkvæmda.

Mér hefði þótt ástæða til að koma með fyrirspurn til hæstv. stj., ef ekki hefði komið skýring á því atriði frá hv. 1. þm. Árn. Hann kom með þá útskýringu, að það væri aðeins eitt húsnæði, sem á að losa, en það er Gimli. Með þessu er málið komið inn á þrengra svið og hægt að tala þannig um það. Það er tekið fram, að með þessu væru aðeins lítilvægir hagsmunir einstaklinga fyrir borð bornir. Ef svo er, getur sannarlega ekki verið um stórvægilega hagsmuni að ræða fyrir ríkið.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að með frv. þessu væri farið fram á, að ríkinu væru veitt sömu réttindi og einstaklingunum. Ég held, að ummæli hans séu á misskilningi byggð og hann hafi ekki rannsakað húsaleigul. sem skyldi. Einstaklingar hafa mjög takmarkaða heimild til að rýma húsnæði. Það er aðeins, þegar um skyldmenni er að ræða, en ekki mega þeir gera það til þess að hafa þar skrifstofur.

Í 4. gr. húsaleigul. segir svo: „Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit. Ef íbúðarherbergi er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 200 kr. dagsektum í ríkissjóð, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.“ Með öðrum orðum: Ríkið setur einstaklingnum þær kvaðir, að ef hann lætur rýma húsnæði nema samkvæmt reglum þessum, verði hann að borga 200 krónur í dagsekt. Mér er ekki kunnugt um annað en Reykjavíkurbær taki á leigu hús, t. d. húsnæði það, sem Skipaútgerð ríkisins hefur, og leigi út með gamla verðinu. Má þá ekki Reykjavíkurbær segja upp því húsnæði, sem ríkið notar? Sömu reglur hljóta að eiga að gilda þar, sem ríkið er leigjandinn, og þar, sem það er leigusalinn.

Það er ekki hægt að komast hjá því að kannast við, að húsaleigul. eru gagnrýnd og eru ekki vinsæl, og á sú skoðun nokkur ítök úti um land, í nokkrum þorpum þar sérstaklega. Mér sýnist, að með frv. þessu sé gengið lengra en einstaklingnum er leyft. Í sambandi við þetta frv. finnst mér, að hv. d. eigi að gera þetta upp við sig: Á að láta óvinsæl ákvæði gilda um alla aðila í landinu, eða eiga tvenns konar ákvæði að gilda í þessu efni? Á ríkið eitt að sleppa undan þeim skyldum, sem það setur þegnunum í landinu?

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ef brtt. mín yrði samþ., yrðu meiri kvaðir lagðar á ríkið en einstaklingana í landinu. Ég fæ ekki betur séð en brtt. mín sé í fullu samræmi við 4. gr. húsaleigul., í fullu samræmi við þær reglur, sem ríkið skuldbindur einstaklingana til að fylgja, og falla því ummæli hæstv. ráðh. um sjálf sig. Þetta mál er aðeins um eitt hús hér í bænum, að því er fram hefur komið. Það hús er orðið nokkuð gamalt og þarf viðgerðar við. Þeir, sem hafa það nú á leigu, hafa viljað fá gert við það að innan, en þeirri málaleitun var svarað á þá leið, að það væri ekki hægt, vegna þess að fyrir lægi að rífa það og byggja annað hús á lóðinni. En samkvæmt frv. þessu á að gera húsið upp og gera það íbúðarhæft fyrir embættismenn þjóðfélagsins. Þetta er alveg nýtt viðhorf í málinu. Það hefur verið skipuð n. til að athuga, hvaða byggingar ættu að rísa hér við Lækjargötu og Lækjartorg. Mér er ekki kunnugt um starf þessarar n., en hæstv. ríkisstj. mun kunnugri því, hvað n. hefur starfað. Þótt ég flytji þessa brtt. hér, ætla ég að taka hana aftur til 3. umr., svo að hún mun ekki koma undir atkvæði hv. deildar nú.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Mér þykir rétt, þar sem nokkuð hefur verið deilt um það, hvort frv. þetta felur í sér brot á núgildandi reglum um húsaleigu eða gengur lengra en þær heimila, að láta í ljós skoðun mína um þetta efni.

Það er þá í fyrsta lagi réttur hins opinbera meðal borgaranna eða gagnvart þeim. Það hefur komið fram hér í þessum umr., að ekki þætti tilhlýðilegt, að ríkið hefði meiri rétt en einstaklingurinn. Það kann að vera hart, ef einstaklingurinn verður að þoka fyrir þjóðfélagsheildinni, eins og virðist koma fram hér. Þótt svo væri, að þjóðfélagið verði að ganga á rétt einstaklingsins, getur það verið nauðsynlegt og sjálfsagt. Það er víða talið sjálfsagt, að ef hagsmunir ríkisins og einstaklingsins rekast á, verði hagsmunir einstaklingsins að víkja.

Ég tel, að þetta geti verið svo mikilsvarðandi, að þessi grundvallarregla hljóti að gilda.

Með þessu frv. er farið fram á, að svo verði hliðrað til, að ríkið geti tekið þetta húsnæði til alþjóðarþarfa, og getur því verið mikilsvert að hafa slíkt ákvæði í l. Ég tel, að grundvallarreglan hljóti að vera sú, að þarfir þjóðarheildarinnar gangi fyrir hagsmunum einstaklingsins. Hér er ekki verið að tala um neitt, sem ekki er öðrum leyft. Hver einstaklingur hefur rétt til að rýma húsnæði, ef hann sjálfur eða hans tilteknir vandamenn þurfa á að halda, og er það skv. 3. gr. gildandi húsaleigul. Alþ. hefur leyft sér að gera undantekningu þar, sem opinberir starfsmenn eiga í hlut og þingmenn utan af landi, sem kæmu til bæjarins til þingsetu. Og þessi málsgr. var sett inn af alþm. út úr nauðsyn. Þeir vissu ekki, hvar þeir ættu höfði sínu að að halla, og tóku það ráð að setja þessa undantekningu inn í l. Nú er, eins og hæstv. félmrh. tók fram, ekki farið þann veg að, heldur er þetta, sem í þessu frv. er ætlað að lögleiða, svo til komið og þannig orðað hér, enda tilgangurinn sá, að ríkið sem eigandi fái í fyrsta lagi þann rétt, sem einstaklingar hafa, að nota sitt hús sem sína eign, ef það sjálft þarf á því að halda. Og þann rétt eiga einstaklingar. En nú hefur það komið til, þótt hér yrði skákað þannig til, sem í frv. er gert ráð fyrir, að ríkið mundi ef til vill ekki ætla að nota sér þetta húsnæði til íbúðar. Það stendur að vísu hér í till. „eða ef brýn þörf er fyrir húsnæðið vegna skrifstofuhalds.“ Það hefur verið vitnað í einstakling, sem býr á Gimli. En þar er líka opinber rekstur, það er hin alkunna matsala. Því að þetta mál mun vera til komið út af því húsi m. a. Svo að niðurstaðan ætti að verða sú, að skrifstofuhaldið ræki út mat-

söluna, þannig að skrifstofuhaldið fengi sama rétt og þeir, sem þurfa að búa þar af hálfu eiganda og eru því eins nákomnir og skyldmenni eigendum, sem eftir húsaleigul. hafa rétt til að rýma fyrir þeim skyldmennum. Að dómi húsaleigul. er skrifstofuhald ekki verra en matsala. Hér er því ekki um að tala, hvorki eftir grundvallarreglum l., ákvæðum húsaleigul. né eftir eðli málsins, að neitt sé gert, sem óhæfa sé. Hitt getur verið álitamál í hverju tilfelli, hvort það opinbera á að fást við þetta. En það, sem í þessu frv. er farið fram á, er alveg eins og með hv. þm., sem leyfðu sér að samþ. annað hliðstætt þessu, nefnilega að þeir skyldu ganga fyrir öllum öðrum eftir ákvæðum húsaleigul. um að komast inn í íbúðir.

Þessi orð vil ég láta falla hér, þó að brtt. eigi eftir að fara aftur til athugunar í n. fyrir 3. umr. En málið hefur ekki farið til n., af því að það er að nafninu til flutt af n. En ég beini því til hæstv. forseta, að hann stilli svo til, að hv. allshn. vildi athuga þetta mál. Því að mér skilst, að það hafi ekki verið athugað í n. Og þá erum við sammála svo langt, að málið fari til nýrrar athugunar. Og það er þannig, að það er rétt að hafa á því góða athugun.

En að síðustu vil ég benda á, að viðbótin í brtt., sem brtt. er víst gerð til að koma á framfæri, að ríkisstj. sé skylt að sjá leigutaka fyrir jafngildu húsnæði að dómi húsaleigun. í sama kaupstað eða hreppi, þessi viðbót er nokkuð, sem er alveg nýtt. Og það er ekki samkv. því, sem hv. þm. A.-Sk. vitnaði í í 4. gr. l., því að þar er talað um sérstök tilvik, sem sé, hvort íbúðarherbergi megi taka til annarra nota en íbúðar, með því að húsaleigun. getur veitt leyfi til þess, með því skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

Ég þykist hafa sýnt fram á, að þessu er ekki svo einfaldlega farið, heldur muni vera nauðsyn á, að þetta sé athugað betur.

ATKVGR.
Brtt. 982 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 122. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 123. fundi í Nd., 7. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 923, 982).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var hér til 2. umr., var umr. lokið með það fyrir augum, að það færi til allshn. til athugunar. Vil ég nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um málið.

Við 2. umr. kom í ljós, að málið átti hér nokkra sérstöðu. Hv. 10. landsk. sagði hér nokkur orð til skýringar á málinu, og voru þau almenns eðlis og um afstöðu ríkisins annars vegar og einstaklingsins hins vegar. — Ég skal ekki bera brigður á lögfræðilega þekkingu hans að neinu leyti. En nokkurs misskilnings gætti hjá honum, því að þetta mál er flutt í nokkuð sérstökum tilgangi. Hann benti mér á, að ég hefði getað lesið upp úr 3. gr. húsaleigul. eins og þeim gr., sem ég minntist á. En það gat ég ekki, því að ég vildi halda mér við efnið.

3. gr. kveður á um, hvaða menn megi öðlast búsetu innan héraðsins, og má benda á, að meðal þeirra eru alþm. og opinberir starfsmenn ríkis og bæja.

Það hefur upplýstst, að þetta frv. snýst aðeins um eitt hús, Gimli, og þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum. Það hefur gerzt nokkur saga um þetta hús, og þykir mér rétt, að hv. þm. geri sér ljósar rætur þess máls. Árið 1942—1943 var stórhýsi Kron tekið til notkunar. Þá stóð þeim, sem hafa Gimli til afnota, til boða að fá húsnæði þar til starfsemi sinnar. Það er misskilningur, að þar væri um opinbera matsölu að ræða á Gimli. Það er samvinnuheimili margra manna, og falla gjöldin jafnt á alla. Margir opinberir starfsmenn eru þar í fæði, þar á meðal aðalbókari ríkisins. Félag þessara manna dró sig til baka frá að taka þetta húsnæði hjá Kron, og fékk ríkið það, og hefur Viðskiptaráð nú aðsetur þar. Nú skyldi ætla, að rýmkazt hefði nokkuð um fyrir ríkinu, en svo virðist ekki hafa verið. Þann 30. marz 1943 var þessum mönnum tilkynnt, að þeir yrðu að víkja úr húsinu, og skyldi sú breyting gerð skv. húsaleigul. Það var látinn ganga dómur í málinu, og féll hann á þá leið, að óheimilt væri að segja húsnæðinu upp á grundvelli þessara laga.

Fyrst var því haldið fram af hálfu hins opinbera, að ríkið þyrfti á húsnæðinu að halda til skrifstofuhalds. En fáum dögum síðar var fallið frá því og sagt, að 5 eða 6 hjúkrunarkonur þyrftu á húsnæði að halda.

Í fógetarétti Reykjavíkur var því haldið fram, að þessi krafa stafaði af því, að svo margir sjúklingar væru í Landsspítalanum, að þeir tækju svo mikið pláss frá hjúkrunarkonunum. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa kafla úr málsskjölunum, en það er úr grg. verjanda málsins, og skýrir það málið nokkuð. Þar segir svo:

„.... Samkvæmt 1. gr. l. málsgr. núgildandi húsaleigul. frá 7. apríl þ. á. er leigusala óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn. Upptalningu þessa ber að skoða sem algerlega tæmandi, þannig að aðrir eða fleiri en þarna eru taldir koma ekki til greina í þessu sambandi. Er þetta auk orðalagsins ljóst af sögu þessa ákvæðis. Í l. nr. 36 frá 8. sept. 1941 var þetta orðað svo í 2. gr.: „Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína.“ Með l. nr. 126 frá 9. des. 1941 var hert á þessum ákvæðum og þau skýrð. Þar segir svo í 1. gr.: „Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar.“ Þarna er upptalningin orðin tæmandi. Sömu reglu er svo fylgt í núgildandi lögum, aðeins er þar bætt inn í kjörbörnum.

Eins og fram kemur í skjölum málsins er nýj-

asta ástæða gerðarbeiðanda fyrir útburðarbeiðni þessari sú, að hann telur, að ríkið þurfi nauðsynlega á húsnæði þessu að halda handa 5—6 hjúkrunarkonum Landsspítalans og 9 starfsstúlkum sömu stofnunar. Samkvæmt framansögðu er engin lagaheimild fyrir ríkið til þess að segja skjólstæðingi mínum upp húsnæði vegna þessa fólks. Ekki kemur til mála að setja hjúkrunarkonur þessar og starfsstúlkur á bekk með eigendum, þó að þær séu í þjónustu ríkisstofnunar. Ekki eru þær heldur í því nána sambandi við eiganda, sem greint er í 1. málsgr. 1. gr. húsaleigul. Þær eru aðeins í þjónustu ríkisins, eru aðeins starfsfólk þess. En til þess er engin heimild í húsaleigul., að atvinnurekandi eða húsbóndi megi segja upp leigusamningum um húsnæði vegna starfsfólks eða hjúa. Þó að iðnrekandi gæti ekki fengið verkafólk til vinnu í verksmiðju sinni nema því aðeins, að hann útvegaði því húsnæði, væri honum með öllu óheimilt, eftir núgildandi húsaleigul., að segja upp leigutökum í húsi sínu vegna þess. Að sjálfsögðu hefur ríkið hér ekki á neinn hátt rýmri rétt en einstaklingar. Því er þess vegna algerlega óheimilt að segja leigutökum upp húsnæði, sem þeir hafa haft í húsum þess, þó að ríkið eða ríkisstofnanir séu í vandræðum með húsnæði fyrir einhverja starfsmenn sína."

Þetta eru þau meginatriði, sem dregin voru fram í meðferð málsins. Það er mjög hæpið, að einn starfsmaður hins opinbera eigi að rýma fyrir öðrum.

Auk þess má benda á, að fyrir lá viðurkenning frá Viðskiptaráði um, að á Gimli væri mjög farið eftir algengu verðlagi á fæði og ekki sé rétt, að mötuneytinu verði gert ókleift að starfa.

Nú virðist frá sjónarmiði leikmanns samband opinberra starfsmanna við ríkið eins og foreldra við börn. En það var skýrt fram tekið í réttarhöldunum, að það er ákveðin skoðun lögfræðinga utan þings, að svo geti ekki verið.

Svo er almenna hlið málsins. Hæstv. dómsmrh. hélt því fram, að með þessu frv. væri verið að skapa ríkinu sama rétt og einstaklingunum. Ég vil taka ákveðið dæmi.

Það liggur fyrir, að þeir aðilar, sem hafa Gimli á leigu, áttu kost á að fá húsnæði hjá Kron. Af því varð ekki, en ríkið fékk það húsnæði. Nú getur Kron ekki rekið leigjendur út úr sínum húsum, ríkið ekki heldur. En samkvæmt frv. þessu á að skapa þennan mismunandi rétt. Ríkið á ekki að beygja sig undir sömu ákvæði l. og einstaklingurinn. Það á að geta rekið leigjendur sína út á gaddinn, einstaklingurinn ekki. Annars vegar á réttur einstaklingsins að vera sá sami og samkvæmt núgildandi l., hins vegar á ríkið að fá meiri íhlutunarrétt í þessu efni.

Ég ætla, að ókunnugleika hæstv. dómsmrh. sé um að kenna, að hann hélt því fram, að með frv. þessu væri verið að skapa jafnan rétt einstaklinga og ríkis. En sé það ekki, verð ég að telja það nokkra veilu í skoðunum hæstv. ráðh. um jafnrétti í landinu.

Í löggjöfinni hefur mjög víða verið að því stefnt að tryggja rétt einstaklingsins sem bezt, þegar ríkið hefur verið annars vegar, til dæmis um ábúðarréttindi á jörðum ríkisins. En hér er stefnt að því að gera rétt einstaklingsins ótryggari, ef ríkið er annar aðilinn. Enginn annar aðili en ríkið á að fá rétt til að reka leigjendur úr húsum sínum.

Allar hömlur eru yfirleitt óvinsælar, og er ekki líklegt, að þær geti staðizt lengi. Það virðist mjög óeðlilegt, að ríkið geti lagt þær hömlur á aðra aðila í landinu, sem það sjálft ekki vill hlíta.

Það kemur vissulega til álits, hvort það sé eðlilegt að setja l., sem þrengja kosti eins opinbers starfsmanns til að liðka til fyrir öðrum opinberum starfsmanni. Ég vil ekki fella dóm um þetta, en ég segi, að mér finnst þetta óeðlileg lagasetning, en skal samt ekki fullyrða, hvort hún fær staðizt, þar sem mér er ekki kunnugt, að á það hafi reynt fyrir dómstóli, hvernig það mundi dæmast.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Sá, sem átti að hafa framsögu fyrir þessu máli, er ekki viðstaddur, svo að ég ætla aðeins að skýra frá, að allshn. hefur tekið frv. til athugunar á ný, eins og óskað var við 2. umr. Fjórir nm. hafa mælt með frv. óbreyttu, en einn, hv. 1. þm. Árn., mun vera á móti frv.

Í grg. frv. kemur fram ástæðan fyrir, hvers vegna farið er fram á að setja svona löggjöf. Ég fæ ekki betur séð en efni þessa frv. sé í raun og veru í samræmi við húsaleigul. að því er snertir réttinn til að fá húsnæði rýmt. Svo er einnig það, að húsaleigun. metur þörf ríkissjóðs, svo að ríkisstj. getur ekki sjálf án úrskurðar látið rýma húsnæði, og mér skilst, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkisstj. fari fram á, að húsnæði sem þetta sé rýmt, ef það er vitað, að opinberir starfsmenn hér í bæ séu raunverulega húsnæðislausir, en það eru þó embættismennirnir, sem ríkið verður að sjá fyrir húsnæði, enda er það vitað, að ríkið hefur orðið beinlínis að kaupa fasteignir handa embættismönnum, vegna þess að húsnæði ríkisins er bundið. Það er þess vegna að mínu viti eðlilegt, að eins og einstaklingar geta fengið húsnæði rýmt, ef þeir hafa brýna þörf fyrir það sjálfir og nánasta skyldulið þeirra, geti það líka stj., ef hana vantar húsnæði og brýn þörf er að fá það fyrir embættismenn, sem stj. er skylt að sjá fyrir húsnæði, og þá ekki óeðlilegt, að ákvæði séu sett þar um. Mér skilst, að það sé efnislega sami réttur og húsaleigul. veita einstaklingum í slíkum tilfellum. N. hefur, eins og kemur fram í frv., flutt það eftir beiðni hæstv. stj., og hún hefur rætt það á fundum, eins og ég gat um áðan, og fjórir nm. leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða það nánar.

Páll Þorsteinsson: Ég fæ ekki betur séð en það standi óhaggað, sem ég hef haldið fram í þessu máli. Ég sé ekki, að það sé alls kostar í samræmi við ákvæði húsaleigul., að ríkinu séu veitt þau sérréttindi, sem farið er fram á í þessu frv. Það stendur óhaggað, að með þessu frv. er farið fram á, að ríkið geti rekið úr húsnæði sínu aðila, sem hafa gerzt leigutakar hjá því, en ríkið á samt að geta notið þeirra hlunninda að sitja fast í því húsnæði, sem það leigir hjá öðrum, eins og Viðskiptaráð leigir hjá Kron, allar skrifstofur Skipaútgerðar ríkisins eru í húsnæði Reykjavíkurbæjar o. s. frv. Hér er verið að stofna til misréttis milli ríkisins annars vegar og einstaklinga hins vegar. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr forsendum fyrir

þeim dómi, sem gengið hefur um þetta mál. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna er húseiganda óheimilt að segja upp íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni sín í beina línu o. s. frv. Ákvæði þetta virðist sett með einstaklinga fyrir augum, er þeir semja sín á milli, en þeir einstaklingar, sem gera samninga eins og þennan leigusamning við ríkið, verða eftir atvikum að njóta sama réttaröryggis eins og þeir væru að semja við aðra einstaklinga.“ Ég held, að þetta sé allskýrt, og hv. þdm. ættu að taka það til athugunar. Ég held, að það sé þess vert í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 982 felld með 13:9 atkv.
Frv. samþ. með 14:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 120. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 923, n. 1092).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið athugað í allshn., en þó er þess að geta, að þegar málið var tekið til meðferðar, sem var á tveimur fundum, voru tveir hv. nm. fjarstaddir, þeir hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Seyðf.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi l. um húsaleigu, og vill n. að þeirri athugun lokinni eftir atvikum mæla með því, að frv. verði samþ., aðallega vegna þess, að ef frv. verður ekki samþ., má segja, að ríkið sé í raun og veru verr sett en einstaklingar myndu vera, vegna þess að þeir sem einstaklingar hafa uppsagnarfríðindi eftir húsaleigul., sem ekki eru talin eiga við með sama hætti um ríkið, þar sem þær uppsagnir eru miðaðar við skyldleikasamband. En n. virðist, að það væri eðlilegra, að slíkt persónu- og skyldleikasamband gæti ekki komið til greina um ríkið sjálft.

Og þar sem frv. fer þannig í raun og veru í þá átt að jafna um þetta í þessu efni, þá vill n. mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Húsaleigul. voru til umr. í þessari hv. d. 1943, og var þá töluvert rætt um hin ýmsu ákvæði þeirra.

Mér kom dálítið einkennilega fyrir þetta allt, sem hér er viðurkennt af hv. allshn., og einnig ummæli hv. frsm., því að það er kunnugt, að um þessi l. hefur staðið mjög mikil óánægja, og mundi hún engan veginn minnka, ef farið væri inn á þessa braut, sem ég get ekki séð annað en farið sé inn á, að gefa ríkinu meiri rétt en einstaklingum. Mér finnst rétt að gefa ríkinu sama rétt, en ég álít ákaflega varhugavert að fara inn á þá braut að gefa ríkinu meiri rétt við lagasetningu, sem er þó jafnóvinsæl og viðkvæm og þau l. eru, sem hér er um að ræða. Ég sé ekki heldur, að það sé nauðsyn að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, til þess að ná því, sem ætlazt er til með þessum l. hvað snertir starfsmenn ríkisins. En hvað viðvíkur því, að ríkinu sé heimilað að taka íbúðir til þess að nota þær sem skrifstofur, þá er öðru máli að gegna. Þar er gengið lengra en einstaklingi er leyft, þeim er ekki leyft að taka sitt eigið hús og gera það að skrifstofu fyrir sig, og eins, ef ríkinu á að vera frjálst að byggja, þá getur slíkt varla talizt heldur sanngjarnt. Það hefur ekki verið leyft. Ég þekki þess mörg dæmi, að mönnum hefur verið fyrirmunað að byggja stórhýsi, sem skapaði mikið húsnæði, en í stað þess hefur mönnum verið fyrirskipað að halda við lélegum húskofum, sem varla eru mannabústaðir, af því að í þeim eru tvær hræður, sem bæði er vegna þess, að það er ekki hægt að koma þessu húsi af lóðinni vegna húsaleigul. En hér finnst mér, að annar og meiri réttur sé skapaður sjálfu ríkinu í þessu efni en þegnunum. Nú er það alveg áreiðanlegt, að húsaleigul. hafa gengið mjög á rétt einstaklinga í þessum bæ og víðar í landinu, en það hefur verið réttlætt fyrir þá sök, að vegna styrjaldarinnar þurfi að halda niðri dýrtíðinni í landinu, og þess vegna hafi verið takmarkaður réttur þeirra manna, sem eiga húseignir, og þeim bannað að græða á húsaleigunni. Þetta hefur þótt nauðsynlegt vegna þeirrar nauðsynjar að hleypa ekki af þessum ástæðum dýrtíðinni upp í landinu. En þá er það sjálfsögð krafa þeirra manna, sem telja sig hafa orðið fyrir barðinu á Alþ., að a. m. k. sjálft ríkið verði að beygja sig undir þessi sömu húsaleigul. Það getur engan veginn verið hægt að ætlast til þess, að þeir menn, sem verða á margvíslegan hátt að líða það tjón, sem þeir hafa liðið og líða enn vegna hinna hörðu ákvæða húsaleigul., þoli það, að ríkið geti hvar, sem það þarf á að halda, tekið húsnæði í sínar þarfir.

Ég vil einnig í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að í Sþ. er þáltill. um það að fá rannsókn á húsaleiguvísitölunni á ný, vegna þess að viðkomandi menn þykjast vera mjög illa leiknir af þeirri vísitölu, sem ákveðin er og reiknuð hefur verið út.

Þetta mál hefur komið fyrir allshn., og hefur komið skýrt fram þar, að það skiptir miklu meira máli fyrir húseigendur, að þeim ákvæðum í þessum l. væri breytt, sem hvort tveggja í senn gæti mildað fyrir þeim hin hörðu skilyrði, sem Alþ. hefur sett þeim með þessum l., heldur en þótt farið yrði að rannsaka grundvöll húsaleigul., og skal ég í þessu sambandi benda á, að fulltrúar þessara manna hafa upplýst, að fjölmargir menn, sem sitja í gömlu húsaleigunni, leigi nú svo og svo mikið af húsnæði sínu fyrir okurverð, án þess að ákvæði l. geti náð til þeirra, og gera þetta húsnæði að tekjulind fyrir sig, sem ætti að vera tekjulind sjálfra húseigendanna.

Ég hygg, að með þessari lagabreyt. á sjálfum húsaleigul. mætti ef til vill að nokkru eða öllu leyti fyrirbyggja þetta, m. a. með því, að húseigendur sjálfir ættu kröfu á því, að ef einhver, sem hefur íbúð á leigu samkvæmt gamalli leigu, þyrfti ekki að nota fyrir sig allt það húsnæði, þá ætti húseigandi sjálfur rétt til þess að leigja það út eftir núgildandi húsaleigul. Ég hef sömu skoðun á þessum málum og á þinginu 1943, þegar þetta mál var til umr., og er ég á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir og ber því fram rökstudda dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti nú þegar endurskoða húsaleigulögin og leggi síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um breytingu á þeim, er tryggi ríkinu og þegnunum sama rétt yfir eignum sínum og gefi auk þess húseigendum meiri ráð yfir húseignum sínum en nú er, án þess þó að raska grundvallaratriðum laganna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég álít, að þessi húsaleigul. þurfi endurskoðunar við og lagfæringar; ég hygg, að þau l. hafi bakað húseigendum mikið tjón og ríkinu mikil útgjöld. En ekkert annað finnst mér sæma í þessu máli en þegnunum sé gefinn jafn réttur og ríkinu.

Ég sé ekki neitt, sem er svo aðkallandi í þessu máli fyrir ríkið sjálft, að það megi ekki bíða til næsta hausts, svo að þessi rannsókn geti farið fram og helzt í samráði við húseigendur, því að óneitanlega bera þeir þyngstu byrðina í þessu máli.

Ég vænti þess, að þessi dagskrá, sem ég legg hér fram fyrir hæstv. forseta, verði samþ. og málið afgr. á þennan hátt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð. felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, PHerm, BSt, GJ, HermJ.

nei: KA, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Af því að ég tel endurskoðun húsaleigul. í heild algerlega þessu óviðkomandi, segi ég nei.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 127. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Ég geri ráð fyrir því, að frv. þetta verði samþ., en áður en gengið er frá því, vil ég segja örfá orð um það.

Ég er mótfallinn þessu frv., í fyrsta lagi vegna þess, að mér finnst rangt af ríkisstj., þar sem hún hefur gert tilraun til þess að koma þeim, sem hafa húsnæðið nú, úr húsinu og tapað því máli, að nota sér þá aðstöðu, sem hún hefur til þingfylgis á Alþ. til að breyta löggjöfinni og taka sér annan rétt en þegnarnir, sem verða eðlilega að búa undir þessari löggjöf. Þetta er út af fyrir sig nægilega stórt atriði til þess að vera á móti frv. En ég vil einnig benda á önnur rök, sem mæla gegn frv., áður en það verður samþ. og ráðið er að gera við húsið. Það er vitað mál, að á þessu svæði, frá Amtmannsstíg og að Bakarabrekku, eru dýrmætustu lóðir ríkisins. Skrifstofur ríkisins eru nú þegar dreifðar víðs vegar um bæinn. Þó að ríkið tæki lán til þess að byggja á þessari lóð, er líklegt, að það mundi borga sig samanborið við þau leigukjör, sem ríkið á nú við að búa. Í þessu sambandi vil ég benda á, að ríkið er nú að taka á leigu eina hæð í húsi hér skammt frá. Auk leigunnar verður ríkið einnig að sjá um innréttingu á þeirri hæð, ef það á að fá hana leigða. Þessi hæð er í Tjarnargötunni í húsi, sem verið er að byggja þar. Heyrzt hefur, að ríkið sé einnig að taka á leigu hæð í öðru húsi í sömu götu. Það er verið að dreifa skrifstofum ríkisins og stjórnarráðsins víðs vegar um bæinn í leiguhúsnæði. Ríkið þarf á þessari lóð að halda til þess að byggja yfir skrifstofur sínar og stjórnarráðshús. Auk þess vil ég minna hæstv. Alþ. á það, að óbyggt er yfir hæstarétt og fleiri stofnanir. En nú er í ráði að gera við þetta hús. Ég ætla, að þá muni koma í ljós, þegar þeirri viðgerð verður lokið, að hún muni kosta álíka mikið og að byggja nýtt hús á þessum stað. Húsið er bæði gamalt og illa við haldið. Nú er það vitað, að ¼ byggingarkostnaðar er að gera húsið fokhelt. En þetta hús, eins og það er núna, er ekki fokhelt eða vatnshelt. Þess vegna mun vera mjög kostnaðarsamt að gera vel við það. Og það er ekkert vit að samþ. nú að leggja í byggingarkostnað 2—300 þús. kr., þar sem það er vitað, að rífa verður alla bygginguna eftir 2—3 ár til þess að byggja stórhýsi þar. Það er ólíklegt, að það dragist lengur en í 1—4 ár, þangað til byggt verður yfir skrifstofur ríkisins og reist stjórnarráðshús, svo að það nauðsynlegasta sé nefnt. Viðgerðin á þessu húsi mun taka hálft ár. Henni verður sem sagt aðeins lokið, þegar rífa þarf húsið til að rýma lóðina. Það eru engin hyggindi í þessu. Það er alveg hægt að upplýsa það með vissu, að þegar búið er að taka húsið af þeim leigutaka, sem hefur það nú og er ánægður með það fyrir mötuneyti, þá mun það koma í ljós, þegar viðgerð er lokið, að hún hefur kostað álíka mikið og að reisa nýtt hús á sama stað. Byggingarfróður maður hefur látið þetta álit uppi um kostnaðinn. Það á ekki að leggja nú fleiri hundruð þúsund kr. í viðgerðarkostnað, það á að byrja að byggja varanlega byggingu strax, það má skipuleggja það allt fyrir fram og byggja bygginguna smátt og smátt, eftir því sem aðstæður leyfa. En ég álít skakkt að farið, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég vil geta þess, að í húsinu býr ekkja fyrrv. dyravarðar, Daníels Daníelssonar. Ríkið hefur séð þessari ekkju fyrir húsnæði eins og ekkju þess varðar, sem á undan var. Ég veit ekki, hvort ríkið ætlar sér að sjá henni fyrir húsnæði eða bera hana út á götuna.

Ég hef orðið þess var hér í þinginu, að sumir vilja álíta, að það sé eitthvert framsóknarmötuneyti þarna í húsinu, þar sem það erum við framsóknarmenn aðallega, sem beitum okkur gegn frv. Ég hygg það séu ekki síður menn úr öðrum flokkum, sem borða á þessum stað. En þetta mötu-

neyti hefur gert stórmikið gagn, vegna þess að það er samlagsmötuneyti og hefur haldið niðri verðlagi á fæði í bænum. Það hefur selt fæðið ódýrara en víða annars staðar, og það hefur áreiðanlega haft veruleg áhrif á að halda niðri verðlagi á öðrum matsölum.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. En ég ætla, að einhvern tíma, þegar búið er að gera við þetta hús, verði hægt að minna menn á, hverjir það voru, sem beittu sér fyrir samþykkt þess.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, HG, KA, LJóh, MJ, ÞÞ, StgrA.

nei: BSt, GJ, HermJ, IngP, JJ, PHerm.

4 þm. (BrB, EE, GÍG, PM) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1116).

102. Skallagrímur h/f í Borgarnesi.

Á 92. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi (þmfrv., A. 700).

Á 93. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, ef hv. þm. hafa lesið grg. frv., því að þar er málið skýrt eins og unnt er í stuttu máli. Efni þess er eins og það ber með sér, að ríkissjóður hjálpi til að endurbyggja og stækka skipið Laxfoss, sem strandaði hér fyrir einu ári rétt við Akurey, á sama hátt og hann hjálpaði áður til þess, að skipið var byggt og flutt til landsins. Ríkissjóður lagði þá fram ⅓ hlutafjár, sem þá var af hans hálfu 50 þús. kr., og ábyrgðist hitt. Nú eru þessar 50 þús. kr. orðnar með þeirri varasjóðseign, sem fyrirtækið á, um 200 þús. kr., m. ö. o., að hlutaféð allt, sem upphaflega var lagt fram með varasjóðseignum öllum er nú orðið 600 þús. kr. Nú ætla þeir aðilar, sem að skipinu stóðu, að leggja fram allt sitt fé og varasjóðseign sömuleiðis, ef þetta frv. verður samþ., til að endurbyggja Laxfoss, ef ríkið gerir hið sama. Auk þess hefur verið boðið fram heima í héraði 300 þús. kr. hlutafé. Er farið fram á, að ríkissjóður haldi sínu hlutfalli, og yrði þá það framlag ríkissjóðs 150 þús. kr. Yrði þá allt hlutaféð, ef frv. yrði að l., 1050 þús. kr. Kostnaður við að endurbyggja og stækka skipið og setja í það nýja og aflmeiri vél er þannig, að skipið mundi ekki kosta yfir 1800 þús. kr., þegar þessum framkvæmdum væri lokið. Vantar þá 750 þús. kr., sem er hugsað að taka að láni með fyrsta veðrétti í skipinu og ábyrgð ríkissjóðs. En til þess að það geti orðið, þarf heimild til að leggja varasjóðinn inn í hlutafélagið, án þess að á hann sé lagður tekjuskattur, svo að þetta fé verði allt lagt fram sem tryggingarfé fyrirtækisins. Mætti þá segja, að allt þetta fé væri tryggingarfé, og þessar 750 þús. kr. ættu þá að vera með öllu áhættulausar fyrir ríkissjóð, þó að hann ábyrgðist lán, samhliða því sem það er tryggt með fyrsta veðrétti í skipinu. Ég skal geta þess, að hin síðari ár, sem félagið rak Laxfoss, bar skipið sig mjög vel, svo að það var mjög lítill styrkur, sem veittur var til ferða þess að öðru leyti en því, þegar skipið fór aukaferðir til Breiðafjarðar, og svo fyrir póstflutning, en þetta síðasta ár, síðan skipið strandaði, hefur það sýnt sig, að með þeim farkosti, sem var fyrir hendi og verður fyrir hendi, ef ekki verður úr bætt, þá er útlit fyrir, að ef ríkissjóður ætti að standa undir rekstrarhallanum af þessum samgöngum, þá mundi það kosta ríkissjóð hátt á þriðja hundrað þús. kr., en í sambandi við þá reynslu skipsins, sem fengizt hefur, má gera sér góðar vonir um, að ef skipið er endurbyggt þannig, að það geti tekið að sér allar samgöngur um innanverðan Faxaflóa, til Akraness og Borgarness, verði hægt að reka skipið ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Þá vil ég einnig geta þess, að að undanförnu hefur sérstakt skip verið í förum milli Akraness og Reykjavíkur og séð um flutninga á þeirri leið, en nú er komið samkomulag milli Skallagríms og Akurnesinga um alla fólks- og vöruflutninga á sjó milli þessara kaupstaða og Reykjavíkur, og þó að skipið yrði vitanlega nokkru dýrara í rekstri, eftir að það væri orðið eitt á þessum leiðum, eins og það á að verða, þá eru miklar líkur til, að hægt sé að halda uppi samgöngum ríkinu að kostnaðarlausu milli þessara staða, í stað þess, að ef þeim væri haldið áfram í svipuðu horfi og verið hefur undanfarið ár, þá mundi ríkið verða að borga stórfé árlega til að halda þessum samgöngum uppi.

Ég skal geta þess, að við flm. höfum rætt málið ýtarlega við samgmn. og ríkisstj., samgmrh. og fjmrh., og hafa þeir báðir lagt með frv., eins og getið er um í grg.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, en óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgmn.

Páll Zóphóníasson: Þetta frv. mun fara til n. Ég vil leyfa mér að benda n. á eitt atriði í þessu máli, sem ég skal ekki að þessu sinni leggja dóm á efnislega, en ég held sé varhugavert. Það er gert ráð fyrir, að varasjóði verði úthlutað sem bréfum. Þetta er algerlega óleyfileg úthlutun á fé úr varasjóði, en hvort þingið vill veita þessa undanþágu vegna þarfarinnar, dæmir það um. En ef hún á að veitast, þá þarf að orða frv. öðruvísi, því að eins og frv. er nú, þá yrðu það ekki þessi bréf, sem yrðu skattlögð, heldur varasjóður, og það verður þá að leyfa þessar ráðstafanir án þess að leggja skatt á þetta fé. Þetta vil ég benda n. á, ef þingið vill ganga inn á þessa braut, sem ég tel mjög varhugavert.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta er fyrirkomulagsatriði, hvor leiðin yrði farin í þessu efni. Það er lítið svo á, að hlutaféð yrði að mestu leyti áhættufé, sem lagt væri í þetta fyrirtæki, og væri því ekki ástæða til að skattleggja það á leið þess yfir í nýtt hlutafé úr varasjóði. Mér er ljóst, að það mætti koma því þannig fyrir, að varasjóður væri lagður inn í fyrirtækið óbreyttur og hluta-

féð lækkað, og ef n. og þing fella sig betur við það, þá kemur það í sama stað niður. Féð verður þá áfram áhættufé í fyrirtækinu og kemur í eigu fyrirtækisins á sama hátt og áður. Að sjálfsögðu athugar n., hvora leiðina hún velur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 700, n. 856 og 876).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Þetta frv. er í fyrsta lagi um það að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 750 þús. kr. láni fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi til viðgerðar á m/s Laxfossi. Annað atriðið er um að breyta varasjóði félagsins í hlutafé og félagið þurfi ekki að greiða tekjuskatt vegna þeirrar breytingar. Og í þriðja lagi, að ríkissjóður leggi fram viðbótarhlutafé, allt að 150 þús. kr., til fyrirtækisins. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, en eigi orðið sammála um það. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., þó með þeirri breyt., að niður verði felld úr 2. gr. frv. heimild félagsins til þess að breyta varasjóði sínum í hlutafé. Fékk n. umsögn fjmrn. um þetta atriði, og leggur það á móti þessu ákvæði.

Meiri hl. álítur enga áhættu því samfara að veita þessa ríkisábyrgð gegn 1. veðrétti í skipinu, og að því er snertir viðbótarhlutaféð er hann einnig samþykkur ákvæði frv.

Með l. frá 9. jan. 1935 var ákveðið, að ríkið legði fram ⅓ hlutafjár til fyrirtækisins, og er gert ráð fyrir, að það hlutfall haldist.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vísa til nefndarálitsins.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Ég get verið fáorður, því að ástæðurnar fyrir afstöðu minni í þessu máli eru greindar í nál. mínu. Ég tel ekki heppilegt, að hlutafélag hafi á hendi samgöngur á hinni fjölförnustu fólksflutningaleið landsins, enda þótt ríkið sé meðeigandi. Ég teldi eðlilegast, að ríkið hefði sjálft með þetta að gera. Ég geri ráð fyrir, að málinu sé tryggður meiri hl., en ég get ekki léð því mitt fylgi.

Bjarni Ásgeirsson: Ég get þakkað hv. meiri hl. fjhn. fyrir till. sína, þótt ég hefði heldur kosið, að frv. væri samþ. óbreytt. En þótt ég hefði óskað þess frekar, mun ég samt sætta mig við þá afgreiðslu hv. n., og er ég þakklátur fyrir hennar till. í heild.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast ofur lítið á nokkrar athugasemdir, sem koma fram í nál. minni hl., hv. þm. A.-Húnv. Þar er lagt til, að frv. verði felllt. Mér finnst aths. hv. minni hl. ekki alls kostar réttar eða sanngjarnar og því síður veigamiklar ástæður, sem hann færir fram gegn samþykkt frv. Fyrst og fremst hneykslast hv. þm. A.-Húnv. á því mjög mikið, að ríkið skuli vera meðeigandi í hlutafélagi, sem hefur stjórn uppi í Borgarfirði, — jafnvirðuleg stofnun og ríkið skuli blanda blóði við menn, sem hafa aðsetur uppi í Borgarfirði. Mér þykir þetta undarlegt, því að mér virðist Borgfirðingar ekki vera lakari menn en aðrir hér á landi. Ég vona, að hv. þm. A.-Húnv. sé ekki orðinn svo gegnsósaður af tilfinningunni fyrir því, að Reykjavík sé eini staðurinn á landinu, sem nokkurs eigi að meta, þó að hann sé búinn að sitja nokkuð lengi á Alþ., og út fyrir Reykjavík megi ekki fara með fyrirtæki, sem ríkið tekur þátt í. Hv. þm. talar um, að það eigi ekki að láta þetta fyrirtæki ráða yfir fjölförnustu samgönguleið landsins. Vitanlega ræður þetta fyrirtæki ekki yfir samgönguleiðum landsins. Þetta fyrirtæki verður að beygja sig undir þær ákvarðanir, sem ríkið og þeir aðilar, sem með það hafa að gera, setja um fólksflutninginn á þeirri leið. Þeir menn, sem þetta fyrirtæki eiga, ráða ekki yfir því, hvort fólksflutningarnir fara frá og til Reykjavíkur um Akranes eða Borgarnes. Og eins og mér skilst, að meiri hluti fólksflutninganna sé um Akranes, verða þeir að beygja sig fyrir því að flytja fólkið þannig sem það vill fara, eins og hv. þm. A.-Húnv. álítur að eigi að gera. En fyrirtækið gerir ekki annað en að fara þessar áætlunarferðir, sem ríkið segir því að fara samkvæmt ákvörðun frá þeim aðilum, sem þar ráða, um hvaða leiðir aðalfólksflutningarnir fara.

Þá sagði hv. þm. A.-Húnv., að af þessu félagi sé ekki svo góð reynsla, að ástæða sé til þess að veita því mikið fé. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með því, nema ef það skyldi vera, að Laxfoss strandaði. Ég veit ekki til, að hægt sé að kenna fyrirtækinu um það. Ég veit ekki til þess, að nein stjórn skipaútgerðar geti tekið ábyrgð á því, að skip geti alls ekki strandað, og ég held, að öllum beri saman um það, sem ferðazt hafa með þessu skipi, að það sé það bezta skip, sem hafi þekkzt á þessari siglingaleið. Öllum, sem ferðazt hafa fyrr og síðar með skipum á þessari leið og þekkja þann skipakost, sem þar hefur verið völ á, ber saman um það, að þetta hafi verið bezta skipið. Ég veit ekki til þess, að kvartað hafi verið undan fyrirtækinu. Hitt er svo annað mál, að margur hefur um sárt að binda út af Laxfossstrandinu í fyrra.

Þá talar hv. þm. A.-Húnv. um það, að það sé mesta óráð að ætla að fara að endurbyggja flak, sem búið sé að liggja í sjó og fjöru í nær 2 ár. Það var ekki fullt ár liðið frá strandinu, þegar var byrjað að endurbyggja Laxfoss, og smiðir þeir, sem tekið hafa að sér endurbyggingu Laxfoss, segja, að þeir hafi aldrei gert við betra og sterkara skip, — aldrei fengið vandaðri skipsskrokk í alla staði til endurbyggingar en þetta skip. Svo að ég held, að engin hætta sé á því, að ekki megi fá sæmilega gott skip úr Laxfossi, þó að hann sé búinn að liggja í sjó og fjöru um ár eftir að tókst að ná honum út af strandstaðnum. Annars var það ekki ósk félagsins, að Laxfoss lægi svo lengi. Það voru aðrir aðilar, sem þar réðu, vátryggingarfélagið og björgunarfélagið, sem eiga sök á því, ef um sök er að ræða. En það er fyrirtækið, sem vill sjá um, að skipið liggi ekki þarna lengur, vegna þess að þær samgöngur, sem hafa verið þann tíma síðan, hafa verið algerlega ófullnægjandi þeim, sem hlut eiga að máli. Þar að auki hefur það sýnt sig, að þær ferðir hafa orðið ríkissjóði svo dýrar, að þetta fé, sem ríkið leggur félaginu til, til þess að endurbyggja skipið, ef þetta verður samþ., verður ekki nema smáræði hjá

því, sem ríkið yrði að eyða árlega til þess að halda við þessum flutningum, sem hv. þm. A.-Húnv. vill nú helzt, að ríkið annist. Ég skal geta þess, að það er langt frá því, að þessum mönnum, sem að þessu standa, sé það sérstakt keppikefli að annast þessar samgöngur milli Reykjavíkur og Akraness og Borgarness, ef ríkið vildi taka þær að sér, en það hefur sýnt sig, að ríkið hefur ekki haft tök á því að leggja í þessar ferðir þann skipakost, sem þurfti, og ekki útlit fyrir það. En ég er sannfærður um það, að strax og ríkið óskar eftir að taka að sér þessar samgöngur, er félagið fúst til þess að láta af hendi þetta skip til ríkisins til samgangna annars staðar á landinu, þannig að það er aðeins nauðsyn, sem hefur knúð eigendur skipsins til þess að leggja aftur fram það fé, sem fengizt hefur með rekstri þess, að leggja allt það í áhættu aftur, til þess að fá betri samgöngur á þessari leið. Og ég held, að þeir ættu frekar þakkir skilið fyrir það heldur en ávítur. Og þótt að vísu mikið af samgöngum um Norður- og Vesturland liggi um þessa leið og ríkið hafi þar af leiðandi mikilla hagsmuna að gæta með þessar samgöngur, þá verður þess að gæta líka, að héruðin, sem þar næst liggja, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Snæfells- og Hnappadalssýsla, eigi þó mest undir því, hvernig þessar samgöngur eru, því að þetta eru héraðssamgöngur við þessi héruð, sem mjög mikið veltur á um alla afkomu þeirra héraða, að þessar ferðir fari vel úr hendi. Og það eru vitanlega þau héruð, sem finna bezt, hvar skórinn kreppir, og þess vegna hafa þau riðið á vaðið um þau mál.

Ég veit, að það hefði e. t. v. verið réttara fyrir þessa menn, sem áttu fé í þessu fyrirtæki, að taka þessa peninga og skipta þeim á milli sín, en þeir hafa nú lagt í það að leggja fé sitt fram á ný til þess að bæta úr þessum samgöngum. Ég hef ekki talað við nema einn af þeim hluthöfum í þessu fyrirtæki, sem er á móti þessu máli og lítur sömu augum á málið og hv. þm. A.-Húnv., en það er Vigfús Guðmundsson, og ég get verið hv. þm. A.-Húnv. þakklátur fyrir það, að hann vill láta sjónarmið þessa manns einnig koma fram hér á Alþingi.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. Mýr., aðalflm. þessa frv., enda þótt ég ætli ekki að fara út í neinar eldhúsdagsumr. við hann. En það eru nokkur atriði, sem ég vil gera aths. við.

Hv. þm. byrjar á því að snúa út úr því, sem ég segi í nál. mínu, að ég telji óheppilegt skipulag, að það sé fyrirtæki, sem hefur stjórn sína uppi í Borgarfirði, sem ræður yfir þessari samgönguleið, og vildi telja, að það sýndi vantraust á því héraði. Því er alls ekki til að dreifa. Ég hefði alveg eins tekið svo til orða, þó að stjórnin hefði verið norður á Ströndum eða í Húnavatnssýslu. En ég álít það ákaflega óheppilegt, að fyrirtæki, sem ræður yfir fjölförnustu samgönguleið landsins, hafi ekki stjórn sína í höfuðstað landsins, þó að hún sé ekki lengra frá en uppi í Borgarfirði. Þetta sýndi reynslan í fyrra, þegar skipið strandaði, hvernig allt gekk til þá, og m. a. vegna þess, að stjórnin var fjarverandi og enginn stjórnandi þessa fyrirtækis var í Reykjavík, lá við, að skipið væri látið liggja á skerinu með öllu fólkinu um nóttina, og hefði sennilega gert það, ef ekki hefði verið herlið hér í bænum, sem kom til hjálpar.

Þá var hv. þm. Mýr. með slettur í minn garð á þann veg, að ég mundi telja Reykjavík svo þýðingarmikinn stað fyrir landið, að ekki mætti telja neitt gott eða gilt nema það, sem þar færi fram. Þetta er óþarfa útúrsnúningur hjá hv. þm., því að allir vita, að Reykjavík er höfuðstaður landsins og fyrirtæki, sem hér er, hefur bezta aðstöðu til þess að hafa stjórn á fyrirtæki, sem hefur með samgöngur héðan og hingað að gera. Verði svo, að þetta frv. verði samþ., sem ég geri ráð fyrir, býst ég við að koma með brtt. við frv. fyrir 3. umr., þess efnis, að ríkisstj. skipi færa menn í stj. þessa fyrirtækis og það sé tryggt, að einhver af þeim mönnum eigi heima í Reykjavík. Þá var hv. þm. að tala um það, að þetta fyrirtæki réði ekki yfir fólksflutningunum á norðurleiðinni, en reynslan hefur sýnt, að það hefur haft mjög sterka tilhneigingu til þess að ráða yfir þessari samgönguleið og nota tekjurnar, sem eru af þessum miklu fólksflutningum, til þess að létta undir með vöruflutningum, sem eru kostnaðarsamari á þessari leið, eins og annars staðar á landinu. Þetta er ekki alls kostar heppilegt, a. m. k. mun fólkinu finnast það, sem á þessari leið ferðast, að það sé ekki eins vel búið að ferðafólkinu sem skyldi. Því hefur verið haldið fram hér, að það séu öfgar, að það sé ekki góð reynsla af þessu félagi, en það mætti þá margt til færa því til sönnunar, að það sé rétt. Ég hef kynnzt því, hvernig gengið hefur með ýmislegt í þessu félagi og hvernig gekk í sambandi við strandið í fyrra. Og má þá ekki gleyma því m. a., sem sýnir fyrirhyggjuna hjá þessu félagi, að það hafði ekki rænu á því að vátryggja skipið eins og eðlilegt var, því að ef það hefði gert það samkvæmt því, sem eðlilegt var, að það hefði kostað, ef byggja þyrfti það nú, þá hefði hagur fyrirtækisins verið annar nú, þó að skipið strandaði. Ég get því ekki fallizt á, að rétt sé að veita þessu félagi eins konar aukin fríðindi, eins og í þessu frv. er farið fram á.

Varðandi það að gera við Laxfoss, þá tek ég það fram í nál. mínu, eins og allir skilja, að skipasmíði er mál, sem ég hef ekki þekkingu á, eða það, sem þær varðar, en hitt finnst mér ákaflega undarlegt, ef það er heppilegt, eins og sakir standa, að fara nú að endurbyggja skipið, sem látið hefur verið liggja um það bil ár í sjó og fjöru og ryðga þar niður. Ég fæ ekki séð, að það sé heppilegra en að byggja nýtt skip eða kaupa. Það kann að vera, að það sé ódýrara að gera við skipið, en undarlegt þykir mér það, þegar hugsað er út í það, — við vitum, hvað er verra að byggja úr skemmdu efni og hvað það getur hefnt sín, þegar fram í sækir, þótt það hafi e. t. v. reynzt ódýrara í svipinn. Ég skal játa, að ég hef ekki þekkingu til þess að fullyrða um þetta í þessu tilfelli, en frá heilbrigðu sjónarmiði þykir mér ákaflega undarlegt, að hér sé heppilegasta leiðin farin.

Viðvíkjandi því, að það sé ekki fyrirtækinu að kenna, þó að skipið hafi legið svona lengi þarna og ekki tekið til viðgerðar fyrr, þá finnst mér, að það hefði verið heppilegra fyrir það að gera eitthvað til þess að fá gert við það fyrr, ef það á annað borð hefur þá hugsað sér að hafa einhver afskipti af þessum samgöngum. Það hefði verið réttara að taka skipsskrokkinn fyrr til viðgerðar en

að láta hann skemmast, eins og þó raun hefur orðið á. Fyrst liggur skipið í 7 vikur á skerinu, sem það strandaði á. En það, sem varð fólkinu aðallega til lífs við þetta strand, var það, að skipinu var siglt á fullri ferð upp á þetta sker í ekki dimmra veðri en það, að leiðarmerkin við Reykjavíkurhöfn sáust. Fleira skal ég ekki fara út í að sinni. Ég álít, að þetta eigi að nægja til þess, að hvorki þessum hv. þm. né öðrum hv. þm. þurfi að koma það undarlega fyrir, þó að þessu frv. sé ekki tekið þannig, að það þyki sjálfsagt og eðlilegt að gleypa við því að leggja fram 900 þús. kr. í þetta fyrirtæki, eins og reynslan hefur verið á því fram að þessu.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal ekki halda langa ræðu um þetta.

Hv. þm. A.-Húnv. gat þess, að sumt í þessu máli lægi fyrir utan hans þekkingarsvið. En ég held, að það sé kannske eitthvað fleira en það, sem hann sjálfur hefur viðurkennt um það.

Ég vil mótmæla þeim ásökunum og dylgjum, sem fram komu í ræðu hv. þm. um það, að þetta fyrirtæki hefði hagað sér þannig á undanförnum árum, hvað rekstur skipsins snertir, að það út af fyrir sig sé næg ástæða til þess, að fé sé ekki veitt í þetta, sem hann kallar aukin fríðindi. Hv. þm. hefur ekki fært fram nein rök fyrir þessum áburði. Hann talar um, að skipinu Laxfossi hafi verið siglt á fullri ferð upp á sker, og svo bætir hann við, að siglingaljósin hér í höfuðstaðnum hafi sézt. Ég hygg þetta ofsagt hjá hv. þm. Það var moldviðri, þegar skipið strandaði þarna á skerinu, og þótt einhvern tíma hafi blaktað svo fyrir, að sézt hafi leiðarljósin einhvern tíma á leiðinni, þá er langt frá því, að hér hafi verið um bjart veður að ræða. Enda vita allir, að skipstjórinn á skipinu er mjög kunnugur þessari leið og hefur siglt á þessari leið milli 30 og 40 ár og hefur aldrei hlekkzt á fyrr en þetta. Ég álít þetta mjög ósæmilegar dylgjur í hans garð, þó að svo óheppilega tækist til að sigla á skerið. Og þó að skipið hafi siglt á fullri ferð á skerið, þá á fyrirtækið ekki sök á því, þó að svo tækist til í eitt skipti af mörgum hundruðum, sem þessi skipstjóri var búinn að sigla þarna í náttmyrkri og hríð.

Þá sagði hv. þm., að fyrirtækið hefði ekki haft rænu á því að vátryggja skipið nógu hátt. Það er alltaf hægt að tala um það, þegar illa er farið, að það hefði átt að hafa trygginguna hærri, en vátryggingin var hækkuð nokkru áður en þetta skeði, en það sýnir þá, að tryggingin var ekki hækkuð með neitt tjón fyrir augum.

Málið er þannig, að nokkrir áhugamenn í þessum héruðum leggja fram álitlega fjárupphæð til þess að annast þessar samgöngur, sem hv. þm. A.-Húnv. og ýmsir fleiri álíta, að sé ríkisins að leggja til. Og ég sé ekki, að það sé neitt ósæmilegt heldur af ríkinu að taka þarna í útrétta hönd og leyfa þann styrk, sem farið er fram á í frv. til þess að annast samgöngur, sem ríkið annars þyrfti að taka að sér, og það með margföldum kostnaði við það, sem hér er farið fram á.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Mýr. Hann talaði um það, að ég sé með last á hendur þeim mönnum í þessum héruðum, sem vilja leggja það á sig að leggja fram fé til þess að halda uppi þessum samgöngum. Um það hef ég ekkert sagt, og mér dettur ekki í hug að lasta þá fyrir það út af fyrir sig, enda álít ég ekki nema eðlilegt, að þessir menn verði, eins og margir fleiri annars staðar á landinu, að leggja á sig einhver fjárframlög til þess að annast vöruflutninga frá sér og að, því að það myndu þeir verða að gera, þó að ríkið hefði þetta með höndum, hvað vöruflutningana snertir. En ég álít ekki heppilegt að hafa þetta fyrirkomulag að nota fólksflutningana á fjölförnustu samgönguleiðum landsins til þess að bera kostnaðinn af þeim vöruflutningum, sem þar þurfa fram að fara.

Viðvíkjandi vátryggingunni, þá er alltaf reynt að bera í bætifláka fyrir óhöppin, sem þetta félag hefur gert á því sviði sem öðru. Þá sagði hv. þm. Mýr., að það sé ekki rétt, að sézt hafi siglingaljósin í Reykjavík, eins og ég hafi haldið fram. Það kemur í sjálfu sér ekki málinu við, og hefði ég ekki minnzt á það, ef ekki hefði gefizt tilefni til. En ég var þar staddur og get borið um það og fleiri hv. þm., sem þar voru (**PO:** Það var hvínandi rok og bylur með köflum.), hvort það var rétt, að siglingaleiðarmerkin sáust. Um þetta skal ég svo ekki fjölyrða, nema tilefni gefist til.

Sigurður Kristjánsson: Ég get ekki tekið undir það, að það sé mikil fjárhagsleg áhætta við þessar ferðir á milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness, ef til þeirra er stofnað með skynsamlegum ráðum, með heppilegum skipakosti og þær reknar með hyggindum og forsjá. Styðst ég þar við reynslu af þessum ferðum og þann sjálfsagða og eðlilega gang svona mála, þá eðlilegu afkomu, sem fyrirtæki, sem byggt er á svona grundvelli, á að hafa. Þegar félagið var stofnað og komið hér til Alþ. með beiðni um fjárframlag ríkissjóðs, þá taldi ég, að það væri öldungis óþarft, að ríkið legði nokkurt fé í þetta, sökum þess að ef ferðir á nokkurri siglingaleið við Ísland ættu að bera sig fjárhagslega, þá ættu þær að gera það á þessari leið. Það er allt öðru máli að gegna um slíkt á afskekktum stöðum, þar sem flutningar fólks og farma eru litlir, heldur en á þessari leið, þegar til þess var stofnað að byggja þetta skip. Þá var þetta fjölfarnasta leið við strendur Íslands og sýnilegt, að ef straumurinn lenti ekki á öðrum leiðum, svo sem fyrir Hvalfjörð, þá mundi verkefni þessa skips verða svo mikið, að einstakt sleifarlag yrði að vera á rekstri þess, ef hann bæri sig ekki. Þetta kom líka fram, því að nokkrum árum eftir að skipið var tekið til starfa, þá kom félagið með þá beiðni til ríkisins, að það mætti endurgreiða það fé, sem ríkið lagði fram, og eiga skipið eitt. Og ég man eftir því, að ég var þessu fylgjandi hér í fjvn., og skil enn raunar ekki í því, hvernig á því stóð, að þetta hefur dregizt úr hömlu. Mér fannst sjálfsagt, fyrst félagið hafði rekið þetta fyrirtæki með hagsýni, svo að það hafði gefið arð, að það tæki fyrirtækið að sér í framtíðinni. Og ég held, að þótt við því megi búast, að ferðir aukist á landi, þá verði flutningur fólks og farma á þessari leið fyrst um sinn svo mikill, að það hlyti að vera mjög lélega á haldið, ef það ætti að vera rekið með fjárhagslegu tapi. Þetta vildi ég segja um líkurnar fyrir því, að ríkið þurfi að hlaupa þarna undir bagga. Ég er á þeirri skoðun, eins og í upphafi,

að þess sé engin þörf, vegna þess að gera megi ráð fyrir því, ef skynsamlega er á haldið, að það megi láta þessar ferðir bera sig vel. Og það dugar ekki í því sambandi að vitna í þau töp, sem verið hafa nú upp á síðkastið á þessum flutningum, því að það er vitað, að Skipaútgerð ríkisins varð að hlaupa inn í þessar ferðir undirbúningslaust, þegar Laxfoss strandaði, og hafði ekki tækifæri til þess að láta smíða skip, heldur hefur orðið að sæta sínum koppnum í hverjum mánuði. Og þess vegna hefur þetta gengið mjög á tréfótum. En við það ástand má ekki miða, að í framtíðinni þurfi reksturinn að vera neitt svipaður því.

En ég vil segja, að þrátt fyrir þessa vissu um, að hægt sé að láta þessar ferðir bera sig, þá er ég algerlega mótfallinn því, að ríkið fari að láta bendla sig við það að klessa eitthvað í þennan Laxfoss fyrir eitthvað á 2. millj. kr. og verða viðriðið rekstur á slíku skipi. Mig undrar þess vegna, að hv. fjvn. skuli hafa gleypt þetta svona hrátt. Um þetta skip er það að segja, að þeir, sem farið hafa með því, geta ekki sagt, að það sé gott. Og það fór svo óburðuglega í sjó, þegar ég fór á því á milli, að ég var alveg í vafa um, hvort það væri byggt til þess, að kjölurinn sneri upp eða niður. (**BÁ**: Það hefur alltaf farið prýðilega í sjó, þegar ég hef verið með því.) Það getur verið, að það hafi verið svo hrifið af því að vera með hv. þm. Mýr. innanborðs, að það hafi haft einhver áhrif. En ég sá vanalega koma föl og þjáningarbitin andlit upp úr þessum koppi. — En það er ekkert atriði í þessu máli, því að ég geri ráð fyrir því, að það verði ekki látið skipta máli hér, vegna þess að ef ríkið skerst úr leik, þá verður það nú félagið, sem lappar upp á þetta skip. Svo að við, sem þurfum að nota skip á þessari leið, fáum að velkjast með þessum koppi í framtíðinni.

En ég vildi benda á nokkur atriði viðvíkjandi hinni fjárhagslegu hlið þessa máls. Skipið var tryggt fyrir 300 þús. kr., þegar það fórst. Ég býst við, að það hafi verið lágt tryggt. En hvað sem því líður, þá vildi ekki tryggingarfélagið, sem tryggði skipið, eiga það, eftir að það strandaði. Upphaflega krafan fyrir björgun þess var 389.433 kr. Þetta var upphafleg krafa þeirra, sem björguðu, en þeir stóðu svo ekki á til langframa. En félagið, sem tryggði, vildi ekki greiða þessa fjárhæð og eiga flakið. Og það urðu síðar þeir samningar, að þeir, sem björguðu, sættu sig við að taka flakið upp í sína fyrirhöfn og borga 26 þús. kr. Útgjöld tryggingarfélagsins urðu þannig 270—280 þús. kr. — Nú kom til tals að láta gera við skipið hér á landi, ef tryggingarfélagið hefði látið gera við það sjálft. En innlenda tilboðið var 997.600 kr., eða rétt um ein millj. kr. En sendimaður félagsins hér lét í ljós, hvort sem það hefur verið rétt eða ekki, að hann mundi geta látið flytja skipið til Englands og gera við það þar fyrir á milli þriðjungs og helmings þessarar upphæðar. En hann taldi samt ekki, að félagið gæti lagt í slíkt.

Nú sýnist mér það vera alveg óskaplegt, ef fara á að gera þetta skip hér upp fyrir hátt á aðra millj. kr. Ég get ekki gengið inn á, að ríkið verði við slíkt riðið, þrátt fyrir það að ég er þeirrar skoðunar, að rekstur skips, sem kostar hæfilega mikið, mundi geta borið sig í þessum ferðum. Ég held, að það verði til þess, að þessar ferðir beri sig ekki, ef lagt verður í að kosta svona dýrt skip til þeirra. Og mér virðist það líka óeðlilegur kostnaður, ef viðgerð skipsins á að kosta talsvert hátt á aðra millj. kr. Það er sýnilegt, að í þessu flaki liggur aldrei meira verðmæti en hæsta krafa, sem gerð var fyrir björgunina. Það getur aldrei legið meira í því heldur en 300 til 400 þús. kr. Og aðgerðin á þá, að mér skilst, að kosta um 1½ millj. kr. Og ég vil engan hlut eiga að því, að ríkissjóður leggi út í slíkt, því að mér finnst það hið mesta óráð.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki búizt við, að slíkar umr. og nú er raun á orðin yrðu um þetta mál, þar sem að sumu leyti varla er tilefni til þess í þeim gögnum, sem fyrir liggja. Á ég þar í fyrsta lagi við nál. og ummæli hv. minni hl. n., sem vill láta fella frv. með þeim röksemdum, sem hann hefur nú gefið til kynna, hv. þm. A.-Húnv., á þskj. 876. Ég tel, satt að segja, að þær röksemdir nái ekki nokkurri átt, því að mörgu óviðkomandi málinu er þar áreiðanlega blandað inn í og að sumu leyti, að því er séð verður frá almennu sjónarmiði, alveg út í hött. Veit ég ekki, hvað til hefur komið, að svo glöggur maður eins og hv. þm. A.-Húnv. hefur farið þessu fram til þess að reyna að koma þessu máli fyrir kattarnef. Hitt er betur skiljanlegt, sem hv. 7. þm. Reykv. færir fram, þó að það í raun og veru geti ekki hnekkt því, sem áreiðanlegar og glöggar röksemdir eru fyrir, að frv., eins og það verður eftir till. meiri hl. fjhn., eigi fram að ganga.

Þetta mál hefur legið fyrir samgmn. Alþ., og það má segja, að á sumum tímum hafi þetta málefni verið hryggðarbarn samgmn., farkostir og samgöngur á Faxaflóa. Ekki kemur það til af því, að þessar samgöngur virðast liggja beinast og bezt við, til þess að þær ættu að vera í góðu lagi, bæði að því er snertir uppihald viðskiptanna og líka fjárhagslega undirstöðu og afkomu rekstrarins á þessum samgöngum. En ýmis óhöpp hafa orðið í þessum samgöngum, þó að þeim hafi þótt sæmilega borgið á vissum tímum. Meðal óhappa má telja það ósamkomulag, sem hefur komið fram í samkeppni á milli Akraness og Borgarness í þessum efnum, og það hefur verið verst við að eiga. Því að hefði svo verið frá upphafi, að þessir staðir tækju höndum saman, eins og samvinnun. samgöngumála hefur viljað, og verið sér sameiginlega úti um sína farkosti, hvort sem þeir væru einn eða fleiri, mundi ríkið standast betur við að styrkja þessar samgöngur, sem það getur ekki skorazt undan. Því að svo er mál vaxið, að Faxaflói er ekki undanskilinn því, að ríkið verði að hafa hönd í bagga um, að sæmilegar samgöngur haldist þar uppi. — Nú hefur það gengið svo á undanförnum árum, — og má segja, að nóg sé að vitna í það, sem gert hefur verið síðan Laxfoss strandaði, — að Skipaútgerð ríkisins hefur stuðlað að því, að samgöngur héldust uppi á þessum stöðum. En að sumu leyti var þetta gripið út úr höndum útgerðarinnar af Akranesi og Borgarnesi. Eftir að Laxfoss strandaði, kom öllum saman um, að það þyrfti að sjá fyrir samgöngum á þessu svæði með sérstökum hætti og nýjum. Þá tókst Skipaútgerð ríkisins, eins og þetta lá fyrir, að útvega farkosti, og það fleiri en einn, þó að í smáum stíl væri öðrum þræði, til þess að annast samgöngurnar, og fékk til þess bát, sem fékk gott orð, eftir því sem vænta mátti

og tök voru á, mb. Víði. En þegar til kom, var Akranes ekki ánægt með þetta. En í staðinn fyrir að hafa samvinnu við Borgarnes og Skipaútgerðina, fékk það mb. Sigríði til að hafa í förum.

En nú er þessu lokið. Nú er að renna upp nýtt tímabil í sögu þessara mála, því að nú hafa allir þessir viðkomandi aðilar gert samning sín á milli, fyrir forgöngu samvinnun. samgöngumála, um það, að h/f Skallagrímur skuldbindi sig til þess að halda uppi samgöngum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness á fullnægjandi hátt, — þannig að Akranes hefur sætt sig við þetta, — með mb. Víði og fleiri farkostum. Og þegar Laxfoss er kominn í lag og á yfirborð sjávar, er samkomulag um, að hann annist þessar ferðir.

Hv. 7. þm. Reykv. virtist aðallega leggja áherzlu á það, að þessu félagi væri ekki vorkunn að láta reksturinn bera sig á flutningum á þessum leiðum. Og það er einmitt það, sem til stendur, eins og áður var með Laxfoss. Og þó að þessi mikla viðgerð eigi sér stað á skipinu og kostnaður við hana, á rekstur skipsins að bera sig fjárhagslega, án þess að ríkið þurfi að leggja til neinn rekstrarkostnað. Hér er því ekki verið að ræða um að styrkja þessa útgerð né þetta félag til rekstrar á þessu skipi, heldur hitt, hvort ríkið á að hjálpa til nú, eins og það hefur áður gert á fleiri stöðum en einum, með því að koma þessum samgöngum af stað og í horf. Það er það, sem um er að ræða. Og það er ekki neitt nýtt, því að til þessara samgangna hefur ríkið veitt stuðning áður. Og hér er snúizt við á sama hátt og í sama hlutfalli með aðstoð. Og ég tel ekki, að hv. 7. þm. Reykv. hafi ætlað sér að berjast á móti því, að ábyrgð ríkissjóðs sé leyfð á þessu láni, sem þetta fyrirtæki þarf að afla sér til þess að koma þessu öllu í horf. Mér skilst, að það sé ekki það, sem hv. þm. sé að fetta fingur út í. Því að hv. 7. þm. Reykv. veit, að ríkisábyrgð þarf að fá í þessu tilfelli, eins og mörgum öðrum, í fyrsta lagi vegna þess, að þetta eru framkvæmdir, sem einstaklingum er ofvaxið að ráðast í, og í öðru lagi vegna lánakjara, þegar taka þarf stór lán. Og hann veit, að það er ekki neitt nýtt, að ríkið þurfi að styrkja á þennan hátt jafnvel efnaða menn og félög til þess að leggja í eitthvað í upphafi framkvæmdanna. Og þeim mönnum, sem vilja koma öllum þessum samgöngum á ríkið, ætti ekki að þykja undarlegt, þótt ríkið gangi í þessa ábyrgð, svo sem hv. þm. A.-Húnv., og skal ég ekki deila á hann fyrir það.

Hv. 7. þm. Reykv. hneykslaðist á því, að ríkið aðstoðaði við þessar framkvæmdir, sem eru nauðsyn, og nauðsyn ekki sízt þeim hv. þm., sem talað hafa á móti þessu máli, ef miðað er við þeirra umbjóðendur. Það er Reykvíkingum nauðsyn og líka norðanmönnum nauðsyn, að þessar samgöngur séu í góðu lagi. Af því leiðir það, að menn þurfa ekki að kippa sér neitt upp við það, þó að slíkt komi fram sem þetta. — En um hitt má deila, sem hv. 7. þm. Reykv. virðist ætla að gera að einhverju meginefni og jafnvel ástæðu til þess að reyna að hindra það, að hlaupið verði hér undir bagga, að þetta allt verður nokkuð dýrt. En í samvinnun. samgöngumála eru ýmsir menn, sem þessum hlutum eru kunnugir og því sérstaklega, hvaða kostnaður fylgir því að koma af stað svona ferðum og hvað sé heilbrigt í því og verjanlegt. Meðal þessara manna vil ég fyrst og fremst nefna hv. þm. Barð., sem ég veit, að hv. 7. þm. Reykv. muni viðurkenna sem nokkurt autoritet í þessum efnum. Og hann hefur allra manna mest talið sjálfsagt, að þessi stuðningur verði veittur þessu fyrirtæki, enda var hann líka spurður um það í n. á sínum tíma. Og hann telur þetta ekki aðeins sjálfsagt, heldur líka mjög verjanlegt og ekki sé hægt, eins og sakir standa, að komast að betri kjörum, með því líka, að þetta skip verði þeim mun betra en það áður var, — þó að hann ekki synji fyrir, að það hafi verið gott, áður en það strandaði. En samgmn., sem hafa verið þessu hlynntar, hafa byggt á traustum grundvelli, bæði í þessu tilliti og öðrum, þannig að ekki væri rasað fyrir ráð fram.

Hins vegar er það ekki mitt að dæma um það eða út frá því, þótt hv. 7. þm. Reykv. eða aðrir hafi verið sjóveikir á þessu skipi. Ég hef farið nokkrum sinnum á milli Reykjavíkur og Akraness og Borgarness. Og það er allra manna mál, — og þess vegna þarf hv. 7. þm. Reykv. ekkert að fyrirverða sig fyrir það —, að það sé versta svæði hér við land í þessu efni, þannig að menn haldist ekki heilir, á hversu góðum farkostum sem er. Og það eru ekki rök í þessu máli, þótt einhver reki upp fölt andlit á þessum leiðum. Og menn eiga að vera sem mest uppi, ef þeir eru sjóveikir, nema óveður sé.

Ég vænti, að ekki þurfi að vera miklar umr. um þetta mál frekar. Ég held, að rökin séu komin skýrt fram fyrir því, að rétt sé, að það nái fram að ganga í þeim búningi, sem n. leggur til. Og ég veit fyrir fullt og fast, að þessir tveir hv. þm., hv. 7. þm. Reykv. og hv. þm. A.-Húnv., hafa oft verið með því — og ég held á hverju þingi og jafnvel róið að því öllum árum — að veita ábyrgðir fyrirtækjum, sem hafa verið miklu varhugaverðari en hér er um að ræða.

Sigurður Kristjánsson: Það er nú ekki ástæða fyrir mig til þess að deila mjög mikið um þetta mál. Því að það, sem ég tók fram í upphafi, var aðeins eitt atriði, sem er, að ég álít ekki skynsamlegt, fjárhagslega séð, að stofna til þess að byrja ferðir um Akranes og Borgarnes frá Reykjavík með skipi, sem mér sýnist vera allt of dýrt, þó að ég þykist þess viss, að þessar ferðir geti borið sig fjárhagslega, ef þær eru reknar hyggilega, og þá fyrst og fremst með hentugu og ekki allt of dýru skipi.

Nú hefur stór maður í þessu máli, hv. 10. landsk. þm., form. samvinnun. samgöngumála, allrahæstv. forseti þessarar samkomu, sem við sitjum nú á, Alþ., gert mína afstöðu til þessa máls nokkuð að umtalsefni og minnir mig á það, að algengt sé nú orðið, að menn fái ríkisábyrgð til ýmissa fyrirtækja. Og þetta er náttúrlega alveg rétt. Nú vil ég taka undir hans mál í því efni, að ég tel alveg sjálfsagt, ef félag þetta vildi stofna til skipabyggingar á skynsamlegum grundvelli, líkt eins og oftast er krafizt um þau fyrirtæki, sem ríkið veitir ábyrgð fyrir, þá mundi ég telja alveg sjálfsagt að styðja félagið í því með ríkisábyrgð, einkanlega af því að ríkisábyrgðir eru ekki ætlaðar fjárhagsleg áhættuspil fyrir ríkið. Og ég hef alltaf greitt atkv. með ríkisábyrgð með það eitt fyrir augum, að þær gerðu lántakendum hægara

fyrir um lántökur og yrðu til þess að gera lánin ódýrari fyrir þá, til þess að fyrirtækin gætu þá byggt á fjárhagslega betri grundvelli. Og ég tel alveg sjálfsagt, að ríkið eigi að fara eins að um þetta fyrirtæki. En skilyrðið ætti að vera það, að til lántökunnar væri stofnað með skynsemd, sem ég tel ekki gert, ef á að byggja upp eða gera við Laxfoss fyrir 1½ millj. kr., eins og mér skilst, að eigi að gera, og skipið verði tveggja millj. kr. skip og þó ekki alls kostar hentugt til ferðanna að minni hyggju. Þetta er mitt sjónarmið. Ég er ekki í neinum vafa um, að félagið Skallagrímur getur aflað sér fjár til þess að byggja skip, ef það hefur ríkisábyrgð, og þyrfti ekkert hlutafé að koma fram frá ríkisins hendi, enda held ég, ef ríkið ætlaði sér að samþykkja þessar ferðir að einhverju leyti með því að leggja fram fé, þá gæti það alveg tekið þá stefnu, sem hv. þm. A.-Húnv. benti á, að taka ferðirnar sem sé alveg að sér.

Ég ætla ekkert að fara að ræða um þá hlið málsins, en ég vildi aðeins benda á þetta og leggja áherzlu á, að ég tel ekkert vit í því að fara að gera við Laxfoss fyrir þetta geysifé. Nær væri þó, ef menn endilega vilja halda í þennan kopp, að leita fyrir sér um það, hvað kosta mundi að gera við hann utanlands og flana ekki að því að láta viðgerðina verða mörg hundruð þúsund krónum dýrari með því að láta gera við skipið innanlands. Þrátt fyrir það að við viljum allir hlynna að innlendri iðju, þá má það engan veginn verða til þess, að innlend fyrirtæki séu byggð á fjárhagsfeni.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal nú ekki vera langorður, en ætla aðeins að segja nokkur orð út af því, sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Ég er honum algerlega sammála um, að mjög ákjósanlegt hefði verið, ef hægt hefði verið að bæta úr þessum samgöngum, sem hér um ræðir, með því að byggja nýtt, fullkomið og vandað skip. Og drátturinn á því, að flakið af Laxfossi væri tekið til endursmíðunar, var einmitt af þeirri ástæðu, að félagið eða þeir, sem veittu því forstöðu, gerðu ítrekaðar tilraunir til að fá nýtt skip, sem annaðhvort væri smíðað fljótlega eða keypt tilbúið. Eftir þær eftirgrennslanir komust þeir að raun um, að það var ekki fyrir hendi og hér var því aðeins um tvennt að ræða: að smíða nýtt skip eftir stríðið eða ráðast í endurbyggingu Laxfoss. Að því máli athuguðu var gerður samningur um endurbyggingu skipsins, sem hér hefur verið lýst í skjölum málsins.

Það má vera, að skipið verði að þessu loknu nokkuð dýrt, en það eru þó ekki fullar 2 millj. kr., sem kostnaðurinn er áætlaður, heldur 1800 þús. kr. Það er að vísu satt, að það er nokkuð mikil fjárhæð, en vonandi er, að skipið beri sig, því að Laxfoss bar sig ágætlega, og sést það bezt á því, að fargjöldin höfðu ekkert hækkað eftir stríð og þangað til skipið strandaði. Síðan hafa fargjöld hækkað mjög mikið, og mundi það muna mjög miklu í rekstri skipsins, ef fargjöldin hækkuðu í samræmi við það, sem eðlilegt væri milli þessara staða á þessum tímum.

Auk þess skýrði hv. 10. landsk. frá því, að samningar hefðu tekizt milli Akraness og fyrirtækisins um, að þetta skip annaðist alla flutninga bæði um Akranes og Borgarnes, sem það hafði ekki nema lítinn hluta af áður, a. m. k. síðustu árin, því að þá var annað skip, sem annaðist flutningana á Akranes, og gerir þetta náttúrlega aðstöðu skipsins til að bera sig miklu betri. Hitt er náttúrlega gefið mál, að ef hægt hefði verið að fá enn þá ódýrara skip, þá hefði sú aðstaða verið betri. En ég er hræddur um, að ef beðið væri með að koma þessari skipan á þessi mál, þá mundi kostnaður ríkissjóðs af að annast samgöngurnar þangað til nýtt og betra skip kæmi, vera miklu meiri en þau útgjöld, sem hér er ætlazt til, að ríkið leggi á sig, og þar af leiðandi hagur fyrir ríkissjóð að leggja í þetta.

Um skipið Laxfoss sjálft vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er dómur þeirra vélsmiða, sem tekið hafa að sér endurbyggingu skipsins, að það sé svo sterkt og vel byggt, að aldrei hafi komið til viðgerðar hjá þeim sterkbyggðara skip. Það var almannamál sömuleiðis áður, að skipið væri það sterkt, að óvenjulegt þótti. Þótti það tíðindum sæta, meðan það annaðist samgöngur milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja um skeið, að um vetrartíma fór Laxfoss einu sinni ferð sína óhikað milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur í veðri, sem Esjan lagðist í var og áleit ekki siglingaleiðina færari en svo, en Laxfoss fór sína ferð þrátt fyrir það.

Nú verður skipið að ýmsu leyti betra en áður, því að það verður lengt, og talið er af málsmetandi mönnum, að það verði betra sjóskip, því að það fær miklu sterkari vél og mun þess vegna einnig geta farið á miklu skemmri tíma á milli, svo að a. m. k. sá kvalatími, sem sjóveikir menn hafa á þessari leið, styttist að mun. Ég held, að hv. þm. hafi verið eitthvað illa fyrirkallaður, þegar hann fór með skipinu og vissi ekki, hvað var upp eða niður á því. Ég vildi aðeins bera saman Fagranesið og Laxfoss, því að ég hef farið með báðum skipunum. Það er enginn samanburður, hve Laxfoss fór betur í sjó, því að hann var bæði stærri og betur byggður. Ég held, þegar hv. þm. stuðlaði að því, að vinir hans vestur á fjörðum fengu Fagranesið til að ferðast með, þá ætti hann að þola, að Borgfirðingar ferðuðust með Laxfossi, sem þeir kjósa heldur en fara landleiðina. Þótt ég viðurkenni rök hv. þm. um, að bezt væri að fá nýtt skip í þessar ferðir, þá eru allar aðstæður svo, að ég álít, að þetta sé bezta leiðin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Brtt. 856 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 898, 899).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 899. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Það sýndi sig hér við atkvgr. í gær, að það mun vera ákveðið, að þetta mál fari í gegn í því formi, sem það nú er í. En ég hef leyft mér, ásamt hv. 7. þm. Reykv., að bera fram brtt. við frv., og er

hún á þskj. 899, þar sem farið er fram á, að félagið hafi 5 manna stjórn, þar sem samgmrh. skipi 2 menn í stjórnina. Geri ég ráð fyrir, að a. m. k. annar þessara stjórnarmeðlima, ef þetta væri samþ., yrði í Reykjavík og kannske báðir. Væri með þessu móti þægilegra um vik, ef eitthvað kæmi fyrir í sambandi við rekstur þessarar starfsemi.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðunum um stjórn þessa fyrirtækis frá því, sem nú er. En í gildandi l. um þetta efni er ákveðið, að ríkisstj. megi skipa einn mann af þremur í þessa stjórn, sem hún hefur ætíð gert, að ráða þar með vali eins manns af þremur. Og ég sé enga ástæðu til þess að fjölga mönnum í þessari stjórn. Hún yrði dýrari með því móti og þyngri í vöfum. Og hvað því viðvíkur, að nauðsynlegt sé að hafa fulltrúa frá fyrirtækinu hér í Reykjavík, þá er það fyrst, að framkvæmdastjóri þess er hér, eða a. m. k. hefur framkvæmdastjórastörf á höndum hér í Reykjavík sá maður, sem þar stendur fyrir afgreiðslu skipsins. Í öðru lagi er stjórninni í lófa lagið, ef henni þykir henta, að hafa þann stjórnarnefndarmann, sem hún skipar í stjórn fyrirtækisins, búsettan hér í Reykjavík. Þannig tel ég, að hægt sé að fá það fram, sem hv. þm. ætla sér með þessari brtt. að ná, án þess að l. sé nokkuð breytt frá því, sem nú er. (**PZ:** Það er með því móti ekki vissa fyrir því, að hann verði í Reykjavík.) Nei, það er ekki. En mér finnst miklu eðlilegra, að þar sem ríkið á ⅓ hlutafjár í fyrirtækinu, þá sé ríkinu tryggður réttur til þess að skipa þennan eina mann, sem er einn þriðji hluti stjórnar fyrirtækisins.

ATKVGR.
Brtt. 899 felld með 13:8 atkv.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 898, n. 1095).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Frv. það, sem liggur hér fyrir, var borið fram í hv. Nd. af þremur hv. þm. þar og er um breyt. á l. frá 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkissjóðs fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi. Og með þessu frv. er í raun og veru ekki annað gert en að halda áfram á þeirri braut, sem þar var farið inn á, sem sé, að ríkið annars vegar legði fram nokkurt hlutafé í þessu félagi og á hinn bóginn ábyrgðist það, sem á vantaði, til þess að þeir fjármunir væru fyrir hendi, sem þyrfti til þess að koma upp skipi til þessara ferða.

Reynslan á þessu fyrirtæki varð tiltölulega góð. Félagið hafði skipið Laxfoss í förum, sem var fremur notalegt skip fyrir farþega og bar sig betur en skip hafði gert annað, sem haft var áður til nota í ferðir á þessari fjölförnu leið. Fargjöld voru að vísu mjög há, þó ekki svo, að menn teldu það eftir, sérstaklega þegar ófær var leiðin fyrir Hvalfjörð og þar að auki ekki kominn greiður vegur til Akraness og þess vegna ekki um annað að gera en að hafa þessar ferðir um Borgarnes. Þetta hefur að vísu breytzt nokkuð á síðari árum, bæði um samgöngurnar við Akranes og fyrir Hvalfjörð, þannig að samgöngur eru nú orðnar greiðari fyrir Hvalfjörð og á landi til Akraness. En þó er reynslan sú, að fjöldi fólks fer enn þessa leið um Borgarnes.

Nú vildi það slys til í fyrra, að Laxfoss strandaði, eins og kunnugt er, á leið frá Borgarnesi til Reykjavíkur. Og síðan hafa verið óhentugar ferðir á milli Reykjavíkur og Borgarness, sem hafa gefið hina verstu raun, bæði að því er snertir þægindi fyrir farþega og hitt, hve illa fyrirtækið hefur borið sig, þannig að stórkostlegur halli hefur orðið á þessum ferðum, og svo mikill, að það fjárhagstjón, sem þar er um að ræða, nær töluvert upp í a. m. k. þau fjárframlög, sem hér er um að ræða í þessu frv., að ríkið og þetta fyrirtæki skipti á milli sín. Er í raun og veru miklu merkilegra en að hér skuli vera farið fram á það, sem í frv. greinir, hve lengi það hefur dregizt að gera ráðstafanir til þess að gera við Laxfoss, sem að vísu skemmdist mikið, en þó ekki svo, að ekki væri vel gerlegt að gera við hann. Það var í sjálfu sér merkilegt, að ekki skyldi fyrr vera ráðizt í að byggja skipið upp.

Nú eru þær upphæðir, sem hér er um að ræða í þessu frv. miklu aðrar en þær, sem um var að ræða 1935 í þessu sambandi. En hér er farið fram á, að ríkissjóður inni nú af hendi sama hlutverk og hann gerði eftir l. um sama efni frá 1935 í sömu hlutföllum, þannig að hann taki nú enn þá þátt í að leggja fram hlutafé og leggi fram ⅛ þess á móti ⅞ hlutum annars staðar frá og ábyrgist það fé, sem að láni þarf að taka til þess að koma skipinu aftur í gang. Tvær smiðjur hafa tekið að sér það verk að gera við skipið, og er mér tjáð, að það sé langt komið nú, svo að skipið geti tekið til starfa með vorinu. Upplýsingar hefur n. ekki fengið um það, hvernig út muni koma þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um kostnað við viðgerðina. En áætlað er, að skipið dálítið stækkað og með mjög auknu vélarafli eigi að kosta 1800 þús. kr. Þessa fjár er ætlazt til, að aflað verði þannig, að gamla hlutaféð verði notað, sem er 50 þús. kr. frá ríkissjóði og 100 þús. kr. annars staðar að, svo og varasjóðurinn, 450 þús. kr., sem eru 600 þús. kr. samtals. Nú er hér í frv. farið fram á, að lagt verði fram hlutafé, allt að 450 þús. kr., og að af því leggi ríkissjóður fram 150 þús. kr., en 300 þús. kr. komi annars staðar frá. Eru þessi framlög þá 1050 þús. kr. Til þess að skipið verði fullbúið, þarf eftir áætlun 750 þús. kr. í viðbót við það, og gert er ráð fyrir, að það fé verði tekið að láni, og er hér farið fram á, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir þessu.

Í Nd. féllst hv. n. á það, að einum manni undanskildum, að samþ. bæri þetta frv., og sú hv. þd. breytti frv. lítillega, til bóta að því er ég hygg

vera. Og fjhn. þessarar hv. d. virtist málefni öll standa til þess, að þetta frv. bæri að samþ., og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1118).

---

103. Skipakaup ríkisins.

Á 96. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um skipakaup ríkisins (þmfrv., A. 762).

Á 98. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hæstv. atvmrh. Tilgangur þess er í fyrsta lagi að heimila ríkisstj. að láta smíða eða kaupa fiskiskip erlendis með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum í hendur til útgerðar; í öðru lagi að heimila ríkisstj. að taka allt að 15 millj. kr. lán, sem greiðist upp, er skipin hafa verið seld, og einnig að heimila ríkisstj. að taka allt að 2 millj. kr. lán til ráðstöfunar samkvæmt XXIV. lið 22. gr. fjárl. fyrir árið 1945.

Eins og kunnugt er, hafa staðið samningar á milli ríkisstj. og sænskra skipasmíðastöðva um kaup á 45 fiskibátum. Samningarnir voru teknir upp af fyrrv. ríkisstj. og einnig af núv. ríkisstj., án þess að leitað væri þingheimildar fyrir þessu. Þykir nú því rétt að leita formlega álits þingsins um þetta. Ég hef svo eigi meira um þetta að segja fyrir hönd n., en vænti, að frv. nái fram að ganga, og óska ég, að því verði vísað til 2. umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Þess er getið í grg. frv., að ríkisstj. hafi gert samninga um smíði á 45 bátum í Svíþjóð, sem seldir hafa verið einstaklingum, félögum og bæjar- og sveitarfélögum. Þetta mál hefur ekki verið flutt hér á þingi, en samningarnir voru gerðir af fyrrv. ríkisstj. með samþykki þriggja þingflokkanna. Ég tel rétt að leita þingheimildar fyrir þessu. En það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, er það, að mér þykir 1. gr. frv. þannig orðuð, að skilja megi hana á tvo vegu. Ég vildi því beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort hún lítur svo á, að í gr. felist heimild fyrir hana til þess að gera framvegis kaup á skipum án samþykkis Alþingis, eða hvort þetta gildir einungis um þá 45 báta, sem þegar hafa verið keyptir.

Ég spyr að þessu vegna þess, að ég tel eðlilegast, að stj. leiti ætíð heimildar þingsins, áður en ráðizt er í slík kaup, ef fé til þeirra skal varið úr ríkissjóði upp á væntanlega sölu síðar.

Ef hæstv. ríkisstj. leggur þann skilning í þetta, sem mér finnst felast í grg., að hér sé einungis um þau kaup að ræða, sem þegar hafa verið gerð, þá hef ég ekkert við þetta að athuga, en ef hún skoðar þetta sem almenna heimild til kaupa á nýjum atvinnutækjum, þá vil ég, að frv. sé breytt í þá átt, að heimildin nái einungis til þessa máls. Ég tel því rétt, að sjútvn. athugi þetta mál milli umr.

Þá vil ég benda á, að ég tel, að orðalag 2. gr. geti varla staðizt, en þar stendur, að ríkisstj. sé heimilt að taka allt að 15 millj. kr. lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

Er þetta ekki hæpið? Er því ekki þannig farið, að yfirleitt sé búið að tryggja sölu á þessum skipum? Þá vil ég spyrja, við hvað þessar 15 millj. kr. eru miðaðar.

Ég hefði hugsað, að þær lánsstofnanir, sem lána fé út á bátana, geti lagt fram fé, þótt bátarnir séu eigi að öllu leyti tilbúnir.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): ... [Upphaf ræðunnar vantar í hndr. þingskr.] ... og þá með það fyrir augum, að hægt væri að hagnýta þetta, ef skyndilega kæmu ný tilboð, sem sérstaklega er verið að vænta, að komi frá Svíþjóð. Það liggja fyrir fyrirspurnir þar og beiðnir um tilboð, sem nú hefur verið vænzt, að við fáum þá og þegar. Það liggja a. m. k. tilboð í yfir 50 báta, sem enn er ekki komið svar við. Þess vegna er ekki ástæða til þess að binda l. við neinn sérstakan stað. Hins vegar er ákveðin upphæðin, 15 millj. kr. Upphæðin er miðuð við kaup á 45 bátum. En 5 millj. kr. er áætlað, að fari að mestu leyti til [eyða í hndr.] eftir ákvæðum n., sem Alþ. ákvað á s. l. ári, nema það verði tekið til ráðstafana, sem ekki eru endanlega ákveðnar. En það verður væntanlega að mestu leyti notað þannig, að fiskveiðasjóður ætlar að lána út á báta ákveðna upphæð, þannig að hann lánar ríkissjóði það beint, og svo verður því skipt niður, þegar búið er að ganga frá samningum um bátana. Það er ekki rétt, að það sé búið að selja neinn bát, en það er búið að gefa ákveðin loforð. Fyrst hafa ákveðnir menn fengið loforð um að fá bát, og til staðfestingar þessu loforði hafa menn verið látnir borga inn ákveðna upphæð og hafa þá bátinn fastsettan. Hins vegar er ekki hægt að koma því við öðruvísi en ríkisstj. sé milliliður og hún kaupi bátana, vegna þess að það var gert að skilyrði í Svíþjóð, að ríkið keypti þá. Það er því óhjákvæmilegt, að ríkisstj. sé raunverulegur kaupandi þeirra. Þess vegna þarf að leita þess samþykkis. Eins og kunnugt er, var orðið fyllsta samkomulag í þessu máli, að þessar ráðstafanir yrðu gerðar, með samstarfi fyrrv. ríkisstj. við þingfl., og þetta er ekki annað en staðfesting á því, sem verið er að framkvæma.

Skúli Guðmundsson: Það er talið, að frv. sé flutt af fjhn. d. Ég á sæti í þeirri n., en var þó ekki kunnugt um flutning þessa frv., fyrr en eftir að búið var að útbýta því prentuðu hér í hv. d. Ég geri ráð fyrir, að meiri hl. n. hafi tekið ákvörðun um það að flytja málið, áður en ég kom til þings eftir það þinghlé, sem var tekið nú um hátíðina. En einmitt vegna þess, að ég tók ekki þátt í meðferð málsins, þá hef ég ætlað mér að beina fyrirspurn til flm. eða hæstv. ríkisstj. um það, hvort kaupverð þeirra báta, sem nú er búið að gera samning um kaup á í Svíþjóð, sé í heild 15 millj. kr., eins og greinir í 2. gr. frv.

Það stendur í grg. frv., að það sé flutt samkvæmt beiðni atvmrh., og hafa fylgt því þær aths., sem þar greinir. En í þessum aths. segir, að ríkisstj. hafi gert samning um kaup á 45 bátum í Svíþjóð, sem seldir hafi verið einstökum mönnum, félögum og bæjar- og sveitarfélögum. Nú gaf hæstv. atvmrh. þá yfirlýsingu í ræðu sinni, að það væri ekki búið að selja þessa báta, og virðist mér það alveg stangast á við það, sem segir í grg., sem þó lítur út fyrir, að komin sé frá þessum hæstv. ráðh. Mér þætti gott, ef flm. málsins eða ríkisstj. vildu gefa upplýsingar um, hvernig háttað er með kaup þessara Svíþjóðarbáta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 811, sem nú var verið að útbýta. Þessi brtt. mín er við 1. gr. frv., að niðurlagið orðist eins og þar hermir. Yrði þessi brtt. samþ., mundi 1. gr. frv. verða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa fiskiskip erlendis, enda hafi hún kaupendur að skipunum fyrir kostnaðarverð.“ Samkvæmt því, sem er tekið fram í grg. þessa frv., er það flutt í tilefni af þeim samningum, sem hæstv. stj. hefur gert um smíði fiskiskipa í Svíþjóð. Er þá talið rétt, að stj. hafi slíka lántökuheimild í sambandi við þau bátakaup, vegna þess að stj. er þar samningsaðili, en selur svo væntanlega bátana, enda segir í grg., að bátarnir hafi verið seldir einstaklingum, sveitar- og bæjarfélögum. Ég tel heppilegt, að þessi lántökuheimild verði bundin við það, að stj. hafi tryggt kaupendur hér á landi fyrir kostnaðarverð. Ef hæstv. stj. teldi hins vegar þörf á að gera samning um smíði eða kaup á skipum erlendis, án þess að hún hefði fyrir fram vissu fyrir því, að einstakir útgerðarmenn eða útgerðarfélög vildu kaupa skipin, þegar þau væru hingað komin, þá teldi ég heppilegra, að hún aflaði sér sérstaklega heimildar til þess frá þinginu. Mundi þá teljast fullnægjandi, ef hún fengi samþykki meiri hl. þm., ef þing væri ekki að störfum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, því að ég vænti, að öllum sé ljóst, hvað hér er um að ræða.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. á þskj. 811, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það er út af þessari brtt. Gert er ráð fyrir í till., að stj. geti ekki keypt skip, nema hún hafi fyrir fram fasta kaupendur að þeim fyrir kostnaðarverð. Frv. er fyrst og fremst til þess að staðfesta kaup 45 báta, sem þegar hafa verið keyptir, án þess að veruleg eftirgrennslan hafi farið fram um kaupendur. Fyrir örskömmu, eftir að undirritaðir höfðu verið samningar um að greiða 18 millj. kr. vegna þessara kaupa, voru þrír ákveðnir kaupendur að bátunum, þegar núv. stj. tók við. Það er óeðlilegt að koma með svona till. í sambandi við frv., og eftir því, sem ég veit bezt, er nú búið að lofa öllum bátunum og borga þessa frumborgun út á alla bátana. En það segir sig sjálft, að ef einhver af þessum mönnum óskar ekki eftir að kaupa þá, þá væri mjög óskynsamlegt að halda mönnum að kaupunum tilneyddum. Ég hef sagt mönnum, að ef einhverjar breytingar yrðu hjá þeim, svo að þeir teldu sig ekki geta staðið undir kaupunum, þá gætu þeir fengið sig lausa.

Það væri mesta fásinna að mega ekki leita að nýjum skipum, nema fyrir fram væri búið að fá kaupendur. Nú er vafalaust ekki mikið framboð á skipum. Það hefur verið send ný fyrirspurn til Svíþjóðar um að fá smíðaða báta, en ekkert svar hefur komið. Ekki hefur heldur komið svar viðvíkjandi skipabyggingum í Englandi, svo að það gæti gefið vonir að fá þar skip. Undirtektir hafa verið beztar í Ameríku, en þó er það ekki svo, að enn þá sé hægt að byggja á því, þó að ástæða sé til að gera sér allgóðar vonir. Ef tekst að ná fiskiskipum, þá er það nærri því slembilukka. Það verður að búa svo um hnútana, að hægt sé að gera skjótar ákvarðanir. En ef hér væri um að ræða einhver skipakaup í stórum stíl, þá mundi ríkisstj. að sjálfsögðu, þó að þing hefði ekki setu, leita álits þm. á einn eða annan hátt, en ég geri ekki ráð fyrir, að þing yrði kallað saman, heldur yrði það haft eins og þegar ákveðið var að kaupa þessa 45 báta. Ég álít því enga ástæðu til að setja þetta inn í frv., því að það yrði aðeins til að torvelda að fá keypt fiskiskip og hindra, að stj. sýndi það framtak, sem hún annars mundi sýna, ef hún væri skyldug, áður en hún festi kaup á skipunum, að leita fyrir sér um kaupendur. Þegar verið er að leita fyrir sér um kaupendur á skipum, þá er ákaflega erfitt að ætlast til, að menn kaupi tæki, sem kosta mörg hundruð þúsund krónur, óséð. Það er alltaf nokkur áhætta að kaupa þessi tæki og flytja þau inn. Það er því hugsanlegt, að svo geti til tekizt, að

menn fengjust alls ekki til að kaupa skipin, ef þessi tilhögun yrði höfð. Hér verður auðna að ráða, og stj. verður að gera sitt bezta, þegar hún ræðst í slík kaup, en það er ekki rétt að setja slíkar takmarkanir sem hér er gert.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get ekki fallizt á, að þessi brtt. mín, þó að hún verði samþ., sé til nokkurra óþæginda fyrir ríkisstj. viðvíkjandi skipakaupum. Það er kunnugt, enda tekið fram í grg. frv., að á þeim tíma, þegar ákveðið var að kaupa þessa báta frá Svíþjóð, lá ekki fyrir umsókn frá útgerðarmönnum um kaup á öllum þessum bátum. Fyrrv. ríkisstj. hafði þá aðferð, að hún hafði um þetta samráð við þingflokkana, áður en hún ákvað kaup á bátunum, og tryggði þannig meirihlutafylgi við þessar ráðstafanir. Og það er þetta, sem ég álít að eigi að gera. Ég vil taka það fram, að þótt brtt. mín verði samþ., ber auðvitað að skilja frv. þannig, að það veiti heimild fyrir ríkisstj. viðkomandi þessum 45 Svíþjóðarbátum. Ef hins vegar ríkisstj. telur ástæðu að gera ráðstafanir til skipakaupa framvegis, án þess hún hafi vísa kaupendur að þeim skipum, þegar þau koma, þá tel ég, að viðhafa eigi sömu aðferð og fyrrv. ríkisstj. hafði um þessi mál, að afráða þau í samráði við þingflokkana, ef það er gert á þeim tíma, sem þingið er ekki starfandi, og fæ ég ekki séð, að slíkt sé svo torvelt, að nokkur hætta sé á því, að ríkisstj. muni þess vegna missa tækifæri, sem kynnu að vera fyrir hendi til heppilegra skipakaupa.

Jakob Möller: Herra forseti. — Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, vil ég taka það fram fyrir mitt leyti, vegna þess að ég á sæti í fjhn., að ég hef litið svo á, að þetta frv. færi eingöngu fram á, að veitt verði formleg heimild til þess að kaupa þessa 45 Svíþjóðarbáta og til þess að innleysa þá. Ég hef litið svo á, að heimildin næði ekki lengra, og byggi ég það á því, sem segir í grg., sem fylgir frv. og kom frá ríkisstj., þar sem það er beinlínis tekið fram, að þessa heimild vanti til þess að framkvæma þessi kaup, sem þegar er búið að semja um. Ég get ekki séð annað en sjálfsagt sé að veita ríkisstj. þá formlegu heimild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Í sambandi við þessa aths. hv. 3. þm. Reykv. vil ég benda á, að við 2. umr. þessa máls virtist mér koma fram hjá hæstv. atvmrh., að hann teldi felast í þessu frv. víðtækari heimild en hv. 3. þm. Reykv. telur að sé, og í því tilefni er brtt. mín flutt.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Frv. sjálft er almennt orðað þannig, að ekki sé bundið nema við Svíþjóðarbátana, efnislega og vegna þess að takmarkanir þess eru lánsheimildin. Ef það hins vegar sýnir sig, að ekki þurfi á þessari lánsheimild að halda til Svíþjóðarbátanna, þá er þar samkvæmt efni og orðalagi frv. opinn möguleiki á því að hagnýta þessa heimild, þar sem l. binda hana ekki algerlega við Svíþjóðarbátana, þó að heimildin geri **það út af fyrir sig.**

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins taka það fram, að ef fram kæmi yfirlýsing frá hæstv. atvmrh. um, að hann telji frv. eingöngu veita heimild til ráðstafana út af þessum Svíþjóðarbátum, þá vil ég fúslega taka brtt. mína aftur.

ATKVGR.

Brtt. 811 felld með 12:7 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, STh, SkG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GSv, GTh, HarJ, HelgJ, IngJ, BG.

PZ, SvbH greiddu ekki atkv.

11 þm. (JPálm, LJós, PO, SK, SÞ, StJSt, ÞG, JörB, FJ, GÞ, GG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Þorsteinsson: Í trausti þess, að ríkisstj. leiti víðtækari heimildar, þegar hún ræðst í önnur skipakaup en Svíþjóðarbátana, segi ég já.

Skúli Guðmundsson: Með skírskotun til fyrirvara hv. þm. A.-Sk. segi ég já.

Bjarni Ásgeirsson: Með sama fyrirvara og hv. þm. A.-Sk. segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Ég álít, að rétt sé að takmarka heimildir eins og farið er fram á í brtt. En í trausti þess, að ríkisstj. ráðgist við þingflokkana, ef hún ræðst í frekari skipakaup en orðið er, segi ég já.

Helgi Jónasson: Með skírskotun til fyrirvara hv. þm. A.-Sk. segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 762, n. 1096).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt um, hefur hæstv. ríkisstj., að fengnu samþykki þingfl. allra, gert samning við sænskar skipasmíðastöðvar um smíði 45 vélbáta, og er gert ráð fyrir því, **að kaupverð** bátanna verði um 18 millj. ísl. kr. En eftir að samningur þessi var gerður, hafa gerzt lítils háttar breytingar á kaupverðinu, þannig að gera má ráð fyrir, að þessi upphæð hækki eitthvað, en ekki svo að verulegu nemi.

Svo er til ætlazt, að hæstv. ríkisstj. selji þessa báta einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum svo fljótt sem því verður við

komið. Hygg ég, að nú þegar sé samið um kaup á öllum eða nær öllum þessum bátum. Þau skilyrði hafa verið sett væntanlegum kaupendum, að þeir greiði ákveðna fúlgu upp í kaupverðið um leið og þeir gera kaupin á bátunum, og hefur hæstv. atvmrh. tjáð mér, að þegar muni vera greiddar nokkuð yfir 3 millj. kr. upp í kaupverð bátanna, eða 75 þús. kr. upp í hvern 80 lesta bát og 60 þús. kr. upp í hvern 50 lesta bát. En þar sem hæstv. ríkisstj. er að kaupa skip erlendis, verður hún að hafa fé handbært til þess að greiða kaupverðið eftir samningnum. Lántökuheimildin samkv. 1. mgr. 2. gr. er bundin við þessa upphæð, 18 millj. kr., og auk þess eru til ráðstöfunar þessar 3 millj. kr., og verður þetta að fullu greitt af kaupendum bátanna um leið og bátarnir verða afhentir. Að sjálfsögðu er hér aðeins um bráðabirgðalán að ræða, sem á að greiðast að fullu um leið og bátarnir verða afhentir hinum eiginlegu kaupendum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að af þeim 5 millj. kr., sem hv. Alþ. heimilaði ríkisstj. árið 1944 til þess að styrkja menn til fiskiskipakaupa, hefur ríkisstj. ákveðið, að veitt verði 100 þús. kr. vaxtalaust lán út á hvern bát. Þegar á þetta er litið og enn fremur á þau kjör, sem fiskveiðasjóður veitir, getur enginn vafi talizt á því, að þetta lán verður borgað upp um leið og bátarnir verða afhentir hinum raunverulegu eigendum. Enn fremur er í 2. mgr. 2. gr. frv. gert ráð fyrir því, að stj. sé heimilt að taka allt að 2 millj. kr. lán til ráðstöfunar samkv. XXIV. lið 22. gr. fjárl. fyrir árið 1945. Þessi umræddi fjárlagaliður er þess efnis, að með honum er ríkisstj. heimilað að verja 5 millj. kr. úr framkvæmdasjóði til þess að styrkja menn til fiskiskipakaupa. Þetta er ekki bundið við skipakaup erlendis, enda hafa ekki verið teknar ákvarðanir af stj. um ráðstöfun þessa fjár, en síðan þessi heimild var veitt af fjárl., hafa verið afgr. l. hér á hv. Alþ., sem fela í sér ákvæði um styrk úr framkvæmdasjóði til kaupa á vélum og verkfærum í þágu landbúnaðarins, og er sú upphæð ákveðin í þeim l. 3 millj. kr. Eftir að búið var að ákveða þessa upphæð, var það ljóst, að fé framkvæmdasjóðs mundi ekki hrökkva til þess að fullnægja ákvæðum XXIV. liðar 22. gr. fjárl. yfirstandandi árs, og þykir rétt að ákveða í l. þessum upphæð lántökuheimildar þeirrar, sem felst í XXIV. lið 22. gr. fjárl. — Framkvæmdasjóður mun hafa numið um árslok 1944 um 11 millj. kr. Af þessu er búið að ráðstafa samkv. fjárl. 5 millj. kr. til bátakaupa, enn fremur samkv. nýnefndum l., sem samþ. hafa verið á þessu þ., 3 millj. kr. til verkfæra- og vélakaupa, og eru þá ekki eftir í sjóðnum nema 3 millj. kr. til stuðnings mönnum til fiskiskipakaupa samkv. fjárl. yfirstandandi árs. Skortir því 2 millj. kr., til þess að fengið sé það fé, sem gert er ráð fyrir á fjárl., og er leitað eftir þeirri lántökuheimild hér í þessu frv.

Fjhn. hefur rætt um þetta mál við hæstv. atvmrh. og fengið hjá honum ýmsar upplýsingar, sem greint er frá í grg. fyrir frv. Að málinu öllu athuguðu er n. öll sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki hafa langar umr. um þetta mál, en vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu. — Mun ég fylgja frv. eins og það liggur fyrir, vegna þess að það er orðið nauðsynlegt að ráða fram úr þeim mistökum, sem orðið hafa í þessum málum í stjórnartíð fyrrv. ríkisstj., en þá voru þessi kaup gerð. M. a. aðvaraði Sjálfstfl. þáv. ríkisstj. um að athuga vel, hvað á ferðum væri, vegna þess að það var augljóst, að þetta voru mjög óhagstæð kaup, enda hefur það nú sýnt sig, að orðið hefur að leita til Alþ. til þess að geta komizt fram úr þessum vandræðum. Það er sjálfsagt að segja einnig b, þegar búið er að segja a, og fyrir það fylgi ég þessu frv. eins og það liggur fyrir. Hins vegar hefði verið æskilegra, að hæstv. atvmrh. hefði verið hér viðstaddur til þess að taka á móti leiðbeiningum og athugunum, ef við ættum að ráðast aftur út í mál sem þetta, og við ættum að læra af þeim mistökum, sem hér hafa orðið á og koma munu betur í ljós, eftir því sem tímar líða, því að ég fæ ekki skilið, hvernig hugsanlegt er að láta þá báta, sem hér um ræðir, bera uppi þann gífurlega kostnað, sem er í sambandi við þessi kaup. — Það er einnig ljóst, síðan þessi kaup voru gerð við sænsku ríkisstj., að hún telur sig hafa gert svo góð kaup við íslenzku ríkisstj., að hún muni hafa bannað útflutning til annarra manna á Íslandi, sem hafa haft aðstöðu til þess að kaupa báta frá Svíþjóð fyrir minna verð, af þeim ástæðum, að ísl. ríkisstj. hafi þegar verið svo örlát við sænskar skipasmíðastöðvar, að hún hafi gefið þeim stórkostlega hærra verð fyrir þetta verk en unnt var að fá annars staðar.

Þetta breytir þó ekki afstöðu minni, og mun ég fylgja þessu frv., en vildi láta þetta koma fram.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki fara að ræða um það við hv. þm. Barð., hversu hagstæð eða óhagstæð kaup á sænsku bátunum séu. Ef til vill eru aðrir þessu kunnugri en ég er, en ég hygg, að þessi mál hafi gengið milli svo margra, áður en kaupin voru gerð, að telja má nokkurn veginn víst, að ekki var völ á betra; annaðhvort var að gera þessa samninga eða eiga allt í óvissu um kaup á bátum.

Hins vegar vil ég leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. þm., um það, að nauðsyn bæri til þess að afgreiða þetta frv., af því að svo sérstaklega óhagstæð kaup hafi verið gerð á bátum. Þetta er fjarri sönnu. Með því að ríkið var að kaupa báta, er óhjákvæmilegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa fé milli handanna til þess að leysa bátana út. Annað er ekki um að ræða í þessum efnum. Þetta frv. er því á engan hátt bein afleiðing af því, hvort gerðir hafa verið hagstæðir eða óhagstæðir samningar um bátakaup, og tel ég allt benda til þess, að þessi kaup séu þannig, að varla hafi verið hægt að búast við betra. — Hv. þm. lauk ræðu sinni með því, að sænska ríkisstj. hefði álitið sig hafa gert svo kaup við íslenzku stj., að afleiðingin af því væri sú, að verðlag á bátum hefði hækkað í Svíþjóð. Ég vil í því sambandi taka það fram, að mér er á engan hátt kunnugt um, að sænska ríkisstj. hafi haft nokkra aðild í samningum um bátana, — það var samið um þessi bátakaup við skipasmíðastöðvar í Svíþjóð, — en þau einu afskipti, sem sænska ríkisstj. hafði í þessu máli, voru þau, að hún leyfði útflutning á bátunum, samkv. því, sem í samningnum var ákveðið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1125).

---

104. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga o. fl.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937 (þmfrv., A. 947).

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Það var ætlunin að fylgja þessu frv. úr hlaði við 1. umr., en það fórst fyrir, enda fylgir því svo ýtarleg grg. frá þeim manni, sem starfað hefur sem eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna, að ekki er þörf á að bæta þar neinu verulegu við.

Aðalbreyt., sem frv. gerir á gildandi l., er sú, að í stað þess, að nú er tekið tillit til útgjalda sveitarsjóðs til örorku, ellilauna og framfærslu, þá verði í framtíðinni aðeins tekið tillit til framfærslukostnaðar. Við þetta lækkar upphæðin, sem tillit er tekið til, þegar jöfnunin er framkvæmd. 1943 var hún nærri 8 millj., og þá þurfti 1,2 millj. til jöfnunar, en hefði verið tekið tillit til framfærslukostnaðarins eins, hefði hún verið 3,2 millj. og þá þurft um ½ millj. til jöfnunar. Í l. nú eru ætlaðar kr. 700 þús. í jöfnunarsjóð. Þetta hefur aldrei reynzt nóg, alltaf þurft aukafjárveitingar. Væri hins vegar bara tekið tillit til framfærslukostnaðarins, mundu 700 þús. kr. yfirleitt nægja. Þá hafa líka aðstæður breytzt síðan l. voru sett og ríkið árlega tekið meiri og meiri þátt í greiðslu kennaralauna, örorku- og ellilauna, og því minni og minni ástæða til þess að taka tillit til þeirra útgjalda hreppssjóðanna, þegar jafnað er.

Þetta er sem sagt aðalbreyt., sem gerð er á hinum eldri l. Aðrar breyt. eru smávægilegar og breyta ekki efni né framkvæmd l. frá því, sem nú er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 115. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 116. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 129. og 130. fundi í Ed., 16. og 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 131. fundi í Ed., 19. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 947, n. 1114).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Samkv. gildandi l. er árlega látin fram fara jöfnun milli hinna ýmsu sveitarfélaga á þeim kostnaði, sem þau hafa vegna framfærslumála, greiðslu ellilauna og örorkubóta og kennaralauna, þannig að endurgreiddir eru úr ríkissjóði níu tíundu af þeirri upphæð, sem einstök sveitarfélög greiða fram yfir meðallag.

Höfuðefni þessa frv. er það, að greiðslur þessar skulu ekki ná til kennaralauna og örorkubóta, heldur aðeins til framfærslumála. Það fé, sem ríkissjóður hefur lagt fram, en það eru 700 þús. kr., hefur ekki hrokkið síðustu ár, og ef engin breyting verður nú gerð, kemur til með að vanta um ½ millj. kr. En verði þessi breyt. gerð, vantar ekki nema 5—6 þús. Ástæðurnar, sem mæla með þessari breyt., eru einkum þær, að þær breyt., sem gerðar hafa verið á ellitryggingunum, gera ekki einungis óþarft, heldur jafnvel ranglátt, að taka þann lið með. Örorkubæturnar eru og nú að mestu komnar á ríkið, og með vaxandi dýrtíð hefur hluti sveitarfélaganna í greiðslu kennaralauna minnkað, og samkvæmt launal. verður hann mjög lítill. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að hætt skuli að taka tillit til þessara liða við greiðslu úr jöfnunarsjóði. Það sýnir sig, að þetta munar miklu, sé miðað við úthlutun 1943, en rétt er að geta þess, að sú breyt., sem gerð var á alþýðutryggingalöggjöfinni, orsakar, að ekki er rétt að breyta um of

tölum frá 1943. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að greiða megi úr jöfnunarsjóði til að ráða bót á sérstökum erfiðleikum sveitarfélaga, eftir till. eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Það veldur einatt nokkurri skriffinnsku að láta þetta ganga gegnum stjórnarráðið, og þykir einfaldara, að ráðh. geri það eftir till. yfirmanns sveitarstjórnarmálefna. Einnig er gert ráð fyrir, að ráðh. geti veitt fé úr sjóðnum til að koma betra skipulagi á sveitarstjórnarmálefni.

N. er sammála um að mæla með frv., en einn nm., hv. þm. Str., gat ekki mætt, og er mér ekki kunn afstaða hans.

Mér þykir rétt að taka það fram, að þegar gerðar hafa verið þær breyt. á tryggingalöggjöfinni, sem standa fyrir dyrum, verður eðlilega að breyta þessum l. til samræmis við það. En það er till. n., að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 132. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1168).

---

105. Bankavaxtabréf.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 1018).

Á 120. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 120. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 121. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 130. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 131. fundi í Ed., 19. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 1018, n. 1127, 1128).

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. er samhljóða sams konar frv., sem hafa verið samþ. hér á Alþ. undan farandi ár, um stofnun nýrra veðdeildarbréfaflokka við Landsbankann. Er frv. borið fram eftir ósk stjórnar Landsbankans, sem tjáir í bréfi, að nú sé að verða lokið þeim flokkum, sem heimild er til að gefa út með l. frá 1941. En það voru 13., 14. og 15. flokkur, samtals 12 millj. kr. 15. flokkur er nú á markaðnum, en búizt við, að hann muni ekki endast nema ef hann endist þetta ár. Það er með þessu frv. farið fram á, að heimild verði veitt til að gefa út enn þrjá bréfaflokka þannig, að 10 millj. kr. verði í hverjum flokki. Stafar það af því, að enda þótt lánveitingar úr veðdeildinni samkv. því, sem ætlazt er til með þessu frv., fari engan veginn hækkandi neitt til líka á móts við lækkun verðgildis peninga eða verðlagshækkun í landinu, þá er þó búizt við því, að fasteignir verði metnar nokkru hærra og jafnvel töluvert hærra nú en áður hefur verið, og verði því lánin fjárfrekari en verið hefur.

Fjhn. er öll sammála um það, að sjálfsagt sé að setja af stað þessa nýju veðdeildarbréfaflokka. En á hinn bóginn var nokkur ágreiningur í n. um það, hve langt ætti að ganga um lánveitingar að því leyti, hvort fara ætti inn á að lána nokkru hærri fjárhæðir út á sams konar veð heldur en gert er ráð fyrir í frv. En í 6. gr. frv. er talað um, að lánsupphæð megi ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar. Tveimur nm. þótti þetta lágt og vildu heldur miða þetta hlutfall við kostnaðarverð. (**BBen:** Er virðingarverð sama og fasteignamatsverð?) Nei, það er samkv. virðingu bankans, þannig að bankinn hefur þessar lánveitingar ákaflega mikið á sínu valdi, því að hann tilnefnir

virðingarmenn, og virðingin til þessara lána er hvorki miðuð við fasteignamat né brunabótavirðingu, heldur er sérstök virðing á fasteignum gerð að tilhlutun bankastjórnarinnar. (ÞÞ: *Er þetta mat ekki gert eftir fyrirmælum sýslumanna,* sem tilnefna matsmenn? — EE: Jú, en þar kemur svo á eftir endurmat hjá bankanum.) Það lætur nærri, að samkv. ákvæðum þessa frv. og eftir reglum, sem bankinn hefur farið eftir, sé ekki hægt að lána nema 15% af kostnaðarverði húsa hér í Reykjavík. Og það má segja, að það sé mjög lágt. Hins vegar er hér um mjög löng lán að ræða og þess vegna varhugavert að miða lánin við raunverulegt kostnaðarverð. Og meiri hl. n. vildi því ekki fallast á það á móti till. bankans að fara að eggja á að veita hærri lán úr veðdeildinni. Það hefur verið stefna veðdeildarinnar og bankastjórnarinnar, sem stjórnar veðdeildinni, að leitast við *það fyrst og fremst að haga svo útlánastarfsemi* sinni, að þessi bréf þættu algerlega trygg eign, hefðu algerlega fullt traust á markaðnum. Og það er alltaf nokkuð viðurhlutamikið fyrir Alþ. að beita sér á móti till. þeirra, sem eiga að stjórna veðdeildinni. N. leggur því öll til, að frv. verði samþ., og meiri hl. n., að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Ég flyt á þskj. 1128, ásamt hv. 7. landsk. þm., brtt. við 6. gr. frv., og skal ég víkja að henni nokkuð. En við það, sem hv. form. fjhn. sagði um málið almennt, hef ég engu að bæta. — Ástæðan til þess, að við flytjum þessa brtt., er sú, að að okkar dómi er sú lánsupphæð, sem veðdeild Landsbankans nú veitir út á nýbyggð og vel byggð hús, svo lág, að það skorti mikið á, að þessi lánastarfsemi komi að tilætluðum notum. Eftir því, sem mér er sagt, þá mun meðalbyggingarkostnaður hér í bænum vera talinn eitthvað um 250—300 kr. á rúmmetra. Samkv. þessu frv. og eldri l. um veðdeildina, þá miðar bankinn lánsupphæðir úr veðdeild við mat, sem trúnaðarmenn bankans framkvæma, og þá væntanlega eftir reglum, sem þeim eru settar af yfirstjórn bankans. Eftir þeim *upplýsingum, sem ég hef fengið,* hefur nú fyrir nokkru verið hækkað þetta mat í 75 kr. almennt á rúmmetrann. En út á þetta lánar veðdeildin ekki ⅝, heldur helming, þannig að veðdeildin lánar út á hvern rúmmetra í þessum húsum venjulega um 37 kr. og 50 au., eða rétt um 14% af því, sem nú er talinn byggingarkostnaður. Það liggur í augum uppi, að þessi lán eru svo lítill hluti byggingarkostnaðar, að þau eru í flestum tilfellum algerlega ófullnægjandi, og þetta hlýtur þess vegna að draga mjög úr útlánastarfsemi veðdeildarinnar, því að mönnum þykir mörgum hverjum tæpast borga sig að binda veðréttinn fyrir svo lítinn hluta þess, sem byggingarkostnaðurinn raunverulega er. Hagstofan gefur út eins konar vísitölu fyrir byggingarkostnað, sem er byggð á útreikningum húsameistara ríkisins og e. t. v. fleiri aðila. Þessi vísitala um byggingarkostnað mun nú vera 356 á móti 100 fyrir stríð, 1939, sem mundi svara til þess að vera per teningsmetra í nýbyggðum húsum 237 kr. á móti 66 kr. fyrir stríð. En þessi vísitala Hagstofunnar er nokkru lægri heldur en mér er sagt, að byggingarkostnaður sé almennt, eitthvað um 10—20% lægri.

Ég vil fullkomlega taka undir það, sem hv. form. n. sagði áðan, að það er að sjálfsögðu skylt að gæta þess að hvetja veðdeildina ekki til þess að lána hærri upphæðir en svo, að veðdeildarbréfin séu í framtíðinni skoðuð jafntrygg bréf og þau eru nú. *En ég fæ ekki séð,* að öryggi bréfanna sé stefnt í nokkra hættu, þó að okkar brtt. væri samþ. 30% samkv. vísitölu Hagstofunnar ættu að nema 60—70 kr. á teningsmetra í húsum, eða rétt nálægt sömu upphæð og byggingarkostnaður mun hafa verið fyrir stríð. Og ég vil undirstrika það í þessu sambandi, að hér er ekki um að ræða fyrirmæli til bankans um, að hann skuli haga lánveitingum veðdeildarinnar svo, heldur til tekið, að lánin megi nema þessu. Svo að það er á valdi bankastjórnarinnar, ef hún telur ekki fært að hafa lán svo há, að halda sig á neðri þrepunum. Þessi brtt. er borin fram í þeim tilgangi, að vakin sé athygli á því, og heldur áréttíng þingsins í þá átt, að þeirri *óeðlilegu varfærni, sem mér virð*ist koma fram í að lána úr veðdeildinni gegn 1. veðrétti, sé ekki haldið lengur, heldur höfð hæfileg varfærni, eins og ég hefði viljað orða það. Ég get ekki séð, að ástæða sé til að ætla, að öryggi bréfanna sé í nokkra hættu stefnt, þó að þessi brtt. sé samþ., þegar hún er þannig sniðin, að í henni er gengið svo skammt, sem skemmst er hægt að ganga.

Þá ætla ég að nefna annað í þessu sambandi, sem eru vextirnir, sem veðdeildinni er ætlað að taka. Um það atriði flyt ég ekki brtt., en mér þykir rétt að láta það koma fram hér, að ég hygg, að fyllsta ástæða sé til að taka til athugunar í *sambandi við væntanlegar auknar framkvæmdir* hér í landinu og fjárfestingu í sambandi við nýsköpun og slíkt, hvort ekki sé hægt að fá breyt. á þeim vaxtataxta, sem nú er. Þegar svo er ástatt, að langmestur hluti af innstæðum manna í bönkum liggur þar sem geymslufé án nokkurra vaxta, og þegar einnig er vitað, hve óeðlilegrar varfærni gætir í útlánastarfsemi veðdeildarinnar, sem veldur því, að mjög mikill hluti þeirra lána, sem nú eru tekin til bygginga út á veð, eru tekin hjá einstaklingum og án milligöngu bankanna, — þegar allt þetta er athugað, þá finnst mér tími til þess kominn að athuga, hve hátt skuli fara með vexti af lánum á 1. veðrétti, lánum, sem gulltrygg eiga að vera, *eins og* þessi lán, en þó er ætlazt til, að komi að einhverju haldi. Ég get ekki séð, að frá sjónarmiði bankans geti verið æskilegt, að meiri hl. lánveitinga til húsabygginga hverfi frá bankanum og á hendur einstakra manna, sem veita mjög mismunandi lánakjör, fyrir utan annað, sem því fylgir. En einmitt það að hafa vextina svo háa eins og hér er ráð fyrir gert stuðlar mjög að því, að svo verði, sem að minni hyggju er mjög óheppilegt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Veðdeild Landsbankans er og hefur verið svo mikill þáttur í afkomu manna í Reykjavík, kannske frekar en nokkurs annars héraðs eða kaupstaðar á landinu, að það mætti nærri geta, að ég sem þm. Reykv. hefði tilhneigingu til að líðka um þessa lánsstofnun það ýtrasta, að mögulegt væri. Og löngun þm. Reykv. hlýtur að vera í þá átt, að menn geti fengið sem mestan styrk hjá veðdeildinni í því að koma sér upp húsum. Og það er því alls ekki tilfinningamál hjá mér, að ég hef ekki getað verið

með þessari brtt. tveggja hv. nm., heldur er það af skynsemisástæðum, sem mér finnst vaka fyrir bankastjórninni og stjórn veðdeildarinnar. Mér finnst það eitt út af fyrir sig, að stjórn veðdeildarinnar hefur ekki notað upp að hámarki þá heimild, sem hefur verið til lánveitinga úr veðdeildinni, vera rök fyrir því, að ekki sé ráðlegt, og ég vil segja ekki til neins, að vera að hækka þessa heimild. Eins og hv. fyrri flm. brtt. sagði, þá er engin fyrirskipun út gefin um það, hve mikið skuli lána út á veð, heldur aðeins sett hámark fyrir því. Og ég sé enga ástæðu til að hækka það hámark frá því, sem heimild er fyrir nú, meðan upplýst er, að stjórn veðdeildarinnar notar ekki einu sinni þá heimild upp að hámarki, sem hún hefur í þessu efni. Veðdeildin mun ekki hafa lánað nema 50%, í stað þess að hún hefur heimild til að lána út á 60%, af matsverði húsa, eftir virðingu bankans.

Hv. 3. landsk. þm. sagði, að þetta útlánahámark takmarkaði mjög gagnsemi veðdeildarinnar, þannig að menn vildu ekki binda 1. veðrétt fyrir svona lítil lán og vildu þá heldur veita þeim einkalánveitendum, sem þeir gætu snúið sér til, 1. veðrétt. En þetta er ekki gild ástæða nema að nokkru leyti. Því að auðvitað er jafntryggt fyrir þann einstakling, sem lánar það, sem lántakanda vantar upp að ákveðinni fjárhæð, að lána gegn 2. veðrétti á eftir veðdeildinni nokkru hærri upphæð, eins og að lána lægri upphæð gegn 2. veðrétti miðað við það, að veðdeildin lánaði þeim mun hærri upphæð gegn 1. veðrétti. Menn taka þá hjá veðdeildinni það lán, sem þeir geta fengið þar, en fá svo gegn 2. veðrétti það, sem einstaklingar geta lánað. Og er það skiljanlegt, af því að afborganir veðdeildarinnar eru fastar og lánin hjá henni til langs tíma með litlum afborgunum framan af. Og þetta er heppilegt, meðan menn eru að reyna að velta af sér með stærri afborgunum lánunum, sem fengin hafa verið hjá einstaklingum. Það má sjá það af gangi þessara mála, þar sem þær 12 millj. kr. hafa gengið út, frá því 1. voru sett 1941 um útgáfu nýrra flokka bréfa þá, að það er talsverð starfsemi, sem hér hefur verið rekin. Það er því langt frá því, að þessi þröngu takmörk hafi orðið til þess, að fé gengi ekki út, að nú er komin beiðni frá veðdeildinni um að mega gefa út bréf upp á 30 millj. kr. Það sýnir líka, að búizt er við því, að veðdeildin muni verða mikið notuð, þrátt fyrir það að stakkurinn sé svona þröngt skorinn í þessu efni. Og sannleikurinn er sá, að þeir tímar hafa komið, að veðdeildin hefur orðið að taka veðið. Það eru ekki svo fá dæmi þess, að veðdeildin hafi ekki getað komið húsum út fyrir það, sem hún þurfti að fá, með þessum varlega veittu lánum. Og eftir næstu 20 ár geta vel verið komnir þeir tímar, að hús í Reykjavík verði ekki svo auðseljanleg. Við vonum, að svo verði ekki, en veðdeildin byggir ekki á slíkum vonum, heldur vill hún fara eins nærri hinu rétta verði með bréfin, svo að þau verði alltaf trygg og hægt sé að forðast töp eins og mögulegt er. Ég vil svo aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 3. landsk. sagði. Hann sagði, að nú væri lánað út á hús hér í bönkunum 75 kr. á kúbikmetrann og vísitala byggingarkostnaðar væri 237, og ef hámark væri notað, sem er uppundir ⅓, væri auðvelt fyrir bankana að hækka tryggingu sína þannig. Ef lánað er upp í 60%, þá skilst mér, að lánin verði 20%. En ég er ekki vel viss um það, hvort það er fullkomlega forsvaranlegt að fara öllu hærra með svona langt lán. Um vexti af lánum var ekkert rætt í n., en mér sýnist það mál ekki skipta því sama og hv. 3. landsk. talaði um, að bankinn lánaði þetta í bréfum og þau fái sitt verð eftir því, hvernig bréfamarkaðurinn er. Bankinn hefur að vísu keypt þau við ákveðnu verði, og þeim, sem fá lán, er frjálst að selja þau hvert sem þeir vilja, og ef vextirnir liggja of lágt, fara bréfin þeim mun hærra í verði, svo að vextirnir laga sig eftir peningamarkaðnum í hvert skipti. Ég held, að þetta skipti ekki öllu máli, hvað vextirnir eru ákveðnir af bréfunum, þegar gengi þeirra fer eftir því, hvort vextirnir eru hærri eða lægri. Ég vil svo aðeins endurtaka það, að meiri hl. n. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Að vísu segir hv. 3. landsk., að hér séu engin fyrirmæli til bankastjórnarinnar um að lána meira, en þó er ekki hægt að neita því, að með því að hækka þessa heimild verulega, er verið að gefa bankastjórninni undir fótinn að fara heldur fjær hæfilegri varúð en hún hefur hingað til viljað hafa, og ég hef ekki álitið rétt af Alþ. að gera það, heldur láta varúð bankastj. í þessu efni ráða.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem ég vildi drepa á. Hv. þm. spurði, hvaða þýðingu það hefði að samþ. þessa brtt., þar sem gert sé ráð fyrir, að það sé bankinn, sem ákveður, hversu mikill hluti af byggingarkostnaði lánsupphæðin skuli teljast, þar sem í till. séu ekki fyrirmæli um, að lána skuli ákveðinn hluta, heldur allt að ákveðnum hluta. Þetta er að vísu rétt að forminu til, en hins vegar er ekki þess að dyljast, að ef Alþ. samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir, er það eindreginn vilji Alþ., að bankinn hverfi frá þessari óeðlilegu varúð og færi sig þannig í áttina til móts við þörf þeirra manna, sem lán þurfa að taka. Ég sé enga ástæðu til að ætla, að stjórn bankans mundi ekki taka þetta til greina, þó að ekki væri skorinorðara ákveðið í l. heldur en er eftir brtt. Ég er ekki á sömu skoðun og hv. 1. þm. Reykv. um það, að það hæfi ekki, að Alþ. setji nákvæmlega ákveðið mark fyrir lánveitingum, sem bankastj. sé skyldug að hlíta, og segi bankastj. fyrir um, með hvaða kjörum eigi að lána. Að sjálfsögðu kemur margt til greina hvað þetta snertir varðandi einstaka menn. En mér skildist á hv. þm., að í rauninni væri þetta allt í bezta lagi og það gerði ekki svo mikið til, þó að 1. veðréttar lán væru svona lág, því að þá fengist þeim mun meira út á 2. veðrétt, og þó að vextirnir væru hærri, þá væri hægt að selja bréfin fyrir þeim mun hærra verð. Ég get ekki fallizt á þessa skoðun, að þetta sé svo þýðingarlaust sem hann gefur í skyn. Sannleikurinn er sá, að veðdeild er sú eina lánsstofnun, sem er byggð upp sérstaklega til þess að mæta þörf fyrir löng lán með tryggingu veðréttar. Henni er ætlað ákveðið hlutverk að inna af hendi, og hún bregzt því hlutverki, ef meginhluti þeirra manna, sem þarf að taka slík lán, neyðist til eða telur hagkvæmara að hverfa að öðrum leiðum til þess að fá lán heldur en að fá þau í veðdeild. Þetta er hvorki gott fyrir bankana né almenning í landinu og ekki heldur fyrir það

fólk, sem á innstæður í bönkum, að geta ekki fengið af þeim neina vexti, þó að það liggi þar árum saman.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég legg enga höfuðáherzlu á það, hvort brtt. á þskj. 1128 verður samþ. eða ekki. Eins og tekið hefur verið fram af flm. till. og frsm. n., er hér ekki ætlazt til, að um skyldulánveitingu sé að ræða eða skyldu fyrir bankastjórnina að fara upp í hundraðshluta, sem greinir í till., heldur er þetta aðeins heimild. Hins vegar er nokkuð til í því, sem flm. sagði, að ef þessi till. væri samþ., væri það bending til bankastjórnarinnar um það, að hún ætti að breyta lánveitingum, sem hefur verið farið eftir að undanförnu, í þá átt, sem í brtt. segir, og ég verð að segja það, að ef bankastjórnin tæki þá bendingu til greina að fullu, þá álít ég, að ekki væri varlega farið. Það er kunnugt, að veðdeildin hefur jafnan verið mjög varfærin í lánveitingum. Hún lánaði fyrir ófriðinn 40% af matsverði húseigna og annarra fasteigna og komst upp í 50% af landverði jarða, en aftur með lægri hundraðshluta af húseignum í sveitum, þannig að það jafnaði sig nokkuð upp, og mötin voru þá sem næst byggingarkostnaði húsa. En þrátt fyrir þessar varlegu lánveitingar hefur það komið fyrir, að vísu tæpast í Reykjavík, en úti um land, að veðdeildin hefur tapað á þessum varlegu lánveitingum sínum. Mér er kunnugt um það, að það var til umr. í bankastj. eftir að verðlag breyttist, hvernig snúizt skyldi við því af hálfu veðdeildarinnar. Bankastj. taldi sig ekki fremur en nokkur annar bæra um að skera úr um það, hve varanleg verðbreyt. peninganna mundi verða. Niðurstaðan hjá bankastj. varð því sú að fara mjög varlega, en hækka þó nokkuð lánveitingar frá því, sem verið hafði. Eins og flm. brtt. gat um, eru mötin nú hækkuð um 20—30% frá því, sem áður var, líklega að jafnaði um 30%, og í bönkum hafa margar lánveitingar hækkað úr 40% upp í 50%. Ég skal játa, að með þessum varlegu mötum, sem hafa verið, síðan verðlag breyttist, hefði ég talið fært fyrir bankana að fara upp í 60% á þeim stöðum, þar sem ekki er mikil hætta á, að húsin verði illseljanleg. En það hefur samt sem áður orðið ofan á að fara þennan milliveg að hækka úr 40% upp í 50%, en ekki í 60%, eins og heimild stóð til. Ef aftur á móti ætti að fara eftir bendingu, sem gefin er í brtt., myndu veðdeildarlán hækka um 100% frá því sem nú er. Nú er gengið út frá 240 kr. á teningsm. í húsum, og þá yrði þetta 80 kr. út á teningsm. í staðinn fyrir tæplega 40 kr. lán út á teningsm. nú, og það er fyllilega 20% hærra en byggingarkostnaður var fyrir ófriðinn. Nú tel ég ekki miklar líkur til þess, að byggingarkostnaður breytist svo í framtíðinni á þeim stöðum, þar sem reikna má með öruggri eftirspurn eftir húsum, að söluverð fari niður úr þessu. En ef maður reiknar með þeim möguleikum, að verðlag peninga færist eitthvað í námunda við það, sem áður var, einnig á þeim stöðum, þá er teflt á tæpasta vað. En það stendur ekki svo á um alla staði, sem veðdeildin veitir lán til, að það megi reikna með því, að þar verði jafnan eftirspurn eftir húsum. Reynslan hefur sýnt það, og það mun sýna sig í framtíðinni, að á sumum stöðum fækkar fólkinu a. m. k. á tímabilum, ef atvinna dregst saman, og fasteignir verða nálega óseljanlegar. Svona hefur það jafnan verið, og það eru engar líkur til annars en svona fyrirbrigði komi fyrir í framtíðinni eins og í fortíðinni, og þá væri illa komið fyrir veðdeildinni, ef hún hefði þá lánað út á fullan byggingarkostnað á þeim stöðum, byggingarkostnað eins og hann kynni að verða á þeim tíma, og sæti svo uppi með eignirnar. Hv. þm. verður að gæta þess, að það skiptir lánveitendur miklu máli, hversu mikils trausts veðdeildarbréfin njóta. Nú veit hv. þm. það, að þrátt fyrir varlegar lánveitingar veðdeildarinnar, féllu veðdeildarbréfin um eitt skeið niður úr öllu valdi, og ég álít, að bankinn væri mikið fremur ámælisverður fyrir það, hversu hann lét veðdeildarbréfin falla, heldur en fyrir það, hve varlega hann hefur hagað sér við lánveitingar. Veðdeildin var hálfgert olnbogabarn hjá bankanum, og hefur lítið verið gert til þess að halda henni í horfinu, en þessu þarf að breyta. Það voru engin kostakjör, sem lánveitendur áttu við að búa, þegar þeir urðu að selja veðdeildarbréfin fyrir 70% og urðu svo að borga 5½% af nafnverði lána. Ef við eigum að fyrirbyggja, að þetta komi fyrir aftur, þá er fyrsta skilyrðið fyrir því, að veðdeildarbréfin njóti trausts, en það gera þau nú, því að engin bréf njóta almennara trausts heldur en veðdeildarbréfin, og það sannast á því, að þó að þessi bréf séu til lengri tíma en önnur bréf, þá hafa þau að undanförnu verið seld yfir nafnverði. Það skiptir kannske ekki minna máli fyrir lántakandann að geta fengið fullt verð bréfanna heldur en hitt, hvort hann fær 10—15 eða 20% hærra lán út úr veðdeildinni. Hvort sem er, er það svo í flestum tilfellum, að jafnvel þótt lánveitingar væru hækkaðar svo mjög sem lagt er til í brtt., þá verða þessi lán ófullnægjandi. Langflestir þeirra manna, sem nú reisa hús, mundu þurfa að taka eftir sem áður út á 2. veðrétt. Þar kemur fram vaxtamismunur, en þó ekki svo mikill, að það geti munað því, sem afföll af veðdeildarbréfum gætu numið. Nú liggur það í augum uppi, að það, sem flm. till. kallar óeðlilega varasemi í lánveitingum, er aðeins stundarfyrirbrigði. Þegar ófriðnum lýkur og menn þykjast sjá, að viðskipti og verðlag sé komið nokkurn veginn í eðlilega rás aftur, breytist þetta, og veðdeildin mun þá eins og aðrar lánsstofnanir miða lánveitingar við það verðlag, sem talið er, að sé orðið fast. Það er því sennilega ekki nema um stuttan tíma að ræða, sem þetta gæti haft nokkur áhrif. Ef nokkrar líkur væru til þess, að þær lánveitingareglur, sem hér er stungið upp á, yrðu teknar til greina og veðdeildin færi að lána út hærra en hún hefur gert og afleiðingin af þeirri breyt. yrði sú, að veðdeildarbréfin misstu það traust, sem þau hafa notið, þá ætla ég verr farið en heima setið. Ég verð því að segja það, að mér finnst að öllu athuguðu, að ekki sé tímabært að reyna að hafa áhrif á þær venjur, sem bankastjórnin hefur skapað sér um lánveitingar úr veðdeildinni. Ef það kæmi í ljós, eftir að menn almennt telja, að verðlag sé orðið fast, að bankastjórnin lánaði óeðlilega lágt og lítið, borið saman við byggingarkostnað húsanna, þá eru möguleikar fyrir þingið til að grípa inn í. En nú, á þessum tímum, þegar við vitum svo lítið fram í tímann um verðlag í landinu, finnst mér ekki tímabært að reyna að hafa áhrif á þetta. Hv.

flm. till. minntist á vextina af veðdeildarbréfunum. Í frv. er ekki fremur en venja er ákveðið, hvaða vexti veðdeildarbréfin skuli hafa, en mér sýnist af ákvæðinu í niðurlagi 1. gr., að fyrir bankastjórninni vaki að gefa út í einu fleiri flokka með mismunandi vöxtum. Vextir af veðdeildarbréfum hafa að undanförnu verið um 4% og bréfin verið seld á 101½%; hins vegar hef ég heyrt, að veðdeildin ætlaði sér að gera tilraun með að gefa út tvo flokka með 2½% og kannske 3%. Ég veit þetta ekki fyrir víst, en hins vegar finnst mér þetta ákvæði benda til þess. Og það gæti verið skynsamlegt að gera þessa tilraun, því að það er ekki óhugsandi, að þeir flokkar, sem hafa verið með lægsta vexti, seldust fyrir hlutfallslega hærra verð, og yrði sjálfsagt, til þess að tryggja bréfin, ekki haft nema 3% vextir, og með öðrum vaxtahærri bréfum á markaðnum mundu þau ekki seljast nema fyrir nafnverð. En þau gætu samt sem áður gefið effektíva vexti, ef þau væru lægri en 4% fyrir ofan nafnverðið, og það væri skynsamlegt að gera tilraun í þessa átt. Hins vegar er naumast um það að ræða, að í l. séu sett ákvæði um vextina, það hefur aldrei verið gert, eftir því sem ég man. Það hefur verið ákveðið af stj. bankanna og sýnist vera eðlileg leið, því að ef látið er bíða að gefa út einhvern flokkanna, þá er ómögulegt að sjá það fram í tímann, að unnt sé að sjá fyrir fram, hve háir vextirnir skuli vera.

Eiríkur Einarsson: Það, sem ég ætlaði mér að taka fram um frv. þetta, hefur verið rætt hér að flestu leyti, og þarf ég því ekki að segja nema fátt eitt. Það helzta, sem ég vildi segja, er, að ég álít gott, að brtt. á þskj. 1128 er fram komin, af því að hún knýr málið fram til nokkurrar athugunar og umr. um það, sem er ágreiningslítið, að þurfi lagfæringar við á varlegan hátt, að örva lánveitingar veðdeildarinnar. Ég get hins vegar ekki fallizt á það í brtt., á hvern hátt þetta skuli gert, ég get ekki fallizt á, að það sé hagkvæm eða örvandi aðferð, sem þar er stungið upp á. Ég álít hina aðferðina, að örva hundraðshluta veðdeildarlána upp á heimildir eða kannske hækka heimildir miðað við hundraðshluta frá því, sem nú er, réttari aðferð en þá, sem bent er á í brtt. Ég held, að það mundi skjóta dálítið skökku við, ef það yrði að l., sem brtt. fjallar um, þar sem annars vegar er gert ráð fyrir að heimila lán allt að 30% af meðalbyggingarkostnaði eftir útreikningum hagstofunnar á nýbyggingum, en hins vegar skuli miðað við allt að ⅝ af matsverði annarra fasteigna. Þegar þetta er tekið til athugunar, þá getur skotið þarna skökku við, þannig að með þeirri verðbólgu og þeim flókna kostnaði, sem fylgir því að koma upp nýjum húsum, getur 30% af slíkri byggingu verið í rauninni allt annað og mjög ólíkt, ef það er boðið til veðs, heldur en ⅜ af matsverði. Slík hlutfallaskekkja getur átt sér stað í veðum, sem veðdeildinni yrðu boðin, og það álít ég á allan hátt óheppilegt. Þetta þarf skýringar við. N. hefur þó miðað við tiltölulega varkára útreikninga Hagstofu Íslands á byggingarkostnaðinum, og er það miklu minna en líkur eru til að fáist af matsverði eldri bygginga, þar sem hámarkið er ⅜. Ég held, að til þess að veðdeildin geti starfað með nauðsynlegu öryggi, sem allir eru á einu máli um, þurfi einmitt matsgrundvöllurinn að sýna hið sanna eignarverð, án tillits til, hvort um nýrri eða eldri byggingar er að ræða. Mér finnst þetta hafi ekki til hlítar verið tekið fram, en ég vil minnast á það sem verulegt atriði, sem þarf að koma til greina um leið og þetta málsatriði er útkljáð.

Ég vil svo, um leið og ég sezt niður, segja, að ég er á sama máli og hv. flm. brtt. og aðrir, sem hér hafa talað, að ég álít gott að fara svo hátt sem komast má, án þess að öryggi veðdeildarinnar, sem á að vera hafið yfir sveiflur hinna ýmsu árabila, raskist.

Magnús Jónsson: Hæstv. fjmrh. hefur að mestu leyti tekið af mér ómakið með það, sem ég ætlaði að segja hér, enda má hann með meira valdi mæla um þetta, þar sem hann er ekki aðeins fjmrh., heldur einn af bankastj. Landsbankans þar til nú, að hann gerðist ráðh., og sennilega verður það áfram, ef hann einhvern tíma lætur af þeim störfum, sem hann nú gegnir.

Viðvíkjandi vöxtunum, þá er bent á í 1. gr., að heimilt sé með samþykki ráðh. að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Það hefur nú ekki verið gert, og ég er á öðru máli en hæstv. ráðh. um það, því að sannleikurinn er sá, að raunverulegir vextir koma fram í verðbréfunum, og kaupendur og seljendur ætla sér að hafa rétt eftir því, hver peningamarkaðurinn er á hverjum tíma, og má búast við, að 3½% og 4% bréf séu í raun og veru jafnútgengileg, aðeins mismunandi kaupverð og söluverð á þeim, og skiptir því í raun og veru ekki svo ákaflega miklu máli, hvort er.

Ég vil svo aðeins benda á það, að ef brtt. verður samþ., þá er hér í fyrsta skipti vikið alveg út af þeim grundvelli, sem byggt hefur verið á fram að þessu, og það held ég sé nokkuð athugunarvert. Fram að þessu hefur alltaf verið miðað við ákveðið matsverð og ákveðinn hundraðshluta af matsverðinu, en hér ætti þá í fyrsta skipti að fara að miða við annað verð, nefnilega kostnaðarverð þeirra eigna og þá húsanna sérstaklega. Það er ekki annað, sem er tekið hér undan kostnaðarverði, og þetta er algerlega nýtt í l. um veðdeild Landsbankans. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé gersamlega óþarfi, því að eins og l. nú eru orðuð, hefur stjórnin málið svo fullkomlega í sinni hendi, að þótt hún vildi hækka lánveitingu veðdeildarinnar um helming og upp í alveg óforsvaranlegt, gæti hún gert það alveg að l. óbreyttum, svo að brtt. er gersamlega óþörf. Ég get náttúrlega sem fulltrúi þeirra kjósenda, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta í veðdeildinni og vilja fá sem ríflegast úr henni, tekið undir með hv. 2. þm. Árn. um, að gott sé, að brtt. komi fram, svo að það sjáist, að vilji sé í þá átt að hækka lánveitinguna, en ég held samt, að óheppilegt sé að samþ. hana.

Ég vil benda hv. 3. landsk. á, að breyt., sem hefur orðið á því, að menn fá nú úr veðdeildinni og áður ekki, er ekki bara fólgin í því, að virðingin er miðuð við 75 kr. tenm. í stað 40 kr., heldur líka í því, að í stað þess að menn fengu það áður í bréfum, sem höfðu kannske 30% afföll, fá þeir það núna í bréfum, sem eru kannske yfir sannvirði. Menn fá kannske ekki hærra í bréfum, en peningarnir, sem þeir fá, eru nú miklu meiri,

eins og eðlilegt er, af því að peningamarkaðurinn hefur breytzt. Það var ákaflega lengi hér, sem þótti gott, ef maður gat fengið upp undir 80% fyrir veðdeildarbréf og kæmist nafnverð yfir 70%, en nú fá menn yfir 100% fyrir þau. Bankarnir kaupa bréfin fyrir yfir 100%, og mér er sagt, að hægt sé að kaupa veðdeildarbréf þó nokkuð hærra á frjálsum markaði. Ég vil svo benda á, að fyrir þá, sem taka lán úr veðdeild, er gott til þess að vita, að veðdeildin sé tryggð um leið, því að fyrst er veðdeildin, síðan varasjóður þess flokks og því næst kemur samábyrgð þeirra, sem lánin taka, og það er því ekki aðeins gagnvart þeim, sem bréfin kaupa, sem bréfin eru tryggð, heldur líka vegna sjálfra lántakendanna.

Svo vil ég aðeins minnast á það, sem hæstv. fjmrh. og hv. 3. landsk. hafa verið að velta fyrir sér, hvort verið gæti, að byggingarkostnaðurinn lækkaði svo mikið, að bréfin yrðu ekki trygg. Mér finnst alls ekki nóg að taka bara tillit til þess. Það er ekki öruggt, að veðið standi fyrir láninu, þó að byggingarkostnaðurinn hafi jafnvel ekki lækkað svo mikið, og það er af því, að ef yfir dynur veruleg kreppa, þá geta eignirnar farið niður úr því verði, sem raunverulega kostar að koma upp slíkum húsum hér. T. d. í Reykjavík gætu menn hugsað sér, að svo daufir tímar kæmu, að bærinn væri, sem menn kalla, yfirbyggður. Húsin væru ekki útgengileg, og menn hættu að byggja, vegna þess að það yrði of dýrt og húsin gengju illa út, sérstaklega þegar þau væru farin að eldast, jafnvel þótt byggingarkostnaðurinn út af fyrir sig hefði ekki lækkað, sem því næmi. Það eru fleiri hættur, t. d. bara að nýtt, ólíkt byggingarlag gæti lækkað verð hér á þeim húsum, sem byggð eru með eldra byggingarlagi. Það er svo margt, sem fyrir getur komið, svo að ég álít, að fara verði mjög varlega með þau veð, sem stór lán eru veitt út á, og láta bankastjórnina bera ábyrgð á þessu og sjá um það á hverjum tíma, og hún ætti að vera sem alfrjálsust að haga sér í því, eins og hún telur tryggast, og satt að segja vera ekki að eggja hana mikið á að vera frjálslyndari um lántökur. Hún hefur, eins og ég hef lýst, málið algerlega á sínu valdi, og með brtt. væri hvort tveggja gert, að víkja út af þeim grundvelli, sem hingað til hefur verið miðað við, matsverð bankans sjálfs, og á hinn bóginn að gefa bendingu um, að hærra væri óhætt að fara. Menn gætu sagt, að Alþ. gæti gert það, fyrst ríkisábyrgð er á bak við bréfin, en þá er gallinn á, að söluábyrgð lántakenda kemur inn á milli, og því fé hefur Alþ. í raun og veru ekkert leyfi til að ráðstafa.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal aðeins víkja að þessu örfáum orðum. Það eru nokkur atriði, sem ég þarf að svara. Hæstv. fjmrh. tók alveg réttilega fram, að byggingarkostnaðurinn út af fyrir sig væri ekki öruggur mælikvarði á, hvort óhætt væri að lána úr veðdeild, vegna þess að svo ólíkt stæði á á ýmsum stöðum á landinu og verð húseignanna skapaðist kannske meir af þeim mismunandi aðstæðum heldur en af því, hver byggingarkostnaðurinn væri, og benti á í því sambandi, að þar, sem fólkinu fækkaði, lækkuðu fasteignirnar niður úr kostnaðarverði. Einmitt með tilliti til þess, eins og ég drap á í fyrri ræðu minni, sé ég ekki fært að fyrirskipa bankanum ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaðinum. Þess vegna er það orðað í brtt. þannig, að heimilt sé að lána allt að því, sem þar greinir, en hins vegar er það á hendi bankans, hve há hann telur lánin þurfi að vera á einstökum stöðum, eftir því hvernig stendur á.

Ég vona, að ég þurfi ekki að endurtaka, að ég er alveg sammála hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Reykv. um, að engan veginn megi ganga svo langt í lánveitingum, að traust manna á þeim sé skert, en það, sem okkur greinir á um, er það, hvort svo langt sé gengið, ef samþ. er till. á þskj. 1128, að hætta sé á þessu. Ég fæ með engu móti séð, að svo sé. Hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Reykv. tóku báðir fram, að veðdeildarbréf hefðu á vissu tímabili selzt langt undir nafnverði, allt niður í 70%, og það hefði að sjálfsögðu fyrir lántakandann þýtt sama og lægri hundraðshluti af láninu og byggingarkostnaðinum væri útborgaður, þegar þeir tóku lánið. Það er alveg rétt, en ég get sagt, að það var engan veginn svo, að þessi bréf væru talin ótrygg. Báðir hv. þm. eru mér sammála um það. Ástæðan til þess var eingöngu sú, hve lítið var af mönnum, sem gátu bundið fé sitt til svo langs tíma, sem bréfin hljóðuðu upp á, og vextir þeirra samanborið við aðra vexti, og loks það, sem hæstv. ráðh. réttilega benti á, að bankinn brást þar verulega skyldu sinni í þessu. Hann hefði getað greitt meira fyrir sölu á bréfunum en hann gerði, ef hann hefði sýnt til þess fullan vilja og viðleitni.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef farið væri eftir till. okkar tvímenninganna á þskj. 1128, gætu lánin numið meiru en byggingarkostnaður var fyrir stríð. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef samkvæmt vísitölunni og útreikningum húsameistara, sem hagstofan byggir á, þá er sá grundvöllur, sem miðað er við, að 1939 hafi kúbikmeterinn verið kr. 66,50 í sams konar húsum og gert er nú ráð fyrir, að hann kosti kr. 237,21. Nú er alveg þýðingarlaust fyrir okkur að vera að deila um, hvaða líkur séu til, að verð húseigna fari niður svipað og fyrir stríð. Persónulega mundi ég segja, að engar minnstu líkur væru til þess, en það þýðir náttúrlega ekki að spá miklu um þá hluti. Það verður hver að hafa sína skoðun á því, sem hann telur líklegasta.

Ég benti á og vil endurtaka það, að eins og frv. er nú og eðlilegt er um veðdeildina, þá er réttur bankans og aðstaða í þessum efnum alveg óvéfengjanlegt ákvæði, þar sem bankinn ákveður í raun og veru hvort tveggja í senn, bæði matið og líka þann hundraðshluta, sem lánið er af. Ég get ekki komizt framhjá því, að að vissu leyti finnst mér þetta óeðlilegt, að lánsstofnun hafi bæði fullkomlega í sínum höndum að ráða, hvert matið verður, og líka að ákveða þann hundraðshluta, sem lánið er af matsverðinu, því að af því leiðir, að bankinn hefur svo að segja báða enda í sínum höndum. Þess vegna álít ég vissulega mikið mæla með því, að gerð sé sú grundvallarbreyting, sem hér er lögð til í till. og hv. 1. þm. Reykv. benti réttilega á, að verðmætið, sem við væri miðað, væri ekki ákveðið af bankanum á sama hátt og sá hundraðshluti, sem hann ákveður að lána út á það á hverjum tíma. Ég held því einmitt, að sú grundvallarbreyting sé til bóta frá því, sem nú er.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsing-

ar, sem hann gaf um fyrirhuguð vaxtakjör í þessum nýju veðdeildarflokkum. Mér þykir skynsamlegt að reyna, eins og hann gerði ráð fyrir, að gert mundi verða, t. d. með 1. flokk með 3% vöxtum á bréfunum og sjá, hvernig honum væri tekið samanborið við önnur bréf og aðra veðdeildarflokka, sem eru á markaðnum, en einmitt það að lækka vextina á bréfunum og þar með vextina af lánunum gerir trygginguna, sem lántakendum er veitt, betri, almennt skoðaða, og styður heldur að því, að óhætt ætti að vera að lána hærri hundraðshluta út á eignirnar en ella.

Ég get mjög tekið undir ýmislegt af því, sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess, að ekki sé lengra gengið í þessum efnum en svo, að öryggi bréfanna sé í engu skert, en ég get ekki látið hjá líða að minna á, að eins og nú háttar til, er hámark þess, sem veðdeildin lánar út á vel byggð og vönduð steinhús hér í höfuðstaðnum, tæplega sjöundi hluti af því, sem almennt kostar að byggja þessi hús, og það liggur alveg í augum uppi, að á þann hátt getur stofnunin ekki nándar nærri leyst það hlutverk af hendi, sem henni var upphaflega ætlað, þegar hún var sett á stofn.

Bjarni Benediktsson: Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta mál. Ég vil aðeins benda á, að það er rétt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um þetta, að það bæri að ýta undir bankastjórnina að hækka eftir því, sem hún frekast teldi fært, lán út á nýbyggingar hér í bænum, en mér skilst, ef brtt., sem fram er komin, er felld, án þess að nokkuð komi í staðinn, þá sé ákaflega hæpið, að bankastjórnin geti skoðað það sem ábendingu um, að hún eigi að hækka útlán, — heldur þvert á móti. Þess vegna sýnist mér vera varhugavert að fella brtt., ef menn eru þeirrar skoðunar, að bankastjórnin sé í því efni nú of íhaldssöm, en það sagði jafnvel einn af aðalbankastjórum Landsbankans, hæstv. fjmrh., í umr. áðan.

Ég vildi þess vegna skjóta til hv. n., hvort hún vildi ekki taka þetta mál til athugunar enn milli umr., og ef meiri hl. n. telur, að það form, sem bent er á í brtt., sé að einhverju leyti óheppilegt, — og það kann að vera, að sá tvöfaldi grundvöllur, sem þar er tekinn upp, sé ekki á allan hátt nógu skýr —, þá athugi hún, hvort ekki sé hægt með öðrum hætti að láta koma fram beina viljayfirlýsingu Alþ. til bankans um, að hann hafi í þessu meiri víðsýni en hann hefur nú haft. Það mætti benda bankanum á þetta, með því t. d. að hækka lánshlutfallið úr 65% upp í 70% eða 80%, og ef þá er miðað við það virðingarverð, sem bankinn heldur sér nú að, sýnist mér, að ekki sé á nokkurn veg óvarlega að farið. Þá helzt grundvöllurinn, en hundraðshlutinn, sem lána má út á, er hækkaður.

Ég er ekki reiðubúinn að flytja brtt. um þetta nú, en ég vildi skjóta til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga þetta nokkuð nánar og þá ef til vill hv. flm. brtt. taka þær aftur til 3. umr., svo að hægt væri að íhuga þetta betur en hægt er að gera undir umr. En ég vil leggja áherzlu á, að ef till. eru felldar, eins og þær liggja fyrir, þá getur bankastjórnin ekki skilið það á annan veg en þann, að hennar háttur í þessu njóti fulls samþykkis Alþ., en alveg það gagnstæða skilst mér hafi komið **fram í umr.**

Magnús Jónsson: Það er aðeins út af bendingu hv. 6. þm. Reykv. Það er alveg sjálfsagt, að n. taki þetta fyrir til athugunar aftur, ef brtt. annaðhvort verða teknar aftur eða felldar. Ég teldi þó heppilegra, að þær væru teknar aftur, því að með því er ekkert misst, en sannleikurinn er sá, að ég hef nú verið að hugleiða þetta mál talsvert, og ég held, að í því, sem ég hef sagt um málið, hafi komið skýrt fram, að andmæli mín gegn brtt. hafa m. a. einmitt byggzt á því, að bankastjórnin hefur þetta nú alveg fullkomlega á sínu valdi. Hún hefur bæði á sínu valdi að nota heimildina alveg út, sem hún hefur ekki gert, og hún hefur einnig á sínu valdi að láta matið vera ríflegt. Hvort unnt er að koma þessu fyrir í frv. sjálfu, skal ég ekki segja um, en sjálfsagt er að taka það til athugunar og ef til vill ræða það við bankastjórnina. Annars er náttúrlega sú leið líka til fyrir Alþ. að láta vilja sinn í ljós í sérstakri þál. um þetta mál, annaðhvort frá þessari sömu d. eða Sþ., þ. e. a. s. ef það er raunverulega vilji þingsins að herða heldur á um útlán. Ég skal lofa að taka þetta til athugunar í nefndinni.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Eftir þau ummæli, sem hér hafa fallið, er ég fús til að taka till. aftur til 3. umr. Ég skal geta þess viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ég hafði athugað þetta, en ég sá þann galla, að á þann hátt eru báðir endar þessa máls á valdi sama aðila, og það tel ég óeðlilegt.

ATKVGR.
Brtt. 1128 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 132. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1018, 1128).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Við 2. umr. þessa máls kom hér fram brtt., sem þá var tekin aftur, en hún fjallaði um að hækka lánsheimild veðdeildarinnar og jafnframt um að breyta því, sem miðað er við, þegar lán eru veitt. Það hefur komið fram, að almennur vilji er fyrir því, að bankastjórnin fái að vita, að ætlazt er til, að lán verði rífari. Ég ber hér fram skrifl. brtt. um sama efni. Brtt. fjallar um, að hámarksákvæðunum í 6. gr. verði breytt þannig, að í stað ⅔ komi ¾. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Bankinn hefur þetta í hendi sinni, en engu að síður er gott, að þingið gefi þessa yfirlýsingu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1176) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég tel þessa till. til bóta frá því, sem er í frv., þótt ég hefði kosið hana á annan veg. Ég get fallizt á að taka mína till. aftur og mun greiða skrifl. brtt. atkvæði, en þykir þó rétt að taka það fram, að ég greiði

henni atkvæði með það fyrir augum að fá vilja Alþ. um, að það telji þær lánveitingar, sem nú fást út á fasteignir, of lágar og vilji, að þær verði ríflegri.

Höfuðgallinn á þessu er sá, að bankinn ræður bæði matinu og þeim hundraðshluta, sem lánaður er. Hann hefur þannig báða enda í sínum höndum, og virðist mér það óeðlilegt. — Ég skal svo ekki lengja umr. frekar.

ATKVGR.
Brtt. 1128 tekin aftur.
— 1176 samþ. með 11:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 134. fundi í Nd., 21. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1177).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1182).

---

106. Atvinna við siglingar.

Á 9. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 27).

Á 10. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Frv. að mestu leyti samhljóða þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 27, var flutt á síðasta Alþ. af hinum sömu flm., sem nú standa að þessu máli. Komst það frv. á fyrra þingi svo langt, að því var vísað til n., en málið kom ekki aftur úr n., með því að tími vannst ekki til þess, að það fengi þar athugun þá, sem þurfti.

Nú höfum við komið með þetta mál á ný. Þó höfum við gert eina breyt. á frá því frv., sem flutt var á fyrra þingi, sem ég vildi benda hv. þdm. á. Aðrar breyt. á frv. höfum við ekki gert frá því fyrra frv. En breyt. er á ákvæði til bráðabirgða. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa 1. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða í þessu frv. til skýringar því, sem ég hef nú sagt:

„Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri."

En í frv., eins og það lá fyrir síðasta þingi, þá var þarna 35 ára aldur tiltekinn í stað 30 ára nú. Okkur þótti hæfilegt að athuguðu máli að fara niður í 30 ár og ætlum, að þá séum við nokkuð nálægt því, sem meiri hluti Farmanna- og fiskimannasambandsþingsins hallaðist að. En 35 ára ákvæðið í frv. á fyrra þingi kom til af því, að á nefndu þingi F. F. S. Í. voru uppi raddir um að hafa þetta aldurstakmark enn þá hærra. En það þykir óeðlilegt að hafa það mjög hátt.

Þetta ákvæði til bráðabirgða á að koma til greina um menn, sem eru búnir með undirbúningsmenntun sína og búast má við, að séu búnir að fá þær staðfestur, þegar þeir hafa náð 30 ára aldri eftir svo langan siglingatíma, að þeir eigi óhægra með að setjast á skólabekk. Einnig er af flm. ekki talin þörf á því að hafa aldurstakmarkið hærra og 30 ára aldurstakmarkið talið forsvaranlegt.

Um málið sjálft í heild skal ég aðeins benda á þá grg., sem Farmanna- og fiskimannasambandið hafði fyrir þessu máli, eða það, sem mér virtist vera aðalatriði þessarar grg., og vil ég lesa kafla úr þeirri grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Óskir sínar um breytingarnar byggir F. F. S. Í. á þessu: Það er stefna sambandsins, að menntun sjómanna sé sem bezt og skipin stækki og verði fullkomnari. Á síðari árum hefur einnig risið hér upp allverulegur skipastóll, frá 30—150 rúmlesta, en fyrir stærðina 75—150 rúmlesta nægir ekki hið minna fiskimannapróf. En sú stefna að veita réttindi til skipstjórnar á sífellt stærri skipum án þess að auka á menntunina er í mótsögn við kröfur tímans um framfarir og aukna þekkingu, og því er 75 rúmlesta prófið orðið algerlega ófullnægjandi. En þar sem margir þeirra manna, sem það próf hafa tekið, hafa öðlazt mikla reynslu í sjómennsku og skipstjórn og eru sumir orðnir fullorðnir menn, þá er varla sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir fari að setjast á skólabekk að nýju með lítt reyndum piltum. Því er það tillaga vor, að stofnuð verði sérstök kennsludeild við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti þeim þann viðbótarlærdóm, sem þeir þurfa til þess að öðlast sömu réttindi og þeir, sem útskrifast úr fiskimannadeild, og verði um prófkröfurnar farið eftir tillögum þeirra manna, sem um það eru dómbærastir.

Önnur ástæða, er mælir mjög með því, að hið minna fiskimannapróf verði lagt niður, er sú, að margir ungir menn hafa leiðzt til að taka það vegna þess, hve skamman tíma þarf til námsins og hve auðvelt er þar af leiðandi að ná í réttindi, — komast í stöðu —, eins og það er nefnt. Hafa þeir þannig bundið sig við vissa stærð skipa í stað þess að taka strax hið meira fiskimannapróf og síðan séð eftir því alla ævi að hafa glatað öllum þeim tækifærum til að fá betri stöðu, sem hið meira fiskimannapróf gerir mönnum kleift að færa sér í nyt. Hins vegar hefur þá brostið kjark til þess að setjast á skólabekk að nýju eða ástæður þeirra gert það ókleift."

Þegar við nú fáum þann nýja stýrimannaskóla, er vonandi, að aðstæður allar verði góðar til þess að auka á hina réttu og sönnu menntun þessarar stéttar, sem um er að ræða, og mun það vera mjög í samræmi við þær auknu öryggiskröfur, sem nú eru réttilega uppi með þjóð vorri, að sjá til þess,

að menntun og þekking sjómanna sé svo vel undirbúin sem kostur er á frá löggjafans hendi.

Ég vil svo bæta því við, að eftir að þetta frv. kom nú fram, var farið fram á það af hálfu þess manns í stjórnarráðinu, sem mest mæðir á viðvíkjandi undanþágum frá siglingalögum, að þeim yrði nokkuð breytt. Hann tjáði, að þessar undanþágubeiðnir væru alveg fram af sér að ganga og að breyta þyrfti l., svo að heimilt væri að veita þær undanþágur, sem nú er óheimilt að veita, en stjórnarráðið hlýtur að hafa mikla freistingu til að veita, þegar svo stendur á, að skip verða jafnvel að eiga á hættu að liggja í landi sökum skorts á þeim mönnum, sem réttindi hafa til þess að vinna að ýmsum störfum, sem yfirmenn þurfa af hendi að leysa á slíkum skipum.

Ég lýsti því eftir samtal þessa embættismanns við mig, að sjútvn. mundi berast bréf frá stjórnarráðinu þessa efnis, sem þá kemur sennilega til athugunar í sambandi við þetta frv., ef sjútvn. fær það til meðferðar að lokinni þessari umr. Og geri ég það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 13. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 27, n. 397, 405).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Frsm. sjútvn., hv. þm. Vestm., gat ekki mætt á þessum fundi, en óskaði eftir, að ég tæki að mér framsögu þessa máls fyrir sína hönd.

Þetta mál hefur legið fyrir sjútvn. alllangan tíma og verið sent til umsagnar nokkurra aðila, sem n. þótti réttast að senda það til, og þó að hv. frsm. sé ekki við, þykir n. full ástæða til að láta taka málið fyrir, af því að það hefur verið svo lengi í n.

Sjútvn. sendi Fiskifél. Ísl. frv., og mælir það eindregið með samþykkt þess. Auk þess var það sent Skipaútgerð ríkisins, sem einnig mælir með því, og Eimskipafél. Íslands, sem leiddi það hjá sér og sagði, að það kæmi störfum félagsins svo lítið við. Þá var frv. sent skólastjóra Stýrimannaskólans, en hann er frv. kunnugur, því að hann hefur staðið að samningu þess, og mælir hann með því, með einni breyt., sem n. flytur.

Þær breyt., sem frv. felur í sér, eru aðallega þessar: Í fyrsta lagi, að hið minna fiskimannapróf, sem miðast við allt að 75 smál. skip, verði lagt niður, en aðeins verði eitt fiskimannapróf, sem miðist við 30 smál. og upp úr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að það smáskipapróf, sem gilti fyrir 6—15 smál., verði látið gilda upp í 30 smál. báta. Þá er gert ráð fyrir rýmkun inngönguskilyrða í Stýrimannaskólann, þar sem siglingatími sé miðaður við ákveðinn tíma á skipum yfir 30 rúmlestir að stærð, en var áður yfir 75 rúmlestir. Þetta er mjög þýðingarmikið, því að það hefur komið í ljós, að þau ákvæði, sem gilt hafa, hafa reynzt mörgum fiskimönnum mjög örðug, og skólinn hefur því verið of mörgum sjómönnum lokaður. Nú eru mörg skip á milli 30 og 75 rúmlesta, og mundu því margir sjómenn fá tilskilinn siglingatíma.

Auk þessa er gert ráð fyrir því til bráðabirgða, að þeim, sem nú hafa tekið 75 smál. próf og verið skipstjórar fulla 36 mán. og eru orðnir þrítugir, verði gefinn kostur á að hækka réttindi sín í almennt fiskimannapróf með sérstöku námsskeiði.

Þessar eru breyt. í frv. Í grg. þess, sem vísað er til, er þess getið, að breyt. eru fluttar eftir einróma ósk Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Í því eru stéttarfélög bæði meiraprófs- og minnaprófsmanna. Félög þessara aðila hafa komið sér saman um að leggja til þær breyt., sem frv. felur í sér. Í grg., sem þau láta fylgja, er tekið fram, að reynslan hafi leitt í ljós, að 75 smál. markið sé úrelt, af því að skipin hafa stækkað svo mjög. Allmargir efnilegir fiskimenn hafa látið sér nægja að nema til minna prófs og hafa síðan farið með skip undir 75 smál. að stærð, en eftir því sem skipin stækka, hafa þeir ekki réttindi til að fara með skip yfir 75 smál. og eru búnir að láta sín beztu ár í námið.

Í frv. er líka gert ráð fyrir, að til bráðabirgða verði komið upp námsskeiðum úti um land til þess að auðvelda mönnum að geta lokið námi hér. Eins og nú er, þurfa nemendur tvo vetur til námsins, en í frv. er gert ráð fyrir fjögurra mánaða námsskeiðum, sem gætu létt af öðrum vetrinum, og menn gætu setzt í síðari bekkinn hér.

Um brtt. sjútvn. á þskj. 397, sem er flutt samkv. ósk Friðriks Ólafssonar skólastjóra, er það að segja, að hún er flutt til að tryggja sem bezt, að þeir, sem eiga að fá þessi smáskiparéttindi, á skipum 6—30 smál., séu fyllilega vandanum vaxnir.

Einn nm., hv. 2. þm. S.-M., hefur flutt brtt., sem aðrir sjútvnm. geta ekki fallizt á. Hún er á þá leið, að réttindi skipstjórnarmanna verði aukin, án þess að þeir bæti við sig þekkingu, og ef hún verður samþ., þá er gengið fram hjá samkomulagsgrundvellinum hjá þeim aðilum, sem aðallega fjalla um þessi mál. Það má deila um það, hvort nám, sem hingað til hefur verið skilyrði fyrir því að fara með 75 smál. skip, muni nægja til að fara með allt að 120 smál. skip, en ég hygg, að ef farið verður inn á þá braut að hækka smálestamarkið án þess að krefjast aukins náms, geti orðið tæpt að fóta sig, og gæti þá komið til mála að fara enn ofar. Ég veit, að Friðrik Ólafsson er alveg mótfallinn þessari till.

Mér virðist þá ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð. Sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 397. Meiri hl. n. mælir gegn till. á þskj. 405.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég vil biðjast afsökunar, að mér láðist að skrifa undir nál. með fyrirvara, og var þess ekki getið í nál., að till. minnar á þskj. 405 væri von. Ég er samþykkur stefnu frv. og að hafður verði sá háttur á um menntun sjómanna, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar flyt ég brtt. á þskj. 405 vegna þess, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því að vísu, að þeir, sem hafi haft réttindi, sem miðast við 75 smál. skip, geti fengið þessi réttindi framlengd þrátt fyrir hin nýju ákvæði l., en þó því aðeins, að þeir gangi undir próf áður í Stýrimannaskólanum.

Ég álít, að þetta ákvæði sé of þröngt í frv., og

vil gera þá málamiðlun, að þeir, sem hafa farið með skip yfir 15 smál. í 36 mánuði, hafi möguleika til að fá réttindi sín færð upp í 120 smál., ef atvmrh. samþ. það.

Ég byggi þetta á því, að sá maður, sem hefur tekið hið minna fiskimannapróf og síðan farið með bát í að minnsta kosti 36 mánuði og getið sér góðan orðstír, er búinn til viðbótar við prófið að fá þá reynslu, að áhættulaust sé, að ráðh. megi heimila þetta.

Það er rétt hjá hv. frsm., að það má deila um, hvar eigi að draga markalínuna. Ég hef miðað við 120 smál., því að ef það væri samþ., væri hægt að veita viðkomandi mönnum réttindi til að fara með velflest skip, önnur en síldveiðiskip. Ég óttast, ef þessi undanþága verður ekki samþykkt, að skortur verði á mönnum á næstunni. Við vitum um hinn mikla áhuga á að auka fiskiskipaflotann. Mér er einnig kunnugt um, að mjög margir menn, sem hafa farið með smærri skip undanfarið, hafa reynzt ágætlega. Það er því ekki óeðlilegt, að þeim séu veitt réttindi til að fara með stærri skip, án þess að þeir þurfi að ganga undir sérstakt próf.

Einhvers verulegs náms verður væntanlega krafizt til undirbúnings undir þetta próf. Við vitum, að það er meira fyrir reynda skipstjóra, sem eru orðnir miðaldra, að setjast á skólabekk að nýju en fyrir unga menn. Það gæti því farið svo, að ýmsir góðir og reyndir skipstjórar kinokuðu sér við því og létu sér þá heldur nægja smærri skip. Ég vil því vænta þess, að till. minni verði vel tekið, og ég sé ekki, að hún ætti að geta valdið misskilningi, og mér er kunnugt um, að margir skipstjórar á smærri skipum óska þess, að þessu verði komið þannig fyrir, á meðan þetta nýja skipulag er að festa rætur. Það er ekkert á móti því, að ungu mönnunum verði ætlað meira nám, en það er eðlilegt, að þeir, sem eru eldri og reyndari, fái þessi réttindi án þess að þurfa að setjast aftur á skólabekk.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örlitlar aths.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um það, að ef till. hans yrði samþ., þá væri þar með séð fyrir því, að eldri sjómenn, sem hefðu 75 tonna réttindi, þyrftu ekki að setjast aftur á skólabekk til þess að fá réttindi sín aukin. Hins vegar lá það þá í orðum hans, að með frv., eins og það er nú, þá væri ætlazt til þess, að þeir settust aftur á skólabekk. En þessu er ekki þannig háttað. Þegar rætt var um það að gefa þessum mönnum kost á því að auka réttindi sín, þá náðist samkomulag um það við Farmanna- og fiskimannasambandið, að þeir skyldu aðeins sækja lítils háttar námsskeið, eins og segir í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„En þar sem margir þeirra manna, sem það próf hafa tekið, hafa öðlazt mikla reynslu í sjómennsku og skipstjórn og eru sumir orðnir fullorðnir menn, þá er varla sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir fari að setjast á skólabekk að nýju með lítt reyndum piltum. Því er það tillaga vor, að stofnuð verði sérstök kennsludeild við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti þeim þann viðbótarlærdóm, sem þeir þurfa til þess að öðlast sömu réttindi og þeir, sem útskrifast úr fiskimannadeild, og verði um prófkröfurnar farið eftir tillögum þeirra manna, sem um það eru dómbærastir."

Það er því alls ekki gert ráð fyrir því, að þessir menn fari að setjast á skólabekk að nýju, heldur á að gefa þeim kost á því að hækka verulega réttindi sín með því að taka þátt í smávægilegu námsskeiði. Það er mjög mikill munur á því að gera kröfur til tveggja ára viðbótarnáms, eins og á að vera í framtíðinni, eða að ætlast til þess, að menn sæki eitt lítils háttar námsskeið. Þetta er einmitt sá samkomulagsgrundvöllur, sem þessir menn hafa sjálfir sætt sig við.

Það er rétt, að það voru og eru til menn, sem álíta, að hægt sé að hækka þessi réttindi úr 75 tonnum upp í 300 tonn, en aðrir vildu hækka þau upp í 200 tonn, og nú hefur loks verið slegið af og orðið samkomulag um að hækka þau aðeins upp í 120 tonn. En það er alveg farið fram hjá þeim undirstöðum, sem samkomulag hefur náðst um, með þessari brtt. á þskj. 405, og þar er farið alveg inn á nýja braut, sem sé þá að veita atvmrh. heimild til þess að veita hverjum þeim, sem honum dettur í hug, réttindi, sem ekkert próf er til fyrir. Það er ekki svo, að hann eigi að veita öllum þeim, sem nú hafa 75 tonna réttindi, ný réttindi upp í 120 tonn, heldur aðeins þeim, sem að hans dómi hafa staðið vel í stöðu sinni. Þeir menn skulu fá þessi réttindi próflaust, en til þessa hefur alltaf verið krafizt prófs, til þess að hægt væri að veita slík réttindi. Ég held, að það væri þá réttara að leggja til, að allir þeir, sem nú hafa 75 tonna réttindi og hafa siglt þennan ákveðna tíma, skyldu fá þessa réttindaaukningu, en ekki láta atvmrh. velja þar úr. Það væri allt öðru máli að gegna, ef ráðh. hefði heimild til þess að veita þessum mönnum eftir till. skólastjóra Stýrimannaskólans tímabundin réttindi til þess að fara með stærri skip en 75 tonn. Það væri sitt hvað eða að veita slík réttindi alveg ótímabundið.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að samþ. þessa brtt. til þess að forða þeim mönnum frá setu á skólabekk, sem ekki þurfa annað en taka þátt í lítils háttar námsskeiði til þess að auka réttindi sín úr 75 tonnum upp í 120 tonn. Ég tel, að þar sé alls ekki farið fram á of mikið. Auk þessa tel ég ósæmilegt að fara inn á þá braut að láta atvmrh. fá rétt til þess að veita þessi réttindi, án þess að próf sé fyrir hendi. Ég vil því leggja til, að brtt. á þskj. 405 verði felld, en að brtt. sjútvn. verði samþ.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hv. 6. landsk. mótmælti því, sem ég sagði til stuðnings brtt. minni, og sagði, að það væri misskilningur, að ætlazt væri til þess, að þessir menn ættu að setjast á sérstakan skólabekk, en svo í sömu andránni les hann upp kafla úr grg. frv., þar sem einmitt er ætlazt til þess, að þeir setjist í sérstaka deild í Stýrimannaskólanum. Það er engin ástæða til þess að vera að fara dult með það, að þar sé þeim ætlað að setjast á sérstakan skólabekk. Ég álít, að 36 mánaða reynsla sé svo mikilsverð, að það megi eins vel treysta manni með 75 tonna réttindi og þá reynslu til þess að fara með 120 tonna skip eins og að treysta nýútskrifuðum manni með minna fiskimannaprófi til þess að fara með skip,

sem er undir 75 tonnum. Auk þess er rétt að taka það fram, að það er alls ekki fordæmalaust, að réttindi til þess að fara með skip hafi verið hækkuð án prófs. Ég man ekki betur en réttindi hafi þannig verið hækkuð nú fyrir nokkrum árum úr 60 tonnum upp í 75 tonn, og þetta var gert vegna þess, að bátar manna voru almennt að stækka. Og nú er einmitt rétt að nota tækifærið til þess að veita þeim mönnum, sem hafa 75 tonna réttindi, réttindi til þess að fara með 120 tonna skip, ef þeir hafa 36 mánaða reynslu að baki sér. Skipafloti okkar er enn þá að stækka, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að þessir menn fari að sækja sérstaka deild í Stýrimannaskólanum.

Varðandi samkomulagsgrundvöllinn, sem hv. þm. vildi ekki láta raska, þá er það að segja, að það er að vísu rétt, að þetta var samþ. á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en þar voru ekki nema svo fáir fulltrúar fyrir þá menn, sem þetta varðar mestu, að það er ekki hægt að búast við því, að hinn almenni vilji þeirra manna hafi komið þar í ljós.

Hv. þm. fann að því, að atvmrh. skyldi hafa heimild til þess að veita þessi réttindi samkv. brtt. minni, í stað þess, að þau skyldu veitt skilyrðislaust. Ég var í vafa um það, hvort ég ætti heldur að leggja til, að þessi réttindi yrðu veitt skilyrðislaust eða hvort atvmrh. skyldi hafa heimild til þess, og ég hallaðist heldur að því að hafa heimildina, vegna þess að það var frekari tilraun til samkomulags. Ég vil í þessu sambandi spyrja meðnm. mína, hvort þeir muni fúsari til þess að styðja brtt. mína, ef ég breyti henni á þann hátt, að þessi réttindi skuli veitt öllum þeim mönnum, sem brtt. getur um, því að þá mun ég biðja um frest til þess að breyta till. í samræmi við það. Hins vegar hafði ég það bak við eyrað, að þótt þetta væri heimild, þá ætlaðist ég til þess, að öllum skyldu veitt þessi réttindi nema þeim, sem sérstök ástæða þætti til að veita þau ekki, og þetta var orðað þannig hjá mér til þess að koma í veg fyrir gagnrýni á því, að allir skyldu fá þessi réttindi undantekningarlaust og án tillits til þess, hve lélegir þeir væru.

Hv. 6. landsk. sagði, að það væri mjög óheillavænleg og ný braut að fara inn á að heimila ráðh. slíka réttindaveitingu. En ég held, að þetta sé ekkert nýtt. Það munu hafa komið fyrir hliðstæð dæmi, og mig minnir, að í sjútvn. hafi ekki alls fyrir löngu verið rætt um að veita ráðh. svipaða heimild handa vélstjórum. Þetta er því ekki ný braut, en ef hv. 6. landsk. vill heldur fallast á, að málinu verði komið í það horf, að öllum, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í brtt. minni, skuli veitt þessi réttindaaukning undantekningarlaust, þá er ég tilbúinn til þess að breyta till. minni í samræmi við það, því að ég er ekkert hræddur við að veita þeim mönnum, sem nú hafa 75 tonna réttindi, 120 tonna réttindi án sérstakrar skólagöngu, ef þeir hafa 36 mánaða reynslu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem hv. 2. þm. S.-M. beindi til mín, segja það, að þótt hann geri þá breyt. á till. sinni, sem hann taldi sig fúsan til, þá get ég samt ekki fallizt á að samþ. hana. Hins vegar tel ég ekki óráðlegt, að atkvgr. um málið verði frestað, til þess að sjútvn. geti tekið þessa till. til athugunar og að hinir nm. geti þá sagt álit sitt á henni.

Eysteinn Jónsson: Ég er því meðmæltur, og ég get líka tekið brtt. mína aftur til 3. umr., ef það þykir heppilegra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 397 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 405 tekin aftur til 3. umr.
9.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 440, 405, 451).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur lagt fram brtt. við frv. þetta, eftir að nál. var undirskrifað og gefið út. Brtt. þessi, sem er á þskj. 451, er eingöngu borin fram til þess að gera frv., ef að l. verður, og l. skýrari. Um þá breyt., sem hér um ræðir, er það að segja, að ef frv. verður samþ., sem ég vil vona, að verði, þá þarf að leita í fernum l. að ákvæði því, sem hér um ræðir, og þess vegna þótti rétt að fella það nú þegar inn í þetta frv., sem svo er ætlazt til, að verði fellt inn í meginefni l. Efnisbreyt. er þetta engin, en l. yrðu óaðgengilegri, nema þessi breyt. sé gerð á frv., því að hér er aðeins farið fram á, að ákvæði l. nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 85 14. maí 1940, um breyt. á þeim l., verði hér orðrétt tekin upp og þeim ákveðinn staður í meginlögunum, þar sem þau virðast helzt eiga heima, en á það hefur skort til þessa. Ég býst því ekki við, að um þetta geti orðið neinn ágreiningur, þar sem þetta er engin efnisbreyting.

Þegar 2. umr. fór fram um þetta mál, var ég ekki í bænum og bað því einn af nm. í sjútvn. að hafa framsögu í málinu, sem hann og mun hafa gert. Geri ég ráð fyrir, að þá hafi verið rædd brtt. sú frá hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), sem fyrir liggur á þskj. 405. Um þá brtt. kunna því vel að vera komin fram þau rök, er að áliti okkar nm. virðast mæla gegn henni, sem sé þau, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. fer í öfuga átt við það, sem frv. fer fram á. Brtt. fer fram á að veita aukinn rétt án aukins lærdóms, en þeir, sem að þessum málum standa, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, telja hins vegar, að stefna sambandsins sé sú, að menntun sjómanna sé sem bezt og skipin verði stærri og fullkomnari. Um þetta varð samkomulag hjá fulltrúum þeim, sem mættu á því sambandsþingi, er tók mál þetta fyrir og útbjó frv. í hendur Alþ., fulltrúum frá félögunum í Reykjavík, Hafnarfirði, Suðurnesj-

um, Austurlandi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Akranesi og víðar, og voru þeir allir sammála um hina knýjandi þörf, sem á þessu er, eins og segir í grg. frv., þegar það var flutt hér síðastl. vetur. — Nú er því hér skotið að mér, að því hafi verið lofað hér við 2. umr. í þessari d. að athuga till. þá, sem fram er komin frá hv. 2. þm. S.-M., milli 2. og 3. umr. af sjútvn. Ég tel, að sú athugun hafi þegar farið fram. Það bar á góma á nefndarfundi, sem haldinn var í gær, hvort nm. mundu samþ. brtt., sem gengi í aðra átt en frv., og þótt engin samþykkt hafi verið um það gerð, þá tel ég, að athugun hafi þegar átt sér stað, hvað sjútvn. snertir, og verða nm. að hafa um það óbreytt atkv.

Annars gefur að skilja, að það verður erfitt að breyta eða koma á svona löggjöf, sem þannig verði úr garði gerð, að enginn einstaklingur hafi neinar séróskir í sambandi við það, en það að vera að gera till. um að veita sjómönnum aukin réttindi til að sigla með stærri skip, án þess að þeir þurfi að bæta við sig aukinni þekkingu, hefur sífellt verið að færa sig upp á skaftið.

Árið 1936 kom fram krafa um, að þeir, sem hefðu smáskipapróf, mættu fá að stjórna skipum, sem væru 150 tonn, og féllst löggjafarvaldið á að hækka takmarkið upp í 75 tonn. Allir sjá, að þetta getur ekki gengið endalaust, að veita réttindi til að vera með stærri og stærri skip, einkum með tilliti til þeirra, sem leggja á sig þó nokkuð langan skólalærdóm til að fá skipstjóraréttindi. Ég vil benda á, að með þessu er ekki verið að ganga á rétt þeirra, sem þegar hafa öðlazt þessi réttindi skv. l. og hafa rétt til að fara með 75 tonna skip, þó að ný réttindi séu sett.

Í morgun kom sendifulltrúi frá stórri veiðistöð úti á landi til að afla upplýsinga vegna misskilnings, sem upp hefur komið um, að gengið sé á rétt þessara manna. En þegar hann fékk þær upplýsingar, að ekki er meiningin að taka réttindin af neinum, sem þegar hefur öðlazt þau, var málinu þar með lokið. Það er meiningin að létta þeim sporin, sem réttindin hafa, til þess að fá full réttindi til að sigla skipum milli landa.

Við vitum, að það er oft hlutskipti duglegra sjómanna að vera undirmenn aðkomandi manna, af því að þeir hafa ekki réttindi. Ég hef fyrir mér orð skólastjóra Stýrimannaskólans um, að þessum mönnum, sem náð hafa 30 ára aldri og verið skipstjórar í 36 mánuði, verði sleppt við ýmislegt, sem þeir eru mjög vel færir í, en nýliðar þurfa að læra, svo sem siglingareglur og vélfræði. Slíkir menn kunna svo mikið í vélfræði, að ekki þarf að setja þá á sama bekk og unga menn, sem nýkomnir eru í skólann. Það er ekki ástæða til að ætla, að lærdómurinn verði þeim þungbær, en hins vegar er þeim kippt upp í hóp þeirra, sem réttindi hafa til að fara með millilandaskip. Slík réttindi eru þess virði, að eitthvað sé á sig lagt til að ná þeim, og er þetta ekki langur námstími samanborið við nám undir ýmis önnur störf í þjóðfélaginu.

Ég sé ekki, að með brtt. hv. 2. þm. S.-M. yrði gert annað en veita aukin réttindi án meiri menntunar, en það er í mótsögn við það, sem hér liggur fyrir.

Eysteinn Jónsson: Ég tók till. mína aftur til 3. umr. eftir till. meðnm. minna, sem töldu, að hún þyrfti frekari athugunar. En nú hefur till. ekki verið rædd mikið í n., og þar sem engin rödd hefur heyrzt þaðan um frekari frest, sé ég ekki heldur ástæðu til þess.

Ef hv. þm. Vestm. hefði ekki farið um till. nokkrum orðum, hefði ég ekki farið að ræða þetta mál frekar. Hann sagði, að till. færi í öfuga átt við stefnu frv. Ég get ekki fallizt á þá skoðun hv. þm. Vestm., að með þessu sé verið að láta í té aukin réttindi, án þess að næg menntun sé annars vegar. Ég tel, að þriggja ára menntun sem fiskiskipstjóri sé allgóð menntun, og álít, að till. mín fari ekki í öfuga átt við frv. með þeirri undanþágu, sem þar er farið fram á.

Það er rétt hjá hv. þm. Vestm., að ekki er hægt endalaust að veita undanþágur án sérnáms, en ég hef líka sett takmarkið við 120 tonna skip og innanlandssiglingar. Sá maður, sem verið hefur skipstjóri í þrjú ár, virðist vera fær um að fara með 120 tonna skip, ef haldið er sér við innanlandssiglingar. Það er ekki fordæmalaust, að farið hafi verið inn á þessa stefnu. Minna fiskimannapróf var fyrst miðað við 60 tonna skip, en síðan var það hækkað í 75, því að menn vildu ekki, að þeir, sem hæfir voru til að fara með 60 tonna skip, heltust úr lestinni, eftir því sem skipin stækkuðu. Það sama vakir fyrir mér með þessu, að þeir, sem verið hafa skipstjórar í þrjú ár, geti tekið stærri skip.

Hv. þm. Vestm. benti á, að þetta námsskeið, sem þó veitti mjög aukin réttindi, væri mjög létt, á því yrðu ekki kenndar þungar námsgreinar og miðaði að því að veita réttindi til millilandasiglinga; það ætti að vera áhættulaust að bæta réttindin úr því að fara með 75 tonna skip í að stjórna 120 tonna skipi. Þetta virðist styðja till. mína og að þeir, sem hafa verulega reynslu sem skipstjórar og hafa minna fiskimannapróf, hefðu ekki ástæðu til að setjast á skólabekk að nýju, þótt bátarnir stækkuðu úr 75 í 120 tonn. — Mín ætlun er sú að gera þetta allt auðveldara fyrir þá, sem þessa atvinnugrein stunda, þótt fleyturnar stækki. Hér er um menn að ræða, sem ættu að hafa komizt yfir þá þekkingu, sem krafizt er, og fer því mjög fjarri, að ég vilji beita mér gegn aukinni þekkingu skipstjórastéttarinnar.

Það er rétt, að frv. er byggt á till. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og mér er kunnugt um, að margir í því mundu óska, að till. sem mín kæmi fram hér á Alþ. og að hún yrði samþ. Ég veit vel, að ýmsir þeirra, sem þegar hafa öðlazt meiri réttindi, hafa tilhneigingu til að amast við því, að réttindi annarra séu aukin án skólanáms. En þeim má benda á, að það ber að líta talsvert á þá viðbót verklegrar menntunar, sem þeir hafa hlotið, er lengi hafa verið skipstjórar.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar að sinni.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég er hv. 2. þm. S.-M. sammála um, að reynslan er drjúg menntun út af fyrir sig og einatt notadrýgst. En hún er ekki einhlít gagnvart löggjafarvaldinu, sem sett hefur reglur um veitingu réttinda til að vera með svo eða svo stór skip. Því verður ekki á móti mælt, að þeir, sem í 36 mánuði hafa stýrt skipi með lukku og farsæld, eru jafnfærir til að stjórna stærri skipum. Það er von, að menn spyrji: Hvers vegna fær maður, sem hefur rétt til að fara með 30 tonna skip, ekki að fara með 32 tonna skip?

Á því sýnist nær enginn munur vera. En þessi takmörk eru nú einu sinni ákveðin með lögum. Það skal viðurkennt, að þetta gæti gengið. En menntun og kunnátta er nauðsynleg á þessu sviði sem öðrum, og því betri og hraðskreiðari sem skipin eru, því meiri þörf er á vel menntuðum og færum skipstjórum. Þetta veit ég, að hv. 2. þm. S.-M. samþ. með mér.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi, að þeir, sem þegar hefðu öðlazt þau réttindi, er hér um ræðir, væru tregir til að samþ., að þau féllu og öðrum í skaut með þessu móti. Þetta kann að vera rétt. En frv. sýnir, hvað langt er gengið til móts við þá, sem öðlast vilja aukin réttindi á þennan hátt og hafa reynslu til þess. Hér koma til greina sjómenn, sem í 36 mánuði hafa sýnt, að þeir eru færir um skipstjórn.

Þá sýnist mjög eðlilegt, að gengið sé í þá átt áfram, að menn fái aukin réttindi án tilsvarandi aukinnar menntunar. Mér virðist, að með þessu frv. sé gengið talsvert langt til móts við þá, sem verklega þekkingu hafa í þessu efni. En þegar komið er að nokkuð mikilli stærð skipa, þarf skipstjórinn að hafa mikla þekkingu til að bera. Þegar komið er að 120 tonna skipi, má segja: Já, hví ekki 150 tonn? Svona mætti lengi halda áfram. En nú er ætlunin að liðka til fyrir eldri menn án þess þó að halla á yngri menn, sem nú eru á skólabekk.

Ég er sammála hv. 2. þm. S.-M. um, að ekki sé ástæða til að karpa um málið, og er rétt að láta það útkljást í deildinni. Það mun a. m. k. ekki að tilefnislausu verða gert af minni hálfu.

Finnur Jónsson: Ég get fallizt á þá stefnu, að rétt sé að krefjast sem mestrar menntunar af þeim, sem eiga að fara með skipstjórn. En ég hef látið í ljós við meðnm. mína ótta við, að með frv. þessu yrði ýmsum mönnum bægt frá skipstjórn. Hér er í frv. gengið í þá átt að gera þeim, sem vilja verða skipstjórar, að skyldu að vera tvo vetur við nám í Reykjavík. Áður var sá háttur á, að þeir, sem tekið höfðu minna skipstjóraróf, þurftu einn vetur til að ljúka þessu prófi. Menn sóttu námsskeið, sem haldin voru í ýmsum kaupstöðum landsins. Þannig fengu menn tækifæri til að verða færir um að taka við skipstjórn. Þetta frv., ef samþ. verður, útilokar þessi námsskeið. Aftur á móti er mönnum veittur réttur til þess að verða skipstjórar á bátum allt að 30 smálestum án þess að hafa verið á nokkru sérstöku námsskeiði, og kröfurnar virðast þá vera minni en nú er. Nú geta menn ekki fengið skipstjórnarréttindi á bátum yfir 15 smálestir nema með minna fiskimannaprófi, en samkv. þessu frv. þarf engin slík próf til þess að stjórna skipi, sem er allt að 30 smálestum. Nú hefur þessu hingað til verið skipt þannig, að hið minna fiskimannapróf gefur rétt til skipstjórnar á skipum frá 15 til 60 rúmlesta í innanlandssiglingum, en til utanlandssiglinga þarf hið meira fiskimannapróf. Með þessu frv. fellur niður mismunurinn á hinu minna fiskimannaprófi og hinu meira. Það eru gerðar meiri kröfur til þeirra, sem sigla með skip yfir 30 rúmlestir, en minni kröfur til þeirra, sem sigla skipum 15 til 30 smálesta stórum. Mér skilst, að þetta sé ósamræmi, að lækka kröfur til manna, sem sigla skipum, sem eru 15 til 30 rúmlestir að stærð, en hækka kröfurnar til hinna, sem stýra skipum frá 30 til 60 rúmlesta að stærð. Þeim eru þá að vísu veitt meiri réttindi, en þau réttindi eru þýðingarlítil fyrir þá flesta.

Annað ósamræmi kemur fram í brtt. á þskj. 451. Þar er gert ráð fyrir því, að þegar skortur er á vélstjórum, megi veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum allt að 800 hestafla. Mér finnst mikið ósamræmi í þessu, og ég held, að þrátt fyrir að þetta mál hafi verið mikið athugað, þyrfti það að fara í gegnum einhvern sérstakan hreinsunareld, til þess að samræmi kæmi í frv. Ekkert samræmi er í því að lækka kröfurnar til skipstjórnar á 15 til 30 smálesta skipum, en hækka kröfurnar til skipstjórnar á 30 til 60 rúmlesta skipum í innanlandssiglingum. Ég skil, hvers vegna fram er komin sú till. að veita kyndurum vélaréttindi við 300 eða 800 hestafla vél. Ástæðan er sú, að ekki eru nógu margir langskólagengnir vélstjórar til í landinu, og hefur ríkisstj. neyðzt til þess undanfarin ár að veita mönnum undanþágu, til þess að hægt sé að sigla þessum skipum milli landa. En gæti ekki farið svo, þegar þessi l. eru gengin í gildi, að langskólagengna menn vanti til þess að stýra skipunum, þannig að ríkisstj. þyrfti að veita ólöglegar undanþágur? Ég óttast þetta nokkuð. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að það væri ekki rétt gagnvart sjómannastéttinni að fella niður þau námsskeið, sem haldin hafa verið víðs vegar úti um land, námsskeið, sem hafa gert mönnum kleift að verða skipstjórar, þótt þeir hafi verið komnir yfir venjulegan námsaldur. Og af þessum námsskeiðum hafa komið margir beztu skipstjórarnir á veiðiskip um allt land. Ég óttast, að þeir verði margir, sem hafa ekki ástæður til tveggja vetra náms hér í Rvík.

Nú er það alveg rétt, að gera þarf breyt. á l. vegna þess, að menn hafa tilhneigingu til þess að láta fiskiskip fara stækkandi. Ég get fallizt á brtt. hv. 2. þm. S.-M. um að gefa mönnum, sem hafa verið skipstjórar á 60 rúmlesta skipum, kost á að taka við stærri skipum í innanlandssiglingum. Hins vegar mun ekki fært að veita þessum mönnum leyfi til utanlandssiglinga nema með bættri menntun, því að í utanlandssiglingum þarf oft að gera staðarákvarðanir, en þess er ekki krafizt af þeim, sem hafa minna fiskimannapróf. Ég vil — auk þess að gera athugasemdir við þetta frv., sem ég ætla, að geti orðið til þess að hindra menn í að læra skipstjórn, auk þess ósamræmis að lækka kröfurnar til annarra, — leggja til, að gerðar verði á þessu frv. breyt. eitthvað svipaðar þeim, er liggja fyrir á þskj. 405, þótt ég telji, að slík réttindi eigi ekki að veita öðrum en þeim, sem hafa verið skipstjórar við góðan orðstír í a. m. k. 5 ár á skipum yfir 15 rúmlestir, og að slík undanþága gildi aðeins til innanlandssiglinga. Vil ég spyrja hv. 2. þm. S.-M., hvort hann geti fallizt á þessa breyt., og mun ég þá fylgja brtt. hans.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég hygg nú í rauninni fulla þörf á því fyrir flesta hv. dm. að kynna sér allar röksemdir þessa máls, sem hér er til meðferðar, ekki sízt eftir að þeir hafa heyrt misskilning hv. þm. Ísaf. á málinu. Eins og hann minntist á, er það svo, að mikill meiri hluti þm. er fjarstaddur, en engu að síður vil

ég vegna þess, sem kom fram í ræðu hans, leiðrétta sumt af því, sem hann sagði.

Þá er fyrst rétt að benda á, hvernig náminu er háttað og réttindi veitt til skipstjórnar. Lægstu réttindi hafa verið miðuð við bátastærðina 6 til 15 smálestir. Þeir menn, sem hafa fengið þessi réttindi, hafa ekki þurft að ljúka sérstöku prófi. Hins vegar eru í ýmsum verstöðvum tilnefndir menn, sem hafa veitt sjómönnum þessi réttindi. Þegar talið er, að undirstöðuþekking sé fengin, hafa sjómenn fengið réttindin, án þess að um verulegt nám sé að ræða. Hins vegar hefur næsta réttindastigið verið miðað við 15 til 75 smálestir. Til þess að fá þau réttindi hafa menn þurft að vera á námsskeiði. Þessi námsskeið hafa farið fram á 4 til 5 stöðum á landinu, og stendur hvert þeirra venjulega 4 mánuði. Þriðja stigið, hið meira fiskimannapróf, sem Stýrimannaskólinn í Rvík hefur veitt, veitir réttindi til skipa yfir 75 smálestir. Sú breyt. er gerð með þessu frv., að í stað þess, að menn gátu áður fengið réttindi til 15 smálesta báta án þess að setjast á skólabekk, þá er nú lagt til, að þeir menn verði að nema það, sem til þarf til þess að stjórna 6 til 30 smálesta skipum. Kröfurnar eru því þyngdar til þeirra, sem stjórna 6 til 15 smálesta bátum, en léttari fyrir þá, sem fara með 15 til 30 smálesta báta. Þegar flokkuninni var breytt, leiddi það til þess, að nokkur hluti flokksins þyngdist, en annar léttist. Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., að samkv. þessu frv. geti menn eftirleiðis fengið skipstjórnarréttindi fyrir 30 smálesta báta án þess að nema til þess. Það er beinlínis tekið fram í frv., að komið sé á fót námsskeiðum, þar sem sjómönnum gefist kostur á að nema skipstjórn á bátum allt að 30 smálesta stórum. Það er ekki rétt, að leggja eigi niður þau námsskeið, sem verið hafa úti á landi fyrir skipstjórn á 15 til 75 smálesta bátum. Það er einmitt gert ráð fyrir, að á þessum sömu stöðum verði námsskeið mjög svipuð þeim, er fyrir voru, en hins vegar veita þessi námsskeið eftirleiðis ekki skipstjórnarréttindi á allt að 75 smál. bátum, heldur er þeim ætlað það hlutverk að búa menn undir Stýrimannaskólann. Eins og þessum málum hefur verið fyrir komið, hafa menn þurft að vera hér tvo vetur, annan veturinn fjóra mánuði, en hinn sjö mánuði til þess að ljúka hinu meira fiskimannaprófi. Eftirleiðis verður því hagað þannig, að þeir menn, sem heima eiga úti á landi, geti lokið fyrri vetrinum þar og öðlazt síðan inngöngu í síðari deild Stýrimannaskólans næsta vetur. Ég held, að þetta leiði til þess, að sjómenn sæki þessi námsskeið og fari svo einn vetur í Stýrimannaskólann og öðlist þannig full réttindi. Margir ágætir ungir menn hafa verið á námsskeiðunum og fengið réttindi til 75 smál. báta, en látið þá staðar numið, af því að ekki var beint samband milli námsskeiðanna og Stýrimannaskólans. En hafi þeir síðan viljað fá réttindi til stærri skipa eftir nokkur ár, þótti þeim of seint að setjast á skólabekk. En ef farið væri að eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, myndu menn telja það ómaksins vert að fara í Stýrimannaskólann einn vetur til þess að fá réttindi til allra fiskiskipa. Fyrirkomulagið var þannig, að menn, sem vildu læra að fara með 25 smál. bát, lærðu að fara með 75 smál. skip, en samkv. þessu frv. læra þeir að fara með 30 smál. bát, og af því leiðir, að hægt er að létta það nám nokkuð. Alveg sama gilti um þá, sem vildu læra að fara með 40 smál. bát. Þeir lærðu að fara með 75 smál. bát, en lenda samkv. þessu frv. í hóp þeirra, sem mega fara með þrjú til fjögur hundruð smál. skip. (**FJ**: Hvar stendur þetta í frv.?) Það er tekið fram í l., að þeir, sem stjórna 40 smál. skipum, verði að taka hið meira fiskimannapróf, og er þannig hert á námskröfunum. Að mínum dómi er hér ekki um neitt ósamræmi að ræða, heldur eðlilega og óhjákvæmilega nauðsyn, en hitt skil ég mætavel, að hv. þm. Ísaf. finnist það heldur illa til fallið ,að fella niður námsskeiðin, sem hafa verið haldin á verstöðvum úti um land. En ég hygg, að hann sjái það við nánari athugun, að ekki er gert ráð fyrir að leggja þessi námsskeið niður með öllu, þótt þeim verði hins vegar breytt nokkuð frá því, sem nú er.

Vil ég benda á eitt atriði enn í þessu sambandi, sem ég hygg, að hv. þm. hafi ekki athugað nógu rækilega. Hann sagði, að sér virtist, að þessi breyt. mundi verða til þess að torvelda mörgum sjómönnum að fá skipstjóraréttindi. Sannleikurinn er sá, að þessi l. rýmka allverulega um fyrir sjómenn að komast inn í Stýrimannaskólann til þess að fá hið meira fiskimannapróf. Langs siglingatíma hefur verið krafizt á a. m. k. 70 smál. skipum, áður en menn hafa gengið undir hið meira fiskimannapróf. Nú er gert ráð fyrir, að menn geti tekið próf, eftir að þeir hafa siglt jafnlengi og áður, en ekki krafizt þess, að skipin séu stærri en 30 smál. Ætla ég, að þetta verði til að auðvelda mörgum inntöku í skólann og ná þeim prófum, sem þeir óska að leysa af hendi.

Þá vil ég einnig geta þess, að sú brtt., sem hv. þm. Ísaf. gerði að umtalsefni, undanþágur varðandi vélstjórastörf, brtt. á þskj. 451, er fyrir í l., en er borin fram samkv. ósk skrifstofu Alþ. til þess að fá saman í ein l. allar breyt. gerðar á þessum l. Þessi heimild er því fyrir í l., og ætti því að ræða þessa brtt. sem sérstakt mál, óviðkomandi því máli, sem hér um ræðir.

Ég hef áður lýst yfir, að ég er alveg mótfallinn brtt. hv. 2. þm. S.-M., á þskj. 405, og ég hef sérstaklega bent á það, að með þeirri brtt. er farið inn á nýjar og mjög háskalegar brautir, þar sem atvmrh. er veitt heimild til þess að hækka próf manna eftir því, sem honum gott þykir í ýmsum tilfellum. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessum till., að allir þeir, sem lokið hafa prófi og öðlazt réttindi til skipstjórnar á allt að 75 smál. skipum, fái réttindi til skipa allt að 120 smálesta, heldur er gert ráð fyrir því, að atvmrh. hafi heimild til þess að auka réttindi sumra manna, en láta aðra sitja við minni réttindi. Fram til þessa hefur verið miðað við, að menn fengju skipstjórnarréttindi eftir því, hvað þeir hafa leyst viðtæk og kröfumikil próf af hendi. Þau hafa verið lögð til grundvallar. En hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að atvmrh. geti breytt prófniðurstöðum manna og geti ákveðið, að þeir menn, sem leyst hafa af hendi aðeins 75 tonna próf, geti verið hækkaðir upp og fengið 120 smálesta réttindi. Og hv. flm. brtt., 2. þm. S.-M., hefur ítrekað það hér í ræðu, að hann ætlist ekki til, að öllum verði veitt þessi hækkun réttinda, heldur aðeins þeim, sem staðið hafa sérstaklega vel í starfi sínu, eins og hann komst að orði. (**EystJ**: Þetta er þveröfugt. Ég ætlaðist til, að öllum, sem ekki hefur

hlekkzt á, verði veitt þessi réttindi samkv. brtt.) Ég hafði skrifað upp orð hv. 2. þm. S.-M., og þó að þessi orð, sem hann nú sagði, hefðu verið látin fylgja brtt., þá sýnir það sig samt, að eftir till. hans á algerlega að ganga fram hjá prófniðurstöðum, sem hingað til hafa verið lagðar til grundvallar veitingu réttinda í þessum efnum. Ég get ekki fellt mig við, að slíkt sé gert. Það er meginmunur á því, hvort ráðh. hefði heimild til að veita mönnum undanþáguréttindi um takmarkaðan tíma, eða hins vegar, hvort hann hefur leyfi til þess að hækka prófréttindi manna. Í einstaka greinum, eins og t. d. viðkomandi vélstjórum, hefur það verið gert, að ráðh. hefur fengið heimild til að veita vélstjórum réttindi til þess að fara með stærri vélar en viðkomandi vélstjórar hafa haft próf til um ákveðinn takmarkaðan tíma. Hins vegar hefur ráðh. ekki haft heimild til þess að hækka prófréttindi manna. Þess vegna mun ég verða á móti þessari brtt. og vil fella frv., eins og það hefur komið frá hv. sjútvn.

Umr. frestað.

Á 69., 72., 73. og 74. fundi í Nd., 23. okt., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Síðan þessu máli var frestað, hefur sjútvn. talað saman um brtt. á þskj. 405 frá hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), og náðist ekki samkomulag innan n. um það, að frv. bæri að breyta í þessa átt. Meiri hl. n. er því andstæður. Ég hef fyrir mitt leyti borið þessar breyt. og aðrar, sem ymprað var á í undanþáguátt, undir skólastjóra Stýrimannaskólans, og hann taldi þær spor í öfuga átt.

Þá eru brtt. á þskj. 451 frá sjútvn. Það er þegar upplýst, að sú gagnrýni, sem fram kom hjá hv. þm. Ísaf. (FJ) um ósamræmi í breytingum, sérstaklega um kyndara, er önnuðust vélstjórn, var óþörf, því að þarna kom ekki fram nýmæli, heldur var breyt. þessi gerð að ábendingu skrifstofu Alþ., og eru þar tekin inn í frv. ákvæði, sem þegar eru í l. og hentara er að hafa á þessum stað, þegar frv. hefur náð lagagildi og á að fella það inn í gildandi löggjöf. — Ég hef ekki að sinni fleira að segja um málið.

Eysteinn Jónsson: Út af brtt. minni á þskj. 405, sem n. gat ekki náð samkomulagi um og fellur nú undir úrskurð þessarar hv. d., vildi ég segja nokkur orð. — Ég get ekki farið að endurtaka rök mín fyrir henni, einkum þar sem d. er þunnskipuð, en ég teldi samþykkt hennar mjög til bóta, og hér er um réttlætismál að ræða.

Hv. þm. Ísaf., núv. félmrh., lýsti yfir síðast við umr., að hann væri í meginatriðum samþykkur brtt. minni, vildi aðeins lengja upp í 5 ár þann tíma, sem menn þyrftu að hafa gegnt starfi fyrir gildistöku þessara l., til þess að halda réttindum sínum. Nú bjóst ég við brtt. þessa efnis frá hæstv. félmrh. En þar sem hann er fjarstaddur, vil ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við brtt. mína á þskj. 405 um, að í stað orðanna „36 mánuði" komi „5 ár", — í því trausti, að það verði fremur til þess, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 512) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 17. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 512 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BG, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GTh, HelgJ, JS, JörB.

nei: SigfS, SB, SG, SEH, SK, ÁS, EOl, GÞ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh.

StJSt, ÞG, ÁkJ, EmJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁÁ, GG, IngJ, JakM) fjarstaddir.

Brtt. 405, svo breytt, felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JS, PZ, PÞ, PO, JörB.

nei: SK, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁS, BG, EOl, EmJ, GÞ, GTh, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH.

4 þm. (ÁÁ, GG, IngJ, JakM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sigurður Kristjánsson: Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samkomulagsmál milli stéttanna, sem það snertir, og málið er dautt, ef brtt. þessi verður samþ. Ég segi því nei.

Brtt. 451,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 451,2 samþ. án atkvgr.
— 451,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 451,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 521).

Á 71. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 521, n. 660, 672).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt það mjög ýtarlega. Henni hafa borizt um það ýmis gögn, sérstaklega frá stéttarfélögum, og vík ég síðar að sumum. En eftir að n. hefur kynnt sér allar aðstæður, hefur hún fallizt á, að frv. beri að samþ. óbreytt.

Frv. fer fram á tvennt aðallega. Það er ætlað

að færa réttindahámark þeirra manna, sem hafa rétt til að flytja 6—10 tonna báta, upp í 30 tonna hámark. Ætlazt er til, að hæfni þessara stýrimanna sé vottuð af siglingafróðum manni, tilnefndum af atvmrn. eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, og samkv. því vottorði veiti lögreglustjóri þeim réttindaskírteini. Í þessu ætti að felast meira öryggi um kunnáttu þessara stýrimanna en verið hefur. Þau rök eru færð fyrir hækkuninni úr 15 í 30 smál., að algengir bátar, sem ekki stunda útilegur, en vitja daglega hafnar í verstöð sinni, eru tíðast 12, 15, 18 og upp í 24 smál. Virðast stýrimenn allra þessara báta eiga óskilið mál og hæfi ekki að skipa þeim í tvo flokka. Þegar komið er hins vegar yfir 30 smál. stærð, fara þeir bátar lengra til veiða með landi fram og stunda meir útilegur, og þarf meira nám til að stjórna þeim.

Þá er það önnur meginbreyt., að fellt er niður fiskimannapróf hið minna, sem þeir þurftu að taka, sem stýrðu fiskiskipum, fyrst 15—30 smál., síðan 15—60 smál. og nú loks 75 smál., því að alltaf var verið að hækka það hámark. Minna prófið veitti ekki rétt til millilandasiglinga.

Eftir að við höfðum kynnt okkur þær kröfur, sem til stýrimannaprófs eru gerðar, virtist okkur, að til þess þyrfti allt að tveggja vetra nám í stýrimannaskóla með þeim undirbúningi, sem nú tíðkast. En verði fræðslul. breytt þannig, að víðast verði komið á unglingamenntun, sem veiti gagnfræðapróf (hið minna), getur það breytt því, að þá nægi nemendum einn vetur við sérnám á eftir í stýrimannaskóla til fullnaðarprófs. Það er ekkert of mikil krafa til manna, sem trúað er fyrir bátum yfir 30 smál., að þeir hafi stundað til þess eins til tveggja vetra nám. Þeim er launað tvöföldum hásetalaunum. 50 smál. bátur mun nú eftir verði Svíþjóðarbátanna að dæma kosta upp undir ½ millj. króna. Auk þess er stjórnendum slíkra báta trúað fyrir fjölda mannslífa. Er þá til of mikils ætlazt, að þeir hafi lokið því prófi, sem frv. gerir ráð fyrir? Ég held ekki. Menn hafa sumir forðazt að stækka bátana yfir 75 smál. vegna þess, að hærra náðu ekki réttindi minna fiskimannaprófsins, en hefðu e. t. v. ella farið upp í 100 smál. Margt annað hefur og miður farið vegna þess takmarks, og eins og nú horfir um stækkun á skipum þeirrar tegundar, er 75 smál. takmarkið mjög óheppilegt að flestu leyti. Mun því alls ekki verða haldið.

Það, sem helzt hefur valdið deilum, er það, hvernig fyrst um sinn skuli fara með þá, sem hafa haft réttindi hins minna fiskimannaprófs, en fá ekki meiri rétt, nema þeir bæti um kunnáttu sína, og er gert ráð fyrir þessu framhaldsnámi þeirra í bráðabirgðaákvæði við frv., a-lið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, bæði um þetta og (í b-lið) um námsskeið, sem haldið er uppi fyrir þá, er stýra bátum undir 30 smál.:

„a) Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um próf þetta að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

b) Námsskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laganna, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið á þessu tímabili falið skólastjóra Stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námsskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námsskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð fyrir Stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námsskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar."

Um b-lið þarf ekki frekari umr. í þessu sambandi, en a-liður varðar eingöngu þá menn, sem deilt er um.

Þeir menn, sem yngri eru en þrítugir, verða ekki þessara próftökuréttinda aðnjótandi, því að þeim er síður vorkunn að sitja skólabekk með venjulegum nemendum stýrimannaskólans. Sumir hafa óttazt, að með þessu væri mönnum íþyngt um of. Forstöðumaður skólans hefur lýst yfir því, að allt verði gert, sem sanngjarnt er og þurfa kann til að auðvelda mönnum þetta námsskeið. Ef augu miðaldra manna skyldu illa þola lestur, má kenna meir með fyrirlestrum. Annars eru augu eitt af því, sem sízt má bila hjá skipstjórnarmönnum, og þurfa þeir augnlæknisvottorð á 5 ára fresti.

Með því að taka þetta sérstaka próf er þessum mönnum veitt miklu meira en þótt þeir hefðu fengið rétt til að færa nokkru stærri skip. Þeir fá rétt til þess að vera skipstjórar og stýrimenn á fiskiskipum af hvaða stærð, sem er, í utanlands- og innanlandssiglingum.

Ég vil leyfa mér að minnast ofur lítið á skjöl, sem n. hafa borizt í þessu máli. Þar er t. d. erindi frá skipstjóra- og stýrimannafélaginu Gróttu, dags. 30. nóv., þar sem lögð er sérstök áherzla á að samþ. frv. eins og það er. Meðal stéttarinnar var uppi hreyfing í þá átt að fá réttindi manna, sem höfðu rétt til að stýra 75 smál. skipi, hækkuð án prófs upp í allt að 150 smál. En við athugun málsins féllust flestir á, að fyrirkomulag frv. væri heppilegra. Frá Vestmannaeyjum hafa sömu till. borizt, í aðalatriðum. Í sambandi við erindi Vestmannaeyinganna vil ég leyfa mér að upplýsa, að málið var tekið fyrir á þingfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Skipuð var n., þar sem m. a. átti sæti Magnús Gíslason útvegsmaður frá Vestmannaeyjum. Hann hafði haldið erindi um málið og haldið því fram, að leyfa ætti hækkun réttinda án prófs. En eftir að hann hafði kynnt

sér öll gögn, var hann með því að samþ. frv. óbreytt. Hann var frsm. n. á fundinum og taldi, að þessir menn fengju miklu meiri hlunnindi og réttindi með hóflegri fyrirhöfn samkv. frv. heldur en fengjust með því að leyfa hækkun án prófs.

Í sambandi við þetta vil ég benda á það til marks um glundroðann, sem af því yrði, ef þessum mönnum væri leyft án prófs að flytja 100 eða 150 smál. skip innanlands, að þá mundu þeir skipstjórar hafa réttindi til að stýra skipi sínu á fiskveiðum, meðan verið væri að fylla það, en engin réttindi til að fara með það til útlanda og selja fiskinn, heldur yrði þá að skipta um skipstjóra í hverri ferð.

N. leggur einróma til að samþ. frv. óbreytt. Hv. 9. landsk. var að vísu ekki viðstaddur við afgreiðslu málsins. Sé hann ekki sammála n., mun hann gera grein fyrir ástæðum sínum.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég fór þess á leit við hæstv. forseta, að ég fengi að vera staddur við 2. umr. málsins í d. Ég hafði kynnzt málinu, meðan ég var í sjútvn. Nd., en ég gat ekki verið við, þegar hún afgreiddi málið. Önnur ástæða til þess, að ég vildi taka þátt í meðferð málsins, er, að ég er fulltrúi fyrir sjávarútvegskjördæmi og þetta er útvegsmál.

Hv. frsm. hefur nú skýrt frv. nokkuð fyrir þdm. En ég vildi benda á ýmsa hluti. Þótt menn séu sammála um sum efni frv., eru þar hlutir, sem með engu móti mega standa óbreyttir. Ég verð að segja, að frv. stefnir ekki nema að nokkru leyti í rétta átt. Hv. frsm. taldi tvær höfuðbreyt. felast í frv., hækkun réttinda þeirra manna, sem stýrt hafa 6—15 smál. bátum, upp í 30 smál., en hins vegar stórauknar þekkingarkröfur til þeirra, sem stýra eiga 30—75 smál. bátum. Eins og er, mega menn stýra 15 smál. bát, ef þeir þekkja á áttavita og kunna alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og lítið annað. Vottorð um, að menn kunni þetta, þarf að vera veitt af siglingafróðum manni og staðfest af lögreglustjóra. Nú ákveður frv., að sá siglingafróði maður, sem kunnáttuna skal prófa, skuli skipaður eftir till. skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík. Það veitir ekki neitt öryggi um, að þekkingarkröfur verði strangari en þær eru nú yfirleitt. En frv. fer fram á, að þeim, sem þessa þekkingu hafa, séu veitt réttindin að stýra 30 smál. bát. Nú tel ég rétt, að mönnum sé ljóst, að hættulegt er að draga úr öryggi á 15—30 smál. bátum. Þekking þeirra, sem stjórna þeim, þarf að vera í góðu lagi. Flóabátar eru t. d. margir af þessari stærð, og eru þar oft mikil verðmæti í veði og fjöldi mannslífa. Kröfurnar, sem nú eru gerðar til hins minna fiskimannaprófs, er veitir rétt til að stjórna 15—75 smál. skipum, eru þessar m. a.: Stærðfræði: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur og almenn brot, tugabrot, hlutföll talna ... þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá ... að finna óþekkta tölu í hlutfallslíkingu, þekking á beinum og bjúgum línum, hringum og línum þeirra, flatarmáli hrings, þríhyrnings og ferhyrnings. Næst er talin siglingafræði: Þekking er krafin á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, baugneti hans, lengd og breidd, kompáslínum og kompásstrikum, — skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afvíki, kompáslínum og kompásstrikum, — þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum, — skyn á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði, — grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvísun og misvísunarlínum, halla og hallalínum, segulskekkju og helztu orsökum hennar og á aðferðum til að leiðrétta þær skekkjur, er af henni leiðir. Heimtuð er og þekking á sjókortum, reglum um gerð þeirra og hvað á þeim eigi að standa, þekking á hvers konar mælitækjum og áhöldum, sem á 75 smál. skipum eru notuð, þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drifi, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu o. s. frv. — Kunna skal maður að nota sextant til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum og kunna grein á helztu hlutum sextants, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna, hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markréttingu og hvernig hún finnst, á mælingu horna milli jarðlægra punkta. Þá er í sjómennsku heimtuð margvísleg þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarreglum og allvíðtæk kunnátta í meðferð ýmissa tækja á skipi, enn fremur kunnátta í íslenzkum sjórétti, hjúkrunarfræði og sóttvörnum o. fl. Nánar geta þm. kynnt sér þetta t. d. í handhægu kveri, sem fræðslumálastjórnin hefur gefið út 1944: Lög og reglur um skóla og menningarmál á Íslandi. — Allar þessar kröfur til manna, sem stjórna eiga 15—30 smál. bátum, eru felldar burt í frv. Það spor væri hættulegt að stíga. Þegar þess er gætt, að skip 12—35 rúmlesta að stærð eru um 200 hér við land með 1200 manna áhöfn, sést, hvað í húfi muni vera. Ég tel skyldu mína að vara hv. Ed. við.

Ekkert samræmi er í því að fella niður kröfur til þekkingar þeirra, er stjórna 15—30 smál. bát, en herða kröfur til þeirra, sem stjórna 30—75 smál. bátum, þannig að þeir þurfa tveggja vetra nám í stýrimannaskóla.

Ég vildi mælast til þess við hv. sjútvn., að hún athugaði frv. milli umr. Eitt, sem ekki má falla niður úr eldri löggjöf, er það skilyrði, að skipstjóri hafi eigi gerzt sekur um verk, er svívirðilegt sé að almannadómi. Ef það fellur niður, að því er varðar skip undir 30 smál., eins og frv. gerir ráð fyrir, er ekkert til fyrirstöðu, að alræmdir glæpamenn geti orðið skipstjórar, og sjá allir, hve vel gæfist að gera það heimilt. Þeim mönnum er bannað að vera bílstjórar, er eigi hafa full mannréttindi. Og liggur í augum uppi, að þetta verður að laga í frv., taka upp ákvæði um það í 4. gr., þótt enn hafi það eigi verið gert og málið sé búið að fara gegnum þrjár umr. í Nd. og komið hér til 2. umr. án þess.

Enn fremur virðist vanta í 4. gr. samband milli þeirra námsskeiða, sem haldin hafa verið í kaupstöðum landsins á undanförnum árum og gefizt yfirleitt mjög vel, og þeirra þekkingarkrafna, sem gera verður til skipstjóra á fiskiskipum verstöðvanna. Mér er ekki ljóst, hvernig þekkingarkröfur 4. gr. verða í framkvæmdinni, þær eru allt of óljósar að mínum dómi. Mér virðist nauðsyn að gera ákveðið próf að skilyrði, og það vildi ég ræða við n. Í gr. virðist a. m. k. vanta heimild fyrir ríkisstj. til að setja um þetta reglugerð, er m. a. tiltaki, hvað kenna skuli á námsskeiðunum. Það

er ekki nóg, að einhverjir ágætir menn eins og skólastjóri Stýrimannaskólans eigi að benda á hæfa menn til að prófa þá, er skipstjórnarréttindi vilja fá, ef allt er óbundið um þekkingarkröfurnar. Í b-lið bráðabirgðaákvæðis, sem er í lok frv., — ætti að færast lítið eitt aftar en það er nú, — er rætt um námsskeiðin og gert ráð fyrir, að nánar segi um þau í reglugerð Stýrimannaskólans, en tengslin milli þessa liðar og 4. gr. eru óljós og ófullkomin. Ég teldi langréttast að fella bráðabirgðaákvæðið eða a. m. k. b-lið þess inn í meginmál frv., því að námsskeiðin eiga sér langa framtíð. Á námsskeiðunum hafa margir af alduglegustu fiskiskipstjórum okkar fengið menntun sína, og enn verður það oft svo, að þeir menn eiga lítt heimangengt til tveggja vetra náms í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hefðu ekki verið þessi námsskeið, hefðum við misst af mörgum þessara manna frá skipstjórn fyrir fullt og allt.

Ég er ekki eins viss um það og hv. frsm., að öllu réttlæti sé fullnægt með því að hækka réttindi minnaprófsskipstjóra, ef þeir geta lagt út í viðbótarnám og próf, en svipta þá ella vonum um að fá að færa nokkru stærri fiskiskip en 75 smál. Við vitum, að margir þeirra manna, sem nú eru miðaldra og fara með skipstjórn, eru mjög kunnugir fiskimiðum og staðháttum öllum hér við land, og mörgum þeirra hefur farnazt prýðilega í allri skipstjórn sinni. Þótt þeir fengju að afloknu vetrarnámi leyfi til millilandasiglinga, stendur hugur þeirra lítt til þess sakir ónógrar tungumálakunnáttu. En það, sem þeim væri notadrýgra og þá langar mest til og hafa margir mikla sanngirniskröfu á, er að mega stjórna í innanlandssiglingum fiskiskipum, sem eru nokkuð fyrir ofan 75 smál. markið, svo sem t. d. Svíþjóðarbátarnir margir eru.

Í mörgum atriðum hef ég ekki gert enn fulla grein fyrir áliti mínu, og vildi ég sem gamall form. sjútvn. Nd. fá að ræða málið við n. Ekki liggur á að afgreiða málið í flaustri, því að framkvæmdir bíða þess, að nýi stýrimannaskólinn verði tilbúinn haustið 1945.

Hermann Jónasson: Hæstv. félmrh. hefur minnzt á, að breyta þurfi nokkrum atriðum í frv. Ég tel, að svo sé. Ber ég fram brtt. um viðauka í 9. gr. á eftir málsgr.: „Áður en undanþága er veitt . . .“ Hljóðar brtt. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur er atvmrh. heimilt að veita þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi og siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði fyrir gildistöku laga þessara á skipi yfir 15 rúmlestir brúttó og eru 30 ára að aldri, réttindi til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum allt að 150 rúmlestum að stærð.“

Þó að ég viðurkenni, að ég sé ekki fróður maður um siglingar, get ég ekki skilið, að það sé af eðlilegum ástæðum, að mönnum, sem stýrt hafa allt að 75 smál. skipum við góðan orðstír, skuli meinað að færa nokkru stærri fiskiskip, þannig að nú, er þróunin fer í þá átt, að skipin stækka og í stað 60—75 smál. skipa koma t. d. 85—100 smál. skip, þá missa þessir menn í framkvæmdinni skipstjórnarréttindi sín, oft og tíðum, og fá þau ekki aftur nema setjast um skeið á skólabekk, en það lætur miðaldra og rosknum mönnum einatt illa, svo að þeir þola heldur réttindamissinn. Mér finnst mjög hart að fara þannig með gamla skipstjóra. Úr þessu ranglæti og þjóðfélagstjóni vildi ég bæta með brtt. minni.

Það er ósamræmi í því, eins og hæstv. félmrh. veik að, að gera nýjar prófkröfur til manna, sem tekið hafa minna fiskimannaprófið og hlotið síðan mikla reynslu í skipstjórn, en leyfa mönnum án prófs að stjórna 15—30 smál. bátum, en af þeirri stærð eru m. a. flestir flóabátar og fjöldi báta, sem oft flytja farþega og póst, og verður að gera allmiklar kröfur til skipstjóra á þeim skipum.

Ég hef rekið mig á það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að reynsla margra lítt lærðra skipstjóra hér við land vegur þyngra, er í raun rekur, en fullgilt meira próf stýrimanns, sem reynsluna skortir. Þessum mönnum á að veita tækifæri til að stjórna áfram skipum á fiskveiðum og í innanlandssiglingum, þótt smálestatala skipa hækki. En hitt væri mönnum þessum lítill fengur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að fá rétt til millilandasiglinga. Og þeir, sem þær vilja, geta þá lagt á sig að taka nýtt próf. Brtt. fer aðeins fram á heimild, sem eigi yrði notuð, nema um reynda og valinkunna menn væri að ræða. Ég er fús að taka brtt. aftur til 3. umr., ef n. fellst á að taka efni hennar til athugunar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég er algerlega mótfallinn brtt. hv. þm. Str. Ég er móti því, að minnaprófsréttindi, sem fyrst áttu að gilda fyrir allt að 30 tonna báta, síðar fyrir allt að 60 tonna og loks allt að 75 tonna báta, verði nú látin duga fyrir 150 tonna skip. Slík afsláttarstefna væri ófyrirgefanleg hér á Alþ. og það einmitt nú, þegar stefnt er að stóraukinni og bættri menntun stýrimanna í náinni framtíð. Slíkt má ekki gera fyrir hagsmuni örfárra manna. Ef mikil vöntun væri á stýrimönnum, kæmu þær ástæður til greina. En því er ekki til að dreifa. Það er ekkert ósamræmi í því að setja mörkin milli lærðra stýrimanna og lítt lærðra við 30 smálesta mark í stað 75 smál. og auka lærdómskröfurnar. Ég er miklu meira inni á rökum hæstv. félmrh. um, að varhugavert sé að gefa svo frjálsar þekkingarkröfurnar til skipstjórnar á 15—30 smál. bátum sem hér er gert. En það atriði var rætt við skólastjóra Stýrimannaskólans, og taldi hann það hættulítið, eins og málið horfði við í framkvæmdinni. Ýmsir menn hefðu heldur viljað hafa 20 smál. hámark en 30 smál., en af hagsýnisástæðum þótti ekki gott að skipta þar.

Ég teldi æskilegt, að umr. yrði frestað, þangað til n. hefði athugað það, sem hæstv. félmrh. hefur til málanna að leggja, því að sumt af því var mjög athyglisvert. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þau atriði á þessum fundi.

Hermann Jónasson: Ég vildi gjarnan fá að vita hjá hæstv. frsm., sem er útvegsmálum kunnugur, hve mörg fiskiskip mundu nú vera hér 75—150 smál. að stærð. Ég hygg þau ekki afar mörg, en skip, sem fara lítið eitt yfir lægra markið, verða að líkindum mun fleiri í náinni framtíð. Stökkið, sem hv. frsm. finnst vera gert með því að leyfa að hækka rétt nokkurra reyndra skipstjóra

úr 75 í 150 smál., er því í framkvæmd miklu minna en hann virðist telja. Ég minnist þess að hafa nýlega séð nákvæma skýrslu yfir fiskiskip landsmanna, og þótt ég taki ekki tölur þaðan, hygg ég hana styðja mitt mál.

Hvort sem mennirnir stýra 75 eða 85 smál. skipi, fiska þeir á sömu miðum við sömu skilyrði, sömu hættur og sigla sömu leiðirnar. Ég sé ekki skynsemi í að draga þarna skarpa merkjalínu milli skipstjóranna og réttinda þeirra, skil ekki, t. d., að öryggið sé neitt annars eðlis á 75 en 85 smál. skipinu. Eða þarf 75 smál. skipið minna öryggi en 85 smál. skip, svo að fært sé að hafa minnaprófsskipstjóra á 75 smál. skipinu, en ófært að láta hann hafa hitt skipið til forráða, hversu þrautreyndur maður sem hann er? Ég hef ekki heyrt nokkur frambærileg rök fyrir því, að mun meiri vandi sé að stjórna 85—90 smál. skipi en 75 smál.

Höfuðatriði í þessu máli er hin vaxandi stærð skipa af þessari tegund og sanngirniskrafan, að þeir skipstjórar, sem reynast vaxa í hlutverki sínu, verði ekki sviptir rétti til skipstjórnar á þessum hluta veiðiflotans.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi aðeins þakka hv. frsm. fyrir undirtektir hans og benda á, að ástæðan til breytinga á frv. er því meiri, að þörf er á, að breyt. á l. um Stýrimannaskólann verði þessari löggjöf samferða.

Frsm. (Gísli Jónsson): Skólastjóri Stýrimannaskólans hefur minnzt á það við mig, að breyta þurfi l. um skólann. Verður að endurskoða þau l. við fyrsta tækifæri, þótt eigi þurfi sú breyt. að verða þessu frv. samferða.

Mér er víst ofvaxið að sannfæra hv. þm. Str. um mál, sem hann skilur, hvað þá um þau, sem hann ekki skilur. Það hefur líka reynzt ofvaxið meiri mönnum en mér. Eitt vil ég þó biðja hann að athuga, þegar hann skilur ekki, að neinn vandamunur geti verið að stjórna 75 smál. skipi og helmingi stærra skipi. Með hans ályktunaraðferð mætti halda áfram að tvöfalda og segja, að engu meiri vandi sé að stjórna 300 smál. skipi en 150 smál. skipi, ekkert erfiðara að stjórna 600 smál. skipi en 300, ekki 1200 smál. fremur en 600 o. s. frv. Þá er ekki furða, þótt honum vaxi ekki í augum að veita minnaprófsmönnum dálitlar undanþágur, mætti tala um 95 smál., 105 smál., 120 smál. eða 150 smál., honum finnst eflaust ekki mikill munur þar á. En einhvers staðar verða takmörkin að vera. Og þeim, sem vit hafa á, virðist ekki rétt að setja hámark, sem var einu sinni bundið við 30 smál., upp í 150 smál., heldur eigi að nýju að miða takmörk við 30 smál. skip. Hins vegar get ég upplýst hv. þm. Str. um það, að frá fyrstu tíð hafa þessar takmarkanir um fiskimannapróf verið miðaðar við 30 tonn, en síðan hefur það verið hækkað upp í ótakmarkaða stærð fiskiskipa. En þá komu kröfur um sérstakar takmarkanir fyrir báta fyrir neðan 30 tonn, en þetta er búið að hækka upp í 60—75 tonn. Það er búið að hækka þetta miklu meira en það var í gamla daga, þegar kröfurnar voru um skip fyrir neðan 30 tonn. En nú erum við búnir að læra af reynslunni, að það er betra að miða við 30 tonn fyrir hvaða fiskiskip sem er. Ég vona, að hv. þm. Str. skilji þetta. Það mætti þá alveg eins segja: Hvers vegna á að vera að miða við 30 tonn? — hví ekki að fara niður í 5 tonn? Erfiðleikarnir liggja í þessu, hvar eigi að hafa takmörkin. Það hefur verið bent á þetta af ýmsum stéttum, sem hafa fjallað um þetta mál, og þær ábendingar hníga einmitt að því, að það sé rétt, sem ég held fram, og enginn aðili, sem hefur gert kröfu um að fá réttindi sín hækkuð, hefur mótmælt því, að frv. yrði samþ., heldur krafizt þess, að það yrði samþ. eins og það er. Og þessir aðilar hafa viljað tryggja sinn rétt eins og við allir. Enda er það sláandi dæmi, að allir þessir menn krefjast þess, að þessu ákvæði sé breytt og settar á þessar takmarkanir, sem hv. þm. Str. skilur ekki, að þurfi að vera réttari en þær kröfur, sem hann berst fyrir.

Annars skal ég sjá til þess, að málið verði athugað á ný, og sjá svo um, að þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, liggi fyrir, og mun bera þær undir mþn., ef sú n. skyldi skilja hv. þm. Str. betur en ég geri. Skal till. hv. þm. Str. ekki verða leynt fyrir þeim í n.

Hermann Jónasson: Það er náttúrlega málfærsla, sem er dálítið sérkennileg fyrir þennan hv. þm., og það er það, hvað það kemur oft fram, að menn skilja hann illa. Hann er einn af þessum misskildu mönnum í þessari hv. d., eins og oft hefur heyrzt hér í þessum sölum. Og þó er það svo, að það kemur nokkuð oft fram í málflutningi hans, að það er a. m. k. einn maður, sem ekki er í vafa um, hver hafi rétt fyrir sér og hver skilji málin rétt, málflutningur eins og sá, að þm. Str. skilji ekki, að einhvers staðar verði að setja smálestatalið miðað við þann rétt, sem skipstjórar hafa. Það er nú svo, að ég þekki þessi l. dálítið meira en ég hef gumað af og hef meðal annars haft það embætti að skrá á skipin og veita þessi réttindi og fylgjast með því og veita undanþágur og neita um þær, en það er atriði, sem ég skal ekki fara inn á. En ég vænti þess, að hver maður skilji það, sem ég tók fram og sagði ekki einu sinni, heldur allt of oft í ræðu minni, og það er þetta, að það er vitað, að l., eins og þau eru, eru miðuð við skip, sem fara á þær fiskislóðir, sem viðlegubátar yfirleitt sækja. Og ég vil tala við þann sérfróða mann, sem heldur því fram, að sá, sem getur stjórnað 75 tonna skipi með fullu öryggi á þessar fiskislóðir, hann geti ekki einnig stjórnað 85 tonna bát, sem kæmi frá Svíþjóð. Það verður að setja takmarkanir, en það verður að setja þær í samræmi við þann tilgang, sem skipin eru miðuð við. Hér er gert ráð fyrir, að þessir menn fái rétt til að stjórna bátum, sem sækja á sömu fiskislóðir og þeir bátar, sem eru 75 tonn, og þess vegna er verið að breyta þessu og færa takmarkið upp. Bátarnir hafa verið að stækka, sem stjórnað hefur verið og stýrt á sömu fiskislóðir. Nú eru sendir 85 tonna bátar á sömu fiskislóðir og miðað við jafnlangan tíma og áður, en nú eru gerðar aðrar kröfur til þeirra manna, sem stjórna 85 tonna bátum, en gerðar voru til þeirra, sem stjórnuðu 75 tonna bátum áður á nákvæmlega sömu slóðir. Þegar skipin fara aftur að stækka og eru orðin 100—150 tonn, þá má gera ráð fyrir, að þau verði í utanlandssiglingum. En þetta fyrirbrigði,

að nú eru 150 tonna bátar sendir með fisk til útlanda, er stríðsfyrirbæri, sem kemur sjálfsagt ekki til mála eftir styrjöldina. Það er þess vegna sjálfsagt að setja takmarkanir, og ég vil fullvissa hv. þm. Barð. um það, að ég hef hugboð um það, í hvaða tilgangi þau takmörk eru sett. En það á að setja takmörkin þar, sem einhver skynsemi er að setja þau, miðað við það, sem skipin eru notuð til, og þess vegna á nú, þegar bátarnir stækka, svo að það verður algengt, að þeir verði 75 tonn, — þá á að færa markið upp, vegna þess að skipin sækja á sömu slóðir og áður. Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið frekar, geri ekki ráð fyrir, að það breyti miklu, en ég er ánægður með, að það verði athugað í n.

Ég heyri, að aðalrökin, sem hv. þm. færir fram, eru þau, að hér séu þessir menn að krefjast réttar sér til handa, án þess að þeir vilji hafa fyrir því að fá þann rétt fram. Ég hef sýnt fram á það, að kröfur þeirra eru á fullum rétti reistar. Ég viðurkenni, að ég er ekki vel að mér í siglingum, þær eru eitt af þeim fáu störfum, sem ég hef ekki unnið, en ég hef hins vegar þekkt marga skipstjóra, og ég hef talað við marga af þessum mönnum, og þeir hafa fært fram miklu skýrari rök fyrir þessu en mér hefur tekizt hér, rök, sem ég álít, að séu óyggjandi og óhrekjandi. Þess vegna er ekki ástæða til að standa á móti því, þó að sá ágæti maður, sem stendur á bak við þetta frv., haldi sig við þetta gamla takmark, sem einu sinni var sett. Mér finnst ekki ástæða til að hlaupa eftir því, þó að hann haldi því fram. Maður, sem hefur stjórnað 75 tonna báti, getur alveg eins verið skipstjóri á 85 tonna báti, sem kemur frá Svíþjóð og sækir á sömu fiskislóðir og 75 tonna bátur áður. Það er þetta, sem kemur mér til þess að flytja þessa till., og ekkert annað.

Umr. frestað.

Á 98., 100., 101., 102. og 103. fundi í Ed., 10., 11., 12., 15. og 16. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 521, n. 660, 672, 772, 784, 863).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Út af tilmælum hæstv. dómsmrh., þegar þetta mál var til umr. síðast, tók sjútvn. málið á ný til athugunar og hefur fallizt á að bera fram brtt. þær, sem prentaðar eru á þskj. 772.

1. brtt. er við 3. gr. frv. og er þannig, að á eftir orðinu „atvinnumálaráðuneytinu“ í 1. efnismálsgr. komi: „til 5 ára í senn.“ — Þetta er gert eftir ábendingu hæstv. dómsmrh. Honum þótti miður, að í þessu frv. er ákveðið, að útnefning þeirra manna, sem eiga að sjá um prófin, skyldi gilda um óákveðinn tíma, og lagði hann til, að inn væri sett, að útnefningin skyldi gilda til 5 ára. N. féllst á, að þetta væri rétt, og þess vegna leggur hún til, að sett verði inn í þessa málsgr. „til 5 ára í senn.“

Þá er b-liður, að 5. efnismálsgr. orðist svo: „i-liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.“ — Þessi breyt. er einnig gerð eftir ósk hæstv. dómsmrh.

Næst kemur c-liður, að á eftir j-lið komi nýr liður, sem verði k-liður, svo hljóðandi: „sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 árs, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.“

Þá er 4. brtt. (d-liður), að í stað orðanna „i-lið þessarar greinar“ í lok síðustu málsgr. komi: „þessari grein.“ Allar þessar brtt. eru gerðar til þess að verða við óskum hæstv. dómsmrh. og eru allar til bóta.

Þá er brtt. við 10. gr. um, að b-liður falli niður, þ. e. ákvæðið til bráðabirgða, og greinin verði þannig 12. gr. Hæstv. dómsmrh. benti á það, að hann liti svo á, að þetta ákvæði ætti að standa í meginmáli l., en ekki í bráðabirgðaákvæðinu, því að þetta ákvæði mætti ekki falla niður síðar, þegar bráðabirgðaákvæðið ætti að falla niður. — Við athugun á þessu atriði hefur n. komizt að raun um, að raunverulega er óþarft að hafa þetta í l., því að í 3. gr. l. um atvinnu við siglingar, frá 1936, stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna og vélamanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.“

N. lítur svo á, að hér sé ráðh. gefið fullt vald til þess að ákveða með reglugerð, hvernig fara skuli með þessi mál, og með því að hæstv. kennslumálarh. er staddur hér í d., vildi ég leyfa mér að beina því til hans, að það veltur mikið á því, hvernig þessi reglugerð er gefin út, hvort hægt verður að verða við óskum þeirra manna, sem óska að fá sérstök réttindi án frekari takmarkana. Viðkomandi ráðh. hefur þarna ótakmarkað vald til þess að setja skilyrði fyrir prófum og gera till. um, hvað þessir menn skuli inna af hendi til þess að geta fengið réttindi sín. Meiri hl. sjútvn. er þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að leysa þetta deilumál þannig, að með reglugerð sé ákveðið, hvaða skilyrði þessir menn skuli inna af höndum varðandi bóklegt nám til þess að geta fengið réttindi á 75 smálesta skipi, eins og nú er, og til þess að flytja hvaða íslenzkt fiskiskip, sem er, innan lands og utan. Það beri í þeirri reglugerð að taka tillit til þeirrar miklu og löngu reynslu, sem eldri menn með þessi réttindi hafa fengið, og þeim skuli því sett önnur skilyrði til þess að ljúka þessu prófi. Ég hef rætt þetta atriði við skólastjóra Stýrimannaskólans, og hann telur, að það séu engin vandkvæði á því að haga þessu skilyrði eftir aldurstíma manna, því að þess megi vænta, að eftir því sem menn verða eldri, því meiri reynslu öðlist þeir í siglingastarfi sínu. Mundi þetta því verða heppilegasta lausnin á málinu.

Ég sé, að í sambandi við þetta atriði eru komnar fram tvær brtt., en skal upplýsa út af umr. milli mín og hv. þm. Str., þar sem hann gat ekki skilið, að það þyrfti meiri lærdóm til þess að flytja 150 tonna skip en 75 tonna, að það er fullyrt af þeim mönnum, sem enn halda fast við, að ekki eigi að leyfa nein aukin réttindi upp í 150 tonn innan lands, að þetta mundi valda hinu mesta öngþveiti í þessum málum. En það er einmitt það, sem lagfæra á með þessari lagabreyt. Reynslan hefur sýnt, að þegar þessi skip eru tilbúin að

sigla með aflann til útlanda, hefur ekki verið þar á staðnum til neinn maður, sem hefur réttindi til þess að flytja skipið yfir hafið, og hefur þá verið gripið til þess að veita undanþágu til þess að sigla með skipið, þar til hægt væri að fá mann með réttindi. Á þessu er líka fengin reynsla, og ég er þeirrar skoðunar, að heppilegasta aðferðin sé sú að geta leyst málið þannig, að þessir menn, sem færir eru um að sigla skipunum innan lands, geti fengið leyfi til þess að sigla yfir hafið.

Þá er lagt til, að 11. gr. verði 10. gr. og 12. gr. verði 11. gr., og er það gert til samræmis.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta mál. N. leggur eindregið til, að þetta verði samþ., en einn nm., hv. 4. landsk., hefur sérstöðu. Mun hann bera fram sérstaka till. í málinu og mæla fyrir henni undir umr.

Hermann Jónasson: Það er aðeins viðvíkjandi brtt., sem ég hef borið fram á þskj. 672, að það er komin fram brtt. síðan á þskj. 784, sem er um svipað efni, eða, — svo að notuð séu orð hv. þm. Barð., — um það að sigla skipunum innan lands. Ég get þess vegna dregið till. mína til baka og geri mig ánægðan með brtt. á þskj. 784.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir að hafa tekið til greina þær ábendingar, sem ég hef gert hér.

Út af till. hv. þm. Str. og brtt. á þskj. 784 vildi ég benda á það, að ég geri ráð fyrir, að þessi breyt. muni eiga erfitt uppdráttar í Nd. og enn erfiðara, ef till. hv. þm. Str. yrði samþ., svo að til þess að koma málinu fram á þann hátt, sem almennur vilji mun vera fyrir í Ed., tel ég hyggilegt að taka hana aftur, enda geri ég ekki ráð fyrir, að hún hafi mikla hernaðarþýðingu. Það er nokkuð stórt stökk að veita mönnum, sem hafa verið með skip rétt yfir 15 smálestir, allt í einu réttindi til þess að fara með skip, sem eru upp í 150 smálestir, þó að innan lands sé. Og eftir hljóðinu í neðrideildarmönnum um sams konar till., sem þar var á dagskrá, tel ég, að þessu atriði væri mjög teflt í hættu með till. hv. þm. Str.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Brtt. sú, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 784, er flutt eftir ósk hæstv. atvmrh., og ég held, að það, sem sérstaklega vakir fyrir honum með því að óska eftir, að slík breyt. verði gerð á frv., sé í sambandi við þá fyrirhuguðu aukningu fiskiskipastólsins, sem rætt hefur verið um. Hann óttast, að til þess gæti komið, að hörgull yrði á formönnum, ef ýmsir af þeim eldri formönnum, sem verið hafa á fiskiskipunum undanfarið, en hafa ekki full réttindi samkv. l., eins og þau eru nú, treystu sér ekki til né kærðu sig um að ganga undir það próf, sem þeir yrðu að taka til þess að öðlast réttindi sem formenn á fiskiskipum af þessari stærð, að fara með slík skip, sem kynnu að verða til taks hér við land til fiskveiða á næstu árum. Hæstv. atvmrh. hefur því óskað eftir að fá þá heimild, sem hér er farið fram á, til þess að veita þeim mönnum, sem búnir eru að afla sér reynslu, réttindi til þess að fara með stærri báta en þeir hafa réttindi til samkv. l. Hins vegar gengur þessi till. í sömu átt og brtt., sem hv. þm. Str. flytur hér í d., en hefur nú tekið aftur og miðar að því að veita þeim mönnum, sem fengið hafa ákveðna reynslu við að stjórna fiskibátum, réttindi til þess að fara með stærri skip en 75 tonn. Þessi till. gengur þó ekki eins langt vegna þess, að hún nær til færri manna en orðið hefði eftir till. hv. þm. Str., þar sem þessi till. gerir ráð fyrir, að menn hafi a. m. k. náð 40 ára aldri, í staðinn fyrir, að hin till. er miðuð við 30 ár. Samkv. þessari till. þarf því viðkomandi maður að hafa haft skipstjórn á hendi í 5 ár, en ekki nema 3 ár eftir till. hv. þm. Str. Þessi till. miðar því við, að maðurinn hafi haft skipstjórn á hendi tilskilinn tíma með 30 tonna skip.

Nú var hæstv. dómsmrh. að benda á, að gengið væri of langt með því að veita mönnum, sem hefðu ekki réttindi til að fara með stærri skip en 15 smálestir, allt í einu rétt til að fara með skip, sem er 150 smálestir. Hins vegar var vakin athygli mín á því, eftir að ég bar fram þessa brtt., að það væri mjög margt af bátaformönnum, sem búnir væru að vera formenn árum saman, sumir áratugi, og aldrei hefðu haft tækifæri til þess að fá 30 tonna báta eða stærri. Þess vegna væri nokkuð af mönnum, sem hefðu ekki farið með 30 tonna báta, en hefðu aflað sér reynslu sem fiskibátaformenn og hefðu því eins mikla reynslu og hæfileika til þess að fara með báta og þeir, sem hefðu farið með báta allt að 75 tonnum, en þeir gætu ekki fengið réttindi, ef miðað væri við, að þeir hefðu farið með 30 tonna báta áður. Ég hef því í samráði við hæstv. atvmrh. fallizt á að breyta þessu og fallizt á brtt., án þess að þetta yrði fært niður í 15 tonn. Það eru þó vafalaust nokkur rök fyrir því hjá hæstv. dómsmrh., að það sé nokkuð stórt stökk að veita mönnum, sem farið hafa með 15 tonna báta, allt í einu réttindi án frekari takmarkana og án þess að þeir gengju undir próf til þess að flytja skip, sem er 150 tonn. Það geta þá verið tilfelli, þar sem slíkt væri réttlætanlegt, og þarna er aðeins um það að ræða, að atvmrh. fái heimild til þess að veita slík réttindi. Felst því ekki í því mikil hætta, því að hann mundi tæplega nota þessa heimild, nema forsvaranlegt væri í hverju tilfelli. Það yrði að vera matsatriði, hvort manni, sem af einhverjum tilteknum ástæðum hefur ekki fengið stærri bát en þetta, yrði veitt slík undanþága. Sem sagt, ég mæli með því, að hv. d. samþ. þessa brtt. mína, en lýsi yfir um leið, að ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. Str. um það, að stærð bátanna sé miðuð við 15 smálestir í stað 30 smálesta. Geri ég það í fullu trausti þess, að sú heimild, sem ráðh. er veitt með þessu, sé notuð í þeim tilfellum aðeins, er viðkomandi formenn hafa sýnt það og sannað, að vel sé verjandi að fá þeim stjórn skipanna í hendur, og er einnig byggt á þeirri nauðsyn að fá sem flesta skipstjórnarmenn á hin stærri fiskiskip flota okkar Íslendinga nú á næstu árum.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins benda á, hvaða braut er gengið hér inn á, ef samþ. verða brtt. á þskj. 784 og 863.

Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir því, að ráðh. skuli hafa takmarkað vald til að veita undanþágu til þess að fara með þessi skip, ef þannig stendur á, að ekki reynist unnt að fá menn, heldur er honum veitt eins mikið vald og Alþ. sjálfu til að ákveða um rétt manna til að gera þetta verk. Hér er þó mikill eðlismunur. Og ef

um nauðsyn er að ræða, ætti að takmarka þetta við það, að ráðh. hafi heimild til að veita undanþágu í hvert skipti, svo að unnt væri að bjarga forminu frá eyðileggingu, ef ekki reynist hægt að fá aðra menn. En hér er ekki um það að ræða, heldur á ráðh. að hafa hér víðtækari rétt, sem mjög er auðvelt að misbeita. Það gæti svei mér verið þægilegt vopn, t. d. rétt fyrir kosningar, ef viðkomandi ráðh. hefði vald til að veita mönnum rétt til þess að fara með fiskiskip án þess að fara í nokkurn skóla. Gegnir furðu, að þeir menn, sem undanfarin ár hafa hrópað um öryggi á sjónum, skuli nú koma og heimta, að kippt sé undan þessu öryggi fótum. Skýtur þar nokkuð skökku við það að halda uppi öryggi á sjónum, því að þótt einhver formaður hafi verið á báti, sem er 16—20 tonn, nær vitanlega engri átt, að hann hafi þá þekkingu, sem þarf til að flytja fisk milli landa. Vil ég því mæla með, að till. verði samþ. eins og hún kom frá sjútvn.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja örfá orð í tilefni af ummælum hv. þm. Barð. — Hann hélt því fram, að ráðh. væri með þessu veitt of víðtækt vald, þar sem ekki væri um það að ræða að veita mönnum undanþágu í sérstökum tilfellum og þá, að mér skildist, um stuttan tíma, heldur hitt, að hann gæti samkv. þessu veitt mönnum endanleg réttindi. Það er að vísu alveg rétt skilið hjá hv. þm., að till. fer fram á, að þeir, sem ráðh. telur nauðsynlegt að veita þessi réttindi í sérstökum tilfellum, öðlist þau endanlega. En ég vildi í sambandi við þetta benda á það, sem hv. þm. Barð. færði fram sem rök gegn þessu við meðferð málsins í hv. sjútvn., að með þeim undanþágum, sem veittar hafa verið undanfarin ár og sérstaklega varða vélstjóra á skipum, hafi skapazt svo mikið öngþveiti, að ekki væri við það búandi. Þegar búið væri að veita manni undanþágu til að vera vélstjóri á ákveðnu skipi, þá kæmi máske annar, sem segði: Ég hef rétt til að vera vélstjóri, og þessi maður á að fara. — Þetta hefði skapað viðkomandi útgerðarmönnum mikil vandræði oft og tíðum. Ég býst við, að þetta sé rétt, en það mælir einmitt á móti því, að þetta sé veitt í sams konar undanþáguformi. Einmitt af því, að ég geri ekki ráð fyrir, að þessi réttindi verði veitt, nema viðkomandi manni sé fyllilega treyst til að færa upp skip af þessari stærð, — þótt hann hafi ekki lokið tilskildu námi, — og sýnt það og sannað, að honum sé treystandi til þess, er engin ástæða til annars en þessi réttindi séu endanleg, meðan hann stundar sjó. Það aldurstakmark, sem ég hef sett, 40 ár, er líka miðað við það, að ungum mönnum séu alls ekki veitt þessi réttindi, nema þeir hafi lokið tilskildu námi og öðlazt þá reynslu, sem teljast verður nauðsynleg á þessu sviði.

Hv. þm. Barð. sagði, að með þessu væri kippt fótum undan öryggi manna á sjónum. Þetta er alls ekki rétt, því að með þeirri breyt., sem nú er verið að gera á l., er einmitt tilskilið, að menn hafi lokið alveg ákveðnu námi, sem á að vera trygging fyrir því, að menn fái ekki skip til stjórnar, nema þeir hafi þá þekkingu til að bera, sem teljast verður nauðsynleg. En það er engin sanngirni í því, — um leið og verið er að koma þessari grundvallarbreyt. á námstíma manna, svo að þeir geti öðlazt rétt til skipstjórnar, — að ætlast til, að þeir menn, sem komnir eru yfir fertugt, fari á ný að setjast á skólabekk og séu þannig útilokaðir frá því að geta orðið hlutgengir, eins og þeir hafa verið á skipum okkar Íslendinga.

Tilgangur brtt. er því einungis sá, að ekki dragi úr öryggi manna á sjónum, að tryggja það, að þekking manna verði staðbetri eftirleiðis, en jafnframt, að þeim mönnum, sem numið hafa á sínum tíma, öðlazt ákveðin réttindi og síðar mikla reynslu á sjónum og aukið þannig hæfileika sína, sé gert mögulegt að vera hlutgengir á sama hátt og þeir áður höfðu verið.

Hv. þm. Barð. lét í það skína, að ekki mundi heppilegt að veita ráðh. þetta vald, þar eð hætt væri við, að því yrði misbeitt, t. d. fyrir kosningar. Ég vil nú satt að segja ekki reikna með slíkum möguleika í sambandi við afgreiðslu mála hér, og ég geri ekki ráð fyrir, að þau rök verði svo þung á metunum, að menn muni breyta afstöðu sinni af þeim sökum.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég vil benda hv. þdm. á það, að með því að samþ. þetta hér er ekki aðeins kippt fótum undan bóklega náminu, heldur og þeirri verklegu þekkingu, sem þarf til að stjórna skipum. Því að hvernig getur maður, sem farið hefur með 15—20 tonna bát, flutt á stærstu skipum umhverfis landið allt að 150 tonn? Það er hrein fjarstæða, að einnig eigi að hverfa frá þeirri lífsreynslu, sem menn eiga að öðlast á skipunum og lögð hefur verið mest áherzla á, að ætti að koma í staðinn fyrir bóklega námið.

Mér er næst að halda, að það liggi allt annað á bak við þetta en að bjarga þessu máli og að hv. 4. landsk. hafi þar eitthvað í huga fyrir sig og sinn flokk annað en það að ná þessu takmarki. Það er vitanlega að kippa öllu í burtu að láta einn ráðh., sem ekkert vit hefur á þessu máli, ákveða, hverjir skuli fara með skip og sigla, án þess að nokkur dómur sé settur á athafnir þessara manna, því að til þess er ekki ætlazt. Enginn á að dæma um þetta annar en hæstv. ráðh., sem máske aldrei hefur á sjó komið.

Mig furðar á því, að maður eins og hv. 4. landsk., sem annars er gáfaður maður, skuli láta hafa sig til að bera fram aðra eins till., því að ekki dettur mér í hug, að hann hafi tekið hana upp hjá sjálfum sér, einmitt þar sem hér á í hlut sú stétt, sem hann hefur helzt haldið hlífiskildi yfir, eftir því sem hann hefur talað hér á hæstv. Alþingi.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Þetta mál hefur talsvert verið rætt hér áður og þess vegna leitt að þurfa að endurtaka það, sem um það hefur verið sagt. En viðkomandi því, að það geti verið hættulegt, að ráðh. hafi slíkt vald í höndum, vil ég segja það, að ef ráðh. hefðu ekkert vald í höndum fyrir kosningar, sem auðveldara væri að misbeita en þessari heimild, væri ekki mikið óttast. Sannleikurinn er sá, að ráðh. hefur einmitt slíka heimild víða í lögum. Og það sýnir bezt samræmið í öllu þessu tali, að í sjálfu frv. er einmitt heimild fyrir ráðh. til að veita undanþágu. Þar stendur m. a.:

„Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skort-

ur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands."

Hér er talað um, að ráðh. hafi þessa heimild, þegar skortur er á vélstjórum. En nú hefur verið um það deilt, hvort dómur ráðh. í slíkum tilfellum sé réttur. Í annan stað er það alveg óviðeigandi að beita þeim rökum gegn máli eins og þessu, að sníða verði þannig ákvæðin í l. hér á Alþ., þegar þau eru afgreidd, að ráðh. geti ekki misbeitt valdi sínu fyrir kosningar. Ráðh. geta alltaf misbeitt valdi sínu á ýmsum sviðum, og verður að gera ráð fyrir, að slíkir menn geri það ekki. Verður eigi hjá því komizt að fá ráðh. í hendur margs konar vald, sem hægt er að fara með á mismunandi heiðarlegan hátt, og mér kemur ekki til hugar annað en þessu valdi verði beitt þannig, að við það megi una.

Hitt, sem hv. þm. Barð. sagði, að með þessu sé verið að rýra öryggið á sjónum, er vitanlega mesta firra. Það er búið að sýna fram á það hér áður, að þessum skipum, sem sækja á sömu slóðir og stærri skipin, hvort heldur það eru Svíþjóðarbátarnir eða önnur skip, verður beitt á sömu slóðum og minni bátunum. Það hefur verið sýnt fram á það hvað eftir annað og ekki verið hrakið, að þeir menn, sem nú eiga að fá rétt til að stjórna stærri skipum en þeir hingað til hafa haft, lenda í svipuðum vanda, að því er siglingar snertir, og önnur skip, þótt stærri séu. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að maður, sem siglt hefur skipi hér við strendur landsins — segjum í fimm ár og við það öðlazt mikla reynslu, er ráðsettur maður og kominn yfir fertugt, — er ekki síður þeim vanda vaxinn að sigla skipi, sem er 80 tonn, en skipi, sem er 15—30 tonn, á sömu fiskislóðum og áður. Ég vildi gjarnan fá að heyra, hvaða rök mæla með því, hver er vandinn meiri.

Þá verður einnig að taka tillit til þess, að þau fiskiskip, sem sækja hér á miðin, hafa alltaf verið að stækka og eru enn þá að stækka. Verður einnig að sníða löggjöfina eftir því, eins og margsinnis hefur verið bent á í þessari umr. Er leitt að verða að endurtaka þetta, og mun ég því ekki segja meira, nema tilefni gefist til.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Þessi brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 4. landsk., er í sjálfu sér mjög eðlileg, og samsvarandi ákvæði og þar er farið fram á hafa oft verið í l., þegar kröfur til menntunar hafa verið auknar.

Þegar hert hefur verið á ákvæðum um menntun, hefur yfirleitt verið reynt að forðast, að l. kæmu þannig niður í framkvæmd, að menn, sem búnir eru að vera í þessu starfi, svo að árum skiptir, þurfi frá því að hverfa, heldur sé þeim heimilað að halda því áfram.

Það er vitað mál, að á fiskiskipum er ekki alveg nóg að vera fiskifróður maður. Það er líka mjög margt annað, sem útheimtist til þess að vera góður fiskiskipstjóri, og mjög mikið lagt upp úr því að ná í menn, sem hafa þá hæfileika til að bera. Til er fjöldi manna, sem eru mjög siglingafróðir, en hafa reynzt alveg ómögulegir fiskimenn.

Það, sem hér er farið fram á, er ekki annað en það að skapa fullorðnum mönnum möguleika til að halda áfram starfi sínu, án þess að þeim sé skipað að setjast á skólabekk. Eru ákvæði þessi aðeins til bráðabirgða. Verður að vera búið að sækja um það innan fimm ára, því að eftir þann tíma fær enginn slíka undanþágu, og verður þá málið að ganga sinn gang samkv. frv. því, er hér liggur fyrir.

Ég vil tjá hv. d., að það eru tilmæli ríkisstj., að þessi undanþága verði sett inn í frv. í eitthvað svipuðu formi og kemur fram í brtt. hv. 4. landsk. Er aðeins verið að skapa erfiðleika við byrjunarframkvæmdir á þeim stóru breyt., sem áformað er að gera á siglingunum, ef undanþáguákvæðið er ekki sett. Og í því formi, sem það liggur hér fyrir, held ég, að enginn þurfi að óttast það.

Komið hefur hér fram sú fjarstæða, að þetta sé hugsað til þess að kaupa sér atkvæði fyrir. En eins og hv. þm. Str. benti á, eru það sennilega fjöldamörg atriði, er heyra undir hin ýmsu ráðuneyti og auðveldara væri að misbeita en þessari heimild. Þetta ákvæði er beinlínis nauðsynlegt til þess að forðast vandræði. Það er líka ósanngjarnt gagnvart mönnum, sem hafa verið skipstjórar í 10—20 ár, að koma til þeirra og segja: Nú hættið þið að sigla sams konar bátum.

Það hefur verið gert kauptilboð í sænska báta. Þeir eru 80 tonn, en minna prófið er miðað við 75 tonn. Þá er óeðlilegt, að þessum mönnum sé ekki hiklaust veitt leyfi til að stjórna þessum bátum, þegar þeir fá þá, þó að þeir séu lítið eitt stærri. Ég vil því eindregið leggja til, að d. samþ. þessa till. eða eitthvert annað ákvæði svipaðs efnis.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hann hefur alls ekki kynnt sér þessi mál. Mig undraði ræða hans. Það kemur mér einkennilega fyrir sjónir, ef hæstv. stj. hefur óskað eftir þessu, og svo mikið er víst, að til n. hefur ekki komið slík ósk frá stj. En það var upplýst í Sþ., að þessi hæstv. ráðh. taldi sig alla stj. í líku máli og hér er um að ræða, og þess vegna tek ég því með varfærni, þegar hann segist vera með tilmæli frá stj. Og þó að svo væri, þá ber okkur að hafa vit fyrir stj., ef þessi hæstv. ráðh. hefur leitt hana út í þetta.

Hér er að skapast það öngþveiti, sem verður að laga. Hvernig á að fara að, þegar þarf að fara að sigla þessum bátum til útlanda og enginn er til, sem hefur réttindi til að sigla þeim yfir hafið? Það verður auðvitað að laga með því að gefa þessum mönnum tækifæri til að afla sér þessa réttar, áður en Svíþjóðarbátarnir koma, og það verður gert, ef frv. er samþ. eins og n. leggur til.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé verið að taka rétt af mönnum. Hann veit, að þessir menn hafa rétt til að sigla 75 tonna bátum, og þann rétt eiga þeir að hafa áfram, og er því enginn réttur af þeim tekinn. En till. okkar fer fram á að veita þeim meiri rétt með ofurlítið meira námi, og það er undir ráðh. komið, hve þungar kröfur þar á að gera. Ef hann hefði verið við, þegar ég skýrði þetta mál, þá hefði hann aldrei flutt þessa ræðu, ef hann hefði aðeins hlustað á þau rök.

Ég vil benda hv. þm. Str. á, að hér fór hann alveg með rangt mál, þegar hann las dæmi upp úr frv. Þessi ákvæði hafa lengi verið í l. og alltaf skapað öngþveiti. Þó hafa þær skorður verið sett-

ar, að ráðh. verði að leita til Vélstjórafélags Íslands og forstjóra skipaskoðunarinnar, áður en hann veitir undanþáguna, og ég veit ekki til, — og ég ætla, að ég þekki það eins vel og hv. þm. Str., — að nokkur ráðh. hafi nokkru sinni leyft sér að veita undanþágu, nema til komi samþykki þessara tveggja aðila, því að það var full trygging fyrir, að mann vantaði, og hins vegar, að sá, sem verið var að sækja um undanþáguna fyrir, hefði að þeirra dómi eitthvert vit á málunum. Þessu er kippt burt hér, og ég veit, að hv. þm. Str. hefur borið þetta fram til einhvers annars en sýna réttlæti í þessu máli. Hvernig fann hann þann mikla mismun, sem er á þessum tveimur atriðum, ef reyna á að bjarga því, að skip, sem vantar fólk, komist út með því að veita því undanþágur, þangað til hægt er að fá menn, sem hafa þessi réttindi, og stofna þessum mönnum í lífshættu?

Ég skal ekki deila um það við hæstv. atvmrh., hvernig hann eða aðrir ráðh. misbeita valdi sínu sem ráðh., en aðeins fullyrða það, að með því að samþ. þetta er ekki aðeins verið að minnka öryggi manna á þessum bátum, heldur er líka verið að gera þessum mönnum bjarnargreiða með því að veita þeim réttindi, sem þeir hafa ekki unnið fyrir. Það er hægt fyrir hæstv. ráðh. í samráði við skólastjóra sjómannaskólans að ganga svo frá þessum málum, að þeir, sem hafa langa lífsreynslu og álit á sér sem skipstjórar, geti auðveldlega með nokkru bóklegu námi, ekki í skóla, heldur á námsskeiðum, fengið þau réttindi, sem þeir óska eftir. Þess vegna vænti ég, að till. verði felld, en frv. samþ. eins og það liggur fyrir og n. hefur gert till. um.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég skal taka fram, að ég ætla ekki að keppa við hv. þm. Barð. um, hvor okkar tali síðast, því að ég hef heyrt sagt, að engin leið sé til annars en að hann tali síðastur í hverju máli. Hann segir, að ég fari með miklar fjarstæður. Það er nú ekki nýtt, að hann haldi slíku fram, því að hann þykist einn sitja uppi með allan vísdóminn í hverju einasta máli.

Hv. þm. segir, að það sé höfuðnauðsyn að samþ. ekki svona undanþágu, en bendir á, að það sé í höndum atvmrh. að setja þau menntunarskilyrði, sem setja eigi. En er þá ekki betra að ganga hreint til verks og slá því föstu, þegar aukin hafa verið menntunarskilyrðin, að þeir menn skuli fá undanþágu, sem starfað hafa mjög lengi í þessari grein og ætla að starfa þar áfram? Þetta eru tiltölulega fáir menn, en þeir hafa mjög langa reynslu, hafa verið skipstjórar áratugum saman og eru vafalaust ekki verr að sér í sinni grein en margir, sem eitthvað hafa meira lært.

Það getur enn fremur staðið svo á, að ríkisstj. sé beinlínis knúin til að veita mönnum slíka undanþágu, þó að engin heimild sé til þess í l. Þegar skip eru hlaðin ísfiski og verða að sigla tafarlaust og engin leið er að fá réttindamenn, þá er óforsvaranlegt, að ríkisstj. hangi svo í formsatriðum, að hún neiti mönnum, sem allir treysta, um að sigla með fiskinn og láti aflann eyðileggjast í skipinu. Þess vegna er misskilningur að vera að gera ákvæðin svona ströng, vegna þess að í framkvæmdinni verður ekki hægt að fylgja þeim eftir. Það er ekki hægt að valda þessum mönnum — kannske milljónatapi, af því að stj. vilji hengja sig í einhver orð, sem hafi verið sett í l. Þess vegna er bezt að forðast svona „situation", taka sanngjarnlega á þessu máli, veita eðlilegar undanþágur, leyfa þessum fiskimönnum að halda þeim rétti, sem þeim hefur verið veittur, en taka hann ekki af þeim, þó að við séum nú farnir að fiska á stærri skipum en áður hefur verið gert.

Það er rétt, að ég hef ekki snúið mér formlega til n. Mér fannst þetta svo sjálfsagt mál, vegna þess að það hefur verið svo venjulegt áður, að undanþágur hafi verið veittar, þegar auknar hafa verið kröfurnar. Ég sneri mér þess vegna til hv. 4. landsk. og bað hann fyrir skilaboð til n. Ég veit ekki, hvernig hann hefur skilað þeim, og finnst það ekki skipta máli. Aðalatriðið er, að þetta er sanngjörn og eðlileg lausn á þessu atriði. Hitt er ekki æskilegt, að Alþ. geri sig sekt um.

Hermann Jónasson: Ég þarf ekki miklu að svara. Þessar deilur hafa aðallega verið milli hæstv. atvmrh. og hv. þm. Barð. Ég vil þó, áður en þessum rökræðum lýkur, minna hv. þm. Barð. á það, að þegar talað er um, að menn fái að hafa sömu réttindi og þeir hafa nú, þá er vitanlega ekki átt við tonnatölu skipa, heldur að þeir fái að stjórna fiskiskipum, þó að þau séu eitthvað stærri en verið hefur fram að þessu. (**GJ:** Það er ný lögskýring.) Ég hygg, að hann geti ekki neitað því, að reynsla manna er ekki einskis virði. Þarna eiga hlut að máli 40 menn, sem hafa siglt í fimm ár sem skipstjórar eða stýrimenn.

Ég vil minnast á eitt dæmi, en það mætti nefna mörg. Það lá 15 tonna bátur vestur á Ísafirði í miklu óveðri. Maðurinn, sem fór með bátinn, hafði ekki leyfi til að vera með hann nema láta múra í botninn á honum til að fá hann niður fyrir 15 tonn. Hann fór með hann suður á Akranes og sótti á sömu slóðir og þeir, sem höfðu stóra báta þar. Hann varð næstefstur að tiltölu við stærð bátsins. Þótt hægt sé að segja, að svona lagað sé slembilukka, þá sýnir þetta, hvað slíkum manni er fært. Ég hef verið með honum á sjó, og ég vil heldur vera með honum en mönnum, sem hafa próf til að fara með svo og svo stóra báta. Og það er alveg víst, að margir af þeim mönnum, sem hér um ræðir, eru margir hverjir færari til að færa sín skip en þeir, sem hafa stór próf, og ég vil heldur sigla með mörgum þeirra en hinum, sem hafa meiri próf. Þess vegna er það svo, að þegar verið er að stækka skipin, þá er ekki hægt að setja nein heildarfyrirmæli og skera allt við eina línu. En ég er ekki í vafa um, að ef þessari heimild er beitt rétt, þá er hún réttmæt og nauðsynleg, og mér kemur ekkert annað til að flytja hana en það. Að henni verði misbeitt, gerir maður ekki ráð fyrir, og það getur ekki afstýrt því, að réttlát fyrirmæli séu sett í l. Mér dettur ekki í hug, að þau ákvæði verði sett í l., að réttindin skuli í raun og veru tekin af skipstjórunum, og þess vegna flyt ég brtt. um þessa undanþágu, þó að hægt sé að misbeita henni. En ég geri ráð fyrir, að henni verði beitt rétt, og þá er hún réttmæt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 772,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 772,3—4 samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—12. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 863 samþ. með 9:4 atkv.
— 784 samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BrB, GÍG, HG, HermJ, KA, LJóh, PHerm, PM, StgrA.
nei: ÞÞ, BBen, GJ, IngP, JJ.
EE greiddi ekki atkv.
1 þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 672 tekin aftur.
Brtt. 772,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Á 106. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 890, 904).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 904. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál hefur nú verið rætt hér mjög ýtarlega.

Í sambandi við till. mína og hv. 1. þm. S.-M. á þskj. 904 vil ég leyfa mér að benda á, að sérstök áherzla var á það lögð af hæstv. atvmrh. og hv. þm. Str., að hér væri um undanþágu að ræða. Því hefur alltaf verið blandað saman, að hér væri um að ræða undanþágu eða veitingu fullra réttinda.

Ég hef borið hér fram till. um, að 12. gr. verði breytt á þessa leið:

„3. meginmálsgr. í Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á sama tímabili er atvinnumálaráðherra heimilt, þegar skortur er á skipstjórum eða stýrimönnum, að veita mönnum, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, undanþágu til þess að gegna skipstjóra- eða stýrimannastöðu á fiskiskipum í innanlandssiglingum allt að 150 rúml. að stærð, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúml. í minnst 5 ár og eigi yngri en 40 ára.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands."

Þetta mundi fullnægja ríkisstj. til þess að komast út úr því öngþveiti, sem hæstv. atvmrh. taldi, að ríkja mundi, þegar skipin koma, sem kaupa á til landsins. Þá mundi verða hægt að leggja þeim til fullnægjandi starfskrafta.

Ég vil ekki ætla neinum að vilja stofna mönnum og verðmætum í hættu, og sést það, þegar málið kemur til atkv., hvort alvara fylgir því að vilja bjarga því, sem bjarga þyrfti, eða hvort það er meiningin að veita full réttindi til að gegna þessum störfum.

Ég hef lagt til, að þegar undanþága sé veitt, skuli leita umsagnar Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands, og er það samkv. venju, sem ríkt hefur. Tel ég það ekki aðeins ástæðulaust, heldur líka hættulegt, ef gengið verður fram hjá þeim venjum, sem ríkt hafa undanfarin ár.

Ef brtt. þessi verður ekki samþ., hef ég lagt til, að áður en réttindi eru veitt, skuli leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands, enda séu þessir aðilar sammála því, að réttindin séu veitt. Ég hef kveðið hér sterkara að orði en í fyrri till., vegna þess að mikill eðlismunur er á því, hvort veita á undanþágu eða réttindi. Það er mikið vald, sem atvmrh. fær með því, að honum sé veittur réttur til að veita þessi réttindi án þess að leita umsagnar þeirra aðila, sem ég nefndi. Það mundi skapa ósamkomulag milli þeirrar stéttar, sem hér á hlut að máli, og ríkisstj., og mundi það ekki leysa þau vandræði, sem hér vofa yfir.

Skal ég svo ekki halda lengur áfram umr. um málið. Ég sé ekki ástæðu til þess, nema frekara tilefni gefist.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég skal ekki fara að kappræða við hv. þm. Barð. um, hvort veita eigi þessi réttindi sem undanþágu eða framhaldandi réttindi. Ég held, að það hafi komið skýrt fram, að hér væri um endanleg réttindi að ræða.

Það vakti fyrir mér, að samhliða því, sem skortur kynni að verða á skipstjórnarmönnum, ef bátum fjölgaði mjög, og einnig, að þeir, sem árum saman hafa stundað þennan atvinnuveg, þyrftu ekki að setjast á skólabekk og byrja að læra. Ég held því fram, að till. sé til þess að veita þessum mönnum réttindi, ef þeir eru að öðru leyti undir það búnir að takast þetta starf á hendur. Get ég því ekki fylgt brtt. á þskj. 904.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 904. — Leita þarf afbrigða vegna hennar, þar sem hún er of seint fram borin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 910) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég vissi ekki um það, þegar ég kvaddi mér hljóðs, að komin væru fram andmæli gegn þessari till. og það í þá átt, sem ég hefði viljað. Vil ég því ekki lengja umræðurnar.

Till. snerist um að taka ekki réttinn af þeim skipstjórum, sem stjórnað hafa skipi undanfarin fimm ár, eru 40 ára eða eldri og hafa farið með skip, sem er 30 smálestir eða meira, þótt fiskiskipin stækkuðu. Um þetta snerist till., sem samþ. var.

Þessi till. (904) fer í allt aðra átt, og þarf ekki um það að ræða. Þó hafa flm. hennar fallizt á, að þeir menn, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem ég nefndi, séu svo færir, að ekki sé hættulegt að fá þeim skip til umráða.

Ég hygg, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi fyrir fram ákveðnar skoðanir á þessu máli. Þeir, sem réttindi hafa öðlazt, hverjir svo sem það eru, halda fast í þau og reyna að gæta þess, að í stéttinni fjölgi ekki um of. Þetta er almenna afstaðan í málinu, og þetta er yfirleitt hin almenna afstaða í málum af þessu tagi.

Það virðist ekki fjarri lagi að taka nokkurt

tillit til reynslu manna í þessu efni. Má þar t. d. nefna þá, sem með flóabátana fara, en þeir bátar fara oft hinar mestu svaðilfarir eins og kunnugt er. Reynsla slíkra manna er áreiðanlega mikils virði, og má fullyrða, að þar sé mesta og bezta öryggið og mælikvarðinn í þessu máli, en ekki umsögn þeirra manna, sem hafa sömu afstöðu til málsins og þeir, sem öðlazt hafa þau réttindi, er hér um ræðir, og er ekki hægt að deila á þá fyrir að halda fast í þau og sitja að þeim.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég held, að ég verði að gefa hv. þm. Str. tækifæri til að jórtra upp staðhæfingar sínar aftur. Hann hefur ekki komið fram með neitt nýtt í málinu, en er alltaf með sömu tugguna.

Hér er ekki um að ræða missi réttinda. Þessir menn halda sömu réttindum og þeir hafa og fá engin ný réttindi, ef frv. fellur. En mér þykir leitt að þurfa að vera að bera þetta á borð fyrir hv. þm. Str., þar sem hann er lögfræðingur og ætti því að kunna skil á þessum efnum. Hann heldur, að mesta öryggið til að fara eftir sé það, ef hægt er að benda á einhverja, sem farið hafa miklar svaðilfarir, og heldur sig hafa komið þar með hið mesta þjóðráð. Ég er á allt öðru máli. Ég tel það síður en svo til fyrirmyndar, þótt einhverjir séu svo vitlausir að steypa sér út í tvísýnu, þótt þeir kunni að slampast einhvern veginn af. Hann taldi það mjög öruggt að láta slíka menn vera við skipstjórn, en ég held, að ef fara á eftir svoleiðis kompás, verði ekki um mikið öryggi á sjónum að ræða.

Ég heyrði á máli hv. þm. Str. og eins á ræðu hv. forseta (StgrA), að þeir vildu ekki fylgja fyrri till. Hv. þm. Str. finnst ekki þurfa að vera að reyna að fá þetta ákvæði sett inn í l. Mér virðist það furðu gegna, að maður, sem ekki hefur meira vit á þessum málum en hv. þm. Str. virðist hafa, skuli leyfa sér að taka slíka afstöðu gegn þeim, sem kunnugir eru þessum málum.

Svo vil ég gjarnan spyrja hv. þm. Str. og hv. 4. landsk.: Hvað halda þeir, að þetta hafi í för með sér, ef þetta verður samþ. óbreytt? Vafalaust hefur það ekkert annað í för með sér en að allur sá aragrúi vélstjóra, sem hefur orðið að fá undanþágu, mundi koma og krefjast þess að búa við sömu l. og fá full réttindi, ekki aðeins fyrir að hafa siglt fimm ár, heldur þeir, sem hafa siglt í 20 ár. Sá hópur manna, sem nú stundar vélgæzlu, mundi koma og óska eftir réttindum eins og skipstjórar, sem hafa siglt fimm ár. Hafa hv. þm. Str. og hv. 4. landsk. athugað, hvað það kunni að kosta útveginn eða þjóðina sjálfa, ef farið væri inn á þessa braut? Og ég tel ekki hv. þm. Str. færan um að bera ábyrgðina á slíkum lagaákvæðum, ef þau væru samþ. En það er ekki hægt að neita því, þegar farið er að semja l., að þau eiga ekki að gilda fyrir sérstaka menn, heldur fyrir allt landið og landsmenn. En hér vill hv. þm. Str. það ekki. Hann er því í fullkomnu samræmi við þessi l., fyrri liðurinn um að veita undanþágu. Og þegar hv. þm. Str. sagði, að meðal annars hefðum við viðurkennt, að þessir menn eigi að fá að halda áfram starfi sínu, þá er það rangfærsla. Það er aðeins neyðarúrræði til þess að bjarga því verðmæti, verði ekki á annan hátt hægt að bjarga því. Og það er sett það öryggisákvæði, að umsögn komi frá Skipaskoðun ríkisins, sem hefur tvo þaullærða skipstjórnarmenn sér við hlið til þess að ráða þessum málum. Svo er því haldið fram, að sú stofnun hafi miklu minna vit á þessu máli en hv. þm. Str. Þar að auki á að koma til samþykki Farmanna- og fiskimannaráðsins, sem í eru eintómir sjómenn, er hafa langa lífsreynslu í þessum málum.

Ef reyna á að bjarga með undanþágu, þegar bjarga þarf, þá hygg ég, að ekki sé betur hægt að búa um það en gert er með þessu móti. En ef þetta er samþ., að hafa undanþágu með réttindi, þá torveldar það, að komizt verði úr þessu öngþveiti, því að það er til nóg af þessum mönnum í landinu. Og ef frv. er samþ. þannig, að felld er burt þessi síðasta málsgr., þá mundu þessir menn ljúka námi og verða búnir að því, áður en við þurfum á þeim að halda vegna innkaupa nýrra skipa inn í landið.

Hv. þm. Str. sagði, að það væri nokkurn veginn víst, að Farmannaráðið hefði fyrir fram ákveðna skoðun í þessu máli. Það er rétt. Það hefur þá skoðun, að það hefði ekki átt að veita nein réttindi fyrst og fremst og ekki heldur undanþágur, nema brýna nauðsyn bæri til þess. En þeir telja ekki, að á þessu stigi málsins sé sú nauðsyn fyrir hendi. Hins vegar verð ég að lýsa yfir því, að Farmanna- og fiskimannaráðið hefur svo mikla þekkingu á farmálum þjóðarinnar, að ef ráðh. kæmi og sýndi þeim fram á, að hér þyrfti að bjarga verðmætum og veita undanþágu, til þess að hægt sé að bjarga þeim, þá mundi það ekki streitast á móti, heldur benda á öruggustu leið til þess að gera það. Og engir menn hafa betri skilyrði til þess að geta dæmt um þetta en Farmanna- og fiskimannaráð og Skipaskoðun ríkisins, enda er þetta í fullkomnu samræmi við það, sem ákveðið er í l. um vélstjórn og vélgæzlustarf.

Það er hægt að þæfa þetta mál, en ekki að koma með rök gegn því, að brtt. eigi að samþ. Ég vil því enn fastlega mælast til þess, að fyrri liðurinn verði samþ. í till. eins og hann liggur fyrir, en ef svo skyldi ekki verða, þá a. m. k., að síðari liðurinn verði samþ. til þess að kippa ekki alveg burt öllu öryggi í þessum málum, því að það er hvorki Alþ. til sóma né landinu til gagns. Og hv. þm. Str. og hv. 4. landsk. eru ekki búnir að sjá fyrir endann á því tjóni, sem þeir kunna að skapa í þessum málum, með því að halda svo fast við mál sitt sem þeir gera, og ef það verður samþ.

Hermann Jónasson: Það er, eins og oft hefur verið bent á hér í hv. d., að það má æra óstöðugan að þreyta kappræður við hv. þm. Barð., það var hér einu sinni af reikningsglöggum manni reiknað út, að ef allir þm. töluðu eins mikið og hv. þm. Barð., þá þyrfti tvö ár til þess að halda hvert þing. Og þá er það þetta orðbragð, sem hann viðhefur, eins og það, að þegar við bendum á eitthvað, að vísu oftar en einu sinni, þá er því mótmælt og snúið út úr því, t. d. sagt, að við höfum sagt, að það eigi aðeins að veita undanþágur á sama hátt og vegna vélstjóra. Það er orðbragð eins og það, að við séum að jórtra á þessari vitleysu. Þetta mundi ekki vera liðið án þess að taka ofan í við þm. að verðleikum, ef menn hefðu ekki gaman af þessum hv. þm. annað slagið.

En ég held, að hv. þm. Barð. ætti ekki að eyða jafnmiklum tíma í að tala um öryggi á sjó og hann gerir. Og þó að hann þykist sérfróður, eins og hann á að heita, þá hygg ég, að honum hafi ekki farizt allt svo sérlega vel úr hendi, sem hann hefur gert í þeim efnum, að hann þurfi að tala í þeim tón, sem hann gerir.

Hann talar um, að lögfræðingar eigi að hafa vit á lögum, og segir svo „lugum". Ef þetta væri ekki svo sérkennilegt afbrigði, sem hann er, væri hann óþolandi. En það er liðið vegna þess, að það tekur enginn mark á því. Það er ekki fyrir annað. — Og að rísa svona upp í hverju máli og þykjast vita betur en allir aðrir. Þegar hann talar við prófessora og borgarstjóra, þá vita þeir ekki neitt. Ég held, að hv. þm. Barð. (GJ) viti nokkuð betur í „lugum"!

Annars held ég, að hv. þm. Barð. ætti að leggja þetta niður sem allra fyrst. Þetta er sagt við hann í fullri vinsemd. Vitanlega getur hann haldið þessu áfram, ef hann vill, en þetta er honum aðeins til leiðinda, eins og hann kemur fram, og skraf hans um það, að við séum ekki færir um að bera ábyrgðina á þessu eða hinu, að það sé leitt í l., og margt annað skraf af þessu tagi er ákaflega óviðeigandi. Til dæmis kom það fyrir hér um daginn, að þessi hv. þm. fór til forseta með það, að þm. skröfuðu saman í d., og einnig, að menn hlógu hér í d. Ég veit ekki, að hverju á að hlæja, ef ekki þessum hv. þm. Og það væru undarlegir menn, ef þeim yrði ekki á að hlæja að ræðum hans. Og svo gerir hann kröfur til þess, að menn hlæi ekki að honum.

Við getum talað um mál hér alveg rólega og með rökum aftur og fram, eins og t. d. hvort menn, sem komnir eru á þann aldur að hafa þessa reynslu, eigi að fá að stjórna þessum stóru skipum. Það er engin veila í þeim rökum, sem við höfum fært fram í þessu máli. En þessi ósköp ætti hv. þm. Barð. að leggja niður. Þau eru honum bara til leiðinda og eru ekki tekin alvarlega af neinum. Þm. eru mér e. t. v. dálítið reiðir fyrir að vera benda hv. þm. Barð. á þetta, því að þeir vilja kannske hafa skemmtun af þessu eins og hingað til.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það er rétt, að ég lýsti ekki afstöðu minni til varatill. á þskj. 904, en ég get þá sagt það, að mér finnst það ekkert óeðlilegt, þó að gert verði um leið að skyldu að leita umsagnar þeirra aðila, sem þar er talað um, áður en þau réttindi, sem þarna er um að ræða, væru veitt. Í raun og veru væri kannske réttara, að það ætti að leita umsagnar skólastjóra Stýrimannaskólans, sem hefur það sérstaklega með höndum að búa menn undir skipstjórastarfið. Það væri í samræmi við ákvæði 2. gr. frv., að leita skyldi áður umsagnar skipaskoðunarstjóra um þessi mál. En hins vegar vil ég benda á, að eins og niðurlag till. er, þá er þar um miklu meira að ræða en að aðeins eigi að leita umsagnar þessara aðila. Með niðurlagi till. er valdið beinlínis tekið úr höndum ráðh., ef hún verður þannig samþ., og úrskurðarvaldið þannig fengið í hendur þessum aðilum. En ég álít það ekki rétt. Ég mun því bera hér fram brtt. um, að orðin „enda séu þessir aðilar sammála" o. s. frv. falli brott, og ef í tillögunni væri aðeins það, að ráðh. skyldi leita umsagnar þessara aðila, áður en réttindi eru veitt, þá álít ég ekki óeðlilegt, þó að því væri bætt inn í l. Ég leyfi mér að flytja skrifl. brtt. við varatill. á þskj. 904 um að fella þessi orð niður, sem ég minntist á, og þá verður till. þannig: „Áður en réttindi eru veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Farmanna-og fiskimannaráðs Íslands."

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 4. landsk. við brtt. á þskj. 904, þannig að felld verði aftan af henni orðin „enda séu þessir aðilar sammála því, að réttindin séu veitt."

Það þarf tvöföld afbrigði fyrir brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 911) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Út af fram kominni brtt. vil ég samt sem áður lýsa yfir, að ég óska þess, að fyrri liður brtt. minnar verði borinn upp, en verði hann felldur, vil ég til samkomulags verða með í því, að hin skrifl. brtt. verði samþ. og annar málsliður þá þannig borinn upp.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. um það atriði. En ég vil aðeins óska þess, að hv. þm. Str. vildi láta taka þessa ræðu sína á plötu til þess að geta látið jórtra hana hér í d., hvaða mál sem hann ræðir um, svo að menn viti, hvernig hann talar, þegar hann hefur hvorki vit, sanngirni né þekkingu til þess að halda áfram að ræða um sjálf málin.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að lengja þessar umr. heldur, en ég vildi bara lesa hér upp brtt. frá þeim alvitra hv. þm. Barð. (GJ):

„Áður en réttindi eru veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Farmanna- og fiskimannaráðs Íslands, enda séu þessir aðilar sammála því, að réttindin séu veitt."

Hver skilur þetta? Þetta er frá þeim alvitra hv. þm. Barð. Það væri fróðlegt, að einhver gæfi sig fram, sem skilur þetta. Eftir því, hvernig venjulegt mál er skilið, þá má ekki leita til þeirra, nema þeir séu sammála. — Það veit sjálfsagt ekki nema einn maður.

ATKVGR.

Brtt. 910 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 904,1, svo breytt, felld með 9:5 atkv.
— 911 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 904,2, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 110. fundi í Nd., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 912).

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (JörB): Það hafa verið gerðar nokkrar breyt. á þessu máli í hv. Ed., sem vera má, að kunni að valda nokkrum skoðanamun. Ég vil því beina því til hv. d., hvort hún getur ekki á

þá málsmeðferð fallizt, að umr. verði frestað í þetta sinn og hv. sjútvn. taki málið til athugunar. Ef ekki koma andmæli gegn því, leyfi ég mér að skoða það sem samþ. af hálfu hv. d., og er þá umr. um málið frestað. Ég vil vænta þess, að hv. sjútvn. taki málið til athugunar.

Umr. frestað.

Á 118. fundi í Nd., 1. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 912, 1012).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég sé nú, að allir þingsveinar eru veikir eða dánir, því að enginn sést hér í hv. d., en mig vantar frv., en það er nú svo einfalt, að það kemur kannske ekki að sök.

Hv. Nd. er kunnugt um það, hvernig þessu máli er háttað. Það var hér til umr. fyrir alllöngu og var afgr. úr hv. d., þó með nokkrum ágreiningi.

Þá var flutt hér við málið brtt., sem gekk út á það að veita aukin réttindi til skipstjórnar mönnum, sem búnir voru að sigla vissan tíma á smærri skipum, þannig að þeir, sem höfðu haft réttindi til þess að fara með allt að 75 rúml. skip, fengju heimild til þess að fara með allt að 120 rúml. skip. Þessi brtt. var felld með allmiklum mun atkvæða. Síðan fór málið til Ed., og hefur hún nú sett þetta ákvæði inn í frv. Málinu var síðan frestað, og er það gert til þess, að sjútvn. þessarar hv. d. tæki það til nýrrar yfirvegunar. Hún hefur gert það.

Þó að nokkur atriði séu nú í frv., eftir að það er komið frá hv. Ed., fleiri en þetta, sem nm. mundu gjarnan vilja hrófla við, sá n. sér þó ekki fært að vekja ágreining um slík atriði, ef von ætti að vera til þess, að frv. yrði að l. nú á þessu þingi. Hins vegar hafa nm. takmarkað sig við það að leggja til, að frv. verði breytt í sama horf sem það var, þegar það fór héðan úr hv. d., en það er, að niður falli ákvæðið um, að óskólalærðir minnaprófsmenn eða þeir, sem hafa réttindi til þess að fara með fiskiskip, — sem hafa verið skipstjórar á 75 rúml. skipum, — fái réttindi til þess að fara með 150 rúml. skip, eins og það er nú í frv., eftir að það kom frá hv. Ed.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það séu orðnar neinar breyt. á skoðun manna um þetta efni frá því, sem var, þegar málið var afgr. héðan í fyrra skiptið, og að hér sé þess vegna engin ástæða til annars en atkvgr. um málið, — auk þess, að þá voru færðar ástæður bæði með og móti þessu ákvæði, og get ég því orðið um það stuttorður. Ég vil þó leiðrétta þann misskilning, sem ég hef orðið var við, að hér sé verið að taka af mönnum réttindi, sem þeir hafi haft. Svo er ekki. Allir þeir menn, sem hafa haft réttindi til þess að fara með þessi skip, 75 rúml., halda þeim réttindum, en aðeins verður hagur þeirra betri að því leyti, ef frv. verður samþ. eins og það fór frá þessari hv. d., og ætlazt er til, að þessir menn fái tækifæri á eftir til þess að auka réttindi sín upp í fullkomið fiskimannapróf með námsskeiði, sem er að sjálfsögðu ekki nálægt því eins tímafrekt og að setjast á skólabekk samkv. reglugerð Stýrimannaskólans. Og það er gert ráð fyrir því af nákunnugum mönnum um þekkingarstig þessara minnaprófsmanna, að þeir muni yfirleitt geta náð prófi með fjögurra mánaða kennslu; og jafnvel sumir þeirra manna, sem hafa aflað sér sjálfir aukinnar menntunar á sínum skipstjórnartíma, muni geta tekið prófið án nokkurrar viðbótar. Er sjálfsagt fyrir þá að nota sér það, því að ef menn afla sér menntunar jafnhliða starfi sínu, þá er sjálfsagt, að þeir fái að njóta þess. En það þykir ekki fært á þeim tímum, sem nú eru, og við þau hryggilegu sjóslys, sem hafa átt sér stað og valdið hafa bæði mann- og eignatjóni, að fara að minnka þær kröfur, sem gerðar hafa verið um kunnáttu manna, og sannleikurinn er sá, að engir menn í þjóðfélaginu hafa skilyrði til þess að fá hærra launaðar stöður í þjóðfélaginu en skipstjórar hinna stærri skipa. Og engum er trúað fyrir eins miklu verðmæti og þeim. Þeim er trúað fyrir mörgum mannslífum og eignum upp á margar millj. kr. Þess vegna virðist ekki vera óeðlilegt, þó að menn þyrftu að eyða fjórum árum til þess að undirbúa sig undir þetta mikla starf.

Ef ekki gefst tækifæri til, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta meira, en bíð eftir úrskurði hv. d. um það með atkvgr.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð út af brtt. þeirri, sem fram er komin frá fjórum meðnm. mínum í sjútvn.

Eins og menn rekur kannske minni til, flutti ég, þegar mál þetta var til umr. hér í hv. d., brtt., sem gekk í þá átt, að heimilað væri að veita þeim mönnum, sem hefðu í nokkur ár haft skipstjórn á smærri fleytum og hefðu fiskimannapróf, réttindi til þess að fara með skip í innanlandssiglingum allt að 120 smálestum að stærð. Ég var þá og er enn samþykkur meginstefnu þessa frv., þ. e., að sjómannsnáminu verði komið í það horf, sem þar er gert ráð fyrir. Hins vegar benti ég á það þá, að á fiskiflotanum væri talsvert af hæfum skipstjórnarmönnum — og sumir, sem farnir eru að reskjast, en hafa fengið mikla reynslu og æfingu, — sem mér fyndist eðlilegt, að fengju leyfi til þess að fara með stærri báta en þeir hafa haft með höndum undanfarið, og það án þess að ganga í skóla eða námsskeið. Var það með það fyrir augum, að þessir menn hefðu þá fengið svo þýðingarmikla reynslu, að það væri alveg óhætt að veita þeim þann rétt. Till. mín um það efni var felld hér í hv. d. En í hv. Ed. var samþ. brtt., sem gekk a. m. k. að sumu leyti skemmra og að sumu leyti lengra. Þar er gert ráð fyrir, að menn, sem eru 40 ára eða eldri, fái þennan rétt til þess að fara með skip, sem séu allt að 150 rúml. að stærð. Ég sé ekki, að ástæða sé til þess fyrir hv. Nd. að taka þetta út úr frv. Ég tel, að eins og frv. liggur fyrir nú, sé það í raun og veru hæfilegur meðalvegur í þessu máli, sem hefur verið nokkurt þrætumál. En um leið er leyst hið erfiða spursmál um þá menn, sem hafa fengið æfingu og vilja halda áfram við skipstjórn og geta komið því við að geta stjórnað stærri bátum. Bátarnir geta farið stækkandi, án þess að vandinn vaxi við að stjórna þeim á fiskimiðunum. En hins vegar eru ýmsir örðugleikar á því fyrir menn, sem farnir eru að reskjast, að setjast á skólabekk á nýjan leik.

Ég skil vel, að mönnum, sem hafa menntazt vel í sjómannafræðum, sé illa við, að aukin réttindi séu veitt, án þess að meira skólanám komi til. En mér finnst, að í þessu efni sé farið hóflega í sak-

irnar í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og mér finnst, að sá meðalvegur, sem farinn er í þessu frv., sé hin rétta lausn málsins.

Það er rétt, sem menn hafa haldið fram fyrr og síðar, að það er ekki tekinn réttur af neinum með þessu frv., þó að till. verði samþ. En ég tel ástæðu til þess að veita aukin réttindi þessum mönnum, sem ég hef nefnt. Og ef þessir eldri formenn vilja svo fá full réttindi, bæði til innanlandssiglinga og til þess að sigla til annarra landa, verða þeir að fara á þessi námsskeið. Er það ekki nema sjálfsagt, því að þá er hægt að færa glögg rök fyrir því, að þá þurfi þeir á meiri þekkingu að halda til þess að ráðast í slíkar siglingar. Og ég vona, að sem allra flestir þessara eldri formanna færu á slík námsskeið og fengju sér þessi fullu réttindi. En mér finnst ástæðulaust að amast við því, að þeir, sem hafa fengið þessa miklu reynslu, geti fengið réttindi til þess að stjórna bátum við strendur landsins við fiskveiðar án þess að setjast á skólabekk á ný. Mér finnst, að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem hafa beitt sér fyrir þessu máli af miklum dugnaði, ættu að sætta sig við þetta frv., eins og það er. Stefna þeirra er sú, sem verður til frambúðar, en hér er aðeins verið að fara fram á undanþágu fyrir þá eldri menn, sem unnið hafa að þessu starfi í mörg ár, en hverfa smám saman úr hópnum. En svo koma þeir, sem hafa fengið þessa fullkomnu bóklegu menntun, og taka við.

Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta. Ég vil ekki tefja þetta mál að neinu leyti, því að ég veit, að mikil nauðsyn mun vera á því, að það nái framgangi, svo að sú nýja skipun á menntun sjómanna geti komizt í kring, um leið og þetta veglega hús er að verða tilbúið, sem til þeirra hluta er ætlað.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég kveð mér hljóðs nú af því, að af eðlilegum ástæðum hefur mér ekki gefizt kostur á að taka til máls í þessu máli fyrr en nú, og í öðru lagi af því, að mér virðist svo, að það sé sumum hv. þm. kannske ekki alveg ljóst, — hvort sem mér tekst að gera það ljóst, — hver er kjarni málsins.

Mér er tjáð, að þessi hv. d. hafi þó að miklum meiri hluta haft nokkuð ljósan skilning á málinu. En ágreiningur er nú kominn fram á þingi, og veltur þá á miklu, hvort sá ágreiningur, sem um málið er, verður leiðréttur hér við þessa umr.

Það væri freistandi að rifja upp að nokkru sögu sjómannafræðslunnar í landinu. En e. t. v. gerist þess ekki þörf. En ég vil þó benda á, að sjómannafræðslan er 54 ára gömul. Það tók þá allmiklar umr. hér á Alþ. að koma þeirri löggjöf á. En nútímamenn lofa allir framsýni þeirra manna, sem börðust fyrir málinu og urðu til þess að koma því í gegn í þinginu. — Með þessum l. var gert ráð fyrir því, að sú þekking, sem menn fengju, væri nokkru minni en nú er heimilað með fiskimannaprófi. En það var ekki gert ráð fyrir því, að menn gætu öðlazt skipstjórnarréttindi með minni þekkingu. Upp úr aldamótum var það svo, að við höfðum smáskip, 12 rúml., og úti um land frá 12 og upp í 40 rúml. En það þótti ekki hlýða, að aðrir færu með skip en þeir, sem höfðu próf frá Stýrimannaskólanum. En það hefur margt breytzt síðan. Árið 1915 mun hafa verið sett löggjöf um réttindi manna til skipstjórnar. Og þá var skipastóll okkar mjög að breytast. Togarar voru að koma til landsins, og við vorum að eignast skip til millilandasiglinga. Þeim l. var svo breytt 1922, og kröfunum, sem þá voru gerðar til skipstjórnarmanna, var þá enn breytt, því að þá komu minni fiskimannapróf til, sem veittu mönnum réttindi til þess að stjórna skipum upp í allt að 60 rúml. Þessi l. voru svo endurskoðuð 1936, sem sú breyt., sem nú er hér á ferðinni, er gerð á. En þá var þetta rýmkað fyrir mikinn áróður meðal minnaprófsmanna, þannig að réttur minnaprófsmanna var aukinn upp í 75 rúml. skip. En um leið var þyngt verulega nám hjá þeim mönnum, sem áttu að öðlast þennan rétt, frá því sem hafði verið áður. Það hefur því yfirleitt þyngzt nám þeirra manna, sem öðlast rétt til skipstjórnar, og jafnvel hærri próf. Höfuðástæðan fyrir því, að talið var gerlegt að hækka þessi réttindi upp í 75 rúml. skipa, var m. a., að ekki var talið líklegt, að skip af þessari stærð mundu yfirleitt notuð til úthafssiglinga, heldur til fiskveiða við ströndina. En eins og kunnugt er, eru háværar raddir um það að rýmka þetta upp í 150 rúml., en sumir vilja 120 rúml., án þess að nokkur fræðsla eða próf komi til hjá þeim mönnum, sem hafa réttindi til þess að stjórna 75 rúml. skipum.

Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að þeir menn, sem hafa tekið minna fiskimannapróf, verði að bæta við sig þekkingu, og það ætti að vera hverjum manni kleift að fara á námsskeið til þess að bæta við örlítilli þekkingu. Í sumum tilfellum væri þetta ekki nema próf, ef um greinda menn væri að ræða, sem mundu vilja stytta námið, og ætti það ekki að verða neitt kostnaðarsamt. En höfuðrök þeirra, sem bezt þekkja til þessara mála og vilja, að þetta sé gert, eru þau, að í landinu er til af ungum og eldri mönnum með hið almenna fiskimannapróf, svo að tugum skiptir, sem eru færir til þess að taka við stjórn skipa yfir 75 rúml. Allur þorri þeirra manna, sem ganga á Stýrimannaskólann hér í Reykjavík og gera það sjálfsagt á ungum aldri, tekur hið meira fiskimannapróf, — þeir, sem ekki taka farmannapróf, — og telur það nauðsynlega undirstöðu undir lífsstarf sitt að mennta sig sem bezt og svo sem efni standa til. En námsskeiðin, sem samkvæmt l. eru haldin úti um landið, hafa stuðlað að því, að minna fiskimannapróf er svo mikið notað af þeim mönnum, sem hugsa sér að stjórna minni skipum, og þar af leiðandi hefur þessum mönnum fjölgað verulega.

Það má segja, að menn, sem hafa öðlazt þessa þekkingu og þau réttindi, sem þessi próf veita, hafa í flestum tilfellum reynzt svo vel, að þeir séu fullfærir til þess að stjórna stærri skipum. En þessi próf veita ekki réttindi til þess. Sama er að segja um meiri fiskimannaprófin. Þeir menn, sem þau taka, fá alls ekki réttindi til þess að stjórna kaupskipum, þó að segja mætti, að meiraprófsfiskimaður hafi þá þekkingu til brunns að bera, að hann geti stjórnað kaupskipum. En honum eru alls ekki veitt þau réttindi. Þannig er það líka um minnaprófsmanninn. Hann hefur ekki öðlazt meiri rétt en minna prófið veitir honum.

Um frv. sjálft skal ég fara nokkrum orðum, eins og það er nú komið frá hv. Ed. Þar er atvmrh. veitt heimild til þess að veita mönnum með minna

fiskimannapróf, sem hafa að vísu siglt sem skipstjórar eða stýrimenn á 30 rúml. skipi eða stærra í 5 ár og eru ekki yngri en 40 ára, réttindi til þess að fara með skip allt að 150 rúml. En upprunalega var gert ráð fyrir því í þessu frv., að þessir menn öðluðust ekki þennan rétt, nema þeir hefðu gengið undir próf áður og á námsskeið, ef þeir þyrftu þess með fyrst.

Það upplýstist hjá hv. sjútvn. í gær, að þó að þessi breyt. yrði að l., þá getur hún ekki komið til framkvæmda, nema l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík sé breytt í samræmi við þessi l. En það hefur ekkert komið fram á þingi enn, sem bendi í þá átt, að svo eigi að gera. Þetta upplýsti skólastjóri Stýrimannaskólans í gær og sagði, að þetta væri nauðsynlegt. En ég veit ekki, hvort tími mundi vinnast til þess að koma slíku frv. gegnum þingið nú.

Það er mín skoðun, að menn eigi að ganga undir próf, áður en þeir öðlast rétt til þess að fara með skip. Það er margt, sem veldur því. Það er t. d. talið nauðsynlegt, að skipstjórnarmaður þurfi að hafa allvíðtæka þekkingu á öllu því, sem lýtur að björgun og slíku, en það er ekki hægt að veita fræðslu um slíkt nema á námsskeiðum. Eitt af því, sem nútíminn krefst, að mikil áherzla sé lögð á, og allir skipstjórnarmenn verða að hafa nákvæma þekkingu á, eru nýtízku björgunartæki, og nú er alltaf verið að gera stöðugt meiri og meiri kröfur á því sviði, eftir því sem tímar líða. Þá vil ég benda á eitt, sem er nauðsyn að vekja máls á hér, en það er, að skipstjórnarmaður hafi þekkingu á meðferð talstöðva. Það er ein af kröfunum, sem nú eru uppi, að hver einasta fleyta sé útbúin með talstöð. Þessa þekkingu er ekki hægt að fá nema á námsskeiði. Það er því að mínu viti tvímælalaust nauðsyn, að þessi fræðsla fari fram á námsskeiðum. En hvernig sem þingið ræður því til lykta, þá vil ég láta skoðun mína koma fram um þetta atriði. Þetta er eitt af mestu öryggismálum þjóðarinnar, og afstaða mín í þessu máli er fyrst og fremst öryggismál. Við vitum það frá gömlum tímum, þegar menn urðu að bjargast á seglum. Nú er komin vélaöld, og við skulum segja, að það sé léttara að stjórna skipi með vél en áður með segli. En það er annað, sem fylgir með vélunum. Nú er ekki verið að bíða eftir, að lygni eða birti, til að taka land eða sigla fram hjá andnesjum, heldur er nú treyst á sérfræðiþekkinguna, að menn komist rétt fram hjá blindskerjum og boðum. Þess vegna er það, að einmitt nú er okkur nauðsyn á þekkingu sjófarenda og það lífsnauðsyn. — Þetta var það, sem ég vildi segja um frv. almennt.

Ég skal svo, til að þetta mál verði ekki allt of langt, víkja örfáum orðum að þeim rökum, sem mér virtist hv. 2. þm. S.-M. mæla fyrir því, að gerð væri sú undanþága, sem sett var inn í frv. í Ed. Sú undanþága er, eins og menn vita, um það, að menn, sem nú hafa rétt til að stjórna skipum 75 rúmlestum að stærð, geti fengið þann rétt án frekara náms upp í 150 smálestir. Ágreiningurinn er fólginn í því, eins og siglingafróðir menn, — og ég vitna í því efni til þeirra, af því að þeir eru dómbærastir um það, — telja, að slíkar undanþágur eigi ekki að vera til. En ef menn vilja fá rétt til að stjórna stærri skipum en 75 smálesta, þá er það svo kostnaðarlítið fyrir viðkomandi mann að bæta við sig örlitlu námi, ef hann þarf þess með, og taka síðan próf samkvæmt reglugerð, sem gildir þar um. Hv. frsm. sagði, og það er alveg rétt, að það sé engin ástæða til að kveinka sér við að leggja þessa kvöð á þessa menn, af því að þeir séu fátækir. Þeir eru í skipstjórastöðu og búa yfirleitt við góð laun. Það er fullkomin ástæða til að krefjast þess, að menn í svo ábyrgðarmikilli og vel launaðri stöðu hafi þá fyllstu þekkingu til að bera, sem krefjast má.

Einn ókostur við undanþágurnar, eins og hér er gert ráð fyrir, er sá, að undanþágurnar, sem yrðu í höndum ráðh. á hverjum tíma, kæmu alltaf meira og minna óréttlátlega niður. Ég held, að það hafi verið um 1925, að svo mikil brögð voru orðin að þessum undanþágum, að orðið var gersamlega óviðunandi, og sjómönnum þótti mælirinn vera orðinn svo fullur, að þeir hótuðu að leggja niður störf, ef þessu héldi áfram, af því að undanþágurnar voru ekki alltaf bundnar við hæfileika manna, heldur geðþótta ráðh. Það þurfti ekki annað en góður flokksbróðir hans ætti í hlut eða umsækjanda hefði tekizt að afla fisks úr sjó o. s. frv. Mönnum þótti undanþágurnar svo mikið vandræðafálm, að þeir töldu, að ekki mætti til þeirra grípa. Það er til svo mikið í landinu af ungum og efnilegum mönnum, sem hafa fullkomna menntun, að það á ekki að þurfa að grípa til undanþágnanna. Með slíkum undanþágum, sem hér hafa verið, er settur fjötur um fót ungra manna, sem búnir eru að mennta sig til þessara starfa.

Þá er það annað, sem fylgir undanþágunum og hv. 2. þm. S.-M. drap lauslega á. Hann taldi, að ef nota ætti skip, sem væri 150 tonn, til að sigla milli landa, þá gæti viðkomandi maður farið og tekið próf. Ég er hræddur um, að það yrði ærið örðugt fyrir viðkomandi mann að rjúka til að taka próf, ef skip hans lægi austur á Norðfirði með ísvarinn fisk og ætti að sigla til útlanda. Það er hætt við, að þá yrði ef til vill gripið til þess ráðs að fá mann með réttindi til að láta lögskrá sig að nafninu til sem skipstjórnarmann. Það er til í sjómannamáli heiti yfir slíka menn. Þeir eru kallaðir leppar. Og hvernig hefur leppmennskan gengið? Þetta eru venjulega menn, sem hefur gengið illa að komast í skipstjórastöður. Þeir eru áhrifalausir, eru venjulega niðri í hásetaklefa, eru skipstjórar aðeins á pappírnum, en gera ekkert af því, sem skipstjóra ber að gera. Það eru hreinustu vandræði, ef grípa þarf til þessarar leppsaðferðar. En ef maðurinn hefur tekið viðbótarnámsskeið sitt, þá er hann frjáls að sigla skipi sínu til útlanda og þarf ekki að nota þann mann, sem hefur hlotið þetta leppsnafn á sjómannamáli.

Ég skal ekki fara langt út í að sýna fram á nauðsyn þess, að þau atvik geti komið fyrir í siglingum hér við land, að nauðsyn sé á fullkominni þekkingu og að menn geti ákveðið, á hvaða stað skipið er statt. Ég vil aðeins benda á, að einmitt getur komið fyrir, að skip verði fyrir vélarbilun, helzt í ofviðri, og skipið reki til hafs. Þá eiga menn með meira próf að geta, — ef sést til sólar eða stjarna, — ákveðið þann stað, sem skipið er á, og stýrt til lands. Þetta getur maður með minna próf ekki. Ég tel því mjög mikið öryggi í því fólgið, að menn hafi sjófræðiþekkingu, jafnvel þó að þeir eigi

að sigla hér við strendur landsins, og skip upp í 150 tonn eru höfð til sjósóknar á öllum tímum árs.

Hv. þm. hélt fram, að nauðsyn væri á, að undanþágurnar væru til staðar, en ég sé það alls ekki og get þar aftur vitnað til þess álits, sem færustu og lærðustu menn á þessu sviði álíta um málið. Það er ekki af sjálfselsku, sem þessir menn leggja svo mikla áherzlu á þekkinguna, heldur er það einmitt sú stefna, sem nú er uppi bæði hér á landi og annars staðar, að auka sem mest þekkingu sjófarenda, og þess vegna megum við á engan hátt draga úr þeim kröfum.

Ég þykist þá hafa fært nokkur rök fyrir því, að þær undanþágur, sem hér er um að ræða, eru varhugaverðar og í ýmsum tilfellum skaðlegar. Ég vænti, að hv. d. sé sjálfri sér samkvæm og breyti frv. á þann veg, að það verði nokkurn veginn eins og hún gekk frá því.

Ég skal svo að lokum benda hv. þdm. á, að á öðru sviði þjóðmálanna eru nú gerðar auknar kröfur. Nú er engum leyfilegt að stýra bifreið nema bifreiðarstjóra, sem verið hefur á námsskeiði og gengið undir verkleg og bókleg próf, svo að farþegarnir geti talizt öruggir. Og alltaf er verið að gera meiri og meiri kröfur til þessara manna, svo að þeir séu sem allra færastir um að leysa starf sitt af hendi. Þannig er þetta alls staðar. Það á þá að vera eina undantekningin, ef nú á að fara að slaka á kröfum til menntunar þeirra manna, sem sigla um höfin, og veita þeim undanþágur frá þeirri tilskildu þekkingu.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en ég gat ekki setið hjá og látið þetta mál með öllu afskiptalaust, úr því að mér hefur af tilviljun skotið hér upp. Mér fannst, að ég yrði að ræða um þetta mál við ykkur, hv. þm. Ég hef fjallað um þessa löggjöf, ekki einu sinni, heldur tvisvar. Ég er vel kunnugur þeim, sem látið hafa til sín heyra í þessu máli, og ég tel, að þeir hafi rétt fyrir sér, og ég tel enn fremur, að fyrir alla þá, sem á skipunum eru, sé brýn nauðsyn að hika hvergi frá þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra, er um höfin sigla.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Hér hefur komið fram brtt. frá fjórum mönnum í sjútvn. um, að 3. málsgr. bráðabirgðaákvæðanna falli niður. Ég er andvígur þessari brtt. og tel hana til skemmda. Það getur verið, að þessar undanþágur gætu eins vel verið í einhverju öðru formi, en þær eru hyggileg lausn á málinu, og má því ekki fella þær burt.

Það er að vísu rétt, að formlega er enginn sviptur þeim rétti, sem hann hefur nú, þó að þetta bráðabirgðaákvæði falli niður. Menn hafa áfram rétt til að vera á 75 tonna skipum, en það er þó rétt að gera sér ljóst, að það er aðeins formlega hliðin, vegna þess að nú eru fiskiskip okkar miklu stærri en þegar þetta ákvæði var sett. Nú er svo komið, að mikill hluti af fiskiskipum okkar er stærri en 75 tonn. Það er því fullkomlega ranglátt að taka ekki tillit til þess breytta viðhorfs og gefa ekki þessum mönnum, sem búnir eru að afla sér eins mikillar reynslu og gert er ráð fyrir í 3. málsgr., tækifæri til að geta að þessu leyti fylgzt með tímanum.

Nú er Stýrimannaskólinn um það bil að taka til starfa, og við skulum vona, að sú stofnun verði fær um að veita nægilega mörgum mönnum góða menntun, svo að við getum fengið skipstjóra og stýrimenn með betri menntun en hingað til. En þegar við erum að setja svona ákvæði, þá megum við ekki taka aðeins tillit til hins bóklega lærdóms, en líta ekki á starfið sjálft. Það væri ósanngirni að vilja ekki taka tillit til þess, ef menn væru búnir að stunda sjómennsku áratugum saman og vera skipstjórnarmenn í fimm ár. Það væri órétt að neita þessum mönnum um að stunda áfram þessa atvinnu án þess að þurfa fyrst að setjast á skólabekk. Ég veit, að ýmsir þessara manna mundu alls ekki beygja sig undir það, svo að það væri sama og að reka þá úr starfinu, ágæta formenn, sem kjósa að vera við það starf áfram.

Það er vert að hafa það í huga, þegar rætt er um lærdóm og réttindi skipstjóra og stýrimanna, að þótt það sé vissulega gott að hafa góða þekkingu, þá er þó annað atriði, sem ekki er minna um vert, þegar um skipstjóra og stýrimenn á fiskiskipum er að ræða, en það er, að þeir kunni til fiskveiða, þekki miðin og veiðiaðferðirnar og þess háttar, og svo það, að þeir séu fisknir, og það er kannske eitt af því, sem er ekki hægt að skýra. Það er t. d. staðreynd, að oft eru sömu mennirnir langhæstir á síldveiðunum ár eftir ár. Það er í raun og veru ekki hægt að segja, að þeir hafi meiri reynslu eða þekkingu en ýmsir aðrir, en samt eru þeir hæstir ár eftir ár. Ég þekki mörg dæmi þess, að síldarútgerðarmenn hafa ekki hikað við að ráða sér mann, sem hefur ekki haft full réttindi, sem raunverulegan skipstjóra á skip sitt til að stjórna veiðunum til viðbótar við fulla skipshöfn. Mér er kunnugt um skip, sem ár eftir ár hafa haft réttindalausa menn til að vera raunverulega skipstjóra, vegna þess að þeir eru góðir fiskimenn. Þetta er atriði, sem vert er að taka tillit til. Við megum ekki „risikera" því, að þaulæfðir og ágætir fiskimenn verði að fara í land og vilja ekki sætta sig við að verða að setjast á skólabekk eftir að þeir hafa starfað alla ævi sem ágætir fiskimenn.

Ég held, að það sé misskilningur hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu, að svo mikið sé unnið við, að mennirnir fari í þennan skóla eða hafi að öðrum kosti ekki réttindi til að vera með stærri skip en 75 tonn. Þetta mundi raunverulega þýða það, að þeir fengju ekki nema léleg skip, og í flestum tilfellum, að þeir drægju sig í hlé.

Þegar umr. urðu um þetta í Ed., þá var því haldið fram, að óþarft væri að vera á móti því, að þessir menn færu á námsskeið, af því að ríkisstj. hefði í hendi sér að setja svo væg skilyrði fyrir prófinu, að það væri enginn vandi að komast í gegnum það. Þessi röksemd hefur ekki komið fram hér, en það segir sig sjálft, að það er gersamlega þýðingarlaust að fara að skylda þessa menn til að fara á slík námsskeið, þegar svo er um búið, að þessa undanþágu fá aðeins þeir, sem hafa starfað að sjómennsku að heita má öll manndómsár sín og eru orðnir þaulreyndir sjómenn og hafa því öðlazt reynslu, sem engin leið er að afla sér í skóla.

Þá er annað, sem menn verða að gera sér ljóst, en það er, að ef allir þeir menn, sem samkv. bráðabirgðaákvæðunum hafa rétt til að fara á þessi námsskeið, ætla að sækja þau, þá yrði það

slíkur fjöldi, að þeir gætu ekki komizt þar að. Og þegar menn hafa orðið að hætta við að fara í skóla hér í Reykjavík, af því að þeir hafa ekki fengið hér inni, þá yrði einhvers staðar þröngt, ef allir þessir menn kæmu. Það er því í alla staði óskynsamlegt að vera með svona smásálarskap, þegar á stendur eins og hér. Farmanna- og fiskimannasambandið virðist hafa sótt það af miklu kappi að fá þetta ákvæði fellt niður, en mér er kunnugt um, að meginþorri sambands félaga minnaprófsmanna er mjög eindregið með þessu, svo að það er órétt, þegar Farmanna- og fiskimannasambandið er að gefa svona álit út, að láta þess ekki getið, að það gengur að þessu leyti ekki heilt til skógar.

Það er gert ráð fyrir, að Farmanna- og fiskimannasambandið fái öll mál eins og þetta, einkum þau, er snerta öryggi á sjónum, og það er ekki nema gott og blessað og þá eðlilegt, að það sé á móti því, ef ekki eru uppfylltar nægilega þær kröfur, sem gerðar eru til öryggis. En það fær mig enginn til að trúa því, að menn, sem komnir eru yfir fertugt, eru búnir að stunda sjómennsku í 10—20 ár og hafa verið stýrimenn eða formenn í fimm ár og vilja halda sjómennsku áfram, séu ekki eins vel færir um að stjórna skipum upp í 150 tonn eins og 75 tonna skipum eða að þeir séu ekki eins vel færir til þess og menn, sem hafa örlitla reynslu, þó að þeir hafi verið í skóla. Það er ekkert annað en ósanngirni að bera vönum fiskimönnum slíkt á brýn. Það er mesta fjarstæða, að með þessu sé verið að stofna mannslífum eða verðmætum í hættu. En ef hv. d. er svo hörð á þessu atriði, að hún er ófáanleg til að gefa heimild til að veita slíkar undanþágur, þá getur farið svo, að það verði að veita þær án heimildar, því að hver einasta ríkisstj. hefur séð sig til neydda að veita slíkar undanþágur, þó að engin heimild væri fyrir því. Það hefur staðið þannig á, að verðmæti hafa legið undir skemmdum og ekki verið annað hægt en veita undanþágurnar, en slíkt er illt og jafnvel áhætta fyrir ríkissjóð, sem gæti orðið skaðabótaskyldur gagnvart vátryggingarfélögum, þegar illa fer, eins og alltaf getur að höndum borið.

Það eru eindregin tilmæli ríkisstj., að þetta ákvæði verði látið haldast eins og það er í frv. eða svipað ákvæði sett í þess stað. Ég tel öruggt, að hvorki þessi ríkisstj. né nokkur önnur muni taka á sig þá ábyrgð að veita aðrar undanþágur en þær, sem gerðar verða í samráði við fulltrúa fiskimanna, þannig að tryggt sé, að þeir einir fái réttindi, er svo séu kostum búnir, að áhættulaust sé talið að trúa þeim fyrir stærra skipi en þeir hafa.

Umr. frestað.

Á 119. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja umr. um málið almennt, aðeins ræða brtt. á þskj. 1012. Deilt er um heimild þá, sem samkv. frv. er veitt til undanþágu handa skipstjórum með minna fiskimannapróf til að fara með 75—150 tonna skip. Þetta vilja þeir algerlega fyrirbyggja, sem að brtt. standa. Þeir vilja slá því föstu um reynda skipstjóra, sem skortir meira prófið, að þeir séu ófærir til að stjórna skipi upp í 150 tonn, og telja meira öryggi að setja til þess nýútskrifaða pilta, sem hafa ekki lengri reynslu en nemur skemmsta stýrimannstíma, sem þeim er skylt að hafa siglt. Það er algengt að gera lítið úr reynslu og mikið úr skólalærdómi. Úr hvorugu vil ég lítið gera, en hygg þó, að 5—10 ára reynsla í skipstjórn geri nýtan mann færari til skipstjórnar en nokkurt skólapróf getur gert.

Það vita allir sjómenn og allir, sem til sjósóknar þekkja, að á siglingum og veiðum hér við land beita skipstjórar aldrei víðtækari skólakunnáttu en heimtuð er til minna prófsins, þótt þeir hafi tekið meira prófið. Munur prófanna hefur því mjög litla hagnýta þýðingu á fiskiskipum þessarar stærðar, ef maðurinn hefur öðlazt alllanga reynslu og gefizt vel í starfinu. Það er því alger sleggjudómur, að nauðsyn sé öryggis vegna að heimta hið meira fiskimannapróf.

Eitt af því, sem stuðningsmenn brtt. hafa haldið fram, er, að ekki skipti miklu fyrir þessa skipstjóra, þótt þeir þurfi að taka próf. En þessir rosknu menn, sem um ræðir, vilja ekki leggja sig í skólanám hér eftir, taka alls ekki prófið, sætta sig heldur við að vera á smærri bátum. Það má fullyrða, að það muni kosta íslenzka útgerð stórfé að verða af skipstjórn þessara vönu manna. Því er haldið fram, að nógir menn með meira prófi séu til og verði til næstu árin. Þá er því að svara, að reyndu mennirnir með minna prófið eru betri. Hvaða útgerðarmaður, sem væri, mundi vafalaust velja slíkan góðkunnan aflamann skipstjóra á skip sitt heldur en nýútskrifaðan meiraprófspilt. Þegar útgerðarmenn fara að ráða á 75—150 smál. skipin, leggja þeir svo mikið upp úr reynslunni, að þeir vilja ekki án slíks manns vera. Megi hann ekki vera skipstjóri, ráða þeir hann samt og svo með honum einhvern pilt með meira prófi til að leppa. Samþykkt brtt. mundi ýta undir óheilbrigði, skapa allt annað en gott ástand. Ég vil eindregið skora á þm. að fella hana. Málið liggur ljóst fyrir, en óhemjumiklum áróðri hefur verið beitt í því í þinginu af mönnum, sem eru því vanir að koma með mikinn afla í land. Nú hafa þeir aflað hér allvel, og þess vegna er deilt. Annars er það fyrirbrigði allt of algengt, að hópar manna, sem búnir eru að fá tiltekin atvinnuréttindi, berjast fast gegn því að leyfa öðrum að fá réttindin, þótt bæði sanngirni og almenn þörf mæli með. Svo hefur orðið með sumar iðnstéttir, og svo er hér. Ef vöxtur útgerðar verður sá, sem vonast má eftir á næstu árum, mun víða skorta menn. Þá kemur mönnum í koll, ef sá naglaskapur er sýndur nú sumum beztu aflamönum okkar að flæma þá frá skipstjórn.

Sigurður Kristjánsson: Mér hafa brugðizt vonir um, að ekki yrðu miklar umr. um þetta mál. Þess vegna verð ég að endurtaka það í fám orðum, að frv. var ekki ágreiningsmál milli meiraprófsmanna og minnaprófs, heldur gengið frá því með samkomulagi aðila, og það var samið af skólastjóra Stýrimannaskólans, sem var hlutlaus aðili og svo greindur, skyldurækinn og einarður maður, að hann verður ekki vændur um annað en að hann hafi viljað fara þarna þá miðlunarleið, sem hann taldi öllum fyrir beztu. Þess vegna er brtt. flutt til að hindra skemmdir á frv. Ég hef talað

við marga minnaprófsmenn, sem óska þess eins, að frv. verði flýtt, svo að þeim gefist tækifæri til að taka meira próf, en óska ekki eftir, að undanþága sé gerð sín vegna. Og munu þeir, sem svo hugsa, miklu fleiri en hinir, sem aðeins eru fáir menn í rauninni og vilja fá skilyrði til mikilla hagsmuna án þess að hafa neitt fyrir því. Ágreiningurinn kom upp, þegar þeir höfðu á þann hátt, sem hv. 2. landsk. nefndi, náð sér í ötula talsmenn hér í þinginu. Hér hafa þeir dregið fyrir með botnvörpu og aflað dálítið.

Hæstv. atvmrh. komst svo að orði, að með þessari brtt. vildum við bola ýmsum færustu fiskiskipstjórunum burt af flotanum. Það fannst mér nokkuð frekt til orða tekið og ekki alls kostar samhljóða sannleikanum. Ekki eru tekin réttindi af neinum manni. Minnaprófsmenn halda réttinum til að fara með skip allt upp í 75 rúmlestir. Það, sem hann meinti, var, að vegna þess, að skipin verða stærri en tíðkazt hefur, geti þessir menn ekki próflaust stjórnað skipi við sömu veiðar og áður. Það er rétt, ef Íslendingar halda áfram að stækka skip, sem t. d. eru til línuveiða ætluð, bara til þess að hafa þau stór. Hitt er svo annað, hvaða vit sé í þeirri stefnu. Ég held, ef farið er til þeirra, sem eiga að bera fjárhagsábyrgð skipanna, að þeir álíti þau ættu að vera miklum mun minni, kostnaðar vegna verði ekki hægt að gera þau út svona stór, nema á síldveiðar. Vafasamt er að hækka réttindamarkið vegna þessarar stundartízku einnar saman.

Hæstv. ráðh. sagði um prófin, að þau virtust eiga að verða til málamynda. Ég hef talað við skólastjóra Stýrimannaskólans um þau, og áleit hann fjögurra mánaða námsskeið mundu duga flestum skipstjórum til að ná prófinu. En hitt er fjarstæða, að hann hugsi um það sem málamyndapróf. Kennslu verður ekki hagað eins og fyrir unglinga, heldur reynt á allan hátt að kenna við hæfi manna, sem komnir eru af venjulegum skólaaldri. Ráðh. sagði, að ríkisstj. mundi verða að veita heimildarlausar undanþágur frá l., ef brtt. yrði samþ. En til hvers væri að veita manni undanþágu, ef enginn fæst til að gera út skip undir hann né nokkur maður til að ráðast á skip hjá honum? Undanþágur í trássi við vilja sjómannastéttarinnar hafa lítið gildi. Veittar hafa verið undanþágur fyrir eina ferð, e. t. v. eina vertíð. Eðlilega hefur ríkisstj. gert þetta, veitt þessa undanþágu þvert ofan í l., til þess að forða atvinnuvegunum frá tjóni, eins og ráðh. gat um, að leggið gæti við. En hann hefur fengið þessi meðmæli einmitt til þess að tryggja það, að þeim manni, sem valdur væri, væri trúandi fyrir slíkri ábyrgð. Og jafnframt fengi hann meðmæli frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands til þess að geta haft einhvern bakhjarl, ef stj. væri kærð fyrir verknaðinn.

Mér skilst, að hæstv. ráðh. hafi í hyggju að veita mönnum réttindi ævarandi, sem þeir geta ekki fengið eftir l. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að það er skoðun manna, sem um þetta mál hafa fjallað, að það verði engin þörf fyrir undanþágur, hvorki lengri né skemmri tíma. Það er kunnugt, að fjöldi manna, sem hafa hið minna fiskimannapróf, bíður eftir því að fá að taka hið meira fiskimannapróf. Það eru ákaflega litlar líkur til þess, að það verði vöntun á mönnum með þessi próf, eftir að þessi l. hafa staðið í fimm ár. Þetta vil ég sérstaklega taka fram til þess að eyða þeim misskilningi, að hér sé verið að brjóta lög á mönnum eða bola þeim burt af fiskiflotanum. Annað, sem ég vildi benda á, er það, hversu mikill misskilningur það er, að þessi ákvæði, ef þau verða að l., neyði ríkisstj. út í aðra eins fjarstæðu og þá að veita mönnum réttindi, sem þeir geta ekki öðlazt að lögum.

Ég sé ekki hv. 2. landsk. hér, sem raunverulega var með allmikil mótmæli gegn þessari brtt. En ræða hans gekk að heita mátti öll í þá átt að halda því fram, að þekking og reynsla gætu ekki farið saman. Hann talaði sífellt um, að það væri verið að skipta á reynslu og bókþekking ætti að koma í staðinn. En þetta er alger misskilningur. Það er ætlazt til þess, að bæði þekking og reynsla séu fyrir hendi. Og eftir l. um siglingar er krafizt langs siglingatíma af mönnum, áður en þeir öðlast réttindi til að fara með skip. Hversu há próf í bóklegri þekkingu sem þeir hafa, geta þeir ekki á bóklegri þekkingu einungis fengið skipstjórnarréttindi. Þeir verða einnig að hafa reynslu.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir mig að segja neitt til andmæla því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði. Hann gerði svipaða grein fyrir þessu máli nú og þegar frv. var til umr. í fyrra skiptið, og andsvörin, sem þá komu fram, eru í sama gildi nú og þau voru þá. Hann fór hóflega í þetta mál. En ég vil að lokum vara þessa hv. d. alvarlega við því að minnka kröfurnar um þekkingu og reynslu við jafnábyrgðarmikið starf og það er að vera skipstjóri á fiskiskipi hér við land, eins og þeim siglingum er háttað. Ég vil enn fremur vekja athygli d. á því, að þessi undanþágа er aðeins bundin við siglingar innan lands. Ég skil ekki, að nokkur maður hafi gagn af því að stjórna skipi, ef hann má ekkert fara nema rétt í kringum landið, því að sé skipið stórt, er það sjálfsagt ætlað til utanlandssiglinga.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, áður en ég lýk máli mínu, að hann hagi málsmeðferð þannig, að sem flestir dm. geti verið viðstaddir, svo að áreiðanlegt sé, að ótvíræður vilji d. komi fram.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Þó að frsm. okkar fjórmenninganna hafi gert nokkra grein til þess að andmæla því, sem fram hefur komið gegn till. okkar, þykir mér rétt að segja nokkur orð til viðbótar því, sem ég sagði áður.

Hæstv. atvmrh. var sá maður, sem aðallega kom hér til andmæla, og kom mér það nokkuð á óvart. Er það sennilega af því, að ég hef ekki fylgzt með gangi málsins, þegar umr. hafa farið fram um það. En frá öllum hliðum séð hafði ég sízt búizt við því, að hann, sem hefur valdið og ábyrgðina í sínum höndum, gengi fyrst og fremst fram fyrir skjöldu um það að rífa niður það öryggi, sem felst í því, að menn, sem stjórna stórum skipum, hafi þekkingu og reynslu til að bera.

Sumu af því, sem hann sagði, hefur verið svarað af hv. 7. þm. Reykv. Ég vil taka það fram, að ég heyrði ekki allt, sem hann sagði, því að hann talaði lágt. Hann var með þá kenningu, að það væri ósanngjarnt gagnvart gömlum mönnum að heimta þá á skólabekkinn. Þetta er ekki meira

en það, sem hefur átt sér stað áður. Ég minnist þess, að menn, sem áttu von á því að fá stærri skip, eftir að þeir voru komnir á fullorðins aldur, hafa setzt á skólabekkinn, og raunin varð sú, að þeim gekk prýðilega. Þeir menn, sem hafa gert þetta, hafa ekki talið það eftir sér, vegna þeirrar réttindaaukningar, sem þeir hlutu við það. Það er upplýst hér af hv. 7. þm. Reykv., að það hafi ekki verið svo harðar kröfur í fræðsluefni, að líkur væru til þess, að þessir menn mundu falla við slíkt próf, enda sé þess að gæta, að með menn, sem lengi hafa haft á hendi skipstjórn, væri það eins og að læra upp kverið sitt, sem þeir hefðu ekki lesið, síðan þeir voru börn, en væri gott að lesa það yfir til þess að kunna það betur. Þessi kenning, að ekki eigi að setja þungar kvaðir á þessa menn, hefur ekki við rök að styðjast, og verður því frá mínum bæjardyrum séð algerlega að afskrifa hana. Því hefur verið svarað, að það væri verið að reka þessa menn úr sjómannastéttinni og frá sjósókn. Ég verð að segja það, að þessu er skotið fram sem vígorði. Það gefur auga leið, að menn, sem hafa réttindi á 75 rúml. bát og eiga bát, geta alltaf ráðið yfir honum áfram. En þeir geta, ef þeir vilja afla sér viðbótarfræðslu, fengið stærra skip.

Nú er það svo, að 75 rúmlesta skipin okkar eru skip, sem stunda alla veiði. Ef til vill eru þau stærstu of stór til þess að stunda þorskveiðar með lóð. Ég get tekið undir með hv. 7. þm. Reykv. um það, að meðal sjómanna eru mjög skiptar skoðanir um það, hvort þau skip eru of stór til lóðaveiða. Hins vegar hefur verið gerð tilraun með þessi skip til botnvörpuveiða, en ekki hefur enn fengizt full reynsla um það. En þessi skip eru ágæt síldveiðiskip, ef þau eru vel útbúin.

Til viðbótar því, sem ég sagði áður um skip, sem eru stærri en 75 rúmlestir, væri t. d. möguleiki að nota þau til veiða við Grænland, til að flytja fisk og ef til vill til selveiða, ef Íslendingar tækju að stunda selveiðar norður í Íshafi. Ef slíkt er tekið upp, er fullkomin ástæða til þess, að þeir menn, er það gera, hafi fullkomna þekkingu, ef vel á að fara. Þetta allt liggur fram undan sem hugsanlegur möguleiki, og ef þessum mönnum væru veitt þessi réttindi, gæti það hjá sumum lánazt, en sumum ekki, því að menn, sem undanþáguna fá, eru misjafnir eins og aðrir. Þegar talað er um, að menn, sem eiga að fá undanþáguna, hafi stýrt skipum frá 15—75 smálesta, þá er þar margs að gæta. T. d. á nú maður, sem stýrt hefur bát, sem er innan við 20 smálestir, að fá réttindi til að stýra skipi, sem er 120 smálestir. Ég hygg, að hver einasti maður sjái, að það er nokkuð ólíkt að stunda veiði á 120 smálesta skipi eða 20 smálesta bát, sem aðeins er gerður út frá heimahöfn. Nú á að veita þessum mönnum nákvæmlega sömu undanþáguréttindi, ekki aðeins mönnum, sem hafa stýrt 75 smálesta skipum, heldur einnig þeim mönnum, sem hafa aðeins stýrt 15 smálesta bát. Það er í þessu, sem ég tel öryggisleysi, vegna þess að undanþágan fer ekki alltaf eftir fyllstu verðleikum. Það er margt, sem getur komið þar til greina, eins og reynslan hefur sýnt.

Hæstv. ráðh. var að tala um formenn, sem hafa verið aflasælir á síldveiðum. Það er rétt, að sumir menn, þótt þeir hafi ekki há próf, eru góðir síldveiðimenn. Svo eru stundum ráðnir veiðiformenn, sem stýra ferðinni. En sem veiðiformenn eru oft valdir menn, sem hafa ekki skipstjórnarréttindi, en hafa reynzt lagnir við að veiða síldina. Þetta sannar það, að skipstjórnarréttindi og aflasæld fara ekki alltaf saman.

Hæstv. ráðh. sagði, að fáir mundu sækja um þessa undanþágu á næstu fimm árum. Hann getur bókstaflega ekkert um þetta sagt. En maður þekkir þó, að oft er það, að menn taka auðveldasta kostinn, sem fyrir hendi er, og það er auðvelt að losna við að fara á námsskeiðin og fá undanþáguna. Og það er líklegast, að flestir fari þá leið, að biðja um undanþágu, til að losna við að fara á námsskeiðin. Hæstv. ráðh. vildi meina, að þeir örðugleikar væru fyrir hendi, að menn gætu ekki sótt þessi námsskeið vegna húsnæðisvandræða. En ég þekki þess mörg dæmi, að mönnum hefur verið neitaður aðgangur að skólum, vegna þess að skólarnir hafa verið of litlir. Um þá menn, sem hér um ræðir, ætti slíkt ekki að þurfa að koma til greina. Það mun reynslan sýna, að það eru ekki þessir menn, sem þurfa að óttast húsnæðisvandræði. Þeir þekkja alltaf menn, sem mundu veita þeim húsaskjól, og nú er svo til ætlazt, að hinn nýi sjómannaskóli geti tekið við mönnum utan af landsbyggðinni í sín eigin húsakynni, hafi heimavist.

Þá kom hæstv. ráðh. með rök, sem ég tel rétt að ræða nánar en hv. 7. þm. Reykv. gerði. Þau voru, að allir minnaprófsmenn væru á því, að þessa undanþágu ætti að veita. Þetta er vægast sagt ekki sannleikur. Hv. þm. hafa fengið bréf frá þrem mönnum, undirritað með nafni félagsins Þróttar, sem er félag skipstjóra og stýrimanna. Nú er það svo, að þetta félag er innan heildarsambands Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það var fullt samkomulag milli þeirra manna, sem höfðu réttindi fyrir 75 smálesta skip og þaðan af meira, að ganga svo frá breyt. á l. í aðaldráttum eins og hér liggur fyrir. Minnaprófsmenn voru þeirrar skoðunar, að hér væri um sáttamiðlun að ræða, sem þeir gætu vel við unað. Nú vill svo til, að þáverandi formaður þessa félags skrifaði þm. svo og svo margt, sem hann hafði um það að segja, að veitt yrði undanþága upp í 150 smálestir. Nú vill svo til, að þessi maður var ekki endurkosinn formaður, og það traust, sem hann hafði, er algerlega horfið. Núverandi formaður og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, hafa lýst yfir því, að þeir séu andvígir því, að þessi till. verði lögfest. Svo að ég hygg, að það sé ekki á rökum reist hjá hæstv. ráðh., að þessir menn hafi í ráun og veru þá skoðun um þetta efni. Hins vegar er mér tjáð, að mikil hreyfing sé uppi um það, eins og hv. 7. þm. Reykv. drap á, að fá þessi námsskeið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil varpa einni spurningu til hæstv. ráðh. Hann segir, að ríkisstj. standi að þessum undanþágum. Ég vil spyrja hann að því, hvort það sé öll ríkisstj. eða nokkur hluti hennar. Ég vil fá að vita, hvað mikill hluti hennar stendur að þessari undanþágu. Enn fremur gengur sú saga hér í bænum, að manni, sem hefur réttindi upp til 75 smálesta, hafi verið veitt réttindi til þess að hafa stærra skip. Ef til vill getur þessi hæstv. ráðh. upplýst, hvaða ráðh. það hefur verið, sem hefur veitt þessi réttindi? Ég er enginn lögspekingur, en

ég vil taka það fram, að ef þessi undanþága hefur verið veitt, hefur hún verið veitt gegn andmælum formanns Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans. Og ég lít svo á, að enginn ráðh. hafi leyfi til að ganga lengra en gildandi l. ákveða, nema brýna nauðsyn beri til og alþjóðarheill sé í veði. Nú er því ekki til að dreifa. Það eru nógu margir menn til til þess að stjórna skipum, sem eru yfir 75 smálestir.

Þá kem ég að undanþágunni. Hæstv. ráðh. sagði, að allar ríkisstj. hafi veitt undanþágur. Það er rétt, að allar ríkisstj. hafa veitt einhverjar undanþágur, en ekki um skipstjóraréttindi nema í örfáum tilfellum og þá með meðmælum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og stéttarfélögum úti um land og ef enginn annar maður hefur verið fáanlegur til þess að taka við skipstjórninni. Það er kunnugt, að allar ríkisstj. hafa orðið að veita undanþágur til vélgæzlu að meira og minna leyti og þá með meðmælum frá viðkomandi stéttarfélögum.

Ég vildi segja þetta um undanþáguna út af fyrir sig, og mín skoðun er sú, að ástæðulaust sé að veita undanþágu frá gildandi l. um skipstjórn, því að við höfum svo mikið af efnilegum og þrautreyndum mönnum, sem eru tilbúnir að taka við skipstjórn, ef tækifæri býðst. Skipastóllinn er of lítill, en við eigum nóga menn til þess að taka við skipstjórn, þegar skipastóllinn vex, reynda og hæfa menn, sem hafa allan hug á að ná sér í skip til skipstjórnar, en hefur ekki enn boðizt tækifæri. Það sýnir bezt talan, sem Stýrimannaskólinn útskrifar árlega, hvað mikil viðkoman er, þrátt fyrir áföll, sem verða, er menn drukkna og hverfa frá á annan hátt.

Ég vil bæta því við, að innan sjómannastéttarinnar hef ég alltaf gengið fram fyrir skjöldu um það að heimta reynslu í starfinu. Það er ekki að mínu skapi að draga úr reynslunni og starfshæfninni. En það þarf að fara saman: reynsla, starfshæfni og teknisk þekking. Og hverjum einasta formanni er nauðsynlegt að kynna sér þessa breyttu tíma. Allt, sem miðar að því gagnstæða, er afturför. Ég vænti þess, að ekki eingöngu hv. þm., heldur einnig hæstv. ríkisstj. skilji, að það eru breyttir tímar í atvinnulífi voru, sem útheimta meiri þekkingu, meiri hæfileika og meiri reynslu, og úr því má ekki draga.

Umr. frestað.

Á 120., 121., 122. og 131. fundi í Nd., 2., 5., 6. og 17. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 132. fundi í Nd., 19. febr., var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 912, 1012, 1147).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1147. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að rifja mikið upp forsögu þessa máls. Það er búið að ræða það svo mikið, að ég held, að þess gerist ekki þörf. Ég vil aðeins skýra frá því, ef það kynni að vera fyrnt, að málið var upphaflega flutt af okkur, sem erum nú flm. að þessari brtt., sem nú er hér fram komin á þskj. 1147, að viðbættum varamanni, sem kom inn í n. í staðinn fyrir hv. 4. þm. Reykv. Þessi flutningur okkar kom upphaflega til af því, að brýn þörf var á að breyta til um rétt við siglingar, og það var komið samkomulag, eftir því sem við bezt vissum, milli þeirra manna, sem þar eiga réttinda að gæta, og í öðru lagi var það samþ. af skólastjóra Stýrimannaskólans, sem mest hefur um þessi mál að segja. Nú vissum við ekki, að um þetta gæti orðið ágreiningur, fyrr en nú síðla þings, að þessi ágreiningur rís upp milli þeirra manna, sem hafa hið meira og hið minna siglingapróf. Út af þessum ágreiningi komst inn breyt. í Ed. á þann hátt að veita undanþágu mönnum, sem náð hafa vissu aldurstakmarki, frá l. að öðru leyti. Þetta hefur okkur virzt vera nokkur afturför frá þeim kröfum, sem gerðar hafa verið um öryggi við siglingar, og þegar við erum að ljúka smíði sjómannaskólans, sem kostar nokkrar millj. króna, þá finnst manni það ekki vera vel samrýmanlegt, að á sama tíma séu mönnum veitt aukin réttindi og aukin ábyrgð án aukinnar þekkingar. En þetta mál er þannig, að nauðsynlegt er að fá þar samkomulag. Það er, eins og við vitum, að þegar um sérstök hagsmunamál og sérréttindamál er að ræða, þá eru þau sótt af nokkuð miklu kappi.

Við flm. frv. ætlum því að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að þetta mál megi ljúkast með samkomulagi, en þó gætt þess öryggis, sem krefjast verður við siglingar. Við höfum því, meiri hl. sjútvn. þessarar d., flutt brtt. í þá átt að fella niður þessa undanþágu, sem sett var inn í frv. í Ed. Vonum við, að ágreiningslítið muni verða um málið, ef í stað brtt., sem er á þskj. 1012 og er hin upphaflega brtt., yrði samþ. brtt. á þskj. 1147, sem nýlega var verið að útbýta í d. og nú hafa verið samþ. afbrigði fyrir. Hún er á þá leið, að réttindi hinna svokölluðu minnaprófsmanna, sem nú eru miðuð við 75 rúmlesta skip sem hámark, færist upp í 85 rúmlesta skip með svo nokkrum öðrum skilyrðum. Þetta er sérstaklega miðað við það, svo sem kunnugt er, að nú eru í smíðum allmargir bátar, sem eru sumpart ætlaðir mönnum, er hafa ekki réttindi til að stjórna stærri bátum en 75 rúmlesta. Þessir bátar eru stærri en því nemur eða 80 og jafnvel allt upp í 85 rúmlestir. Þetta eru sérstaklega hinir svokölluðu Svíþjóðarbátar. Með því að samþ. þessa brtt. á þskj. 1147 er komin brú fyrir þessa menn, og frá sjónarmiði skólastjóra Stýrimannaskólans og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mun till. einnig verða viðunanleg. Ég skal taka sérstaklega fram, að mál þetta hefur verið sent skólastjóra Stýrimannaskólans, sem mest hefur um þessi mál hugsað og hefur allra manna mesta ábyrgð á kunnáttu farmanna og fiskimanna. Hefur hann í bréfi, dags. 17. þ. m., svarað mjög greinilega. Ég ætla ekki að lesa það bréf hér, en þar leggst hann mjög alvarlega gegn því að veita þá undanþágu, sem komst inn í frv. í Ed., og telur, að það sé ósamrýmanlegt því öryggi, sem krefjast verði á sjó. Einnig er hann ósammála því, að slík undanþága verði veitt tímabundið, því að þá muni sömu menn krefjast með nokkrum rétti að fá framlengingu á sinni undanþágu. Hins vegar telur hann, án þess að um nokkra verulega hættu geti verið að ræða, að óhætt sé að ganga til móts við minnaprófsmenn, eins og hér er greint í brtt., þannig að réttur þeirra hækki um það, að þeir hafi rétt til að stýra 10 rúmlesta stærri skipum en lög mæla nú fyrir.

Ég geri ekki ráð fyrir, að um þetta þurfi að verða miklar deilur, af því að nú virðast allir fá nokkuð af því, sem þeir hafa krafizt, en málið er þannig vaxið, að það verður að leysast. Það mundi valda stórkostlegum vandræðum, ef málið yrði ekki leyst nú á þessu þingi, m. a. sökum þess, að það þurfa að koma í kjölfar þess breyt. á öðrum l., sem verða að fást með afbrigðum, helzt á einum eða tveim dögum, en það kemur ekki til þess, nema þessu máli verði strax lokið.

Einnig vil ég taka fram, að ef ekki verður gert út um þetta mál á þessu þingi, þá sést ekki annað en að annað tveggja verði að gera, beinlínis að brjóta l. og veita undanþágur, sem þá yrði kært yfir og kannske gerð alvarleg uppreisn á móti, eða þá að ýmis skip, sem eru yfir 75 rúmlestir að stærð, yrðu skipstjóralaus.

Ég vil því alvarlega fara fram á það við hv. þdm., að þeir ljái þessari miðlun fylgi til að afstýra vandræðum.

Forseti (JörB): Hæstv. atvmrh. hefur óskað, að málið yrði að þessu sinni ekki tekið til ákvörðunar, og ætla ég, að bezt fari á, að þessi umr. haldi ekki lengur áfram að þessu sinni, og er þá umr. frestað.

Umr. **frestað.**

Á 133. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 135. fundi í Nd., 22. febr., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það hefur verið mikið rætt um þetta mál. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í þær umr. En ég sé, að á þskj. 1147 er komin fram brtt. frá sömu hv. þm. og brtt. á þskj. 1012. Og ég sé, að þeir hafa nú fallizt á töluverðan hluta af þeim rökum, sem **fram hafa verið færð af minni hálfu og annarra** hv. þm., sem hafa mælt með því, að 3. málsgr. í bráðabirgðaákvæðinu í frv., eins og það er nú, yrði látin **standa.**

Út af fyrir sig hef ég aldrei gert það að skilyrði, hvernig þetta yrði nákvæmlega orðað. Þó mundi ég óska heldur og teldi það betra að hafa ákvæðið í því formi, sem það er í bráðabirgðaákvæðinu, heldur en samkvæmt brtt. á þskj. 1147, þó að sú brtt. sé ákaflega miklu betri en að ákvæðið sé alveg fellt niður, eins og sömu hv. þm. hafa áður lagt til.

Ég býst við, að brtt. á þskj. 1012 verði dregin til baka, a. m. k. mun hv. þm. verða gefinn kostur á því að kjósa það af þessum ákvæðum, sem þeim þykir betra, — þannig að hún yrði borin upp til atkv. fyrst, og þá, eftir að hún er felld, — ef hún verður felld, — megi þm. kjósa um það, hvort þeir vilji heldur ákvæðið eins og það er í frv. nú eða eins og það á að vera samkv. brtt. á þskj. 1147.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Mér hefur skilizt á hæstv. forseta, að hann mundi telja, að brtt. á þskj. 1012 gæti komið sem varatill. Ég treysti mér nú ekki til þess að deila neitt um það og vil skjóta því til hæstv. forseta. En að sjálfsögðu, — ef sú brtt. getur ekki komið sem varatill., — þá höfum við flm. fallizt á þessa miðlun, sem felst í brtt. á þskj. 1147. Og ég fyrir mitt leyti mun telja rétt, — ef hæstv. forseti telur ekki, að þessi aðferð geti staðizt, að brtt. á þskj. 1012 komi sem varatill., — þá mundi ég telja sjálfsagt að taka hana aftur.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. 7. þm. Reykv. verð ég að lýsa yfir, að ég sé mér ekki fært að taka þessa brtt. á þskj. 1012 sem varatill. nema undir þeim einu kringumstæðum, að samkomulag væri um það, ekki aðeins af hálfu flm., heldur og dm. yfirleitt, og að þeir geti fallizt á þessa málsmeðferð, — því að efni till. á þskj. 1012 er þannig, að hana á að bera upp fyrr. Og mér skilst á hæstv. ráðh., að hann vilji, ef till. á þskj. 1012 á að koma til atkv., að höfð verði sú tilhögun, sem efni till. gefur tilefni til.

Sigurður Kristjánsson: Ég tek þá brtt. á þskj. 1012 aftur.

ATKVGR.

Brtt. 1012 tekin aftur.

— 1147 samþ. með 14:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og **endursent Ed.**

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 1199).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1214).

---

107. Húsnæði í þarfir ríkisins.

Á 132. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess (þmfrv., A. 1158).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er flutt af fjhn. eftir beiðni hæstv. fjmrh., og þarf ekki af n. hálfu að fylgja því úr hlaði með mörgum orðum.

Það er alkunnugt, að stjórnarráðið er í ákaflega miklu hraki með húsnæði, svo að þar er ekki við hlítandi. Skrifstofur stjórnarráðsins eru dreifðar víða um bæ, og fylgir því vinnutap og óþarfa bögglaburður milli skrifstofanna og annað slíkt, sem veldur miklum óþægindum við störf. Auk þess er þetta dreifða húsnæði algerlega ófullnægjandi. Það kom fram m. a. fyrir nokkrum dögum í sambandi við umr. um annað mál, ríkisreikninginn, að endurskoðun á honum hafði beinlínis dregizt vegna þess, að svo miklir erfiðleikar voru um

húsakost, sem þurfti við þessa endurskoðun, sem nú er mikil og flókin, með þeim mannafla, sem þarf, til þess að ríkisreikningurinn geti verið til í tæka tíð. Úr þessu er hugsað að bæta með því, að ríkið reisi ákaflega mikla byggingu á þeim lóðum, sem það hefur eignazt við Lækjargötu. En á hinn bóginn eru bæði af skipulagsástæðum og ýmsum öðrum ástæðum engar líkur til, að sú bygging komi upp í skyndi eða svo fljótt sem nauðsynlegt er til að bæta úr húsnæðisvandræðum stjórnarráðsins, af því að hér er um svo mikla og veglega höll að ræða, að ekkert vit er í öðru en að taka mjög rúman tíma til að ákveða gerð hennar og reisa hana. Á hinn bóginn hagar mjög vel til um viðbót við Arnarhvol, þar sem margar skrifstofur stjórnarráðsins eru. Mætti sjálfsagt setja þar upp viðunandi byggingu til bráðabirgða, sem engin hætta er að reisa, vegna þess að hún stendur á svo hentugum stað og yrði svo hentugt hús, að engin hætta er á, að það yrði ekki alltaf í gildi til ýmiss konar starfsemi, hvort sem það væri ríkið sjálft eða aðrir, sem þyrftu að nota það.

Það er annað, sem hefur blandazt inn í þetta. Ein af virðulegustu stofnunum landsins, sem er nú að halda 25 ára afmæli sitt, er mjög illa sett með húsnæði og hefur verið frá upphafi, sem sé Hæstiréttur, og hefur verið hugsað til, að hann gæti fengið þarna viðunandi bráðabirgðahúsnæði. Hér gæti ekki verið um annað en mjög stóra byggingu að ræða, sem mundi kosta mikið, svo að stj. fer fram á heimild til lántöku í þessu skyni.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en mæli með, að hv. d. samþ. þetta mál. Það þarf sennilega að afgr. það nokkuð hratt, ef það á að fá fullnaðarafgr. á þessu þingi, þar sem nú munu ekki vera nema fáir dagar eftir af þingtímanum.

Eiríkur Einarsson: Það er fjarri mér að ætla að ræða þetta frv. og því síður, þar sem það er flutt af heilli og sterkbyggðri n. í þessari d. og ræðir um slíka nauðsyn, sem ég geri ráð fyrir, að sé fyrir hendi í samræmi við efni frv. En jafnframt því, sem ég mæli mjög ákveðið með þessari framkvæmd, sem frv. mælir um, þá vil ég ekki láta þess ógetið, að fyrir mér vakir það, um leið og ég játa húsnæðisþörf ríkisins og stofnana þess og aðkallandi nauðsyn, að það er ekki takmarkalaust fé fyrir hendi til að bæta úr húsnæðisþörf hins opinbera á ýmsum sviðum. Og þá er skylt, að menn geri sér grein fyrir, á hverju skuli byrja af því, sem nauðsynlegast er, ef fé er takmarkað. Og þó að ég álíti mikla nauðsyn á að byggja yfir Hæstarétt og aðrar merkar stofnanir eins og stjórnarráðið sjálft, þá er annað fyrir hendi, sem ég álít, að kalli enn þá meira að. Ég meina, að heilbrigðismálin í landinu, nauðsyn hinna þjáðu, eigi að setja í nr. 1, en aðrar nauðsynjar í nr. 2. Þetta þarf svo ekki frekari skýringa.

Hermann Jónasson: Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. verði samþ. Það er sjálfsagt til meiri hluti fyrir því hér á þinginu að taka þessa stefnu upp í byggingarmálum ríkisins. En ég vil taka það fram, um leið og þetta frv. verður afgreitt, að ég tel þetta ekki rétta stefnu. Það var kosin n. fyrir, ég held, tveim árum, til þess að undirbúa byggingar ríkisins við Lækjargötu. Það ætti að vera vorkunnarlaust fyrir þá n. að hafa lokið undirbúningi að þessu, svo að hægt væri að byrja að byggja við Lækjargötuna. Það er vitað mál, að þótt byggt verði við Arnarhvol, þá verður það ófullnægjandi húsnæði fyrir skrifstofur ríkisins. Eins og ég gat hér um daginn í umr. um annað mál, er ástandið þannig nú, að skrifstofur ríkisins eru hér og þar um bæinn, svo að það er ekki á færi annarra en gagnkunnugra manna að finna þær. Og nú er verið að taka húsnæði á leigu í tveim húsum við Tjarnargötuna fyrir skrifstofur ríkisins. Þær eru nú þegar við Fríkirkjuveg, uppi í Arnarhvoli, í gamla stjórnarráðshúsinu og í kumbaldanum, sem stendur á lóðinni við Lækjargötu og Amtmannsstíg, og sjálfsagt miklu víðar. Það, sem á að gera, er að byggja myndarlegt hús við Lækjargötu, þá mundi það borga sig og margborga sig. Auk þess væri það afar mikið hagkvæmisatriði að hafa allar skrifstofurnar á sama stað. Annars er það einkennilegt, að ekki skuli vera búið að ganga frá teikningum og öðrum undirbúningi, þar sem 2 ár eru liðin síðan n. var kosin til að hafa þessi mál með höndum. Þarna við Lækjargötuna á að byggja. Gamla stjórnarráðsbyggingin á að hverfa, það er ekki hægt að láta hana standa, þótt þetta sé gömul bygging. Það má byrja að byggja við hinn enda götunnar og nota gamla stjórnarráðshúsið á meðan. Menn verða að athuga það, að byggingin við Arnarhvol verður engin bráðabirgðabygging, hún mun kosta eins mikið og bygging við Lækjargötu. Þetta verður enginn kumbaldi, sem gengið verður frá á óvandaðri hátt en gert er yfirleitt. Ef svo á að innrétta bygginguna fyrir Hæstarétt, þá er það geysilegur tilkostnaður, þar sem húsnæðið verður fyrst innréttað sem skrifstofupláss. Það er því ekki eins og þetta húsnæði verði ónýtt, þar sem hæstiréttur á að fá það síðar meir, en þetta er bara mjög kostnaðarsöm tilhögun. Og þetta er því röng stefna í málinu. Þess má líka geta, að þessi bráðabirgðaráðstöfun verður sennilega til þess að draga á langinn, að byggt verði á lóðinni við Lækjargötu, en það hefur dregizt of lengi. Ég vil skjóta því til þeirra manna, sem standa að þessu máli, hvort ekki sé hægt að taka málið upp til athugunar við ríkisstjórnina með það fyrir augum, að byggt verði á lóðinni við Lækjargötu. Það er alvarlegur misskilningur, sem er allt of mikið ríkjandi í þessum bæ, að allar lóðir séu byggðar í miðbænum. Miðbærinn má heita óbyggður. Það eru nokkur hús hér við Austurvöll, sem munu standa til frambúðar, hitt eru hús, sem munu hverfa og eiga að hverfa sem fyrst. Ríkið á nú að byrja að byggja á lóðinni við Lækjargötu, fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem ég hef rakið hér á undan.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vildi aðeins, að þessi skoðun kæmi fram, þótt ég búist ekki við, að framgangi málsins verði afstýrt, því miður.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það mál, sem hér um ræðir, er náttúrlega eilíft álitamál. Ég vil geta þess, eins og hv. þm. Str. minntist á, að fyrir tveim árum var skipuð n. til að athuga þessi mál, og hafði ég þann heiður að vera form. hennar. Hún hélt nokkra fundi og lét gera áætlun um það húsnæði, sem stjórnarráðið hefur nú, og áætlun um, hvað það mundi þurfa. Það er langt síðan

þetta var gert, og er ég farinn að gleyma því. En n. hætti störfum, án þess að skila formlegu áliti. Hún var alltaf að bíða eftir að fá að vita, á hverju ætti að byrja og á hvaða lóð ætti að byggja. Þótt ríkið hafi tryggt sér lóðir frá Hverfisgötu og allt suður að Amtmannsstíg og hafi menntaskólalóðina og hús við Bókhlöðustíginn, þá er ekki enn búið að segja neitt um það, hvernig byggja skuli á þessum lóðum. Það er mikill ágreiningur um það, hvar húsin skuli standa. Sumir vilja, að gerð verði megingata í framhaldi af Kirkjustræti upp Amtmannsstíg og út í lóðirnar báðum megin upp á Hverfisgötu. Aðrir vilja láta þessar lóðir halda sér heilar suður fyrir Bókhlöðustíg og setja aðalgötuna nokkru innar en Bókhlöðustígur er nú. Það er svo mikill reginmunur á því, hvernig þessu er hagað til, að meðan ekki er búið að ákveða neitt um það, er ekki hægt að gera áætlun um önnur atriði. Ég veit ekki, hve fljótt þessi mál verða leyst. Eftir því sem gengið hefur með þessa skipulagningu, má búast við, að á því geti orðið talsverð bið. En þegar búið væri að komast að niðurstöðu um þetta, er eftir að gera teikningar. Þetta er mikið hús og ekki vit að leggja út í byggingu á svona húsi, nema fram hafi farið gagngerð rannsókn á því, hvernig húsið skuli vera, hverju á að koma fyrir í því, hvar það á að standa, og svo útlitið. Þetta hús á að setja svip á miðbæinn. Þar kemur til greina að efna til samkeppni bæði innanlands og erlendis. Það þekkist víða í löndum, sem hafa fleiri húsameistara en við. Og ef málið er undirbúið á mjög góðan hátt með samkeppni fleiri þjóða, þá má búast við, að mörg ár líði, þangað til þetta hús er komið upp. Og það er ómögulegt að byrja að byggja það, fyrr en búið er að komast niður á, hvar húsið á að standa. Það má vera öllum ljóst, að þetta er svo veigamikið mál, að ekki dugar að hrinda því af stað í flýti, — það verður að undirbúast vel.

Ég er hv. þm. Str. sammála um það, að ekki dugar að byggja bráðabirgðahúsnæði við Arnarhvol, sem hróflað er upp í því augnamiði að rífa aftur. Ég hef ekki heldur skilið orðið bráðabirgðahúsnæði þannig, heldur að um væri að ræða bráðabirgðahúsnæði fyrir stjórnarráðið, og það yrði ekki ónýtt, þótt stjórnarráðið hætti að vera þar. Og þótt þarna væri salur, sem ætlaður er sem dómssalur síðar, þá ætti hann ekki að þurfa að vera mjög frábrugðinn öðrum sölum að öðru leyti en að innréttingu til. Þar þurfa að vera áhorfendastúkur, sæti fyrir dómara og vitnastúkur og fleira þess háttar. En salurinn sjálfur ætti að geta verið nothæfur fyrir margt fleira.

Ég held því, að nauðsynlegt sé að samþ. þetta frv. Og ég er alveg á sama máli og hv. þm. Str., að þessi bygging á ekki að tefja fyrir því, að ný og fullkomin bygging verði reist. Enn þá er ekki vitað, hvað stríðið muni standa lengi, menn vona, að því ljúki innan mjög langs tíma. En það er mjög óheppilegt, eins og ástandið er nú í heiminum, að byrja á þessari stórbyggingu nú. Byggingarvörur eru yfirleitt verri og lélegri að öllu leyti nú. Og menn spá því, að upp úr stríðinu muni koma ákaflega merkilegar nýjungar einmitt í byggingartækni, sem sjálfsagt væri að taka til notkunar í slíkri ríkisborg sem þarna á að rísa af grunni. Það á fyrst og fremst að gæta þess að vanda til þessarar byggingar af fremsta megni.

Eiríkur Einarsson: Til áréttingar því, sem ég sagði hér áðan, vil ég segja nokkur orð og geta þess, að ég ber hér fram litla brtt., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr. og hljóði svo: Framkvæmdir samkvæmt 1. þessum skulu þá fyrst gerðar, er nauðsynlegar umbætur og aðgerðir í þágu heilbrigðismála þjóðarinnar eru af hendi inntar, að áliti og umsögn heilbrigðismálastjórnarinnar."

Þetta er mér hreint alvörumál. Ég játa, að það, sem farið er fram á í frv., er mikil nauðsyn. Hæstarétt vantar húsrúm, og stjórnarráðsbyggingu vantar. En þrátt fyrir þetta er önnur nauðsyn enn ótvíræðari fyrir hendi. Þess vegna segi ég það, og ég meina það, að meðan fjárhagsgeta þjóðarinnar og umráðasvið er ekki takmarkalaust, eigi sú nauðsynin að ganga á undan. Það var verið að tala um, að á sumum ríkisspítölunum væru ekki nægilegar vindur og lyftur, til þess að hægt væri að framkvæma nauðsynleg verk, sem þarf að inna af hendi á slíkum stöðum. Það er sagt, að ekki sé fé til, til þess að koma þessu í lag. Ég vil ekki staðhæfa, að það muni vera rétt. Það þekkja allir umræðurnar, sem farið hafa fram hér á Alþ. um geðveiklingana og Klepp. Það er öruggara hljóðið í mörgum þm., þegar verið er að tala um byggingu stjórnarráðshúss og yfir Hæstarétt, eins og þarf að gera. Þetta hvort tveggja er nauðsyn, en ég flokka nauðsynjarnar. Lífsnauðsynin á alltaf að ganga á undan hinni nauðsyninni. Þetta er mergurinn málsins fyrir mér. Ef ríkið hefur ótakmarkað fé til að verja til þessara hluta, þá væri afar elskulegt að horfa á framkvæmd hvors tveggja. En ef framkvæmdagetan er einhverjum skorðum bundin, þá verður að athuga, hvern veginn á að ganga á teiginn í þessu efni. Það er skoðun mín, að í menningarríki eigi þörf hinna þjáðu í landinu að ganga á undan hinni fínu fordild. Það var þetta, sem ég vildi undirstrika sem mína meiningu. Ég hef hér engin gögn önnur en sannfæringuna og brtt., sem miðar í slíka átt. Ég vona, að hv. d. láti hana standa eða falla eftir því, sem hún er skapi farin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1174) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Mér finnst hv. 2. þm. Árn. hefði heldur átt sem stuðningsmaður ríkisstj. að bera fram velviljaða dagskrá og vísa málinu frá en að bera fram þessa brtt. En það munu samt áreiðanlega líða áratugir frá því, að sú till. væri samþ., og þangað til landlæknir og heilbrigðisyfirvöldin í landinu væru ánægð með það, sem búið væri að byggja í þeim efnum. Annars er það óþarfi fyrir 2. þm. Árn. að vera óánægður í þessu efni. Alþ. og ríkisstjórn eru ákaflega örlát með greiðslur til þessara mála, sem betur fer. T. d. var samþ. um daginn, að yfir 4 sjúklingum skyldi vera yfirlæknir, sem ætti að fá sömu laun og yfirlæknirinn á Vífilsstöðum, sem hefur um 200 sjúklinga. En reyndar er það mjög vafasamt, að það geti staðizt málfræðilega að hafa yfirlækni, þar sem enginn undirlæknir er. En ég hygg menn verði að viðurkenna, að það er ekkert lítið, sem nú er verið að gera í þessum málum. Það er verið að undirbúa stóra viðbótarbyggingu við Landsspítalann og búið að

byggja við Vífilsstaðahælið. Ríkisstjórnin er að undirbúa viðbótarbyggingu við Klepp og stóran spítala á Akureyri og spítala við Lagarfljótsbrú, sem er afar nauðsynlegur fyrir héraðið. Það má telja það ofrausn að bæta því við, sem brtt. gerir ráð fyrir.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um það, hvort byggja ætti bráðabirgðabyggingu við Arnarhvol og rífa hana svo eftir tiltölulega stuttan tíma. Hv. þm. lagði sem vonlegt var ekki trúnað á þetta. Þetta hefur bara heyrzt. Nú er það líklegt, að ríkisstjórnin geti byggt á lóð við Lindargötu dálítið stærra hús heldur en Arnarhvoll er. Með þeim ríkisrekstri, sem nú er, mun ekki veita af því. En þetta er mál ríkisstjórnarinnar. Mér finnst ósennilegt, að fjmrh. hefði borið þetta mál fram í þinglokin, ef ekki er sár nauðsyn fyrir hendi í þeim efnum. En af því að hann hefur tekið upp í frv. heimild úr till., sem ég bar fram hér um húsnæði fyrir Hæstarétt, þá ætla ég að fara um það nokkrum orðum.

Reykjavíkurbær á ekkert ráðhús eða skrifstofubyggingu. Reykjavíkurbær hefur í undirbúningi ráðhúsbyggingu eins og ríkið stjórnarráðshússbyggingu. Ýmsar ástæður liggja til þess, að ekki hefur orðið úr þessum framkvæmdum enn. En nú er á stað komin alvarleg hreyfing að byggja skrifstofubyggingu hliðstæða Arnarhvoli, byggingu, sem bærinn getur notað fyrir starfsfólk sitt, þar til ráðhúsið kæmist upp, sem á að vera fullkomnari og meiri bygging heldur en venjuleg skrifstofubygging. Ríkið hefur verið að undirbúa byggingu stjórnarráðshúss, kannske byggingu yfir Hæstarétt og e. t. v. yfir Alþ. Þetta er í undirbúningi bæði hjá ríki og bæ. En af framkvæmdum getur ekki orðið, fyrr en búið er að ákveða skipulag miðbæjarins. Þótt ríkið hafi nóga peninga til þess að byggja sérstaka dómhöll, þá getur það ekki byggt hana á lóðinni við Lækjargötu, fyrr en samkomulag hefur náðst um það milli bæjarins og Skipulagsnefndar ríkisins. Á meðan er ekki hægt að byggja á þessum lóðum, og þar að auki þarf til þess margra ára undirbúning, sem ekki er hægt að ljúka nú á þennan hátt. Þess vegna er það á sama hátt, að Reykjavíkurbær frestar ráðhúsbyggingu sinni og gerir jafnvel ráð fyrir að byggja venjulega skrifstofubyggingu, þangað til ráðhúsi yrði komið upp. Þannig er auðséð, að hæstv. ríkisstj. ályktar eins og þegar Arnarhvoll var byggður, því að ríkið þarf að hafa sæmileg húsakynni fyrir skrifstofur sínar, ef þess er nokkur kostur. Í því skyni var Arnarhvoll byggður, og á sömu forsendum leggur hæstv. ríkisstj. til, að þetta hús sé stækkað.

Ég kem þá að því atriði, sem talsvert hefur orðið tíðrætt um, sem sé það, að Hæstiréttur getur ekki lengur haft aðsetur í þeirri kytru, sem hann hefur búið við fram að þessu, og vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum. — Það hefur komið ýtarlega fram í þessum afmælishugleiðingum Hæstaréttar og ekki sízt í ræðu forsetans við það tækifæri, að þegar Hæstiréttur var stofnaður, var það í hugum manna hliðstætt stofnun Alþ., — einn af þrem þáttum í sjálfstæði landsins. Eftir sáttmálann frá 1918 var mikill hugur í mönnum, og þeir vildu koma upp Hæstarétti. Fengu þeir honum aðsetur í hegningarhúsinu, en ætluðust til, að það yrði aðeins til bráðabirgða, — aðeins í tvö til þrjú ár, þangað til byggt yrði yfir hann. En svo hefur aldrei verið byggt. — Það var fallega sagt, er forseti sagði nú á 25 ára afmæli Hæstaréttar: „Það var mikil náð fyrir okkur, að Danir skyldu byggja hér tvö hús fyrir okkur. Í öðru er landsstjórnin og hinu Hæstiréttur, en það vill svo til, að landsstjórnin býr ein í sínu húsi, — en við í tvíbýli," bætti forseti við á dálítið skemmtilegan hátt. Hæstiréttur býr þarna í tvíbýli við fanga landsins, þótt það geti verið beztu menn. (**BBen:** Eru það beztu menn?) Ekki að öllu leyti, en þeir geta verið það, þótt þeim hafi orðið á eitthvert brot við l., en þetta tvíbýli er þannig, að það er alveg óhugsandi, þótt hv. 2. þm. Árn. sé á annarri skoðun, en hann mundi ekki tala eins og hann gerði, ef hann væri kunnugri málavöxtum, því að þetta tvíbýli við fanga landsins hefur verið þannig, að inngangur hefur verið sameiginlegur og er enn. — Við vitum, að það liðu ekki nema örfá ár eftir 1874, þangað til Alþ. tók ákvörðun um að reisa þessa stóru höll, sem við erum nú í. Af hverju gerðu þm. þetta þá? Þar var heilbrigður metnaður þjóðarinnar að verki, er vildi, að Alþ. væri sýnilegt tákn um stórhug hennar. Og það, að ég hef borið fram þessa till., er margir aðrir hafa borið fram bæði í ræðu og riti, um að Hæstiréttur flytji úr hegningarhúsinu í byggingu, sem honum væri samboðin, er ekki svipaður stórhugur eins og kom fram hjá þm. 1874, heldur aðeins hversdagslegt úrræði til þess að reyna að láta fara sæmilega um þessa virðulegu stofnun. En ég býst við því, að ef úr því verður, að Hæstiréttur fari í þessa skrifstofubyggingu, þá verði það nægilegt húsnæði, en ekki eins veglegt og Alþ. hefur, því að Hæstiréttur ætti að hafa á sér hátíðarsvip, og það er það, sem hæstaréttardómendur ætlast til, að verði um síðir. — Ég býst varla við því, að hv. 2. þm. Árn. viti um það bréf, sem dómendur Hæstaréttar sendu fjhn. út af þeirri till., sem hér hefur komið fram, um það, að réttinum verði séð fyrir húsnæði í skrifstofubyggingunni við Lindargötu. Í því segja þeir, að þeir telji rétt og sjálfsagt, að ríkið byggi mjög myndarlegt hús yfir Hæstarétt, sem yrði sennilega bæði fyrir Hæstarétt, miðrétt og undirrétt, en ef þetta yrði ekki hægt, óska þeir eftir að fá aðstöðu til þess að fá aðsetur í þessari skrifstofubyggingu við Lindargötu, en því aðeins, að þeir verði hafðir með í ráðum, hvernig því yrði fyrir komið. En síðan láta þeir í ljós, að þeir séu á móti öllum umbótum á hegningarhúsinu í sambandi við sig, og hygg ég, að það sé þannig lagað, að hæstaréttardómendum finnist svo niðurlægjandi það, sem þeir hafa átt við að búa. Hygg ég, að þeir hafi bannað allar smábreytingar á hegningarhúsinu, og hef ég heyrt, að þeim hafi verið boðið, að eitthvað yrði flutt úr húsinu, til þess að rýma fyrir þeim, — ekki fanga, heldur einhverja aðra grein, en þeir hafi neitað því. Hygg ég, að þeir ætli sér að vera þarna, þangað til föðurlandið geti látið þeim í té húsnæði með viðunandi starfsskilyrðum, og af því að hv. 2. þm. Árn. kom, að mér fannst, að tilefnislausu inn á heilbrigðismálin, þá vil ég segja honum það, að mér finnst fullkomin ástæða til að ætla, að það sé stórt heilbrigðismál að flytja hæstaréttardómendur og málflutningsmenn úr þessu húsi, sem þeir starfa nú í, og vona ég, að hv. 2. þm. Árn. snúist með þessu frv. út frá sínum heilsufræðislegu hugsunum.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég verð að segja það, að ég veit varla, hvort sumum hv. þm. er ljóst, hvað hér er á ferðinni, og á ég þar við hv. þm. Str. og hv. 2. þm. Árn. Það lítur helzt út fyrir, að þeim finnist, að ríkisstj. sé að slá um sig og ætli að fara að koma upp stórkostlegum skrifstofubyggingum til þess að berast á. En það er öðru nær en svo sé, því að sannleikurinn er sá, að það húsnæði, sem stjórnarskrifstofurnar ráða yfir, er svo ófullnægjandi, að ekki er við unandi. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt um, eru stjórnarskrifstofurnar dreifðar út um allan bæ. Fyrst og fremst eru tvær stjórnarbyggingar í bænum: stjórnarráðið og Arnarhvoll, Viðskiptaráðið uppi á Skólavörðustíg, stjórnardeildir við Fríkirkjuveg og vestur í Garðastræti, stofnanir í Tjarnargötu og við Amtmannsstíg, Tóbakseinkasalan og Áfengisverzlunin sitt á hvorum stað, og svo má lengi telja. Geta allir séð, hve hentugra fyrirkomulag það væri að hafa samstarf milli stjórnarskrifstofanna, því að þar þarf oft að vera náið samband á milli. Það versta er þó, að sumar af skrifstofunum hafa svo ófullkomið húsnæði og slæm vinnuskilyrði, að ekki er unnt fyrir þá menn, sem vinna á skrifstofunum, að inna af hendi þau störf, sem þeim eru ætluð. Á skrifstofu vegamálastjóra er ástandið þannig, að 4 eða 5 menn vinna saman í einu litlu herbergi. Þetta er ósköp svipað eins og á meðan dómsmrn. hafði minna húsnæði: Þá höfðu fulltrúarnir þar ekkert annað skrifborð en gluggakistuna, og ef maður þurfti að hafa tal af skrifstofustjóra, var ekki annað fyrir mann að gera en að lesa af penna þeirra, sem voru að reyna að vinna eitthvað þar inni. En eins og mönnum er kunnugt um, er þetta ríkisstórbákn stöðugt að færast út ár frá ári. Ekki er langt síðan lögmannsembættinu var skipt í tvennt, í embætti borgardómara og borgarfógeta, og afleiðingin varð sú, að hvor skrifstofa þurfti að fá aukið húsnæði. Hér er einnig nýstofnað Nýbyggingarráð, sem eru ætluð mikil og margvísleg störf, og er óhjákvæmilegt að ætla því allmikið húsnæði. Hefur orðið að neyðast til að taka á leigu mjög dýrt húsnæði til þess að koma því einhvers staðar inn. Það er því ekkert annað en brýn nauðsyn, sem knýr ríkisstj. til þess að bera fram þetta frv., sem heimilar henni að koma upp skrifstofubyggingu áfastri við Arnarhvol. — Hv. þm. Str. sagði, að þetta væri ekki rétta leiðin. Það, sem gera ætti, væri að koma upp stórbyggingu, sem hann ætlast til, að byggð yrði milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Hv. 1. þm. Reykv. mun nú þegar hafa svarað þessu og skýrt frá, hvernig þar horfði við, og hlýtur það að liggja í augum uppi, að undirbúningur þess skipulags og byggingin sjálf mundi taka svo langan tíma, að ekki væri unnt að bíða eftir því. Því er ekki að neita, að það eru mikil vandkvæði á því að þurfa að ráðast í stórbyggingar í þeirri dýrtíð, sem nú ríkir, en þegar svo er komið, að ríkið verður að taka á leigu mjög dýrt húsnæði í nýbyggðum húsum til þess að geta komið stofnunum sínum einhvers staðar niður, þá er ekki betra að sjá í það við ríkið, að það komi sjálft upp byggingu fyrir skrifstofur sínar, þrátt fyrir háan byggingarkostnað.

Það má að sjálfsögðu deila um það, hvort hægt væri að láta Hæstarétt vera í nokkur ár enn í því húsnæði, sem hann hefur haft um aldarfjórðungs skeið. Það má segja, að húsnæðið sé ekki verra en það hefur verið. Hitt er játað af öllum, sem nokkuð hafa um þetta mál hugsað, að það er hrein vanvirða fyrir þjóðina að hafa Hæstarétt í þessu húsnæði. Mér sýnist þess vegna, ef unnt er að koma því þannig fyrir, að Hæstiréttur fái bráðabirgðahúsnæði í þessari fyrirhuguðu skrifstofubyggingu, þá sé ekkert út á það að setja, þótt heimilt sé að gera það. Ég vildi fyrir mitt leyti ekki fórna miklum fjármunum til þess og vil, að byggingunni yrði hagað þannig, ef um bráðabirgðahúsnæði yrði þar að ræða fyrir Hæstarétt, að hún gæti komið að fullum notum án stórkostlegra breytinga, þótt Hæstiréttur flytti þaðan aftur. Hitt er alveg víst, að þótt byggð yrði allstór bygging við Arnarhvol, þá verða full not fyrir hana, jafnvel þótt síðar yrði reist stórhýsi á lóð ríkisins milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Ég geri ráð fyrir því, að stjórnardeildirnar allar verði fluttar í það hús við Lindargötu, og sennilega yrði því hagað svo, að Hæstarétti yrði fengið húsnæði í þessari byggingu, en fyrir utan stjórnardeildirnar eru margar stofnanir, sem ríkið þarf að sjá fyrir húsnæði, sem ekki mun verða rúm fyrir í þessari byggingu. Ég get því ekki séð, að það sé neinn skaði skeður, þótt byggt verði við Arnarhvol, því að það verða áreiðanlega not fyrir þá viðbyggingu. Ef menn hugsa um það mikla húsnæði, sem ríkið hefur skrifstofur sínar í úti um allan bæ og hversu ófullnægjandi margar þeirra eru, munu menn komast að raun um það, að það munu verða not fyrir allmikið húsnæði til viðbótar, þótt reist verði stjórnarbygging á lóð ríkisins milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.

Um brtt. hv. 2. þm. Árn. er það að segja, að það er sama sem að vísa þessu máli frá, ef brtt. hans verður samþ., því að það má lengi um það deila, hvenær byggingu sjúkraskýla og heilbrigðismálunum er komið í það horf, sem menn eru ánægðir með, og vitanlega dregst það í fjöldamörg ár. — Mér sýnist, að það verði að líta á þetta mál frá tveim sjónarmiðum. Fyrst og fremst frá því sjónarmiði, að ríkið verður að láta þeim stofnunum, sem því tilheyra, í té viðunandi húsnæði, og hins vegar frá því sjónarmiði, hvort hagkvæmara og ódýrara verður fyrir ríkið að koma sér sjálft upp skrifstofubyggingu eða að leigja húsnæði fyrir stofnanir sínar úti um bæinn, fyrir þá húsaleigu, sem óhjákvæmilega er borguð nú. Ef menn vilja athuga þetta, geri ég ráð fyrir, að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir háan byggingarkostnað verði hagkvæmara að ráðast í byggingu, sem ríkið sjálft eignast, heldur en að halda áfram að leigja víðs vegar úti um bæ, ekki hvað sízt, þegar athugað er, hve vinna þeirra manna, sem starfa hjá ríkinu, notast miklu betur, ef skrifstofurnar eru í sömu byggingu og geta þannig haft náið samband sín á milli.

Eiríkur Einarsson: Ég tók eftir því í hinni glöggu og hógværu ræðu hæstv. fjmrh., að honum virtist, að hv. þm. Str. og ég værum á þeirri skoðun, að hæstv. ríkisstj. væri að slá um sig með því, sem þetta frv. fer fram á. Ég skoða, að því sé öðruvísi farið, því að aðalinnihaldið í ræðu hv. þm. Str. var einmitt það, — ef ég tók rétt eftir —, að hann taldi álitamál, hvernig ætti að haga þessum framkvæmdum og hvar ætti að byggja, svo að

ég álít, að hann sé alls ekki frekar á móti því að byggja yfir Hæstarétt og ríkisskrifstofurnar heldur en hæstv. ríkisstj. sjálf og aðrir slíkir. Það er aðeins um að ræða, hvernig eigi að haga byggingunni. — Ég játa hins vegar á mig það brot, að ég gerði það að álitamáli, hvort við ættum að byrja á þessum framkvæmdum eða öðrum, sem að minni skoðun eru enn nauðsynlegri, og það er einmitt það, sem ber á milli mín og þeirra, sem eru með þessu frv. — Ég held, að þeir, sem hér hafa tekið til máls, sbr. hv. þm. Str. og hv. þm. S.-Þ., sem ekki eru taldir sérlega jákvæðir stjórnarfylgifiskar, hafi báðir verið á sama máli um það, að það sé höfuðnauðsyn, að byggt yrði yfir ríkisstj. og Hæstarétt, þótt þá greindi á um, hvar eigi að byggja, og lítur frekar út fyrir, að ég sé einn á báti með mína skoðun. Ég tel hins vegar, að hér sé höfuðnauðsynin í sambandi við framkvæmdir heilbrigðismálanna og þau eigi að ganga fyrir öllum öðrum framkvæmdum. — Hæstv. fjmrh. sagði, að hér í Reykjavík væri svo þröngt á sumum skrifstofunum, að t. d. hjá vegamálastjóra yrðu 4 eða 5 menn að vinna saman á mjög þröngri skrifstofu. Þetta er alveg rétt, og úr þessu þarf að bæta. En ég verð að segja það, að þegar komið er með 4 eða 5 menn úti í strjálbýlinu, sem þurfa að leita til héraðslæknis síns, en fá hvergi inni, þá sé þar ekki síður þörf til úrbóta. Svona er heilbrigðismálunum hér á Íslandi komið — og ekki lengra.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ef till. mín yrði samþ., væri það hið sama og að vísa málinu frá. Ég get ekki verið hæstv. fjmrh. sammála um þetta atriði. Ég álít, að því minna, sem vantar upp á það, að því sé fullnægt, að heilbrigðismál þjóðarinnar komist í sæmilegt horf, því skemur þarf fullnæging þessa frv. að bíða.

Hv. þm. S.-Þ. talaði af mikilli tilfinningu um það húsnæði, sem Hæstiréttur hefur haft aðsetur sitt í, og taldi það heyra undir heilbrigðismálin, að honum yrði fenginn viðunanlegri samastaður. Er þetta allt rétt og ekkert við það að athuga. Einnig fór hann orðum um þetta tvíbýli, sem óneitanlega lítur nokkuð spaugilega út, þar sem Hæstiréttur er annars vegar, en fangar landsins hins vegar, og finnst honum, að við eigum að sjá þessari virðulegu stofnun fyrir samboðnum verustað nú, þegar Ísland er orðið fullvalda ríki, sem er komið svo hátt. En frumbyggjarnir byrja á að ryðja veginn og hinum „primitívu“ undirstöðuatriðum; eins er það vissulega höfuðatriðið hér, að ríkisstj. vor sé skipuð ágætum ráðherrum og Hæstiréttur skipaður réttlátum mönnum, — síðan koma húsakynnin næst í röðinni.

Mér er alveg ljós sú nauðsyn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og fellst á þau rök, sem komið hafa fram í því sambandi, en tel hins vegar, að meiri nauðsyn sé til að drepa fæti gegn drepsóttum og öllu slíku, og einmitt af þeim ástæðum ber ég fram þessa brtt. mína.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Hæstv. ráðh. hefur nú raunar sagt margt af því, sem ég álít, að skipti hér mestu máli. Það er áreiðanlegt, að ríkið skortir mjög skrifstofubyggingar, hvað sem öðrum byggingum líður, og það er sennilegt, að það muni borga sig að byggja yfir ríkisstofnanirnar við Arnarhól nú, þótt dýrir tímar séu. Og það er alveg rangt, að með því væri tekinn spónn úr aski hinna sjúku, því að það mundi í mörgum tilfellum verða til lítils sparnaðar fyrir ríkið að reisa þessar byggingar fyrst á öðrum stað. Það er einnig vafasamt, að hér vanti sérstaklega sjúkrahús, sé miðað við annað. Ég hygg, að samkvæmt skýrslum landlæknis séu fleiri sjúkrahús hér á landi en í flestum öðrum löndum í heimi í hlutfalli við fólksfjölda. Aftur á móti vantar hér flestar þær byggingar, sem nú er talið, að þurfi til að halda uppi ríkisskipulagi. Og þótt vont sé að segja um, hvað skal meta mest í þessum efnum, þá er a. m. k. ekki óeðlilegt, að menn reyni fyrst að ná til jafns við aðrar þjóðir um hið allra nauðsynlegasta til að halda uppi ríkisskipulagi, en til þess skortir nú mjög opinberar byggingar, áður en við förum langt fram úr öðrum þjóðum í öðrum efnum.

Nú er ég ekki að gera lítið úr heilbrigðismálum og þörf góðrar skipunar í þeim efnum, en menn verða að gera sér ljóst, að það er fleira en eitt nauðsynlegt.

En það, sem einkum kom mér til að standa upp, voru ummæli, sem hv. þm. S.-Þ. lét falla.

Hann kvað fyrst hafa verið í ráði að byggja ráðhús í Reykjavík, það hefði verið lengi í undirbúningi, en loks hefði verið horfið að því að reisa skrifstofubyggingu. Þetta er rétt.

En þær athuganir, sem fram hafa farið, hafa sýnt, að venjuleg skrifstofubygging er það dýr, að það getur legið nær að ráðast í fullkomna byggingu, ef byggt er á annað borð á þessum tímum. Þetta er þó ekki nægilegt til, að ég verði á móti þessu frv., þar sem telja má víst, að alltaf verði þörf fyrir þetta pláss. Nú er stjórnarráðið húsnæðislaust. Stjórnarráðshúsið er upphaflega reist sem hegningarhús og er alls ósæmilegt húsnæði fyrir æðstu stjórn landsins. Hitt er ég í meiri vafa um, hvort rétt sé að flytja Hæstarétt í bráðabirgðahúsnæði, úr því sem komið er.

Ég hreyfði því eitt sinn, að Hæstarétti yrði fengið húsnæði í Háskólanum, en nú er það orðið of seint. Ég held, að bezta lausnin á því máli sé að reisa Hæstarétti nýtt hús, og þrátt fyrir allt tal um dýrtíð, þá hef ég ekki trú á, að við höfum í annan tíma betri tök á að reisa okkur dómshús.

Ég mundi því hallast að því, að Hæstiréttur noti þetta húsnæði næstu 2—3 ár. Það er ekki verra en það, sem Hæstiréttur hefur orðið að búa við í fjórðung aldar, eða það, sem æðsta stjórn landsins verður nú við að búa. Þörfin er fyrir hendi um betra húsnæði, bæði hjá stjórnarráði og Hæstarétti, og það er ekki rétt, að verr fari um Hæstarétt en ráðherrana. En mér virðist það þó eðlilegra, að þegar Hæstiréttur skiptir um húsnæði, þá fái hann ný og varanleg húsakynni. Ég hef svo ekki meiru við þetta að bæta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 9:3 atkv.

Á 133. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1158, 1174, 1175).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 1175. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Þetta frv. er ekki nema að forminu til flutt af fjhn. d. Það er í raun og veru stjórnarfrv. Eins og stendur í grg. frv. áskilja einstakir nm. sér að hafa óbundnar hendur um einstakar brtt., sem fram kynnu að koma við frv. og málið í heild. Það er því ekki nema eðlilegt framhald af þessu, að ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., og ég segi ekkert um það á augnablikinu, hvort ég muni endanlega fylgja þessu frv. eða ekki. Það fer sjálfsagt að einhverju leyti eftir því, hvernig fer um þá brtt., sem ég hef flutt.

Þetta frv. hefur inni að halda tvenns konar heimild til ríkisstj. Í 1. gr. er henni heimilað að byggja hér í Reykjavík fyrir skrifstofur ríkisins og stofnanir þess. Í 2. gr. er henni heimilað að taka lán til þessara framkvæmda. Ríkisstjórnir hafa nú áður fengið heimildir til að byggja hús hér í Reykjavík, og stundum hefur sú heimild verið notuð og stundum ekki. Það er því engin trygging fyrir því, að úr framkvæmdum verði, þótt slík heimild sé gefin með l. M. a. var með l. nr. 9 13. febr. 1943 heimilað, að byggt yrði eða keypt hús, þar sem þeir þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur, gætu dvalizt, meðan þeir sætu á þingi. Það má sjá á þessu frv., að það var eindregin ætlan Alþ., að þetta hús yrði byggt, þótt lagaákvæðið væri orðað sem heimild til ríkisstj. Það stendur í l., að meðan þetta hús væri ekki byggt eða keypt, þá væri ríkisstj. heimilað til bráðabirgða að leigja húsnæði handa þessum þm. Á þessu er það augljóst, að það var tilgangur Alþ. með þessari lagasetningu, að slíkt hús yrði byggt ellegar keypt eða þá í þriðja lagi, að einhver húseign ríkisins yrði tekin til þessara nota. En það er ekki einasta það, að fyrir liggi ein ályktun um þetta efni. Alþ. hefur ekki gefið viljayfirlýsingu einu sinni um það, að slíkur þingmannabústaður yrði byggður, heldur hefur það tvisvar sinnum gert það. Í fjárl. fyrir 1944 var sérstök heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. Að vísu var þessi heimild á 22. gr. fjárl. ekki bein fjárveiting, en samt verður að líta á það sem viljayfirlýsingu Alþ. um þetta efni.

Nú fannst mér rétt að hreyfa þessu máli í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir og er um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess. Það er ekki hægt að neita því, að slíkur þm.bústaður er í þágu stofnana ríkisins. Það er óþarfi að bera fram brtt. við 1. gr. frv. um að heimila ríkisstjórninni að byggja þetta hús, því að eins og ég hef getið um, er þessi heimild til. En hitt fannst mér rétt að bæta við 2. gr. frv. heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka einnig lán til þess að koma þessu húsnæði upp, nefnilega þingmannabústaðnum. Og brtt. á þskj. 1175 er um það.

Ég hef tvisvar sinnum áður gert grein fyrir þessu máli hér á Alþ. Í annað skiptið hér í hv. d. fyrir rúmum tveim árum, þegar ég flutti það frv., sem síðan varð að l. nr. 9 1943. Í hitt skiptið á Alþ. 1943, þegar ég flutti brtt. við fjárl. fyrir árið 1944 um það að heimila fé úr ríkissjóði til að byggja þetta húsnæði fyrir þm. utan Reykjavíkur. Þar sem engar kosningar hafa farið fram síðan og sömu menn eiga sæti á þingi og þá var, þá skal ég ekki fara langt út í málið nú, en vísa til þess, sem ég hef áður sagt um þetta mál. Þegar þetta frv. var hér til fyrstu umr., þá var haft á orði bæði af fjmrh. og einnig af frsm. fjhn., að sennilega yrði sparnaður fyrir ríkið að byggja þetta fyrirhugaða hús fyrir skrifstofur ríkisins í stað þess að leigja húsnæði fyrir þær úti um allan bæ. Ég get búizt við, að segja megi sama um þetta mál, sem ég ber fram. Það verður beinlínis sparnaður fyrir ríkissjóð, ef þessi brtt. verður samþ. Samkv. l. eiga þm. utan Reykjavíkur að fá frítt húsnæði. Alþ. og ríkisstj. hafa framkvæmt það lagaákvæði þannig að útvega þm. herbergi á hóteli, og allir vita, að hótelherbergi eru dýr. Ég veit ekki, hvað þetta hefur kostað undanfarið, en veit, að það er allmikil upphæð. Og býst ég ekki við, að það væri mikill útgjaldaauki að borga vexti og rekstrarkostnað af því húsnæði, sem ég fer hér fram á, að verði komið upp. Það er nú komið svo, að töluverður meiri hluti þm. er búsettur í Reykjavík, og ég veit náttúrlega ekki, hve mikinn skilning þeir hafa á aðstöðu utanbæjarþm., þótt ég skuli viðurkenna það, að í þau tvö skipti, sem þessu máli hefur verið hreyft hér og Alþ. hefur látið vilja sinn í ljós, þá hefur ekki borið á neinu skilningsleysi Reykjavíkurþm. Öllum ætti að vera það skiljanlegt, að það er orðið ákaflega miklum erfiðleikum bundið, að menn utan af landi eigi sæti á Alþ. Í fyrsta lagi er það nú vegna þess, að þm. utan af landi verða að fara frá einhverjum störfum og fá menn til að gegna þessum störfum fyrir sig. Þetta er afar mikill erfiðleiki, eins og þinghald hefur verið undanfarið, að það hefur staðið meiri hluta ársins. Þm. verða, á meðan þing situr, að bera ábyrgð á starfi úti á landi og kosta starfrækslu þess. Þetta er aðalerfiðleikinn, en ekki bætir það úr skák að vera á hrakhólum með það, hvar maður getur fengið inni, þegar til bæjarins kemur. Það kann vel að vera, að ýmsum finnist vera vel búið að þessum þm. með því að vista þá í því hóteli landsins, sem talið er fremsta hótel þess. Það er síður en svo, að ég ætli að fara að lasta þetta hótel, ég ætla ekkert um það að ræða, hvernig stofnun það er sem hótel. En lítill skilningur er það, ef menn ekki skilja, að þótt þetta geti verið ágætt fyrir ferðamenn, sem dveljast þar í nokkrar nætur og daga sem gestir, þá þarf það ekki að vera góð aðstaða fyrir menn, sem þurfa að vera við starf hér meir en helming ársins. Ég ætla ég þurfi ekki að lýsa nánar, hvernig sú aðstaða er, t. d. hvað vinnuskilyrði snertir, þegar þess er gætt, að vinnuskilyrði hér á Alþ. eru þannig, að ég held, að allir alþm. kannist við, að þau eru næsta léleg. Þm. þurfa því að hafa vinnuskilyrði þar, sem þeir búa. Eins og ég gat um áðan, eru Reykvíkingar í miklum meiri hluta á Alþ. En ég gat einnig um það, að þeir hafa tvisvar sinnum sýnt skilning á þessu máli. Ég man ekki eftir nokkurri andstöðu gegn þessu máli í þau tvö skipti, sem það hefur verið tekið hér fyrir áður. Ég vænti því, að þessi brtt. mín fái góðar undirtektir, því að hún er ekkert annað en framhald af því, sem Alþ. hefur áður gert í þessu máli. Þetta yrði þá þriðja viljayfirlýsing Alþ. um þetta mál. Og ég vona fastlega, ef þetta yrði samþ., þá léti hæstv. ríkisstj. ekki undir höfuð leggjast að koma þessum bústað upp nú í sumar, þannig að hann gæti tekið til starfa, þegar næsta reglulegt Alþ. kæmi saman 1. okt.

Ég er búinn að sitja hér á Alþ. yfir 20 ár og er orðinn aldraður maður, og eru litlar líkur til

þess, þó að þetta kæmist í framkvæmd, að ég mundi njóta þess, nema þá mjög takmarkaðan tíma. Ég býst því við, að menn skilji það, að ég er ekki að berjast fyrir þessu máli hér ár eftir ár sjálfs mín vegna, heldur lít á þetta sem nauðsynjamál, hvort sem ég á nokkurn tíma eftir að líta þangað inn eða ekki, því að það skiptir vitanlega ekki máli um einstaka menn. Hins vegar hef ég meiri þekkingu á þessu máli en menn úr Reykjavík, vegna þess að ég hef að baki 20 ára þingsetu og alltaf verið búsettur utanbæjar, og af þeim ástæðum hef ég viljað beita mér fyrir þessu. Það kann að vera sagt, að það sé dýrt að byggja núna, en mér hefur komið ýmislegt í hug í þessu sambandi. Ríkið á beinlínis hús hér í Reykjavík, fleiri en eitt, eftir því sem ég bezt veit, sem ég álít, að vel gætu komið til greina í þessu efni. Mér er kunnugt um, að hæstv. forsrh. býr ekki í þeim bústað, sem undanfarin ár hefur verið ætlaður forsrh., og kvað þetta hús nú vera notað eitthvað til veizluhalda. Mér finnst hins vegar, að það ætti eins vel við að nota Hótel Borg til veizluhalda, en taka þetta hús fyrir þingmannabústað. Að öðru leyti var frv. á döfinni hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum um að gera hæstv. ríkisstj. mögulegt að koma leigjendum út úr húsnæði, sem ríkið á. Heyrði ég, að það væri sérstaklega átt við eitt hús hér í bæ, sem ríkið á, og álít ég, að það hús gæti vel komið til mála sem slíkur bústaður fyrir alþm., svo að ég er ekki viss um, ef haglega væri á þessu haldið, að það þyrfti að verða sérstaklega mikill kostnaður af þessu, þótt þessu yrði komið í kring. Þætti mér fróðlegt að heyra undirtektir hæstv. ríkisstj. um þetta atriði, þótt ég geti vel skilið, að hún geti ekki fullyrt neitt um það í augnablikinu, hvað hún myndi gera í þessu máli. Mér þætti samt talsvert undir því komið að heyra, hvort hún væri því mótfallin, að þessu væri bætt inn í frv., og ef svo yrði gert, hvort hún mundi ekki taka þetta mál til vinsamlegrar athugunar og einna helzt nú þegar á sumri komanda, eins og ég hef áður tekið fram.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég viðurkenni fullkomlega þá þörf, sem er til þess að koma upp þingmannabústað, og get tekið undir flest af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, og er meðmæltur, að brtt. á þskj. 1175 verði samþ. Mun ég leggja það fyrir ríkisstj., eins fljótt og kostur er á, hvort fært yrði í sumar að gera eitthvað í þessum efnum. Um það get ég ekkert sagt, að svo stöddu, en get hins vegar lofað því, að þetta mál skal verða tekið til verulegrar athugunar.

Bernharð Stefánsson: Ég leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir hans í þessu máli og skil mætavel, að þær gátu ekki verið öllu betri eða ákveðnari, því að það er nú svo, að ríkisstj. verður alltaf að hafa vaðið fyrir neðan sig, ef svo má taka til orða. Er ég í alla staði ánægður með undirtektir hans.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Brtt. á þskj. 1174, sem ég hef flutt, var rædd nokkuð hér við 1. umr. þessa máls. Ég býst við, að henni verði ekki langra lífdaga auðið, því að hún er ekki borin fram í því skyni, að hv. dm. fallist á hana, heldur er hún einungis borin fram af minni eigin skoðun. Ég hef því hugsað mér að taka hana aftur til 3. umr., til þess að hún fái að tóra lengur, og læt þá til skarar skríða.

Ég vil bæta því við það, sem ég hef hér áður sagt, að þetta málefni er að vísu borið fram af fjhn., en ekki nema að forminu til, því að það var lagt fyrir hana af hæstv. fjmrh. Annars má halda því fram, sem löngum hefur verið gert ráð fyrir, að bak við frv., eins og það er hér lagt fyrir, hefur komið fram við umr. hér á Alþ., að almennur vilji margra hv. þm. er að verki um þessa byggingu, hvort sem frv. að forminu til hefði verið borið fram af hæstv. fjmrh. eða hv. fjhn. eða ekki, þannig að hér er ekki að ræða um einn fremur en annan, og hefur þessi vilji um að reisa þessa opinberu byggingu komið víðs vegar fram í ræðum hv. þm.

Ég hef sagt það áður, að ég játa þessa nauðsyn, en ég ber fram þessa till. mína einungis til þess að undirstrika það, að það er ekki eins víst og sumum kann að finnast, að leggja beri jafnmikið kapp á að láta þetta mál hafa framgang og að það hafi við full rök að styðjast. Hv. 1. þm. Eyf. ber fram brtt. um aðrar slíkar framkvæmdir á öðru sviði, en brtt. mín fer fram á enn meira aðkallandi framkvæmdir. Er þetta sagt aðeins til þess að vekja athygli á, hve þm. hafa ólíkar skoðanir á, hvar þeir telja, að þörfin sé brýnust.

Það, sem var þess valdandi, að ég hef borið hér fram þessa brtt., er, að ég tel, að nauðsynlegar framkvæmdir í þágu heilbrigðismálanna eigi að sitja fyrir þeim framkvæmdum, sem frv. þetta fer fram á, þar sem kunnugt er, að héraðslæknar landsins hafa enn mjög ófullnægjandi sjúkraskýli fyrir sjúklinga sína og þau vantar harla víða í strjálbýlinu. Margir þekkja, að okkur vantar stóra spítala, í sambandi við það mál, er rætt var um fjórðungsspítalana og viðbætur við önnur sjúkrahús. Frá sjónarmiði fjöldans eru þessi mál svo sérstaklega aðkallandi, að enginn þm. ætti að sitja sig úr færi, að á þau sé bent.

ATKVGR.
Brtt. 1174 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1175 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1183).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 136. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 137. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1239).

---

108. Dýrtíðarráðstafanir (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir (þmfrv., A. 367).

Á 56. fundi í Nd., 27. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Nú er í ráði, að framhald 1. umr. fari fram annað kvöld og verði þá útvarpað. Hefur mér skilizt, að í þetta sinn yrðu ekki miklar umr., heldur yrði málið aðeins lagt fyrir.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 367, snertir það höfuðdeilumál, sem mest hefur verið rætt um og einna mest ósamkomulag hefur orðið um á síðustu þingum, sem sé hið svokallaða dýrtíðarmál, sem kemur inn á flest svið í þjóðfélaginu. Er öllum kunnugt það kapphlaup, sem verið hefur undanfarin ár milli kaupgjalds og afurðaverðs. Hefur það valdið mörgum mönnum áhyggjum um, að það sé mjög líklegt til að koma atvinnuvegum landsmanna í stóran vanda þá og þegar. M. a. hefur ekki sízt verið um það rætt og deilt á undanförnum árum, hvert hlutfall ætti að vera milli afurðaverðs landbúnaðarins annars vegar og kaupgjalds hins vegar. Við bændur höfum litið svo á, að á öllu tímabilinu frá 1930 til 1941 hafi þetta hlutfall verið okkar stétt mjög óhagstætt og af því hafi það sprottið, að fólk hafi flutt meir úr sveitum að sjó en ella. Sættir þær, sem urðu í þessu máli með starfi sex manna n. í sambandi við þau l., sem hér er farið fram á að breyta, voru því bændastéttinni allri og landsmönnum öllum mikið gleðiefni, og á þeim sættum byggðu menn þá von, að hér væri fengin undirstaða til frekari friðar á þessu sviði en verið hafði.

Nú er það kunnugt, að á þessu hausti er það, sem þessi l. áttu að koma í framkvæmd í fyrsta sinn, og samkvæmt útreikningi hagstofunnar átti verðlag á landbúnaðarafurðum að hækka um 9,4%. Nú var það að vísu svo, að á síðari hluta tímabilsins hafði kostnaður við framleiðslu á landbúnaðarvörum hækkað meira en sem þessu nam, en af því að það var ekki nema nokkurn hluta tímabilsins, þá varð hækkunin ekki meiri.

Það mætti því þykja undarlegt, að fram skuli koma till. um að fella þessi 9,4% niður. En það er líka kunnugt, að ef ætti að halda óbreyttu verðinu innan lands og bæta það, sem út er flutt, þá mundi það kosta ríkissjóð 30 millj. kr. Hér er því mikill vandi á ferðum, og vissulega hefur það verið mikið deiluefni, að hve miklu leyti væri lagaréttur fyrir framleiðendur þessara vara að fá það verð, sem raunverulega var ákveðið með þessu samkomulagi. Ég hef, og ég hygg, að svo hafi verið um fleiri, sem hafa staðið að samningu þessara l. eða að öðru leyti hugsað um þau eða fjallað, litið svo á, að hér væri í raun og veru ekki annar lagaréttur en sá, sem hefði skapazt í sambandi við skilning á þessum ákvörðunum. Hins vegar er það gefin sök, að um leið og ríkisvaldið tekur í sínar hendur nokkuð af þessari vöru með því að ákveða lægra útsöluverð en sem samsvarar þessum ákvörðunum, þá skapast um leið lagaréttur til, að ríkið ábyrgist bændum verð á hinum hlutanum. Þegar svo var komið eins og nú blasti við um miðjan þennan mánuð, þá varð að taka einhverjar nýjar ákvarðanir í þessu sambandi, og var þá náttúrlega um tvennt að velja eða kannske þrennt. Það var um það að velja í fyrsta lagi, hvort ætti að láta ríkið borga allan þann mismun, sem um er að ræða, og halda vísitölunni í því sama og verið hefur. Í öðru lagi var um það að ræða að sleppa öllu lausu og ákveða verð á þessum vörum innan lands eins og fulltrúar bændastéttarinnar töldu sér hentugast, sem hefði þá orðið mjög miklu hærra og hefði þá hækkað vísitöluna um 30—40 stig að minnsta kosti. Í þriðja lagi var að breyta til og sleppa nokkru af þeim rétti, sem bændastéttin hefur varðandi þessi mál.

Nú hefur það komið í ljós við athugun hér á þingi, að mjög litlar líkur eru fyrir, að meirihlutavilji sé fyrir því, kannske ekki nema fárra manna vilji, að gengið sé inn á þá braut, að fullt verð sé ákveðið og allur mismunurinn sé borgaður á milli, án þess að nokkuð sé slakað til. Hér var því úr mjög vöndu að ráða, og það mun hafa verið ekki hvað sízt vegna samningaviðleitni flokkanna og athugunar þeirra á málunum, að stjórn búnaðarþings kallaði saman aukabúnaðarþing í síðustu viku til að fjalla um það mál, sem hér er um að ræða. Búnaðarþing var kallað saman til þess að vita, hvort ekki væri hægt á frjálsan hátt að fá samkomulag um að sleppa nokkru af þeim rétti, sem hér stóðu lög til. Var það byggt á þeirri grundvallarskoðun, sem ríkir meðal meiri hluta alþingismanna, að það væri bezt, ef unnt væri, til að komast eitthvað áleiðis í dýrtíðarmálunum, að fá samþykki stéttarfélaga eða forráðamanna stéttanna til að falla frá þeim kröfum, sem þær höfðu gert, og koma þannig málunum í það horf, að allri þjóðinni væri fyrir beztu. Eins

og kunnugt er, varð niðurstaða búnaðarþings sú í vikunni, sem leið, að það samþ. að falla frá réttinum um þessa 9,4% hækkun á landbúnaðarvörum innan lands gegn því, að haldið væri að öðru leyti í sama horfi og verið hefur undanfarið. Þessi ákvörðun búnaðarþings er hér formuð í þessu frv., sem hér liggur fyrir sem lagabreyting, og skal ég ekki að þessu sinni fara langt út í að lýsa því, hvaða orsakir liggja til þess, að búnaðarþing hefur vikið inn á þessa braut, en kem kannske að því síðar.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi að fella niður þessa 9,4% verðhækkun, og það er tilskilið, að það sé fellt niður fyrir eitt ár, frá 15. sept. s. l. og til 15. sept. næsta ár. Þar með er náttúrlega ekki verið að neita þeim grundvelli, sem sex manna n. samkomulagið var byggt á, heldur er hér um að ræða bráðabirgðaskipan. Í öðru lagi er ákveðið með þessu frv., að útflutningsuppbætur skuli halda áfram á þær framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem þarf að flytja út úr landinu. Í þriðja lagi er svo ákveðið með þessu frv., að halda skuli útsöluverði landbúnaðarafurða óbreyttu áfram með framlagi úr ríkissjóði.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þessi atriði hvert fyrir sig.

Varðandi eftirgjöf á þessari 9,4% hækkun, þá er áætlað, að það muni ríkissjóð 8—10 millj. kr. borið saman við, að það hefði verið borgað að fullu og dýrtíðinni haldið óbreyttri. Hvað frv. snertir, þá er sett í það af hálfu þeirra, sem umboð hafa fyrir bændur á búnaðarþingi og hér á þingi, í 2. lið sú varakrafa, að ef kaupgjald hækkar á þessu tímabili á þá lund, að það verði til að hækka framleiðslukostnað á landbúnaðarafurðum frá því, sem hann er, þá skuli verðlagið hækka í samræmi við það. Ég segi, að það sé varakrafa, því að við, sem að þessu frv. stöndum, gerum ráð fyrir, að til þess þurfi ekki að koma, vegna þess að það ætti að vera mjög ólíklegt og væri mjög óheppilegt, ef til þess þyrfti að koma, um leið og gengið er inn á þessa braut af hálfu bændastéttarinnar, að kaupgjald og þá um leið framleiðslukostnaður yxi á þessu tímabili. Þetta er því meira gert í varúðarskyni en af hinu, að gert sé ráð fyrir, að þetta þurfi að koma til framkvæmda. Það mundi hafa mest áhrif, ef kaupgjald í opinberri vinnu hækkaði á næsta vori, og er þá sjálfsögð og eðlileg krafa af hálfu bændastéttarinnar, að vöruverð hækki í samræmi við það. Þetta er því sett í varúðarskyni, ef til þess þyrfti að taka, en við skulum allir vona, að til þess þurfi ekki að koma.

Varðandi útflutningsuppbæturnar, sem eru miðaðar við ársframleiðslu á landbúnaðarvörum, þá er ekki hægt að segja um það frekar nú en verið hefur, hvað þær mundu nema mikilli upphæð; það fer eftir því, hvaða verði vörurnar seljast erlendis og hvað mikið þarf að flytja út. Verðið, eins og það er ákveðið eftir till. sex manna n. er ekki hærra en það, að gera má sér von um, að það verði ekki stórupphæðir, sem greiða þarf á þær vörur, sem fluttar eru út, og er það miðað við það álit n., að verðið sé ákveðið nokkurn veginn í samræmi við það, sem ætla má, að vörurnar seljist erlendis. Aðalkostnaðurinn, sem af þessum ákvæðum leiðir, er bundinn við kjötframleiðsluna, og fer hann eftir því annars vegar, hvað verðið er erlendis, og hins vegar og kannske einna mest, hvað mikið þarf að flytja út af kjöti.

Það er nú svo, að með þessu fyrirkomulagi, að halda verðlaginu svona mikið niðri, að kjötið sé selt í heildsölu innan lands á 5.75 kr., þá er það mjög ódýr vara borið saman við annað, og sannleikurinn er sá, að nú er gert ráð fyrir, að slátrun verði með minnsta móti, m. ö. o., að kjötframleiðslan á markaðnum í haust verði með minnsta móti. Þess vegna má ætla, að það, sem þarf að flytja út af kjöti á þessu ári, verði minna en venjulega og þess vegna verði kostnaðurinn ekki eins mikill og t. d. s. l. ár.

Varðandi niðurgreiðslurnar, sem kallaðar hafa verið, sem eru uppbót á vörur, sem seldar eru á innlendum markaði, sem er mjög mikil upphæð, þá hefur frá upphafi verið ágreiningur um, hvort það sé rétt leið til úrlausnar í dýrtíðarmálunum að fara inn á hana eða að halda henni áfram. Fyrsta till., sem kom fram hér á þingi varðandi þetta mál, var flutt af mér 1940 í frv., sem ég flutti um að leggja fram 2 millj. í því skyni að bæta upp kjöt og mjólk. Því var illa tekið og talið fjarstæða ein að verja svo hárri upphæð til þessara hluta, og þess vegna náði það ekki fram að ganga. Svo leið og beið 1940, 1941 og 1942, og áfram hélt verðhækkunin og kauphækkunin, en fyrst 1943 er farið inn á þessa sömu leið og það í miklu stærri stíl en mér hafði nokkurn tíma dottið í hug, því að á árunum 1943 og 1944 hefur mjög miklum upphæðum verið varið til þessara niðurborgana, og ég held, að nú sé svo komið, að nálega allir hv. þm. séu á einni skoðun um, að ef þessu væri hætt og dýrtíðinni sleppt lausri, þá séu miklar líkur til þess, að meira eða minna af okkar atvinnuvegum stöðvist. M. ö. o., ef vísitalan færi upp í 320 eða þar í kring, þá yrði kaupgjald og annar kostnaður svo mikill, að ekki væri hægt að reka framleiðsluna við þau skilyrði. Þess vegna er það, að ég hygg, að mikill meiri hluti þings verði með því að halda þessu áfram í þeirri mynd, sem lagt er til í þessu frv. En þetta frv. er frá sjónarmiði okkar flm. aðeins byrjun, en undirstaðan undir því, að hægt sé að halda áfram á sömu braut. Frv. er byggt eins og menn vita á till. búnaðarþings, sem byggðar eru á viðsýni og þjóðhollustu. Vera kann, að það verði svo, að margir bændur, sem eru þessu ókunnugir og hafa ekki kynnt sér allar aðstæður, taki þessu illa og telji, að hér sé gengið á rétt bændastéttarinnar miklu meira en eðlilegt er og sanngjarnt. Ég er sannfærður um, að ef þessi viðleitni verður ekki undirstaða undir öðru meira, undir því að stoppa dýrtíðarkapphlaupið og koma til leiðar, að þessum málum verði skipað á annan og betri veg en verið hefur, þá verða þessir menn mjög óánægðir og vonsviknir fyrir, að þessi tilraun hafi ekki komið að því gagni, sem til var ætlazt. Áframhaldið þarf þess vegna að fylgja með. Í fyrsta lagi þarf, áður en þessu þingi lýkur, að afla fjármuna og það mjög mikilla til að fullnægja þeim kröfum, sem samþ. verða, þ. e. a. s., það þarf að fá fé til þessara hluta, sem að vísu hefði þurft ekki síður, þó að þetta frv. væri ekki samþ. Það byggist á því, hversu illa er komið með okkar ríkissjóð. Hann er ekki fær um að taka á sig þessi aukaframlög, án þess að aflað sé fjár með nýjum sköttum eða tollum. Í öðru lagi er það svo,

að það mun vera ætlun margra og ég hygg vilji margra, að þetta ætti að verða byrjunarundirstaða að samvinnu á þingi um myndun ríkisstjórnar, og ímynda ég mér, að óhætt sé að segja, að það sé ein höfuðorsökin til þess, að tveir af nm. í fjhn. hafa ekki gerzt flm. að þessu frv., að þeir vildu fá til vegar komið, áður en málið yrði sett inn í þingið, undirbúningi að frekara framhaldi í þessu sambandi, en við hinir, sem flytjum frv., litum svo á, að þessi byrjun mætti ekki dragast, til þess að hægt væri að feta sig áfram lengra á þeirri braut, sem hér er um að ræða, sérstaklega ef það gæti orðið til að leysa þær deilur í okkar þjóðfélagi og baráttu milli stétta, sem nú standa yfir. Það mundi þess vegna verða fagnaðarefni, ég hygg fyrir flesta, ef ekki alla hv. þm., ef samþykkt þessa frv. gæti orðið byrjunarundirstaða undir að leysa Alþingi úr þeim dróma, undan þeim krossi, sem það hefur mátt bera á undanförnum árum út af því ástandi, sem hér hefur ríkt.

En um leið og inn á það er gengið af hálfu umboðsmanna bænda á búnaðarþingi og Alþingi að sleppa þeim rétti, sem bændur eiga til hærra verðs, þá ætti það að vera hvöt og áskorun til annarra stétta að ganga sömu leið. Það ætti að vera hvöt og áskorun til þeirra, sem standa nú í verkföllum, að hætta þeim verkföllum og láta byrja vinnu með sama kaupgjaldi og verið hefur. Ef það er álitið, að þeir atvinnurekendur, sem þar standa í deilum að hinu leytinu, hafi það góða aðstöðu, að þeir standist við að borga hærra kaup en þeir hafa gert, þá er miklu réttara að nota þá aðstöðu þeirra til skattlagningar heldur en að standa í slíkum vinnudeilum, sem hér hafa verið og eru.

Annars er það svo, að þótt það líti svo út, að hér sé í bili að nokkru leyti fórnað stéttarhagsmunum þeirrar stéttar, sem hér er um að ræða, sem sé bændastéttarinnar, þá er það líka fyrir hana gert, því að hún hefur ekki þá tryggingu sem skyldi fyrir sölu á sínum vörum, og það er þeim eins og öðrum fyrir beztu, að unnt verði að stöðva þetta kapphlaup, sem stefnir út í ófæru.

Ég vil því vænta þess, að þetta frv. verði samþ. hér á þingi, sem ég hef ekki mikla ástæðu til að efast um, það er mála líklegast til að hjálpa til, að snúið verði frá þeim háu fjárkröfum, sem gengið hafa allt of langt undanfarið.

Annars er það svo, að ekki verður komizt kringum það hér á þingi, að það verður að fá glöggan og greinilegan útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar, svo að hægt sé að fá réttar og raunhæfar upplýsingar um, hvaða kostnað, kaup og laun atvinnuvegirnir þola til að geta borið sig í rekstri, svo að það sé ekki alltaf gersamlega í óvissu, eins og verið hefur undanfarið. En ef þingið gengur á annað borð inn á þá braut, þá ætti það að vera hvöt fyrir þá menn, sem sitja hér á þingi, að ganga ekki lengra en góðu hófi gegnir í að hækka fastalaun, sem hér munu vera allháværar kröfur um.

Í trausti þess, að hv. þm. sjái, að hér er stefnt á rétta braut, og vinni að því allir í sameiningu, að haldið verði áfram á henni og að það verði undirstaða undir frekara samstarfi, þá vænti ég, að frv. nái fram að ganga. Ég sé ekki ástæðu til að leggja til að svo stöddu, að frv. verði vísað til n. Það er flutt af meiri hl. n. og hefur verið þar til meðferðar undanfarna daga, en náttúrlega ræður hæstv. forseti því og d. í heild sinni.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 28. sept., var fram haldið 1. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Af hálfu flokkanna verður talað um þetta mál í þessari röð: Fyrst Sjálfstæðisflokkur, þar næst Alþfl., þá Framsfl. og þá Sósfl. og að lokum af hálfu hæstv. ríkisstj., ef hún óskar þess. Tvær umferðir verða viðhafðar. Sú fyrri varir í 30 mín. eða þar um bil, eftir því sem á kann að standa hjá ræðumönnum. Síðari umferðin verður um 15 mín., eftir því hvernig ástatt er þá um ræðutíma hvers flokks frá fyrri umferð.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Styrjöldin hefur leitt yfir þjóðina mörg erfið viðfangsefni. Eitt hið erfiðasta af þeim er dýrtíðin og þau vandamál, sem af henni leiðir. Dýrtíð og verðbólga eru óumdeilanlegur ávöxtur styrjaldarinnar. Fyrir styrjöldina var þjóðin skuldug erlendis. Gjaldeyrir hennar hrökk naumast fyrir lífsnauðsynjum. Atvinna var hér af skornum skammti, svo að verkamenn margir hverjir höfðu tæplega nóg til að sjá sér og sínum farborða.

Eftir að styrjöldin brauzt út og erlent setulið kom hér, breyttist þetta fljótt. Setuliðið tók mikið af innlendum verkamönnum í þjónustu sína. Tekjur verkamanna hækkuðu, og afkoma þeirra batnaði. Í skjóli mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli var tímakaup verkamanna hækkað, ekki einu sinni, heldur oft, þannig að nú er svo komið, að kaup verkamanna er margfalt, miðað við það, sem áður var. Það er vissulega gott, að verkamenn hafa bætt hag sinn, og það skal ekki harmað, þótt setuliðið hafi keypt innlent vinnuafl dýru verði. En þetta háa kaup hefur leitt til þess að gera innlendu framleiðsluna dýra og skapa innlendum atvinnuvegum mikla erfiðleika.

Bændur svöruðu kauphækkuninni á þann eina hátt, sem fært var, enda hefði landbúnaðarframleiðslan orðið að engu, ef verðlagsn. landbúnaðarafurða hefðu ekki skilið aðstöðu bændanna eftir hinar gífurlegu kauphækkanir.

Verkalýðsblöðin deildu fast á verðlagsn. landbúnaðarvara, eftir að þær höfðu sett verð á kjöt og mjólk í samræmi við kaupgjaldið. Verðlagsn. höfðu rétt hlut bænda og stuðlað að því, að þeir gætu þrátt fyrir mikinn tilkostnað framleitt matvæli fyrir þjóðina. Fulltrúar bænda vildu leysa deiluna um kaupgjaldið og afurðaverðið. Þess vegna var unnið að því á Alþingi 1943 að fá l. um sexmannan. samþ. Með störfum sexmannan. var fundinn réttur grundvöllur milli kaupgjalds og afurðaverðs. Fulltrúar bænda, verkamanna og annarra launþega urðu sammála um grundvöllinn. Þar með átti friður að vera tryggður í þessum málum. Sexmannan. staðfesti verðlagningu afurðanna frá haustinu 1942, þannig hækkaði hún kjöt til bænda um eina krónu kílógrammið og mjólkina 20—30 aura á lítrann.

Því hefur verið haldið fram, að kjötið hafi verið of hátt 1942. Það verður ekki hjá því komizt að leiðrétta þann misskilning, sem virðist vera nokkuð almennur meðal bæjarmanna í þessu efni. Í umtali um þetta er gert ráð fyrir, að verð á kjöti

1942 hafi verið 6.40 kr. pr. kg í heildsölu, eins og það var verðlagt um haustið. En það hefur láðst að taka meðalverð á því kjöti, sem selt var það ár. Tveir þriðju af því kjöti, sem selt var árið 1942 í heildsölu, voru seldir á 3,60 kr. pr. kg, aðeins einn þriðji var seldur í sláturtíðinni og til ársloka fyrir kr. 6,40 kg. Meðalverð í heildsölu þetta ár verður því aðeins kr. 4,50. En það svarar til, að bændur hafi fengið kr. 3,80 fyrir kílógrammið að meðaltali. Er það mjög nálægt því, sem hagstofan telur, að þeim hafi borið, ef miðað er við grundvöll sexmannan. Allir, sem þekkja til landbúnaðarframleiðslu, sjá í hendi sér, að ekki er rétt að miða kjötverðið 1942 aðeins við það, sem seldist þrjá síðustu mánuði ársins, þar sem það var aðeins einn þriðji af heildarsölu ársins. Það er augljós skekkja, eins og það er víst, að bændur vinna að þessari framleiðslu allt árið.

Þótt sexmannan. hafi orðið sammála og grundvöllur lagður fyrir friðinn í verðlags- og kaupgjaldsmálum, tókst samt nokkrum óhappamönnum að spana verkamenn upp í verkfall og eyðileggja það samkomulag, sem gert hafði verið. Þessir óhappamenn komu dýrtíðarhjólinu enn af stað og knúðu fram kauphækkun, sem nam 16 af hundraði. Sú hækkun leiddi af sér samkvæmt l. hækkun á verði landbúnaðarafurða. Hefur hagstofan reiknað þá hækkun út, og nemur hún 9,4 af hundraði. Samkvæmt áliti sexmannan. bar bændum að fá fyrir s. l. ár sex krónur áttatíu og tvo aura fyrir kílógrammið af dilka- og geldfjárkjöti, þrjár krónur og fimmtíu aura fyrir hvert kílógramm af gærum, eina krónu tuttugu og þrjá aura fyrir mjólkurlítrann. En eftir nýju vísitölunni hafa bændur rétt til að fá nú 1,34 kr. fyrir mjólkurlítrann, 7,76 kr. fyrir kjötið, 2,80 kr. fyrir kílógrammið af gærum. Hafa gærurnar verið lækkaðar frá því, sem þær voru s. l. ár, en kjötið hækkað sem því nemur.

Réttur bænda til þess að fá þessar hækkanir er óvéfengjanlegur. En stjórnmálamennirnir, sem undanfarin ár hafa barizt fyrir hag bænda og munu gera það áfram, hafa gert sér ljóst, að eins og nú horfir er mjög erfitt að tryggja bændum það verð, sem þeir hafa fullan rétt til að fá. Því hefur frv. það, sem nú er til fyrstu umr., verið lagt fram hér á Alþingi. Samkvæmt því er lagt til, að bændur falli frá hækkuninni yfir næsta verðtímabil og sætti sig við sama verð og s. l. ár, en fái verðtryggingu fyrir útflutningsafurðunum.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður varið miklu fé til þess að halda dýrtíðinni niðri. Það hefur verið gert af nauðsyn, til þess að útgerðin, frystihúsin og aðrir atvinnuvegir gætu starfað. Nú, þegar komið er að stríðslokum og sá tími nálgast, er fiskurinn fellur á erlendum markaði og enn meiri erfiðleikar steðja að atvinnuvegunum, kemur það ekki til greina, að ábyrgir stjórnmálamenn sleppi dýrtíðinni lausri og leiði hrun yfir allt atvinnulífið. Ég veit, að allir hugsandi menn vilja taka þann kostinn að forðast hrun, meðan auðið er. Ef hætt væri að greiða niður vörur innan lands, mundi vísitalan fara strax upp í 300—330 stig og halda áfram að hækka, unz krónan væri lítils eða einskis virði.

Þótt niðurgreiðslur á vörum innan lands geti ekki talizt lækning á sjálfri dýrtíðinni, verður þó ekki komizt hjá að halda þeim áfram. Þannig mun það verða, þangað til kaupgjald og annar tilkostnaður við atvinnureksturinn verður færður niður. Útflutningsverð sjávarafurða og landbúnaðarafurða þolir ekki hina raunverulegu dýrtíð, sem hér er. Eina raunhæfa lækningin á dýrtíðinni er því niðurfærsla á kaupgjaldi annars vegar og afurðaverði hins vegar. Þar sem launastéttirnar hafa ekki enn skilið þetta og bændur einir boðið lækkun, verður enn að halda niðurgreiðslunum áfram og á þann hátt gera atvinnuvegunum fært að starfa.

Menn mega ekki mögla, þótt þeim virðist mikið af þeim heimtað til þess að halda vísitölunni niðri. Við útgerðarmenn og aðra atvinnurekendur vil ég segja þetta: Ef hætt er að kaupa niður vísitöluna, verða opinberir skattar léttari en áður, en þótt það væri gert, er hagur atvinnurekenda verri en áður, því að tilkostnaður við atvinnureksturinn verður það mikill, að ekki verður kleift að halda rekstrinum áfram. Þér, sem eigið peninga, stynjið og berið yður illa yfir því að greiða skatta til að borga vísitöluna niður, en ef það verður ekki gert áfram, verða innieignir yðar, áður en langt líður, lítils virði. Þér ættuð því með góðu geði að leggja yðar skerf til, svo að eignir yðar megi sem lengst hafa fullt verðgildi. Verkamenn! Velferð yðar er undir því komin, að þér hafið trygga atvinnu. Yður ber því að sýna þegnskap eins og öðrum í þjóðfélaginu og gera ekki hærri kröfur til atvinnuveganna en þeir þola að standa undir. Stöðug vinna, trygg vinna, hjá heilbrigðu atvinnufyrirtæki er happadrýgri fyrir verkamennina en óstöðug vinna, þótt tímakaupið kunni að vera hátt.

Bændur hafa skilið, hvaða þýðingu það hefur fyrir þjóðarheildina að færa niður dýrtíðina. Því hefur búnaðarþing fyrir löngu boðið hlutfallslega lækkun á afurðaverði og kaupgjaldi. Þegar það fékkst ekki framkvæmt fyrir skammsýni launþeganna, samþ. búnaðarþing á ný, að bændur skyldu falla frá þeirri hækkun á landbúnaðarvörum, sem þeim ber samkvæmt l. Bændur gera þetta í trausti þess, að aðrar stéttir komi á eftir og sýni aukinn þegnskap og þjóðhollustu. Þjóðin mun fylgjast með því, sem nú gerist, það mun verða tekið eftir því, hvað kaupkröfustéttirnar aðhafast, hverju þær svara drengilegri og skynsamlegri tilslökun frá hendi bændanna.

Þjóðfélag vort er lítið. Velferð þess og afkoma er undir því komin, að hver stétt og einstaklingur gegni sínu hlutverki. Stéttirnar mega ekki halda togstreitunni áfram. Það hlýtur að leiða til þess, að þjóðin verður aftur fátæk og ósjálfstæð. Lýðveldi vort, sem vér erum stoltir af, þarfnast þess, að kraftarnir séu sameinaðir, en ekki sundraðir. Það heyrist oft kastað hnútum að Alþingi fyrir þá sundrung, sem þar ríkir. Þjóðin hefur dæmt Alþingi hart fyrir það að hafa ekki myndað þingræðisstjórn. Það er leitt, að það hefur ekki tekizt. En alþjóð verður að skilja það, að í vegi fyrir stjórnarmyndun hafa verið og eru ýmsir erfiðleikar. Enginn flokkur í þinginu er nógu sterkur til þess að mynda ríkisstjórn. Sjálfstfl. er stærstur, hefur 20 þm., en hann getur þó ekki myndað stjórn nema með samstarfi við einn eða fleiri flokka. Þótt enn hafi ekki tekizt að mynda ríkisstjórn, hafa samkomulagsumleitanir stöðugt farið fram milli flokkanna. Kemur það oft fram, að

ýmsir þm. vilja í einlægni greiða fyrir aukinni samvinnu í þinginu. Þm. gera sér margir grein fyrir því, að þjóðfélag vort er illa á vegi statt. Verkföll, almennar kaupdeilur og ósanngjarnar kröfur á hendur atvinnuvegunum eru á leið með að reka allt í strand. Þegnskapur þeirra, er standa fyrir kaupkröfum, virðist vera á lágu stigi, enda höfnuðu þeir tilboði búnaðarþingsins um gagnkvæma niðurfærslu á afurðum og kaupgjaldi. Mörg verkföllin eru framkölluð af níu manna ráði Alþýðusambandsins og stjórnað af því. Fulltrúar bænda á Alþingi hafa gert sér ljóst, að frá hendi bænda má vænta meiri þegnskapar og betri skilnings á vandamálum þjóðfélagsins en hjá níu manna ráði Alþýðusambandsins. Þess vegna hafa þm. Sjálfstfl. og Framsfl. þorað að ræða um það sem möguleika, að bændur gengju á undan öðrum stéttum og byðust til að falla frá þeirri hækkun á landbúnaðarvörunum, eins og áður hefur verið minnzt á.

Búnaðarþing var kvatt saman til þess að ræða um þetta. Það samþ. næstum einróma till., sem alþjóð eru nú kunnar, eftir að hafa lesið blöðin og hlustað á útvarpið. Raddir hafa heyrzt um það, að með því að fylgja þessum till. sé verið að svíkja málstað bænda. En finnst bændum það trúlegt, að fulltrúar þeirra á Alþingi og búnaðarþingi vilji svíkja málstað þeirra? Trúir því nokkur bóndi, að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn á Alþingi hafi í því róti og ósamkomulagi, sem talið er, að ríki innan þingsins, komið sér saman um það eitt að svíkja bændastéttina? Ég held, að fáir bændur verði til að trúa því. Fulltrúar bænda munu ekki leggja til, að þeir falli frá þeirri hækkun á framleiðslunni, sem þeim ber, af því að þeir sitji á svikráðum við stéttina, heldur munu þeir gera það til þess að framkalla þegnskap hjá öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Það mun verða gert til þess að skapa vinnufrið og gera Sjálfstfl. og Framsfl. fært að mynda tveggja flokka stj., ef verkalýðsflokkarnir fást ekki til samstarfs nema með afarkostum. Framrétt hönd bændanna mun slá vopnin úr höndum öfgamannanna og gera þeim erfitt að framkalla verkföll eða halda þeim áfram. Almenningsálitið mun deyfa svo eggjarnar hjá þeim, sem standa fyrir kaupkröfum og verkföllum, að þeir munu verða áhrifalitlir.

Ef frv. það, sem hér um ræðir, verður samþ. og bændur falla frá þeirri hækkun, sem þeir hafa rétt til að fá, þá gera þeir það af þjóðfélagslegri nauðsyn. Það er ekki tilviljun, að bændur sýna þjóðhollustu á undan öðrum stéttum þjóðfélagsins. Það gildir sama á þessum tímum og þegar Jón Sigurðsson lifði og starfaði fyrir þjóðina. Hann setti sitt traust fyrst og fremst til bænda, gerði meiri kröfur til þeirra en annarra, vegna þess að hann taldi þá líklega til góðs þegnskapar.

En þótt hér hafi verið talað um fórn af hálfu bænda, mun ég rökstyðja, að þetta verður þeim fyrir beztu, og mun það síðar koma í ljós. Bændur vilja ekki láta dýrtíðarvísitöluna hækka. Ef þeim er ætlað að fá þá hækkun á afurðunum, sem þeir hafa rétt til, og vísitölunni verður með niðurgreiðslum haldið niðri um leið og útflutningsverð landbúnaðarvaranna er tryggt, þarf ríkissjóður í því skyni ekki minna en 30 millj. króna. Fjárlfrv. fyrir árið 1945 var nýlega lagt fram á Alþingi. Samkvæmt því er gert ráð fyrir greiðsluhalla í sjóðsyfirliti. Þó eru útgjöldin, launagreiðslur og annað, miðuð við verðlagsvísitöluna 250, en hún er nú, eins og kunnugt er, 272 stig. Útgjöldin verða því til muna hærri en fram kemur í frv. Í frv. er ekkert ætlað til niðurgreiðslu á innlendum vörum. Ekkert er ætlað til þess að tryggja útflutningsverð landbúnaðarafurða. Þar er ekkert í þær 30 millj. króna, sem ég áðan nefndi. Það mun margur vilja spyrja um það, hvort auðvelt sé að innheimta 30 millj. króna til viðbótar við þau skattal., sem nú eru í gildi. Sumir munu segja, að stríðsgróðamennirnir séu nógu margir til þess að láta þetta af hendi. En allt hefur sín takmörk, líka stríðsgróðinn. Þegar frv. um eignaraukaskattinn var borið fram í fyrra, gerðu flm. sér von um, að tekjurnar af honum næmu sex til sjö millj. króna. Verðlækkunarskatturinn, sem kvartað var undan á sínum tíma, gaf sex millj. króna tekjur. Af þessu má ljóst vera, að nauðsynlegt er að komast hjá að innheimta 30 millj. til viðbótar þeim sköttum, sem fyrir eru.

Þegar þessi mál eru vel athuguð, verður mönnum því ljóst, að um tvær leiðir er að velja í þessum efnum. Sú fyrri er að hætta niðurgreiðslum á innlendum vörum og láta vísitöluna fara upp í 300—330, en hin seinni, að bændur gefi eftir 9,4% hækkunina á landbúnaðarvörunum gegn tryggingu á útflutningsvörunum, en það sparar ríkissjóði um 10 millj. króna. Þarf þá ekki nema 20 millj. króna til þess að tryggja verð útflutningsvaranna og halda útsöluverði landbúnaðarvara óbreyttu.

Ég vil þá koma að því, hvort er hyggilegra fyrir bændur að slaka til á þennan hátt eða fá vísitöluna hækkaða. Ef bændur fá hækkunina á landbúnaðarvörunum, en vísitalan er látin fara upp í 300—330 stig, verða þeir að búa við þessa háu vísitölu í heilt ár og borga kaup eftir henni án þess að geta hækkað framleiðslu sína fyrr en 15. sept. 1945. Ég held, að þá verði orðið lítið eftir af 9,4% hækkuninni hjá mörgum bændum. Auk þess má fullyrða, að ef vísitölunni væri sleppt lausri, þá fengist ekkert greitt með útflutningsafurðunum, því að ríkissjóður væri ekki aflögufær, ef þannig væri haldið á málunum. Bændur mættu því gera sér að góðu það, sem fæst fyrir vörurnar á erlendum markaði. Þá má einnig benda á það, að l. um sexmannan. gilda aðeins til stríðsloka. Sennilegt er, að stríðið sé senn á enda, og gæti þá svo farið, að þeir bændur, sem nú láta sér detta í hug, að fulltrúar þeirra séu of linir í sókninni fyrir þeirra hönd, vilji síðar þakka fyrir hagstæða samninga fyrir hönd bændastéttarinnar. Hyggnir bændur munu fljótlega fallast á þá samninga, sem nú er í ráði að gera fyrir þeirra hönd. Hinir munu þreifa á því áður en lýkur, að fulltrúar þeirra á Alþingi og búnaðarþingi unnu ekki illa fyrir þeirra málstað. Það er víst, að um leið og bændur skapa lofsvert fordæmi með því að afsala sér þeirri hækkun, sem þeim ber að fá fyrir framleiðsluna, hafa þeir um leið tryggt sjálfum sér betri afkomu og verndað þau verðmæti, sem þeir hafa undir höndum. Þeir hafa eigi að síður gert sitt til þess að forðast hrun atvinnuveganna, með því að tilslökun þeirra gerir ríkissjóði mögulegt að halda verðlagsvísitölunni niðri.

Það er einnig mikils virði, að bændur hafa með tilboði sínu lagt grundvöll að nánara samstarfi og betri skilningi milli stéttanna. Sú tortryggni,

sem oft ríkir milli neytenda og framleiðenda, þarf að víkja. Það er jafnnauðsynlegt fyrir báða aðila. Eins og neytendur geta ekki verið án þess að fá landbúnaðarvörurnar, enda sárt kvartað, þegar þær eru ekki á markaðnum, svo er einnig nauðsynlegt fyrir bændur að hafa tryggan markað fyrir framleiðsluna. Það mun ekki síður vera nauðsynlegt eftir styrjöldina. Það er einnig á öðrum sviðum, sem skilningur og samvinna milli stéttanna er nauðsynlegur. Það er vandamál fyrir bæjarfélögin, þegar fólkinu fjölgar þar meira en atvinnuskilyrði leyfa. — Það er hætt við, að sú staðreynd blasi við eftir styrjöldina, að fólkið í bæjunum verði fleira en atvinnutækin þar taka á móti. Því er það skylda bæjarfólksins að hindra óeðlilegt aðstreymi til kaupstaðanna. En það verður bezt gert með því að rétta fulltrúum sveitanna lið og hjálpa til aukinnar ræktunar og framfara í sveitum landsins. Ísland er enn lítt ræktað land, en hefur mikil og góð skilyrði. Fossarnir eru enn óbeizlaðir og orka þeirra því ónotuð. Það er ekkert efamál, að möguleikarnir, ef vér höfum vit á að hagnýta þá, eru ótrúlega miklir.

Það er af ódugnaði og skorti á víðsýni, ef vér á næstu árum byggjum ekki upp þróttmikið atvinnulíf, sem leiðir til þess, að vor fámenna þjóð þarf ekki að kvíða atvinnuleysi eða sulti. Þjóðin hefur ekki efni á því að láta stóra hópa manna ganga atvinnulausa. Hún þarf að nota allt það vinnuafl, sem fáanlegt er í landinu, til þess að byggja upp atvinnulífið, skapa nýjar atvinnugreinar, auka útgerð og siglingar, rækta jörðina og nota hið tröllaukna afl fossanna til iðnaðar og aukinna þæginda fyrir landsmenn í sveit og við sjó. Þetta verður allt létt í framkvæmd, ef vér hættum togstreitunni, ef vér hættum að vinna hver á móti öðrum, hættum að tortryggja hver annan, en vinnum saman af heilindum í því skyni að gera þjóðfélagið sterkt og sjálfstætt.

Á undanförnum árum hefur efnahagur þjóðarinnar batnað. Hún er nú ekki lengur skuldug erlendis. Hún hefur eignazt miklar innistæður í erlendum bönkum, og mun það koma í góðar þarfir. En þótt efnahagurinn sé góður eins og nú standa sakir, megum vér ekki gleyma því, hvernig aðstaðan var fyrir styrjöldina. Gerum oss grein fyrir því, hvers vegna þjóðin var skuldug erlendis og hafði tæplega gjaldeyri fyrir lífsnauðsynjum. Gerum oss grein fyrir því, hvers vegna atvinnuleysið var. Og gerum oss grein fyrir því, hvernig innistæður vorar erlendis hafa myndazt síðustu árin. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu. Þá fyrst er von til, að menn sameini kraftana til nauðsynlegra framkvæmda fyrir þjóðina.

Þjóðin var skuldug og vantaði erlendan gjaldeyri fyrir styrjöldina, af því að framleiðslan var of lítil. Atvinnuleysið í þjóðfélaginu stafaði einnig af því. Fiskiflotinn, siglingaflotinn, iðnaður og fleiri atvinnugreinar voru ekki reknar í nægilega stórum stíl til þess að skapa nóga atvinnu og nauðsynleg verðmæti í þjóðarbúið. Þegar setuliðið hættir að nota innlent vinnuafl og færa á þann hátt erlendan gjaldeyri inn í landið, verður þjóðin að setja nýtt líf í innlenda atvinnuvegi. Þetta verður að gerast vegna verkamannanna, sem þurfa að vinna fyrir sér og fjölskyldum sínum. Og það þarf ekki síður vegna þjóðarheildarinnar, til þess að hún sökkvi ekki aftur í skuldir og vandræði.

Mönnum má ljóst vera, að þjóðin lifir fyrst og fremst á framleiðslunni. Því er nauðsynlegt, að þeim fjölgi, sem framleiðslustörf stunda. Verði framleiðslan og útflutningsverðmætin ekki aukin frá því, sem var fyrir styrjöldina, má fullyrða, að fljótt gengur á þær innistæður erlendis, sem nú hafa safnazt. Þann gjaldeyri má ekki nota til greiðslu á venjulegum innflutningsvörum landsmanna. Þann gjaldeyri má aðeins nota til greiðslu vegna aukningar atvinnutækjanna. Vér getum strax að styrjöldinni lokinni hafizt handa í því skyni að auka atvinnutækin.

Það eru því verkefni næstu ára að auka fiskiflotann og stækka siglingaflotann, að byggja áburðar- og sementsverksmiðjur og skipasmíðastöðvar o. fl., að virkja fossana og taka rafmagnið í víðtæka þjónustu fyrir landsmenn, að hefja stórfelldar ræktunarframkvæmdir og keppa að því, að bændabýlum fjölgi og innan fárra ára verði aðeins nytjað ræktað land. Allt þetta mun bezt vinnast með því, að einstaklingarnir fái að njóta sín, sjálfsbjargarviðleitnin og framkvæmdahvötin verði glædd. Það er ekki ástæða til þess að vera bölsýnn á framtíð þjóðarinnar, þótt styrjöldin og ósamkomulag stétta og þingflokka hafi gert útlitið ískyggilegt um sinn.

Mörgum er nú ljóst, að ef sættir takast ekki milli stétta og flokka, þá muni hefjast hér ný Sturlungaöld. Sú augljósa staðreynd mun hvetja menn til samstarfs og vekja ábyrgðartilfinningu margra. Bændur hafa byrjað og rétt höndina fram til sátta, þeir hafa boðizt til að slá af því afurðaverði, sem þeim ber samkvæmt lögum. Þeir gera það, vegna þess að þeir meta framtíðarheill þjóðarinnar meira en stundarhag fyrir sig. Þeir gera það til að greiða fyrir samkomulagi innan þings og utan. Það er því krafa bænda, krafa mikils hluta þjóðarinnar, að þingið myndi nú þegar ríkisstjórn. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. eiga nú þegar að ganga til samstarfs í því skyni. Sjálfsagt er, að Sósfl. eigi þess kost að taka þátt í myndun ríkisstj. En fari svo, að sá flokkur vilji ekki vera með í ríkisstj. án skilyrða, sem menn með borgaralega hugsun geta ekki gengið inn á, verður Sósfl. að vera utan við stjórnina. Næstu dagar skera úr um það, hvað skeður í þessum efnum. Þjóðin bíður og vonar, að heilbrigð stjórnarsamvinna takist. Það skal ekkert fullyrt um það, hvað verða vill, en óhætt er að segja, að andrúmsloftið hefur breytzt til batnaðar innan þingsins, og líkurnar fyrir samvinnu tveggja flokka eða fleiri hafa aldrei verið meiri en nú.

Niðurfelling á hækkun afurðanna verður samþ. af mér og fleiri fulltrúum bænda í þeirri trú, ég segi ekki vissu, að nú verði mynduð stjórn, stjórn, sem hefur þingmeirihluta að baki sér og líkleg er til að taka vel á aðsteðjandi vandamálum.

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. Nd. hefur flutt þetta frv. um breytingu á l. frá fyrra ári um dýrtíðarráðstafanir. Aðalefni þess er, að sú hækkun á landbúnaðarafurðum, 9,4%, sem átti að ganga í gildi 15. sept., skuli falla niður í eitt ár. Jafnframt er svo ákveðið, að hækkun, sem verða kann á kaupgjaldi á þessu tímabili, skuli koma fram á afurðaverðinu. Þá er ákveðið í frv. að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum þennan tíma og greiða verðuppbætur á útfluttar landbúnaðaraf-

urðir eins og á síðasta ári. Þessi till. er í aðaldráttum í samræmi við það, sem samþ. var á búnaðarþinginu.

Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um hvort tveggja, að bændur hafi með þeirri samþykkt rétt út hönd til samkomulags og að tekið sé vingjarnlega í hina útréttu hönd þeirra. Bændum eða þeirra fulltrúum á Alþ. og búnaðarþ. mun hafa brugðið, er þeir heyrðu frá kjötverðlagsn., að hvert kg kjöts yrði selt á allt að 19 kr. þetta ár. Þessi útkoma var útreiknuð samkv. sex manna nefndar álitinu. Þetta nál. kom mörgum á óvart, og mun sumum hafa þótt það of gott til að geta verið satt. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að þeir samningar, sem hér hafa verið gerðir, séu góðir fyrir bændastéttina, og það kemur ekki í veg fyrir, að ég fylgi þessu máli bænda. Bændur sleppa þessari hækkun, sem yrði hækkun á dýrtíðinni, en gegn því fá þeir verðuppbætur á útfluttar vörur tryggðar og greitt niður verð á innlendum markaði. Er það að vissu leyti rétt, ekki aðeins vegna þeirra einna. En samt njóta þeir sem framleiðendur þess með því, að það gerir markaðinn stærri og hjálpar til að koma út vörunni. Í fyrra snemma var gerð sætt í fjhn. Nd. um verð á landbúnaðarafurðum, og samkv. brtt., sem sú n. gerði, var sex manna n. sett á laggirnar. Hún átti að ráða innanlandsverðinu, yrði hún sammála. Bændur hafa um langt skeið haft einokun á innanlandsmarkaðnum, og þess utan hefur þessi n. fengið fullveldi til að ákveða verðið á innlendum markaði, og svo ákveðið, að taka mætti tillit til hins lága verðs á útfluttu vörunum að svo miklu leyti sem sex manna n. teldi, að kaupgetan þyldi. Í þessari till. var engin ábyrgð tekin á útflutningsuppbótum. Það kom að vísu fram í fyrra, að 28 menn tóku sig saman og skrifuðu undir skjal um að tryggja bændum þessar uppbætur, en fyrir þessu var enginn þingmeirihl. og frá því gengið á óþinglegan hátt. Ég harma, að þá var yfirgefinn þessi samningsgrundvöllur, og þessir 28 menn tóku allt í sínar eigin hendur og sögðu: Við þurfum ekki að semja við aðrar stéttir. Í sambandi við þetta mál er það viðurkennt, sem og rétt er, að í fyrra var engin lögfesting gerð á útflutningsuppbótum. Alþfl., sem þá var gengið fram hjá, greiddi atkv. á móti þessu, en ef til samninga hefði verið gengið, þá hygg ég, að bændur hefðu getað fengið allmikla peninga til landbúnaðarins, þótt ekki fengjust samningar um að útdeila því fé til einstakra manna. Það var kannske ekki það, sem landbúnaðurinn þurfti helzt með. Það var fullur vilji á því að leggja landbúnaðinum allmikið fé, til þess að hann mætti standa nær því að geta borið sig, og með því að verja uppbótunum á þann hátt, hefði dýrtíðin ekki verið hækkuð. Það er góðra gjalda vert, að þetta er viðurkennt nú, að útflutningsuppbæturnar eru ólögbundnar. Búnaðarþ. lagði til, að hækkunin yrði gefin eftir, en slíkt hefði ekki verið hægt, ef uppbæturnar væru lögbundnar.

Ég vil endurtaka það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég hygg, að þegar árið er liðið, muni allir sjá, að þetta er allgóður samningur fyrir bændur. Þau ákvæði, sem nú gilda, eiga að falla niður, þegar lýkur því ófriðarástandi, sem nú er ríkjandi, og við væntum þess öll, að því verði lokið fyrr en árið er úti, en þá er samt bændum tryggt óbreytt ástand í eitt ár. En þótt þetta sé viðbót við þann rétt, sem þeir hafa haft, er ekki óeðlilegt að veita þeim hann. Ég vil segja, að þótt kalla megi þetta útrétta hönd og þakka beri eins og vert er þessa samþykkt búnaðarþ., þá geri bændur samt ekki slæman samning. Það er áætlað, að þetta eigi að haldast í eitt ár. En einn slæmur skuggi er á þessu. Þetta kostar mikið fé, tugi milljóna, og er ekki að sjá, hvar þeir peningar eru. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram fjárlfrv., en þar er enginn afgangur fyrir þessar uppbætur. Það verður fullerfitt að gera ráðstafanir, sem þarf í þessu efni, því að í sköttum t. d. er ríkið komið svo langt, að lengra verður ekki farið. Ofan á innflutningsverð og ýmis rándýr gjöld er kominn 50% tollur á kvenkjóla og sokka, eins og það sé einhver lúxus, að kvenfólk klæðist fötum. Lengra verður ekki gengið. Það má minna á, að ríkið hefur sannarlega gert sitt til að halda dýrtíðinni uppi með þeim miklu sköttum, sem nú hvíla á og margir telja þunga, eins og þeir eru líka. Það væri að vísu einfalt að eiga við þetta, ef ekki þyrfti annað en breyta dýrtíðinni í skatt. Saga dýrtíðarinnar er orðin hörmungasaga og allt talið um hana hér á Alþ. Það vantar ekki, að prédikað sé móti dýrtíðinni, en það er eins og þegar Hitler talar um frið. Honum tókst ekki að skapa frið, og eins er hér. Alþ. tókst ekki að vinna bug á dýrtíðinni þrátt fyrir vilja til þess og prédikanir bæði á þingfundum og í útvarpi. Það er eins og með selhausinn á Fróðá, sem gekk upp við hvert högg, en ekki niður. Dýrtíðin er ekki annað en innlend framleiðsla eins og landbúnaðarafurðirnar. Hún stafar frá hinu háa flutningsgjaldi og hinum gífurlegu tollum. Hún stafar frá verðlaginu á innlendum afurðum, sem alltaf fer hækkandi, og síðast, en ekki sízt hinum miklu gerðardómsl., sem áttu að verða til að berja hana niður til fulls. Þá fyrst gekk hún verulega upp, þegar félagsþroskinn var úr sögunni. Það er nú svo komið, að það kostar ríkið tugi milljóna að varðveita landbúnaðinn, sem er þó sá atvinnuvegur, er sízt má án vera. Bændur eiga að vísu skilið mikið af því lofi, sem á þá hefur verið borið, en mér finnst þó ekki viðeigandi rómantík, er hv. síðasti ræðumaður sagði, að Jón Sigurðsson hefði eingöngu byggt á bændum. Það er engu líkara en Jón Sigurðsson mundi ekki, ef hann væri uppi nú, hafa sérstakar mætur á sjómönnum, verkamönnum og iðnaðarmönnum. Áður var það svo, að bændastéttin var þjóðin, en nú er orðin margvísleg verkaskipting. Bóndinn var áður landbóndi og útgerðarmaður og oft iðnaðarmaður líka, og svo var um allt hans heimili. Verkaskipting er nú orðin þannig, að iðnaður er rekinn í þorpum og kaupstöðum, og eins er með útgerðina. Vegna þessarar verkaskiptingar, sem nú er orðin, mundi Jón Sigurðsson eflaust meta verkamenn og sjómenn jafnmikils og bændur, ef hann væri nú uppi. Ég tók enn fremur eftir því hjá hv. síðasta ræðumanni, sem annars talaði friðsamlega, eins og hans er vandi, að kaupið í kaupstöðunum væri aðalfjandi bændastéttarinnar. En er það ekki einmitt þetta kaup, sem ákveður kaupgetu þeirra, er landbúnaðarafurðirnar kaupa, og er það ekki líf bóndans, að almenn kaupgeta sé í kaupstöðunum? Hv. þm. ætti sízt að saga af trénu þá greinina, sem hann situr á. Það er einfaldur sannleikur, að íslenzkur landbúnaður væri illa farinn, ef þorpa- og kaupstaða-

búar hefðu ekki sæmilega kaupgetu, því að innlendi markaðurinn er aðalatriðið. Því að þótt til séu nokkrir ríkir menn, sem eiga milljónir, þá eru þeir varla svo ríkir, að þeir eigi meira en einn maga hver til að láta mjólkina í. Það eru einmitt hinir mörgu magar almennings, sem standa undir landbúnaðinum. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að bóndinn, verkamaðurinn, sjómaðurinn og iðnaðarmaðurinn hafi allir sömu hagsmuna að gæta, þegar vel er að gáð, og það má vara sig á því að draga allt fé til bóndans eins. Og ég tel, að þeir hv. þm., sem þetta frv. flytja, eigi enga vanþökk skilið af hálfu bændastéttarinnar. En þó að þetta sé gott og blessað, liggja hér fyrir ýmis önnur frv., eins og að koma upp áburðarverksmiðju fyrir 20 millj. kr. og gefa bændastéttinni hana, till. um að kaupa áhöld handa bændum og auka ræktunarstyrkinn um helming. Þetta er ekki nema gott, ef peningar eru til þess. En er ekki kominn tími til að staldra við og athuga, hvort jafnvægið er ekki farið úr skorðum? Í sambandi við þetta frv., sem ætlazt er til, að gangi í gegn, er ástæða til að minnast þess, að í landinu eru fleiri atvinnuvegir en landbúnaðurinn og að þeir hafa einnig sínar þarfir. Það er nú svo, að gagnvart útlöndum er sjávarútvegurinn grundvallaratvinnuvegur, og það þarf að búa vel að honum, svo að hann hafi hin beztu tæki til öflunar og verkunar fisks. Það dregur nú að því, að stríðinu ljúki og við fáum minna fyrir okkar afurðir en áður, og þá er illa farið, ef við stöndum uppi félausir til þeirra hluta, sem þarf að gera. Ég tek undir það, að til þess að allt fari betur úr hendi en á horfist, þarf ábyrgan meiri hl. á Alþ. Þó að ábyrgðin sé þung, eins og nú horfir, þarf þessi ábyrgi meiri hl. samt að vera til, svo að takast megi að varðveita þetta jafnvægi milli stétta og atvinnugreina.

Læt ég svo máli mínu lokið, en vil endurtaka það, að ég tel þetta frv. góðs vita, þar sem dýrtíðin hækkar ekki, þótt löglegur réttur sé til hækkunar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefur í ræðu sinni hér á undan minnzt sérstaklega á frv. það til breytinga á dýrtíðarl. frá 1943, sem hér liggur til umræðu, og mun ég því að þessu sinni víkja almennt að þeim þætti dýrtíðarmálanna, er einkum snertir afkomu bænda til samræmis við hag launastéttanna, og þá um leið minnast nokkuð á afstöðu Alþfl. til ráðstafana viðkomandi sölu á landbúnaðarafurðum, með hliðsjón af eðlilegu og sanngjörnu samstarfi bænda og neytenda í bæjunum.

Þess verður stundum vart hjá þeim, er sérstaklega telja sig málsvara bænda og búaliðs, að kala og ósanngirni gæti meðal launafólks í bæjunum til bænda. Alþfl. hefur og stundum verið borinn þeim brigzlum, að hann skorti sanngirni í garð bænda og skilning á högum þeirra og þörfum. En þessar ásakanir eru byggðar á misskilningi eða öðru lakara, og þykir mér því rétt að færa fyrir því nokkur rök.

Þegar skipulagsleysi og keppni hins frjálsa framtaks hafði leitt til fullkomins glundroða og öngþveitis á sölu íslenzkra landbúnaðarafurða innan lands, átti Alþfl. þátt í því með Framsfl. að koma nýju skipulagi á þau mál fyrir 10 árum. Eins og þá var skýrt tekið fram af Alþfl. og mótaði alla afstöðu hans til aðgerða, voru þau sjónarmið að greiða fyrir sölu landbúnaðarafurða á þann veg með nýju og bættu skipulagi, að milliliðagróða og óþarfa kostnaði við söluna yrði sem mest burtu kippt og að þessi nauðsynjavara yrði um leið seld við svo vægu verði, að hún yrði meira og almennara keypt af neytendum bæjanna. Vildi Alþfl. á þann veg samhæfa hagsmuni bænda og neytenda, og er það vissulega sú rétta og eðlilega leið. Hið nýja skipulag þessara mála, er Alþfl. fékk þá alls ekki að öllu ráðið eins og hann vildi, átti frá hans sjónarmiði að verða til þess, að bæði neytendur og bændur nytu góðs af. En því miður varð framkvæmd þessara mála ekki á þá lund, sem Alþfl. ætlaðist til og vildi vera láta. Því ollu einhæf sjónarmið þeirra manna, er fyrir hönd bændanna tóku að sér framkvæmd skipulagsins. Gætti þar miklu meira en góðu hófi gegndi skammsýni og einhuga áhuga fyrir stundarhagsmunum bænda, án þess að réttmætt tillit væri tekið til eðlilegra óska og réttinda neytendanna. Af þessu leiddi togstreitu og tortryggni, er veikti og skemmdi allt skipulagið, svo að það náði ekki þeim árangri, er Alþfl. ætlaðist til og vildi vera láta. En það var ekki hans sök og varð bændum ekki heldur til framdráttar í framtíðinni.

Þegar atvinnukreppan hafði lagzt eins og mara á íslenzkt atvinnulíf, öll sjávarútgerð stóð mjög höllum fæti og atvinnuleysi þjakaði verkamenn og sjómenn og landbúnaðurinn var í miklum kröggum, þá voru gengislögin frá 1939 sett sem tilraun til úrbóta. Í þeim lögum var hækkun landbúnaðarafurða látin hlíta sömu reglum og hækkun kaupgjalds láglaunaðs verkafólks, m. ö. o. ákveðið, að þáverandi hlutfall á milli afurðaverðs og kaupgjalds skyldi haldast óbreytt. Þetta gilti fram á árið 1940, en þá var afurðaverðið tekið út úr, og á meðan kaupgjald verkafólks var fastbundið og ekki greiddar á það fullar dýrtíðaruppbætur, voru landbúnaðarafurðir hækkaðar stórlega í verði. Þetta vakti sem von var mikla óánægju, og þegar verkamenn gátu því við komið, gerðu þeir samninga við atvinnurekendur um fulla dýrtíðaruppbót og einnig, er stundir liðu fram, samninga um verulegar grunnkaupshækkanir. En þá var afurðaverðið enn hækkað stórkostlega mikið, og er það sannað með útreikningi hagstofunnar, að tekjur bænda vegna hækkaðs afurðaverðs jukust mun meira á árunum 1941 og 1942 en tekjur verkalýðsins. En allt saman þetta jók dýrtíðina í landinu geigvænlega. Bæði Framsfl. og Sjálfstfl. áttu sinn þátt í, að hátt verð á landbúnaðarafurðum ruddi brautina til stóraukinnar dýrtíðar og varð bændunum í raun og veru aðeins stundargróði, er getur haft í för með sér meiri hættu fyrir rekstur landbúnaðar í framtíðinni, ef ekki er úr bætt.

Dýrtíðarl. frá 1943 og skipun hinnar margumræddu sex manna n. áttu að vera til þess að finna og viðhalda réttu hlutfalli á milli tekna bænda og verkalýðs. En sá galli var á í upphafi, að misræmi hafði átt sér stað áður, á árunum 1941 og 1942, eins og fyrr var getið, án þess að það væri leiðrétt. En auk þess skeði það, að sex manna n., er skipuð var mönnum úr öllum flokkum nema Alþýðuflokknum, komst að bindandi niðurstöðu, er var vægast sagt mjög vafasöm, og voru fulltrúar

úr hópi kommúnista, er áttu að gæta hagsmuna verkalýðsins, áreiðanlega ekki nægilega vökulir á verðinum. Alþýðuflokkurinn hefur aldrei fyrir sitt leyti getað fallizt á, að niðurstaða sex manna gerðarinnar væri réttmæt. Og nú hefur einnig það ánægjulega skeð, að fulltrúar bænda á búnaðarþingi hafa fyrir sitt leyti viljað falla frá kröfu um þá 9,4% hækkun á landbúnaðarafurðum frá 15. þ. m., er sex manna gerðin hafði í för með sér, þó að því annars virðingarverða tilboði fylgi böggull útflutningsuppbótanna.

Með því háa landbúnaðarafurðaverði á innlendum markaði, er orðið hefur hér síðustu ár, hefur skapazt það óheillavænlega ástand, að þær afurðir landbúnaðarins, sem ekki er hægt að selja innanlands, eru seldar á erlendum markaði fyrir langtum lægra verð. En fyrir þessar sakir hefur meiri hluti Alþ. leiðzt inn á þær óheillabrau ir að verja tugum milljóna úr ríkissjóði til greiðslu útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Er það auðsætt, að slíkt getur ekki gengið áfram. Bæði er það, að ekki er unnt að reka atvinnuveg með þessu móti, og eins hitt, að ríkissjóð skortir fé til jafntröllaukinna útgjalda, nema það gangi út yfir nauðsynlegar framkvæmdir ríkisins. Og ég þykist vera þess fullviss, að einmitt bændurnir sjái það og skilji, að búskapurinn verður aldrei á því byggður til nokkurrar frambúðar. Það verður því að finnast önnur lausn á vandamálum íslenzks landbúnaðar en tugmilljóna greiðslur úr ríkissjóði til útflutningsuppbóta. Ríkið á og verður að létta undir með atvinnurekstri bændanna á þann hátt að greiða fyrir aukinni vélanotkun og ræktun landsins. En það er sérstakur kapítuli, sem ekki er unnt að útskýra og rökræða nánar að þessu sinni.

Í dýrtíðarmálunum, og þá ekki hvað sízt þeim þætti þeirra, er snertir verðlag landbúnaðarafurða, hafa verið gerð svo mörg og stór mistök undanfarin ár, að örðugt er úr að bæta. Það hefur verið gripið til þeirra ráðstafana hér á landi, eins og víða annars staðar, að halda verðlagi niðri á innlendum markaði með greiðslum úr ríkissjóði. Þessi leið er að vísu vafasöm, þó að því verði alls ekki neitað, að stórkostleg hætta vofi yfir íslenzkum atvinnurekstri, ef allur þungi hinnar raunverulegu dýrtíðar skellur yfir. Má því vissulega segja, að nú, rétt áður en gert er ráð fyrir ófriðarlokum hér í álfunni, verði ekki hjá því komizt að verja tekjum ríkissjóðs að einhverju leyti til þess, að hin raunverulega dýrtíð sligi ekki atvinnureksturinn í landinu. En búast má svo við því að stríði loknu, að alþjóðleg viðskipti og samtök skapi ný viðhorf hér á landi.

Út af frv. því, sem fyrir liggur til umræðu, er hægt að segja það, að Alþfl. fagnar því, að bændur skuli hafa sýnt þann skilning, að þeim sé sjálfum og þjóðfélaginu yfirleitt fyrir beztu, að 6 manna nefndar gerðinni sé vikið til hliðar á þann hátt að láta ekki koma til framkvæmda hækkun á verði landbúnaðarafurða. En um leið verður að taka það fram, að ekki er unnt, skynsamlegt né eðlilegt að viðhalda með sama máta og verið hefur útflutningsuppbótum, án þess að nokkuð sé um það vitað, hvað miklar þær þurfi að verða né hvernig þær koma niður, og án þess að tryggt sé, að verkalýðsstéttirnar við sjávarsíðuna haldi ekki lakari kjörum með kaupi og vinnu.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hef ekki margar athugasemdir við ræður þeirra hv. þm., sem töluðu á undan mér. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) taldi upp, hvernig verðbólgan og dýrtíðin hefðu aukizt í landinu. Ég tók ekki eftir, að hann teldi upp einn lið, sem kemur mikið við sögu, en það eru vinnulaunin, sem munu vera um 90% af öllum kostnaði.

Stefán Jóh. Stefánsson ræddi um, að álit sex manna n. hafi verið hagstætt bændum, en ég vil aðeins segja hv. þm., að ég lít allt öðruvísi á málið, og þó að bændur falli frá að taka þá hækkun, sem þeim ber skv. l., þá er það ekki af þeirri ástæðu, að þeirra hlutur hafi verið of hár skv. sex manna n. álitinu, heldur hinu, að þeir eiga kröfu, sem vafasamt er, að verði tryggð betur á annan hátt en með því boði, sem lagt var fram.

Þegar rætt er um frv. það, sem hér liggur fyrir, verður ekki hjá því komizt að ræða nokkuð ýtarlega afskipti Búnaðarfélags Íslands af málum þeim, sem það fjallar um, þar sem það er vitað, að þau afskipti hafa orðið til að koma þessari hreyfingu á málið og ráðið mestu um þá bráðabirgðalausn, sem að er stefnt. Mun ég einkum snúa mér að þessari hlið málsins.

Eins og öllum er kunnugt, hvarf Alþ. árið 1942 frá þeirri skipan, er þá hafði staðið um skeið, að binda með lögum tvö hin veigamestu atriði verðlagsmálanna, sem sé verkalaun og verð innlendra afurða, eða eins og líka má orða það: kaup verkamanna og bænda.

Þá þegar var tekin sú stefna, þó að hún væri ekki fastmótuð fyrr en síðar, að freista þess að halda þessum tveim áhrifamestu þáttum verðbólgunnar í skefjum með frjálsum samningum við aðila þá, er hér áttu hlut að máli, verkamenn og bændur. Mál þessi komu mjög til umræðu á Alþ. 1943 í sambandi við dýrtíðarfrv. ríkisstj. Þegar frv. það var lagt fyrir þingið, voru í því nokkur ákvæði um lögbindingu verðlags og kaupgjalds. En í meðferð málsins á þinginu kom fljótlega í ljós, að ekkert meirihlutafylgi var þar fyrir því að ákveða neina lögbindingu kaupgjalds, og kom þá ekki til greina að binda verðlag landbúnaðarvara eitt út af fyrir sig. Í umræðum um mál þessi voru þá uppi margar raddir bæði á Alþ. og í blöðum um, að eina leiðin til að stöðva aukningu verðbólgunnar, hvað þessi atriði snertir, væri sú að fá með frjálsum samningum við bændur og verkamenn gagnkvæma lækkun verðlags og kaupgjalds, eða að minnsta kosti fulla stöðvun hækkana frá því, sem þá var orðið. Af framkvæmdum í þessa átt varð þó ekkert lengi vel.

Meðan þessu fór fram á Alþ., sat hér á rökstólum búnaðarþing, er fylgdist með málum þessum og tók þau til meðferðar hjá sér. — Var þá m. a. rædd aðstaða landbúnaðarins í þessu sambandi, en hann hafði þá ekki á að skipa neinum heildarhagsmunasamtökum fyrir bændastéttina, þar sem launastéttirnar hins vegar höfðu fastskipulagðan félagsskap, Alþýðusamband Íslands, til forsvars og samninga fyrir þeirra hönd, en Búnaðarfélag Íslands hafði til þess tíma nær eingöngu látið hin faglegu mál stéttarinnar til sín taka. Niðurstaða þessara umræðna og athugana varð sú, að búnaðarþing ákvað, að Búnaðarfélag Íslands skyldi nú taka í sínar hendur forystuna í hagsmunasamtökum bændastéttarinnar fyrst um sinn, þar sem búnaðarfélög væru eini stéttarfélags-

skapur bændanna, er væri þannig skipulagður, að hann næði til allra bænda landsins. Var um þetta gerð sérstök ályktun á búnaðarþinginu og stjórn Búnaðarfélagsins falið að hafa með höndum framkvæmd þessara mála á milli þinga. Auk þessa samþykkti búnaðarþing sérstaka ályktun í verðlagsmálum, er skyldi vera eins konar starfsgrundvöllur fyrir stjórn félagsins að halda sér eftir.

Í ályktun þessari segir svo, að búnaðarþing telji ekki viðunandi, að lögbundið sé verðlag á landbúnaðarvörum, án þess að jafnframt sé tryggt, að vinna sú, sem lögð er fram við framleiðslu landbúnaðarvara, verði eins vel launuð og önnur sambærileg vinna í landinu.

Þá ályktar búnaðarþingið að lýsa því yfir fyrir hönd bændastéttarinnar, að það geti eins og þá er ástatt fallizt á, að verð það, sem var á landbúnaðarvöru 15. des. árið áður, verði fært niður, ef samtímis fer fram hlutfallsleg lækkun á launum og kaupgjaldi.

Búnaðarþingið tók sér með þessu fyrir hendur nýtt verkefni, er það hafði ekki áður haft með höndum. Varð ekki annars vart en að bændur létu sér þessa ákvörðun yfirleitt vel líka.

Þegar búnaðarþing samþykkti ályktun þessa, var ástandið á Alþ. ekki ósvipað því, sem nú hefur verið undanfarið. Dýrtíðarmálin höfðu þá um langt skeið legið í nefnd og virtust komin í eins konar sjálfheldu. Enda grípur nú Alþ. óðara ályktun búnaðarþingsins sem björgun til bráðabirgðalausnar í málunum og afgreiðir þau í samræmi við tillögur Búnaðarfélags Íslands. Ákveður það nú að skipa nefnd fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands, Alþýðusambandinu og Starfsmannafélagi ríkis og bæja, ásamt tveim sérfróðum mönnum um verðlagsmál, — hina svokölluðu sex manna nefnd, — til þess að leita að réttu hlutfalli verðlags og kaupgjalds á grundvelli búnaðarþingssamþykktarinnar. Starf nefndarinnar og niðurstöður eru öllum kunnar, og hafa þær síðan verið sá grundvöllur í verðlagsmálum landbúnaðarins, sem á hefur verið byggt. Er þannig ekki ofsagt, að búnaðarþing hafi með aðgerðum sínum í verðlagsmálunum 1943 átt drýgstan þáttinn í að leysa þau úr þeirri flækju, sem þau voru komin í á Alþ., og hjálpa til að fleyta þeim fram á þennan dag.

Með niðurstöðu sex manna nefndarinnar var leystur annar liður þeirrar ályktunar, sem ég skýrði frá, að gerð hefði verið á búnaðarþingi 1943. Þá var enn eftir að reyna til þrautar hitt atriðið, sem var tilboð um gagnkvæma niðurfærslu launa og afurðaverðs til lækkunar dýrtíðarinnar.

Hinar jákvæðu niðurstöður af starfi sex manna nefndarinnar voru nauðsynlegur liður, svo að ekki sé sagt undirstöðuatriði, þess, að gagnkvæmir samningar gætu tekizt um frjálst samkomulag þessara stétta, bænda og verkamanna, um stöðvun eða niðurfærslu verðbólgunnar. Nú átti deilunni á milli þessara aðila um hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags að vera lokið, svo að nú var orðið einfalt reikningsdæmi að ákveða, hvað væri hlutfallsleg lækkun hjá hverjum fyrir sig, ef samkomulag næðist um að fara þá leið.

Hitt hlaut öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, að næðist ekkert samkomulag um stöðvun eða lækkun kaupgjaldsins, þegar búið var að binda afurðaverðið við það með lögum, hvað þá ef grunnkaupið héldi áfram að hækka, þá væru lögin um sex manna nefndar verðið orðin sjálfvirk, lögvernduð hækkunarskrúfa, sem fyrr eða síðar hlyti að sprengja allar stíflur gegn verðbólguflóðinu í loft upp og fara sjálf í mola um leið. Þetta sáu allir menn, sem höfðu opin augu. Spurningin var aðeins um það, hversu langt yrði þangað til allt brysti, ef þannig væri fram haldið.

Þetta var fulltrúum bænda í Búnaðarfélagi Íslands ljóst. Þess vegna lögðu þeir tilboð búnaðarþings frá 1943 um gagnkvæma lækkun verðlags og kaupgjalds fram í hinni síðari sex manna nefnd, er skipuð var um haustið 1943 fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, sem þá mun hafa viljað reyna til þrautar, hvort unnt yrði að stöðva eða lækka dýrtíðina eftir hinni frjálsu leið með samkomulagi þessara stétta. Lagði nú félagið álit sex manna nefndarinnar til grundvallar, enda var það nú orðið lögleg sáttagerð í máli þessu.

Fulltrúar Búnaðarfélagsins buðu 5—10% lækkun á landbúnaðarvörum gegn sams konar lækkun á kaupgjaldi til þess að taka broddinn af hækkunarskrúfunni. Þessu tilboði var með öllu hafnað af fulltrúum Alþýðusambandsins, og þar með var þessari tilraun lokið.

Síðan hélt skrúfan áfram. Grunnkaup hækkaði í ýmsum greinum, framfærsluvísitalan hækkaði og verðlagsvísitala landbúnaðarvara í beinu áframhaldi af því.

Þegar svo Alþ. kom saman hinn 2. sept. síðast liðinn og búið var að reikna út hina nýju verðlagsvísitölu landbúnaðarvara, sem sýndi hækkun um 9,4% frá því, sem áður hafði verið, stóð ríkisstjórnin ráðþrota um framkvæmd dýrtíðarlaganna. Skýrði hún þinginu frá því, að nú væri ekki nema um tvennt að gera, að lækka verðlag á landbúnaðarvörum og kaupgjald með lögum, fyrst það tækist ekki öðruvísi, eða að sleppa dýrtíðinni lausri. Lagði hún svo fram frumvarp, sem nú er kunnugt orðið og sem eins og hið fyrra frumvarp hennar hafði inni að halda ákvæði um nokkra bindingu afurðaverðs og kaupgjalds.

Það kom enn í ljós, að enginn meiri hluti var fáanlegur í Alþ. með frumvarpi þessu og enn síður fyrir því að binda eða lækka kaupgjaldið með lögum. Afleiðingarnar þekkja allir. Ríkisstjórnin sagði af sér, og flokkar þingsins voru til þess kvaddir af forseta að gera tilraun um lausn málanna, myndun ríkisstjórnar og ákvarðanir í dýrtíðarmálunum. — Áður en þetta gerðist, höfðu þingflokkarnir kosið þrjá menn hver til viðræðna um mál þessi, hina svo kölluðu tólf manna nefnd, og tók hún nú við hinu nýja vandamáli. Tólf manna nefndin tók nú upp að nýju leið hinna frjálsu samninga milli stéttanna um kaupgjald og afurðaverðið. Sneri hún sér til Alþýðusambandsins sem fulltrúa launamanna, Vinnuveitendafélagsins sem fulltrúa atvinnurekenda bæjanna og Búnaðarfélags Íslands sem fulltrúa bændanna.

Það hefði óneitanlega verið ábyrgðarminnst og vandaminnst fyrir Búnaðarfélag Íslands að víkja sér með öllu undan frekari afskiptum af málum þessum og segja við Alþ. sem svo: „Ber þú sjálfur fjanda þinn.“ — En það taldi stjórn þess þó ekki fært eins og málum var komið.

Búnaðarþingið hafði eins og fyrr er sagt ákveðið að láta mál þessi til sín taka og falið stjórn félagsins forsvar þeirra. Og Alþ. hafði með dýrtíðarlögunum frá 1943 lögfest félagið sem aðila um þessi mál fyrir hönd bændastéttarinnar, og það hafði þegar haft af þeim margvísleg afskipti bæði í skipun og störfum sex manna nefndarinnar og á annan hátt. Hvaðanæva af landinu höfðu borizt álitsgerðir frá bændum og félögum þeirra, er lýstu ánægju sinni yfir þessari nýjung í starfsháttum félagsins. Þetta allt, ásamt eðli málsins, varð þess valdandi, að stjórn Búnaðarfélagsins áleit ekki fært að víkja sér undan þessum vanda, en taldi hins vegar sjálfsagt að kalla saman sér til fulltingis fulltrúa búnaðarþingsins utan af landi, þar sem henni var ljóst, hver alvara hér var á ferðum. Þegar svo búnaðarþingsfulltrúarnir fóru að kynna sér viðhorf þessara mála, komust þeir fljótt að raun um það, hversu ástandið var orðið alvarlegt. Að sumu leyti var það svipað og á vetrarþinginu 1943, er búnaðarþing hjálpaði til að skera á hnútinn með tillögum sínum, þeim er áður getur. Málið var nú búið að liggja um sinn í nefndum hjá þingflokkunum, en engin lausn eygjanleg. En þó var allur sjúkdómur þessa máls kominn á stórum hærra stig nú en þá.

Upplýsingar lágu fljótlega fyrir fulltrúum þingsins, er glögglega sýndu, hve hér var komið í óvænt efni:

Upplýsingar lágu fyrir um það, að ríkisstjórnin hefði í allt sumar unnið að því að koma saman fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, en væri ekki búin að leggja það fyrir enn, þó að þingið hefði nú setið um þrjár vikur, vegna erfiðleika við að fá á því viðunandi niðurstöður. Þó hafði svo mikið frétzt um fjármálaástandið, að heildargreiðslur yfirstandandi árs muni nema um 115 milljónum króna, eða nær sexfaldri þeirri upphæð, sem útgjöld ríkisins námu fyrir styrjöldina, og að útgjöldin færu síhækkandi.

Enn fremur var það þá þegar vitað, að á hinu nýja fjárlagafrumvarpi væri gert ráð fyrir 10 millj. króna hækkun á rekstrarútgjöldum ríkisins og að tekjur og gjöld stæðust þar á með því, að allmikið væru niður skornar verklegar framkvæmdir frá því, er væri á fjárlögum þessa árs, og að ekki væri gert ráð fyrir neinum tekjum til að mæta niðurgreiðslu vegna dýrtíðarinnar né til útflutningsuppbóta, en þessi útgjöld munu nema um 20 millj. kr. á þessu ári.

Þrátt fyrir þetta væru útgjöldin miðuð við framfærsluvísitölu 250.

Allt þetta liggur nú fyrir í hinu nýja fjárlagafrumvarpi.

Þá er einnig vitað, að hver 6 stiga hækkun á vísitölu hefur í för með sér einnar millj. króna hækkun á rekstrarútgjöldum ríkisins.

Upplýsingar lágu fyrir um það, að ef halda ætti framfærsluvísitölunni niðri á sama stigi og hún er nú og greiða áætlaðar útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur miðað við hið nýskráða verð, þyrfti til þess fullar 30 millj. króna eða um 50% hærri fjárfúlgu en öll fjárlögin námu fyrir stríð.

Upplýsingar lágu fyrir um það, að útilokað væri, að meiri hluti fengist á Alþ. fyrir því að samþykkja þessi útgjöld að öllu óbreyttu og að afla tekna til þeirra.

Í þessu sambandi er rétt að gera sér þess grein, hver er almennastur skilningur manna á rétti bænda til að tryggja sér verðlag sex manna nefndarinnar. En hann er þetta:

Ef verðið á innlenda markaðnum er sett fast fyrir tilstuðlan stjórnarvaldanna, eins og verið hefur undanfarið, er það skylda ríkisins að bæta bændum upp það, sem á vantar, að þeir fái það verð, er þeim ber samkvæmt sex manna nefndar álitinu bæði á innlendum og erlendum markaði. Neiti ríkið hins vegar að bæta upp verð það, sem fyrir vöruna fæst á erlendum markaði, þannig að það nái sex manna nefndar verðinu, er skýlaus réttur bænda að setja það verð á vöruna á innlenda markaðnum, að sex manna nefndar verðið fáist fyrir alla vöruna í heild bæði á útlenda og innlenda markaðnum.

Þannig leit kjötverðlagsnefnd á þetta mál haustið 1943 og neitaði því að ákveða útsöluverð á innlendum markaði, fyrr en vitneskja fengist um það, hvort uppbætur yrðu greiddar á útflutningsvöruna. Þannig lítur sama nefnd á málið enn, með því að hún hefur nýskeð gefið út reikningslegt yfirlit um það, hve hátt verðið þyrfti að vera á innlenda markaðnum til þess að tryggja bændum sex manna nefndar verðið, ef engar útflutningsuppbætur yrðu greiddar og engar niðurborganir ættu sér stað.

Til viðbótar þremur áðurgreindum atriðum lágu fyrir upplýsingar frá kjötverðlagsnefnd, sem hér segir:

Ef greiddar væru útflutningsuppbætur á kjötið, en engar niðurgreiðslur á innlendum markaði, þyrfti að selja hvert kjötkg í smásölu á innlendum markaði á 11.07 kr., en af því fengju bændurnir hinar tilskildu 7,76 kr., á kg. Kostnaðurinn við að koma hverju kg kjöts í peninga er samkvæmt þessu 3,31 eða kostnaðurinn á 15 kg skrokk um **50 krónur.**

Eða með öðrum orðum: Ef kjötverðið væri nú ekki nema tvöfalt við það, sem var fyrir stríð, þá mundi það ekki einu sinni borga slátrunar- og sölukostnað lambsins.

Enn fremur upplýsti kjötverðlagsnefnd, að ef haga ætti verðinu á innlenda markaðnum með tilliti til þess, að hvorki væru greiddar útflutningsuppbætur né niðurfærslur verðs á innl. markaði, yrði að setja á hvert kjötkg útsöluverð, sem næmi 18—19 krónum, til þess að framleiðendur fengju hið lögákveðna verð, eða því sem næst eins og sæmilegur dilkur lagði sig fyrir styrjöldina.

Það lágu fyrir fulltrúunum upplýsingar um það, að ef nú yrði hætt að greiða niður vöruverð á innlendum markaði, þá hefði það í för með sér eftir hinu nýja verðlagi á landbúnaðarvörum, að framfærsluvísitalan færi samstundis upp í full 300 stig, enda þótt ekkert tillit væri tekið til verðjöfnunar á útflutt kjöt í innanlandsverðinu. Ef framkvæma ætti um leið verðjöfnun fyrir útflutningsafurðirnar þannig, að kjötverð innanlands færi upp í 18—19 kr. á innanlandsmarkaðnum eins og kjötverðlagsnefnd hafði gert ráð fyrir, þá færi framfærsluvísitalan samstundis upp í 340—350 stig, sem síðan hækkaði bráðlega upp í 360—370, eftir að þessar hækkanir færu að hafa áhrif á verðlagið, og sæi enginn fyrir þann endi.

Þegar menn athuga þessar upplýsingar, þá sjá þeir þegar í hendi sinni, að sú stund, sem allir hugsandi menn höfðu búizt við, hlyti að koma

fyrr eða síðar að öllu þessu framferði óbreyttu, að allt þetta fjármálakerfi hlyti að sprengja sig sjálft í loft upp áður lyki. Þessi stund var nú komin. Sprengingin var nú fyrir dyrum og dyndi á næstu daga, ef hvergi væri dregið úr þrýstingnum.

Og afleiðingarnar voru fyrirsjáanlegar. Mikill hluti atvinnulífs landsmanna hryndi í rústir á skammri stundu. Sjómönnum yrði fyrirmunað að afla fiskjar, þannig að nokkur von væri til, að sú starfsgrein gæti borið sig, þótt enn um stund kynnu þeir að eiga völ á hinum bezta markaði, sem heimurinn hefur þekkt fyrir þá vöru. En þar með var hruninn grundvöllurinn undan utanríkisviðskiptum þjóðarinnar.

Útgjöld ríkisins á rekstrarkostnaði einum saman mundi hækka viðstöðulaust á sama tíma og tekjur ríkisins minnkuðu með hverjum degi sökum stöðvunar á atvinnurekstri og vinnutekjum almennings.

Geta ríkisins til þess að halda áfram verklegum framkvæmdum hlaut því að stöðvast, jafnframt því sem almennt atvinnuleysisástand skapaðist í öðrum starfsgreinum landsins.

Peningainnstæður þjóðarinnar þynntust upp og hyrfu eins og mjöll í leysingu í réttu hlutfalli við hina hækkandi verðbólgu. En á meðan allt þetta væri að gerast, yrði svo þjóðinni kastað út í harðsnúnar kosningar í byrjun vetrarins, en viðurstyggð eyðingarinnar ynni óhindruð að því að leggja þjóðfélagið í rústir.

Þetta var í stórum dráttum myndin, sem blasti við á næstu mánuðum, ef ekkert yrði að gert. Nú lá fyrir búnaðarfulltrúunum þessi spurning:

Hvað viljið þið leggja til fyrir bændanna hönd í þessu vandamáli? Hvaða fórnir viljið þið leggja til, að þeir færi til að freista þess að komast hjá þessum afleiðingum, sem hér hefur verið lýst, fyrir þjóðfélagið og sjálfa sig?

Búnaðarþingið gat svarað þessu á ýmsa vegu. Það gat sagt: Bændurnir eiga ekki meira í húfi en aðrar stéttir, þótt illt eigi að ske. Við höfum boðið að færa fórnir jafnt öðrum til lausnar máli þessu, og neiti þeir að fórna nokkru fyrir sínar stéttir, þá er bezt að lofa þessu öllu að ganga sinn gang. Við eigum löglega kröfu til að fá hina umtöluðu hækkun á afurðum okkar, við getum samkvæmt lögum sett kjötið upp í 18—19 krónur, já jafnvel 30—40, ef þess þarf með. Við förum svo sem ekki að gefa eftir af okkar löglegu kröfum. — Þetta gat búnaðarþingið sagt, en það gerði það ekki. Það óskaði ekki eftir, að bændastéttin væri leidd inn í þann dans, sem nú væri fram undan, þótt svo kynni að vera, að ýmsir stéttarbræður þeirra hefðu hug á því að leika enn um stund í þessu „bíói" á fossbrúninni.

Þeir tóku því að leita bráðabirgðaúrræða í samráði við þingflokkana. Og niðurstaða þeirra samtala er nú orðin kunn, en hún er í aðalatriðum þessi:

Búnaðarþing leggur það til fyrir hönd bændanna, að fallið sé frá kröfunni um þá hækkun afurðaverðs, sem gekk í gildi hinn 15. sept. s. l. og var 9.4%, ef Alþingi með því sæi sér fært að halda dýrtíðinni í skefjum með þeim ráðum, sem það hefur til þess, þar á meðal því að borga niður dýrtíðina á svipaðan hátt og verið hefur, svo að atvinnulífið geti haldið áfram ólamað, a. m. k. á meðan erlendar markaðsástæður koma ekki í veg fyrir það. Skilyrði fyrir því, að inn á þetta sé gengið af hálfu búnaðarþings, er það, að veitt sé trygging af hálfu ríkisins fyrir greiðslu verðuppbóta á útlendum markaði á sama hátt og gert var s. l. ár, svo að bændur hafi tryggingu fyrir hinu umsamda verði, þ. e. sama verði og var síðast liðið ár. Þetta er gert í trausti þess, að aðrar stéttir þjóðfélagsins veiti á eftir samsvarandi tilhliðranir. En skyldi svo fara, móti vonum manna, að enn verði ekki spornað með öllu gegn hækkun launa og auknum kostnaði við framleiðsluna, þá verði sú nýja hækkun bætt bændum mánaðarlega með hækkuðu verði á landbúnaðarvörunum.

Að þessum tilboðum og skilyrðum búnaðarþings virðist nú Alþ. ætla að ganga, og er frumvarp það, sem nú liggur hér fyrir, vottur þess. Búnaðarþing hefur þannig tvisvar á tveim árum orðið til þess með tillögum sínum að greiða úr flækjum verðlagsmálsins á Alþ., sem í bæði skiptin virtust nærri óleysandi, og í þetta skipti með því að leggja til, að bændur færðu fyrstir þá fórn á kjarabótum, er óskað hefur verið eftir af þingi og stjórn undanfarin ár, en aðrar stéttir hafa neitað að færa til þessa dags.

Ég hef orðið þess var, að ýmsir menn véfengja þann rétt, er búnaðarþing hafi til ályktana sem þessara. En þó hygg ég, að þeir verði fleiri meðal bænda, sem líti þannig á, samkvæmt forsögu málsins, að búnaðarþingsfulltrúunum hafi borið ekki aðeins réttur, heldur og skylda, að láta álit sitt uppi um mál þessi, er til þess var leitað, og þá bar þeim vitanlega að leggja það eitt til, sem þeir álitu þjóðinni í heild, og þar með bændastéttinni, affarasælast.

Búnaðarþingið hefur áður boðið fram lækkun á því afurðaverði, sem bændur áttu rétt til samkvæmt lögum. Réttur þess til að gefa slíkt tilboð hefur ekki verið véfengdur svo að mér sé kunnugt um, og nú er það tilboð af sumum talið eins konar goðsvar, sem aldrei megi breyta, en því fylgdi það skilyrði, að aðrar stéttir færðu samtímis fórnir á móti með tilsvarandi lækkun kaupgjalds. En hafi Búnaðarfélagið haft rétt til að bjóða slík boð áður, þó að skilyrðin væru þá nokkuð önnur en nú, þá hefur það tvímælalaust sama rétt til að bjóða lækkun þá, sem hér um ræðir, þótt önnur skilyrði fylgi. Á tilboðum þessum er stigmunur, en enginn eðlismunur. Í bæði skiptin liggja fyrir tilboð um nákvæmlega það sama, það er fjármunalega fórn af hálfu bænda. Í bæði skiptin er boðið upp á að slaka til á löglega ákveðnu verði landbúnaðarvara, verði, sem ákveðið hefur verið með tilliti til framleiðslukostnaðar liðins tíma, og það án þess að bændur sjálfir fengju nokkrar beinar bætur fyrir. Hvort tveggja var gert í þeim tilgangi fyrst og fremst að koma fjárhagsmálum alþjóðar á öruggari grundvöll. Hin fjármunalega fórn bænda var sams konar í bæði skiptin. Hinu neitar enginn, að árangurinn hefði orðið tvöfaldur um lagfæringu á ástandinu, ef færð hefði verið um leið sambærileg fórn af öðrum aðilum, enda var það líka sjálfsögð réttlætiskrafa.

Nú hefur búnaðarþing, þegar sýnt var, að engin leið var að fá fullnægt hinu fyrra skilyrði um kauplækkanir samtímis á móti, og þegar allt var að komast í óefni, stigið feti lengra og boðið af hálfu bændastéttarinnar, að hún byrjaði að færa sínar

fórnir, í trausti þess, að aðrir komi á eftir. Og það hefur gert þetta boð með nákvæmlega sama rétti og í nákvæmlega sama tilgangi og hið fyrra.

Hitt er svo annað mál, að þetta kann að særa metnað sumra manna fyrir hönd bændastéttarinnar, að þeim skuli fyrstum allra stétta ætlað að falla frá réttmætum kröfum sínum.

Ég mun sízt gera lítið úr heilbrigðum stéttametnaði bænda og tel, að hann þurfi að vera á ýmsum sviðum miklu meiri en hann er. En metnaðurinn er svo misjafn og margháttaður og ekki allur jafneftirsóknarverður. Ég tel það til dæmis ekki metnað til fyrirmyndar, þegar tveir menn á sökkvandi skipi sitja og metast á um það til eilífðar nóns, hvor þeirra eigi að byrja á að ausa.

Hallgerður og Bergþóra höfðu þann metnað að láta drepa æ því fleiri menn hvor fyrir annarri, sem lengur leið, og höfðingjar Sturlungaaldarinnar höfðu margir svipaðan metnað hver gegn öðrum. Allir vita, til hvers sá metnaður leiddi. Hallur á Síðu og Þorgeir Ljósvetningagoði settu hins vegar metnað sinn í það að setja niður deilur og afstýra þjóðarvandræðum, þó að þeir sjálfir yrðu að færa nokkrar fórnir. —

Búnaðarþingið kaus íslenzkum bændum heldur til handa metnað þeirra Halls og Þorgeirs en metnað Hallgerðar og Bergþóru og höfðingja Sturlungaaldarinnar.

En svo að lokum þetta:

Það var sameiginleg sannfæring þeirra búnaðarþingsfulltrúa, er að samþykkt þessari stóðu, að allir, — einnig bændurnir sjálfir, sem þessa umtöluðu fórn færðu, — mundu bera fjárhagslega meira úr býtum með þeirri lausn, sem hér var valin, en ella hefði verið kostur, enda þótt þeim hefði tekizt að bjarga einhverju af verðmætum sínum undan rústum þjóðfélagsins í því hruni, sem virtist óumflýjanlegt, ef þeir hefðu tekið aðra ákvörðun en þeir tóku.

Ég hygg, að aðrir bændur þessa lands muni komast að sömu niðurstöðu, ef þeir hugsa mál þessi rólega og hleypidómalaust.

Og fleiri stéttum þessa þjóðfélags væri hollt að hugleiða þessi sannindi, að því aðeins geta kröfur þeirra og kjarabætur orðið stéttinni til farsældar, er til lengdar lætur, að þær séu í samræmi við hagsmuni þess þjóðfélags, sem hún er hluti af. Þar hitta menn allt af sjálfa sig fyrir að lokum.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Góðir tilheyrendur. Tilefni þessara umr. er frv. til l. um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, sem meiri hl. fjhn. þessarar hv. d., þeir Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason og Ásgeir Ásgeirsson, flytur.

Tilefnið til samningar þessa frv. voru samþykktir aukabúnaðarþings, sem haldið var í lok síðustu viku. Þetta aukaþing var kallað saman til þess að ræða aðkallandi vanda í afurðasölumálunum og til þess að reyna að leysa þann hnút, sem þau voru komin í. Áður en aukaþingið kom saman, hafði ríkisstjórnin upplýst það, að samkvæmt útreikningi kjötverðlagsnefndar þyrfti kjötkílóið að kosta kr. 11.07, ef hætt væri niðurgreiðslum á innlendu neyzlunni, og kr. 18,87, ef hætt væri verðuppbótum á útflutta kjötinu líka. Fulltrúar bænda hér á þingi gerðu sér ljóst, að þetta verð náði engri átt, vegna þess að það hefði hækkað vísitöluna um ein 60 stig, en þar á ofan hefði fólk yfirleitt hætt að kaupa kjöt.

Þegar þing kom saman í haust, var vitað mál, að óhjákvæmilegt væri að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að stöðva dýrtíðina og skapa þjóðareiningu um að halda atvinnulífi þjóðarinnar, og þá fyrst og fremst sjávarútveginum, gangandi og auka hann.

Í sambandi við þetta hófust umræður milli flokkanna um myndun stjórnar, er setti sér það verkefni að hefja nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar og nota til þeirra hluta innstæður þjóðarinnar erlendis með það fyrir augum að fyrirbyggja atvinnuleysi að stríðinu loknu. Í þessum umr. kom það fram, að nauðsynlegt væri að tryggja slíkri stjórn vinnufrið, svo að framkvæmdir hennar trufluðust ekki af innbyrðis deilum atvinnurekenda og verkamanna.

Af þessum sökum var leitað til stjórnar Alþýðusambands Íslands, sem eftir nokkrar viðræður við fulltrúa flokkanna gaf tilboð, sem samþ. var á fundi Alþýðusambandsstjórnarinnar 1. sept. s. l. Tilboðið er svo hljóðandi:

„Vegna fyrirspurnar þeirra Haralds Guðmundssonar og Brynjólfs Bjarnasonar sem fulltrúa nefnda flokkanna, er viðræður hafa átt um stjórnarmyndun, vill stjórn Alþýðusambands Íslands taka það fram, að hún er fyrir sitt leyti meðmælt því, að gerðir verði heildarsamningar um kaup og kjör til tveggja ára í meginatriðum á grundvelli núverandi samninga stéttafélaganna með nauðsynlegum samræmingum kaups og kjara á hinum ýmsu stöðum og starfsgreinum og er reiðubúin að hefja viðræður við fulltrúa atvinnurekenda um þetta efni og leita umboðs sambandsfélaganna til samninga, ef líkur eru til, að samkomulag náist, enda verði um leið samkomulag um verð landbúnaðarafurða í sanngjörnu hlutfalli við almenn launakjör á grundvelli þess, sem verið hefur undanfarið, og gerðar verði ráðstafanir til að tryggja stöðuga atvinnu og fyrirbyggja atvinnuleysi með öllu eftir nánara samkomulagi um þessi atriði o. fl."

Eins og menn sjá, þá lýsir Alþýðusambandið sig reiðubúið til þess, að komið verði á samningum um kaup og kjör í landinu til tveggja ára, í meginatriðum óbreytt frá því, sem nú er. Hjá öllum stærstu félögunum taldi Alþýðusambandið, að hægt yrði að semja alveg um óbreytt kaup, en á ýmsum smærri stöðum, einkum á Austurlandi, þyrfti nokkrar lagfæringar til samræmis við kaupgjald annars staðar.

Þarna höfðu verkalýðssamtökin riðið á vaðið og boðið tveggja ára frið, til þess að þjóðin gæti snúið sér einhuga að uppbyggingu atvinnulífsins. Vinnuveitendafélagið hefur tekið þessu tilboði Alþýðusambandsins illa, og í stað þess að setjast að samningaborði til þess að koma á heildarsamningum, þvingar það meðlimi sína til þess að taka á sig stórtjón með langvarandi verkföllum út af smávægilegum lagfæringum. Annars er þess að vænta, að hinir einstöku atvinnurekendur taki mál sín í eigin hendur, en láti ekki Eggert Claessen og hans líka neyða sig út í illdeilur við verkamenn, sem þeir eingöngu skaðast á.

Tilboð Alþýðusambandsins sýndi, að verkalýðurinn er tilbúinn að leggja fram sinn skerf til endurnýjunar atvinnulífsins í landinu og aukningar

þess. Verkalýðshreyfingin er tilbúin til þess að leggja niður allar deilur við atvinnurekendur í tvö ár, til þess að þjóðin geti einhuga snúið sér að mestu verkefnum, sem fyrir henni hafa legið til úrlausnar, nýsköpun atvinnulífsins á Íslandi. Þjóðin hefur nú einstætt tækifæri til þess að koma á stórfelldum atvinnuframförum í landinu, bara ef hún vill nota það. Og það verður hún að gera.

Eftir að Alþýðusambandið hafði afhent flokkunum tilboð sitt, var búnaðarþing kvatt saman. Þegar búnaðarþingið kom saman, þá lá það fyrir, að landbúnaðarvísitalan hafði hækkað um 9,4 stig. Enn fremur var alveg óvíst, hvort haldið yrði áfram að greiða niður kjötið og mjólkina á innlendum markaði, og sáralitlar líkur til þess, að það fengist í gegnum þingið að greiða verðuppbætur á útflutt kjöt. Í Tímanum 26. sept. lýsir HermJ því yfir, að jafnvel þótt samþykktar hefðu verið þessar uppbætur, þá hefðu þær ekki fengizt, vegna þess að ekki er hægt að afla ríkissjóði þess fjár, sem til þurfti, sem hann telur um 30 millj. kr.

Við skulum nú athuga samþykktir búnaðarþingsins og hvað í þeim felst. Búnaðarþingið samþykkir að falla frá 9,4% af verði allra landbúnaðarafurða, sem seldar verða á innlendum markaði. Hér er aðallega um tvær vörutegundir að ræða, kjötið og mjólkina. Frá hendi búnaðarþings er það skilyrði fyrir þessari lækkun, að bændum verði greiddar uppbætur á útflutningsvörur sínar frá 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945. Því verður ekki neitað, að í þessum samþykktum búnaðarþings er mikið óréttlæti, sem hefur valdið mikilli óánægju meðal bænda. Lækkunin, sem búnaðarþingið féllst á og talið er, að nemi 10 millj. kr., kemur að meira en helmingi niður á mjólkurframleiðendum, sennilega 7 millj. kr., en endurgjaldið, sem Búnaðarfélagið krefst, eru uppbætur, sem eingöngu renna til þeirra bænda, sem framleiða kjöt. Lækkun þessi er tekin af öllum bændum jafnt, bæði smábóndanum, sem ekkert má missa af þurftartekjum sínum, og þeim stóru. Þannig verða smærri mjólkurbændur að sætta sig við 10% lækkun á mjólk sinni alveg einhliða, en fá ekkert í staðinn, vegna þess að þeir flytja ekki út neinar vörur. Það er furðulegt, að Búnaðarfélagið, sem telur sig hagsmunasamtök bænda almennt, skuli beita sér fyrir svona óréttlátum ráðstöfunum. Bændur austan fjalls eru yfirleitt mjög óánægðir með þessar aðgerðir, af því að þeir finna, að hagsmunum þeirra hefur verið fórnað til ávinnings fyrir kjötbændur.

Stjórnarblaðið Vísir og Jónas frá Hriflu hafa veitzt að búnaðarþingi fyrir samþykktir þess og reynt að hagnýta sér óánægju bænda austan fjalls. En það er vert að minna þessa menn á, að frv. ríkisstjórnarinnar, sem rætt var hér í útvarpinu um daginn og þeir töldu ágæta lausn, var margfalt ósanngjarnara í garð bænda en samþykkt búnaðarþingsins.

Ég vil ekki láta hjá líða að taka það fram, að Sósfl. og Alþýðusamband Íslands hafa aldrei haft neitt á móti því, að bændur fengju verð samkvæmt niðurstöðu landbúnaðarvísitölunefndar fyrir þær afurðir sínar, sem seldar væru á innlendum markaði, og töldu líka eðlilegt, að þeir fengju þá hækkun, sem fram átti að fara 15. sept. s. l. Ákvörðun búnaðarþings um, að bændur afsöluðu sér 10% hækkuninni, er því á engan hátt gerð að beiðni verkalýðssamtakanna eða okkar sósíalista. Það voru aðrar ástæður, sem knúðu fram þessa lækkun á búnaðarþingi. Það voru óskir hinna stærri kjötbænda um að fá verðuppbætur á útfluttu afurðirnar, kjöt, ull og gærur, sem knúði samþykktina fram. Þessir bændur virðast eiga fleiri fulltrúa á búnaðarþingi en mjólkurbændurnir, og þeir sáu, að ekki væru miklar líkur til þess, að útflutningsuppbætur í sömu mynd og tvö síðast liðin ár yrðu samþykktar á þinginu, nema bændur slökuðu eitthvað til með verðið, og þá fundu þeir það ráð að falla frá hækkuninni líka. Samþykkt búnaðarþingsins er fyrst og fremst gerð til þess að tryggja stórbændum, sem kjöt framleiða, útflutningsuppbætur eitt ár enn þá. Þessir stórbændur, sem réðu samþykkt búnaðarþings, eru ekki að hugsa um lækkun dýrtíðarinnar, því að það kostar ríkissjóð — sbr. upplýsingar HermJ — 20 millj. kr. meira að taka tilboðinu en að hafna því. 25 millj. mun hér vera réttari tala. — Ég hef sagt, að það væru stórbændurnir, sem væru að reyna að tryggja sér útflutningsuppbætur á kjöt sitt með tilboði búnaðarþings. Þetta segi ég af því, að það hefur aldrei valdið neinum deilum að greiða útflutningsuppbætur til smábænda. Við sósíalistar fluttum till. um það á þingi í fyrra, að uppbætur yrðu greiddar til þeirra bænda, sem hafa allt að meðalbúi samkvæmt ákvörðun landbúnaðarvísitölunefndar, og á þann hluta af afurðum stærri búa, sem nemur afurðamagni meðalbús. Þessar uppbætur hefðu ekki kostað ríkissjóð meira en nokkrar milljónir og voru sjálfsagðar, þegar miðað er við lífskjör almennings í landinu þessi ár. Eins og uppbæturnar hafa verið framkvæmdar með aðgerðum Framsfl. og Sjálfstfl., þá hafa þær kostað ríkissjóðinn tugi millj. króna, sem að langsamlega mestu leyti hafa lent hjá stórbændum, sem höfðu hátekjur fyrir. Gleggsta sönnun þess, að fulltrúar bænda hér á þingi vita um það, að uppbæturnar hafa að mestu lent óverðskuldað hjá hátekjumönnum, er sú, að þeir hafa staðið eins og veggur gegn því, að Sambandi ísl. samvinnufélaga og kaupfélögunum væri gert að skyldu að gera grein fyrir því, hvernig uppbæturnar skiptust á bændur. Fulltrúar bænda vilja ekki láta gera grein fyrir því, hjá hverjum þessir tugir milljóna lenda, það er ekki heldur von. — Til þess að tryggja smærri bændum, eða þeim, sem þörf höfðu á, uppbætur á útfluttar afurðir, var því óþarfi að falla frá 10% hækkuninni, eins og búnaðarþing gerði. Hinir stóru kjötbændur, sem ráðin hafa í Búnaðarfélaginu, ætla að fórna nokkru af tekjum smærri bænda og mjólkurbænda, en þeir ætla sjálfir að taka endurgjaldið.

Það ber enga brýna nauðsyn til þess að taka af bændum þessi 10%. Eðlilegast væri að halda sér alveg við sex manna nefndar samkomulagið, en lækka dýrtíðina með öðrum hætti. Við höfum bent á ýmis ráð, og má þar nefna aukið eftirlit með okri heildsalanna og sérstaklega nákvæmari skoðun á hinum fölsuðu innkaupareikningum þeirra frá Ameríku, sem álagning þeirra er miðuð við. Enn fremur má benda á farmgjaldaokur Eimskips, sem hefur aukið dýrtíðina um hátt í 40 millj. króna. Loks vil ég benda á tollalækkanir, sem myndu hafa veruleg áhrif til lækkunar á dýrtíðinni, og mætti nota það fé, sem nú fer í uppbætur til ýmissa hátekjumanna úr bænda-

stétt, til þess að mæta tekjurýrnun ríkissjóðs vegna tollalækkananna.

Það er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir öllum þeim uppbótum, sem greiddar hafa verið til bænda vegna afurða þeirra á undanförnum stríðsárum. Verðuppbætur á útfluttar afurðir eru sem hér segir:

1941: Af svo nefndum stóra sjóði á afurðir 1940 4,8 millj. kr.

1942: 1) á afurðir 1941 kr. 4,5 millj.

2) Útflutningsuppbætur á afurðir 1942:

Gærur	kr.	8,7	millj.
Ull	—	5,3	—
Kjöt	—	6,0	—
Gærur	—	1,0	—
Samtals kr.		21,0	millj.

1943 námu útflutningsuppbæturnar ca. 12,0 millj. kr. og 1944, samkv. frv., kr. 15,0 millj.

Uppbætur vegna markaðstapa erlendis, að því er fulltrúar bænda segja — þó að þeir vilji nú framlengja uppbótafyrirkomulagið til 15. sept. 1945, þó að stríðinu verði lokið fyrir þann tíma — eru því samtals um 57 millj. króna.

Auk þessara uppbóta hefur nú tvö undanfarin ár verið greitt niður verðlag á landbúnaðarvörum innan lands. Fulltrúar bænda á þingi hafa frá byrjun sérstaklega beitt sér fyrir þessum niðurgreiðslum. Og í tilboði Búnaðarfélagsins segir HermJ, að það sé undirskilið skilyrði fyrir lækkuninni, að þeim verði haldið áfram allt tímabilið. Niðurgreiðslurnar eru þessar:

Árið 1943	ca.	14,0	millj. kr.
— 1944	—	20,0	— —
Samtals eru það	ca.	34,0	millj. kr.

Þannig hafa fulltrúar bænda á s. l. þrem árum tekið úr ríkissjóði í verðuppbætur á útfluttar afurðir og til lækkunar á mjólk og kjöti innan lands kr. 91,0 millj. — Fyrir utan þetta halda allir gömlu styrkirnir sér, sem skipta nokkrum millj. á ári, þar á meðal lækkun áburðar 1942, er nam 1 millj. kr., og óeðlileg lækkun síldarmjöls, sem hvergi kemur fram sem beint framlag. Allir þessir styrkir hafa þessi þrjú ár ekki numið minnu en 5 millj. kr. árlega, svo að þá er heildarupphæðin komin nokkuð yfir 100 millj. kr.

Hér eru ótalin framlög vegna sauðfjársjúkdóma, sem nema allmörgum millj. króna.

En þetta væri nú allt saman gott og blessað, ef þessi fjárhæð hefði farið til þess að bæta á varanlegan hátt búskaparháttu og vinnuaðferðir við framleiðsluna og við gætum skorið upp þann ávöxt að fá afurðirnar framvegis fyrir lægra verð. En það er ekki því að heilsa. Engar stórfelldar framfarir hafa átt sér stað þessi ár, sem geti lækkað verðið á vörunum án þess að skerða tekjur bænda. Obbinn af þessum peningum hefur farið til hátekjumanna í bændastétt, til þess að gera þá enn þá ríkari. Enn þá berjast smábændur við skort og flosna upp, jafnvel örar en áður gerðist. Fólkið flykkist úr sveitunum í bæina.

En hvaða áhrif hafa svo þessar uppbætur, ef litið er fram í tímann. Engum óbrjáluðum manni getur komið það til hugar, að þessar uppbótagreiðslur geti haldið áfram til lengdar, og hvað tekur við, þegar þeim verður hætt? Við höfum í nokkur undanfarin ár staðið frammi fyrir því vandamáli, að þjóðin hefur framleitt of mikið af kjöti og hefur því orðið að selja það kjöt, sem ekki var neytt í landinu, á erlendum markaði fyrir miklu lægra verð en bændur töldu sig þurfa að fá og kjötið var selt fyrir hér heima. Þessu vandamáli átti þjóðin að mæta á þann hátt að minnka kjötframleiðsluna þannig, að hún nægði þörf þjóðarinnar og ekki meira. Í staðinn fyrir þetta hefur verið farin uppbótaleiðin og bændur fengið jafnmikið fyrir allt kjöt, hvort sem það var selt á háu verði í bæjunum eða fyrir slikk úti í Englandi, og þetta hefur orðið til þess að örva kjötframleiðsluna enn meir en annars hefði orðið. Þegar svo uppbótunum verður hætt, komast kjötbændur í algert öngþveiti með framleiðslu sína. Sumir bændafulltrúarnir segja, að stórir markaðir muni opnast fyrir kjöt okkar á meginlandi Evrópu. Þessu er slegið fram. Þeir trúa því ekki sjálfir. Hrun í þessari atvinnugrein er fyrirsjáanlegt, og það eru einmitt fulltrúar bænda hér á þingi, sem hjálpast að við að koma kjötbændum í þessa klípu.

Með sex manna nefndar samkomulaginu var lagt inn á nýjar brautir. Þar sömdu fulltrúar neytenda og framleiðenda um verð á afurðunum, er miðaðist við það, að bændur hefðu sömu tekjur og vinnandi fólk bæjanna. Verðniðurstöður n. urðu nokkru lægri en orðið hefði, ef fylgt hefði verið sömu reglu og fylgt var haustið 1942, þegar framsóknarmenn og Ingólfur á Hellu ákváðu verð á þessum afurðum, sem orsökuðu um 50 stiga hækkun á vísitölunni. Þegar til framkvæmdanna kom, héldu framsóknarmenn því fram, að með sex manna nefndar samkomulaginu væri ríkissjóður skyldugur til að greiða verð nefndarinnar á alla framleiðslu bænda, hvort sem brúk væri fyrir hana eða ekki. Með skírskotun til slíkra raka voru verðuppbæturnar ákveðnar síðast. Nú hefur formaður Framsfl., HermJ, borið þennan skilning til baka. Hann segir svo í grein sinni í Tímanum 26. þ. m.:

„Dýrtíðarl., sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1943. Það hafa margir misskilið þessi l. Þeir hafa álitið, að með þeim tæki ríkissjóður ábyrgð á því, að bændur fengju tiltekið verð fyrir afurðir sínar. Svo er ekki. Í l. var ákveðið, að tiltekin n. (sex manna n. margumtalaða) skyldi komast að niðurstöðu um, hvað hátt verð bændur þyrftu að fá fyrir afurðir sínar, til þess að tekjur þeirra væru sambærilegar við tekjur annarra vinnandi stétta. Ef n. yrði sammála, skyldi álit hennar lagt til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða. Ríkið tekur hins vegar ekki ábyrgð á, að bændur fái þetta verð."

Þetta vissu raunar allir frá byrjun, meira að segja framsóknarmenn líka. Það var bara eitt af ráðum þeirra til að koma fram uppbótakröfum sínum á þingi að leggja þann skilning í dýrtíðarl. frá 1943, að ríkissjóður ábyrgðist bændum tiltekið verð. En nú þurfti Hermann að verja hendur sínar gagnvart árásum Jónasar frá Hriflu, og þá var betra að segja, að verðuppbæturnar fengjust fyrir baráttu hans manna og sniðugheit, en hafi ekki verið lögbundnar áður. Þannig hefur Jónas neytt Hermann til þess að segja satt.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir því að lögfesta ábyrgð ríkissjóðs á því, að bændur fái hið tiltekna verð fyrir afurðir

sínar, ekki einasta til stríðsloka, heldur til 15. sept. n. k. Ég verð nú að segja, að það stingur nokkuð í stúf við árásir Alþfl. á hendur sósíalistum fyrir þátttöku okkar í sex manna nefndar samkomulaginu að sjá ÁÁ, hv. þm. V.-Ísf., meðal flm. þessa frv. En það er eins og fleira frá Alþfl., að það er erfitt að finna nokkra brú í því, sem þeir segja og gera.

Sama má segja um niðurkaup dýrtíðarinnar. Fyrir nokkrum dögum veittist Alþýðublaðið að okkur sósíalistum fyrir það, að við áttum þátt í því að framlengja niðurkaupin í 8 daga, meðan viðræður fóru fram milli flokkanna, í stað þess að þau hefðu verið framlengd óákveðið, en nú flytur þm. þeirra, sá sami og ég nefndi áðan, frv., sem lögbindur niðurgreiðsluna til 15. sept. n. k. Tvískinnungsháttur inn er svo mikill, að mann brestur orð til að lýsa honum.

Uppbætur þær, sem nú er krafizt bæði til að bæta upp útfluttar afurðir og greiða niður afurðir bænda á innlendum markaði, nema um 25 millj. kr. Samtök bænda og fulltrúar þeirra hér á þingi, sem bera kröfu þessa fram, vilja, að haldið sé áfram gamla mátanum við þessar uppbætur, þó að þeir séu sjálfir farnir að sjá, að þetta uppbótafargan allt eins og það er framkvæmt leiðir til hruns fyrir mikinn hluta bændastéttarinnar. En það þýðir ekki að fást um það, fulltrúar bænda eru ekki til viðtals um samvinnu í þjóðmálum, sem beinist að hinum stóru verkefnum, sem fyrir þjóðinni standa nú, nema þessi greiðsla fari fram. 25 millj. er að vísu stór upphæð og eðlilegt, að íbúar bæjanna, en á þeim lendir að greiða þetta fé, séu með nokkurn kurr út af þessum óhemju fjáraustri ofan á allt, sem þegar er búið að greiða til íslenzka landbúnaðarins.

Íslenzka þjóðin hefur nú tækifæri, sem hún hefur aldrei átt áður, tækifæri til þess að stórauka og endurskapa allt atvinnulíf sitt þannig, að atvinnuleysi verði bægt frá um ófyrirsjáanlega framtíð, kannske alveg. Þetta tækifæri stendur í sambandi við stríðslokin. Evrópustyrjöldinni er brátt lokið. Þjóðirnar hafa gengið í gegnum harðari skóla en nokkru sinni fyrr. Þeir einstaklingar, sem hafa lifað af hörmungarnar, hafa safnað sér mikilli lífsreynslu, og þeir eru ákveðnir í því að láta ekki fórnir sínar og kvalir verða til einskis. Þjóðir Evrópu vita, að ein höfuðorsök styrjaldarinnar var atvinnuleysið og baráttan um markaði og hráefnalindir, og þær eru ákveðnar í því að láta atvinnuleysið ekki koma aftur. Bandamenn eru þegar byrjaðir undirbúning undir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja atvinnuleysið, forystumenn þeirra gera sér það ljóst, að það er verkefni, sem hægt er að leysa. Þeir komast ekki undan þessari kröfu almennings, því að það er eins auðvelt að útrýma atvinnuleysi á friðartímum eins og það er hægt á stríðstímum. Sovétríkin hafa endanlega fyrirbyggt atvinnuleysi hjá sér, og sú staðreynd er auðvaldsríkjunum enn þá meiri hvöt til að gera slíkt hið sama.

En hvað þýðir það, ef ekkert atvinnuleysi verður í Evrópu? Það þýðir, að við höfum miklu meira en nægan markað fyrir allt það, sem við getum framleitt af fiskmeti og sjávarafurðum. Það mun koma á daginn, að framleiðslutæki okkar verða ekki nándar nærri nógu stór og mikilvirk til að geta látið í té **næga vöru.**

Okkar bíður það verkefni að stórauka fiskiflota okkar með fullkomnustu nýtízku skipum, byggja hvers konar verksmiðjur til vinnslu sjávarafurða, raforkuver í sambandi við þær, byggja nýjar hafnir og önnur mannvirki til aukinnar framleiðslu sjávarafurða.

Þetta eru mikil verkefni, og þjóðin er líka vel undir það búin að leggja í framkvæmd þeirra. Hún á 500 millj. króna inneign í erlendum bönkum. Með þessu fé er hægt að breyta atvinnulífi landsins og stórauka það. Ef þetta fé er notað til nýsköpunar atvinnulífsins á Íslandi, þá verður ekkert atvinnuleysi hér að stríðinu loknu.

Þetta er hið stóra tækifæri Íslendinga, sem okkur hefur aldrei boðizt áður og sem við getum glatað, ef ekki er þegar í stað gengið að framkvæmdum.

Á þessum miklu tímamótum í sögu þjóðarinnar, þegar hún stendur frammi fyrir slíkum óhemju möguleikum til aukinnar hagsældar og vaxandi menningar, þá hefur Alþýðusamband Íslands boðið atvinnurekendum fyrir munn íslenzks verkalýðs tveggja ára frið í öllum kaupstreitumálum til þess að gera sitt til að skapa þá þjóðareiningu, sem nauðsynleg er til samstilltra átaka í atvinnumálum þjóðarinnar með **það fyrir augum að fyrirbyggja** atvinnuleysi. Til viðbótar friðartilboði Alþýðusambandsins vil ég hér með lýsa því yfir af hálfu Sósfl., og ég veit, að þar tala ég fyrir munn meginþorra alls verkalýðs í landinu, að hann er meðmæltur, að ríkisstjórnin greiði þær 25 millj., sem fyrirliggjandi frv. fer fram á, ef það getur orðið til þess, að mynduð verði ríkisstj., sem ræðst í það strax að hagnýta alla þá miklu möguleika, sem þjóðin hefur nú til atvinnuframfara og ég hef áður lýst. Ef þjóðin gengur að því einhuga að endurskapa og auka atvinnulíf sitt, þá mun svo fara, að jafnvel 25 millj. kr. reynist smámunir, sem enginn mun sjá eftir, að lagðar yrðu fram til þess að skapa nauðsynlega þjóðareiningu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Síðasti ræðumaður, hv. þm. Siglf., sagði, að innkaupareikningar innflytjenda væru allir falsaðir. Hv. þm. veit, að ekki er hægt að sækja hann til saka um það, sem hann segir úr ræðustóli Alþingis, en það er lítilmannlegt að bera heila stétt ósönnum ásökunum í skjóli friðhelgi þingsalanna.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í sambandi við þetta frv. En vegna þess, að enginn af hv. ræðumönnum flokkanna hefur gert sérstaklega að umtalsefni fjárhagshlið málsins, vil ég gjarnan drepa lítillega á það efni.

Búnaðarþing hefur f. h. bænda stigið hyggilegt og drengilegt spor með tilboði sínu um að falla frá þeirri nýju hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem í gildi átti að ganga 15. sept. Er það fyrsta skrefið, sem stigið hefur verið til að stöðva vöxt verðbólgunnar með raunhæfum ráðstöfunum. Enn þá hefur ekki sézt, að aðrar stéttir hafi fundið hvöt hjá sér til að fylgja þessu fordæmi, sem er þó hin eina rétta leið út úr ógöngunum. En það eru því miður líkur til, að þetta skref eitt fyrir sig sé of skammt. En þótt reynt verði að nota þessa framboðnu aðstoð bænda til að stöðva verðbólguna um stund, er að mínu áliti vafasamt, að unnt sé að uppfylla fjárhagslega þau skilyrði, **sem sett eru fyrir aðstoðinni.**

Ef menn athuga, hvernig hægt er að stöðva verðbólguna, komast menn að raun um, að aðeins ein skynsamleg leið er fær, en hún er, að framleiðendur og launþegar og aðrir taki á sig þá lækkun á verðlagi, sem nauðsynleg er aðeins til að stöðva verðbólguna, þó að ekki sé talað um að færa hana til baka, með þeirri aðstoð, sem ríkissjóði er mögulegt að veita. Þetta er sú leið, sem ríkisstj. hefur bent á í sínum dýrtíðarfrv., en litlar undirtektir fengið hjá flokkunum. En með því frv., sem hér liggur fyrir, er því verið að bera fram hluta af þeim till., sem stj. hefur lagt fram í þessum málum.

Um það hefur nokkuð verið deilt, hvort bændur hefðu lagalegan rétt til að krefjast þess, að ríkissjóður tryggði þeim verð, sem ákveðið er með landbúnaðarvísitölunni. Hv. þm. Str. hefur nú kveðið upp úr með það í grein í Tímanum í fyrradag og sagt, að ríkið taki ekki ábyrgð á, að bændur fái þetta verð. En þótt ríkinu sé ekki með l. skylt að verðbæta útflutt kjöt, má segja, að mikil sanngirni mæli með, að það sé gert, sé þess kostur. En fjárhag ríkissjóðs eru að sjálfsögðu takmörk sett í þessu efni, og vegna þjóðarheildarinnar verður að gæta þess vel, að ríkinu sé ekki reistur hurðarás um öxl í þessu efni frekar en öðrum. En tekjur ríkissjóðs næsta ár munu varla gera betur en að standa undir rekstrarútgjöldum og nauðsynlegum framkvæmdum og ekki útlit fyrir, að neitt verði afgangs til að verðbæta afurðir, hvort sem er til sölu innan lands eða til útflutnings. Ef slíkar greiðslur eiga að halda áfram næsta ár, verður ekki hjá því komizt að afla nýrra tekna í því skyni með einhverjum hætti. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, hversu mikil útgjöld frv. það, sem hér liggur fyrir, muni færa með sér yfir á ríkissjóð, og hvernig unnt er að inna þau af hendi.

Meðalslátrun undanfarandi 10 ára mun vera um 5500 tonn. Ekki er varlegt að gera ráð fyrir meiri kjötneyzlu í landinu en 4000 tonnum. Þyrfti þá að flytja út 1500 tonn. Samkvæmt áliti sex manna nefndarinnar 1943 er gert ráð fyrir, að bændur fái kr. 6,82 fyrir hvert kg. Kjötverðlagsnefnd telur nú, að kostnaður á hvert kjötkg sé kr. 2,04, sem þarf að bætast við verðið til bænda. Er þá verðið í heildsölu um kr. 8,86 kg. Við það bætist svo smásöluálagning 13%. Ef unnt á að vera að selja kjötið á kr. 6,50 í smásölu eins og nú er gert, verður ríkissjóður að greiða kr. 3,10 með hverju kg, sem selt er innan lands.

Fyrir 4000 tonn er framlagið	kr. 12,400 þús.
Fyrir útflutningskjöt fékkst í fyrra kr. 5,40 fyrir kg. Ef talið er, að það verð fáist aftur í ár, eru uppbætur á 1500 tonn útflutt kr. 3,46 pr. kg	— 5,190 —
Samtals	kr. 17,590 þús.

Ef minna fæst fyrir útflutninginn, hækkar þessi tala enn.

Ef gert er ráð fyrir, að þessi áætlun standist, þá þarf eins og áður er sagt til verðuppbótar á kjöti frá 15. sept. 1944 til sama tíma 1945, í 12 mánuði ..... kr. 17,590 þús.
og á sama tíma fyrir mjólk .... — 3,960 —

Samtals kr. 21,550 þús.

Ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir því í sambandi við frv. sitt um dýrtíðarráðstafanir að geta haldið áfram verðbótum til áramóta á sölu kjöts og mjólkur innan lands, eins og þær voru fyrir 15. sept., en það var talið, að væri að meðaltali um ein milljón króna á mánuði, en getur vel orðið meira. Að vísu er þar reiknað með einnar krónu lægri kostnaði á hvert kg kjöts en kjötverðlagsnefnd telur nú, að greiða beri. Sá kostnaður mundi hækka framlagið um 1½ millj. kr. til áramóta, og skal það því tekið með. Ríkisstjórnin mundi því hafa reiknað með, að greiða þyrfti samtals með kjöti til áramóta um ..... kr. 5,000 þús.
og með mjólk ..... — 1,200 —

eða samtals um kr. 6,200 þús.

Þetta hefur ríkisstjórnin gert sér von um að geta greitt af tekjum þessa árs, en fyrir því er þó alls engin trygging.

Ef talið er nú, að ríkissjóður hafi þetta fé handbært fyrir áramótin, þá er sýnilegt, að til þess að standast þær greiðslur til 15. sept. 1945, sem ríkissjóði er ætlað að inna af hendi samkvæmt frumvarpinu, vantar 15 milljónir kr. Ég tel ekki nokkra von til, að hægt sé að taka þessa fjárhæð inn í fjárlög næsta árs, nema nýjum tekjum sé jafnframt bætt inn. Væri þá varla um annað að ræða en nýja skatta og þá helzt hækkun á tekjuskatti. Til þess að ná nefndri fjárhæð, tölulega séð, þyrfti að hækka tekju- og eignarskattinn um 60%. Hvort það væri gerlegt, er vafamál. Það mundi vera skattur á tekjur, er næmi frá 3% upp í 30%.

Væntanlega tekst flokkunum með góðum vilja að leysa þann vanda, sem hér hefur verið bent á, án þess að stofna fjárhag og afkomu ríkisins í hættu.

Að endingu get ég ekki varizt að vekja athygli á því, að sú leið, sem flokkarnir með frv. þessu hafa valið til að halda verðbólgunni í skefjum, er nákvæmlega sú sama, sem flokkarnir í nærri tvö ár hafa verið sammála um að fordæma, meðan ríkisstjórnin fór þessa leið, þá leið að halda verðbólgunni að nokkru leyti í skefjum með framlögum úr ríkissjóði. Sá er munurinn, að fjárframlög þau, sem hér er gert ráð fyrir, eru miklu hærri en ríkisstjórnin hefur greitt til þessa.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er þríþætt. Í fyrsta lagi, að sú verðhækkun á landbúnaðarvörum, 9,4%, sem nú skyldi verða samkvæmt sex manna nefndar samkomulaginu, komi ekki til framkvæmda um eins árs skeið. Þetta þýðir, að verð það, sem bændur hafa fengið heim fyrir kjöt, mjólk og aðra framleiðslu síðasta ár, skuli óbreytt haldast næsta ár. En þessi hækkun stafaði aðallega af þeirri kauphækkun í landinu, sem orðið hefur síðan 15. sept. í fyrra.

Í öðru lagi á samkvæmt frv. að greiða úr ríkissjóði verðuppbætur á þær landbúnaðarvörur, sem flytja þarf til útlanda og selja þar lægra verði en fæst á hinum íslenzka markaði, verðbætur, sem nægja til þess, að bændur fái sama verð heim fyrir útflutningsvörurnar sem fyrir hinar, er seljast innan lands.

Í þriðja lagi fer frv. fram á, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að lækka hér innan lands útsöluverðið á landbúnaðarvörum, en þetta þýðir, að útsöluverðið verði óbreytt frá því, sem nú er, kjötkg á 6,50, mjólkurpotturinn 1,45 o. s. frv. Þessar niðurgreiðslur eða milligjafir hafa átt sér stað síðan í maí í fyrra.

Síðan á árinu 1939 hefur dýrtíð farið sívaxandi hér á landi. Framfærsluvísitalan, sem ætlað er að sýna hæð dýrtíðar, hefur hækkað með hverju ári, 1939 úr 100 í 111 stig, 1940 úr 111 í 142 stig, 1941 úr 142 í 177 stig, og í janúar 1942 verður í fyrsta skipti stöðvun, sem stendur í 7 mánuði, og var hún afleiðing gerðardómslaganna. Þegar þau brustu vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir vinnuafli, tók vísitalan enn á rás úr 183 stigum í júlí 1942 upp í 272 stig í árslok 1942, en á þessu tímabili brutust fram aðalgrunnkaupshækkanir og verðhækkanir á landbúnaðarvörum. Þegar þeirri útrás var lokið, stöðvaðist vísitalan um skeið. En síðan hefur dýrtíðin farið hækkandi, þannig að raunverulega er hún nú um 300 stig, en vísitölunni er haldið niðri í 272 stigum með milljónaframlögum úr ríkissjóði.

Á þessum undangengnu tímum sífelldrar dýrtíðarhækkunar hafa mörg brigzlyrði gengið milli stétta og ein stéttin kennt annarri um, að hún ætti sök á dýrtíðinni. Kaupstaðabúar hafa margir hverjir valið bændum og fulltrúum þeirra þung orð fyrir hinar miklu verðhækkanir á kjöti og mjólk, smjöri o. s. frv. En bændur hafa sakað kaupstaðabúa fyrir hinar miklu kauphækkanir, sem þeir hafi komið fram, sem orðið hafi orsök verðhækkananna á landbúnaðarvörum.

Flestir töluðu um, að þessi togstreita, þetta kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags á innlendum markaði, væri höfuðorsök hinnar sívaxandi dýrtíðar. Þess vegna þóttust menn hafa himin höndum tekið, þegar sett voru l. vorið 1943 um skipun sex manna n., er finna skyldi grundvöll til að tengja saman verðlag og kaupgjald, finna sanngjarnt hlutfall milli tekna bóndans og verkamannsins. Og enn meiri var fögnuðurinn, þegar sex manna n. náði samkomulagi. Þá héldu margir, að meginorsök verðbólgunnar, kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags, væri úr sögunni. Nú var ákveðið og lögbundið: Meðan kaup verkamanna er þetta hátt, skulu afurðir landbúnaðarins kosta þetta.

En skammur tími leið, unz ljóst varð, að með þessu samkomulagi var ekki bundinn endir á deilur. Gagnrýni kom fram á ýmsa lund. Sumum þótti afurðaverðið sett of hátt og bóndinn fengi þannig raunverulega talsvert hærri tekjur en launamaðurinn. Sumum þótti ekki nægilegt tillit tekið til hlutar sjómanna, sem yfirleitt bæru miklu minna úr býtum en þessar 14500—15500 kr., sem samkomulag var byggt á. Aðaldeilurnar urðu samt um útflutningsuppbæturnar, sem ég mun víkja að síðar. En mönnum varð skjótlega ljóst, að með sexmennskunni var að vísu fundið ákveðið hlutfall, ákveðin regla til að fylgja við verðlagningu landbúnaðarvara, en stöðvun dýrtíðarinnar var ekki fundin. Ef verkamaðurinn hækkaði grunnkaup sitt, og það var og er þeim frjálst með l., átti landbúnaðarverðið einnig að hækka sem bein afleiðing kauphækkunarinnar.

Þegar nú í sumar var reiknuð út að nýju landbúnaðarvísitalan til að ákveða verðlagið að nýju frá 15. sept., kom í ljós, að kaupgjald í landinu og meðaltekjur launþega hafði á árinu hækkað það mikið, að landbúnaðarvörurnar áttu að hækka um 9,4 af hundraði. Hefði þetta komið til framkvæmda, mundi vísitalan hafa hækkað stórlega.

Þegar svo horfði, sátu fulltrúar þingflokkanna fjögurra á daglegum ráðstefnum til að reyna að finna samkomulagsgrundvöll fyrir stjórnarmyndun og stöðva dýrtíðina. Myndin, sem við augum blasti, var ekki glæsileg: Dýrtíðin raunverulega um 300 stig, en haldið niðri í 272 stigum með því að greiða beint úr ríkissjóði a. m. k. eina milljón króna á mánuði. Ef 9,4% hækkunin, sem bændur samkvæmt dýrtíðarl. áttu heimtingu á, kæmi til framkvæmda, var tvennt til: Vísitalan hækkaði stórlega, eða ríkissjóður héldi útsöluverðinu óbreyttu frá því, sem nú er, með því að greiða milligjöf, en það hefði kostað 8—10 millj. kr. á ári í viðbót við þær stórkostlegu fúlgur, sem nú eru greiddar til niðurfærslu innan lands og útflutningsuppbóta.

Þeim, sem voru að glíma við þessi vandamál, þótti rétt að leita álits bændanna um vandann. Búnaðarþing kom saman, ræddi málið og gerði nær einróma ályktanir, sem hér hefur verið lýst í umr. Þeir buðust til að afsala sér hækkuninni, 9,4%. Á móti fá þeir tvennt, tryggingu fyrir uppbótum á útfluttar afurðir sínar um eins árs skeið og í öðru lagi von um stöðvun dýrtíðarinnar, stöðvun, sem bæði þeim sjálfum og þjóðinni í heild er hin mesta nauðsyn.

Út af ummælum, sem hér hafa fallið um það, að Alþýðusamband Íslands hafi boðið frið um tveggja ára skeið, vil ég segja það, að á því tilboði eru tveir agnúar frá sjónarmiði atvinnurekstrar í landinu. Annar er sá, að þetta tilboð hefði þýtt samræmingu á kaupi, sem hefði aftur þýtt verulega kauphækkun víðs vegar um land. Og hinn er sá, sem öllum hlýtur að vera ljóst, að það er gersamlega útilokað að gera samninga um óbreytt kaupgjald til tveggja ára, hverju sem fram fer um verðlag að öðru leyti í landinu og á útfluttum vörum og hverjar ráðstafanir, sem menn t. d. vildu gera til að lækka dýrtíðina.

Það er erfitt að segja fyrir fram í tölum, hve miklu nemur uppbótin á útfluttar afurðir landbúnaðarins um eins árs skeið, sem bændur fá. En hækkunin, sem bændur afsala sér, mun um árið nema 8—10 millj. kr. Útflutningsuppbæturnar, sem þeir fá tryggðar í staðinn, munu á þessu ári nema, að því er kjötið snertir, um 8 millj. kr., en þess er að gæta, að líkur benda til, að sú upphæð lækki talsvert, vegna þess að miklu minna þarf að flytja út af kjöti. Er gert ráð fyrir, að slátrun verði nú um 1200 tonnum minni en í fyrra, og verður a. m. k. því magni minna, sem nú þarf að verðbæta en áður. Talað er um, að jafnvel þurfi kannske ekkert að flytja út af kjöti af því fé, sem slátrað er á þessu hausti.

Sumir segja, að bændur hafi fært hér mikla fórn, — aðrir, að bændur hafi aðeins gert einfaldan og hagstæðan verzlunarsamning, afsalað sér 8—10 millj. kr., en fengið tryggingu fyrir svipaðri upphæð í staðinn. Deilur um þetta eru tilgangslausar og jafnvel háskalegar. Þær gefa aðeins tilefni til metings milli stétta. Mér finnst ekki aðal-

atriðið vera, hvort hér er um fórn eða kaupskap að ræða. Það má rökstyðja hvort tveggja. Mér finnst meginatriðið vera hitt, að búnaðarþingið hefur sýnt óvenju glöggan skilning, víðsýni og þroska. Það þarf skilning til að afsala sér hagnaði, sem bændur áttu samkvæmt l. tilkall til, enda þótt þeir fái allmikið í staðinn, þegar það er haft í huga, að almennt munu margir bændur hafa gert ráð fyrir að fá hvort tveggja, útflutningsuppbæturnar, eins og undanfarin ár, og þessa hækkun um 9,4%, sem aðallega er afleiðing hækkaðs kaupgjalds.

Ég veit, að mörgum hefur gramizt útflutningsuppbæturnar og talið, að með þeim væri verið að ausa fé úr ríkissjóði að ástæðulausu í stað þess að safna í sjóði til framkvæmda síðar. En ég veit líka, að margir hafa ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvernig þessar uppbætur eru til komnar. Fyrir stríð áttum við hagstæða, vaxandi og batnandi markaði á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir. Síðustu árin fyrir stríð seldum við slíkar vörur þangað fyrir 5—6 millj. kr. á ári, — árið 1938 fyrir kr. 5.800.000 og árið 1939 fyrir kr. 7.331.000. Þegar Ísland var hernumið, lokuðust þessir markaðir. Ríkisstjórnin gerði þá kröfu á hendur Bretum til skaðabóta fyrir þessa markaðslokun. Bretar viðurkenndu þetta með því að greiða okkur 5 millj. kr. á árinu 1940, sem að langmestu leyti fór til bændanna. Þegar hernámi Breta var aflétt og Bandaríkjamenn tóku að sér hervernd landsins, tóku þeir ekki að sér þessa bótagreiðslu áfram, en lofuðu í staðinn hagkvæmum verzlunarsamningum. Verð það, sem þeir hafa síðan greitt fyrir landbúnaðarvörur okkar, hefur að vísu verið sæmilega hagstætt, en ekki nægt til að skila íslenzkum bændum verði til jafns við innlenda söluverðið. Þá tók ríkissjóður við að greiða þessar verðuppbætur, og siðferðileg skylda hans til þess jókst að sjálfsögðu, þegar sex manna nefndar samkomulagið var gert og verðinu innan lands var haldið niðri í stað þess að bændur höfðu náttúrlega heimild til að hækka verðið á innlendum markaði til að vega á móti hinu lága útflutningsverði.

Að því er snertir niðurgreiðslurnar á hinum innlenda markaði hafa mörg svigurmæli verið mælt. Þær eru í því fólgnar, að við höfum borgað á síðari árum t. d. kr. 1.45 fyrir mjólkurlítrann í stað kr. 1.61 og kr. 6.50 fyrir kjötkílóið í stað a. m. k. kr. 8.45. Þessar greiðslur hafa verið kallaðar ölmusur til bænda af sumum, neytendaskattur af öðrum. Hvort tveggja er rangt. Þessar greiðslur eru inntar af hendi til þess að halda niðri dýrtíðinni eða réttara sagt vísitölunni. Og þetta er gert ekki fyrir sérstakar stéttir, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. En um hitt má deila, hvort þetta er skynsamleg ráðstöfun eða ekki. Þó hafa margar aðrar þjóðir gengið þessa braut. Og fyrst á annað borð hefur verið byrjað á þessari leið, þá virðist mér, að það væri fásinna að hætta henni rétt um þær mundir, sem styrjöldinni er að verða lokið í álfunni, en stríðslokin þýða gerbyltingu í fjárhags- og dýrtíðarmálum þjóðarinnar.

Mönnum blöskrar dýrtíðin hér á landi, og það er eðlilegt, en þó hefur vísitalan ekki nándar nærri náð því, sem hún komst í lok síðustu heimsstyrjaldar. Dýrtíðin hefur fært okkur margs konar örðugleika og aukið misrétti að sumu leyti, einkum gagnvart sparifjáreigendum. Hún hefur þó ekki eingöngu dökkar hliðar. Hún hefur fært íslenzkum verkamönnum, sem unnið hafa fyrir erlenda setuliðið, miklu meira fé en ella hefði orðið og losað marga bændur úr skuldum. Nú sem stendur getur meginið af atvinnurekstri okkar staðizt. Hins vegar er stórhætta á stöðvun á atvinnurekstri hjá okkur, ef dýrtíðin vex frá því, sem nú er. Meginverkefnið nú er stöðvun dýrtíðarinnar. En jafnframt þyrfti þing og ríkisstjórn — hver sem hún verður — að búa út áætlun um niðurfærslu dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðar, er við tæki, ef útflutningsverð á aðalafurðum okkar lækkar verulega.

En á hverjum tíma verður framleiðslan til lands og sjávar að bera sig, til þess að við getum leyst þau ótæmandi framtíðarverkefni, sem bíða hinnar íslenzku æsku.

Alþjóð manna hefur legið Alþ. á hálsi fyrir að hafa ekki stöðvað dýrtíðina og myndað þingstjórn. Það má vera, að við þm. séum bæði illgjarnari og vitgrennri en fólk er flest og að einnig sannist á okkur orð Ólafs Pá, að því verr dugi heimskra manna ráð sem þeir komi fleiri saman. En fyrir atbeina þ. hefur samt nú verið stigið heillavænlegt spor til stöðvunar verðbólgu, sem búnaðarþing léði máls á. Og svo segir mér hugur um, að áður langt líði muni Alþingi Íslendinga bera gæfu til að bjarga því, sem eftir kann að vera af virðingu þess, og mynda ríkisstjórn, er styðjist við öflugan meiri hluta þings og þjóðar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Í ræðum nokkurra hv. þm., og þá sérstaklega þeirra hv. 2. þm. Rang. (IngJ) og hv. þm. Siglf. (ÁkJ), var nokkuð minnzt á möguleika til myndunar nýrrar stjórnar. Er því rétt að minnast nokkuð á það atriði.

Í sambandi við tilraunir Alþ. til lausnar dýrtíðarmálanna og þá einnig þann þátt, er hér liggur sérstaklega fyrir til umr., hefur mikið verið rætt og ritað um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Sú stjórn, er fyrir tæpum tveimur árum var skipuð af ríkisstjóra án þess að eiga stuðning þingsins, hefur sagt af sér og gegnir nú störfum, þar til ný stjórn er mynduð. Alþfl. var því mjög andvígur, að farið væri inn á þær brautir um skipun ríkisstjórnar, er gert var í desember 1942. Hann taldi sjálfsagt, að þeir flokkar, sem skyldastar hafa skoðanir, reyndu að mynda ríkisstjórn. En það tókst ekki. Þá var bæði reynt að mynda stjórn allra flokka í sameiningu og einnig vinstri stjórn, þ. e. stjórn Alþfl., Framsfl. og Sósfl. Þessir þrír fl. höfðu allir gefið út dægurmálastefnuskrá, þar sem gætti mjög líkra sjónarmiða í mörgum atriðum. En það varð ljóst, að kommúnistar óskuðu þá ekki eftir að ganga í vinstri stjórn, og e. t. v. sízt með Alþfl. og Framsfl. Það varð því ekki úr neinni myndun ríkisstjórnar, er hefði stuðning meiri hl. þings. Má vafalaust með nokkrum rökum leggja Alþ. það til lasts, að því hefur ekki tekizt að mynda meiri hl. stjórn. En það skyldu þá kjósendur hafa í huga, að þeir hafa skipað Alþ. að flokkum til á þann veg, sem nú er, en það hefur aftur leitt til ástands þess, er ríkir.

Alþfl. hefur frá upphafi miðað afstöðu sína til ríkisstjórnar einungis eftir málefnum. Hann

veitti hlutleysi stjórn Framsfl. á árunum 1927—1931, til framkvæmda á ákveðnum umbótamálum. Hann tók þátt í stjórn með Framsfl. árin 1934—38, og var sú stjórn byggð á ýtarlegum og ákveðnum málefnagrundvelli. Hann tók einnig þátt í samstjórn þriggja flokka 1939—42, einnig á grundvelli ákveðinna og mikilsverðra málefna, er áður var um samið. Hann hefur einnig í öll skiptin orðið að hverfa frá stjórnarsamstarfi vegna skýrs og ákveðins málefnaágreinings. — Umræður um stjórnarmyndun hafa af Alþfl. hálfu einungis snúizt um málefni, er skapað gætu raunhæfan grundvöll fyrir stjórnarsamstarfi. Og Alþfl. getur ekki tekið þátt í stjórn með öðru móti en því, að samið sé um málefni, þar sem úrlausn þeirra sé svo nálæg sjónarmiðum flokksins, að hann teldi, að búast mætti við raunhæfum aðgerðum, en ekki kyrrstöðu og óheilindum. En sá grundvöllur með samstarfi meiri hl. þings hefur ekki fundizt enn, hvað sem síðar kann að verða.

Það mál, sem hér liggur fyrir til umræðu, er aðeins einn þáttur bráðabirgðalausnar á dýrtíðarmálunum. Alþfl. tekur afstöðu til þess máls án tillits til þess, er kann ofan á að verða um stjórnarmyndun. Hann er ekki sammála Sameiningarflokki alþýðu, sósialistaflokknum um það að vera með frv. þessu, ef hann fái að fara í stjórn, en annars á móti því, — en þessi skoðun kom fram í aðalmálgagni þess flokks, Þjóðviljanum, í gær, þar sem eftirfarandi klausa er skráð í ritstjórnargrein:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Sósfl. er andvígur útflutningsuppbótum, og hann telur, að niðurgreiðslan á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði leysi engan vanda. En þrátt fyrir þetta mun flokkurinn fallast á þessar aðferðir, ef það er nauðsynlegt til þess að komið verði á stjórn . . . Hvað Sósfl. snertir er þetta atriði því útrætt, og spursmálið um verðlag landbúnaðarafurða þarf ekki að hindra samvinnu flokkanna um ríkisstjórn."

Nú hafa menn heyrt ræðu hv. þm. Siglf. (ÁkJ), þar sem hann gat um það frá sínu sjónarmiði séð, hversu geigvænleg villa hefði verið gerð á búnaðarþingi og til hagsbóta aðallega fyrir framleiðendur á kindakjöti, en gegn þeim bændum, sem aðallega stunda mjólkurframleiðslu. Og hann komst að þeirri niðurstöðu, að þetta samkomulag búnaðarþings væri öllum til óþurftar.

Þessi sami hv. þm. var að tala um tvískinnung hjá öðrum flokkum. En ég veit ekki, hvað á að kalla þetta, að telja þessar aðgerðir búnaðarþings stórhættulegar og stórvítaverðar þjóðhagslega séð, en vera reiðubúinn að vera með þeim, ef sami flokkur kemst í stjórn. Mér virðist, að um þetta megi segja það sama og gamall stjórnmálaþulur á Austurlandi sagði eitt sinn — að vísu í öðru sambandi: „Þetta er gymnastikk, sem hlýtur að mistakast."

Þótt meiri hl. Alþ. afgreiði það mál, er hér liggur fyrir, e. t. v. með óánægju margra, er þó frá sjónarmiði Alþfl. séð ekki ráðið fram úr mörgum vandamálum, er úrlausnar krefjast á næstu tímum, og þá m. a. afgreiðslu fjárl. og öflun tekna til nauðsynlegra framkvæmda. Hljóta þá þeir, er vildu standa saman að ríkisstjórn, að komast að samkomulagi um þau málefni.

Alþfl. gerir sér það vel ljóst, að í nánustu framtíð eru mikilsverð tímamót í stjórnmálum, bæði hér á landi og í álfunni yfirleitt. Þegar ófriðnum lýkur, taka við nýir tímar. Íslendingar hafa sloppið við mestu ógnir ófriðarins, þó að ekki verði því gleymt, að hin hrausta sjómannastétt hefur goldið tilfinnanlegt afhroð af völdum stríðsins. En hér hefur safnazt í landinu mikill auður, meiri en nokkru sinni fyrr. Afkoma meginhluta verkamanna og sjómanna hefur verið góð hin síðustu ár. Sama og ekki síður er hægt að segja um bændastéttina. Og margir atvinnurekendur í stórútgerð, verzlun og öðrum atvinnugreinum hafa safnað stórfé. En atvinnutæki landsmanna eru of fá, úr sér gengin og ekki í samræmi við hina stórauknu tækni og framfarir í vélamenningu síðustu tíma. En þetta skapar ríka þörf nýskipunar. Og verulegur hluti auðmagns er til í landinu til uppbyggingar. Hinni réttlátu kröfu hins vinnandi lýðs um að hindra með öllu atvinnuleysi verður og þarf að fullnægja. En til þess þarf að taka upp skipulagsbundnar framkvæmdir og framleiðslu eftir áætlun (planökonomi). Tvær heimsstyrjaldir á síðustu áratugum hafa leitt það í ljós, að hægt er að útrýma atvinnuleysinu, ef framleiðslu- og dreifingarhættir eru skipulagðir af skynsemi. En það verður ekki gert til hlítar nema með opinberri íhlutan. En framleiðsluna verður að skipuleggja þannig, að hún samræmist þörfum þjóðarinnar og sé miðuð við markaðsskilyrði. En til þess, að það geti orðið, þarf án efa að koma upp nýtízku framleiðslutækjum, ekki hvað sízt með nýjum skipum til fiskveiða, aukningu og nýskipun á verksmiðjum í fiskiðnaði, bættum og auknum skipasmíðastöðvum og vélaverksmiðjum. Og hvað landbúnaðinn snertir er þörf mjög aukinnar tækni, nýrra véla og áburðarverksmiðju. En þetta er ekki hægt að framkvæma til fullnustu án íhlutunar og aðgerða ríkisvaldsins. En í þessu skipulagi getur hið frjálsa framtak notið sín innan vissra takmarka háð eftirliti, með það fyrir augum, að hagur einstaklinganna verði að víkja fyrir heill fjöldans. Og allt þetta eru engir draumórar eða skýjaborgir. En til alls þessa þarf lýðræðisleg og sterk samtök vinnustéttanna í landinu. Það þarf samstarf bænda og verkamanna, mótað af félagshyggju og skilningi. Til þess dugar engin stjórn sundurleitra afla, þar sem togað er í skæklana á alla vegu og allt endar með kyrrstöðu. Það þarf þvert á móti stjórn lýðræðissinnaðra, framsækinna manna, er skilja hinn nýja tíma og miða störf sín við þjóðfélagslega heill án þröngra stundarfríðinda einstakra gróðamanna og sérhagsmuna. Verklýðshreyfingin á grundvelli lýðræðis og félagslegra umbóta hlýtur að verða sterkur og nauðsynlegur þáttur í þessu mikilsverða starfi framtíðarinnar.

Alþfl. vill fyrir sitt leyti eiga þátt í lausn þessara mikilsverðu verkefna. Hann er reiðubúinn til samstarfs við þau önnur lýðræðisöfl þjóðfélagsins, er hafa skilning, skoðun og heilindi til slíkra skipulagsbundinna framkvæmda, þar sem þjóðarbúið sé rekið með skynsemi, festu og réttlæti.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Baráttan við dýrtíðina hér á landi er orðin jafnlöng og styrjöld sú, sem nú stendur og aðrar þjóðir heyja umhverfis okkur gegn frelsisráni, kúgun og tortímingu. Sífelldar sigurfregnir hafa verið að berast

undanfarið, sem boðað hafa hinum undirokuðu, að lausnarstundin sé komin eða sé í nánd.

En af baráttu okkar við ægilegasta skemmdarafl styrjaldaráranna hér á landi, dýrtíðina og verðbólguna, sem stríðið hefur í för með sér, hafa fáar sigurfregnir borizt til þessa. Eigum vér þar þó að mestu við sjálfa oss að eiga. Dýrtíðin hefur tútnað út ár frá ári, þrátt fyrir milljónir, sem henni hafa verið fórnaðar, þrátt fyrir stór orð og sterkar ályktanir, þrátt fyrir alla samninga, blíðmælgi og kjass.

Sumir hafa jafnvel litið til hennar hýru auga, að hún flytti fríðindi og fleiri og fleiri krónur með sér, og aðrir hafa mælt henni bót, þegar verst gegndi, til að geta komið fram annarlegum áformum um völd eða aðstöðu, líkt og Sæmundur á selnum forðum, og er varla tími til að rekja þá raunasögu hér að þessu sinni, þó að full ástæða væri til þess. En það gefst sjálfsagt tækifæri til að gera það síðar.

Nú mun þó vera svo komið, að öllum hugsandi mönnum er farið að skiljast, að lengra verður ekki áfram haldið, ef varanlegt tjón á ekki af að hljótast fyrir allar stéttir og þjóðina í heild. Gælur, athafnaleysi og gróðavon er hér ekki lengur um að ræða fyrir neinn einstakling eða stétt, heldur tap og tjón og smán fyrir alla, því lengra sem haldið er á þessari braut. Fram undan blasir ekki annað, ef ekkert er að gert, en að þjóð vor bíði fullnaðarósigur um lausn síns fyrsta alvarlega innanlandsmáls, eftir að hún er alfrjáls orðin, og stefnt beint í fjárhagslegt og atvinnulegt hrun, samhliða því sem aðrar þjóðir fagna frelsi og sigri í þeirri ægilegu eldraun, sem yfir þær hefur gengið. Það er ekki leiðinleg byrjun fyrir hið unga lýðveldi.

Þjóðinni hefur borizt mikill auður í hendur á fáum árum, meðan öðrum hefur blætt, svo að nú er hún auðugri af veraldarauð en nokkru sinni fyrr í sögu sinni. Og þó verður að segja það eins og er, að hún er nú sennilega nær fjárhagslegu og atvinnulegu hruni, ef dýrtíðin væri látin hafa sinn gang, heldur en á mestu kreppu- og skuldaárunum, sem yfir hana gengu og mörgum hefur orðið tíðrætt um. Nokkur hundruð milljónir, sem nú eru í erlendum innstæðum, verða fljótar að hverfa. Þær hverfa fljótar en þær komu, ef þjóðin ætlar að treysta á þær sér til framfæris í stað atvinnulífs síns og framleiðslu. Ef oss tekst því ekki að treysta gang og afkomu atvinnuveganna, þannig að vér verðum samkeppnisfærir við þær þjóðir, sem brátt taka að sinna sömu störfum og vér og keppa um sömu markaði, eftir að vopnin eru kvödd, þá verða örlög vor næstu árin lík og örkumla manns, sem að vísu á innstæður nokkrar, en hefur misst starfsorku sína til að sjá sér og sínum farborða.

Það er engin þörf að lýsa því máli, sem dýrtíðin óheft talar til allra nú, sem vilja heyra. Það hafa aðrir gert nægilega skýrt hér á undan mér í kvöld og áður. Það nægir að benda á það, að enginn mun vilja taka á sig ábyrgðina lengur að láta dýrtíðina lausa nú. Jafnvel þeir, sem áður hafa gert gælur við hana, og þeir, sem jafnvel óska fullkomins hruns og upplausnar í fjárhags- og atvinnulífi þjóðarinnar, af einhverjum annarlegum ástæðum, munu vart vilja vera lengur við hækkun dýrtíðarinnar kenndir. Og víst er um það, að enginn mun vera fáanlegur lengur til að sitja eða setjast í ráðherrastólana til að stjórna út í hið fyrirsjáanlega hrun fjármála- og atvinnulífsins, ef ekkert er að gert. Þetta eitt ætti að vera nægileg bending þeim, sem máske vilja enn ekki sjá.

Þá er hagur ríkissjóðs þannig, eins og bent hefur verið á, að hann verður að skera stórum niður allar verklegar framkvæmdir og fella alveg niður allar dýrtíðargreiðslur, ef hann á að standast útgjöld sín, þau, er nú eru, miðað við að greiða vísitöluna 250, en hún er þegar 272, eins og kunnugt er. Það er því valt, svo að ekki sé meira sagt, að tala um mikilvægar tryggingar hjá slíkum sjóði fyrir atvinnuvegina, þótt einhverjar samþykktir fengjust um framlög þaðan, ef stórauknar tekjur fást ekki um leið og trygging fyrir því, að framlög fáist og örugg framkvæmd til að halda vísitölunni niðri. Ella munu öll framlög, hversu há sem þau væru, til atvinnuveganna, verða blekking ein og verra en það.

Ég sé t. d. ekki, hvaða gagn bændum er í dálítið hækkuðu afurðaverði, ef vísitala framfærslukostnaðar eykst margfalt meira en því nemur, meðan það hækkaða verðlag er í gildi. Ég fæ ekki heldur séð, hvert gagn verkamanninum eða launamanninum er í því að fá hækkað kaup, ef hækkun þess og vísitölunnar veldur því, að atvinna þeirra rýrnar stórum og atvinnuöryggi allt og þeir verða fleiri og fleiri að fara að ganga auðum höndum. Og ég fæ ekki heldur séð, hvert gagn gróðamanninum er í því að safna fleiri krónum, ef gildi þeirra minnkar í hlutfalli við fjölgunina eða meira en það. Öll slík vinnubrögð og ráðstafanir til þeirra eru hrein Kleppsvinna, og engum hægt að telja trú um, að sé á neinu viti byggt, nema þeim einum, sem stríðsgróðinn og hin mikla velta stríðsáranna hefur gert staurblinda fyrir öllu öðru en hækkandi tölum. En afleiðing hinna hækkandi talna er eyðing þeirra verðmæta, sem fengin eru, og leiðir fyrr eða síðar til fullkomins hruns.

Hér verður því að stinga fótum við, og ég hygg, að allir séu sammála um, að komin sé ellefta stund til að gera það. Þingið er áfellt leynt og ljóst fyrir að geta ekki myndað ríkisstjórn og leyst allan vanda þegar í stað. En sannleikurinn er sá, að allar ráðstafanir, sem það hefur reynt að gera eða einhver hluti þess, hafa verið affluttar og eyðilagðar í framkvæmd af þeim sömu mönnum, sem harðast dæma. Allir hafa heimtað áframhald kapphlaupsins fyrir sig, verkamenn hærri laun, framleiðendur hærra verð og gróðamenn og milliliðir meiri gróða og minni hömlur og skatta. En nú er það sannast mála, að hvert það þing og hver sú ríkisstjórn, sem slíkum kröfum vildi lengur þóknast, væri vitandi vits að leiða þjóð sína á helleiðir.

Hér eiga aðallega þrjár hagsmunaheildir þjóðfélagsins hlut að máli. Og allar hafa þær viljað hafa sinn hlut sem mestan, eins og mannlegt er. Það eru framleiðendur til lands og sjávar, það eru verkamenn og launþegar, og það eru eigna- og gróðamenn. Kapphlaupinu um stríðsgróðann er áreiðanlega að verða lokið. Nú hefst kapphlaupið um það að tryggja það, sem fengið er. Framleiðendur þurfa að tryggja atvinnurekstur sinn, verkamenn og launþegar þurfa að tryggja atvinnu sína, og eignamenn þurfa að tryggja verðmæti sín. Og enginn getur fengið þá tryggingu,

sem hann þarf, nema hagur þjóðarheildarinnar sé tryggður fyrst og fremst. Ella eiga allir á hættu að tapa öllu. Eðlilegast væri, að framlög þessara aðila allra til tryggingar sér og þjóðinni væru að nokkru í hlutfalli við það, hverjir eiga mest á hættu, ef hrunadansinum er áfram haldið til enda. Er þá ekki að efa það, að fyrst kemur röðin að þeim, sem peningana eða innstæðurnar eiga. Fjárhagslegt hrun eyðir þeim með öllu, og áframhaldandi vísitöluhækkun lækkar fyrst kaupmátt þeirra. Nægir þar að benda til, hversu farið hefur um innstæður þeirra, sem áttu þær áður en kapphlaupið hófst. Vinna verkamannsins og framleiðslutæki og bústofn atvinnurekandans munu hins vegar jafnan verða nokkurs virði, einnig eftir að hrun væri gengið yfir.

Þó að þessu sé þannig farið, hafa þó hér sem oftast hinir síðustu orðið fyrstir. Bændur landsins hafa hvað eftir annað boðið fram hlutfallslega lækkun. Og þegar því hefur ekki verið sinnt, heldur dýrtíðaraldan verið notuð beinlínis til að níðast á þeim og rétti þeirra, þá bjóðast þeir nú til að ganga í fremstu víglínu og færa fyrstu fórnirnar, til þess að íslenzka þjóðin geti umflúið hinn vansæmandi ósigur fyrir sjálfri sér í dansi kringum gullkálfinn, þar sem hún mun ranka við sér á eyðimörku hér um bil samtímis því, sem aðrar þjóðir umhverfis hana rísa til frelsis og endurreisnar, er martröð harðstjórnar og hernaðar er af þeim létt.

Frumvarp þetta, sem hér liggur nú fyrir, er máske annar merkilegasti viðburðurinn í löggjöf þessa árs og mun vissulega verða talið það, ef það verkar eins og til er ætlazt af þeim, sem mest hafa að því unnið. Öllum var ljóst, að stofnun lýðveldis á Þingvöllum 17. júní s. l. væri nafnið eitt, ef þjóðin ætti ekki þegnskap, þjóðhollustu og manndóm til að færa þær fórnir, sem þörfin krefur, þegar sameiginleg hætta steðjar að. Vér erum að vísu bardagafúsir, Íslendingar, eins og forfeður vorir, og er það ekki nema gott, þegar við á og við viljum útrýma óréttri og jafna sakir okkar á milli. En við ættum líka að hafa lært það af forfeðrunum, að það er háskalegt að geta ekki snúizt sameiginlega til varnar, látið deilur og óuppgerðar sakir hvíla í bili, ef þjóðin öll er í hættu, jafnt fátækir og ríkir, þeir, sem góða hafa aðstöðu og illa.

Ég fagna því, að frumvarp þetta er fram komið sem fyrsta sáttatilraun í deilu þeirri, er yfir stendur, og ég fagna því, að þeir urðu fyrstir, sem ég tel mig fulltrúa fyrir, þó að þeim hafi ekki borið skylda til öðrum fremur. Menn mega kalla það búhyggindi af bændum að afsala sér stundarhag til að tryggja sjálfa sig og þjóðina alla gegn bráðum voða. Það álíta líka sjálfsagt margir bændur, að svo sé. En eru það þá ekki líka búhyggindi af launþegum og verkamönnum, eignamönnum og gróðamönnum að gera slíkt hið sama og feta í fótspor bændanna í þessum efnum? Og víst er um það, að fyrir þjóðina alla eru það búhyggindi hin mestu. Og ef aðrir halda, að þetta sé ávinningur fyrir bændur, því vilja þeir þá ekki einnig taka slíkan ávinning sér til handa, gleyma einhverju af stundarhagsmununum og horfa lengra fram í tímann en til næsta dags?

Það, sem gert er með þessu frumvarpi, er gert í því örugga trausti, að aðrir komi á eftir í slóðina, verkamenn og launþegar slái af kröfum sínum í bili, stöðvi stríðið og snúist á sveif með þeim öflum, sem vilja vinna að því að styrkja og efla atvinnuvegi okkar til samkeppninnar út á við, sem nú er á næsta leiti. Og það er einnig gert í þeirri von, að þeir, sem fjármunina eiga mesta, vilji leggja fram það fé, sem með þarf til að snúa við straumi dýrtíðarinnar þannig, að stefnubreytingin þurfi ekki að mæða of þungt á hinum aðilunum tveim, vegna of snöggra umskipta og óþæginda, sem þar af leiðir.

Það er ætlazt til þess af þeim, sem að þessu standa, að fjárframlög fáist til að tryggja hag og skuldbindingar ríkisins, og það er ætlazt til þess einnig, að örugg framkvæmd þessara mála verði tryggð með stuðningi Alþ. Ef einhverjar af þessum vonum bregðast, sem þannig fylgja frá fulltrúum bændanna, kapphlaupinu haldið áfram af hinum aðilunum og hrun því ekki umflúið, þá geta þeir, sem mest hafa áfellzt bændur hingað til, snúið geiri sínum annan veg og athugað sinn eigin hlut í því, sem á eftir kemur. Bændur munu þá verða knúðir til að taka þátt í þeim dansi til enda, og þeir munu þá bæði hafa lagalegan og siðferðilegan rétt og það sterkari og meiri en nokkru sinni fyrr.

Þau átök, sem hér eru fram undan, eru gerð til þess að bjarga í bili þeim verðmætum, sem styrjöldin hefur skolað hér á land, og það eru þau búhyggindi, sem brýnust og sjálfsögðust eru nú. Þegar það hefur áunnizt og við stöndum jafnfætis öðrum þjóðum í samkeppni um markaði og viðskipti, þá verður fram að fara það eðlilega eignauppgjör, eignajöfnun og uppbygging nýs atvinnulífs og framfara, sem nú vantar samhug og samstarf til að framkvæma á Alþ. Við verðum að tryggja, að þessi verðmæti verði ekki að engu vegna áframhaldandi verðbólgu, og ef það tekst, er engin hætta á því, að þjóðin vitkist ekki til að nota þau sér til hagsældar, framfara og nýrrar sóknar í menningar- og athafnalífi sínu.

Með frumvarpi þessu hafa bændur lagt fram sinn skerf og segja nú við hina, sem sameiginlega hagsmuni eiga með þeim um, að vel takist: „Eftir er enn yðvarr hlutur.“

Því spyrja menn nú: Hvað gera aðrar stéttir? Ætla t. d. verkamenn að halda áfram vinnustöðvunum og kröfum um hækkað kaupgjald, jafnvel þeir, sem hafa miklu hærri árstekjur en sem nemur meðaltekjum bændanna? T. d. þeir, sem nú hafa gert verkfall við eitt fyrirtæki hér í bænum, en höfðu í árstekjur s. l. ár frá 16600 kr. upp í 27 þúsund kr.? Telja verkamenn, að þetta muni reynast hollt þjóðfélaginu í heild og þeim sjálfum? Mun það leiðin til að skapa atvinnuöryggi, tryggja öllum vinnu og lífvænlega afkomu? Hvað mundi fyrirtæki þeirra lengi geta veitt þeim það, þegar taka þarf upp samkeppni við aðrar þjóðir á mörkuðunum?

Eða ætla verkamennirnir að taka sömu stefnu og bændurnir, slá af kröfunum til þess að tryggja heilbrigt samkeppnisfært atvinnulíf og þar með sína eigin framtíð? Ætla þeir að viðurkenna í orði og verki þá staðreynd, að til þess að unnt sé að sjá öllum verkfærum mönnum fyrir stöðugri vinnu, þurfa verkalaunin að miðast við það, hvað framleiðslustarfsemin gefur af sér?

Enn fremur verður spurt: Hversu fúsir verða

fulltrúar eigna- og gróðamanna til að leggja fram og sætta sig við álögur, sem með þarf til að framkvæma það, sem hér er gert ráð fyrir, að afstýra frekari vexti dýrtíðarinnar og standa undir þeim niðurgreiðslum, sem til þess þarf?

Þannig er spurt um land allt, og menn bíða óþreyjufullir eftir svörum.

En nú er ekki hægt að svara með orðum einum, heldur verkum. Það verða menn að gera sér ljóst. Þeir, sem hér eftir, meðan þessi barátta er háð til lokasigurs, gera ekki annað en að auka kröfur sínar um fé og friðindi, eru í blindni leiddir af leiðtogum og forsvarsmönnum, sem hafa allt annað í huga en að sigrast á þeim sameiginlega óvini, sem nú er við dyr íslenzku þjóðarinnar. Og þeir hafa illt í huga, hversu fagurlega og friðvænlega sem þeir tala.

Viljinn til samvinnu verður frá þessum degi mældur eftir því, hvað menn sýna í verki við að fórna og slá af þrengstu hagsmunakröfum sínum og friðindum til að skapa grundvöll fyrir heilbrigt atvinnu- og fjárhagslíf eftir iðuköst styrjaldaráranna og vímu stríðsgróðans.

Hér eftir verðum við að keppast við að færa þær fórnir, sem þjóðin þarf til að tryggja fjárhagslegt og atvinnulegt frelsi sitt og sjálfstæði. Enn er tími til þess, ef viljinn er fyrir hendi.

Hver ætlar að skerast úr leik?

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Háttv. hlustendur. Það hafa verið sögð mörg fögur orð um hina miklu fórn bænda. Ég hygg þó, að einn þm., hv. þm. Mýr., hafi sagt sannleikann allan í einni setningu. Hann sagði, að bændur hefðu átt kröfu, sem vafasamt væri, hvort þeir hefðu getað tryggt betur. Þeir áttu kröfu á hækkun um nær 10%, en höfnuðu henni til þess að tryggja hag sinn enn betur og fá það tryggt, að verðbættar yrðu landbúnaðarafurðir á erlendum markaði. Bændur hafa reiknað sitt dæmi og komizt að skynsamlegri niðurstöðu. Hitt er ljóst, að þessu er svo háttað, að þeir bændur, sem eingöngu framleiða mjólk, gefa eftir, en fá ekkert í staðinn. Hinir fá meira en það, sem þeir láta. En þetta er innbyrðis mál bænda. Bændur eiga lof skilið fyrir að hafa gert tilraun til að koma á sættum innan Alþ., sem mættu verða til þess, að Alþ. taki stjórnartaumana í sínar hendur. Því verður ekki neitað, að með sinni hyggilegu samþykkt lögðu þeir nokkurn skerf til þess, að heppileg lausn málanna fengist.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum þm., að nú sé hlutur verkalýðsins eftir og að hann hafi engan fórnarvilja sýnt. Hóglátlegast mælti hv. þm. Snæf. Hann sagði, að Alþýðusambandið hefði verið spurt, og hefði það svarað, að það væri reiðubúið að gera allsherjarsamkomulag um kaupkjör til tveggja ára. En þar væru tveir gallar á. Í fyrsta lagi hefði Alþýðusambandið talið, að samræma þyrfti kaupkjör einstakra félaga, og í öðru lagi væri ekki hægt að gera samning svo langt fram í tímann. Um hvað var Alþýðusambandið spurt? Að tilhlutun þeirra þm., sem lengst hafa rætt um stjórnarmyndun án árangurs, voru tveir menn sendir til Alþýðusambandsins, og þeir lögðu þetta fyrir Alþýðusambandið:

„Í viðræðum nefnda flokkanna um stjórnarmyndun hefur verið um það rætt í sambandi við dýrtíðarmál og verðlag landbúnaðarvara, hvort líkur væru til, að verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda vildu gera með sér heildarsamninga t. d. til tveggja ára í meginatriðum á núverandi kaupgjaldsgrundvelli með einstökum breytingum til samræmis og þá gengið út frá því, að slíkar breytingar yrðu ekki til þess að hækka vísitöluna (dýrtíðina) svo nokkru nemi.

Jafnframt var um það rætt, hvort unnt mundi að ná samkomulagi um verðlag landbúnaðarafurða á þeim grundvelli, að ekki þyrfti að óttast vísitöluhækkun þeirra vegna, og útgjöldum ríkissjóðs til verðuppbóta yrði stillt í hóf framvegis, þar sem sú skoðun kom fram í viðræðunum, að þýðingarlaust myndi að ræða um festingu kaupgjalds, nema verðlag landbúnaðarvara yrði samtímis fest í ákveðnu, sanngjörnu hlutfalli við almenn launakjör.

Enn fremur hefur í sambandi við fyrr nefnd atriði verið rætt um ráðstafanir til öflunar nýrra framleiðslutækja og til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og verður um það rætt nánar, ef framhald verður á umræðum flokkanna.“ M. ö. o. var Alþýðusambandið spurt, hvort það vildi semja til tveggja ára í megindráttum á þeim grundvelli, sem nú gildir, þó að verið gæti um breyt. að ræða, ef þær orkuðu ekki á vísitöluna. Alþýðusambandið heldur, að það sé spurt í alvöru, og segist vilja ræða málið. Nánar aðspurt sendir það lista um kaupgjald í öllum fél. greint sundur í verðlagssvæði og gert ráð fyrir tilfærslu á kaupi milli svæðanna, en þá kemur það svar frá atvinnurekendum, að þeir telji þetta ekki umræðugrundvöll. Þarna var Alþýðusambandið gabbað og það spurt um það, sem hv. þm. Snæf. segir, að sé ófrámkvæmanlegt.

Mér kom það ekki á óvart, þó að hv. 4. þm. Reykv. viki nokkrum vinsamlegum orðum að sósíalistum. Við erum svo vanir því. En ég kemst ekki hjá að benda á, að það er furðuleg afstaða hans og blaðs hans að skamma okkur í senn fyrir, að við höfum ekki viljað taka þátt í stjórnarmyndun á undanförnum árum, en að við viljum nú fyrir hvern mun komast í stjórn. En út af því, sem hann sagði um, að það væri óeðlilegt að halda því fyrst fram, að frv. þetta væri á margan hátt meingallað, en geta þó léð því lið, verð ég að segja, að það er ekkert dularfullt, enda veit ég, að hv. þm. skilur það vel. Hér er um að ræða stórmál og samninga um stórkostlegar framkvæmdir og tryggingu fyrir atvinnu alls landslýðs. Það skiptir því miklu máli, hvort tilboði Búnaðarfél. er tekið sem lið í allsherjaráætlun eða hvort það á að standa eitt sér. Ég ætla, að hann skilji það vel, þó að hann látist ekki skilja það, að það er meginatriði, hvort samningar um verð á landbúnaðarvörum eru tengdir allsherjaráætlun um eflingu atvinnuveganna eða ekki.

Það er rétt að geta þess, að hv. þm. V.-Sk. mælti dólgslegum orðum í garð hv. þm. Siglf. út af því, að hann hefði flutt frv., sem gengi í sömu átt og þetta gallaða frv., sem hann væri að ráðast á. Frv. var um tímabundinn frest á dýrtíðarl. og jafnframt, að dýrtíðarl. kæmu aftur til framkvæmda 15. sept., ef ekki væri þá annað betra fengið.

Ég vil segja frá því, hvað ég tel, að eigi að gerast. Til hvers er verið að berjast gegn dýrtíðinni? Bændur verða að fórna, verkamenn verða að fórna,

allar láglaunastéttir verða að fórna. En til hvers er verið að berjast við dýrtíðina? Til þess að tryggja almenningi sómasamlega afkomu. Það virðist þá nær sanni að byrja að ganga um garðana þar, sem auðurinn er mestur, nær sanni að athuga rekstur fél., sem á einu ári hefur grætt 20 millj. og aukið dýrtíðina um 40 millj., áður en því er slegið föstu, að það þurfi að lækka lífskjör alls almennings. Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að það er til í öllum flokkum skilningur á þessu og vilji til þess að breyta eftir því. En hvað þarf, til þess að það sé hægt? Það þarf þrennt til. Í fyrsta lagi, að til séu auðlindir í landinu. Í öðru lagi, að vinnuafl sé til að hagnýta þær, og í þriðja lagi markað fyrir vörur okkar, og það, sem við eigum að sameinast um, er hagnýting fjármagnsins, að tryggja það, að 400—500 millj. í erlendum innstæðum verði notaðar til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu. Nú er tækifæri til þess að koma öllu okkar atvinnulífi á nútíma grundvöll. En það þarf að tryggja það, að fé verði notað á þennan hátt, en ekki til einhvers annars. Það þarf að kaupa ýmis tæki til landsins, af því að þau vantar, og það þarf einnig að koma þeim á þá staði, þar sem þau vantar.

Við höfum einhæft atvinnulíf og þurfum að treysta mjög á erlenda markaði, en tímum frjálsrar samkeppni er nú að verða lokið. Eftir stríðið munu þjóðirnar semja um skiptingu markaða og önnur viðskiptamál, og þær munu semja á þeim grundvelli, að allri alþýðu verði tryggð sæmileg lífskjör. Það, sem við þurfum að gera, er að fá sæti við þetta samningaborð til þess að semja um markaði fyrir þá framleiðslu okkar, sem við þurfum að selja úr landi. Við þurfum að efla atvinnulíf okkar, og við þurfum að tryggja okkur markaði í heiminum til þess að geta tryggt okkur sjálfum viðunandi lífskjör í framtíðinni. Það er því nauðsynlegt, að Alþ. komi sér nú saman, það þarf að mynda fjögurra flokka stjórn og fá samstarf milli allra stétta þjóðfélagsins.

Ég viðurkenni, að bændur hafa stigið spor í áttina til samstarfs. Verkamenn hafa líka borið fram sitt tilboð til samstarfs, en vinnuveitendur hafa sagt, að þeir væru ekki til viðtals.

Ég sé nú, að hæstv. forseti er farinn að gerast órór, og mun tími minn því á þrotum. Ég mun því ljúka nú máli mínu, en vil að endingu segja það, að ég vona, að við berum nú gæfu til allsherjarsamstarfs, til þess að sameina alla krafta okkar til þess að tryggja þjóðinni þau lífskjör, sem við þurfum að hafa í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 14:5 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 5. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 6. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 367, n. 384, 391).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því frá sjónarmiði okkar flm., sem líka erum meiri hluti hv. fjhn. þessarar deildar. Síðan hafa farið fram útvarpsumræður um málið, sem allir þingflokkar hafa tekið þátt í, og er því ástæðulaust að fara um þetta mörgum orðum, enda skal það ekki gert af minni hálfu. Meiri hl. fjhn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ., en hefur óbundnar hendur um till., sem fram kunna að koma, og eins og tekið er fram í nál. á þskj. 384, áskilur nefndin sér rétt til að hafa málið áfram til athugunar. Það, sem sérstaklega veldur því, að nefndin hefur þennan fyrirvara, er, að það mun þurfa að breyta eitthvað orðalagi, a. m. k. í 2. lið 1. gr. Fjhn. kallaði hagstofustjóra á sinn fund, og taldi hann mjög örðugt að framkvæma það, sem þarna er tiltekið, eins og það er orðað í þessum 2. lið gr. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, nema tilefni gefist til þess síðar. Um brtt. á þskj. 391 skal ég ekki segja neitt, fyrr en hv. flm. hafa mælt fyrir henni, en ég vil óska, að þessu máli verði flýtt. Það er búið að dragast of lengi frá því, að það var til umr., og væri gott, að það gæti komizt áfram sem fljótast.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Eins og hv. þm. sjá, hefur fjhn. skilað áliti, sem er næsta skringilegt, af því að hún hefur í rauninni ekki komizt að neinni niðurstöðu um þetta mál. Það eina er, að hún hefur kallað hagstofustjóra á sinn fund. Hann hefur sagt við nefndina, að það væri gersamlega tilgangslaust að samþ. þau ákvæði, sem stæðu í þessu frv., því að þau væru óframkvæmanleg. Það eru upplýsingar, sem nefndin fær, áður en hún býst til að skila þessu nál., og þó áskilur hún sér rétt til að athuga þetta nánar, sem ég býst frekar við, að verði gert. Mér fannst eðlilegt, að byrjað væri á því strax að reyna að koma þessu frv. í það horf, að það mætti framkvæma þessi ákvæði, og það er því varla verjandi, að nefndin skuli leggja kapp á að hraða málinu áfram óbreyttu, þegar þessar upplýsingar eru komnar frá þeim stöðum, sem á að fela þessa endurskoðun vísitölunnar.

Við umr. þessa máls vildi ég ekki láta hjá líða að gera grein fyrir afstöðu minni. Það er sem sagt þarna verið að ganga inn á þá braut að binda nú til eins árs ákveðið, fast verð á landbúnaðarafurðum og þar að auki að skuldbinda ríkissjóð til að festa þetta þannig að borga útflutningsuppbætur, og eru þær ekki miðaðar við stríðslok, heldur við 15. sept. 1945, og í þriðja lagi er verið að skuldbinda ríkissjóð með fjárframlögum til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Allir vita, að þetta mun kosta a. m. k. 20 millj. króna. Lægsta tala, sem nefnd hefur verið af hv. flm. þessa frv., er 20 millj., en mér þykir sennilegast, að það muni nema miklu meiri upphæð, og þó að mikil áherzla sé á það lögð að hraða þessu máli, hefur ekkert verið gert til þess að athuga, hvernig á að afla þessa fjár. Við erum þarna komnir í mikla sjálfheldu af þessum miklu styrkgreiðslum til landbúnaðarins. Við erum komnir í svo mikla sjálfheldu, að við mættum gjarnan leggja þessi mál niður fyrir okkur, áður en þetta mál fer lengra, og gera okkur grein fyrir, í hvaða vanda við er-

um komnir. Í útvarpsræðu, sem ég flutti um þetta efni, gerði ég grein fyrir því, hvað búið er að borga og hvað er áfallið af uppbótum, og væri ekki úr vegi að rifja það upp aftur. Búið er að greiða úr ríkissjóði í uppbætur á útfluttar afurðir okkar 57 millj.. króna. Þar að auki hefur verð á innlendum markaði verið greitt niður, og hefur það fyrst og fremst verið gert fyrir framleiðendur í sveitum, a. m. k. eru það fulltrúar þeirra hér á þingi, sem hafa beitt sér fyrir þessum niðurgreiðslum. Nema þær greiðslur fyrir þetta ár 34 millj. króna. Allar þessar fúlgur fara forgörðum að því leyti, að það sést ekkert eftir af þeim, sem getur orðið til varanlegs gagns fyrir landbúnaðinn. Þessu fé er dreift milli manna, án þess að það sé notað til stórra átaka, að koma á ýmsum framförum í sveitunum. Það er síður en svo, að þetta verði til þess að lækka verð á landbúnaðarafurðum á þann hátt, að framleiðsluafköstin verði aukin. Við getum ekki lækkað verðlag á landbúnaðarafurðum, nema með því að skerða kjör almennings og framleiðsluna í sveitunum, en við gætum aftur notað þetta fé til þess að auka framleiðslu okkar með mjög lítið auknum tilkostnaði og stórminnkuðum framleiðslukostnaði. Það er mikið kvartað undan því, að framleiðslan sé svo dýr, kaupið svo hátt, að við séum að útiloka okkur frá því að geta selt vörur okkar á erlendum markaði sambærilegu verði við aðrar þjóðir, sem selja sömu vöru á sama markaði. Við vitum það líka, að ef íslenzka þjóðin getur ekki selt vörur sínar á erlendum markaði, er illa farið fyrir henni og allt komið í strand. En við vitum það líka, að nærri því ⅔ af kaupgjaldinu og aðalástæðan fyrir þessu mikla verði á öllu eru innlendu landbúnaðarafurðirnar. ⅔ hlutar eru dýrtíðaruppbót, sem að ¾ hlutum orsakast af innlendu vörunum, þannig að ef okkur tækist að minnka framleiðslukostnað innlendu varanna, kjöts og mjólkur, mundi kaupgjald af þeim ástæðum lækka þegar í stað, og það væri bezta ráðstöfun, sem hægt væri að gera, til að gera okkur samkeppnisfæra erlendis.

Á síðasta þ. farmanna og fiskimanna var rætt um afkastagetu atvinnuveganna til sjávar og sveita. Ég hef ekki séð ályktun þ. um þetta, en mig minnir, að fram kæmi, að hjá sjómönnum væri afkastageta sjötugföld á við bændur. Ég veit ekki, hvort þessi tala er rétt, en hins vegar er enginn vafi á því, að afkastageta sjávarútvegsins er að minnsta kosti þrítugföld á við afköst landbúnaðarins. Þó að við höfum að vísu ekki fullkomnustu tæki í sjávarútveginum, erum við þó sambærilegir við menningarþjóðirnar í því efni, en vinnubrögðin í landbúnaðinum eru aftur á móti neðan við allar hellur, svo að við erum í rauninni ekki færir um að flytja út landbúnaðarvörur. Þetta er hið mikla vandamál landbúnaðarins, þó að fulltrúar bænda virðist ekki sjá aðra hlið á því en ímyndaða nauðsyn þess að spenna upp verðið á landbúnaðarafurðum. Þeir hafa aldrei séð annað ráð til að bæta kjör bænda en hækka verðið og láta ríkissjóð borga mismuninn, en þeim hefur aldrei dottið í hug að gera stórfelldar skipulagsbreytingar. Ég get sagt það fulltrúum bænda á Alþ., að þetta er síður en svo að gera bændastéttinni greiða. Það er reyndar ekki von, að bændur neiti að taka við t. d. 50 þús. kr. úr ríkissjóði, ef þeir eiga þess kost. Það er ekki nema mannlegt. En ég held, að þeir geri sér yfirleitt ljóst, að þetta er stílað upp á atkv. þeirra. Er enginn vafi á, að bændur eru flestir svo greinagóðir menn, að þeir sjái, að þetta getur ekki gengið svo til lengdar, að það er engin varanleg lausn á vandamálum þeirra, að ausið sé tugum millj. úr ríkissjóði. Það er verið að greiða stórar fúlgur úr ríkissjóði til að stöðva alla atvinnuþróun í landbúnaðinum, og þetta kemur svo auðvitað niður á bændum sjálfum seinna. Á búnaðarþ. því, sem kom saman fyrir nokkru, var samþ. að falla frá þeirri 9,4% hækkun, sem ganga átti í gildi í sept., en jafnframt var gert að skilyrði, að greiddar yrðu verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. En það er nú komið fram, að það, sem bændur slepptu með því að afsala sér þeirri hækkun, sé allmiklu minna en það, sem þeir krefjast að fá greitt úr ríkissjóði í staðinn. Og þegar málið kemur inn í Alþ., er það svo lagað til og sett ýmis ný skilyrði, sem bændur hafa gleymt, en ekki fulltrúar þeirra, þ. e. bændur fallast á nærri því 10% lækkun, en svo er bætt við í Alþ. skilyrði um, að ríkisstj. borgi niður verðið í 1 ár, sem kostar áreiðanlega upp undir 20 millj. kr. Þetta skilyrði kemur ekki fram í samþykkt Búnaðarfél. Búnaðarfél. hefur áður lýst sig andvígt því, að innl. framleiðsla yrði borguð niður úr ríkissjóði, og meðal annars fundið upp heitið neytendastyrk fyrir það, þó að það sé vitað, að þeir fjármunir, sem ríkissjóður ver til þessa, eru að níu tíundu hlutum teknir af bæjarbúum.

Í n. var nokkur ágreiningur um skilning á orðalagi frv. Í upphaflega frv., sem samið er af 3. þm. Reykv., er talað um að reikna út hækkunina á landbúnaðarafurðum mánaðarlega sem svaraði grunnkaupshækkuninni, og virðist þetta vera sem næst skilningi búnaðarþ., en í ályktunum þess segir svo um þetta atriði: „Tilboð þetta er gert í trausti þess, að hér eftir fari fram hlutfallslegar kauplækkanir í landinu. Fari hins vegar svo, að samræmingar verði gerðar í kaupgreiðslum, skal hagstofunni falið að afla jafnóðum gagna til að reikna út“ o. s. frv. Þetta vildi ég og sjálfsagt fleiri telja, að þarna sé átt við samræmingu, sem gerð yrði fyrir atbeina félagssamtaka verkalýðsins, að kauphækkanir kæmu út sem hækkun verðs eftir nánari útreikningi hagstofunnar. Í frv. segir: „Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða, ... skal verðlagið hækkað í samræmi við það.“ En maður getur líka sagt sem svo, að hækkun kaupgjalds orsakist af vísitöluhækkun. Það var gerð fyrirspurn til hv. þm. V.-Húnv. á fundi n. um það, hvort átt væri við vísitöluhækkunina eingöngu, en hann vildi ekki gefa nein ákveðin svör. En ef átt er við það, að verðið eigi að hækka í hvert sinn, er vísitalan hækkar, þá eru þeir búnir að fá þetta skrúfað svo upp, að það verkar mánaðarlega í stað þess að verka árlega. Með því væri verið að skipuleggja dýrtíðina einmitt á tímum, er menn geta gert sér vonir um lækkun hennar vegna áhrifa frá útlöndum í sambandi við stríðslokin. Um þetta atriði fengust, sem sagt, engin skýr svör í n., þó að mikið væri um það rætt, en ég vona, að n. gefi málið ekki frá sér, heldur haldi áfram

að starfa og setji málið skýrar fram en gert er í þessu frv. Ég álít frv. mjög varhugavert, eins og það er, nema því fylgi full skýring á því, við hvað er átt, svo að allur vafi sé af tekinn. Í dýrtíðarl. 1943 var ákveðið að setja á stofn n., sem skipuð væri 3 fulltrúum neytenda og 3 fulltrúum bænda. Ef n. kæmi sér saman, átti það verðlag, sem hún féllist á, að leggjast til grundvallar. Þegar búið var að skila áliti síðar haustið 1943, var því haldið fram af miklum hluta þm., að skilja bæri ákvæði dýrtíðarl. svo, að ríkissjóði bæri skylda til að greiða bændum þetta ákveðna verð fyrir alla þeirra framleiðslu, hvort sem þjóðin hefði þörf fyrir hana eða ekki, þannig að fyrir það kjöt, sem framleitt væri um fram það, er þjóðin þarfnast og selt væri á erlendum markaði fyrir lítið verð, fengju bændur sama verð og fyrir það, sem selt væri á innlendum markaði, en mismunurinn greiddur úr ríkissjóði. Þá stóðu uppi tveir hópar manna á Alþ., og hélt annar fram þessum skilningi, en hinn taldi, að slíkur skilningur næði engri átt. Til þess að fyrirbyggja svipaðan misskilning að þessu sinni tel ég óhjákvæmilegt, að gerð sé frekari grein fyrir því, við hvað sé átt í þessu frv., og vænti þess, að hv. fjhn. gangi þannig frá málinu. Það hefur síðar komið á daginn, að sá skilningur, að ríkissjóður ætti að ábyrgjast alla framleiðslu landbúnaðarins samkv. dýrtíðarl. og verðbæta allar landbúnaðarvörur að fullu, var ekki annað en leikaraskapur, því að formaður Framsfl., HermJ, hefur lýst yfir því, að enginn hafi skilið þetta þannig, þó að Framsfl. geri þann skilning að sinni aðalröksemd í málunum. Það er í sjálfu sér gott, að þetta er komið fram. Það getur reyndar verið, að þó að þetta frv. yrði samþ. svona óljóst, fengjum við slíka skýringu síðar meir, en ég held, að bezt væri, að aldrei hefði komið til slíks misskilnings og Alþ. gæti verið sammála um skilninginn frá upphafi.

Þetta mál hefur verið mjög rætt í sambandi við stjórnarmyndunina, og minn flokkur hefur lýst yfir því, að hann muni, vegna þeirrar nauðsynjar, sem fyrir hendi er, ekki láta stjórnarmyndun stranda á þessum kröfum bænda um 25 millj. Þetta er að vísu mikil upphæð, en þegar athugað er, að bæjarbúar eru þegar búnir að láta af hendi 70—80 millj. til þessara hluta, og þegar það er athugað, að þeir eiga mest í húfi, að gengið sé þannig frá atvinnumálunum, að fólkið geti haft örugga atvinnu, þá er ekki rétt að horfa í þessar 25 millj., ef þær geta orðið til þess, að samkomulag geti skapazt meðal þjóðarinnar og hægt geti verið að endurskipuleggja atvinnulífið þannig, að öllum landsmönnum sé tryggð atvinna. Þannig er okkar afstaða til málanna. En sé það hins vegar ætlunin að gera ekkert til að tryggja atvinnulífið og ef ýmsir valdamenn þjóðfélagsins reyna heldur að draga atvinnuna saman en hitt, þá horfir málið öðruvísi við, — þá veitir ríkissjóði ekki af þessum peningum til að forða fólkinu frá hungri. Ef þjóðin gengur einhuga að því að nýskapa atvinnulífið, þá eru þessar 25 millj. kr. smámunir, en ef hins vegar á að fara að draga saman atvinnulífið og láta allt molna niður, þá hefur þjóðin ekki efni á því að láta þessar milljónir. Það er óþarfi að fara út í það, hversu ójafnt þessum milljónum er skipt niður á bændur. Þeim er úthlutað eftir þeim reglum, að sá stærsti fær mest, en sá minnsti lítið og stundum ekkert. Það er vitað, að tekjumestu mennirnir í sveitunum hafa fengið tugi þúsunda úr ríkissjóði sem uppbætur á sína framleiðslu. Fulltrúar bænda neita að gefa nokkra skýrslu um, hvernig þessum fjárfúlgum er skipt niður. Á síðasta þ. kom fram þáltill. um þetta, og hef ég sjaldan séð þessa hv. fulltrúa öllu æstari en þegar till. kom fram yfir því, að farið var fram á að fá að vita nánar um þetta. Þeim fannst það hámark ósvífninnar að krefjast reikningsskila um það, hvernig 80 millj. upphæð úr ríkissjóði væri skipt upp. Þessar upphæðir eru afhentar framkvæmdastjórum S. Í. S., og þeir annast útbýtinguna. Ef einhver kallar ekki eftir því fé, sem honum ber, virðist það verða innlyksa hjá S. Í. S., en það aldrei krafið uppgjörs.

Ég vil að lokum mælast til við hv. fjhn., að frv. verði rækilega endurskoðað, að orðum verði hagað þannig, að ekki geti valdið misskilningi og það komi greinilega fram í nál., við hvað er átt í ýmsum gr. þess.

Sveinbjörn Högnason: Ég hef flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 391 ásamt hv. 1. þm. Árn. Hún er þess efnis, að við frv. verði bætt nýrri gr., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstj. kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstj. heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf.“ Það mun hafa verið tilætlunin, eins og kemur fram í till. búnaðarþ., að þessi framlagseftirgjöf, sem þeir samþ., yrði til að varna því, að dýrtíðin hækkaði úr því, sem er, og er tekið fram, að ætlazt er til, að tilsvarandi lækkun komi annars staðar að, svo að dýrtíðin fari lækkandi, en ekki hækkandi. Ef þessi l. eru samþ. án nokkurrar tryggingar fyrir því, að verðlagsvísitalan haldist það tímabil, er þau eru í gildi, er ekki að öllu breytt eftir því, sem til er ætlazt, er bændur bjóðast til að falla frá þeirri hækkun, sem þeim bar. Það er því ekki nema sjálfsagt, að þessu fylgi ákvæði um, að verðlagsvísitalan haldist niðri þetta tímabil. Ég held, að ekki þurfi fleiri orð um þetta, svo augljóst sem það er.

Ég get ímyndað mér, að hv. þm. yfirleitt líti á mál bænda með meiri sanngirni en hv. síðasti ræðumaður, og ég get ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að ræðu hans. Málflutningur hv. þm. Siglf. er þannig, að erfitt er að halda sér við veruleikann eins og hann er í málinu. Öfgarnar eru svo miklar og firrurnar eru svo miklar, að það er alger óþarfi til skilningsauka fyrir hv. þm. að fara að ræða þau atriði, sem hann hefur flutt, vitanlega í þeim tilgangi að koma þeim í þingtíðindin og endurtaka nógu oft, ef einhverjir yrðu þá til að trúa þeim. Hv. þm. Siglf. talar af hita um, að ýmis atriði frv. séu óframkvæmanleg. Væri æskilegt að vita, hvaða ákvæði frv. hann á við, því að vitanlega eru þessar umræður gerðar til þess að skýra fyrir hv. þm., hvernig ýmis atriði skuli orðuð. — Þá segir hv. þm., að tilboð það, sem bændur hafa gefið, með því að gefa eftir 9,4% hækkun á söluverði framleiðsluvara þeirra, og þeim ber samkvæmt l., muni kosta ríkissjóð sennilega 20—25 millj. króna. Þetta er mjög skilmerkilegur og drengilegur málflutningur! Í ræðu,

sem hv. þm. Siglf. hélt við útvarpsumræður hér um daginn, sagði þessi sami hv. þm., að eftirgjöf bænda mundi nema 10 millj. króna, en nú eru þessar 10 millj. orðnar að 20—25 millj., sem ekki er eftirgjöf, heldur krafa frá bændum á ríkissjóð. Er því nokkuð erfitt að samræma núverandi ummæli við fyrrverandi málflutning þessa hv. þm., enda vitað, að þessi eftirgjöf bænda á hækkun á afurðaverði þeirra, sem þeir bjóða fram, er þeim heimil frá 15. september síðast liðnum til 15. september 1945. Eins er það vitað, að ef bændur hefðu haldið fram þessari kröfu, hefði sú fjárhæð, sem þyrfti til þess að halda niðri verði á innlendum landbúnaðarafurðum, numið miklu meira en 20 millj. króna, ef bændur hefðu átt að geta fengið svipað verð fyrir afurðir sínar og samkv. áliti sex manna nefndarinnar. Þetta er því vægast sagt hæpinn málflutningur, svo að ekki séu viðhöfð sterkari orð hér á Alþ. — Ég ætla mér ekki að deila við hv. þm. Siglf. um það, að niðurgreiðslur landbúnaðarafurða séu fyrst og fremst fyrir bændur. Bændur hafa sjálfir afbeðið á ýmsan hátt, að niðurgreiðslur fari fram, ef hægt væri að komast hjá þeim, ekki aðeins þeirra vegna, því að þeir hafa verið svo víðsýnir, að þeir hafa ekki horft aðeins á sinn hag, þar sem þeir vita, að þeirra hagur er bundinn við almenningsheill og að ef atvinnulíf landsmanna hrynur, þá er það þeirra hrun og allrar þjóðarheildarinnar. Þannig má það til sanns vegar færa, að þessar niðurgreiðslur séu gerðar fyrir bændastéttina, því að þær eru gerðar fyrir alla landsmenn. Hins vegar vill hv. þm. Siglf. koma óorði á bændur með þessu, því að þeir eru víðsýnni heldur en hann og aðrir þeir, sem hann vinnur fyrir. — Ég ætla mér ekki að fara mikið út í þá sálma, að framleiðslukostnaður landbúnaðarafurða sé svo mikill, að ekki sé hægt að reka hann, og að ⅔ eða ¾ dýrtíðarinnar, ég man ekki hvort heldur hann sagði, stafi af framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða. Hins vegar hef ég heyrt, að reiknað hafi verið út, að dýrtíðin stafaði að hálfu leyti af söluverði landbúnaðarafurða, en veit þessi hv. þm., að 90% af framleiðslukostnaði vísitölunnar er kaupgjald, sem hann telur sjálfsagt að hækka? Furðar hann sig á því, þegar búið er að setja upp sexfalt kaupgjald samanborið við kaupgjald í nágrannalöndum vorum, þótt söluverð landbúnaðarafurða hér á landi sé hátt? Hann undrast einnig yfir hlutfallinu milli afkasta landbúnaðarins og sjávarútvegsins, en það má vera, að sjávarútvegurinn sé rekinn með nýrra sniði, þótt margt sé þar einnig útrelt, og segir, að hlutfallið sé þar 1:70 með sama vinnuafli. Nú er það vitað, að framlög landbúnaðarins hljóta að vera yfir 100 milljónir króna, ef tæplega 10% eftirgjöf bænda á söluverði framleiðsluvara þeirra er 10 milljónir króna, eins og hv. þm. Siglf. hélt hér fram við útvarpsumræður, og nema þá framlög sjávarútvegsins 7 milljörðum króna samkv. ofangreindu hlutfalli. Kannske koma einhverjar slíkar tölur inn á reikninga hjá hans flokki, þótt ég hafi hvergi séð þær annars staðar eða nefndar, og jafnvel þótt hann slái af þeim um helming eða niður fyrir helming og niður í þrítugfalt, þá fæ ég ekki heldur séð, að framlög sjávarútvegsins séu svo mikil. Þannig er þessi samanburður því alveg út í loftið og er aðeins til þess að níða þá menn, sem landbúnað stunda, eins og hann og hans fylgifiskar hafa reynt að gera hér gagnvart þeim mönnum, sem flytja frv. þetta. Mun það verða lærdómsríkt að sjá, hvernig þessir menn líta á afstöðu landbúnaðarins, eftir að þeir sjálfir eru búnir að ráða við 90% vísitölunnar, sem er kaupgjaldið, þannig að margir framleiðendur eiga orðið erfitt með að standa undir sínum atvinnurekstri. — Hv. þm. Siglf. sagði, að fulltrúar bændastéttarinnar hefðu aldrei haft augun opin fyrir öðru en að pressa upp verð landbúnaðarafurða, þrátt fyrir að búnaðarþingið hefur nú boðið fram 9,4% eftirgjöf á hækkun á söluverði framleiðsluvara bænda. Hins vegar er þessi hv. þm. og fylgifiskar hans að heimta hækkun til handa verkamönnum í öllum félögum, hvar sem er í landinu. Ég verð að segja, að það þarf talsverða dirfsku til að tala svona af þessum hv. þm., og hygg ég, að margir myndu kalla, að það þyrfti talsvert blygðunarleysi til undir þeim kringumstæðum, sem hér eru fyrir hendi, þó að vitað sé, að þetta er sú vinnuaðferð, sem fulltrúar verkamanna og ekki hvað síst forkólfar Sósfl. hafa eingöngu notað enn þá í sínum vinnubrögðum, sem sé að hækka krónutöluna hjá verkamönnum, hvað sem það kostar mikið fyrir þjóðfélagið og hversu hátt sem dýrtíðin fer upp. Það er hins vegar vitað, að landbúnaðurinn framleiðir miklu meira með minna vinnuafli en hann gerði fyrir 10—20 árum, þrátt fyrir það að hann hafi misst mikið af verkafólki sínu til kaupstaðanna, enda þótt mér heyrist, að söngurinn úr þessum sósíalistahúsum sé stundum á þann veg, að fulltrúar bænda séu ekki að hugsa um annað en að hækka verð landbúnaðarafurða og geri freklegar kröfur til verðuppbóta í sveitunum og sé ekkert vit í því, hversu mörgum millj. þurfi að verja til þessara framkvæmda í sveitunum. — Þá talaði hv. þm. Siglf. um það, að með þessu frv., sem hér er lagt fyrir, væri verið að hjálpa til, að dýrtíðin hækkaði örar en áður, og er þar með augljóst, hvern hug hann ber gagnvart tilboði bænda um 9,4% eftirgjöf á hækkun á söluverði framleiðsluvara þeirra, en í því segir með leyfi forseta:

„Tilboð þetta er gert í trausti þess, að hér eftir fari fram hlutfallslegar kauplækkanir í landinu."

Hins vegar segir svo, að sé þessi skilningur ekki fyrir hendi, vegna öfugra starfsaðferða fulltrúa verkamanna, óski þeir eftir, að hækkanir fari þar með fram mánaðarlega, ef það reynist svo, að allar aðrar stéttir reyni ekki að standa við dýrtíðinni. Eftir að bændur vilja tryggja sig fyrir þessu, þá segir hv. þm. Siglf., að þetta ákvæði sé aðeins til þess að gera auðveldara um hækkun dýrtíðarinnar, og er þá augljóst, hvað hann hefur í huga gagnvart dýrtíðinni, og þar sem komið hefur í ljós, að hann vill halda áfram kröfum um kauphækkanir, þótt stærsti framleiðandinn, bændur, séu búnir að bjóða fram sinn hluta, eins og kunnugt er. Kannske heldur hv. þm. Siglf., að æskilegra hefði verið til þess að hægt hefði verið að níðast á bændum, að verð á afurðum þeirra mætti ekki hækka fyrr en eftir allt árið, þótt allar aðrar stéttir hækki kaupgjald sitt mánaðarlega? Annars er gott að heyra hug manna um þessi efni og hvort þeir vilja taka höndum saman við bændastéttina um að lækka dýrtíðina. En hv. þm. Siglf. hefur lýst því mjög vel, að hann og hans flokkur hugsa til áframhaldandi viðnáms. Það kemur bændum hins vegar ekki á óvart,

þótt þessir menn hugsi á þessa leið, því að vitað er, að á þeim stöðum er hugsað meira um að gefa fagrar yfirlýsingar, en hugsa flátt og hlaupa svo frá flestu, sem sagt er. — Finnst mér svo ekki ástæða til að ræða um þetta frekar, en vil taka fram að lokum, að ég er ekki samþykkur hv. þm. A.-Húnv. um, að það sé um að gera að flýta þessum málum sem allra mest, þar sem vitað er, að í sambandi við þetta mál er ýmislegt, sem þarf að leysa og bændur þurfa að fá tryggt, en hins vegar er ekki hægt að gera á skömmum tíma, t. d. varðandi tekjuöflun og að tryggja útgjöld, sem þessu eru samfara. Í þessu frv. hefðu átt að vera ákvæði um þessi efni, en þar sem svo er ekki, álít ég, að afgreiðsla þessa frv. eigi að bíða eftir því, að framan nefnd verkefni séu leyst, ef góður árangur á að nást. Legg ég því meiri áherzlu á, að málinu sé ekki hraðað, fyrr en önnur skilyrði, sem bændur hafa sett, fáist uppfyllt af Alþ.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég skal byrja á því að víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 391, sem síðasti ræðumaður mælti fyrir. Það var lögð fram í fjhn. till. á þá leið, að það skyldi vera ákveðið í þessum l., að ríkissjóður legði fram það fé, sem þyrfti til þess að halda vísitölunni skilyrðislaust í 272 stigum eftir þetta tímabil, og gat fjhn. ekki fallizt á þá till., með því að það er mjög vafasamt nema óviðráðanlegar ástæður geti komið fyrir, sem gerðu það að verkum, að þetta gæti kostað ríkissjóð mjög mikið fé. Hins vegar segir í þessari brtt., að ríkisstjórnin skuli kosta kapps um að halda vísitölunni í sama farinu, og er því um hana það að segja, að hún stefnir í sömu átt og þetta frv. miðar að, því að þetta er það, sem allir vilja og er gert ráð fyrir að muni takast, ef frv. gengur fram, sem gera má ráð fyrir, nema einhverjar óviðráðanlegar ástæður komi fyrir. Fjhn. hefur ekki haft tækifæri til að ræða þessa till. neitt, **hvorki við minn flokk né aðra flokka, og vildi** ég þess vegna mælast til, að atkvgr. verði frestað um hana til 3. umr., enda þótt ég geti lýst yfir fyrir mitt leyti, að ég sé henni hlynntur og telji ekki nema eðlilegt, að hún verði samþykkt. Annars hef ég ekki fleiru til að svara hv. þm. V.-Sk. nema því, að ég er á annarri skoðun en hann um afgreiðslu þessa máls, því að ég álít, að átt hefði verið búið að afgreiða það, og er næsta ósæmilegt að halda mönnum í óvissu um úrslit þess. En það, sem sérstaklega veldur því, er þetta, að það er mjög óhentugt fyrir þá, sem verzla með kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir, að fá ekki úr því skorið, hvernig fara eigi með þessi mál. Hitt leiðir af sjálfu sér, að verði frv. að lögum, þá verður sjálfsagt hægt að framkvæma þessi mál fjárhagslega, þar sem þetta er atriði, sem ekki ætti að setja í samband við, að þyrfti að bíða eftir afgreiðslu fjárl. — Ástæða væri til að halda langa ræðu út af því, sem hv. þm. Siglf. hefur hér lagt til málanna, en bæði er það, að þessi mál eru margþvæld hér á Alþ., og svo einnig hitt, að síðasti ræðumaður svaraði nokkrum atriðum úr ræðu hans, svo að ég mun fara fljótt yfir sögu, en kemst þó ekki hjá að víkja að nokkrum atriðum, vegna þess að ég tel ýmislegt af því, sem hann sagði, hina mestu fjarstæðu. Afstaða fjhn. hefur verið skýrt tekin fram, þar sem hún hefur lagt til, að atkvgr. frv. verði frestað til 3. umr., því að þá mun upplýst, hvort einhver atriði frv. eru litt framkvæmanleg, en ég tók hins vegar fram í framsöguræðu minni, að okkur hefði komið saman um við hagstofustjóra, að óþægilegt væri að framkvæma 2. lið 1. gr. frv. eins og hann er þar, og ákvað n. því að fresta brtt. við þennan lið til 3. umr. Það, sem orsakar það, að erfitt er að framkvæma þennan lið, er það, að vísitala landbúnaðarafurða hefur ekki verið reiknuð út nema einu sinni á ári, og kostar það því mikla fyrirhöfn og verður miklum erfiðleikum bundið að safna skýrslum til þess að gera þetta upp mánaðarlega, og sagði hagstofustjóri, að þetta væri miklum erfiðleikum bundið. Ég skal játa, að þetta er miklum erfiðleikum bundið, en held, að hægt sé að gera þetta á miklu auðveldari hátt, en beri þó sama tilgang, sem sé að verðlag landbúnaðarafurða hækkaði að sama skapi og ef kaupgjald yrði hækkað. Þetta var aðeins sett inn sem varaákvæði, gerandi ráð fyrir, að svo illa fari ekki, að kaupskrúfan haldi þannig áfram að hækka frá því, sem orðið er. Þetta er eina ákvæðið í frv., sem gæti orkað tvímælis, hvernig beri að framkvæma, og er því engin ástæða til að stoppa frv., þótt ekki sé búið að breyta þessu ákvæði, sem n. hefur gefið loforð um að breyta, enda vita allir, að þetta er ekki annað en aukaatriði í frv. — Þá flutti hv. þm. Siglf. langa ræðu um verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, bæði innanlands og útfluttar, og talaði í þeim dúr eins og þær væru aðeins gerðar fyrir bændur og væri mjög misráðið, hvernig farið væri með fé, sem varið væri til að borga þessar uppbætur. Ég hef ekki fengið skýrslur um, hve þessar uppbætur eru orðnar miklar, en ég held þó, að hv. þm. hafi þar farið með tölur, sem eru nokkru hærri en rétt er, og varðandi það, er hann segir, að þetta sé gert eingöngu fyrir bændur, þá fer því fjarri, að svo sé, því að þetta er gert fyrir þjóðarheildina. Enda er það svo t. d. í mínu héraði, að fjölda bænda er mjög illa við þá stefnu að greiða niður verð landbúnaðarafurða, t. d. niðurgreiðslur á dilkakjöti, því að það þýðir samsvarandi verðlækkun á öðrum tegundum kjöts, bæði á nautakjöti, hrossakjöti og ærkjöti. Kemur sú verðlækkun hart niður á þeim héruðum, sem hafa litla kindakjötsframleiðslu, en mikla hrossakjötsframleiðslu, en skaðar aftur á móti ekkert ýmis héruð, sem hafa ekkert hrossakjöt, heldur mjólkurframleiðslu. Þessi verðlækkun skaðar t. d. Húnavatnssýslu, Rangárvallasýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu o. fl., en þrátt fyrir þetta hef ég greitt atkv. með þessum niðurgreiðslum, og er það af því, að ég er sannfærður um, að það borgar sig fyrir þjóðarheildina að fara þessa leið, en er ekki atriði, sem er hagsmunaatriði fyrir bændur. Lækki útsöluverð á vörum þeirra innanlands við þessar niðurgreiðslur, sem ég hef nú tekið fram, er það hagsmunaatriði fyrir alla þjóðina, vegna þess að vísitalan og þá um leið kaupgjald kemur á eftir eins og allir vita. Hið sama er að segja um uppbætur á útfluttar afurðir, að öðru leyti heldur en því, að ef ekki verður hægt að selja vöruna það hátt innan lands, að hægt sé að borga af söluverði innan lands, útflutningsuppbætur, þá gegnir allt öðru máli.

Hv. þm. Siglf. talaði í sambandi við uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur um það, að það

væri allt fals, sem haldið væri fram, að ríkið væri skyldugt að greiða þessar uppbætur, fals, sem framsóknar- og sjálfstæðismenn hafi haldið fram í sambandi við sex manna n. álitið, að þetta væri byggt á lögum, og vitnaði í því sambandi í ummæli formanna flokkanna, ummæli, sem birzt hafa í blöðum Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta má hvort tveggja til sanns vegar færa. Það var lagaskylda í fyrra og er enn, að ef verðið er borgað niður úr ríkissjóði, greiði hann einnig uppbætur. Það er engin lagaskylda, að bændur fái það afurðaverð, sem 6 manna n. ákveður, en hins vegar heimilt að setja það verð á vörurnar, með það gildir sama regla og um kaupgjald. Þótt verkalýðsfél. setji kauptaxta, dettur engum í hug, að ríkið tryggi það kaup. En ríkið tekur alveg í sínar hendur sölu á þessum vörum, um leið og það borgar verðið niður, og af því leiðir svo, að ríkissjóður skuldbindur sig til þess að sjá um, að bændur fái sama verð fyrir alla vöruna, hvort sem hún er seld á innlendum markaði eða erlendum. Varðandi uppbæturnar, sem þarf, að það verði 20 til 25 millj. kr., þá er það mál, sem ekki er hægt að segja fast um sem stendur, því að það fer eftir því, hvað mikið þarf að flytja út og hvaða verð fæst fyrir það. Líkur eru til þess, að útflutningsuppbæturnar verði minni en áður, vegna þess að horfur eru á hærra verði á ull og kjöti og sterkar líkur til þess, að minna berist af kjöti til Bretlands frá öðrum þjóðum en verið hefur. Einnig eru sterkar líkur til þess, að ullarverðið hækki svo, að ekki þurfi að greiða mjög miklar ullaruppbætur. Þetta kemur nú allt í ljós, um leið og varan er seld.

Hv. þm. Siglf. talaði um, að það hefði verið nær að umbæta landbúnaðinn með þessum millj. Það hefði kannske verið nær að taka allar launahækkanir af launastéttunum og byggja skip fyrir það fé? Það er sambærilegt að öðru leyti en því, að þar er um margfalda upphæð að ræða, því að það er ekki minna en 100 millj. kr., ef miðað er við útreikninga orlofsnefndar. Ef nota ætti verðuppbæturnar á landbúnaðarvörur eins og hv. þm. Siglf. telur eðlilegast, að nota féð til þess að umskapa landbúnaðinn, nema um smærri upphæðir væri að ræða, svarar það til þess, að launahækkanir launaflokkanna hefðu verið teknar til þess að byggja hús, hafnir, skip og önnur mannvirki í kaupstöðum, og hugsa ég ekki, að neinn þm. telji eðlilegt að fara þá leið. Hitt er alveg satt, að landbúnaðurinn er ekki kominn í fullkomið horf, en við erum að reyna að koma honum í fullkomið horf. Hv. þm. Siglf. ætti að rannsaka afkomu ríkisbúanna, sem fá gefins allan höfuðstólinn og eru rekin sem stórbú og hafa að ýmsu leyti ólíkt betri aðstöðu en bændur hafa við að búa. Samt hafa mörg þessara búa verið rekin með stórhalla, að vísu ekki síðustu árin, en það sýnir þó, að það er ekki einhlítt að koma landbúnaðinum í fullkomið horf. Þá fór þm. Siglf. að bera saman afköstin hjá landbúnaðinum og sjávarútveginum og taldi um sjötugfaldan afkastamun að ræða. Það getur vissulega komið fyrir, að hægt sé að moka upp síld sjötugfalda að verðmæti miðað við t. d. kjöt, en þegar farið er út í svona samanburð við landbúnaðinn, væri helzt hliðstætt, að einhverjum mönnum væri leyft að smala saman fé á afrétti til þess svo að selja og drepa og bera svo saman afköstin! Sjórinn kringum landið gefur alveg jafna afkastamöguleika og sjórinn við önnur lönd, en við landbúnaðinn henta ekki alltaf sömu tæki hér og notuð eru annars staðar, aðstaðan oft gerólík og landkostir mismunandi. Hv. þm. Siglf. talaði um, að þessi 9,4% hækkun, sem bændur ætluðu að sleppa, næmi minni upphæð en þeir ættu að fá í útflutningsuppbætur. Þetta er ósannað mál. Það, sem gerir það að verkum, að bændur falla frá hækkuninni er það, að þeir sjá, að um leið og þeir krefjast þessarar 9,4% hækkunar, mundu þeir lenda í því, að dýrtíðin slyppi laus, og þá þyrftu þeir að bíða heilt ár eftir þeirri hækkun, auk þess að bændur vilja ekki stöðva alla aðalframleiðsluna með því að eiga þátt í auknu dýrtíðarflóði til stórvandræða fyrir allan þjóðarbúskapinn. Hins vegar er ekki þar með sagt, að bændur tapi öllu, sem hér er um að ræða. Þá segir hv. þm. Siglf., að bæjafólk þurfi að greiða níu tíundu af þessum 20—25 millj. kr., sem hann talaði um. Þetta veit hann ekkert um. Mér þykir sennilegt, að það sé í réttu hlutfalli við fólksfjöldann, vegna þess að skattar og tollar koma mjög jafnt yfir menn, hvar sem þeir eru búsettir, og hafa skattar farið mjög hækkandi á síðustu árum vegna aukinna tekna. Þessi fullyrðing hans er alveg út í bláinn, að níu tíundu af upphæðinni komi niður á bæjafólk, þar eð nærri lætur, að ⅓ landsmanna sé í sveitum og beri sinn hluta af upphæðinni í tollum og sköttum. Ég held það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að fara út í varðandi ræðu hv. þm. Siglf. Skal ég þó að lokum minnast á það, að hann sagði, að bændur og þeirra fulltrúar hefðu aldrei séð annað í sambandi við hagsmuni sína en að spenna upp afurðaverðið. Það á illa við að tala svona, þegar bændur bjóðast til að sleppa hækkun, sem þeir eiga rétt á, til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Þrátt fyrir allar uppbætur er það svo, að hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags er bændum óhagstætt. Hæstv. forseti Nd. hefur skýrt frá því, að miðað við smjörverð þarf helmingi meira smjör til þess að borga kaupamanni um vikuna nú en þurfti fyrir 30—40 árum, og sama er að segja um dilkana, að það þarf miklu meira magn til þess að borga vikukaup nú en var áður fyrr. Það var að nokkru leyti sanngjarnt, að þetta kaupgjald breyttist, en munurinn er of mikill. Vegna þess hvernig aðstæðurnar eru, hefur mikið útstreymi verið úr sveitum, en hefði átt að vera aðstreymi, ef afkoman væri eins og hv. þm. Siglf. vill vera láta. Ég vil mælast til þess, að það verði ekki farið inn á þá braut að draga afgreiðslu þessa frv., — ég geri ráð fyrir, að fjhn. geti komið með sínar brtt. strax á morgun, og þá ætti að vera hægt að afgr. málið, og þess er full þörf.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 9. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Alllangt er um liðið, síðan ég kvaddi mér hljóðs, og þau ummæli þm. tekin að fyrnast, sem ég hugði að ræða, en aðalatriðið fyrir mér var hitt að gera grein fyrir meginafstöðu minni til málsins. Það mun þm. kunnugt frá því, að þessi mál hafa fyrr verið hér rædd, að ég hef jafnan verið móti

því, að ríkissjóður keypti niður vísitöluna. Menn hljóta að sjá, að það er í aðalatriðum sama, hvort neytendur greiða verð vöru allt eða þeir greiða part af því beint, en ríkissjóður tekur hinn hluta verðsins með tollum og sköttum og útdeilir síðan til framleiðenda. Það er eintóm blekking, að með því sé verið að lækka dýrtíðina, þetta er ekkert annað en að kaupa niður vísitöluna. Það getur náttúrlega munað nokkru fyrir ýmsar framleiðslutegundir, hvort vísitalan er há eða lág, en að lokum verður það alltaf framleiðslan í landinu, sem ber þunga dýrtíðarinnar, alveg jafnt hvort vísitölu er hagrætt eða ekki.

Ef það er rétt, sem flestir álíta, að dýrtíðin sé böl, þá er hitt rétt, að þjóðin gerir frekar einhver átök til að fá dýrtíðina lækkaða raunverulega, ef ekki er hylmað yfir ástandið með vísitölulækkun. Nú hygg ég allir séu sammála um, að það sé gersamlega ófær leið að ætla að halda lengi áfram að greiða milljónatugi árlega úr ríkissjóði til vísitölulækkunar, það sé aðeins gert til bráðabirgða. En meðan þetta handhæga ráð er haft til að fresta því að takast á við sjálfa dýrtíðina, hef ég enga trú á, að það verði reynt af neinni alvöru. Reynslan er þar búin að sýna sig.

Þrátt fyrir fullvissu allra þm. um, að þetta er ekkert frambúðarúrræði, hagar þingið sér enn eins og gera eigi niðurborgunina að viðvarandi reglu. Mér hefur virzt af umr., að erfitt sé að fá menn til að tala um þessi mál í fullri alvöru. Það, hvort þm. er með eða móti niðurborgun, er haft fyrir einhvern mælikvarða á það, hvort hann sé vinur sveitanna eða óvinur. Þótt þeir, sem með eru, þekki e. t. v. ekki laut frá þúfu né kind frá geit, eru þeir svo skilningsgóðir og miklir bændavinir, að framar verður ekki komizt, en allir, sem andæfa þessari aðferð, eiga að vera fjandmenn sveitanna. Af sömu hálfu er sagt, að niðurborgunin sé eingöngu gerð fyrir neytendur. Ég veit ekki, nema svo langt megi komast í sveitavináttu að segja, að uppbót á útfluttar gærur t. d. sé neytendastyrkur. Það sama, sem heitir neytendastyrkur í sveitum, heitir bændauppbætur annars staðar. Sannast er það, að um hvort tveggja þetta er að ræða, en ekki um annað hvort.

En höfuðatriðið er þetta: Er ríkissjóður fær um að borga þetta? Ég tel það gersamlega ósæmilegt fyrir þm. að afgreiða l. um framlög úr ríkissjóði vitandi það, að fé er ekkert til þeirra og jafnvel verður ekki fáanlegt. Nú liggur fyrir fjárlagafrv., þar sem dýrtíðargreiðslurnar eru náttúrlega ekki teknar með, en þó er frv. svo hæpið, að það mun koma frá fjvn. með nokkurra millj. kr. tekjuhalla, þótt hún gæti nokkru meira hófs en að undanförnu. Svo bætast þar við hækkanir, sem einstakir þm. geta fengið samþ. Ekki er hægt að vita, hve miklu þær uppbætur muni nema, sem hér ræðir um, en fjmrn. telur eftir reynslu fyrri ára, að þær muni leika á 22—25 millj. kr. á næsta ári, þó þannig, að gert sé ráð fyrir, að útflutt ull seljist án þess, að verðbæta þurfi, því að um skeið hefur verið von um það hátt verð fyrir hana. Síðan hefur hæstv. atvmrh. látið það í ljós, að ullin sé ekki seljanleg nú, nema með henni yrði að greiða 6—7 kr. Þetta er engin ágizkun, heldur alveg rétt, en það er bara óvíst, hvort ullin verður geymd, og hvernig hún selst þá síðar. En það verður að gera ráð fyrir þessum halla, og mér skilst, að það, sem ríkissjóði er ætlað að greiða, sumpart í bætur og sumpart til að færa niður neyzluverðið á landbúnaðarafurðum, nemi nál. 30 millj. kr.

Enn er einn gildur liður ótalinn í fjárl. til greiðslu á næsta ári, nefnilega um 18 millj. kr. vegna alþjóðastarfsemi. Það vantar fé í ríkissjóðinn fyrir þessum 30 millj. og 18 millj., og þar að auki er tekjuhalli á frv., sem nú liggur fyrir. Þetta verða alls yfir 50 millj. kr. Nú er talað um það að sjálfsögðu, að það þurfi að hugsa um tekjuöflun, en ég held, að hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir, hvað upphæðin er gífurleg. Ný tekjuöflun á einu ári getur ekki bætt hana upp.

Það hefur verið rætt um sérstakan eignarskatt, þó að flestir hafi víst komizt að þeirri niðurstöðu, að sú leið sé ekki fær. Mér skilst aðallega vera til þess hugsað að leggja einhvern viðauka á tekjuskattinn, en hann er nú áætlaður í frv. 21 millj. kr., en 18 millj. í fyrra. Þ. færði hann upp, og ég ætla, að bæði stj. og þm. þyki þar teflt á tæpasta vaðið. Þó að viðauki yrði lagður á tekjuskattinn, yrði sá viðauki ekki meiri en 25%, en það eru aðeins 5 millj. kr. M. ö. o., með þessari leið, sem mörgum mun þó sýnast torsótt, mundu aðeins fást 5 millj. kr., en ekki þær 50 millj., sem vantar. Ég held, að þetta sýni allgreinilega, að hverjar hliðar, sem eru á uppbótamálinu að öðru leyti, þá blasir þarna við ein hlið, sem gerir að verkum, að ástandið er ófært. Þm. hafa ekki siðferðilega heimild til að gefa slíkar ávísanir á ríkissjóð. Ef slíku fer fram, að 50 millj. kr. tekjuhalli sé í fjármálum okkar, jafnvel þótt eitthvað sé klórað í bakkann með nýjum sköttum, leiðir það ekki til annars en ríkisgjaldþrots, en ég trúi ekki, að þm. telji það sæma sér eða að þeir hafi til þess umboð frá kjósendum sínum að gera slíkar ráðstafanir.

Ég hef heyrt, að einn af samningamönnum okkar hafi sagt, að þetta sé ekkert, það sé hægt að borga það með síld. Það eru mér ný vísindi, að ríkissjóður eigi síld, og mér er líka sagt, að það sé talinn óþarfi fyrir fjvn. að taka þessar 18 millj. kr. í fjárlög, því að það verði einhver önnur ráð, t. d. þau, að Landsbankinn borgi þetta. Mér er ekki kunnugt um, að Landsbankinn sé svo ríkur, enda voru þessar skuldbindingar ekki gerðar fyrir hönd bankans. Ríkissjóður á að greiða þetta, en getur það ekki. Leiðin er engin, nema afla þessa með sköttum, eða að ríkissjóður taki það að láni, og þá blasir við skemmtilegur árangur af starfi okkar þm. Um stríðsárin hafa flestir landsmenn borgað sínar skuldir niður. Ríkissjóður einn með sína ágætu ráðsmennsku á að fara út úr stríðinu með skuldabagga. Þegar erfiðu árin koma, getur ríkissjóður svo enga hjálparhönd veitt, því að þá er hann að kafna í skuldum. Þetta er ósæmilegt.

Það er ýmislegt fleira, sem vert væri að minnast á í sambandi við milliþjafirnar. Ég veit ekki, hvort menn hafa tekið eftir því, að við höfum haft mikla og merkilega stræku í 3 ár: eigendur sauðakjöts hafa strækað á neytendur. Það er talin aðalástæðan fyrir því, að ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga með beinar greiðslur, að framleiðslan er talsvert meiri en það, sem neytt er í landinu, hvort sem það stafar af kaupgetuleysi eða því,

að kjötið er of mikið. Það er sama, hver orsökin er, það verður að selja allt kjötið. En þeir, sem stjórna sölu kjöts, strita við að halda því frá munninum á fólkinu. Það er enginn áhugi fyrir að selja það, úr því að ekki þarf annað en heimta fé úr ríkissjóði til að jafna hallann. Ég lýsi þungum sökum á hendur þessum mönnum. Þeir skapa ríkinu óafsakanleg útgjöld. Þetta sleifarlag verður ekki lagað, fyrr en afnumdar verða ríkissjóðsgreiðslurnar. Engin bændaást getur bjargað þessu, heldur bara fyrirkomulagsbreyting.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það hefur verið rætt um í sambandi við þetta mál, að af hálfu bænda hafi verið færðar fórnir. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að sú hækkun, sem átti að verða, falli niður, en í stað þess er því slegið föstu, að verð landbúnaðarafurða til 15. sept. 1945 reiknist eftir vísitölu næsta tímabils á undan. Við skulum reyna að gera oss ljóst, hvað um er að ræða. Það er á huldu, hvernig 1. eru skilin.

Samkv. sex manna nefndar álitinu er gert ráð fyrir, að verðákvæði eftir þeim gildi á meðan stríðsástand helzt. Öll þessi verðákvæði falla niður, um leið og stríðið hættir. Það stendur svo í 4. gr. dýrtíðarl., 3. málsgr.: „Nú verður nefndin sammála um vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttarfélaga, og skal þá verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helzt.“ Það liggur í augum uppi, að það er ekkert í l., sem mælir með því, að verðið, sem átti að ganga í gildi 15. sept., eigi að halda áfram eftir að stríðinu lýkur. Sama dag og stríðinu lýkur eru l. fallin úr gildi og það verðlagskerfi, sem þeim fylgir. Ef við reiknum með, að stríðinu verði lokið í nóv., er sú 9,4% hækkun, sem hefði átt að vera, gildandi aðeins þangað til. Hvernig lítur það þá út frá ríkissjóðs sjónarmiði að gera þá verzlun við bændur, að þeir samþ. 9.4% lækkun í 2 mán., en tryggi sér hækkun í 12 mán.? Það fer að verða tvísýn verzlun fyrir ríkissjóð. Það gæti verið eins gott að láta bændur fá þessa 9.4% hækkun í þessa 2 mán. Það gæti kostað ríkissjóð minna en að slá verðákvæðunum og útflutningsuppbótunum föstum. Þetta ber oss að rannsaka.

Ég veit, að bændur gera þetta, af því að þeir vilja sýna þegnskap. Hins vegar verðum við að athuga, hvað er praktiskt fyrir ríkissjóð, og þegar við verðum varir við, að það eru til bændur, sem telja þetta eftir og telja sig missa í réttindum, ber oss að vita, hvernig aðstaðan er. Það er ekki ástæða til að svipta bændur réttindum til að skaða ríkissjóð. Og enn hafa ekki komið fram rök fyrir því, að þetta sé til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Það væri illa farið, ef við færum að berja í gegn l. á móti vilja margra bænda, sem teldu sig færa svo og svo miklar fórnir, ef sannleikurinn væri sá, að það borgaði sig bezt fyrir ríkissjóð að láta þá hafa sín 10%. Þarna er um að ræða tímaspursmál, sem við ráðum ekki við, þ. e. hvenær stríðinu lýkur.

Ég álít, að með samþykkt þessa frv. væri ekki aðeins fallið frá sex manna nefndar samkomulaginu, heldur væri bændum veittur réttur til að hækka tekjur sínar fram yfir aðrar vinnandi stéttir í landinu. Það var gengið út frá því í 4. gr. dýrtíðarl. frá 1943, að bændum yrðu tryggðar heildartekjur í samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Með þessu frv., ef að l. yrði, væri því verið að tryggja þessum hluta vinnandi stétta ákveðnar tekjur fram að 15. sept. 1945, sem engum öðrum stéttum væru tryggðar. Það er engin ráðstöfun gerð til þess í þessu frv. að tryggja sjómönnum eða verkamönnum sambærilegar tekjur við það, sem bændur eiga að fá. Af hálfu þeirra manna, sem sérstaklega telja sig forsvarsmenn þessa frv. og mæla með því, hefur þessum stéttum verið lofað atvinnuleysi, kauplækkun og öðrum tekjumissi á sama tíma og þeir leggja til, að bændur skuli teknir þarna út úr og þeim tryggðar vissar tekjur allan þennan tíma, og vilja fá til þess stuðning ríkissjóðs. Þannig er beinlínis brotið í bág við það, sem var grundvöllur undir 4. gr. dýrtíðarl. frá 1943, þar sem átti að byggja upp sérstakt kerfi, til þess að bændum skyldu tryggð samsvarandi kjör og öðrum vinnandi stéttum.

Ég álít þess vegna, að þær mórölsku forsendur, sem færðar eru fyrir þessu frv., fái ekki staðizt, og fjárhagslega er þetta skaðleg verzlun fyrir ríkissjóð.

Þá vildi ég minnast á 2. lið bráðabirgðaákvæðisins. Þar er talað um, að verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skuli verðlagið hækkað í samræmi við það. Þarna er sú breyt. gerð, að í staðinn fyrir, að áður var gengið út frá því, að verðið væri í samræmi við launakjörin hvort sem væri til hækkunar eða lækkunar, þá er verðlaginu þarna slegið föstu allt árið og á aðeins að taka til greina hækkun, en sleppt því, sem til lækkunar verður, og er með því gengið á kjör annarra vinnandi stétta. Ef framleiðslukostnaður á landbúnaðarafurðunum færi lækkandi, kæmi það ekki að neinu leyti fram.

Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt, þetta er þveröfugt við það, sem byggt var á í l. um dýrtíðarráðstafanir 1943. Það er verið að taka bændur þarna út úr, gangandi út frá því, að verðfall sé í aðsigi. Mér finnst því 2. málsl. 1. gr. þessa frv. þannig, að það sé mjög erfitt fyrir hæstv. Alþ. að samþ. hann í því formi, sem hann er í.

Þá er því slegið föstu í 3. málsl., að ríkissjóður skuli leggja fram fé til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Þessar niðurgreiðslur, sem í fylgiskjali Búnaðarfélagsins eru kallaðar neytendastyrkur, hafa verið mjög mikið umræddar. Það hefur í því sambandi verið vitnað til landa í kringum okkur, eins og t. d. Englands og Bandaríkjanna, og bent á það, að í þeim löndum hafi verið greiddur styrkur til að halda niðri vöruverði, og það hefur verið sérstaklega vitnað í það, að í þessum löndum hafi þetta orðið til hagsbóta fyrir verkamenn. Eitt verða menn að athuga í þessu sambandi, og það er það, að í þessum löndum, Englandi og Bandaríkjunum, eru engir kaupsamningar á milli atvinnurekenda og verkamanna, þar er engin dýrtíðarvísitala, verkamenn fá engar uppbætur. Verkamenn í þessum löndum yrðu því, ef þeir ætluðu að fá kauphækkun, að fá atvinnurekendur til að ganga inn á kauphækkun

eða þá að fara í stórkostleg verkföll. Þetta hafa ríkisstj. þessara landa skilið, þær vita, að það er nauðsynlegt að geta haldið framleiðslunni í fullum krafti. Þessar ríkisstj. gera því beinlínis ráðstafanir til þess að greiða niður landbúnaðarafurðirnar til þess að koma í veg fyrir, að kröfurnar um kauphækkun skapist hjá verkamönnum. Samt sem áður hefur þetta ekki tekizt betur en svo, að verðvísitalan hefur hækkað mun meira en kaupgjaldið í þessum löndum. Það, sem helzt væri hægt að kalla neytendastyrk í þessu sambandi, er því, þegar gengið er út frá því, að verkamenn fengju ekki sínar uppbætur. Hins vegar er það bein þjóðfélagsleg ráðstöfun bæði með tilliti til stríðsrekstrarins og einnig með tilliti til fjármálaástandsins eftir styrjöldina. Hins vegar hjá okkur, þegar við greiðum niður verð á landbúnaðarvörum, þá erum við beinlínis að halda kaupinu (í krónutölu) niðri vegna þess, að verkamennirnir á Íslandi hafa samið um að fá dýrtíðaruppbót, ef vísitalan hækkaði. Þess vegna er fé tekið af verkamannastéttinni með tollum og sköttum, og þetta fé er síðan notað til þess að borga niður landbúnaðarvörurnar og hindra þar með, að kaupið hækki, hvað krónutöluna snertir. Það er sem sé tekið af verkamönnum til þess að borga niður þeirra eigin kaup. Það hlýtur hver maður að sjá, hver munur er á aðstöðu verkamannastéttar Íslands og verkamannastéttar Englands og Ameríku, þegar verið er að bera hana saman. Hitt er hins vegar alveg rétt, að með þessum niðurgreiðslum er engan veginn verið að styrkja bændur sérstaklega, þetta er ekki styrkur til bænda, þetta er ráðstöfun, sem er gerð til þess að gera okkur samkeppnisfærari með okkar afurðir, sem við seljum út. Þetta er nauðsynlegt að komi fram og menn geri sér ljóst. Hitt er svo annað mál, hvað menn vilja sætta sig við vegna framtíðarinnar til þess að verða samkeppnisfærir með okkar afurðir. Þess vegna er það mjög óviðfelldið, að búnaðarþing í sinni yfirlýsingu skuli setja svona nöfn á þetta. Ég skal geta þess, að til þess að það væri réttmætt að kalla þetta neytendastyrk, yrði að hafa aðra skipulagningu á þessum málum, en hún væri sú, að dýrtíðarvísitalan væri eins og hún er, ríkisstj. ákvæði síðan að borga með hverju kg, sem neytt væri af kjöti og öðru. Menn fengju sína miða um leið og þeir tækju við vörunni, af því að þeir borguðu hana hærra verði og fengju síðan út á miðana á eftir, þá væri styrknum varið til neytenda, en kauplagsvísitalan væri ekki hærri; verðið væri þá eins og það ætti að vera. Neytendur gætu þá ráðið, hvað mikið af sínu kaupi þeir fengju niðurgreitt af ríkissjóði, en bæru að öðru leyti svipaða skatta og áður. Þá fyrst væri verið að framkvæma þetta sem raunverulegan neytendastyrk. Svo er annað ákvæði í þessum 3. lið bráðabirgðaákvæðisins, sem gerir greininа varhugaverða. Með þessu er slegið föstu, að það skuli leggja fé úr ríkissjóði, sem á að skilja sem ráðstöfun gegn dýrtíðinni. Ég skal hins vegar sýna fram á, að það er til praktiskari aðferð, ef ríkissjóður vildi greiða niður vöruverð, heldur en sú að greiða niður landbúnaðarvörur. Það væri praktisk aðferð að verja þeim peningum til þess að lækka tolla á aðfluttum vörum, en takmarka meira að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum. Það er ekkert vit í því að vera búinn að skuldbinda ríkissjóð til þess að greiða niður landbúnaðarafurðir. Það er því þarna líka verið að fara inn á þá braut að ákveða þessa einu aðferð, sem er engan veginn praktiskari aðferð en aðrar. Það er líka verið að setja hér inn ákvæði, sem ég álít mjög hæpin og ekki er hægt að segja, að séu réttlát. Þá er fjórða bráðabirgðaákvæðið. Í fyrsta lagi vil ég láta það koma greinilega fram, að útflutningsuppbæturnar eru ekki að neinu leyti ákveðnar í dýrtíðarl. frá 1943. Í þeim er ekkert, sem styður það, að útflutningsuppbætur skuli greiddar. Í þeim l. felst það alveg ótvírætt, að reiknað skuli út, hvaða verð bændur þurfi að fá fyrir afurðir sínar til þess að hafa samsvarandi tekjur eins og verkamenn hafa með því kaupgjaldi, sem þeir fá. Hitt var alltaf meiningin með dýrtíðarl. frá 1943, að þau sköpuðu nokkurt aðhald þannig, að eftir sem áður yrðu þeir, sem stjórnuðu sölu á afurðunum, að hugsa um í fyrsta lagi að koma þessum afurðum í verð á sem praktiskastan hátt þannig, að afurðirnar gæfu bændum sem mest heim aftur. Það liggur í augum uppi, að það var engan veginn meiningin að taka slíkt aðhald burtu. Útflutningsuppbæturnar voru hins vegar farnar að tíðkast, áður en þessi dýrtíðarl. voru samþ. og sex manna nefndar samkomulagið var gert. Útflutningsuppbæturnar byrjuðu 1941, og þeim var haldið áfram 1942, og höfðu þær því verið samþ., áður en sex manna nefndar samkomulagið kom til, eins og hv. þm. muna eftir. Í þál. frá 31. ágúst 1942 segir: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að greiða úr ríkissjóði verðuppbætur á útflutt dilkakjöt fyrir framleiðslu ársins 1942 eftir því, sem þörf gerist, til þess að útflytjendur fái sama verð fyrir það kjöt, komið í skip á útflutningshöfn, eins og heildsöluverð er á kjöti á innanlandsmarkaði á sama tíma.“ Þá var heildsöluverð á kjöti ákveðið af kjötverðlagsn., þar sem framleiðendur gátu ráðið. Með þessari samþ. var ríkissjóður skuldbundinn til þess að verðuppbæta útflutningskjöt, svo að verðið yrði í samræmi við heildsöluverðið 1942. Ríkissjóður var þarna skuldbundinn ótakmarkað til þess að bæta bændum upp útflutningskjötið, og fulltrúar bænda ákváðu verðið á innanlandsmarkaðinum 1942. Útflutningsuppbæturnar byrjuðu af fullum krafti, þegar búið var að leiða þær í l., og bændafulltrúunum var selt sjálfdæmi um verðlagið, áður en sex manna nefndar samkomulagið kom til greina, þannig að á því sumri, 1942, byrjuðu útflutningsuppbæturnar. Það er því ekki rétt, að útflutningsuppbæturnar hafi stafað af sex manna nefndar samkomulaginu. Það, sem mér finnst sérstaklega athugavert í sambandi við útflutningsuppbæturnar, er ekki það út af fyrir sig, að farið var inn á þessa leið að taka ábyrgð á þessu, heldur hitt, að ríkissjóður skuli taka svona ábyrgð á sig án þess að hafa vald yfir þeim vörum, sem hann kaupir, því að í rauninni er ríkissjóður að kaupa þessar vörur af bændum. Ríkissjóður getur engin áhrif haft á það, að varan sé seld á þeim markaði, þar sem hægt er að fá sæmilegt verð fyrir hana, eða að leitað sé nýrra markaða, að maður nú ekki tali um hitt, ef hugsað væri um málið með framtíðarskipulag fyrir augum, þá væri auðvitað enn fjær lagi, að ríkissjóður tæki að sér að tryggja bændum algerlega verð á allri vöru, sem þeir framleiða, eins og gert hefur verið, án þess að ríkissjóður hafi nokkur áhrif á,

hvað framleitt er. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ef maður kaupir vinnu af einhverjum manni og borgar honum fyrir allt árið, þá er ekki nema eðlilegt, að hann vilji ráða því, hvað unnið sé. Eins væri ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður vildi einhverju ráða um þá vöru, sem hann borgar svo stórkostlega með. Það er ekki nóg, að landbúnaðarframleiðslan sé mikil, ef henni er hagað þannig, að sífellt er skortur á vörutegundum, sem landsmenn þurfa að fá, á sama tíma og offramleiðsla er á sumum vörutegundum. Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við verðuppbæturnar. Það hefur sem sé komið sér mjög illa fyrir ríkið að hafa engar hömlur á þessu, enda hefur komið fram mikil óánægja út af því, hvernig landbúnaðarafurðum hefur verið ráðstafað. Geymsla á kjöti virðist t. d. hafa verið það slæm, að það hafi eyðilagzt, jafnvel í tugum hundraða tonna. Í öðru lagi viðvíkjandi markaðsráðstöfunum virðist svo sem sölumarkaðir hafi alls ekki verið hagnýttir, hvaða ástæður sem fyrir því kunna að vera.

Hv. þm. A.-Húnv. kom nokkuð inn á landbúnaðinn almennt og spursmálið um rekstur hans í sambandi við þessar umr. Að vísu ætla ég ekki að fara út í almennar hugleiðingar um það mál, þó að það væri ekki nema rétt, ef hér væri hægt að fá sæmilega rólegar umr. um það mál. Hv. þm. A.-Húnv. minntist á það, að hjá ríkinu, þar sem búskapur væri rekinn með mjög fullkomnum tækjum, væri halli. Ég skal ekki bera á móti því, en frá mínu sjónarmiði er það atriði jafnvel enn þá meira atriði fyrir landbúnaðinn heldur en nokkurn tíma fyrir ríkisbúskapinn, þó að ég neiti því ekki, að ef við ættum að ræða í þessu sambandi, hvað Íslendingar eiga að leggja höfuðáherzlu á, þá er það alveg rétt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það er einmitt sláandi dæmi, að þó að landbúnaður sé rekinn með fullkomnum tækjum, þá á hann erfitt með að gefa það mikið af sér, að hann sé ekki rekinn með halla, á sama tíma og sjávarútvegurinn gefur stórkostlegan gróða. Þetta stafar ekki af því, að íslenzkir bændur séu lakari bændur en sjómennirnir sjómenn, heldur liggur þetta í því, að auðlindir sjávarins eru meiri en sveitanna. Þetta er nú einu sinni þannig, það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn, hvað það snertir.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að við þurfum ekki annað en að ausa síldinni upp úr sjónum, þar sem bændur þurfa aftur á móti að fæða kvikfénaðinn árið um kring, eins og þeir, sem stunda t. d. sauðfjárrækt, og auðvitað ber að leggja höfuðáherzlu á þann atvinnuveg, sem mest gefur í aðra hönd með minnstum tilkostnaði.

Ég held, að hv. þm. V.-Sk. hafi verið að snúa út úr upplýsingum, sem fram hafa komið um afkastamagn í íslenzkum sjávarútvegi. Það er staðreynd samkvæmt búnaðarskýrslum og fiskiskýrslum, að við framleiðum til samans fisk og síld sem nemur milli 400—500 þús. tonnum á ári, en af kjöti 7 þús. tonn á ári, af mjólk um 20 þús. tonn, þar að auki þó nokkuð af ull og gærum. Það er alveg gefið, að afkastamagn sjávarútvegsins er margfalt á við afkastamagn landbúnaðarins, það er vegna auðlinda sjávarútvegsins og vegna þess, að tækin, sem notuð eru við hann, eru miklu fullkomnari heldur en hjá landbúnaðinum. Afkastamagn sjávarútvegsins er sexfalt á móts við afkastamagn landbúnaðarins. Hins vegar er það augljóst, að við getum ekki komið við eins stórfelldum tækjum við landbúnaðinn eins og sjávarútveginn. Þetta er aðeins til að sýna fram á, að sjávarútvegurinn er sá atvinnuvegur, sem hefur gefið okkur langsamlega mest í aðra hönd, en er ekki til þess sagt að fara í neinn meting við landbúnaðarframleiðsluna. Hitt er svo annað mál, að auk þessara náttúrlegu skilyrða, sem gerir okkur mögulegt að fá meira út úr sjávarútveginum, er tæknin við landbúnaðinn langt á eftir þeirri tækni, sem verið hefur í þeim löndum, sem fremst standa í þessum efnum.

Samkv. niðurstöðum sex manna n. er meðalbú hér á landi 70 kindur, 6 hross og 4 til 5 kýr. Af þessu þarf bóndinn sjálfur að hafa um 14 þús. kr. laun auk vinnulauna, sem samsvara árskaupi vinnumanns, eða um 12 þús. kr. Þótt ég sé ekki fróður um rekstur búskapar, þá á ég bágt með að trúa, að hér sé um mikil afköst að ræða. Ég held, að ekki þyrfti svo mikinn vinnukraft, ef notuð væri sú tækni, sem við eigum kost á. Ég held, að víðast hvar séu framleiðsluhættirnir enn þá frumstæðir og fjarri því að svara kröfum tímans. Nú kunna einhverjir að segja, að áætlun sex manna n. um þetta sé röng, að meðalbú sé stærra og afköstin meiri en hún vill vera láta. Þessu hafa þó framsóknarmenn mótmælt og telja, að grundvöllur sá, sem n. byggir á, sé réttur og þarfnist engrar endurskoðunar. Þess vegna hljótum við að álykta, að hér sé rétt með farið. En það ætti að vera öllum ljóst, að slíkur atvinnurekstur er þjóðfélaginu ekki hagkvæmur. Þetta þarf að gerbreytast. Það þarf aukna tækni og aukna samvinnu til að koma framleiðslunni í það horf, sem viðunanlegt getur talizt. Framsfl. hefur nú haft 17 ár til umráða til að kippa þessu í lag. En hann hefur metið meir að viðhalda og stofnsetja dreifð býli, þar sem vitað er, að ómögulegt er, að búskapur geti borið sig, heldur en að fullkomna íslenzkan landbúnað og auka afköst þeirra, er að honum vinna.

Nú skal úr því skorið, hvort landbúnaðinum skuli haldið niðri af pólitískum ástæðum, eða hvort gera skuli lífvænlegt í sveitum þessa lands. Niðurstöður sex manna n. sýna, hvar við stöndum, og þær sýna jafnframt, hvað gera þarf. Hv. þm. A.-Húnv. benti á það hér áðan, að ekki virtist eftirsóknarvert að vera í sveitunum, það sannaði fólksstraumurinn til kaupstaðanna. Ég er hv. þm. fullkomlega sammála um þetta atriði. Fólkið fer í kaupstaðina, af því að þar eru þægindin meiri og það telur betra að lifa þar, og raunar má telja þetta allhart eftir þann góða vilja, sem ríkt hefur nú um skeið hér á Alþingi, til þess að stöðva flóttann úr sveitunum. En ég er ekki í nokkrum vafa um, að fólkið mun una í sveitunum, ef rétt er að farið. Á síðustu árum höfum við verið sjónarvottar að stórstígum framförum í iðnaði og fiskveiðum. Afköstin hafa verið margföldð í tugatali, slíkum umskiptum á landbúnaðurinn eftir að taka, og þau hefur Framsfl. hindrað með sínum aðgerðum. Ég viðurkenni, að kjörin verða að batna í sveitunum, en ég held, að það eigi ekki að hækka afurðirnar, heldur að auka framleiðsluna. Ef rætt skal af alvöru um að tryggja bændum afurðaverð, þá held ég, að því verði ekki komið til leiðar, á meðan Framsfl. hefur það hugarfar,

sem hann hefur látið í ljós í sínum afskiptum af þessum málum.

Þegar sex manna n. ákvað verðlag á landbúnaðarafurðum, þá var horfið frá þeim hætti að láta lögmálið um framboð og eftirspurn ráða afurðaverðinu. Það var stigið spor til að skapa réttlátan grundvöll, grundvöll, sem annars er ekki viðurkenndur í kapitalistisku þjóðfélagi. Við þetta vill Framsfl. ekki una til lengdar, heldur einungis taka við þeim hagnaði, sem hann færir í bili.

Ég tel réttlátt að tryggja bændum afurðaverð, en þá verða þeir eðlilega að framleiða þær afurðir, sem mest þörf er fyrir. Þá getur ekki lengur gengið, að hver framleiði það, sem honum sýnist, án tillits til þess, hvort þjóðarbúið hefur þess nokkur not.

En með þessari aðferð, sem hér er lögð til, á að gera það samkomulag, sem fengizt hefur, að verzlunarvöru. Það á að gilda sama stjórnleysið og verið hefur um framleiðsluna. Einstaklingarnir eiga að ráða henni, án þess að þjóðarheildinni séu að nokkru tryggðar sínar lífsnauðsynjar.

Það er gersamlega fráleitt að semja um þessa hluti frá ári til árs og gera þetta mikilsverða mál þannig að verzlunarvöru. Ég legg til, að n. athugi þetta betur, áður en það er lagt fyrir þingið að nýju.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessar umr. eða blanda mér í deilur um þetta mál.

Það vita allir, að gróður sá, sem vex upp af mosa, hvort sem það er gamburmosi eða Morgunblaðsmosi, er ekki mikils virði. Þess vegna vil ég ekki svara hv. 2. þm. Reykv. Enda mun fáum finnast, að þeir menn, sem bæði í fyrra og nú hafa sýnt hug sinn í garð bænda með þeim nafngiftum, sem þeir hafa látið þeim í té, séu verðir rökræðna um nauðsynjamál þeirra.

Hv. þm. sagði hér áðan, að öll mjólkurframleiðsla bænda næmi ekki nema 20 milljónum lítra, en það er nokkru minna en það mjólkurmagn, sem sent er til búanna á ári hverju, því að það er milli 22—23 milljónir lítra. Og svo heldur hv. þm. því fram, að öll mjólkurframleiðslan sé ca. 20 millj. lítra. Sýnilega þekkir hann ekkert það, sem hann talar um.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp, eru ýmsir gallar á frv., sem ég vildi benda á. Þá er það fyrst í 2. lið frv., um útreikning á hækkuðu verði vara vegna hækkunar kaupgjalds á tímabilinu. Í því sambandi vil ég benda á, að kauphækkanir, sem nýlega hafa átt sér stað á tveim stöðum á Austurlandi, eða á Norðfirði og Djúpavogi, hafa orsakað hækkun á slátrun og geymslu kjöts, sem nemur nærri 1 eyri á hvert kíló af kjöti, sem framleitt er í landinu. Ákvæði, sem fyrirbyggir, að tekið sé strax tillit til slíkra kauphækkana, má ekki sleppa úr frv., og ég tel ekki heppilegt, að hagstofustjóri sé einn um þessa útreikninga, heldur séu settir menn honum til aðstoðar.

Þá tel ég, að 3. liður frv. þurfi athugunar við. Ég held, að vafasamt sé, hvort fært verður fyrir ríkissjóð að greiða uppbæturnar mánaðarlega. Þessu hygg ég, að verði að breyta á þann hátt, að uppbætur verði greiddar að nokkru mánaðarlega, en aðalgreiðsla verði í árslok.

Um málið í heild vildi ég segja þetta:

Ég lít svo á, að ef rétt hefði verið haldið á kjötsölumálunum, þá hefði mátt selja því nær allt kjöt hér innan lands nú í haust sökum þess, hve framleiðslan er lítil. Það má e. t. v. kalla þetta spádóm, en við skulum sjá, hvort hann rætist ekki.

Nú eigum við þegnskap bændastéttarinnar það að þakka, að allt atvinnulíf stöðvaðist ekki hér á landi. Þess vegna er það, að sá þegnskapur, sem bændur sýna nú, sýnir okkur, hvílíkt geysidjúp er staðfest milli þeirra og hinna, sem alltaf heimta sinn hlut hækkaðan, á sama tíma, sem bændur falla frá því, sem þeir eiga með réttu. Hvílíkur geysimunur á skilningi og þegnskap er til staðar hjá þessum mönnum. Og á þessum mun eiga ekki bara einstaklingarnir sök, heldur fyrst og fremst forustumenn flokka verkamanna, sem segja mönnum að taka meira í vasa sína í stað þess að brýna þegnskap fyrir fólkinu.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Það er í raun og veru ekki miklu við að bæta það, sem áður var komið fram í þessu máli. Því, sem máli skiptir, hefur verið svarað, og tel ég því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það eða taka fram margt í því sambandi umfram það, sem ég gerði síðast. Ég vil þó benda á, að það er nokkurt misræmi í því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. og reyndar fleirum, þegar hann talaði um landbúnaðinn, og hefur hv. 2. þm. N.-M. svarað því að nokkru.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að niðurgreiðslur á verði landbúnaðarafurða innan lands væru ekki neytendastyrkur eins og nú væri komið, en að þær gætu verið það, ef annað fyrirkomulag yrði tekið upp. En ef verðið er miðað við það, sem neytendur hafa fyrir sér hér og framleiðendur hafa fengið greitt eftir á, þá kemur þetta vitanlega í sama stað niður. En samtök bænda hafa óskað þess, að þeir fengju strax greiddar verðuppbæturnar, en þyrftu ekki að bíða langt fram á næsta ár eftir þeim greiðslum. Þá væri þetta framleiðslustyrkur, en ekki neytendastyrkur. En vitanlega er útkoman alveg sú sama. Það væri þó betra fyrir framleiðendur, að þessi háttur yrði hafður, til þess að þurfa ekki að bíða langt fram á næsta ár eftir að fá greiðslur úr ríkissjóði, því að þá fengju þeir staðgreiðslu. Það hefur verið talað um, að þessi háttur yrði á hafður hjá mjólkurframleiðendum. Ég er ekki á því, að þetta sé framleiðslustyrkur, heldur eru þetta greiðslur til þess að halda dýrtíðinni í skefjum og til þess að gera framleiðsluna samkeppnisfæra. Það hefur verið talað um, að ef þessi háttur yrði á hafður, þá yrði hann erfiður í framkvæmd. En vitanlega kæmi þetta betur út fyrir framleiðendur, því að þá fengju þeir staðgreiðslu í stað þess að verða að bíða langt fram á næsta ár með að fá þessa styrki borgaða, hvað sem þeir nú eru kallaðir. Ég get verið hv. 2. þm. Reykv. sammála um þetta, því að það er heppilegra frá sjónarmiði framleiðendanna.

Hv. 2. þm. Reykv. var með nokkrar hugleiðingar um landbúnaðinn og um það, hve allt sé þar í miklum ólestri, en hann viðurkenndi um leið, að hann væri ókunnugur íslenzkum landbúnaði og þekkti ekkert til hans, og eins og svo greinilega kom fram í fullyrðingum hans, er hann ókunnugur því starfi, sem þar fer fram.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, hve tækni

landbúnaðarins væri mjög á eftir miðað við aðra tækni í þjóðfélaginu og afköst landbúnaðarins væru í slæmu lagi af þeim ástæðum. Hann tók til dæmis úr sex manna nefndar álitinu meðalbú, sem hefur 70 fjár, 4—5 kýr og 6 hross. Hann sagði, að ef bú þetta þyrfti að greiða 12 þús. kr. í verkalaun, hlytu vinnuafköst að vera þar mjög slæm og ekki eins og vera þyrfti, það þyrfti að breyta um til þess, sem er í Rússlandi. En nú er það vitað, að þessi framleiðslutækni, sem hann talaði um, er notuð á sumum búum á landinu, sem einkum eru rekin af ríkinu og eru eins og hann vill hafa þau með allri véltækni og vanalega við bæina, þannig að stutt er að koma vörum þeirra á markað og að þeim er reiknað sama afurðaverð og sex manna nefndin ákvað, en þau geta samt ekki staðið undir rekstri sínum. Það er sýnt, að tæknin ein dugar ekki til að standa undir rekstri þeirra. Þegar talað er um að reka allan landbúnað á Íslandi með slíkum stórbúum, þá höfum við sannanir fyrir því, að þau þurfa fullt eins mikinn framleiðslukostnað og þau bú, sem miðað er við í sex manna nefndar álitinu. En þessir menn ættu að skilja það allra manna bezt, hvers vegna svona er komið. Það er af því, að kaupkröfur eru orðnar svo mikill hluti af framleiðslukostnaðinum og alveg ósambærilegar við það, sem er í öðrum löndum. Ég er sannfærður um, að ríkisbúin í Rússlandi búa ekki við kaupgjald neitt svipað því, sem hér er um að ræða og ekki þurfi marga daga til að færa það niður, ef þörf er á. Ég veit líka, að stórbúin í Ameríku búa ekki við neitt svipað kaupgjald og hér er um að ræða. Við höfum því samanburðinn í okkar eigin landi og vitum, að duglegir menn standa fyrir þessum búum, og þau þurfa ekkert minna til þess að geta staðið sig heldur en meðalbú. En vitanlega er þetta svona, af því að þeir menn, sem lifa í strjálbýlinu, gera minni kröfur til lífsins. Ef þeir gerðu sömu kröfur og menn gera hér í Reykjavík, væri framleiðslukostnaðurinn vitanlega margfalt meiri heldur en hann er.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi um það, að Framsfl. væri að kenna útstreymið úr sveitunum og að það stafaði af því, að ekki væri unnið nóg að því að skapa landbúnaðarbyltingu og koma landbúnaðinum í betra horf. En hann játaði, að af því mundi leiða margfalt meira útstreymi úr sveitunum, vegna þess að fólkið hefði þar ekki allt atvinnu. Það að taka vélar í notkun gæti orðið til þess að kippa atvinnunni undan nokkrum hluta landsmanna, nema þá með því móti að sjá þeim fyrir atvinnu ekki verri en þeir voru áður við.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, að ekkert vit væri í því að hafa menn við framleiðslu á vörum, sem ríkið ábyrgðist greiðslur á, hvort sem þörf væri á þeim eða ekki. Ég gleðst yfir að heyra þessa yfirlýsingu frá hv. þm., vegna þess að hans flokkur hefur haldið því skýlaust fram sem kröfu, að ríkinu bæri skylda til þess að skaffa fólkinu atvinnu, hvort sem ríkið hefði hag af því eða ekki. Ég á von á því, að sú krafa komi upp, ef einhvern tímann kreppir að með atvinnuvegina, sem ég er viss um að verður, þegar öll ástands- eða setuliðsvinna hverfur úr sögunni og atvinnugreinarnar dragast saman, vegna þess að þær verða ekki samkeppnisfærar á erlendum markaði. Það er gott að hafa þessa yfirlýsingu frá formanni Sósfl. fyrir fram, að vitanlega eigi enginn maður í þjóðfélaginu heimtingu á því, að ríkið borgi vinnu, sem engin þörf er fyrir, og fyrst og fremst þurfi þjóðfélagið að hafa gagn af því, sem unnið er. Ég er að mörgu leyti sammála þessu, en ég bjóst bara ekki við því frá þessum hv. þm., því að áður hefur oft kveðið við annan tón hjá honum.

Það er ekki heldur mikið í samræmi við þau fögru orð, sem hann lét hér falla um það, að miklu meira þyrfti að vinna að umbótum í sveitunum, það, sem komið hefur fram hjá þessum hv. þm. og flokki hans gagnvart þeim málum, sem sveitirnar varðar mestu, og skal ég benda á nokkur mál, sem ég veit, að hann kannast við, hver afstaða hans flokks hefur verið til.

Það hefur verið skoðun okkar í Framsfl. og krafa, að til þess að skapa svipuð þægindi handa öllu fólki í landinu, þurfi að fá þá orku, sem til þess þarf að koma á svipaðri tækni í sveitunum og hér er í kaupstöðunum. Það, sem sveitirnar þurfa að fá, er rafmagn, og þess vegna hefur hér á hv. Alþ. verið borin fram till. um, að sveitirnar fái til þess sömu aðstöðu og kaupstaðirnir hafa nú. Ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. og flokkur hans hafi barizt móti því, að sveitirnar hefðu þar jafna aðstöðu, og sagt, að kaupstaðirnir ættu að ganga fyrir og að það væri ekkert vit í því að fara að leggja rafmagnstaugar út um allt land. Kaupstaðirnir eiga að ganga fyrir, segja þeir. Þar hafa þeir tekið afstöðu með þeim ríkari, en þeir vilja ekki hjálpa þeim, sem ekki hafa fengið þessa aðstoð.

Í strjálbýlinu þarf að gera margar framkvæmdir saman borið við það, sem þarf í þéttbýlinu, og þessar framkvæmdir á að gera jafnauðveldar fyrir þá, sem búa í sveitunum, og þá, sem búa í þéttbýlinu. Ég hygg, að erfitt sé að færa fólkinu sambærileg kjör, hvar sem er á landinu, öðruvísi en því séu veittir sömu möguleikar til að njóta sömu þæginda og sömu aðstöðu til starfa eins og þeir, sem hafa hana bezta.

Þá taldi hv. 2. þm. Reykv., að þegar þm. Siglf. hefði verið að tala um, að afköst landbúnaðarins væru ekki nema 1 á móti 70 samanborið við sjávarútveginn, þá hafi hann átt við þungamagnið, en ekki við verðmæti afurðanna. Það sér nú hver maður, hve viturlegt er að bera saman þungamagnið, en ekki verðmætið. Ég hygg, að jafnvel úreltur atvinnuvegur gæti sýnt langmest þungamagn. Auk þess var það augljóst, að hv. þm. hafði enga hugmynd um, hvað þungamagn landbúnaðarafurðanna er, þar sem hann taldi alla mjólkurframleiðslu í landinu minni en þá mjólk, sem kemur á Reykjavíkurmarkaðinn, og annað var eftir því hjá þessum hv. þm. Slík rökfærsla, að bera saman þungamagnið, gerir engan mann vitrari, leysir ekki úr neinum vanda og færir engan nær því raunverulega í þessum málum.

Um bollaleggingar hv. 2. þm. Reykv. um það, að landbúnaðinum sé haldið niðri af pólitískum ástæðum, sé ég ekki ástæðu til að ræða. En sé svo, að landbúnaðinum sé af pólitískum ástæðum haldið niðri, þá er það gert af þeim flokki, sem ekki vill veita lið og aðstoð þeim till., sem hér hafa komið fram um aðstoð við hann og endurbætur á honum. Fyrir öllum tæknilegum framförum landbúnaðarins hefur Framsfl. barizt, en flokkur hv. 2. þm. Reykv. á móti þeim. Þeir hafa barizt á móti rafmagnsmálinu og ræktunarmálinu, og frá þeim hef-

ur andað köldu í nýbýlamálinu, þó að vitað sé, að búið er að koma upp mörgum nýjum býlum í landinu fyrir þessa löggjöf, þrátt fyrir mótstöðu þeirra. En nú ætla þessir hv. þm. víst að fara að gera betur, og ég fullvissa hv. 2. þm. Reykv. um það, að við framsóknarmenn munum ekki verða til þess að draga úr því, að þeir leggi fram krafta sína betur en þeir hafa gert hingað til til að bæta aðstöðuna hjá fólkinu í dreifbýlinu. Hingað til höfum við ekki heyrt annað en gyllingar, þegar þeir hafa talað um þessi mál, en mætt fullkominni andstöðu, þegar átt hefur að leysa málin hér á Alþ. Ég man ekki eftir neinu máli landbúnaðarins, sem þeir hafa viljað styðja. En þeir hafa komið með frv., sem hafa verið heldur illa undirbúin og í rauninni óframkvæmanleg, vitanlega í því trausti, að þau kæmu aldrei til framkvæmda, til þess að þurfa ekki að standa við það, sem í þeim var.

Ef landbúnaðinum hefur verið haldið niðri af pólitískum ástæðum, þá er það flokkur hv. 2. þm. Reykv., sem hefur gert það, en nú ætlar hann að bæta ráð sitt og láta þá, sem í dreifbýlinu búa, njóta réttlætis, eða ég held, að ég hafi mátt skilja þetta af ræðu hv. 2. þm. Reykv., og fagna ég því, að hann bersýnilega hefur bætt ráð sitt.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 10. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það er orðið nokkuð langt, síðan ég talaði í þessu máli síðast, en við umr. hafa komið fram ýmis atriði, sem mig langaði til að gera athugasemdir við. Því var haldið fram, að hér hafi verið færð fórn af hendi bænda samkv. till. búnaðarþ. og bændur hafi riðið á vaðið í þessu efni til að vinna bug á dýrtíðinni. Ég er í hópi þeirra manna, sem ekki fá séð, að hér sé um fórn að ræða. Ég hef áður bent á það í ræðu, í hverju till. búnaðarþ. er fólgin. Þar er fallizt á að fella niður 9,4% hækkun á verði mjólkur og kjöts gegn því, að þeir, sem framleiða kjöt, fái útflutningsuppbætur á kjöt. Þetta er svipað og ef Alþýðusambandið féllist á að lækka kaup hjá járnsmiðum gegn því, að klæðskerar fengju hærra kaup. Búnaðarþ. hefur boðizt til að fallast á lækkun gegn því, að lítill hluti bænda fái útflutningsuppbætur. Þetta er ranglátt, og búnaðarþ. hefur ekkert umboð til að haga sér á þennan hátt. Þessi rangsleitni hefur vakið gremju hjá mjólkurframleiðendum. Ég verð að segja, að ekki er ástæða til að þakka mönnum fyrir svona háttalag, þó að þeir menn, sem fyrir þessu standa, telji sig eiga að njóta mikils þakklætis fyrir. Það er enginn greiði við þjóðina að koma á úlfúð bænda í milli eins og gert er með þessu og við höfum fengið staðfest með þeim fundarboðum, sem við höfum heyrt auglýst austan fjalls. Það hefur verið sagt hér af hv. 2. þm. N.-M., að bændur hefðu getað selt allt sitt kjöt á innlendum markaði, og hefði þá ekki verið þörf á uppbótunum. Það má alltaf segja, að allt mögulegt hefði verið hægt að gera, ef aðrar ástæður væru fyrir hendi en þær, sem eru. En það er vitað mál, að þeir menn, sem stjórnað hafa fyrir bændur, héldu kjötinu frá því að koma á markað að minnsta kosti hálfan annan mánuð, eftir að farið var að slátra, í þeim tilgangi að koma út úrgangskjöti frá fyrra ári, sem Englendingar vildu ekki leyfa innflutning á, en fram til þess, er slátrun hófst, var selt kjöt, sem ekki var ætt. Þetta voru verk þeirra manna, sem bændur hafa trúað fyrir sínum málum, og þeir töldu, að þetta væri bezta lausnin á málunum. Það kom fram hjá hv. þm. A.-Húnv., að það gæti komið heim við hagsmuni bænda að hafa lélegt ærkjöt á markaðnum til að fá markað fyrir hrossakjöt. Hv. þm. V.-Sk. hélt því fram, að tölur þær, sem ég fór með í útvarpsræðu minni, kæmu ekki heim við tölur þær, sem ég fór með í fyrstu ræðu minni. En þetta stafar af misskilningi hans. Ég reisti þessar tölur á grein, sem HermJ skrifaði í Tímann, þó að ég telji þar ekki alveg rétt farið með staðreyndir. Þar er talið, að þessi 9,4% lækkun nemi 10 millj. kr., og verði hún framkvæmd, þurfi að borga úr ríkissjóði 20 millj. kr., aðrir segja 25 millj. Þetta þýðir, að hefði þessi lækkun átt sér stað, þá hefði orðið að borga 30—35 millj. kr. úr ríkissjóði. Þetta er reist á því, sem HermJ fullyrðir í grein sinni.

Þegar um ástand landbúnaðarins er að ræða, verða allir að viðurkenna, að hann er með öllu úreltur, þannig að allar líkur eru til, að hann verði til að kippa fótunum undan þjóðfélaginu, ef ekki tekst að bæta úr þessu. Með samkomulagi sex manna n. í fyrra kemur á daginn, að ef bóndinn á að njóta lífskjara, sem eru sambærileg við lífskjör iðnaðarmanna, verkamanna og launþega yfirleitt, verður að selja kjötið og mjólkina þessu háa verði. Ég hef tekið eftir því, að fulltrúar bænda fagna því alltaf, þegar um hækkað verð á landbúnaðarafurðum er að ræða, og telja sér það sigur. En samkomulag sex manna n. er aðvörun til þjóðarinnar um, að ekki sé hægt að halda áfram lengur á þennan hátt. Það þarf að gera stórfelldar ráðstafanir, að því er íslenzka landbúnaðinn snertir, án þess þó að rýra kjör bænda. Þetta er lærdómurinn, sem okkur ber að lesa út úr samkomulagi sex manna n. Við getum ekki staðið aðgerðarlausir í þessum efnum. Álit n. sýnir, að allt, sem búið er að ausa í landbúnaðinn síðastliðin 15 til 20 ár, hefur ekki gagnað til að koma þessum atvinnuvegi í það horf, að við sé unandi. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að háa verðið á landbúnaðarafurðum væri okkur sósíalistum að kenna, því að 90% af framleiðslukostnaðinum væru vinnulaun. Ég gæti trúað því, að það sé nokkuð nálægt því að vera rétt, að vinnulaun nemi þessum hluta af framleiðslukostnaðinum, þó að það sé ef til vill fullmikið að segja, að þau nemi 90%. En það er rétt að gera sér ljóst, hvernig þessi vinnulaun eru reiknuð út. Fyrst er hækkað verð landbúnaðarafurða 1942, og vísitalan hækkar um 50 stig. Svo eru reiknaðar tekjur verkamanna eftir ákveðnum reglum hagstofunnar, og þar kemur þessi vísitöluhækkun fram. Þetta er svo lagt til grundvallar. Vísitalan hefur þannig orðið til að hækka kaupið, sem kemur svo aftur fram í verðlagsákvæðum sex manna n., að því er snertir kjöt og mjólk. Þetta er sem sagt afleiðing af dýrtíðarskrúfunni, sem fulltrúar þessir töldu sig vera að gera fyrir bændur og byrjað var á 1942. Ég vil ekki halda því fram, að bændur búi yfirleitt við þau lífskjör, að bæjarbúar hafi ástæðu til að öfunda þá. Ég álít ekki, að bændur búi við of góð kjör. En það sýnir okkur, hve hörmu-

lega landbúnaðurinn er kominn, að bændur skuli ekki búa við betri kjör en raun ber vitni um eða vera samkeppnisfærir, þó að vörur þeirra séu seldar slíku geypiverði. Þetta er hið mikla vandamál. Það stoðar ekki að vera að rísa hér upp og snúa út úr orðum manna í því skyni að verja þetta. Það er hægt að fara með blekkingar, vísa til samþ. búnaðarþ., halda hrífandi ræður um fórnir bænda. Ef til vill er hægt að sannfæra einhverja um, að bændur hafi hér einir lagt eitthvað í sölurnar. En staðreyndirnar eru eigi að síður þannig, að þær verða ekki umflúnar. Þetta nálgast það allt að lenda í fullkomnu öngþveiti, þannig að allt þetta mikla kerfi n. og alls konar fyrirtækja, sem bændur telja, að þeir hafi komið upp sér til hagsbóta, hrynji í rústir. Það er ekki hægt að komast hjá því að snúa sér að því að bæta framleiðsluaðferðirnar. Eins og bent hefur verið á, er ekki alveg rétt að bera saman afkost sjávarútvegsins og landbúnaðarins. Við getum ekki ætlazt til, að landbúnaður geti orðið eins afkastamikill á Íslandi og sjávarútvegur. Við búum í hrjóstrugu landi, og vitanlega hlýtur það að verða til að auka framleiðslukostnaðinn. Það hefur verið bent á nokkur ríkisbú, sem sýna ekki betri afkomu en bú bænda. Mér er ekki kunnugt um, hvernig þau eru rekin. (**PZ**: Hvernig er með Hólsbúið?) Já, ég veit, að þar er halli á búskapnum, en það er vegna þess, að grasræktin er óframkvæmanleg á Siglufirði og KEA torveldar Siglufirði að fá keypt hey með góðu verði. Veðrátta er þannig, að oft er nær látlaus rigning mestallt sumarið. Um samgöngur er það að segja, að oft geta liðið þrjár vikur, þannig að enginn bátur komi til Siglufjarðar frá þeim stöðum, þar sem hægt væri að fá mjólk. Þess vegna höfum við lagt í það fyrirtæki að koma upp þessu búi. Ég efast ekki um, að rétt væri að leggja þetta bú niður, ef hægt væri að skapa öruggar samgöngur við nærsveitirnar, en fyrr er ekki rétt að gera það. Ég efast ekki um, að hægt er að nefna ýmis önnur bú, sem rekin eru með halla, en mér finnst furðulegt, að fullorðnir menn skuli bera það fram sem röksemd, að af því að eitt bæjarfélagsbú, þar sem vélar eru notaðar, hafi ekki skilað arði, beri að halda áfram að kroppa þýfið með gamla laginu. Hagnýting véla í landbúnaðinum hlýtur að verða til að minnka framleiðslukostnaðinn. Hv. þm. V.-Sk. sagði reyndar, að véltæknin væri ekki einhlít, og er það rétt. Kotbóndi, sem á erfiða jörð og rekur bú í smáum stíl, getur ekki hagnýtt sér vélar, svo að gagn sé að, og þær gætu meira að segja orðið honum til byrði. Tæknin er því ekki einhlít, þegar þannig er ástatt. Það þarf að færa saman byggðina, svo að hægt sé að hagnýta vélarnar í svo stórum stíl, að það borgi sig. Ef á að flytja lítið magn af vörum stutta leið, getur verið betra að kippa því með kerru og hesti en leigja bíl, en þurfi að flytja mikið vörumagn langa leið, er allt öðru máli að gegna, og sama máli gildir um vélanotkunina í búskapnum. Kotbúskapurinn er í algerri mótsetningu við vélanotkun. Það þarf að færa byggðina meira saman, svo að samstarf manna geti orðið meira. Þetta sér hver heilvita maður. Þess vegna er það, að allar tilraunir Framsfl. til að koma á vélanotkun hafa komið að litlu gagni, því að flokkurinn hefur ekki komið auga á þessa staðreynd.

Hér hefur verið talað um það, að niðurgreiðslurnar væru ekki fyrir landbúnaðinn. Ég tók mikinn þátt í umr. á síðasta þ., þegar verið var að tala um að halda áfram niðurgreiðslum. Ég var þá með því að fella þær niður. Ég benti á, að það eru fulltrúar bænda, sem krefjast þess, að niðurgreiðslunum sé haldið áfram, og þeir gera það, þó að komin sé skýlaus yfirlýsing Búnaðarfél. um, að þetta sé algerlega í óþökk bænda. Það er ekki hægt að segja, að búnaðarþingið afbiðji þessar greiðslur og reyni að koma því þannig fyrir, að það séu greiðslur til neytenda. Það væru greiðslur til neytenda, ef niðurgreiðslurnar yrðu ekki til að lækka vísitöluna. Þær koma fram í lækkaðri vísitölu í sama mánuði eða mánuðinn eftir. Ef þær hefðu ekki þau áhrif, væri það styrkur til neytenda, en ekki, þegar lækkað kaup kemur í staðinn. Þetta er búið til af þeim mönnum, sem telja sig þjóna sínu pólitíska starfi með því að skapa innbyrðis deilur milli neytenda í bæjunum og framleiðenda í sveitunum.

Fulltrúar bænda segja, að ómögulegt sé að komast hjá að taka upp þessa styrki, og telja þá í beinu sambandi við þær ráðstafanir, sem þingið hefur gert fyrir landbúnaðinn. Þeir telja, að ef þessar niðurgreiðslur fari ekki fram, minnki svo mikið salan á þessum landbúnaðarafurðum, að til stórvandræða horfi. Þá sé enn komið að því sama, að verðið á landbúnaðarafurðum verði orðið svo hátt, að fólkið í bæjunum verði að fara að spara sérstaklega við sig, meira að segja á þessum tímum eins og nú, þegar allir hafa næga atvinnu. Það er þetta, sem gerir að verkum, að óhjákvæmilegt verður að teljast, að þessar niðurgreiðslur upp á tugi milljóna, sem gerðar eru í því skyni að létta undir með landbúnaðinum, stafi af óþroskuðum atvinnuháttum okkar í landinu.

Þá hefur það borið á góma að bera saman afurðakostnað í landbúnaðinum og afurðakostnað í sjávarútveginum. Í fyrri ræðu minni gerði ég það að nokkru leyti. Heildarframleiðsla kjöts er eitthvað á sjöunda þúsund tonn og mjólkur eitthvað um 30 þúsund tonn eða 30 milljón lítrar, en heildarframleiðsla sjávarútvegsafurða um 4 hundruð þúsund tonn. Sjómenn á landinu eru taldir 5 þúsund, en bændur rösk 6 þúsund. Við samanburð á þessu má náttúrlega sjá, hver framleiðslumismunurinn er. Á hvern bónda er framleitt röskt tonn af kjöti og um 5 til 6 tonn af mjólk, en á hvern sjómann um 80 tonn af fiskmeti. Þetta er mismunurinn, en náttúrlega er hreinasta fásinna að halda fram, að þetta ætti að vera jafnt, en þó er enginn vafi, að landbúnaðurinn okkar er svo langsamlega fyrir aftan sjávarútveginn hvað framleiðsluhætti snertir, að það er algerlega óviðunandi. Að bera saman verðlag á landbúnaðarvörum annars vegar og sjávarafurðum hins vegar er alls ekki réttmætt. Það er kannske réttmætt að taka verðið, sem England borgar fyrir kjötið, og það, sem England borgar fyrir fiskinn. Þetta verðlag er ákveðið á erlendum markaði og án þess, að Íslendingar geti haft nokkur áhrif þar á, en verðið á landbúnaðarframleiðslunni hér er ákveðið af sérstakri nefnd, sem gefur fulltrúum bænda vald til að ákveða það og skapa nokkurs konar einkasölu. Verðið getur þannig farið upp fyrir það, sem kynni að vera, ef hér væri frjálst markaðsverð.

Ég hef athugað lítillega einmitt í sambandi við það, sem þm. V.-Sk. sagði, að það væru kaupskrúfuaðgerðir okkar sósíalista, sem orsökuðu hinn ákaflega aukna framleiðslukostnað. Ég ætla að athuga lítils háttar framleiðslukostnaðinn á mjólkinni og kjötinu, annars vegar skv. búreikningunum 1934 og hins vegar skv. niðurstöðum 6 manna n. 1943. Mjólkin var 18 aura líterinn og kjötið 1 króna kílóið 1934, en 1943 samkvæmt niðurstöðum sex manna n. var mjólkin kr. 1.23, en kjötið kr. 6.82. Það sér hver einasti maður, að hér er um sex- og sjöföldun að ræða, en kaupgjaldið hefur aðeins fjórfaldazt. (**PZ**: Hvar?) Meðaltal kaups á landinu hefur fjórfaldazt, en mjólk og kjöt sex- og sjöfaldazt.

Ég býst við, að þetta séu ekki óskemmtilegar tölur fyrir frambjóðendur bænda. Þeir geta sagt við umbjóðendur sína: Svona höfum við starfað. Ég veit líka, að verulegur hluti þessara kauphækkana fékkst haustið 1942, þegar verð á mjólk og kjöti var skrúfað upp úr öllu valdi. Ég býst við, að þessar tölur sýni, að það sé rangt með farið, að það séu eingöngu kauphækkanirnar, sem orsaka þetta dýra verð á landbúnaðarafurðum.

Þegar ég er að finna að of háu landbúnaðarverði, þá er óþarfi að leggja þann skilning í það, að ég vilji láta lækka það, án þess að einhverjar ráðstafanir séu gerðar og þannig, að bændur séu neyddir til að lifa miklu verra lífi en þeir gera núna og launafólkið í bæjunum gerir. Það er engin ástæða til að leggja þann skilning í athugasemdir mínar og okkar, sem búum í bæjunum og komum fram með sjónarmið bæjarbúa. Ég er sannfærður um, að enginn bæjarbúi sæi eftir að leggja fram jafnvel tugi millj., ef verulegt gagn væri í því og hægt væri með breyttum framleiðsluháttum að lifa góðu lífi í sveitunum, og það er hægt, ef sterkur vilji væri til þess.

Hv. þm. V.-Sk. taldi mjög ómaklegt af mér, að ég skyldi segja, að fulltrúar bænda virtust hafa eitt áhugamál hér á þ., að skrúfa upp landbúnaðarverðið eins og mögulegt væri. Ég get ekki betur séð en þetta sé algerlega staðfest með því, sem hér hefur farið fram. Þessi hv. þm. benti á, að búnaðarþingið hefði lækkað verð landbúnaðarafurða um 9.4 prósent, en ég hef fyllilega gert grein fyrir, að það er aðeins um verzlun að ræða, sem sé útflutningsuppbæturnar, og er þar engu skeytt um meiri hl. bændastéttarinnar. Ég álít, að þessi samþykkt búnaðarþings beri frekar vott um, að Búnaðarfélagið sé hætt að gæta hagsmuna bænda sem heildar og snúi sér að ákveðnum hluta bændastéttarinnar, hvort sem það stafar af því, að fulltrúar þeirra ráði meiru á búnaðarþingi, eða eitthvað annað búi undir, en að minnsta kosti er óánægjan austan fjalls ákaflega mikil, enda er sú reiði réttlætanleg og eðlileg. Þetta er nákvæmlega sama og ef Alþýðusambandið gerði samning um að lækka kaup járnsmiða um 10%, svo að kaup klæðskera hækkaði um 10% eða jafnvel 30%. Enda benda öll fundahöldin austan fjalls til þess, að einhver vafi muni vera hjá bændum um, að haldið hafi verið heiðarlega á þeirra málstað.

Hv. þm. A.-Húnv. tók dæmi, sem hæstv. forseti okkar kom með um daginn, um greiðslu kaups. Það mun hafa verið um fyrir 25 til 30 árum algengt að borga vikukaup með fjórðungi smjörs, og taldist honum svo til, að sá maður, sem nú fengi 2 fjórðunga af smjöri, væri ekki nema á hálfu kaupi. En þessi samanburður sannar betur en nokkuð annað, hvernig skoðanir bændafulltrúa á þingi eru. Þeim finnst þetta rök fyrir sig að nefna þessar tölur, en þeir athuga ekki, að þarna er tvennt, sem á að hafa breytzt, ef þjóðin hefur ekki staðið í stað. Lífskjör almennings eiga að hafa batnað, en þau batna ekki öðruvísi en með hækkuðu kaupi, og framleiðslan á að hafa aukizt stórkostlega. Það hefur ekki farið fram nema að sáralitlu leyti, og þess vegna er dæmið svo óhagstætt. Og þó er miðað við verð á smjöri, sem er þrisvar sinnum hærra en smjör frá Suður-Ameríku. (**IngJ**: Góða smjörið, sem selt var hér í búðunum.) Smjörið var að vísu nokkuð slæmt, en ekki hefur það lækkað í verði við geymsluna. Það hefur ekki verið dýrara nýtt, því að frekar kemur geymslukostnaður á gamalt smjör. Þetta dæmi verður því að sýna okkur betur en nokkuð annað, hve landbúnaðurinn hefur tekið litlum framförum. Það er stórt spursmál, hvort nokkurt vit er í að halda smjörinu uppi í kr. 21,50 kg, þegar hægt er að fá það frá Suður-Ameríku fyrir 7 krónur og er svo selt hér fyrir 21 krónu til að halda við gömlum og úreltum atvinnuháttum. Ég er sannfærður um, að þetta getur ekki gengið til lengdar, ef ekki er tekið höndum saman um að bæta framleiðsluhættina.

Þegar við getum fengið vörur erlendis frá fyrir verulega lægra verð en hér heima, þá kemur að því, að hingað verður eingöngu flutt erlent smjör og aðrar erlendar afurðir og seldar á því verði, sem hægt er að fá fyrir þær. Þjóðin verður að gera eitthvað, því að það liggur ekkert annað fyrir en leggja árar í bát, ef hún getur ekki verið samkeppnisfær, fyrir utan allt það óheilbrigði, sem skapast í kringum að kaupa smjör frá Ameríku, sem hægt er að selja fyrir 7 krónur, en er selt fyrir 21 krónu, og borga svo uppbætur á allt saman. Það eru mörg dæmi til þess, hvernig bændur gætu freistazt til að nota klæki til að komast á ólöglegan hátt yfir fé úr ríkissjóði. Ég segi ekki, að það hafi verið gert, en það er opin leið að gera slíka hluti og óeðlilegt, að ástandið skuli vera slíkt.

Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) er ákaflega hneykslaður á, að menn skuli vera svo ófyrirleitnir og tala svo lítilsvirðandi til bænda að kalla þá sauðbændur og kjötbændur. Þetta þótti honum regluleg ósvífni, að nokkur bóndi skyldi vera kallaður sauðbóndi eða kjötbóndi. Ég verð að segja, að þetta er furðulegt, að ekki megi kenna menn við þá framleiðslu, sem þeir stunda. Enginn hneykslast, þótt talað sé um síldarstúlkur. Enginn finnur að, þó að talað sé um fiskimenn, og þeir telja það engan vansa fyrir sig. Þetta er ósköp eðlilegt, að kenna menn við þá framleiðslu, sem þeir inna af höndum, og við þau störf, sem þeir stunda, og kemur á daginn full þörf á að hafa sérstök heiti á þessari stétt bænda yfirleitt.

Það hefur verið bent á í þessum umræðum, að kjötframleiðslan sé mjög mikil hér í landi og að það sé ekki hyggilegt fyrir íslenzku þjóðina að framleiða kjöt til að selja á erlendum markaði, og ég býst við, að í raun og veru séu allir sammála um það, þó að bændafulltrúarnir haldi öðru fram. Í eðlilegu ástandi sér hver maður, að Ísland getur ekki orðið samkeppnisfært um kjöt-

framleiðslu á meginlandi Evrópu eða í Englandi, því að kjötframleiðslulöndin í Suður-Ameríku og Ástralíu geta framleitt það ákaflega miklu ódýrar en við. Jafnvel nú á stríðstímum, þegar fraktirnar eru margfalt dýrari og töluverður skipakostur frá Ástralíu og Suður-Ameríku skotinn niður af kafbátum, þá hefur okkur ekki tekizt að selja kindakjötið nema fyrir mjög lágt verð, og svo verða neytendur að borga mismuninn.

Þegar komnir eru eðlilegir tímar og framleiðsla skipa er komin í sama horf, þá sér hver maður, hvílík fásinna er að ímynda sér, að hægt sé að selja kjöt fyrir verð, sem boðlegt er fyrir íslenzka bændur, á erlendum markaði. Eina ráðið er að minnka kjötframleiðsluna þannig, að hún verði aðeins nægileg fyrir landið sjálft og þá, sem þurfa að kaupa matvæli á Íslandi. Þess vegna álít ég mjög óvarlegt fyrir okkur að verðlauna sérstaklega, að menn framleiði út í hreina vitleysu, sem við höfum ekkert með að gera.

Þá sagði hv. þm. V.-Sk. viðvíkjandi því, að óæskilegt væri að framleiða meira kjöt heldur en við höfum brúk fyrir, að svipað mætti segja um atvinnubótavinnuna, að það væri ekki æskilegt að láta menn vinna í atvinnubótavinnu að framkvæmdum, sem engin þörf væri á. Þetta sýnir náttúrlega í sjálfu sér, að þessi hv. þm. telur þessa kjötframleiðslu bænda atvinnubótavinnu, og það er hún út af fyrir sig, ef ástandið er þannig, að þessir bændur hafa ekkert annað fyrir sig að leggja, að þá fái þeir að framleiða kjöt, þótt kannske þurfi að henda því út í hraun á eftir og þessari framleiðslu því haldið uppi sem atvinnubótavinnu. En þá er rétt að athuga málið frá þeirri hlið. Eru það þá hyggilegar ráðstafanir að framleiða endilega kjöt? Á undanförnum 2—3 árum hefur ekki verið þörf fyrir atvinnubótavinnu og meira að segja svo mikil eftirspurn á vinnuafli, að til vandræða horfir. Ég veit t. d., að virkjunarframkvæmdir Siglufjarðarkaupstaðar við Fljótaá töfðust í sumar, vegna þess að það var hundrað mönnum færra við verkið en þurfti með og æskilegt var. Á þeim tímum, þegar svo mikil vöntun er á vinnuafli, er hart að láta bændur framleiða kjöt í atvinnubótavinnu, og ég get ekki fallizt á, að það sé réttmætt, sérstaklega þegar litið er á, að mjólkurframleiðslan er of lítil. Er þá ekki rétt að beina þessum kröftum að mjólkurframleiðslu, þar sem meiri þörf er fyrir mjólk en kjöt? Það fyndist mér mjög hyggileg ráðstöfun.

Ég get ekki meint, að hv. þm. V.-Sk. hafi talið óréttmætt að koma af stað atvinnubótavinnu á þeim árum, þegar tugir manna gengu atvinnulausir í Reykjavík og annars staðar á landinu. Ég skil ekki, að hv. þm. mæli með því að horfa aðgerðarlaus á menn svelta í hel. Þjóðin er ekki það fjölmenn. Ég get ekki lagt annan skilning í þetta en hann telji kjötframleiðsluna atvinnubótavinnu. Ég tel mjög óheppilegt að halda uppi þessari atvinnubótavinnu. Ef á þessum árum á að halda uppi slíkri vinnu og offra framleiðslunni með því að borga sérstakar premíur úr ríkissjóði fyrir það, sem framleitt er umfram það, sem við þurfum, þá er ég viss um, að þetta lendir í algerðu hruni. Það er ekki hægt til lengdar að taka tugi milljóna úr ríkissjóði á þennan hátt.

Fulltrúar bænda hafa staðið sig ákaflega vel að hafa náð 80 milljónum úr ríkissjóði og eru á góðri leið með að ná 20 millj. í viðbót. Þeir geta verið ákaflega hreyknir, þegar þeir tala við umbjóðendur sína, en það er skammgóður vermir að pissa í skó sinn. Ég er líka hræddur um, að þeir séu farnir að sjá það sjálfir, a. m. k. virðist það á patinu, sem kom fram í samþykktum búnaðarþings, því að sú ályktun virtist ákaflega lítið hugsuð og lítið tillit tekið til hagsmuna bænda. Það mun fara um bændur hrollur, þegar þeir sjá, hvað þessir fulltrúar þeirra eru að fara með þá. Og svo eru allir þessir styrkir til landbúnaðarins, sem miða að því að hindra alla atvinnuþróun í landinu.

Eðli hins borgaralega þjóðfélags er, að framfarir í atvinnulífinu fari fram með þeim hætti, að sá, sem hefur betri tæki, geti framleitt ódýrar og útrýmt þeirri verri framleiðslu með ófullkomnari tækjunum. Með því að tryggja bændum ákveðið verð fyrir vörurnar algerlega án tillits til framleiðsluaðferða og algerlega án tillits til þess, hvort framleitt er með nýtízku tækjum eða sams konar tækjum og landnámsmenn notuðu, þá er aðeins stuðlað að því að stöðva allar framfarir í framleiðsluháttum þjóðarinnar. Slíkir styrkir verða til þess eins að stöðva framfarir í framleiðsluháttum þjóðarinnar, og ef þessu verður haldið lengur áfram og svarað með enn auknum styrkjum í hvert sinn, er lendir í vandræðum með þessi mál, þá sér hver maður, hvar þetta lendir að lokum. Við stöndum frammi fyrir því, að á Íslandi hefur verið rekin styrkjapólitík síðastl. 15—20 ár, sem beinlínis hefur hindrað atvinnuframfarir í landinu. Þar með er þó ekki sagt, að engar atvinnuframfarir hafi ekki átt sér stað, en þær hafa verið miklu minni heldur en þær hefðu þurft að vera, ef þessir styrkir hefðu ekki verið viðhafðir, af því að með þeim hætti eins og þeim hefur verið varið verður ástandið tilfinnanlegra fyrir hina fátækari í sveitunum, þeir verða undir í samkeppninni við hina voldugri, búa hér við skort og allsleysi og flosna loks upp af jörðum sínum, eftir að hafa barizt þar fyrir brauði sínu í mörg ár. Slík þróun hefur átt sér stað í Bandaríkjunum í þessum málum, þar sem um hundrað þús. manns hafa beinlínis farið á vergang. Það þýðir því ekki að streitast á móti atvinnuþróuninni, hún kemur yfir okkur með alls konar kvölum, eins og átt hefur sér stað í Bandaríkjunum til þessa, ef bændur halda áfram á þessari leið, ef þeir halda áfram að styrkja úrelta atvinnuhætti. En verði hins vegar breytt um stefnu, ef þessir styrkir, sem kastað er í landbúnaðinn, verða hagnýttir til þess að hjálpa bændum upp á við með því að skipuleggja atvinnuframfarirnar í sveitunum, þá væri hægt að komast yfir það þrengingatímabil, sem óhjákvæmilega kemur, ef við höldum áfram svona styrkjapólitík, sem leiðir bændur út í upplausn, því að að því kemur, að ríkissjóður getur ekki borgað, samþ. verða einskis virði, af því að peningar eru ekki til. Þá fara hin almennu lögmál að verka og þeir, sem minnstar hafa jarðirnar, að flosna upp. Það, sem nú þarf því að gera, er að byrja strax á því að færa byggðina saman. Það þarf að skapa sveitaþorp. Þar með er ekki sagt, að það þyrfti að breyta eignarfyrirkomulaginu, en þessu hefur ávallt verið ruglað saman. Því hefur verið haldið fram, að með þessu þyrfti að knýja bændur, hvort sem þeir vilja eða vilja ekki, til að ganga inn

í samvinnufélög eða reka sameiginlegan rekstur. Þetta er fjarstæða, því að slíkt kæmi ekki til mála og gæti aldrei blessazt, fyrr en bændur óska þess sjálfir. Það, sem hægt er að gera án þess að brjóta eignarréttarprinsip bænda, sem fulltrúar þeirra telja, að þeir séu fylgjandi, það er að koma upp sveitaþorpum, þar sem bændur gætu sameiginlega hagnýtt sér sláttuvélar, dráttarvélar, plóga eða hvað af landbúnaðarverkfærum sem er, þar sem hver bændafjölskylda gæti fengið rafmagn, bæði til framleiðslu og heimilisþarfa, og þar sem komið væri fyrir vatnsleiðslum og skolpræsum, alveg eins og borgarbúar eru aðnjótandi. Það hefði verið hægt að skapa mörg svona þorp, þar sem tugir bænda hefðu getað búið og notið allra sömu þæginda eins og borgarbúar, fyrir allt það fé, sem búið er að greiða úr ríkissjóði til bænda án nokkurs árangurs. Eins og nú er komið, þegar bílaframleiðslan er orðin svo mikil, að framleiddir eru margir bílar á hverri mínútu í Bandaríkjunum, og eftir stríð, þegar það þykir ekki meira að kaupa sér bíl heldur en það þótti að kaupa sér hjólhest fyrir 20 árum, þá skiptir það ekki svo miklu máli, þótt verkafólkið sé flutt á milli býlanna við heyvinnu á bílum, því að nú er hægt að fara 10 km á skemmri tíma en áður var farin 1—2 km leið, og þannig getur bóndinn stytt fyrir sér vegalengdir í ýmsum tilfellum. — Allt þetta er hægt án þess að skerða eignarréttarprinsip bænda, en það kemur fram, að þetta er ekki það, sem fyrir bændafulltrúunum vakir. Þeir tala um, að við séum sérstakir fjandmenn bænda, af því að við erum mótfallnir áframhaldandi styrkjum úr ríkissjóði, sem þeir nú heimta, en ég tel hins vegar, að dæmið standi öfugt. Við viljum útvega bændum öll sömu þægindi og borgarbúar njóta, en bændafulltrúar þeirra ekki, og það á eftir að sýna sig, hvorir eru meiri bændavinir, þeir, sem sjá ekkert annað en úreltar vinnuaðferðir, eða hinir, sem vilja gerbreyta landbúnaðinum. Ég þori óhikað að halda því fram, að við værum þegar búnir að koma upp mörgum, stórum landbúnaðarþorpum og um leið veita bændum hér miklu skemmtilegra líf fyrir miklu lægra verð en nú er búið að verja í þessa styrki til bænda, ef þessum styrkjum hefði verið varið á annan veg. En það er eins og þröngsýnin vilji loða við þessa fulltrúa bænda. Þeir vilja ekki horfa á þær breytingar, sem eru að gerast, og allar framfarirnar. Það er nú komið í ljós, að hinir gömlu og góðu tímar, þegar menn sættu sig við allt, sem að þeim var rétt, eru liðnir hjá, því að nú er fólkið farið að gera kröfur til að lifa eins og menn. Þannig erum við einnig með því marki brenndir, að okkur er ómögulegt að sætta okkur við það, að af því að landnámsmenn höfðu í þá daga það fyrirkomulag að dreifa sér um allt land og gátu haft einhverja ræktun, þá hljóti það að vera eina færa leiðin fyrir íslenzkan landbúnað. Þessi þröngsýni bændafulltrúanna er eitt af því böli, sem við eigum við að stríða, en ég hef hins vegar grun um, að þetta sé ekki eingöngu þröngsýni. Þeir eru hræddir um, að viðhorf bænda verði öðruvísi, ef þeir fara að búa saman í þorpum, — að þeir fari að reika í pólitíkinni, ef á hverjum bæ fari að sjást fleira en eitt dagblað, að þeir muni snúa baki við Framsfl., en skipi sér í aðra flokka strax og þeir koma í þéttbýlið, því að þá fái þeir að sjá þjóðfélagið frá öðrum sjónarhóli — og að þeir sjái þá, hversu skammsýna pólitík fulltrúar þeirra hafa rekið. Ég er hræddur um, að það sé eitur í beinum bændafulltrúanna að færa byggðina saman, af því að bændur geti við það breytt um lífsskoðun, og ég get vel trúað því, að þeir geti ekki hugsað sér, að bændur verði aðnjótandi sömu lífsþæginda og borgarbúar. Ég býst líka við því, að reynslan eigi eftir að skera úr því, hverjir eiga eftir að berjast gegn því að skapa bændum svipuð lífskjör eins og borgarbúar njóta. Ég er hræddur um, að það verði fulltrúar þeirra, en get þó vonað, að það verði ekki. Skora ég því á þá, að þeir taki höndum saman við okkur bæjarbúa um að framleiða vörur sínar allmiklu ódýrar heldur en áður.

Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. Siglf. taldi það heppilegra að svara ekki fyrri ræðu minni, fyrr en ég væri búinn með minn ræðutíma við þessar umræður. Hann hafði sem sé í gær beðið um að svara ræðu minni, en sá sér það þá ekki fært, þar sem hann vissi, að ég átti eftir af ræðutíma mínum, og tók sig út af dagskrá. Ég hygg, að það hafi verið rétt mat hjá hv. þm. Siglf., þar sem ræða hans var tóm þvæla og öngþveiti, að gera þetta ekki fyrr en tími til andsvara var búinn, því að vitanlega er erfitt að svara þvílíkri ræðu nema að taka hvert atriði fyrir sig. Mér þykir leiðinlegt, að ræðumaður getur ekki einu sinni hlustað á andsvörin, en skil, að honum þyki þægilegra að vera í burtu.

Ég verð að segja það, að ræða hv. þm. Siglf. um landbúnað sýnir, að hann hefur litla reynslu í landbúnaði, enda hefur hann aldrei nærri honum komið svo vitað sé, og minnir þessi ræða mig á það, hversu ofstækisfullar trúarskoðanir á einhverjum efnum geta ruglað dómgreind góðra manna á augljósum staðreyndum, sem liggja fyrir augum þeirra. Ræða hv. þm. Siglf. gekk mest út á það, hversu framleiðsla íslenzkra landbúnaðarafurða sé orðin óþolandi dýr, sem eingöngu væri að kenna sleifarlagi bænda og hversu fulltrúar þeirra hefðu unnið illa fyrir þá undanfarin ár. Hann fullyrðir, að ef allar landbúnaðarafurðir lækki ekki um helming, þá sé ekki að tala um annað en hrun fyrir íslenzkan landbúnað, þegar markaðir opnast aftur erlendis. Ég er hv. þm. alveg sammála um það, að það verður ekki aðeins hrun fyrir íslenzkan landbúnað, heldur og aðra atvinnuvegi, ef sá framleiðslukostnaður á að haldast, sem landbúnaðurinn stendur undir, en sem hv. þm. Siglf. og hans flokkur vill ekki lækka, — og að það verði ekki aðeins landbúnaðurinn, sem geti ekki staðið undir kaupgjaldinu, heldur hlýtur sjávarútvegurinn að hrynja fyrr. Þetta er hv. þm. vel kunnugt um, og þetta veit hver maður, og því þýðir ekki að berja höfðinu við steininn, að ef einn framleiðandi verður að greiða sexfalt kaupgjald í framleiðslukostnað samanborið við það, sem greitt er í löndunum í kringum okkur, þá getur hann ekki staðizt samkeppnina. Gildir þetta ekki aðeins um landbúnaðinn, heldur og sjávarútveginn, þar sem sjávarútvegsbóndinn verður einnig að selja sínar afurðir á erlendum markaði.

Þá vildi hv. þm. láta skína í það, að þetta væri allt hægt að bæta með því að viðhafa meiri tækni í íslenzkum landbúnaði, en gengur hins vegar fram hjá staðreyndunum. Hann segir, að þar, sem

landbúnaðurinn sé rekinn á þann veg, sem hann vill vera láta, af ríkinu eða bæjum og með fullkominni véltækni, þá væri hægt að hafa íslenzkar landbúnaðarafurðir ódýrari. En það hefur hins vegar sýnt sig margsinnis og einmitt undir handarjaðri þessa hv. þm. og flokksbræðra hans, að þeir hafa ekki einu sinni getað rekið sinn nýtízku búskap með því verklagi, sem þeir vilja við hafa, þannig að hann beri meðalframleiðsluverð. Það hefur sýnt sig, að þar, sem landbúnaður hefur verið rekinn með véltækni, eins og á Hólsbúinu á Siglufirði og á Korpúlfsstöðum í nágrenni Reykjavíkur, þá hafa þau bú ekki getað borið það framleiðsluverð, að þau séu talin meðalbú eða undir meðallagi, heldur hafa þau verið rekin með halla. Hvað þýðir svo að vera að telja mönnum trú um, að eini vegurinn sé að skapa fleiri slík bú, bú, sem bera ekki meðalframleiðsluverð? Hvernig stendur á því, að þessi hv. þm. eða flokkur hans, sem keypt hefur Korpúlfsstaði, þar sem hægt er að heyja þúsundir hesta, hafa ekki rekið þar á síðustu árum nema um 20 kýr, þar sem áður voru reknar þar 300—400 kýr, meðan jörðin var í einstaklingseign? Er það af því, að þessir menn vilja ekki peninga? Menn skyldu ætla, að það væri hægt að grípa upp æðimikinn gróða á slíku búi, ef það verð fæst fyrir afurðirnar, sem bændum á afskekktu jörðunum er reiknað. Standast þeir ekki samkeppnina við þessa bændur víðs vegar úti um land, sem ekki eru aðnjótandi véltækninnar, og vegna hvers treysta þeir sér ekki til að reka þetta stóra bú, alveg við nefið á sér í Reykjavík? Ég vildi fá svör við þessu. Er það af því, að kröfur um launagreiðslur eru orðnar svo háar, að ekki er hægt að reka bú hér í nágrenni Reykjavíkur, bú, sem er útbúið öllum nýtízku þægindum og hefur véltækt land?

Forseti minnir mig á, að þetta eigi aðeins að vera stutt aths., og skal ég verða við ósk hans, en vil þó aðeins minnast á eitt atriði, sem sýnir, hversu hv. þm. Siglf. hefur frámunalega lítið vit á búskap, er hann vill vera að segja öðrum fyrir, sem fengizt hafa við búskap alla sína tíð. Hann segir, að þegar svona bú séu rekin í félagi, þá sé hægt að hugga sig við, að einn maður geti slegið hjá öllum. Það getur vel verið, að það líti svo út fyrir þeim, sem aldrei hafa við landbúnað fengizt á Íslandi, að þeir álíti, að þetta sé betra heldur en ef margir væru að slá á sama tíma, hver fyrir sig. Hann segir enn fremur, að það hafi verið svo erfitt að reka Hólsbúið á Siglufirði, af því að þar rigni svo gífurlega. Ég verð að segja hv. þm. það, að þótt við hefðum nýtízku sláttuvélar til þess að slá niður tún okkar, dytti okkur ekki í hug að slá þau nema að líta eftir veðurfari og yrðum að haga okkur eftir því. Einnig verð ég að segja honum það, að það rignir víðar á Íslandi heldur en norður á Siglufirði og að rigningin gerir fleirum erfitt fyrir um búskapinn heldur en Hólsbúinu. Hef ég heyrt, að það væri frekar úrkomulítið á norðurlandi samanborið við hér sunnanlands og að hlutfallslega væri tífalt meiri úrkoma þar, heldur en þar, sem hv. þm. segir, að ófært sé að stunda búskap vegna rigninga.

Forseti er nú orðinn óþolinmóður, og skal ég því hætta, en vildi aðeins segja um leið og ég sezt niður, að ef hv. þm. Siglf. telur, að við eigum að vera samkeppnisfærir, og segir, að söluverð á smjöri hingað komnu frá S.-Ameríku eigi að vera 7 krónur pr. kg, þá verður hann að sýna það svart á hvítu, að við höfum hér vinnuafl, sem sé samkeppnisfært við vinnukraft í öðrum löndum. Það er ekki hægt að bera saman mold okkar lands við mold annarra landa, fyrr en við erum settir jafnfætis þjóð, sem þarf að greiða 90% í vinnukraft eða framleiðslukostnað, en hér eru sem kunnugt er gerðar sexfalt hærri kaupkröfur heldur en suður við miðjarðarlínu, þaðan sem áðurnefnt smjör kemur. Auk þessa vildi ég biðja hv. þm. Siglf. að kynna sér ofur lítið undirstöðuatriði landbúnaðar og hvernig hann er rekinn, áður en hann fer að temja sér spámennsku í þessum efnum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hef leitt hjá mér þessar umræður, en mun þó ekki spinna lopann eins og hv. þm. Siglf. hefur nú gert með löngum ræðum. Mér hefur verið sagt, að umr. í gær hafi snúizt mikið um það, að þeir, sem kjötsölu hafi haft með höndum, hafi haldið kjötinu fyrir landsmönnum og neitað um, að það yrði borgað niður, og sagði hv. þm. Siglf. þetta sama í dag. Þess vegna stend ég hér upp til þess að mótmæla þessu, og þó að ég viti, að almenningur veit, hvernig þessu er farið, þá virðast margir hv. þm. ekki hafa réttan skilning á þessu. Það er vitanlega margt, sem kemur til greina í þessu sambandi, en það er þó sérstaklega eitt, sem ég vildi hér minnast á, en það er það, að á meðan verð á dilkakjöti verkaði svo mikið á verðlagsvísitöluna snemma í sumar, þá reyndist ekki fært að láta það koma á markaðinn. Það er kunnugt, að dilkar vaxa allt sumarið og að þeir vaxa meira í júlí heldur en í september, og af þeim ástæðum fer kjöt af þeim dilkum, sem slátrað er snemma, í hærra verð á sumrin heldur en á haustin, eða er 50% hærra í júlí heldur en í september, sem er bæði af því, að þá eru dilkarnir fullvaxnir, og af því, að tíminn, sem fer í að koma þeim til slátrunar og slátra þeim, er mun dýrmætari á sumrin heldur en á haustin.

Ef slátrun hefði hafizt fyrr í sumar, hefði kjötið komið á markað verið um 50% hærra en nú. Það er því mjög fáfengilegt, ef menn eru að ásaka kjötverðlagsnefnd fyrir, að kjötið kom ekki fyrr á markaðinn en raun varð á, eins og hv. þm. Siglf. gerir, þegar þeim er þetta kunnugt.

Það er ekki gott til þess að vita, að á Alþ. skuli hafa náð sæti menn, sem eru svo skyni skroppnir að ætla, að með þessu sé kjötverðlagsnefnd að halda í kjötið við neytendur. En það er alltaf hægt að finna eitthvað upp til að deila um. Það er óþarft að fjölyrða frekar um þetta. Það er flestum ljóst, að það var ekki á valdi kjötverðlagsnefndar að senda kjöt á markaðinn í sumar. Ríkisstjórnin mundi aldrei hafa leyft það. Mundi hv. þm. Siglf. hafa samþ. það? Nei.

Ég get ekki skilið þýðingu þess að halda meira en klukkustundar ræðu hér á Alþ., eins og hv. þm. Siglf. gerði áðan. Er Alþ. stefnt saman, til þess að hv. þm. gefist kostur á að spinna lopann, eins og hv. þm. Siglf. gerði? Heldur þessi hv. þm., að slíkt hafi nokkur áhrif? Ég fullyrði, að slíkt hefur ekki nokkra minnstu þýðingu, hvorki nú né í framtíðinni. Engum dettur í hug að trúa fullyrðingum hans.

Hv. þm. Siglf. sagði í ræðu hér á dögunum, að bændur væru búnir að fá 80 millj. króna í uppbætur. Það er stundum talið nokkuð mikið, þegar ýkt er um helming, og raunar ekki á færi annarra en þeirra, sem taka að sér hlutverk Leitis-Gróu. En hv. þm. Siglf. gerir það án þess að blikna eða blána. Það eru sem sé ekki 80, heldur 45 millj. króna, sem farið hafa í uppbætur og niðurgreiðslur innanlands og aðeins *lítill hluti* til bænda. Mest hefur farið til niðurgreiðslu vara á innlendum markaði. Þessar niðurgreiðslur eru ekki í þágu bænda, eins og hv. þm. Siglf. veit, heldur til þess að halda niðri dýrtíðinni og í þágu atvinnuveganna. Hvaða atvinnuvega? Hann veit það ekki. Ég skal þá segja honum það. Það er í þágu útgerðarinnar og frystihúsanna. Það er vitað mál, að útgerðin mundi stöðvast og frystihúsin gætu ekki starfað að öðrum kosti. En bændur *gætu samt sem áður framleitt og notað* þann vinnukraft, sem þeir hafa yfir að ráða. Það er þess vegna allt öðru máli að gegna með bændur en þá, sem framleiða í stórum stíl. Þeir, sem hlustuðu á ræðu hv. þm. Siglf. áðan, gátu ekki gert að því að verða varir mótsagna hjá honum. Hann sagði, að það væri talin spilling að heimta 10% kauphækkun, en svo vill hann láta lækka framleiðslukostnaðinn. Það þarf sterk brjóst til að bera slíkt fram. Hvað gerir framleiðsluna dýra? Hv. þm. Siglf. veit það ekki. Þegar þessi hv. þm. talar um að lækka framleiðslukostnaðinn, talar hann um 10% kauphækkun. En honum er nauðsynlegt að vita, að framleiðslukostnaðurinn er svo hár vegna þess, að kaupið er skrúfað hátt.

Það er talað um ódýra ameríska framleiðslu, smjör, fatnað og fleira. Flokksbræður hv. þm. Siglf. *hafa komið því til leiðar*, að klæðskerar hafa gert verkfall. Þeim, sem reka saumastofurnar, finnst það ekki gera neitt til. Þeir hafa flutt inn föt frá Ameríku, sem eru ódýrari, eftir að lagt hefur verið á þau eins og lög heimila, en föt, sem hér eru saumuð. Er ekki rétt að minnast á amerísku fötin um leið og ameríska smjörið? Hvernig er það ekki líka með húsgögn frá Ameríku? Þegar búið er að borga tolla af þeim, eru þau samt ódýrari en vinnulaun við að smíða þau hér. Efni þarf ekki að reikna. Það gildir því hið sama um landbúnaðar- og iðnaðarvörur. Þetta þarf þessi hv. þm. að gera sér ljóst, þegar hann talar um dýrtíðina og orsakir hennar. Ef um hugarfarsbreytingu væri að ræða hjá honum og hann vildi vinna gegn dýrtíðinni, verður hann að vita, að iðnaðarframleiðslan hér á landi *yfirleitt, hinn mikli kostnaður* við hana, á mikinn þátt í því, hve mikil dýrtíðin er. Þegar þetta er orðið ljóst, mun ekki einu sinni hv. þm. Siglf. efast um, að dýrtíðin stafar af því, að kaupgjaldið er óhóflega hátt. Þá mundi þessi hv. þm. hætta að furða sig á dýrtíðinni. Ef kaupið lækkaði, mundi verð landbúnaðarafurða lækka um leið. Þá er enn ein fullyrðing hv. þm. Siglf., sem ekki fær staðizt. Hann talaði um, að þær millj., sem settar hefðu verið í landbúnaðinn, hefðu ekki komið að notum. Það er ekki rétt, heldur hafa þær orðið að miklu gagni. Þegar litið er yfir síðustu 10—20 ár, sést, að geysibreyting hefur orðið á íslenzkum landbúnaði. Það eru ekki meira en 20 ár síðan farið var að slétta túnin að ráði, og þótt fólkinu hafi fækkað í sveitunum, hefur framleiðslan aukizt. Það stafar af síaukinni ræktun og því, að vélar hafa verið teknar í þjónustu landbúnaðarins. Þetta sýnir, að bændurnir skilja, hvað þarf og á að gera. Þeir vita, að ekki er hægt að umbylta öllu á einu ári, eins og hv. þm. Siglf. vildi vera láta. Þeir vita, að ekki má brjóta meira land árlega en hægt er að vinna að fullu samsumars, og að ekki er hægt á fáum árum að gera túnin svo stór, að þau *fullnægi heyskaparþörf* þeirra. En þeim er ljóst, að þeir mega ekki hætta að auka túnin, fyrr en svo er komið.

Við hv. þm. Siglf. erum sammála um, að það beri að auka tæknina við landbúnaðinn. En við erum ósammála um, að það beri að svelta bændur, á meðan framleiðslumöguleikar þeirra eru að komast í viðunandi eða gott horf, láta þá deyja drottni sínum, ef svo vill verkast.

Hv. þm. Siglf. segir, að landbúnaðurinn beri sig, ef tækni sé nóg. En það nægir ekki, þótt vélar séu fyrir hendi. Kaup og fríðindi þess fólks, sem stjórnar vélunum, getur valdið því, að búin beri sig ekki, og þess vegna mun t. d. Hólsbúið á Siglufirði ekki bera sig. Svo ósanngjarnt getur kaupið verið. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. Siglf. álíti, að það stafi af því, að búinu sé svo *illa stjórnað. Ég veit ekki, hvort hann álítur*, að þetta sé orsök þess, að búið ber sig ekki, eða að kaup og fríðindi starfsfólks þess sé óhóflegt. En ef þetta er spegilmynd af því, sem verða á að hans dómi, þá gætu þær upplýsingar, sem hann óviljandi gaf, orðið okkur til aðvörunar.

Hv. þm. Siglf. talaði um of mikla kjötframleiðslu og að það bæri að keppa að því, að ekki væri framleitt meira en það, sem fullnægði innlendum markaði.

Árið 1943 var slátrun óvenjulega mikil og meira flutt úr landi en nú. Nú verður slátrun mun minni, og getur hv. þm. Siglf. huggað sig við það, að framleiðslan heldur áfram að minnka, ef áhrifa hans og flokks hans gætir til muna. Hann getur setzt niður og reiknað út afleiðingar þess, ef ungbörn kaupstaðanna hætta að fá mjólk og *bæirnir fengju ekki kjöt eftir þörfum*. Hvað heldur hv. þm. Siglf., að það taki langan tíma að leggja sveitir þessa lands í eyði? Að því hlýtur að reka, ef áhrifa sósíalista gætir, og að því stefna þeir af ráðnum hug. En ég vona, að þjóðinni verði forðað frá því, og mun ég leggja mína krafta fram til að vinna móti áhrifum þeirra.

Af því að þessi flokkur er þetta stór og þetta margir, sem á þá hlusta, þarf ekki að óttast of mikla landbúnaðarframleiðslu næstu 2 til 3 árin. Svo mikið hafa sósíalistar fengið að gert. Hv. þm. Siglf. talaði um, að nauðsynlegt væri að færa byggðina saman. Þetta er nú ekki ný plata. Í stað þess að framvegis eins og hingað til verði blómleg sveitasetur í landinu, á að færa byggðina saman í þorp. Ég hef út af fyrir sig ekki á móti því, að þorp myndist í sveitum þar, sem aðstæður *leyfa, en ég er andvígur því, að það sé gert á þann* hátt, sem sósíalistar vilja. Ég vil ekki, að byggðirnar færist saman. Ég vil ræktun landsins og fylla í eyðurnar eins og mögulegt er. Á þennan hátt vil ég vinna að ræktun í byggðum Íslands. Þegar búið er að fylla í eyðurnar, sem nú eru óneitanlega alltof stórar milli íslenzkra sveitabæja, þá skapast skilyrði til þess að láta sveitafólkinu í té rafmagn og önnur þægindi.

Það getur ekki góðri lukku stýrt, ef farið er eftir till. hv. þm. Siglf. í þessu efni. Hann vill kúldra byggðinni niður í þorp, án þess að lífsskilyrði séu fyrir hendi. Þótt hann viti það ekki nú, þá verður hann að vita, að það er ekki nóg, þótt landið sé vel ræktað, það nægja ekki fáir fermetrar lands, þótt vel ræktað sé, til lífvænlegrar afkomu þeim, sem við það eiga að búa. Það er fullyrðing út í loftið, þegar hv. þm. Siglf. talar um, að hans flokkur vilji vinna fyrir bændur, en við ekki. Því trúir enginn maður, hvorki hér á Alþ. né annars staðar, að sósíalistar vilji skapa þeim, sem í sveitunum búa, viðunandi lífskjör, vegna þess að öll framkoma þeirra miðar að því að flæma fólkið burt úr sveitunum. Hv. þm. Siglf. trúir ekki þessari fullyrðingu sinni sjálfur, hvað þá aðrir.

Hann sagði, að það væri talin spilling að tala um 10% kauphækkun. Ég ætla ekki að ræða það mál mikið, þótt ég staðhæfi, að það sé spilling að tala um þessa hækkun með því kaupgjaldi, sem nú er. En þetta lýsir bezt hugarfari þeirra manna, sem standa fyrir því að spana fólkið upp til að koma með síhækkandi kaupkröfur. Það lýsir því bezt, hvert þessi flokkur, Sósíalistafl., er að fara, að hann skuli tala um 10% kauphækkun jafnframt nauðsyn þess að færa niður tilkostnaðinn við landbúnaðarframleiðsluna. Og um leið og hann talar um að færa niður tilkostnaðinn við framleiðsluna, verður öllum ljóst, að þetta er gert af eintómri hræsni. Þessi hv. þm. var að tala um þröngsýni bændafulltrúa. Hún lýsti sér helzt í því, að þeir skuli telja það spillingu, að enn sé heimtað hærra kaup. Það er nú meiri þröngsýnin! Það er ekki þröngsýni að nefna það spillingu að heimta hækkað kaup, eins og nú er komið. Hitt er þröngsýni, ef nokkur þm. telur það ekki leiða til vandræða að heimta hækkað kaup, því að það ætti öllum mönnum að vera ljóst, hvað af því mundi leiða. Hv. þm. kom með dæmi um það, hve verðlag væri orðið brjálað á landbúnaðarafurðum, að það hafi sexfaldazt frá því árið 1934, en kaupgjald hafi aðeins ferfaldazt. Ef ég hefði ekki hlustað á alla ræðu hv. þm. áðan, þá hefði ég haldið því fram, að hann hefði mælt af ókunnugleika eða honum orðið mismæli. En af því að ég heyrði, að öll ræðan var full af mótsetningum og fullyrðingum, get ég vel trúað því, að hv. þm. hafi komið með þessar fullyrðingar, þótt hann viti, að þær séu rangar. En ef ég er hér með rangar getsakir á hv. þm. og hann hafi talið sig fara með rétt mál, þá vil ég segja honum, að kaupið fyrir stríð var í vegavinnu 90 aurar um tímann í Rangárvallasýslu, en kvað nú vera kr. 5,40 um klst. og 6×0,90 eru kr. 5,40, svo að það er augljóst, að kaupið hefur meira en sexfaldazt. Ég held, að hv. þm. hafi vitað þetta áður. En hafi hann vitað það, þýðir ekki að koma með þá fullyrðingu, að verðlag hafi hækkað meir en kaupgjald. Það er tilgangslaust, ef menn geta margfaldað saman 6 og 9. Hv. þm. virtist öðru hverju hafa áhyggjur af því, að óánægja sé hjá bændum austanfjalls með samþykktir búnaðarþings og þetta frv. Ég get huggað hv. þm. með því, að það er óþarft að hafa áhyggjur út af þessu, þeir bændur austanfjalls, sem voru óánægðir, eru orðnir ánægðir með þessar samþ., því að bændur tilheyra ekki því fólki, sem vill koma atvinnuvegunum í strand, þeim, sem standa fyrir kaupkröfum. Bændur sýna þegnskap í því trausti, að aðrir komi á eftir, jafnvel þótt menn séu svo þröngsýnir að sjá ekki, hvað af því leiðir að heimta hækkað kaup. Ég sé, að það er komið fram yfir venjulegan fundartíma og forseti er farinn að horfa á klukkuna, og læt því máli mínu lokið í þetta sinn.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 11. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég hef í rauninni ekki mikið um það að segja, sem fram hefur komið í þessu máli, frá því er það var síðast til umr. Ég hef ekki orðið var við, að þm. hafi rætt þetta mál mikið út af fyrir sig. Hv. 2. þm. N.-M. notaði það sem rök, ef rök skyldi kalla, í sambandi við sitt innlegg í málinu, að lítið þýddi að ræða við menn, sem hefðu svo lítið vit á landbúnaði. Sérfræðingar eins og hann gætu einir talað, skildist manni. Hann minntist á, að ég hefði talað um, að það væru rúmar 20 þús. smál. af mjólk, sem framleiddar væru, en það væri ekki einu sinni mjólkin, sem kæmi til sölu á verðlagssvæði Rvíkur og Hafnarfjarðar. Hv. þm. á að vita þetta allt vel, hann er starfandi maður í Búnaðarfél., en það verður að virða mér til vorkunnar, ef ég fer skakkt með, að ég hef ekki betri skýrslur. Mínar aths. voru byggðar á Landsbankaskýrslum, og þar er miðað við annað en hv. 2. þm. N.-M. gerði. Í skýrslunni fyrir 1943 stendur á bls. 10: „Innvegin mjólk frá mjólkurbúunum 7 (7) nam um 21,5 (20) millj. lítrum, og komu, eins og árið áður, um ¾ af því mjólkurmagni á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.“

Þessi 20 þús. tonn er það, sem kemur frá búunum, og ¾ af því fara til Rvíkur og Hafnarfjarðar. Ég hef bara í útreikningum mínum miðað við það, sem komið hefur á markaðinn. Mjólkin, miðað við kúafjölda, er miklu meiri, 3—4 sinnum meiri. En þegar ég reikna fiskframleiðsluna, sleppi ég öllum fiski, sem framleiddur er til neyzlu innan lands. Á bls. 13 í skýrslu Landsbankans stendur: „Hér er sá fiskur ekki meðtalinn, sem farið hefur til innanlandsneyzlu nýr.“

Við vitum, að fiskneyzlan hjá okkur er meiri að magni en kjötneyzlan, a. m. k. er oft í Rvík borðaður fiskur 5 daga vikunnar. Fiskmagnið er mjög miklu meira en kjötmagnið, sem notað er innan lands, svo að þó að ég léti það jafnast upp, mundi sízt halla á landbúnaðinn. Það er ekki ástæða fyrir hv. 2. þm. N.-M. að vera með neinn þjóst. Í útreikningunum er ekki hallað á bændastéttina. T. d. er ekki reiknuð lýsisframleiðsla, sem er um 700 tonn, og fleira verðmætt í sjávarútveginum. Hv. þm. þekkir framleiðslumál bænda manna bezt, og væri gott, ef hann léti svo lítið að ræða málið og legði fram gögn í stað þess að mæla af hroka og þjósti.

Af hálfu nokkurra þm. hefur verið rætt um ríkisbúin og að þau bæru sig ekki. Ég álít það mikið rannsóknaratriði, hvernig á því stendur, en það er ekki rétt að draga þá ályktun af því, að ekki heldur stórbúskapur geti gefið afrakstur, enda mundi það þýða, að vonlítið væri fyrir okkur að vera að basla áfram. Það hlýtur að vera

eitthvað annað að. Það hefur sannazt á stórbúunum í Ameríku og í Sovétríkjunum, að afköstin eru þar framúrskarandi, og mjög góð lífskjör fyrir fólkið, sem þar vinnur. Ég efa ekki, að þetta gæti líka orðið í íslenzkum landbúnaði, ef unnið væri með beztu aðferðum. Á landi eins og Suðurlandsundirlendinu hlýtur að vera hægt að hafa ágæt lífskjör.

Hv. þm. V.-Sk. minntist á strauminn úr sveitunum. Honum hættir við að vilja víkja ofur lítið til því, sem sagt er. Ég var ekki að harma strauminn úr sveitunum. Ég lagði einmitt áherzlu á það, að því meira sem afköstin ykjust, því færra fólk mundi þurfa við landbúnaðarframleiðsluna. Hv. þm. talaði um, að ef afköst manna ykjust við landbúnaðinn, þá mundi útstreymið úr sveitunum halda áfram og þá yrði að skaffa lífsmöguleika annars staðar. Það er alveg rétt, og það er það, sem þarf að gera. Þjóðin hefur takmarkaða möguleika, hvað landbúnað snertir, vegna erfiðra skilyrða. Það er því skiljanlegt, að höfuðlandbúnaðarframleiðslu Íslendinga verður að miða við innlendan markað, og er enn langt frá því, að hún fullnægi honum. En ég vil ekki fortaka, að hægt væri að reka landbúnað í öðrum greinum til útflutnings, t. d. keppa við Dani í svínarækt. Hvað ætti að vera því til fyrirstöðu? Við gætum sem sé e. t. v. tekið upp nýjar framleiðslugreinar. Hitt er rétt, að lífsmöguleika þurfum við að skapa fyrir fólk, sem streymir úr sveitunum, og þá höfum við við sjóinn. Það er óþarfi fyrir aðrar þjóðir að sækja hingað, ef við höfum dug til að hagnýta fiskimiðin í sambandi við aðrar þjóðir, þegar verkaskipting kemst á.

Hv. þm. V.-Sk. er svartsýnn á, að hægt sé að skapa lífsmöguleika annars staðar. Hann sagðist vera viss um, að atvinnuleysi yrði óhjákvæmilegt. Ég sé ekki, að svo þyrfti að vera, ef m. a. Alþ. hefði fullan hug á að láta það ekki verða.

Þá nefndi hv. þm. það, að við sósíalistar mundum líta hirða um, ef atvinnuleysi yrði, hvort það væri gagnlegt, sem unnið væri, eða ekki. Ég vil endurtaka, að ég álít, að þjóðarbúskapurinn eigi að vera skipulagður með það fyrir augum, að hann sé til gagns. Það er misskilningur hjá þessum hv. þm., að við sósíalistar höfum lagt áherzlu á, að ekki væri unnið við annað en gagnslaus verk. Við höfum einmitt lagt höfuðáherzlu á það, að í atvinnubótavinnunni væru unnin verk, sem væru til gagns. Við lögðum til, að það yrðu byggð hús hér í Reykjavík, þegar byggingarverkamenn gengu hér atvinnulausir í stórum stíl, og ef eftir því hefði verið farið, þá hefði það bætt mjög úr þeim vandræðum, sem við eigum nú við að búa. En það var einmitt flokkur hv. þm. V.-Sk., sem taldi það fullkominn óþarfa að byggja hús hér í Reykjavík, og þessi flokkur beitti sér fyrir því að hindra innflutning á byggingarefni til landsins. Hv. þm. ætti að muna það, að einn flokksmaður hans, hv. þm. V.-Húnv., skrifaði grein í Tímann, þar sem var farið fram á það, að húsabyggingar í Reykjavík væru stöðvaðar, og spurt, hvaða vit væri eiginlega í því að vera að byggja hús í Reykjavík. Nei, það var ekkert vit í því að láta atvinnulausa menn, sem voru auk þess húsnæðislausir, byggja hús yfir höfuðið á sér, svo að þeir þyrftu ekki að hírast í skúrum og kjallaraholum.

Það var annað, sem flokkur þessa hv. þm. vildi láta vinna við í atvinnubótavinnu. Hann vildi láta vinna við klakahögg og gatnagerð um hávetur, þegar lítið eða ekkert var hægt að vinna að því til gagns. Og það er auðskilið, til hvers þetta var gert. Það var gert til þess að reyna að ófrægja atvinnubótavinnuna sem allra mest og reyna að koma því til leiðar, að hún yrði felld niður. Hv. þm. ætti því ekki að vera að reyna að klína því á flokk okkar sós., að hann hefði ekkert viljað láta gera til gagns. Við vildum einmitt fyrst og fremst láta vinna „praktisk" verk.

Ég veit ekki, hvort ég á að ræða í heild um afstöðu Framsfl. til ræktunarmálanna og hvað þeir hafa gert til þess að auka tæknina við landbúnaðarframleiðsluna. Ég veit ekki, hvort hægt er að segja, að afstaða hv. þm. V.-Sk. til mjólkurskipulagsins hafi orðið til þess, að beitt hafi verið meiri tækni við framleiðslu mjólkurinnar nú en áður.

Ég get minnzt á eitt dæmi um hug Framsfl. til aukinna framfara. Ég kom fyrir skömmu í eitt kauptún hér á landi, þar sem þorpsbúar, og þá einkum sós., beittu sér fyrir því að rækta í kringum kauptúnið. En þegar búið var að girða landið og þurrka það, þá var það einn fulltrúi Framsfl. á Alþ., sem beitti sér fyrir því, að girðingin væri rifin upp, og var þannig allt, sem búið var að gera, látið grotna niður í vanhirðu og fara til ónýtis.

Viðvíkjandi raforkumálunum, þá er bezt fyrir okkur að gera okkur það ljóst, með hverju móti við getum bezt komið raforku til sveitafólksins. Það verður bezt að skipuleggja fyrst búskapinn þannig, að hann geti veitt þær aðstæður, sem geta haldið fólkinu í sveitunum. Það eru ekki fyrst og fremst erfiðleikarnir við dreifbýlið, sem valda því, að fólkið hópast úr sveitunum, heldur er það miklu fremur hitt, að fólkinu drepleiðist þar. Það er fátt til skemmtunar fyrir ungt fólk á fámennum sveitabæjum að vetrarlagi. Á móti þessu þarf að vinna. Það þarf að skapa ánægju fyrir fólkið í sveitunum. Það þarf að gera því fært að njóta þar þeirra menningartækja, sem fólkið sækist eftir. Ég held, að raforkunni verði bezt komið út í sveitirnar þar, sem þær verða þéttbýlastar, og geta þær helzt orðið það þar, sem mjólkurframleiðsla er aðalatvinnuvegurinn, og ef við ætlum að koma raforkunni út í sveitirnar, þá þurfum við einmitt að hraða því sem mest að ummynda búskapinn og koma honum í það horf, að unnt verði að færa byggðina saman. Það er ekki heppilegt að eyða stórfé í það að leggja vegi og síma inn á afskekkta bæi, sem hljóta að leggjast í eyði innan skamms. Það er sóun á fé, sem kemur niður á bændum eins og öðrum. Það er heppilegast að geta leitt raforku út í sveitirnar með tilliti til samfærslu byggðarinnar, og það er hyggilegast, að þetta tvennt verði tekið fyrir á sama tíma. Það er ekki heppilegt að reyna nú að koma raforku út á hvern sveitabæ á landinu, þegar það er séð fyrir, að fólkið muni samt sem áður ekki fást til þess að vera kyrrt á þessum stöðum.

Hvað snertir frv. sjálft, sem nú er minnst rætt um, vil ég aðeins ítreka það, sem ég áður sagði, að ég álít, að með því sé alveg horfið frá því samkomulagi, sem gert var 1943 og sem

gerði álit sex manna n. gildandi, og að þau bráðabirgðaákvæði, sem hér á að setja inn, breyti 2. gr. l. alveg öfugt við allar þær forsendur, sem lágu fyrir hinu upphaflega samkomulagi. Og það er alveg gengið í öfuga átt við tilgang dýrtíðarl. frá 1943 um það að tryggja, að kaupgjald og verðlag landbúnaðarafurða lækki í samræmi hvað við annað, því að hér á að halda verðlagi landbúnaðarafurða uppi til 15. sept. n. k., þótt kaupgjald kunni að lækka.

Ég vildi því óska eftir því, að fjhn. athugaði þetta frv. betur, en ef það verður ekki gert, þá mun ég verða að bera fram brtt. við 3. umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það eru aðeins nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. þm. Rang. í gær, þar sem hann var að tala um verðuppbæturnar. Varðandi þetta frv. er það að segja, að það þykir svo öruggt, að það nái fram að ganga, að það var samþ. sérstök þál., til þess að ekkert hlé yrði á uppbótagreiðslunum á milli. Hv. þm. sagði, að þessar uppbætur væru greiddar til þess að halda dýrtíðinni niðri, til þess að útgerðin gæti gengið áfram. Hann sagði, að ef vísitalan fengi að hækka óhindrað, þá yrði það til þess, að allur rekstur útgerðarinnar stöðvaðist. Það hefur líka heyrzt hjá þessum bændafulltrúum hér á Alþ., að vísu ekki í þingræðu, heldur í einkaviðtölum og hér á göngunum, að það væri allt í lagi með landbúnaðinn, hann gæti gengið áfram, þótt vísitalan hækkaði, en það væri útgerðin, sem þyldi það ekki. Það er rétt, að þessir fulltrúar bændanna eru búnir að koma upp svo fullkomnu kerfi af verðlagsn. með einkaaðstöðu, að þær geta lengi haldið verði landbúnaðarafurða nægilega háu fyrir landbúnaðinn, en það er öðru máli að gegna með útgerðina, og því er henni hætta búin. En ef verið er að gera þetta fyrir útgerðina, hvers vegna er þá ekki farin sú eðlilega leið að hafa vísitöluna rétta og borga útgerðinni þessar 100 millj. kr. til þess að hún geti gengið? Ég er viss um það, að útgerðarmenn hafa ekki beðið bændafulltrúana að fara þessa leið til hjálpar útgerðinni. En þetta er ekki gert fyrir útgerðina, og það er svo merkilegt, að það kemur henni að sáralitlu gagni. Laun hjá útgerðinni eru að mestu greidd með aflahlut, en ekki nema að sáralitlu leyti eftir vísitölu nema helzt hjá togaraútgerðinni, og þó er þar einnig mikill meiri hluti launanna greiddur með aflahlut.

Nei, það þýðir ekkert fyrir bændafulltrúana hér að reyna að halda því fram, að þetta sé gert fyrir útgerðina, þetta er gert til þess að reyna að leyna því, hve landbúnaðurinn er langt á eftir tímanum. Þessir menn eru orðnir hræddir við sín eigin verk og eru að reyna að fela þau fyrir þjóðinni. Það, sem þeir telja sér ekki fært að láta neytendur borga beint fyrir afurðirnar, láta þeir ríkissjóð borga í uppbótum og taka það svo aftur af neytendunum með sköttum, og ástæðan fyrir því er sú, að það er nauðsynlegt til þess að tryggja nægilega sölu á afurðunum hér innan lands.

En verðlag á þessum vörum er nú svo hátt, að það er hreint brjálæði, sem verður ekki þolað lengur, það er svo fráleitt. Nú er ég sannfærður um það, að bændafulltrúarnir standa hér upp á eftir mér og segja það, að ég vilji láta bændur búa við sult og seyru. Ef fundið er að þessu verðlagsnefndafargani, þá er rokið upp til handa og fóta og sagt, að þetta sé fjandskapur í garð bænda. Ég veit ekki, hve lengi þessi áróður þeirra getur gengið, en hann byggist á mannfyrirlitningu þessara fulltrúa, á þeirri von þeirra, að bændur séu svo illa upplýstir, að þetta geti gengið í þá. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri rangt hjá mér, að kaupgjald hefði fjórfaldazt, og hann nefndi eitt dæmi um vegavinnuna. Það mun vera rétt hjá honum, að kaup í vegavinnu hafi verið *90 aurar á tímann einhvers staðar* á landinu fyrir stríð. En þetta var ekki þannig alls staðar á landinu, heldur mun það aðeins hafa verið á fáum stöðum. Hann tekur svo þetta einstaka tilfelli og fær þannig út, að kaupið hafi sexfaldazt. Þetta er ekki rangt hjá hv. þm., en það er hægt að fara svo með rétta tölu, að útkoman verði lygi. Ég gæti farið alveg eins að með landbúnaðarafurðirnar og fengið þannig út, að verð á þeim hefði ekki sex- til sjöfaldazt, heldur áttfaldazt. T. d. mun mjólkurlítrinn ekki hafa kostað nema 20 aura í Neskaupstað fyrir stríð, en nú kostar hann 1,70 kr. Það er þannig 8½ sinnum hærra verð. Ef ég hefði nú farið eins að og þessi hv. þm., þá hefði ég því fengið út, að framleiðslukostnaður mjólkurinnar hefði margfaldazt með 8,5. Þetta er auðvitað jafnrangt eins og hitt, en hið rétta er, að kaupið hefur fjórfaldazt, en framleiðslukostnaður landbúnaðarafurða hefur sex- til sjöfaldazt. Þetta er meira að segja reiknað út af stofnun, sem ætti síður en svo að vera hlutdræg í garð bænda, en það er búreikningaskrifstofa ríkisins. Þessi skrifstofa gefur upp, að framleiðslukostnaður mjólkur hafi vaxið úr 18 aurum upp í 1,32 kr. á líter frá því fyrir stríð og að framleiðslukostnaður kjöts hafi á sama tíma vaxið úr 1,00 kr. upp í 6,82 kr. á kg, þannig að það er rétt, sem ég segi, en þessi hv. þm. *fer með rangt mál.*

Við ættum að geta verið hreinskilnir og leyft okkur að segja sannleikann hér í þingsölunum, þar sem enginn bóndi hlustar á okkur. Annars er það reglan hjá þessum flokkum bændanna, að þeir hafa lagt allt kapp á það að ná í útúrsnúningsmenn, og þeim hefur verið skjótur frami búinn í þeim flokki, og það er eðlilegt, að þeir flokkar, sem þurfa að bjarga sér á útúrsnúningum, þurfi mjög á þessum mönnum að halda, sem leika sér að því að fara þannig með réttar tölur, að lygi komi út.

Hv. þm. talaði einnig mjög um stóla og fatasaum til þess að sýna árangurinn af kaupskrúfu kommúnista, sem hann kallaði svo. Það mun vera rétt hjá honum, að fatnaður sé dýrari, ef hann er framleiddur hér en ef hann er fluttur *inn tilbúinn frá útlöndum.* Þá *er* það einnig dæmið, sem hann tók um stólana. Það er mjög skemmtilegt að athuga það ofur lítið betur. Það mun vera rétt, að mikill hluti af verði stólanna liggur í vinnulaunum, en þessi vinnulaun eru svona há vegna þess, hve hátt verðið er nú á landbúnaðarafurðum. Segjum, að einn stóll kosti t. d. 500 kr. og að 400 kr. af því verði liggi í vinnulaunum, þá mun óhætt að fullyrða, að helmingur þeirra sé greiddur vegna þess, hve hátt verðið er nú á landbúnaðarafurðum. (**SvbH:** Væri þá

ekki hægt að gefa stólana, ef landbúnaðarvörurnar kostuðu ekkert?) Það væri áreiðanlega hægt að selja þá mjög miklu ódýrari, ef skaplegt verð væri á landbúnaðarvörum. (SvbH: Vill þá ekki hv. þm. útvega fólk við landbúnaðinn fyrir ekki neitt?) Það er ekki vandamálið, heldur hitt að koma framleiðslunni í það horf, að búrekstur geti borið sig á sæmilegan hátt. Já, það er þetta dæmi með stólana, sem er mjög fróðlegt. Segjum, að við hinir svonefndu kaupkröfumenn teldum það eins mikla nauðsyn að framleiða stóla eins og fulltrúar bændanna telja kjötframleiðsluna. Þá myndum við, ef við færum að hætti bændafulltrúanna, bera okkur þannig að, að við myndum segja við húsgagnasmiðina: „Framleiðið þið stóla og ekkert nema stóla.“ Svo myndum við selja þá stóla innan lands, sem þörf væri fyrir, og við því verði, sem við teldum nauðsynlegt að fá fyrir þá. Afganginn myndum við svo láta flytja út og láta ríkissjóð borga nauðsynlegar uppbætur á þá til þess að tryggja stólasmiðunum nægilega hátt verð fyrir sína framleiðslu. Þannig er það haft með kjötið. Bændur eru látnir framleiða kjöt, og svo erum við látnir borga uppbætur úr ríkissjóði til þess að tryggja bændum það verð fyrir kjötið, sem talið er, að þeir þurfi að fá.

Annars er þetta sífellda tal um of hátt kaupgjald einungis byggt á fjandskap við alla menningu. Þegar verkafólk hækkar kaup sitt, þá er þar með stuðlað að þjóðfélagslegri breytingu í átt til aukinnar menningar, þannig að fólk, sem ekki hefur getað lifað menningarlífi, það hefur nú fengið tækifæri til þess. En þá þykir einmitt mjög áríðandi að pressa þetta niður aftur. En það er tilgangslaust að ætla sér að reyna að lækka lífskjörin aftur, þegar þau eru einmitt að hækka og þau eiga að hækka. En það er auðskilið, að þetta sé eðlilegur tilgangur þeirra manna, sem eru að reyna að hylja það, hve landbúnaðurinn sé rekinn með úreltum tækjum og aðferðum. En það gengur ekki lengur, og fólkið í bæjunum er tilbúið til þess að leggja fram milljónir kr. til þess að hjálpa bændunum upp á sama stig og það stendur á sjálft. Það er sagt, að bændafulltrúarnir fyrirlíti bæjafólkið, og það kemur oft fram í ræðum þeirra og ritum. Þar er m. a. talað um neytendastyrki og annað slíkt.

Og þeir eru orðnir dauðhræddir um, að hrunið sé að koma yfir þessa bændur, sem þeir telja sig bera fyrir brjóstinu. Ég er sannfærður um það, að ef þessi fyrirlitning á bændum væri ekki svona rík hjá þeim, þá mundu þeir taka höndum saman við okkur og breyta skipulaginu á landbúnaðinum, svo að fólkið geti unað við það. Það er mikill vilji til þess að gera stórfelldar ráðstafanir í þá átt að skapa sveitaþorp, sem gætu veitt öll þægindi kaupstaðanna. En framkvæmdir í þessum málum hafa hingað til strandað á bændafulltrúunum. Þeir vilja hafa það þannig, að sveitafólkið sjái ekkert ókunnugt andlit nema einu sinni í mánuði og að það þurfi ekki að hagnýta sér þann hæfileika að tala, þá væri ekki hætt við, að það tæki þátt í pólitík öðruvísi en þeir vildu vera láta, því að þeir geta ekki unnt fólkinu þess að lifa eins og menn. Til þess að geta haldið þessu öllu í klemmu áfram eru þeir að reyna að skapa ófund hjá bændum til bæjafólksins, en þeir vinna ekkert með þeirri öfund. Það kemur að því, að bændur sjá gegnum blekkingavefinn og snúa baki við þessum herrum. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að ég vildi lækka vöruverðið á landbúnaðarafurðum strax, áður en bændur væru búnir að rækta, og láta þá svelta á meðan. Þetta er hinn herfilegasti útúrsnúningur. Ég tók það fram, að þessa tugi millj., sem nú væru veittir til landbúnaðarins, ætti einmitt að nota til þess að fyrirbyggja það, að bændur þyrftu að svelta á meðan verið væri að breyta skipulaginu. Ástandið er nú orðið þannig, að unga fólkið fæst ekki til að vera í sveitunum nema tíma og tíma, það neitar að þola það að geta ekki verið í samfélagi við annað fólk. Það er alveg sama, hvað við köstum mörgum millj. í landbúnaðinn, eins og hann er nú skipulagður, fólkið fæst ekki til að vera þar. Það á að skipuleggja og hjálpa bændum til þess að byggja sveitaþorp. Það er það, sem gæti rétt landbúnaðinn við. Það er haft eftir einum hv. þm. (þm. Dal.), að hann hafi sagt í samtali við menn, að það væri nauðsynlegt til þess að halda fólkinu í sveitunum að byggja bíó og danssali. Þetta er líka alveg rétt. Það er ekki nema eðlilegt, að unga fólkið í sveitunum vilji lifa menningarlífi, eins og annað fólk, og það verður að búa þannig að því, að það geti það. En bændafulltrúarnir hafa hindrað, að þetta væri hægt. Það hefur verið tekið fram, að þær millj., sem nú er kastað í landbúnaðinn, fara að því leyti til einskis, að þeir, sem fátækastir eru í sveitunum, fá minnst. Hins vegar hinir, sem hafa stórgrætt, fá 100 þús. í viðbót. Svona er farið að því að skipta þessu fé niður. Við höfum farið fram á að fá upplýst, hvernig fénu er skipt, en þá rísa bændafulltrúarnir upp og reyna með öllum ráðum að koma í veg fyrir, að verið sé að hnýsast í það, hvernig þessu fé sé skipt.

Það kom sér vel, að til skyldu vera ríkisbú á Íslandi, það virðist hafa komið sér sérstaklega vel fyrir bændafulltrúana. Þessir bændafulltrúar, sérstaklega framsóknarmenn, hafa í rauninni verið ráðandi fram á þennan dag s. l. 20 ár, og þeir hafa ekki haft áhuga á því, að ríkisbúin skiluðu arði, því að þá hefði ekki verið hægt að beita þessari röksemdafærslu og segja: Þarna er ríkisbú með fullkomnustu tækjum. Það ber sig ekki betur en svona. — Ríkisbúin eru þess vegna heppileg fuglahræða fyrir þessa bændafulltrúa til þess að vara bændur við því að leggja eyrun við öðru en því, sem þeir leggja til, þ. e. að engu verði breytt, allt verði látið sitja í sama horfinu og verið hefur.

Við sósíalistar viljum, að bændur ákveði sjálfir, hvort þeir vilja hafa einkarekstur á búum sínum eða hvort þeir vilja reka þau í samvinnu við aðra bændur. Það er útilokað, að nokkur samvinna eða samyrkja geti átt sér stað um framleiðslu í sveitum eða blómgazt, nema því aðeins að bændurnir séu sjálfir sannfærðir um, að það sé það rétta. Það hefur því aldrei komið annað til greina af hálfu okkar sósíalista en að þessu yrði hagað á þennan veg. Því hefur hins vegar verið haldið fram af bændafulltrúunum, að við vildum taka af bændum jarðirnar og pína þá inn í ríkisbú, en þetta er hin mesta fjarstæða. En ég er sannfærður um það, að þegar bændur færu að búa við sömu félagslegu staðhættina og bæjarbúar, þá mundu þeir reka sig á það, að það er heppilegt að standa saman, og það er einmitt þetta, sem bændafulltrúarnir sjá. Þess vegna vilja þeir reyna að koma í veg

fyrir, að þessi áform takist. Því hefur verið haldið fram hér, að burtstreymið úr sveitunum sé orðið fyrir ráð okkar kommúnista. Ég veit það, að bændafulltrúarnir trúa þessu ekki sjálfir. Þeir vita, að bæirnir, sem aldrei sjá önnur blöð en „Tímann", tæmast alveg eins og hinir bara fyrir það, að fólkið vill ekki sætta sig við þann steinaldarhátt, sem ekki er samboðinn siðuðum mönnum. Unga kynslóðin neitar að sætta sig við þetta. Íslendingar hafa áður gert uppreisn. Fólkið gerði uppreisn, þegar það flýði til Ameríku. Þá var ekki neinn staður til á Íslandi, sem fólkið gat flúið til, en nú getur fólkið farið til kaupstaðanna. En það var flóttinn frá atvinnuleysinu, sem neyddi fólkið til að flýja til Ameríku fyrir aldamótin.

Það stóð ekki á því hjá hv. 2. þm. Rang. að benda á úrlausn. Hann vildi þétta byggðina að mér skildist, og mér skildist, að þéttunin ætti að fara fram með þeim hætti að klessa niður nýbýlum hér og þar milli afdalakotanna, sem nú berjast fyrir tilveru sinni, oft með útslitnum gamalmennum. En þetta er einmitt það, sem þeir *hafa verið að reyna að gera s. l. 20 ár.* Þessir hv. bændafulltrúar hafa reynt svo margt til þess að bjarga landbúnaðinum, en það hefur allt snúizt öfugt í höndum þeirra. Það er rétt að minnast á karakúlhrútana. Hvað ætli þeir séu búnir að kosta landið margar millj.? Nú seinast hefur orðið að skera niður fé í þrem sveitum í Þingeyjarsýslu, og það eru afleiðingar af innflutningi karakúlhrútanna. Sömu söguna er að segja um allar umbótatillögur Framsfl. og bændafulltrúanna yfirleitt. Þeir hafa reynt að berjast á móti þróuninni, en þeim mun lengur sem þeim tekst að hindra þróunina, þeim mun tilfinnanlegra verður hrunið, þegar það kemur, þegar þróunin brýzt fram.

Ég vil ekki láta hjá líða við þessar umr. að taka það skýrt fram enn þá einu sinni, að þetta er engin lausn á málinu, þvert á móti hlýtur það að leiða til hruns fyrir landbúnaðinn. En þessir bændafulltrúar eru ekki viðmælandi, nema þeir fái 25 millj. í viðbót. Það verður að taka því eins og það er, og þó að við hefðum heldur viljað borga 25 millj. til þess að tryggja varanlega atvinnu, viljum við þó heldur greiða þessar 25 millj. til þess að reyna að skapa samstarf, sem er mjög nauðsynlegt til þess að skapa varanlega atvinnu. En eins og frv. þetta er nú mun ég ekki greiða því atkv., *ég tel þó ekki ástæðu til að flytja brtt.* á þessu stigi málsins, vegna þess að hv. fjhn. hefur frv. enn til meðferðar og athugunar, áður en það kemur til 3. umr., en þá mun ég flytja brtt. á nál. En eins og nú er komið málum, hef ég ekki talið ástæðu til að flytja brtt. og greiði því ekki atkv. með frv., eins og það er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér koma þessar umr. nokkuð kynlega fyrir. Hér er verið að ræða um brtt. við l. um dýrtíðarráðstafanir, en í þeim felst það að láta þá verðhækkun, sem átti að verða á landbúnaðarvörum 16. sept. s. l., sem nam 9,4% á mjólkinni og mjólkurvörum, en nærri 14% á kjötinu, ekki koma til framkvæmda til 16. sept. næsta árs, og koma með því í veg fyrir, að framfærsluvísitalan hækki í 302 stig strax og síðan áfram í 330—340 stig. Það er upplýst, að fulltrúar bænda á búnaðarþingi skildu til fulls, hver afleiðing þess yrði, ef vísitalan yrði nú látin hækka, svo að tilkostnaðurinn við framleiðsluna hækkaði það, að útflutningsframleiðslan stöðvaðist, og þess vegna mæltu þeir með því, að hæstv. Alþ. breytti dýrtíðarl. að efni til, eins og lagt er til í frv. a. m. k. í aðalatriðum. Ég hef sagt hér í umræðum áður, að ég héldi, að bændur fengju ekkert í staðinn, því að þær útflutningsuppbætur, sem talað er um að tryggja þeim, mundu engar verða, því að vörurnar, kjöt- og mjólkurvörurnar, mundu seljast innan lands. En ég veit, að ég er mikið til einn um þessa skoðun, og tíminn verður að leiða í ljós, hvort ég hef rétt fyrir mér eða ekki. En hitt er auðvitað, að það eru um 7 millj. kr., sem bændur hefðu alls átt að fá meira fyrir vörur sínar, ef hækkunin hefði verið látin koma til framkvæmda, og þeirri hækkun eru þeir sviptir með frv. Samhliða, en af alþjóðarnauðsyn, og þá fyrst og fremst til þess að útflutningsframleiðslan geti haldizt áfram, er lagt til að halda áfram að greiða nokkurn hluta af útsöluverði varanna úr ríkissjóði, svo að neytendur fái þær ódýrari og þurfi ekki að fá kauphækkun til að greiða þær með. Það má því að nokkru leyti líta á niðurgreiðslu varanna úr ríkissjóði sem kaupgreiðslu ríkisins til handa neytendum varanna, hverjir svo sem þeir eru. En nú bregður svo kynlega við hér í hv. d., að umr. virðast að miklu leyti snúast um það, hvort réttara hefði verið að verja útflutningsuppbótum fyrri ára til þess að bæta aðstöðuna við framleiðslu landbúnaðarvara, svo að framleiðsla þeirra nú hefði orðið ódýrari, og í sambandi við það er bændum legið á hálsi fyrir það, hve litla tækni þeir noti og hve langt þeir þar séu á eftir útgerðinni í framleiðsluháttum sínum. Í sambandi við þetta er svo talað um samfærslu byggðarinnar og margt fleira, sem ekkert kemur þessu máli við, eins og það liggur hér fyrir. En fyrst talað er um málið á þessum grundvelli, er ekki úr vegi að líta ofur lítið á staðreyndir. Því miður höfum við ekki nema á 10 ára fresti, og þegar ártalið stendur á heilum tug, skýrslur um það, hvernig þjóðin skiptist eftir atvinnu. Úr síðasta fullkomnu manntali, sem fram fór 1940, er ekki lokið við að vinna, en ýmsar tölur liggja þó þegar fyrir. 1920 lifðu 42,9% þjóðarinnar á landbúnaði eða 40614 manns, en 1940 voru það 30,6% þjóðarinnar, sem lifðu á landbúnaði, eða 37123 manns. Þeim, sem á landbúnaði lifðu, hafði því á 20 árum fækkað um 3491 manns eða liðug 8%. 1920 lifðu 17947 manns eða 18,9% þjóðarinnar á fiskveiðum, en 1940 lifðu 19270 manns eða 15,9% þjóðarinnar á fiskveiðum og 5593 á síldveiði og fiskiðnaði, sem varla var til 1920. Hér hefur því það öfuga átt sér stað, fólkinu, sem vann að fiskveiðum, fjölgaði um 1323 eða 6916, ef síldveiðin og fiskiðnaðurinn er tekinn með, eða tæp 8 eða 39%, ef síldveiðin er með. 1920 vann fólkið í sveitinni fyrir 578768 sauðfjár, 23497 nautgripum og 50645 hrossum. Töðufengurinn var þá 595 þús. hestar, útheyið 1411 þús. hestar og garðmatur allur um 40 þús. tunnur. Nú vinnur þetta færra fólk, sem enn er í sveit, fyrir 627941 sauðkind, 39732 nautgripum, og 55876 hrossum, og uppskera garðávaxta er um 100000 tn., og að auki gróðurhúsaræktunin. Kjötmagnið hefur aukizt um 28% og mjólkurmagnið 98%. 8% færra fólk afkastar því miklu meir en

áður, hverju svo sem hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. vilja þakka það, en þeir segja, að allt hafi staðið í stað og öll umbótaviðleitni Framsfl. engan árangur borið. Kannske vilja þeir nú reyna að reikna, hvað afurðirnar þyrftu að kosta, ef afköstin væru söm og fyrir 20 árum.

En hvaða breytingar hafa svo orðið á sjávarútveginum? Þar segja þeir tæknina notaða, og þar segja þeir afköstin mikil. Tonnatal fiskiskipanna hefur aukizt úr 13681 í 24430 eða um 78%. Fiskaflinn hefur aukizt úr 69996 tonnum af nýjum, flöttum fiski, í 136263 eða 94,6% og því hvorki eins mikið og taðan né mjólkin, og þó fækkaði fólkinu, sem vann að landbúnaðinum um 8%, en fjölgaði því, sem vann að fiskframleiðslunni. Til viðbótar hefur svo komið síldveiðin, en hún hefur nær tífaldazt að magni á þessum 20 árum, enda vinna nú að henni um hálft sjötta þúsund manns. Mér sýnast tölur þessar benda á það, þótt enn vanti mikið á, að sú tækni sé viðhöfð, er við óskum við landbúnaðarframleiðsluna, og kemur það meðal annars fram í því, að það er bara tæpur helmingur af túnum landsins véltækur og um ⅓ af engjunum, — að framfarir landbúnaðarins síðustu 20 árin þoli samanburð við framfarir sjávarútvegsins. Og sérstaklega virðist mér þetta augljóst, þegar þess er gætt, að með auknu töðufalli um 122% og hærri meðalkýrnyt um ca. 17% er sköpuð undirstaða, er léttir lífsbaráttu þeirra, er síðar vinna að landbúnaði. Á þessum tíma hafa fiskveiðarnar verið greinileg rányrkja, þar sem næstu fiskimiðin munu nú því nær upp urin og þar með þeim gert erfiðara fyrir, er síðar kunna að stunda þann atvinnuveg. Má hér glöggt sjá eðlismun þessara atvinnuvega. Ég held því, að hér sé ekki af neinu sérstöku að státa og sé bezt fyrir alla að láta allan meting um afköstin í hvorri framleiðslugrein fyrir sig falla niður, en reyna heldur að standa saman að því að auka afköstin og gera framleiðsluna ódýrari. En leiðin til þess er ekki sú að fella frv. eins og jarðræktarbreytingar þær, er lágu fyrir Ed. á síðasta þingi og bæjaþingmennirnir vísuðu frá, heldur samþykkja þær og standa síðan dyggilega saman að framkvæmdunum. Og ég er nú að vona, að þeir, sem mest hafa talað hér um þörf á að gera framleiðsluna ódýra, séu nú orðnir það vitrari en á síðasta þingi, að þeir nú verði með þeim tveim frv., sem liggja fyrir þessu þingi og hafa í aðalatriðum það sama að innihalda og breytingin á jarðræktarlagafrv., er vísað var frá í fyrra í Ed. Með þessu hef ég, þótt óbeint sé, svarað ýmsum rangfærslum og getsökum, er beint var að landbúnaðinum og þeim, er hann stunda.

Ég vona nú, að menn sjái, hve óréttmæt sú ásökun háttv. þm. Siglf. er, að allar tilraunir Framsfl. til að bæta og gera framleiðsluna ódýrari í sveitunum hafi að engu gagni komið, vegna þess að byggðin var ekki færð saman.

Um samfærslu byggðarinnar út af fyrir sig skal ég ekki ræða. Hún kemur þessu máli ekki við, en um hana má ræða í sambandi við framtíðina og hvað helzt þurfi að gera til að vinna enn fljótar að því að lækka framleiðslukostnaðinn en nú er gert. En til að ræða það atriði gefast tækifæri í sambandi við frv. þau, er liggja nú fyrir þessu þingi.

Þegar þm. Siglf. talaði hér í gær, lét hann svo um mælt, að bændur hefðu notað klæki til að fá greiðslur úr ríkissjóði á eigin framleiðslu til eigin nota. Þetta sama var borið á bændur í fyrrahaust hér á Alþ. Nú vita þessir menn vel, að hér er um hrein ósannindi að ræða, og er það fyrst og fremst vegna þess, hve langt þeir búa frá sláturstað yfirleitt, að þeir sem heild gætu það ekki, þótt þeir vildu. Hins vegar er eðlilegt, að þm. Siglf. haldi, að bændur geri þetta, því að verkamenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem kindur eiga, gera þetta í allstórum stíl. Á Norðfirði er t. d. félag, sem kallað er „Pan". Í því eru eingöngu Norðfirðingar. Þeir fengu í fyrra sláturleyfi og slátruðu eigin fé, keyptu það út á 6 kr. pr. kg í heilum kroppum, en lögðu það inn á 6,82. Fengu með öðrum orðum 82 aura pr. kg fyrir að leggja þetta inn hjá félaginu. Hér í Reykjavík eru nokkrir fjáreigendur. Þeir gerðu ýmist hér áður að fá Sláturfélagið til að slátra fyrir sig eða þeir slátruðu hér úti á nesi í skúr, sem þar var. Og þeir tóku sjálfir sitt kjöt, til þess að þurfa ekki að greiða 10 aura pr. kg í verðjöfnunargjald. Nú er slátrunin á nesinu horfin, kjötið lagt inn hjá Sláturfélaginu og keypt þaðan aftur. Líkar sögur get ég sagt víðar að. En til þess að leiða athyglina frá þessum staðreyndum, er talað um, að bændur geri þetta almennt, þótt vitað sé, að þeir hafa enga aðstöðu til þess.

Þá er það alger misskilningur, að innanlandsverðið sé fellt niður vegna bænda. Slíkt má segja með útflutningsbæturnar með nokkrum rétti, en engum um niðurgreiðslurnar innanlands. Ég vil að vísu heldur ekki segja, að þær séu gerðar fyrir neytendur. Þær eru gerðar af alþjóðarnauðsyn til þess að atvinnuvegirnir, og þá sérstaklega sjávarútvegurinn, stöðvist ekki. Þetta veit ég, að eins skynsamir menn og 2. þm. Reykv. og þm. Siglf. skilja.

Sósíalistar hafa lagt sig fram til þess að koma á metingi milli þeirra bænda, er reka kúabú, og hinna, sem aðallega stunda fjárrækt. En ég vænti, að þetta takist ekki. Reynslan mun sýna, að útflutningsuppbæturnar verða litlar og ekki kaupandi háu verði, enda vitanlegt, að það var fyrst og fremst til þess að láta atvinnuvegina ekki stöðvast, að bændur samþykkja fyrir sitt leyti að falla frá verðhækkuninni, sem átti að verða 16. sept. á vörum þeirra. Það er talað um stór- og smábændur og að þeir, sem lítil hafi búin, ættu að fá útflutningsuppbætur, en hinir ekki. Þetta er byggt á miklum misskilningi. Sannleikurinn er sá, að það eru fyrst og fremst þeir bændur, sem litlu búin hafa, sem fengið hafa kauphækkun á vinnu sína með hækkuðu afurðaverði. Hinir, sem hafa stærri búin og hafa meira og minna af verkafólki, hafa tiltölulega minna netto en þeir, sem einyrkjar eru. Undantekningar eru á þrem landssvæðum. Þar eru bændur, sem hafa allmargt fé, en fátt fólk, ætla fénu lítið fóður, af því að hagar eru oftast nægir, enda kindinni oft ekki gefið nema 22 kg yfir veturinn.

Vegna þess að undanfarnir vetur hafa verið góðir, hafa þeir, sem fjármargir eru í þessum landshlutum, grætt allverulega, en þegar aftur kemur vetur eins og 1936, tekur hann sinn skatt, eins og sá vetur gerði.

Búskapur þessara bænda er þess vegna einungis „lotteri", sem má græða mikið á, en tapið

getur líka orðið mikið. En burt séð frá þessum undantekningum eru það búin, þar sem bóndinn sjálfur án aðkeypts vinnuafls kemst yfir bústörfin, sem bezt hafa borið sig síðustu árin.

Háttv. þm. minntist einnig á karakúlhrútana og vildi hafa, að allar umbætur á landbúnaðinum hin síðustu ár væru í líkingu við það gagn, er þeir hefðu gert. Í þessu sambandi er mér ánægja að minna háttv. þm. á það, að hefði mínum ráðum verið fylgt, þá hefðu karakúlhrútarnir verið hafðir í eyju með öðru fé og þar reynt, hvaða árangurs mætti vænta af notkun þeirra, áður en þeim hefði verið hleypt á land, og má hann því kenna öðrum en mér um þær pestir, er með þeim eiga að hafa komið. Hefði mínum ráðum verið fylgt, þá hefði ekki farið sem fór. Og svo að lokum aðeins þetta: Ég fylgi þessu frv. eingöngu vegna þess, að ég sé ekki sem stendur aðra leið til að fyrirbyggja, að atvinnuvegirnir stöðvist, en það ætti sízt að koma fyrir nú. Slíkt er þjóðarnauðsyn, og fyrir henni verður hagur einstakra stétta að víkja.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Aðeins nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 2. þm. N.-M., sem hann flutti hér í dag.

Það kom fram hjá þessum hv. þm., eins og svo oft áður hjá honum og verða vill hjá bændafulltrúunum hér á Alþ., að hann lagaði til orð mín, til þess að geta betur ráðið við þau í ræðu sinni. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að allt væri í afturför hjá landbúnaðinum. Þetta er ekki rétt. Ég sagði, að framfarirnar hjá landbúnaðinum hefðu verið svo litlar í hlutfalli við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, að þar væri næstum því um afturför að ræða. Að vísu er um nokkrar framfarir að ræða í landbúnaðinum, en þær eru hlutfallslega minni en í öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar, ef við miðum t. d. við það, sem var fyrir 20 árum. Afköst manna, sem vinna að landbúnaði, eru orðin óhagstæðari, borið saman við sjávarútveginn, heldur en þá var. Þetta er töluverð breyting frá því sem hv. þm. hafði þetta eftir mér og rök hans því úr lausu lofti gripin, og hann hefur áður verið staðinn að því að fara mjög rangt með tölur og grípa þær úr lausu lofti.

Þessi hv. þm. hélt því fram, að einu upplýsingarnar um það, hve margir taka þátt í íslenzka sjávarútveginum, sé að hafa í manntalinu, sem fram fór 1940. En þetta er ekki rétt. Fiskifélag Íslands heldur nákvæma skýrslu um báta og skip, sem eru á veiðum, og hve margir menn eru á hverjum bát og hverju skipi. Þessa skýrslu er hægt að fá hjá Fiskifélaginu, og samkvæmt henni voru hér starfandi sjómenn um 5 þús. á s. l. ári. Þessir sjómenn vinna við ýmsar fiskveiðar, línufiskirí á bátum og á trollbátum á vertíð á Suðurlandi og siglingum til útlanda, en aðra tíma á síldveiðum. Og þar að auki eru svo togarasjómenn. Þetta eru um 5 þús. menn, samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Fiskifélagi Íslands, og þær upplýsingar eru öruggari en þær upplýsingar, sem hægt er að fá hjá manntalinu. Við vitum, hvernig manntalið er framkvæmt, þannig að menn ganga í hús og taka skýrslu af mönnunum sjálfum, en Fiskifélagið getur fengið miklu öruggari skýrslur um þessa hluti heldur en manntalið.

Ef við tökum til dæmis fiskimagnið 1923, þá var það 70 þús. tonn, og berum það saman við fiskimagnið eins og það er nú, sem er 200 þús. tonn, þá sjáum við, að sjávarútvegurinn hefur um það bil þrefaldað magn sitt á þessum árum samkvæmt skýrslum Hagstofunnar. En hv. þm. sagði, að fiskveiðarnar hefðu hækkað um 97%. Þarna hef ég þó ekki reiknað með síld, en það magn er um 200 þús. tonn. Þannig hefur sjávarútvegurinn í raun og veru aukizt úr 70 þús. tonnum upp í 400 þús. tonn, því að það er engin ástæða til að undanskilja hér síldveiðarnar.

Ég vil í sjálfu sér ekki gefa tilefni til þess að fara út í meting milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins, en ég vildi aðeins leiðrétta þessar röngu tölur, sem hér hefur verið farið með. Við höfum tölur landbúnaðarins í sex manna nefndar álitinu, og þær sýna okkur, að framleiðsluhættir landbúnaðarins samrýmast ekki nútíma tækni, en eru orðnir úreltir og aftur úr. Það er líka svo. Og ef ekki tekst að lækka verð framleiðslunnar, þá er fyrirsjáanlegt, að illa muni ganga að selja okkar vörur á erlendum markaði. Tölurnar í sex manna nefndar álitinu sýna okkur betur en nokkuð annað, að þetta ástand er með öllu óhæfilegt. Það er t. d. að taka verð á smjöri, sem kemur hingað frá Suður-Ameríku, og íslenzku bændasmjöri. Við getum selt Ameríkusmjörið á 7,00 kr. kg, en íslenzka smjörið verður að selja á 20,00 kr. hvert kg. Þó er ameríska smjörið flutt hingað með stríðsfrakt, og sjálfsagt hefur Eimskipafélagið fengið sæmilegan hagnað þar af. (**SvbH:** Hvað er kaupið í Suður-Ameríku?) Já, hvað er kaupið í Suður-Ameríku? Ég hygg, að þessi munur byggist á því, að þar eru notuð önnur tæki og framleiðsluaðferðir. Það þýðir ekki heldur að horfa aftur í tímann til þess, er fólk bauð vinnu sína fyrir léleg föt og fæði. Það eru framfarir, að fólk vill fá að lifa almennilegu lífi, og það þarf að skaffa því verkfæri til þess að geta lifað almennilegu lífi. Það þýðir ekki að einblína alltaf á kaupið og krefjast þess, að það verði lækkað. Það er engu líkara en bændafulltrúarnir telji, að ef kaupið sé lækkað um helming, þá sé þjóðinni borgið með öll sín mál. En þetta er bara misskilningur, málin eru ekki svona einföld. Þó að slíkt væri gert, væru vandræðin engu síður, en þá væri líf fólksins, íslenzku þjóðarinnar, á lægra menningarstigi, af því að menning þjóðarinnar stendur í hlutfalli við tekjur almennings. Nei, það þýðir ekki fyrir bændafulltrúana að berja höfðinu við steininn. Það er ekki hægt að fá fólkið til þess að vinna í sveitunum fyrir sama kaup og kjör og fyrir 40—50 árum, og það væri böl, ef nokkur maður gæfi sig til þess. Það verður að leysa málin eins og við sósíalistar höfum bent á, að kenna bændum að hagnýta sér nýtízku vélar til þess að gera framleiðsluna ódýrari.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að ég hefði borið það á bændur, að þeir notuðu alls konar klæki til þess að fá greiðslur úr ríkissjóði. (**PZ:** Tekið orðrétt upp.) Ég sagði það aldrei, að þeir hefðu notað klæki. Ég sagði, að þannig væri þetta útbúið, að auðvelt væri fyrir þá að kaupa sama smjörkílóið og leggja það inn aftur og aftur og fá á það uppbótagreiðslur úr ríkissjóði.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi halda því fram, að það væru eingöngu verkamenn, sem mundu gera þetta,

en ég er hræddur um, að það mundu fleiri gera það. Það versta er, að þetta skuli vera hægt. Það kom hér fram í fyrirsp. frá Jónasi Jónssyni, að hann taldi það eðlilegt, að bændur legðu inn kjöt sitt og tækju það út aftur til þess að fá uppbætur greiddar á það, og virtist honum það vera sjálfsagður hlutur. Það er afskorið mál, að hægt sé að fá kjöt beint frá bændum. Ég veit um bónda, sem vildi kaupa kjöt hjá nágranna sínum, en fékk það ekki, vegna þess að hann gat fengið miklu hærra verð fyrir það hjá sláturhúsinu. Ég álasa þeim, sem búa til svona skipulag, en ekki þeim mönnum, sem kynnu að hagnýta sér svona vitlaust skipulag. Hv. þm. nefndi nokkur dæmi frá Norðfirði. Ég er ókunnugur á Norðfirði, en ég veit, að menn nota sér þetta víða. Ef einhverja nóttina væri dreift hundraðkrónuseðlum um Austurstræti, ætli það yrði ekki nokkrum á af þeim, sem um götuna færu, að taka einn og einn seðil? Það, að við erum komnir út í svona vitleysu, sýnir, í hvílíkt öngþveiti þessir vesalings bændafulltrúar eru komnir. Já, engir sjá það betur en þeir sjálfir, og svo reyna þeir að skella skuldinni á verkamenn og segja, að þeir eigi alla sökina. Ég er orðlaus yfir slíkri málfærslu.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi skilja það, sem ég minntist á karakúlhrútana frægu, þannig, að það væri meint til sín. Nei, hann er að vísu mikil stoð til þess að lyfta upp íslenzkum landbúnaði, en hann á þó ekki alla sök á því, hvernig komið er. En þetta með karakúlhrútana er lítið dæmi um mistökin í íslenzkum landbúnaði. Það eru fluttir hingað 6—10 hrútar til kynbóta, en þá þarf að haga framkvæmdum þannig, að við höfum nú af því þrjár landbúnaðarpestir, sem kosta landið milljónir króna á hverju ári. Féð hefur verið skorið niður, og þó halda pestirnar áfram að breiðast út um landið, og enginn ræður við neitt. Það eru alltaf sömu vettlingatökin, sem höfð eru við að reyna að hefta útbreiðslu pestarinnar og hér hafa einkennt bændafulltrúana á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 391 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17:6 atkv.
2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 391, 522).

Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv. er búið að bíða lengur hér í hv. d. heldur en eðlilegt hefði mátt þykja, en til þess liggja margar orsakir, bæði þinghléið o. fl.

Hv. fjhn. flytur hér á þskj. 522 tvær smávægilegar brtt., og fjalla þær um þau atriði, sem hér voru mjög mikið rædd við 2. umr. þessa máls. Þessar brtt. eru ekki efnisbreytingar, heldur miða báðar í þá átt að gera þau atriði, sem frv. fjallar um, auðveldari í framkvæmdinni heldur en ella mundi.

Fyrri brtt. er um það, að í staðinn fyrir, að hækkanir, sem mundu verða á verðlagi vegna þess, ef hækkanir yrðu á kaupi, sem hefðu áhrif á verðlagsvísitölu landbúnaðarins, væru reiknaðar út mánaðarlega, þá er ætlazt til þess, að þær verði reiknaðar út í einu lagi í árslok, og með því er gert ráð fyrir, að verðlagið haldist óbreytt árið um kring.

Hin brtt. er um það, að þar sem ákveðið er í 3. lið 1. gr., að þær verðlagsuppbætur, sem ríkissjóður þarf að greiða, skuli greiddar mánaðarlega, þá hefur það upplýstst af tveim aðilum, sem um þessi mál hafa fjallað, að það sé ekki framkvæmanlegt að gera það nákvæmlega, enda má það vera ljóst. Og þess vegna vill n. leggja til, að bætt verði inn í þann lið orðunum „eftir áætlun".

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þessar brtt. fleiri orðum. Ég vænti þess, að hv. d. sé fjhn. sammála um að samþ. þær.

ATKVGR.

Brtt. 522,a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 522,b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 391 samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JörB.
nei: ÁÁ, ÁS, BG.
SigfS, SB, SK, StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.
11 þm. (LJós, SG, SEH, ÞG, ÁkJ, BÁ, EOl, FJ, GG, GTh, JakM) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Sökum þess, að ég er á móti þessu máli, sem í frv. felst, læt ég mig ekki skipta það neinu, hvort brtt. verður samþ. eða ekki, og greiði ekki atkv.

Ingólfur Jónsson: *Ég get ekki séð, að það sé* nein hætta að samþ. þessa brtt., þó að hún e. t. v. hafi ekki neina praktiska þýðingu. Það er þó gott, að þingið láti í ljós vilja sinn, að dýrtíðinni sé haldið niðri. En vitanlega getur ríkisstj. ekki borgað þetta niður, ef fé er ekki fyrir hendi, og segi ég því já.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 546).

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 1156, 559).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Nál. á þskj. 1156 um þetta merkilega mál getur ekki

styttra verið, og ég ætla, að framsöguræða verði einnig stutt.

Eins og sjá má á nál., þá skrifar meiri hl. nefndarmanna undir með fyrirvara, og við tveir hefðum raunar getað gert það líka, en við litum svo á, að með samningi þeim, sem gerður var út af samþykktum búnaðarþings síðastliðið haust, hefði þetta verið ákveðið.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en mælist til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil þó geta þess, að fyrir hreina vangá hjá n. var ekki tekin til athugunar brtt. frá hæstv. landbráðh. En mér virðist brtt. svo sjálfsögð, að ég vildi leggja til, að málið yrði ekki tekið út af dagskrá vegna þessa, ef hæstv. ráðh. vildi mæla fyrir brtt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég þarf ekki að tala langt mál viðvíkjandi þessari brtt. Hún er fram komin í því skyni, að ríkisstjórnin geti haft í hendi sér, hversu útflutningi á ull verður háttað. Komið gæti til mála að flytja ullina ekki út strax, í þeirri von, að hún hækki eftir stríð. Nú verð ég að játa, að þær upplýsingar, sem fengizt hafa, mæla ekki með því að draga að flytja út ullina.

Nú munu vera í landinu því nær þriggja ára birgðir af ull, og ríkisstjórnin mun ekki voga að liggja með þetta allt. En hversu sem þetta fer, þá er ekki nein hætta að samþ. þessa brtt., og vænti ég, að hún verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. fjhn. með fyrirvara. Það hef ég ekki gert vegna þess, að ég sé ósammála niðurstöðum n., heldur öllu fremur vegna þess, að ég veit, að mitt sjónarmið í þessu máli er allt annað en annarra hv. nefndarmanna, þótt svo hafi viljað til, að niðurstaðan að þessu sinni varð sú sama.

Ég vildi hafa óbundnar hendur um rökstuðning fyrir því, af hverju ég skrifaði undir nál., og vildi af þeim ástæðum einnig ekki taka að mér framsögu.

Viðvíkjandi brtt. er það að segja, að hún kom ekki til athugunar í n., en ég held, að nauðsynlegt væri að athuga hana, en þar sem nú líður óðum að þinglokum, sé ég ekki ástæðu til að fresta þessari umr. þess vegna. (**Fjmrh.:** Ég skal taka till. aftur til 3. umr.)

Það mætti margt um þetta mál segja, aðdraganda þess og meðferð, og ekki væri ófróðlegt að vita m. a., hvað veldur því, að þrátt fyrir það að stjórnarflokkarnir sömdu um það, þegar stj. var mynduð í nóvember, að afgr. þetta mál, þá hafa verið gerðar ráðstafanir til að afgr. það ekki fyrr en nú, en ég ætla algerlega að sleppa að leiða hér inn pólitískar umr. út af þessu máli. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna það aðeins á nafn, að ég hygg, að bændur landsins hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum í sambandi við þetta mál. Það er alveg víst, að ef búnaðarþing hefði ekki gert sitt tilboð, sem þetta frv. er byggt á, þá væri dýrtíðin í landinu nú orðin með öllu óviðráðanleg og hrein stöðvun orðin í atvinnuvegunum. Þetta býst ég við, að allir játi og ekki valdi nokkrum deilum. Ég hygg því, að þessi ákvörðun búnaðarþings hafi orðið til þess, að nú í dag er þó hægt að reka nokkra atvinnu enn í landinu og ekki verði fullyrt nema að svo kunni að verða. En það er jafnvíst, að þegar fulltrúar bænda gerðu þessa samþykkt, þá bjuggust þeir við, að samsvarandi ákvarðanir kæmu frá fleiri aðilum. Það er beint tekið fram í samþ. búnaðarþings í haust um þessi mál, að vonazt sé eftir, að sams konar aðgerðir verði gerðar að því er kaupgjald snertir í landinu, en það er svo langt frá því, að svo hafi orðið, heldur hefur þvert á móti kaupið verið hækkað síðan. Fordæmi bænda í þessu efni hefur því ekki verið fylgt, og þó að það muni ekki mjög miklu, þá er það þó frekar en hitt, að dýrtíð hafi hækkað í landinu, síðan búnaðarþing gerði sína samþykkt, sem ekki virðist þó, að hefði þurft að vera. Auk þess er það vitanlegt, sem ég ætla þó ekkert að fara út í, að bændur og fulltrúar þeirra munu í haust hafa búizt við því, að aðrir yrðu til að framkvæma bæði þessi l. og önnur heldur en raun hefur á orðið og fyrsta svar Alþingis til þeirra yrði ekki það, að sett yrði á stofn ríkisstj. í landinu, sem a. m. k. að miklum meiri hl. til hefði ekki fylgi eins einasta bónda í landinu. En þó að ég verði að segja þetta, að hér muni hafa verið tekið óðruvísi á málunum heldur en bændur vonuðust eftir og höfðu fulla ástæðu til að búast við, þegar fulltrúar þeirra gerðu þann samning, sem er grundvöllur þessa frv., þá er þó að játa það, að auðvitað settu þeir engin skilyrði í þessu efni önnur en þau, sem í frv. eru, að færi svo, að kaupgjald hækkaði og dýrtíðin jafnframt, þá hækkaði vöruverð hlutfallslega við það. Þó að ég þess vegna hafi ekki kosið að skrifa fyrirvaralaust undir nál. um þetta mál, sem hv. meðnm. mínir hafa skrifað undir jafnframt, þá mun ég samþ. þetta frv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég vil aðeins út af því, sem hv. meðnm. minn, hv. 1. þm. Eyf., sagði um afgreiðslu þessa máls, að það hefði dregizt óhæfilega eða jafnvel verið dregið af ásettu ráði, segja það, að eins og honum er bezt kunnugt um, eins og öðrum nm., hefur fjhn. þessarar d. verið óvenjulega störfum hlaðin, og þess vegna hafa beðið þangað til síðustu daga mál, sem ekki orkaði tvímælis um afgreiðslu á, og verð ég þó að segja, að ég hef ekki tekið eftir því, að brtt. lægju fyrir frá hæstv. landbrh., og hélt því, að málið gæti fengið afgr. hér óbreytt, því að það er sjálfsagt, fyrst þessi till. liggur fyrir, að óska eftir því við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál sem fljótast á dagskrá aftur, t. d. á morgun, svo að þessi till., sem nú hefur verið tekin aftur til 3. umr., geti fengið afgr. og að nægilegur tími geti orðið til að afgr. það, ef þingi lýkur næstu daga, sem ég veit ekki, hvort er.

Hv. 1. þm. Eyf. bar að vísu engar sakir á stjórnarflokkana fyrir, að þeir hefðu ekki fullkomlega haldið orð sín við bændur, þegar þeir féllu frá þeirri hækkun fyrir afurðir sínar, sem þeir áttu rétt til, en ég vil þó skýrt taka fram, að það er fjarri því, að nokkur brigðmæli hafi verið höfð við þá. Þeir taka fram, að það sé fyrirsjáanlegt, að ekki sé hægt að fá samkomulag um þessa gagnkvæmu niðurfærslu, en segja svo, að þeir samt sem áður vilji falla frá sinni hækkun, og geta þess um leið, að þeir geri það í því trausti, að hlutfallsleg kauphækkun fari fram á kaupgjaldi, og segja svo, að ef það verði ekki, þá óski þeir eftir, að sett séu ákvæði í frv. til að

mæta því, að þetta hafi verið gert, þannig að þótt margir geti skrifað undir, að heppilegt hefði verið, að hægt hefði verið að finna grundvöll fyrir að færa allt niður, sem hefur áhrif á verðlagið, og lækka þannig dýrtíðina, þá hefur orðið að fara hina leiðina, og þar hefur allt verið haldið við bændur, sem lofað var, þegar þetta samkomulag var gert.

Kristinn Andrésson: Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og minn fyrirvari er sá, að ég er andvígur þessu frv. Það er alls ekki að neinu leyti eftir ósk okkar, að gert hefur verið þetta samkomulag við búnaðarþing um þann afslátt, sem bændur buðu fram, miklu heldur hefðum við viljað halda allt það samkomulag milli bænda og verkamanna, sem ákveðið var með starfi sex manna n. Enn fremur er því marglýst yfir, að við erum mótfallnir þeim uppbótagreiðslum á landbúnaðarafurðir, sem fram hafa farið undanfarið, í því formi, sem þær eru. Við álítum þær í alla staði mjög vitlausar, þar sem menn fá því meiri uppbætur, því minni ástæða sem er til að veita þær, þannig að uppbæturnar koma nærri því eingöngu til stórbændanna. Samt sem áður, þar sem þetta er eitt af grundvellinum til stjórnarsamvinnunnar, og það, að við gengum inn á að leggjast ekki á móti frv., sýnir, hvílíka áherzlu við lögðum á að koma á nýrri stj., sem tæki upp nýja stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Við munum því ekki greiða atkv. á móti frv., en að líkindum sitja hjá við atkvgr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég vil aðeins mótmæla þessum endurteknu vitleysum, sem koma frá þeim hv. þm., sem ekki hafa hugmynd um, hvað þetta mál er. Þeir eru sífellt að endurtaka, að það séu fyrst og fremst stórbændurnir, sem fá þetta fé. Það vita allir, sem eitthvað þekkja til, að nú er ekki hægt að reka stórbúskap með mörgu kaupafólki. Það er því þannig, að búskapur með því kaupi, sem nú er greitt, ber sig ekki. Nú er það næstum því eina ráðið að minnka búin við sig. Það eru einstaka undantekningar, þar sem fjárbúskapur er á jörðum, þar sem lítið þarf að gefa. Þeir, sem sífellt eru að stagast á þessu, þurfa ekki annað en að líta í kringum sig og aðgæta, hvernig er ástatt um rekstur þeirra búa, sem eru rekin af ríkinu eða bæjum. Þeir ættu að kynna sér, hvað mjólkurlítrinn kostar í Vestmannaeyjum, þeir ættu að athuga, hvað hann kostar á Siglufirði, á Ísafirði, á Vífilsstöðum, á Kleppi. Þetta eru allt stórbú, sem eru rekin með fullkomnustu tækjum, sem hægt er að fá. Menn verða að gera sér ljóst, að með því kaupgjaldi og öðrum tilkostnaði, sem er á þessum stöðum, þá kostar varan raunverulega þetta, sem hún er seld fyrir. Ég vil því ákveðið mótmæla þessu, sem hefur komið hér fram hvað eftir annað, að hér sé einhver stórbúskapur, því að með því kaupi, sem nú er í landinu, er mjög erfitt að reka stórbúskap. Það er því rétt, að menn geri sér ljóst, að vörurnar kostuðu þetta og koma til með í haust að kosta þetta að viðbættri þeirri hækkun, sem síðan hefur orðið á tilkostnaði, og þegar verið er að tala um stefnubreytingu í þessu máli, þá er gott, að menn hafi þetta í huga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það voru tvenn ummæli hér, sem ég vil gera aths. við. Annað er frá hv. 7. landsk., sem hv. þm. Str. hefur nú svarað, en ég vil samt sem áður ítreka það og mótmæla allri þeirri skoðun, sem þar kom fram. Mig furðar á, að ummæli slík sem þessi skuli koma fram frá manni, sem hefur tekið að sér að styðja þessa ríkisstj., sem hefur tekið að sér að framkvæma þessi l. Þessi hv. þm. óskar eftir, að svo mikið öngþveiti skapist í dýrtíðarmálunum, að það væri alls ekki hægt að ráða við það. Það, sem hann óskar eftir, er, að vísitalan hækki svo mikið og verðlag þar með og laun hans og annarra. (**BSt:** Er hann á föstum launum hjá ríkinu? — **BBen:** Hann er bara spekúlant.) Því fleiri krónur fær hann þá fyrir sína spekúlation. Þetta er ófært af manni, sem styður stj., sem ætlar að ráða fram úr þessum málum, því að hann veit, að það, sem gert er til að greiða landbúnaðarvörurnar niður, er liður í því að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Ég vil óska, að hann léti ekki fram úr sér önnur eins ummæli eins og hann hefur gert hér og oft áður.

Hin ummælin, sem ég vildi gera aths. við, voru frá hv. 1. þm. Eyf. Mér kom undarlega fyrir, að hann skyldi lýsa yfir, að þetta samkomulag, sem hefði verið gert á búnaðarþingi, hefði verið byggt á því, að aðrir flokkar færu með stjórn í landinu en nú er. Það eru nýjar upplýsingar, að stofnun eins og búnaðarþing setji þau skilyrði, að einhver sérstök pólitísk stjórn þurfi að vera í landinu, til að það geri einhverjar vissar ákvarðanir. Ég vil ekki trúa því, sem hv. 1. þm. Eyf. upplýsir hér, að Búnaðarfélagið sé svo mikið handbendi Framsfl., að hann geti fyrirskipað því, að öllu skuli hagað eftir því, hvort þeir eru í stjórn landsins, en nú hefur því þó verið lýst yfir hér á þingi í dag, þegar hann sagði, að þetta hefði verið samþ. á þeim grundvelli, að allt önnur stj. hefði framkvæmt þessi l. en sú, sem nú fer með völd. Þetta verður ekki skilið öðruvísi. Ég veit ekki, hvaða óhugur ætti að vera í bændum til hæstv. landbrh. og framkvæmdar hans á l. (**BSt:** Eru ekki fleiri í stj. en hann?), og ef hann er borinn saman við fyrrv. landbrh., þá sé ég ekki, að þar hafi verið breytt til hins lakara. Ég mótmæli því, að þetta séu nokkur rök, að búnaðarþing hafi samþ. eftirgjöfina með þessu skilyrði og það hafi verið eitt skilyrðið af hendi Framsfl., að hann fengi að ráða í þessu landi og styðja þá leppstjórn, sem hefur verið hér síðan 1942. En ef þetta er fullyrt af hv. 1. þm. Eyf., þá er vissulega ástæða að taka til athugunar, hvort ekki þurfi að skipta um í Búnaðarfélaginu bæði stjórn og starfsaðferðir, svo að hún sé frjáls aðili, en ekki handbendi Framsóknarflokksins.

Ég hygg, að þessi yfirlýsing búnaðarþings, og ég veit það með vissu, hefur verið gerð af tvenns konar ástæðum. Önnur er sú, að bændur hafa sýnt raunverulegan þegnskap í þessu máli, að verða fyrstir til að taka skref niður dýrtíðarstigann. Hin er sú, að þeir vildu tryggja sér sjálfum greinilega uppbætur fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, sem þeir áttu ekki heimtingu á í l. Það er síður en svo, að það sé ástæðan, að Framsfl. ætti að fara með völd. Það hefur aldrei, svo að ég viti, komið til mála, að það hafi verið sett sem neitt skilyrði við þessa till. Ég vil því mælast til, að hv. þm.

taki aftur þessi ummæli sín og viðurkenni, að hann hafi farið með rangt mál.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég vil ekki fara að deila við vin minn, hv. form. fjhn., um starfið í n. En ég er svo kunnugur því, og við vitum það báðir, að það var ekki eingöngu vegna þess, hvað n. væri störfum hlaðin, að þetta mál var ekki afgr. fyrr. Þó að n. hafi haldið 49 fundi og eigi sjálfsagt eftir að halda 50. fundinn, þá veit ég, að á einhverjum af þessum 49 fundum hefði auðvitað verið hægt að taka þetta mál fyrir með því að hafa fundinn ofur lítið lengri. Um þetta er ekki að sakast, og ég er ekki heldur að sakast um það við neinn, þó að málið hafi ekki verið afgr. fyrr.

Ég sagði það ekki, enda hafði hv. þm. það ekki heldur beinlínis eftir mér, að ég teldi, að hefðu verið brigðuð orð við bændur í þessu máli, en ég sagði, að ýmislegt hefði orðið bændum vonbrigði, og það er annað en að beinlínis hafi verið rofnir við þá samningar. Annars get ég látið nægja í því efni að vísa til samþykkta búnaðarþings í haust. Þar er lýst yfir, að þeir vænti þess, að aðrar stéttir fari svipað að og þeir gerðu þá f. h. bænda. Hv. 7. landsk. segist heldur hafa viljað, að farið hefði verið eftir sex manna nefndar álitinu og þar með, að kjötið hefði í haust og vetur verið selt á 18 kr. kg og mjólk eftir því. Ég veit satt að segja ekki, hvort ég á að trúa því, að hann hefði fremur kosið þetta, en að vísu veit ég, að hv. þm. og hans flokkur munu nú óska þess, a. m. k. áður en hans flokkur fór með völd í landinu, að allt gengi sem örðugast, en þess er þó að gæta í þessu efni, að ef þetta hefði orðið, þá sé ég ekki, að hans flokkur eða nokkur annar flokkur hefði getað farið með stj. í þessu landi, en það er góð upplýsing hjá honum, að hann vill þetta og að þetta er hans sannfæring að hann segir, en samt mælir hann með þessu frv. og ætlar að samþ. það. M. ö. o., hann lýsir því beinlínis yfir, að hann ætli að samþ. hér á þingi annað en það, sem hann álítur rétt, en þó mun það vera svo ákveðið í stjórnarskrá landsins, að þm. eiga að greiða atkv. samkvæmt sannfæringu sinni.

Hv. þm. Barð. vék að þessu atriði líka. Hann sagði, að þessi afstaða væri ófyrirgefanleg. En hvað finnst honum þá um það að styðja menn í stj. landsins, sem vitanlega hugsa nákvæmlega á sama hátt eins og hv. 7. landsk. og starfa á sama hátt?

Að öðru leyti er það varla svaravert, sem hv. þm. Barð. sagði út af mínum ummælum. Ég sagði ekkert orð um það, að búnaðarþingsmenn hefðu yfirleitt ætlazt til þess, að Framsfl. stjórnaði landinu. En hv. þm. Barð. getur talað við alla búnaðarþingsmenn og spurt þá, og ég er alveg sannfærður um, að enginn einasti þeirra hefur búizt við, þegar þeir gerðu þessa samþykkt, að þeir flokkar í landinu, sem beinlínis hafa að ýmsu leyti komið fram sem fjandsamlegir bændum, eins og hann mun sjálfur álíta, mynduðu þingmeirihl. til að stjórna landinu.

Það er líka misskilningur, að ég hafi átt við það með mínum ummælum, að búnaðarþing hafi búizt við því, að fyrrverandi stj. mundi halda áfram að sitja. Ég held, að á því tímabili hafi flestir átt von á því, — og þar sem það er vitanlegt öllum og það er ekki til neins að leyna því og fara í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut, þá þýðir ekki annað en að segja það upphátt, að þótt búnaðarþing sé að sjálfsögðu ekki pólitísk stofnun, þá hafa fulltrúar á búnaðarþingi sína pólitísku skoðun og eru flokksmenn ekki eingöngu í Framsfl., heldur einnig í Sjálfstfl.

Og ég held, að fleiri flokkar hafi ekki fulltrúa á búnaðarþinginu. Ég hygg, að það sé ekki vafi á því, að þegar þessi samþykkt var gerð, þá hafi verið búizt við því, að þeir flokkar, sem að því stóðu á búnaðarþinginu að leysa þetta mál, mundu aftur á landsmálasviðinu standa saman um stjórn landsins, en ekki til að styðja þar menn, sem hafa þær skoðanir, sem hv. þm. Barð. var rétt áðan að lýsa. Þetta hygg ég, að sé það rétta. En að sjálfsögðu settu fulltrúarnir á búnaðarþinginu engin skilyrði, og þar af leiðandi má láta umr. um þetta niður falla. Það er í raun og veru mælt með því af öllum, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., líka af þeim, sem í hjarta sínu eru á móti því, svo að um það þarf ekki frekar að ræða.

En hitt er vitanlegt, að þó að bændur eða fulltrúar þeirra hafi bjargað atvinnuvegum landsins í haust með þessu móti, sem búnaðarþingið gerði, því að ég tel, að það hafi bjargað við atvinnuvegum landsmanna yfirleitt, þá er það vitað mál, að það getur ekki gengið til lengdar, að ein stétt í landinu láti af sínum réttmætu kröfum, ef allar aðrar krefjast þess ýtrasta, sem hægt er.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að vekja upp nýjar deilur um þessi dýrtíðarmál, þau hafa verið svo margrædd á Alþ., að það væri aðeins til þess að tyggja það sama upp aftur. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Str. um skilning okkar á uppbótargreiðslum, í hvers hlut þær falla. Ég held, að það sé augljóst reikningsdæmi. Ég er á móti uppbótargreiðslunum í því formi, sem þær eru framkvæmdar, t. d. að því fleiri kjötkíló, sem menn framleiða, því hærri uppbótargreiðslur fá þeir, og það er öllum kunnugt, að í hlut smæstu bænda kemur sama og ekki neitt í uppbótargreiðslur, og því sama sem ekkert gagn að þeim. Og varðandi 6 manna samkomulagið, þá vildi ég alltaf, að við það væri staðið og það væri þannig útreiknað, að við uppbótargreiðslu fengju bændur allt upp í meðalbú, sbr. sex manna samkomulagið, út úr starfi sínu. Hins vegar var það haft á orði að selja kjötkílóið á 18 kr. Ef staðið hefði verið við álit sex manna n., þá er þetta sagt út í hött. Það er reiknað út af kjötverðlagsnefnd, en ekki af hagstofunni. Það er ekki nema 10% af verði, sem felst í þessum afslætti frá búnaðarþinginu frá því verði, sem hagstofan reiknaði út.

Viðvíkjandi ummælum hv. þm. Barð., að ummæli mín væru brot á samkomulagsgrundvellinum, sem ríkisstjórnin gerði með sér, þá er það alls ekki rétt. Ég lýsti því yfir, að ég væri ekki lengur á móti þessu frv., þó að ég væri andvígur því og þó að ég hefði barizt fyrir annarri stefnu í þessu máli á Alþ. Hins vegar segir í tilkynningu frá ríkisstj., þegar hún var mynduð, að ríkisstj. hafi með samþykki meiri hl. Alþ. ákveðið í fyrsta lagi launalög og í öðru lagi frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á dýrtíðarlögunum. Ríkisstjórninni var

kunnugt, að hún hefði samþykki meiri hl. Alþ. í þessu máli, og sá meiri hl. er til, þó að hann hafi setið hér hjá.

Hv. fyrri þm. Eyf. þarf ekki að benda á neinar mótsagnir hjá mér í þessu efni. Ég lýsti því yfir áður, að það, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, þýddi það, að ég væri á móti frv., en mundi sitja hjá við afgreiðslu þess. Ég lýsti því yfir, að við hefðum talið það mikilvægt, þegar nýja stjórnin var mynduð, og gengið svo langt að láta þetta mál hlutlaust. Viðvíkjandi ummælum, sem hafa komið fram í sambandi við þetta, er það gamla platan um, að sósíalistar vilji, að allt sé í öngþveiti og að allt gangi sem örðugast og þeir séu fjandmenn bændastéttarinnar, og það er hlutur, sem ekki tekur að svara. Þegar allt kemur til alls, þá er kannske vandséð, hverjir hugsa mest og bezt til landbúnaðarins og bændastéttarinnar. Og það er alveg spurning, þegar sagan verður skráð, hvort sá flokkur, sem alltaf er með bændur á vörunum, hafi hagað pólitík sinni skynsamlega fyrir bændastéttina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég get látið nægja stutta athugasemd. Hv. fyrri þm. Eyf. hefur dregið úr ummælum sínum í sambandi við þetta mál og skýrt það á allt annan hátt en kom fram í fyrstu umr. hans. Hvað því viðvíkur, að ég var spurður að því, hvers vegna ég styddi þessa stjórn, þá get ég svarað því, að það réð ekki litlu um mitt fylgi við þá ríkisstjórn, sem nú er, að einmitt þessi mál hefur sá maður til framkvæmda, sem ég treysti langbezt til að framkvæma þau. Honum þykir það kannske ljóður, að ég skyldi hafa gert það, en ég álít, að enginn annar þm. sé færari um að framkvæma þetta mál með fullri sanngirni heldur en núverandi landbrh. Og þetta réð talsvert miklu um það, að ég styð þessa stjórn, þó að hún sé skipuð að tveim sjöttu af þeim mönnum, sem hv. þm. bendir á, að hafi svona skoðun á málinu yfirleitt, og álít ég, að þetta sé nægilegt svar. Við skulum deila um það seinna, hvort sá þáttur verður verr leystur heldur en var í þeim glundroða, sem ríkti áður á Alþ.

Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvernig á því standi, að þeir skyldu skjóta sér undan þeirri skyldu að gæta hagsmuna þessara manna í ríkisstjórninni, — manna, sem þeir þykjast bera alla umhyggju fyrir, bæði utan þings og innan? Ég held, að þeir hafi brotið meira þar með því að skjóta sér undan því heldur en ég hef brotið með því að fylgja þeim landbrh., sem ég tel hæfastan til þess að fara með þessi mál.

En hitt var ákaflega gott að heyra, að fulltrúarnir á búnaðarþinginu eru pólitískt kosnir. Þeir eru ekki settir undir það ákvæði stjórnarskrárinnar að greiða atkv. eins og þeirra sannfæring segir um, slík vinnubrögð eru ekki viðhöfð þar, eins og sérstaklega kom fram í ræðu hv. fyrri þm. Eyf. við umr. um þetta mál.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Það var við ræðu hv. 7. landsk., sem ég vildi gera nokkra athugasemd. Hann hélt því fram, að hann og hans flokkur væri til með að borga verðlaun fyrir vörur, sem væru framleiddar af einyrkjum, en ekki vörur, sem væru framleiddar öðruvísi. Þetta kom hvergi fyrir í sex manna álitinu, sem hans flokksbræður áttu þátt í að skapa. Og það hefur líka aldrei verið prófað fyrr en þá nú, að hann og hans flokkur vill gera þessa stiggreiningu. Ef til dæmis á einu heimili, eins og víða er, að faðir og 2 synir eru heima og synirnir vinna að búinu eins og húsbóndinn, þá er ákaflega erfitt að útskýra það, hvernig á að reikna út það, sem húsfaðirinn hefur gert af framleiðslunni. Það má segja, að það sé þriðjungur af vinnunni. Þá er þessi spurning, hvers vegna eiga synirnir að fá hærra kaup? Því að það yrði samkvæmt sex manna samkomulaginu. Þess vegna hlýtur hv. þm. að sjá, að þetta er samningsrof, sem hann er að reyna að afsaka, nema þeir hafi haft fulltrúa, sem voru svo illa að sér, að þeir hafi ekki vitað, hvað þeir skrifuðu undir.

Þá skildist mér af ræðu hv. þm., að hann áliti, að það væri sérstakt happ fyrir framleiðendur, að partur af andvirðinu væri greiddur af ríkissjóði. Það væri ákaflega skrýtið, ef það væri fagnaðarefni, ef t. d. bændur austur í Flóa fengju part af því verði, sem þeir fá fyrir mjólkina, greiddan úr ríkissjóði, í staðinn fyrir að kaupandinn greiddi það. Þessu er alls ekki svo farið. Bændum er mikið mein gert með þessu fyrirkomulagi og þykir sér ekki verra verk gert heldur en að knýja verðið niður á vörunni eins og hér er gert ráð fyrir. Af hverju er þetta gert? Til þess að létta lífið fyrir hv. 7. landsk. og mér, sem búum í bæjum, vegna þess að ríkið borgar þarna part af okkar daglegu matvöru, við erum betur settir fjárhagslega. Ég veit, að hv. þm. skilur þetta, að þetta er eingöngu gert í þágu neytenda.

Og mér finnst eðlilegt, að við tækifæri reyni hv. þm. að útskýra þetta, því að það væri í fyrsta sinn, sem það væri gert forsvaranlega, ef það tekst.

Þá vil ég snúa mér að hv. þm. Barð., sem kom hér með eina kenningu, sem mér þótti ánægjulegt að heyra. Eins og vitað er, er ánægjulegt að hafa 6 menn í ríkisstjórn, en mér fannst hann gefa hv. fyrri þm. Eyf. undir fótinn, að 2 menn úr hans flokki gætu gjarnan fengið að vera með, svo að ráðh. gætu verið 8. Ég vil gjarnan heyra það hjá þessum manni, sem er svo nátengdur hæstv. forsrh., ef hann vill útskýra það nánar, hvort það hafi raunverulega staðið til. (**BBen:** Stóð það ekki til boða í 2 ár?) Ég lít svo á, að hv. þm. Barð. hafi réttilega bent á það augnablik, þegar ríkisstjórnin varð til. Þó að ég hafi því miður litla möguleika til þess að verða sá 7. eða 8., þá finnst mér það miklu skipta vegna minna samherja, hversu réttlátlega hv. þm. Barð. hefur skammtað ráðherradóminn. Við getum fært okkur svo saman, að það verði plass fyrir 2 stóla í viðbót, ef því er að skipta, en ef hv. þm. álítur það ekki framkvæmanlegt að bæta svo við, að ráðh. verði 8, þá finnst mér hann hafi haft þetta í fíflskaparmálum og þá hafi hann verið að vekja hjá okkur vonir, sem aldrei er hægt að láta rætast.

Annars finnst mér, þar sem enginn þessara 6 ráðh. er viðstaddur, en hv. þm. Barð. er mjög hlynntur ríkisstjórninni, fara vel á því, að hann, sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, láti í ljós við þessar umr. þakklæti til búnaðarþingsins í haust fyrir það, sem hv. fyrri þm. Eyf. tók fram, að hefði gert það mögulegt, að þessi vel mannaða ríkisstjórn komst í stólana. Það virðist vera

sögulegur dómur, eins og hv. 7. landsk. tók fram, að þessi stjórn hefði aldrei fæðzt nema fyrir það, sem þessir 25 bændur gerðu, og þeim hafi svo verið lofað, að hér ætti að mynda stjórn, þar sem rauðu elementin væru alveg fjarlægð. Mér finnst, að það ætti vel við, að það kæmi frá stjórnarbekknum almenn þakkargjörð fyrir það, að búnaðarþingið hefur tekið á sig ábyrgðina af því að afhenda 8 millj. kr., sem bændastéttin átti rétt á að fá að lögum. Því þó að segja megi, að búnaðarþingið, sem nú situr, hafi kannske nóg annað að hugsa en að móttaka þakklæti, þá er það svo, að þegar menn hafa gert vel, þá hefur þess verið minnzt opinberlega, og ég treysti hv. þm. Barð. bezt til þess.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. spurði mig, hvers vegna Framsfl. hefði ekki viljað leggja til menn til þess að framkvæma þessi lög. Hv. þm. veit það ákaflega vel, að í þeim stjórnarsamningi, sem leiddi til myndunar þessarar stjórnar, var Framsfl. ekki boðin nein þátttaka. (**BBen:** Það er rangt.) Það er rétt, það veit ég vel. Með þessu er ég ekki að segja, að Framsfl. hefði gengið að slíku, t. d. stjórnarsamningnum, sem fyrir liggur, en honum var ekki boðið upp á það. Ef hv. þm. á við það, að það fóru fram viðræður 4 flokka lengi, þá er það allt annað mál, því að þá lá ekki fyrir sá stjórnarsamningur, sem að lokum var gengið að. Auk þess veit hv. þm. Barð. það ákaflega vel, að Framsfl. samþ. það að mynda stjórn með Sjálfstfl. einum. Það getur vel verið, að eftir að blöð stjórnarinnar hafa logið daglega um þetta mál síðan í nóvember, að þessir menn séu farnir að trúa því, sem í þessum blöðum stendur. En það er jafnósatt fyrir því.

Ég ætla ekki að fara í neinn mannjöfnuð, en ég skal taka það fram út af því, sem hv. þm. Barð. vék að hæstv. landbrh., að það væri maður, sem nyti mikils trausts, þá get ég vel tekið undir það, að það er maður, sem nýtur hjá mörgum mikils trausts, og ég get játað, að ég að ýmsu leyti treysti honum. En það er nú bara einu sinni svo, að hver dregur dám af sínum sessunaut, og það hefur ekki mikið að segja í 6 manna ríkisstjórn um einn ráðh. Þess vegna sný ég ekki aftur með neitt af því, sem ég hef sagt. Það mun hafa verið búizt við því, án þess að búnaðarþingið sé á nokkurn hátt pólitísk samkoma, að framkvæmd þessa máls yrði ekki að mestu leyti í höndum Sósfl., þegar til kæmi, að búnaðarþingsmönnum hafi verið lofað einhverju í þessu efni. Málið lá þannig fyrir, að búizt var við öðru en því, sem ofan á varð, ekki aðeins innan Alþ., heldur af þjóðinni í heild. Og ég hygg, að búnaðarþingsmenn hafi tekið þessa ákvörðun alveg vitandi vits, því að það hefur venjulega verið svo, enn sem komið er, að bændur í landinu hafa ekki fyrir stundarhagsmuni eða jafnvel ímyndaðan stundarhagnað viljað leiða þjóð sína í glötun. Ef út í það öngþveiti hefði verið stefnt í haust, að kjötkílóið hefði farið upp í 18 eða 19 kr. og mjólkin í samræmi við það, þurfti sannarlega engin pólitísk áhrif á þessa menn til þess að vilja afstýra þessu, þó að þeir ættu fyllsta rétt á þessu verði fyrir sína vöru.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil bara út af ummælum hv. fyrri þm. Eyf. benda honum á, að ég hélt, að hann myndi þessi mál betur, og að Framsfl. eða fulltrúi frá honum var í n. til þess að mynda 4 flokka stjórn frá því í júlí í sumar og þangað til að þeir fyrstir og einir slitu samvinnunni í október. Og þeir lýstu því yfir, að þeir vildu ekki vera í 4 flokka stjórn. Ég skil ekki, hvers vegna hann er að halda því fram, að þeim hafi aldrei verið boðið að vera með í stjórnarmyndun, þegar búið er að ræða þetta frá því í júlí og þangað til í október, að þeir slitu samvinnunni. Það þarf meira en almenn Framsóknarrök til þess að halda þessu fram, það þarf að ganga langt út fyrir það.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á það, að það er rangt með farið, að Framsfl. hafi boðizt til þess að mynda stjórn með Sjálfstfl. einum. Framsfl. bauðst til þess að mynda stjórn með Sjálfstfl., utan þings og utan flokka ráðh., eftir því, sem hann hefur upplýst sjálfur, að Björn Þórðarson, sem átti að vera oddamaður, væri flokksleysingi. Og þá ætlaði Framsfl. ekki að mynda stjórn með Sjálfstfl. einum, heldur með honum og flokksleysingja. Að Framsfl. hefði 3 menn, en Sjálfstfl. 2 menn í ríkisstjórninni. Þessi ummæli hv. fyrri þm. Eyf. get ég ekki skilið á annan veg. Þeir vildu ekki aðeins hafa fleiri ráðh. heldur en þeir vildu gefa Sjálfstfl., heldur vildu þeir líka hafa forsrh. úr sínum flokki. Þetta hefur hv. fyrri þm. Eyf. staðfest hér. Nú hefur það verið upplýst og viðurkennt, að Björn Þórðarson sé framsóknarmaður og Framsfl. ætlaði að hafa hann sem forsrh. og þar með að ráða í stjórninni. Þessari stórpólitísku yfirlýsingu er lýst yfir í dag af hv. fyrri þm. Eyf.

Þá vil ég aðeins segja hv. þm. S.-Þ. það, að ef hann hefði gætt eins vel þingskyldu sinnar um það að sitja í sínu sæti við þessa umr. eins og ég hef gert í gær og í fyrradag, þá hefði hann heyrt þakklætið, sem ég flutti til búnaðarþings. Ég hef skilið, hvað búnaðarþing gerði, og ég hef getað viðurkennt það mál. Fyrir mér var það stórt mál, en fyrir Framsfl. ekki eða hv. þm. S.-Þ. Fyrir mér var það stórt mál, að hægt væri að endurheimta virðingu þingsins og láta ekki þann glundroða ríkja á Alþ., sem búinn er að ríkja þar fyrir verk framsóknarmanna eingöngu síðan 1942, sem vildu hafa utanþingsstj., en hún á mestan þátt í glundroðanum, sem skapazt hefur í fjármálum undanfarin ár. Þetta er ekki mælt vegna mannanna persónulega, heldur fyrir það öngþveiti, sem framsóknarmenn vildu og vilja halda áfram á Alþ. Til þess að útiloka þetta ástand þurfti að skapa aftur þingræðisástand í landinu, og það var hægt að fórna miklu til þess að það tækist, það var hægt að ganga svo langt að sætta sig við að taka framsóknarmenn í stjórn til þess að útiloka öngþveitið. En þar brugðust framsóknarmenn ekki aðeins sinni þingskyldu, heldur líka skyldunni við þá menn, sem höfðu sent þá á þing til að gæta hagsmuna þeirra, og það verður þeim aldrei fyrirgefið.

Hermann Jónasson: Það er alveg þýðingarlaust að taka upp umr. á þeim grundvelli, sem umr. um þetta mál eru að komast á, en þó eru það einstök atriði, sem ekki er hægt að komast hjá að leiðrétta, og skal ég gera það þannig, að það gefi ekki tilefni til þess, að þessar umr. dragist

úr hófi fram. Ásakanir, sem hér koma fram á Framsfl. fyrir það, að hann hafi ekki viljað mynda stj., eftir að stj. núverandi forsrh. sagði af sér 1943, eru alveg gripnar úr lausu lofti. Því að það, sem olli því, að erfiðleikar urðu miklir við stjórnarmyndun eftir 1942, var það ástand, sem skapazt hafði í íslenzku fjármálalífi á því tímabili, sem stj. Sjálfstfl. fór með völd, frá því um vorið 1942 og þangað til fram undir áramót sama ár, og það þýðir ekkert að tala í þeim dúr sérstaklega að ásaka einn eða neinn fyrir það, að ekki var hægt að mynda stj. á þessu tímabili. Þvert á móti hefur það upplýstst, að á því tímabili munu sósíalistar, af hvaða ástæðu sem það var, alls ekki hafa viljað mynda stj., og það var upplýst 1944, að það stóð ekki á Framsfl. að mynda stj., þegar fulltrúar fjögurra flokka töluðu saman um það, svo að það er óþarfi fyrir þm. að hrista höfuð yfir því, það stóð ekki á Framsfl. að mynda stj. 1944. Þvert á móti lögðum við fram tilboð um það, að mynduð yrði 4 flokka stj., vegna þess að ekki teldist eðlilegt að mynda ekki þingræðisstj., en um það hafði ekki verið rætt opinberlega, en það er hægt að segja frá því opinberlega hér, og því hefur ekki verið mótmælt, að Framsfl. bauðst til þess 1944. Ég veit, að þeir þdm., sem þátt tóku í þessu, mótmæla því ekki, að Framsfl. bauðst til þess 1944 að taka þátt í stjórnarmyndun, — án tillits til þess, hvernig stj. yrði mynduð, enda var, eins og hv. 1. þm. Eyf. tók fram, ekki sett neitt skilyrði. Ég veit, að á búnaðarþingi eru bæði sjálfstæðismenn og aðrir, sem gera sér einhverja hugmynd um það, hvernig þeir vildu helzt láta stjórna landinu, en þar komu ekki fram nein skilyrði. Bændur buðu þetta fram, sem er einstakt í dýrtíðarkapphlaupi því, sem nú ríkir, að gefa þetta eftir, og ég er ekki í neinum vafa um, að þeir gerðu alveg rétt, einnig með tilliti til þess, sem skeð hefur síðan. Ég hef alltaf hugsað mér íslenzka bændur svipaða Þorsteini Ingimundarsyni og býst við, að viðureign þeirra verði að lokum eins og Þorsteins rakka, sem margir þekkja. Þetta er eitt af því, sem bændur hafa gert á s. l. hausti, að stríða við þetta. Hitt er svo allt annað mál, að menn verða að gera sér það ljóst, um leið og þeir athuga, hvað það var, sem bændur gerðu á s. l. hausti, þegar þeir björguðu dýrtíðarmálunum og komu í veg fyrir það, að allt atvinnulíf landsins stöðvaðist, að sama ástandið hlýtur að endurtaka sig í september í haust. Það er búið að hækka kaupið, síðan bændur gáfu eftir 9,4% af því, sem þeir áttu að fá, með þeim vonum, að ekki yrði hækkað kaupgjald, og sú hækkun kemur fram eða á að koma fram í hækkuðu afurðaverði í haust. Það er að vísu enginn vafi á því, að bændur munu taka á þessu einnig með sanngirni, en samt sem áður er þess að gæta, að þeirra framréttu hönd hefur ekki verið mætt á þann hátt, sem verðskuldað var. Og að lokum þetta í sambandi við það, þegar talað var um stjórnarmyndun á s. l. hausti: Það er alveg rétt, að Framsfl. tók þátt í tilraunum til þess að mynda 4 flokka stj., og í okt. í haust, þegar hann gaf eftir og bændur höfðu boðið fram 9,4% lækkunina á sínum afurðum, en ekki fengust svör um það hjá Alþýðusambandinu, að kaup yrði ekki hækkað, þá vildi Framsfl. ekki taka þátt áfram í þeim samningum, því að hann áleit þá, að þessi lækkun bænda væri á komin á viðunandi hátt. Framsfl. áleit jafnframt, að áframhald kauphækkana og með því að halda dýrtíðarmálunum áfram í því horfi, sem nú er gert af núverandi stj., væri stefnt í ógöngur, og hann er þeirra skoðunar enn. Við álítum, að lágmarkið væri það að stöðva dýrtíðina í haust. Um þetta var ágreiningurinn. Þess vegna er það alveg rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að þegar stj. var mynduð á þeim grundvelli að því er virtist að láta kauphækkanir halda áfram og dýrtíðina vaxa, þá var okkur framsóknarmönnum ekki boðin þátttaka í því. Það var alveg óafgert, hvað við hefðum gert, en samkvæmt fyrri afstöðu okkar í dýrtíðarmálunum hefði þurft að sannfæra okkur um það, alveg eins og við þátttöku í 4 fl. stj., að sú stj., sem við tækjum þátt í, væri reiðubúin til þess að stöðva dýrtíðina og koma í veg fyrir kauphækkanir. Ég held þess vegna, að það sé óþarfi að vera að halda uppi deilum um þessi atriði, og þess vegna ætla ég að sleppa því. Það er alveg ljóst, að ágreiningur var um margt, en meginágreiningurinn var um þetta, hvort ætti að láta dýrtíðina halda áfram að vaxa eða hvort ætti að stöðva hana. Núverandi stj. gerir sig ánægða með það, að dýrtíðin haldi áfram að aukast svo sem hún hefur gert, síðan hún tók við völdum. Um þetta var ágreiningurinn, og ég held satt að segja, að það fari að styttast, þangað til það sést, hvor stefnan hefur verið réttari í þeim málum, og getum við því sjálfsagt sparað okkur deilur um það.

Viðvíkjandi tilboðum milli stjórna Sjálfstfl. og Framsfl. þá liggur það ljóst fyrir og er óþarfi að deila um það. Ég satt að segja veit ekki, hvaða pólitíska skoðun fyrrverandi forsrh. hefur, dr. Björn Þórðarson, en hitt get ég upplýst í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði, að hann hefur alls ekki seinustu ár talizt til Framsfl. Og það tilboð, sem Framsfl. gerði um stjórnarmyndun Framsfl. og Sjálfstfl., þar sem bent var á Björn Þórðarson sem heppilegan forsrh., var miðað við það, að hlutlaus maður væri í oddasæti hjá þessum flokkum í ríkisstj., og tveir framsóknarmenn og tveir sjálfstæðismenn ættu þar einnig sæti. Við þetta var miðað, en þetta var ekki tilboð um það, að það væri ófrávíkjanlegt, að Björn Þórðarson yrði forsrh., þó að það virðist hafa verið ágreiningur um það á milli flokkanna, hvernig hafi átt að skilja það tilboð. Ég taldi rétt, að þetta sjónarmið kæmi fram í sambandi við þau ummæli, sem hér hafa fallið, án þess að haga þeim orðum á þann veg, að þau þyrftu að gefa tilefni til frekari umr. um þessi atriði.

Jónas Jónsson: Ég vildi vænta þess, að hv. 6. þm. Reykv. segði nokkuð ýtarlegar frá því, sem skort hefur á hans röksemdafærslu, af því að ég treysti því, að hann hafi svo góðan málstað, að hann geti úr því bætt, áður en umr. er lokið.

Ég heyrði á hv. 6. þm. Reykv., að hann hefur aðra skoðun heldur en hv. þm. Str. á stjórnarmyndunarmöguleikum frá því í sumar, og þar sem þessir tveir menn voru báðir lengi í samstarfi í þessum málum, tólffótungnum svonefnda, þá þætti mér vel við eiga, að hann skýrði málið nokkuð nánar, þar sem þetta er mjög mikilsvert atriði og hann hefur minnst á það, að mál-

ið hafi ekki verið fullskýrt frá sinni hlið. Ég vildi þá spyrja hv. 6. þm. Reykv. um það, hvernig stóð á því, að það leit út fyrir nokkra daga í haust, að Sjálfstfl. og Framsfl. mynduðu stj. saman. Ég boðaði til pólitísks fundar við Ölfusá í haust og bauð þangað tveim þm. þessara flokka með ágætum fundarkjörum. En í stað þess, að þetta boð væri þegið, komu hátíðlegar yfirlýsingar frá Sjálfstfl. og Framsfl. um það, að þeir boðuðu saman til þriggja funda austur í Árnessýslu, og það var ekki látið við það sitja, heldur voru sendir 10 vöskustu menn þingsins á þessa fundi, og eftir því sem mér skildist, var ekkert annað eftir heldur en að nokkrir sjálfstæðismenn og framsóknarmenn settust í ráðherrastólana saman. En einhver furðulegasti þátturinn í þessari trúlofun var það, þegar hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. S.-M. fóru saman austur á Skeið. En þessir hv. þm. fundu það tiltölulega fljótt á eftir, að það var margt, sem aðgreindi þá og kannske líka hv. 2. þm. Árn., því að hann hafði með einhverjum dularfullum hætti horfið á þessum fundi. Svo mikið var víst, að bændurnir á Skeiðunum voru vissir um það eftir fundinn, að þarna hefðu komið fulltrúar tilvonandi stj. og þessi stjórn væri búin að lofa því að gera það sama sem búnaðarþing hafði gert. Það var búið að biðja bændur að gefa fé í dýrtíðarsjóðinn, og ég vil spyrja hv. 2. þm. Árn., hvort þetta er ekki rétt. Ég treysti því, að hv. 2. þm. Árn. geti upplýst það hér, hvort hann hafi ekki haft fullkomið umboð frá sínum flokki til þess að láta fara fram þær orðræður á Skeiðunum, sem hér hefur verið skýrt frá. En trúlofanir eru ekki alltaf alvara, og það kom fram í þessu sambandi, og nú finnst mér vel við eiga, að hv. 6. þm. Reykv., sem er mikill forustumaður í sínum fl., skýrði frá því, hvað það var, sem sleit þessari trúlofun. Þá vil ég svara hv. þm. Barð. nokkrum orðum. Hann gerði Framsfl. þann heiður að eigna flokknum dr. Björn Þórðarson. En því er þannig farið, að þegar Bændaflokkurinn var stofnaður, yfirgaf Björn Framsfl. og fór í Bændafl. og hefur ekki sézt síðan í Framsfl. En nú vildi ég minnast á það, sem hv. þm. Barð. sagði, að það hefði verið búið að viðurkenna fórn bænda og búnaðarþings. En ég vil bæta því við, að það lítur út fyrir, að þeir pólitísku leiðtogar bænda hafi lofað bændum landsstjórn hvar í ekki fyndust kommúnistar og tæplega kratar, og í öðru lagi yrði að lækka kaup og laun í samræmi við þá eftirgjöf, sem bændur gerðu. En eins og hv. þm. veit, hefur hvorugt þetta orðið, heldur hefur allt kaup í landinu hækkað stórkostlega, og mér finnst, að hv. þm. Barð., sem viðurkennir, að bændur hafi tekið á sig siðferðilega ábyrgð með eftirgjöfinni, telji það mikils virði, og það er rétt, þótt á því séu fleiri hliðar. En ef það er rétt, sem hv. þm. Barð. hélt fram, að það hefðu orðið miklir erfiðleikar fyrir atvinnulífið í landinu, ef staðið hefði verið við sex manna n. samninginn, þá er erfitt að skilja þau fáheyrðu tíðindi, sem gerðust hér á þinginu fyrir skömmu, þegar lagt var til, að bændur söfnuðu nokkru fé í sjóð, þá gerðist það, að stjórnarmeirihl., sem á sína tilveru því að þakka, að bændur slógu undan, samþ., að Búnaðarfélagið skyldi ekki fá að hafa í sínum höndum úthlutun úr þeim sjóði, heldur skyldi hún vera í höndum ráðh. Annars fyndist mér vel við eigandi, að hv. þm. Barð., sem er framleiðandi til sjávar og einnig þm., vildi benda á það, hvaða vit er í því að hafa farið fram á þessa fórn við bændur, og hvers vegna þeir eiga að gefa af sínum tekjum, þegar verkamenn hækkuðu sitt kaup í fyrra um 16%. Ég vil benda hv. þm. Barð. á, að í Morgunblaðinu og eins í Tímanum var sagt, að þetta væri ágætt og það mætti vel við þetta una. Mun það þá hafa verið meiningin að lokka bændur til þess að lækka sínar vörur, á meðan allir aðrir hækkuðu. Það er náttúrlega gott að úthella þakklæti sínu í þessu sambandi, en það er ekki nóg. Mér finnst vel til fundið, að hv. þm. Barð., sem er bæði framleiðandi og þingmaður, geri grein fyrir, hvernig á því stendur, að mönnum hefur dottið þetta í hug. Mér sýnist þess vegna eins og nú er komið, að menn eins og hv. þm. Barð. ættu að vera með því, að þetta frv. sé fellt, því að það hefur farið fram stórkostleg launahækkun og svik við bændur, síðan þetta frv. var hér fyrst til meðferðar.

Bjarni Benediktsson: Ég sé ástæðu til að segja nokkur orð út af umr., sem orðið hafa í tilefni af samningum um stjórnarmyndun, sem reyndir voru í vor og á s. l. sumri. Það mun hafa verið um mánaðamótin maí—júní, að sjálfstæðismenn hófust handa um það að reyna að mynda hér þingræðisstj., og var þeim samningaumleitunum haldið áfram má segja daglega fram yfir 17. júní s. l. vor.

Það er rétt hjá hv. þm. Str., að á þeim tíma virtist svo sem ekki stæði á Framsfl. Ég rek þá sögu ekki nánar, enda lítið á því að græða. En það er rétt, að á þeim tíma virtist ekki standa á Framsfl., en með því er ekki sagt, að flokkurinn hafi haft trú eða áhuga á stjórnarmyndun. Að minnsta kosti tókst ekki að mynda stjórn, en samningaumleitunum var ekki lokið í júlílok og var haldið stanzlaust áfram, þangað til Framsfl. sleit þeim í október. En áður en hann sleit þeim, var að miklu leyti búið að taka saman þá stefnuskrá, sem núverandi stjórn var mynduð um, þó ekki að öllu, til dæmis voru launalögin þá ekki með.

En þótt samningarnir væru komnir þetta áleiðis, virtist hvorki reka né ganga með það að koma stjórninni á. Þá er það, að Framsfl. lýsir því yfir, að hann telji gagnslaust að halda samningum áfram.

Hv. þm. Str. virtist vilja láta skína í, að Framsfl. hefði viljað kveða niður dýrtíðina. Þetta er rangt. Allar umleitanir voru byggðar á því að halda kyrrstöðu, og það var gert. Hitt er vitað, að Framsfl. taldi þýðingarlaust að halda samningum áfram af einhverjum ástæðum, þrátt fyrir það að margt virtist benda til, að saman drægi. En eðlilegt var, að menn þreyttust á því, er hvorki rak né gekk. En það var ekki sýnilegt neitt höfuðatriði, sem strandaði á. Þá var það, að Sjálfstfl. kannaði nánar, á hverju stóð, og var þá fyrst leitað til Framsfl. En þá kom það á daginn, að sitt hvað vakti fyrir þessum tveim flokkum. Framsfl. vildi bráðabirgðastjórn, helzt endurreisa utanþingsstjórnina gömlu með formlegri ábyrgð Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir töldu ekki tímabært að mynda sterka stjórn, en vildu hafa kosningar á næsta sumri. Jafnframt þessu gerðu þeir að skilyrði, að Björn Þórðarson fyrrv. forsrh. myndaði hina

nýju stjórn. Hv. þm. Str. segir þetta ekki hafa verið svo rætt sem skyldi. Þetta er ekki rétt, því að Framsfl. hélt við þetta, eftir að Sjálfstfl. hafði lýst því yfir, að hann tæki ekki þátt í stjórnarmyndun með þennan mann í forsæti, þótt því sé nú haldið fram, að þetta hafi ekki verið neitt aðalatriði.

Það mun sannast, að Framsfl. vildi, að mynduð yrði bráðabirgðastjórn, þar sem Framsfl. og Sjálfstfl. hefðu forustuna.

En hvað sem sagt er um stjórn Björns Þórðarsonar, þá var sú stjórn ekkert annað en þægt verkfæri í höndum Framsfl. Framsfl. vildi mynda stjórn, en ekki varanlega þingræðisstjórn, heldur halda áfram að deila, meira að segja við Sjálfstfl., og með slíka stjórn átti svo að fara út í kosningar á sumri komanda. Það hefði verið óviturlegt af Sjálfstfl. að ganga að þessu. Sjálfstfl. vildi koma á varanlegum friði í atvinnulífi landsmanna, samvinnu milli flokka og atvinnustétta.

Hv. þm. Str. er nú með hrakspár. Það má vera, að ekki lánist að ráða fram úr örðugleikunum, en það er örugg sannfæring okkar sjálfstæðismanna, að eina leiðin til þess sé sú, að sæmilegur friður eigi sér stað milli stjórnmálaflokka og atvinnustétta í landinu.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal ekki blanda mér í þær stórpólitísku deilur, sem hér hafa farið fram, en ég vil lýsa yfir, hvers vegna ég skrifa undir nál. fjhn. með fyrirvara.

Ég held, að ákvæðin í 1. tölulið séu til bóta frá því, sem var, en ýmis atriði önnur, einkum 4. lið, get ég ekki fallizt á. Um frv. í heild vil ég segja það, að það er í rauninni staðfesting á samkomulagi búnaðarþings, sem Framsfl. og Sjálfstfl. stóðu að. Alþfl. var þar ekki aðili frekar en að samkomulagi sex manna nefndarinnar. Hins vegar er það yfirlýst af hæstv. ríkisstj., sem ég er stuðningsmaður að, að þingmeirihluti sé tryggður frv. Mun ég því sitja hjá, ef frv. er borið upp í einu lagi, en greiða atkv. á móti 4. lið, sé hann borinn upp sér.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég get farið fljótt yfir sögu að þessu sinni.

Þar sem hv. 6. þm. Reykv. talar um það, að fyrrverandi forsrh. hafi verið þægt verkfæri í hendi Framsfl., þá er það vitanlega fjarri öllum sanni. Má í því sambandi minna á skipun í embætti við Háskólann. Sama er að segja um ummæli hv. þm. viðvíkjandi bráðabirgðastjórn. Hitt er vitað mál, að milli flokkanna var ríkjandi tortryggni. Ég fer ekki út í, af hverju hún var, en það er fullvíst, að milli þeirra var tortryggni. Þess vegna var það eðlilegt, að maður reyndur að réttsýni, en óflokksbundinn, hefði forsæti, ef eyða mætti tortryggninni. Þetta var þannig rökstutt í bréfum og á fundum. Ég sé ekkert eðlilegra en að báðir flokkar féllust á þetta. Síðar mátti svo fá fleiri flokka til samstarfs.

Það var aldrei gert ráð fyrir bráðabirgðastjórn. Hitt hefði verið æskilegt, að skapa fullkomið samstarf og traust milli Sjálfstfl. og Framsfl. með samningi um nokkur mál, og ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. veit það, hvort sem hann vill lýsa því yfir eða ekki, að það var ekki vilji til þess í Sjálfstfl. að mynda stjórn með Framsfl. með hlutlausan mann í forsæti.

Björn Þórðarson var einungis tilboð, og þegar rætt var um fleiri menn, neitaði Framsfl. ekki að taka það til greina. Um þetta atriði var ekki ágreiningur síðastliðið vor. En ég skal nú víkja að ágreiningnum síðastliðið haust.

Hv. 6. þm. Reykv. hlýtur að vita það, að þegar lagður er fram samningsgrundvöllur, þá er ekki tekið fram hvert einstakt atriði. Það er vitað mál, að Framsfl. vildi ekki síður en Sjálfstfl., að samkomulag tækist, en það hljóta líka allir að sjá, að um eitthvað var ágreiningur. Það er ekki hægt að bera það fram, að ekki hafi verið neinn ágreiningur og trúa því jafnframt, sem borið var á borð daglega í blöðum Sósfl. í haust, að við vildum lækka kaupið og kúga verkalýðinn. Það er alls kostar ómögulegt að trúa hvoru tveggja.

Sannleikurinn er sá, að við mæltum með því og töldum það rétt, að bændur gæfu eftir þá hækkun, sem þeim bar samkvæmt sex manna nefndar álitinu, til þess að byrja mætti á að lækka dýrtíðina. Þegar og það var sýnt, að ef ekkert yrði að gert, var allt fjármálakerfið stöðvað. Ég hygg því, að það sé ekki rétt að deila á okkur framsóknarmenn fyrir það, að við höfum ekki viljað mynda stjórn, því að ef svo hefði verið, hefðum við aldrei lagt til, að bændur gæfu þetta eftir.

Það getur nú vel verið, að hæstv. ríkisstj. hafi samið um það, að látið verði undan og kaupið lækkað, þegar allt fer í hnút. Með því móti einu er þessi pólitík afsakanleg, að samið hafi verið um það þannig, að óhætt sé að treysta því. Að öðrum kosti er verið að fara með íslenzkt þjóðfélag út í kviksyndi, og mun þá e. t. v. ógerningur að snúa við, þegar menn loks hafa áttað sig og gera tilraun til þess.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Hv. þm. Str. staðfesti í raun og veru það, sem var meginatriði míns máls. Ég hélt því fram, að Framsfl. hefði á s. l. ári viljað koma á bráðabirgðasamvinnu milli Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta staðfesti hv. þm. Str. og vitnaði í það, að Framsfl. hefði á s. l. sumri einmitt viljað vera þátttakandi í fjögurra flokka stjórn. Hann vildi koma upp stjórn, sem raunar var ófriðarstjórn, til þess að taka upp harðar deilur innbyrðis í þjóðfélaginu, en vildi ekki einu sinni ljá máls á, að þeir flokkar, sem áttu að leggja út í þessar deilur, mynduðu fullkominn frið sín á milli.

Allt þetta staðfesti hv. þm. Str. Hann hefði alveg eins vel getað sagt, að Framsfl. hafi ekki viljað semja við Sjálfstfl. Það stendur óhaggað. En Sjálfstfl. vildi semja við Framsfl. um það sama, sem hv. þm. líka staðfesti, að var samið um við hina stjórnarflokkana, stöðvun dýrtíðarinnar.

Hv. þm. Str. sagði það sjálfur, eins og hv. þdm. hafa heyrt, að í stjórnarsamningnum voru ákvæði, sem allir skildu svo, að stöðvun yrði á almennum kauphækkunum. En ef svo skyldi vera, sem ég hygg, að ekki sé rétt, að almennar kauphækkanir hafi eigi að síður átt sér stað, þá er þess að gæta, að það er jafnan hægt að rjúfa gerða samninga, og það væri auðvitað brot og samningsrof, ef slíkar almennar kauphækkanir hafa átt sér stað.

En við almennar kauphækkanir má ekki jafna því, þó að kaup hafi verið hækkað á einstöku

stöðum úti um land, þar sem það var orðið of lágt miðað við almennt kaupgjald í landinu.

Hv. þm. mótmælti því, að fyrrverandi forsrh. hafi verið Framsfl. sérstaklega hlynntur, vegna þess að hann hafi níðzt á framsóknarmönnum og þ. á. m. beitt sér gegn sr. Birni Magnússyni. Ég vil nú ekki, að ég sé skoðaður sem framsóknarmaður, þótt ég sé hlynntur Birni Magnússyni og vilji benda á, að Björn Þórðarson sýndi sig að vera ekki trúandi til þess sem embættismanni að vera í slíku embætti, þó að hann sé mjög gegn maður.

Annars vildi ég minna hv. þm. Str. á einhverja hina furðulegustu embættisráðstöfun, sem hér hefur heyrzt, ef það er satt, að fyrrverandi forsrh. hafi veitt sýslumanni, sem naumast hefur átt skilið að fá embætti, þriggja ára frí frá embætti. Á ég þar við sýslumanninn í Suður-Múlasýslu. Þetta er gegn maður, og ég hef ekkert á móti honum, en þetta er mjög mætur framsóknarmaður og mjög tengdur mætum framsóknarmanni, sem á sæti hér í þessari hv. d., og er fullyrt, að broddar Framsfl. hafi fengið fyrrverandi forsrh. til þessarar fáheyrðu ráðstöfunar á embættinu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég vildi víkja örlítið að þessu dæmi, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á, um hlutdrægni Björns Þórðarsonar. Ég efast nú um, að það sé hægt að kalla það því nafni, þó að hægt sé að tilfæra þetta eina dæmi, þar sem hann hefur gert á miska eins stjórnmálaflokks. Þessi sýslumaður setti annan mann í sinn stað, og ríkið hafði engan kostnað af þessu frii, þar sem mönnum hefur stundum aftur á móti verið veitt frí með fullum launum. En til hvers var honum veitt þetta frí? Það var vegna þess, að hann hefur verið erlendis við framhaldsnám og er nú að fara út til að ljúka doktorsritgerð við háskóla þar. Ég veit ekki, hvort það er hægt að kalla þetta hlutdrægni. Það eru ekki margir lögfræðingar, sem hafa slíkan áhuga á því að afla sér framhaldsmenntunar og þessi ungi maður. Auk þess veit ég ekkert, hvort þetta leyfi hefur verið veitt af Birni Þórðarsyni, og í annan stað býst ég við, að hann, sem hefur slíkan áhuga fyrir fræðimennsku, mundi hafa veitt slíkt leyfi sérhverjum ungum manni, sem ætlaði að taka sér slíkt fyrir hendur, og ég efast meira að segja um, að hv. 6. þm. Reykv. hefði neitað um slíkt leyfi sjálfur. Sannleikurinn er sá, að Björn Þórðarson var mjög hlutlaus maður, þó að hægt sé að tilfæra þetta eina tilfelli.

Ég vil geta þess að lokum í sambandi við kauphækkanirnar, að ég held satt að segja, að það sé öllum ljóst nema þessum hv. þm., að almennar kauphækkanir hafa orðið í landinu. Þær hafa máske verið birtar með minna letri og á minna áberandi stöðum í blöðunum. En þær hafa eigi að síður orðið og það e. t. v. meiri en nokkur dæmi eru til, nema 1942. Það er stöðvunin á dýrtíðinni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég skal ekki þrátta við hv. þm. Str. út af þessu atriði, sýslumanni Suður-Múlasýslu. En ég held þó, að hv. þm. Str. sé það kunnugt, að engin dæmi finnast fyrir slíkri ráðstöfun, fyrr né síðar. Látum það nú vera, þó að honum væri veitt embættið. En svo fær hann þriggja ára frí eftir örstuttan tíma til þess að búa sig undir annað starf. Það væri þá nær að fá honum embætti, þegar hann hefur lokið framhaldsnámi.

Hitt er annað mál, hvort ríkið eigi að veita mönnum opinberan styrk til slíks framhaldsnáms. Og ég tel víst, að ef beiðni hefði komið fram um það í þinginu, þá hefði ég greitt atkv. með því. En það breytir ekki því, að hér er um óvenjulega ráðstöfun að ræða, og skora ég á hv. þm. Str. að mótmæla því, ef hann getur, og nefna eitt dæmi, þar sem svipað hefur verið farið að.

Hv. þm. Str. sagði varðandi kauphækkanirnar, að þær hafi ekki verið birtar með jafnstóru yfirletri og áður. A. m. k. ætti þó Tíminn að verða til þess að birta þær með stórum yfirsögnum, ef þær hafa átt sér stað.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég leyfi mér að fullyrða, þó að þetta sé ekki stórvægilegt, að það hefur oft komið fyrir, að embættismenn hafa fengið frí um tiltekinn tíma, og stundum meira að segja með fullum launum, t. d. til þess að afla sér meiri fróðleiks og stundum vegna lasleika. Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á mjög fróðlegt dæmi. Þorvaldur Thoroddsen fékk fyrir mörgum árum frí frá embætti til þess að geta stundað sín vísindi og hélt sínum embættislaunum. Og svo held ég, að hafi verið um fleiri, af þessum tveimur ástæðum.

Það væri ástæða til að athuga fleira, sem þessi hv. þm. hefur sagt, en tímans vegna ætla ég að sleppa því. Það er ekki nóg að hvessa bara röddina. Það þarf að geta fært fram einhver rök. En það er engu líkara en hv. þm. álíti það rök, ef hann getur brýnt röddina nógu mikið.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði hér fyrir nokkuð löngu, að Framsfl. hefði brugðizt sínum kjósendum með því að vera ekki inni í þeirri stjórn, sem mynduð var í haust, — en ég sýndi fram á og gæti gert það betur, að Framsfl. átti í raun og veru ekki þess kost, — þá vildi ég aðeins segja eitt enn, að ég veit ekki betur — a. m. k. var það svo í mínu héraði og í þeim blöðum, sem ég las um kosningarnar — en að það væri af stjórnmálamönnum einmitt í herbúðum þessa hv. þm. talin höfuðsynd að koma nálægt kommúnistum og Alþýðufl.-mönnum. Það var ekki annað vopn, sem flokkur hv. þm. Barð. beitti frekar heldur en því að tala um, að við Framsfl.-menn hefðum stundum starfað með Alþfl.-mönnum. Og svo er þessi fl. nú kominn í stjórnarsamvinnu, þar sem þessir menn, sósíalistar og Alþfl.-menn, hafa ⅔ og ráða vitanlega mestu.

Ég var ekki á framboðsfundum í Barðastrandarsýslu seinast. En ég er viss um, eftir því sem aðrir frambjóðendur flokks hv. þm. Barð. töluðu, að þá hefur sá hv. þm. talað þannig á þeim fundum, að hann hefur nú gersamlega svikið sína kjósendur.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi taka fram, út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ég hefði ekki fundið að því, þótt embættismanni hefði verið veitt frí frá störfum um stuttan tíma, þótt með fullum launum væri, að það, sem ég hef vítt og sagt, að hv. þm. Str. hafi ekki mótmælt, er að veita embættismanni frí frá embætti í 3 ár. Það hygg ég, að sé einstæð ráðstöfun, sem sýni það, sem við þekkjum vel frá stjórnartíð framsóknar-

manna, að svo er litið á, að embættin séu til fyrir þessa herra í Framsfl., en ekki fólkið í landinu. Maður þarf ekki að brýna raustina til þess að sýna fram á það.

En varðandi hv. 1. þm. Eyf. skal ég aðeins segja það, að þegar hann hefur verið staðinn að opinberum ósannindum, eins og í þessum umr., ætti hann að hafa sig hægan þann daginn a. m. k.

Gísli Jónsson: Ég vil bara, að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Eyf., lýsa yfir, að hann fer hér með hreinasta fleipur. Er bezt fyrir hann að fara eftir þeim orðum, sem hann heyrir mig segja í því efni, sem hann var að tala um, en vera ekki að trúa öllu, sem aðrir spýta í hann. Ég hef aldrei skipt um skoðun í því efni, sem hann talaði um. En síðan 1937 hef ég sýnt fram á veikleika Framsfl. — Hitt er annað mál, að ég hef reynzt Barðstrendingum öðruvísi en Framsfl. hefur tjáð, að ég mundi reynast þeim. (**Forsrh.:** Þess vegna fjölgar atkv. sjálfstæðismanna þar. — **BSt:** Það eru nú fleiri ástæður til þess.)

ATKVGR.

Brtt. 559 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ, HermJ, IngP, LJóh, MJ, PHerm.

nei: JJ.

BrB, GÍG, HG, KA, StgrA greiddu ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Með tilvísun til ástæðna þeirra, sem ég flutti hér í umr. um málið, greiði ég ekki atkv.

Á 136. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 546, 559, 1212).

Frsm. (Magnús Jónsson): Við 2. umr. var brtt. 559, frá hæstv. landbrh., tekin aftur, sakir þess að n. hafði af misgáningi ekki tekið hana til athugunar, og liggur hún fyrir nú.

N. hefur tekið till. fyrir og hefur ekkert við hana að athuga. Till. fer aðeins fram á það, að stj. hafi frjálsar hendur um útflutning þeirra vara, sem um ræðir, án þess að þær vörur eigi að missa af uppbótum eða tryggingum við það. Við athugun á till. kom þó í ljós, að till. væri ef til vill ekki alveg tæmandi, og n. þótti rétt að bera fram við hana brtt. á þskj. 1212. Hún tekur af öll tvímæli um það, að þær vörur, sem framleiddar eru á þessu tímabili, komi einnig undir þetta sama. Í till. ráðh. segir aðeins, að vörur, sem framleiddar eru 1944 eða fyrr, eigi að flytjast út á því ári, þ. e. árið, sem talað er um í frvgr., og gæti nokkur vafi leikið á um þær vörur, sem framleiddar væru eftir árið 1944. Ég vil því mæla með því, að þessi brtt. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. hefur borið fram við hana, og málið verði þannig afgr.

Jónas Jónsson: Ég ætla mér að bera fram dagskrá við þetta frv. nú við þessa lokaumr. Ég byggi þetta á því, að aðstaða þessa máls hefur breytzt, vegna þess að dýrtíð hefur vaxið, kaupgjald og embættislaun hækkað, án þess að bændur hafi fengið tilskilda hækkun, en tilgangurinn var, að bændur hefðu jafngóða afkomu og aðrar stéttir. Það er hv. þm. kunnugt, að Alþ. samþ. l. um það, að ef sex fulltrúar frá stjórnmálafl. kæmust að einróma niðurstöðu, skyldi það gilda sem l. Þetta varð. Sex manna n. var skipuð af þrem stjórnmálafl., og hún komst sameiginlega að ákveðinni niðurstöðu. Nú var tilgangslaust að gera þessa löggjöf, ef ekki átti að fylgja henni. Þetta var túlkað þannig í blöðum, að bændur skyldu ekki verða verr úti af völdum dýrtíðar en aðrar stéttir, og bændur trúðu, að þessi loforð yrðu haldin. Það er því enginn vafi á því, að bændur áttu ekki um annan kost að velja en fylgja l. En í fyrravetur gerðist það, að Dagsbrún hækkaði kaup um 16%, síðan komu sams konar hækkanir hjá öðrum félögum. Síðan kom að því, að bændur áttu að hækka sínar afurðir 15. sept. s. l., en á því voru miklir erfiðleikar. Ef ekkert hefði verið skipt sér af afurðaverðinu, hlaut vísitalan að hækka gífurlega og þar með útgjöld ríkisins. Þá var það, sem bændur buðust til að slá af sínu afurðaverði, *ef aðrar stéttir hækkuðu ekki sín laun.* Það var búnaðarþing, sem tók þessa ákvörðun, og hún var tekin í þeirri trú, að það mundi greiða fyrir myndun þingræðisstj. af hálfu þeirra fl., sem mátti gera ráð fyrir, að væru ábyrgir um atvinnuvegina. Búnaðarþingsfulltrúarnir höfðu mikla ástæðu til þess að ætla, að þetta leiddi til stjórnarmyndunar með þeim fl., sem höfðu gert samþ. á fundum um þessi mál. En ekkert af því, sem hafði verið lofað, var efnt. Í staðinn fyrir, að mynduð væri borgaraleg stj., var mynduð öðruvísi stj., þar sem fl., sem stóð á byltingargrundvelli, kom inn í stj., og hér kom á allt annað stjórnarkerfi heldur en það, sem búnaðarþing hafði gert ráð fyrir.

Í staðinn fyrir að stöðva kauphækkanir var nú kaupið hækkað stórkostlega, t. d. í mörgum iðngreinum. Þannig voru bændur gersamlega sviknir í þessum efnum. Þar sem það er orðið ljóst nú í dag, að öll þessi loforð hafa verið svikin, fyndist mér eðlilegast, að frv. þetta yrði fellt, og um það ætla ég að koma með dagskrá, þar sem sagt er, að grundvöllurinn sé fallinn undan þeirri málamiðlun, sem gerð hafði verið. Nú er tækifæri fyrir Alþ. til þess að fella burtu þessa samþ., sem bændur voru gabbaðir til að gera.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr., ég hef áður tekið fram afstöðu mína til 4. liðarins í þessu frv., að ég er honum andvígur. En mér þykir rétt, í sambandi við brtt. 1212 og 559, að benda á það, að ef þær eru samþ., er að minni hyggju gerður verulegur munur á í þessu efni frá því, sem er í frv., og ríkissjóði bundnar meiri byrðar heldur en ella. Ef frv. yrði samþ. með brtt. 1212, virðist mér augljóst, að til uppbóta komi einnig sú ull, sem félli til á sumrinu 1945.

En af hinu leiðir, að skuldbindingar ríkissjóðs ná miklu lengra en til 15. sept. 1945, sem l. miðast við, því að ekki er hægt um það að segja, hvenær vörur, sem framleiddar hafa verið eða framleiddar yrðu á þeim tíma, yrðu seldar til útlanda.

Nú held ég, að enginn geti á móti því mælt, að ástæðan til þess, að tekið var að greiða útflutningsuppbætur, var sú, að venjulegir markaðir fyrir þessar vörur hafa lokazt, og því bæri að bæta bændum það. En þess er að gæta, að ef styrjöldinni lýkur hér í Evrópu segjum í vor eða næsta sumar, þá verða þessir markaðir opnir. En ef þessi brtt. verður samþ., gilda uppbótagreiðslurnar áfram, þó að vörurnar verði seldar á sínum gamla, eðlilega markaði, ef ekki næst það verð, sem þarf til þess að jafnast á við það, sem reiknað hafði verið út af sex manna nefndinni.

Mér þótti rétt að vekja athygli á þessu, að hér er um verulega breyt. að ræða frá því, sem í frv. greinir.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að viðhafa langar umr. um þetta mál. En það er þó tvennt, sem ég tel ástæðu til að minnast á.

Ég vil þá fyrst leiðrétta þann misskilning, sem hér hefur komið fram, að uppbætur á landbúnaðarafurðir séu eingöngu miðaðar við það, að markaðir hafa lokazt í þeim löndum, þar sem þessar vörur hafa að nokkru leyti verið seldar. Ég held nú, að meira sé við það miðað af löggjafans hálfu, að vegna styrjaldarinnar sé skapað ósamræmi milli verðlags á þessum vörum og verðlags á ýmsum öðrum vörum, og því sé rétt að bæta þetta upp og það sjónarmið sé ekki á neinn hátt horfið, þó að vörurnar verði, eftir að stríðinu er lokið, seldar á öðrum markaði en nú.

Þetta er fyrra atriðið, sem ég vildi minnast á. Í framhaldi af því vil ég taka fram það, sem ég hef oft minnzt á áður, þótt í lengra máli væri, að ég sé ekki betur en bændur hafi í styrjaldarlok í sjálfu sér næstum sama rétt og þeir höfðu samkvæmt sex manna nál. Þeir hljóta að verðleggja sína vöru í samræmi við þær reglur, sem þar eru settar og eru alls kostar eðlilegar. Ég skil ekki, að hægt sé að leggja á það annan mælikvarða, hvort sem stríðinu lýkur í vor eða síðar.

Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að vaktar hafi verið vonir hjá bændum í sambandi við þær ályktanir, sem þeir gerðu um eftirgjöf á verðlagi sínu á landbúnaðarafurðum. Ég veit ekki, hvað Sjálfstfl. hefur gert í þessum efnum. En það hefur verið tekið skýrt fram áður hér í hv. d. og sömuleiðis af búnaðarþingsfulltrúunum, sem tilheyrðu Framsfl., að það, sem þarna var ályktað, var ekki á neinn hátt gert í sambandi við stjórnarmyndun milli Sjálfstfl. og Framsfl., og á fundi, þar sem ég var viðstaddur á Selfossi, tók ég það skýrt fram. (**BBen:** Er þetta þá eintóm skröksaga?) Það er svo margt, sem fer á milli mála, og getur einhver hafa borið þessa sögu þannig. En þetta hefur ótvírætt verið tekið fram, og ég held, að þeir fulltrúar, sem sátu á búnaðarþingi, muni engir votta, að þannig hafi verið skýrt frá málinu af hálfu Framsfl. Þetta er einmitt það, sem álitið var nauðsynlegt að byrja að lækka. Bændur vildu verða fyrstir til og að aðrir kæmu á eftir. Það voru því mjög mikil vonbrigði, hvernig við þessu var snúizt, og það má fastlega gera ráð fyrir, að bændur endurtaki ekki slíkt tilboð. En þó að þannig hafi verið farið að af þeirri stjórn, sem mynduð var, nýjar kauphækkanir látnar viðgangast á ýmsum sviðum, álít ég, að bændur vilji og eigi samt sem áður að standa við þetta tilboð, sem þeir gerðu, og það jafnvel þótt forsendurnar séu að ýmsu leyti breyttar, því að ég álít satt að segja, að hlutur þeirra, sem hafa hækkað, eftir að bændur báru þetta fram, sé nógu slæmur fyrir því, eins og á eftir að koma á daginn innan stundar, þegar á að bjarga sér fram úr erfiðleikunum næsta haust. Má enn fremur minna á það, að ef frá því er horfið nú, eftir að farin hefur verið þessi leið fram á þennan dag síðan í haust, virðist mér, að mundi skapast það ástand í þessum málum, að yrði vafasamur greiði fyrir þjóðfélagið að gera slíkt.

Frsm. (Magnús Jónsson): Hv. þm. Str. tók það fram, sem ég annars ætlaði að minnast á og minntist líka á áðan, að það er alls ekki rétt, að nokkuð hafi verið svikið af því, sem lofað var í þessum efnum. Má segja, að bændur eða ýmsir menn hafi orðið fyrir vonbrigðum, af því að ekki lækkaði verðlag allt í landinu í samræmi við þessa lækkun, sem bændur gengu inn á. En það er ekki hægt að segja, að um nein svik hafi verið að ræða.

Í grg. frv., eins og það var borið fram í upphafi, er þessi ályktun búnaðarþings almenns eðlis og ber þetta allt skýrt með sér. Þar er ekkert minnzt á stjórnarmyndun, ákveðna flokka eða stjórn, enda veit ég ekki, hvaða hugmyndaflug það hefði verið, ef búnaðarþing, *ópólitísk stofnun, sem kemur saman fyrir hönd bænda* sem stéttar, hefði þar verið að ráðstafa því, í hverra hendur stjórn landsins hefði átt að koma, ekki einfaldara mál, þegar þingið hafði setið yfir því svo að árum skipti.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að því, sem hv. 3. landsk. sagði um ástæðurnar til þess, að útflutningsuppbætur eru greiddar á útfluttar landbúnaðarafurðir. Það er raunar rétt hjá honum, að ein ástæðan og hún nokkuð veigamikil var sú, að markaðir höfðu lokazt. Og þetta var miðað við það. En ég held, að þetta hafi þó ekki verið eina ástæðan, og eins og nú er komið, er það alls ekki ástæðan, og væri mjög illa til fundið, ef nú eftir dúk og disk ætti að fara að fella niður þessar útflutningsuppbætur á þeim vörum, sem hér er um að ræða, því að vitað er, að það samkomulag, sem gert var á haustbúnaðarþinginu, var miðað við það, að útflutningsafurðirnar yrðu bættar upp.

Ég skal ekki fara út í þá deilu, sem varð um sex manna nál. En ég held ákveðið, að aðalkaupin, sem gerð voru, hafi ekki að öllu leyti verið fórn af bænda hálfu, heldur að nokkru leyti kaup. Annars vegar féllu bændur frá hækkun, sem þeim hefði borið eftir l., en fengu á hinn bóginn það tryggt, að útflutningsvörurnar yrðu bættar upp, og þetta fékk svo síðan sína sögulegu afleiðingu, að þeir bændur, sem að mjög litlu leyti a. m. k. framleiða vörur til útflutnings, urðu óánægðir.

Jónas Jónsson: Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp þá rökst. dagskrá, er ég ber fram, svo hljóðandi:

Þar sem sex manna sáttmálinn hafði fullkomið lagagildi og átti að tryggja sveitabændum jafna afkomu öðrum stéttum, þá áttu samkvæmt því tekjur bænda að hækka í haust sem leið um 9,4%, en um það leyti, sem hækkunin átti að gerast, taka fulltrúar á búnaðarþingi á sig þá síðferðilegu ábyrgð að mæla með, að þessi hækkun

falli niður, enda var bændum heitið því, að þá þegar yrði mynduð þingræðisstjórn tveggja stærstu borgaralegu flokkanna og að sú stjórn skyldi þá undir eins koma í framkvæmd hliðstæðri lækkun á launum og kaupgjaldi. En þegar til kom, var ekki staðið við neitt af þessum heitum, heldur var mynduð ríkisstjórn með flokki, sem ekki starfar á borgaralegum grundvelli. Auk þess hefur kaupgjaldið verið hækkað mjög mikið og nýlega fullgerð launalög með stórfelldri launahækkun. Þar sem því það, sem hér um ræðir, er byggt á algerlega röngum forsendum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég vil, fyrst ég stóð upp, víkja örfáum orðum að ræðum hv. þm. Str. og hv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. Str. hélt því fram, að það hefði ekki neitt komið til tals sú stjórnarmyndun, sem um getur í nefndri dagskrá. Hann veit manna bezt, að þessu var öðruvísi háttað, enda ekki lengra að rekja en það, að þessu máli var komið svo langt um það leyti, sem búnaðarþinginu sleit, að þessir flokkar auglýstu saman fundarhöld og sendu báðir valið lið á þessa fundi. Var ekki neitt verið að fara í launkofa með það gagnvart bændum, að hér væri verið að byrja nýtt tímabil og nú ætti að fara að framkvæma það, sem þeir á búnaðarþingi óskuðu eftir, þ. e. að lækka dýrtíðina.

Það er staðreynd, að hv. þm. Str. gekkst fyrir því með núverandi hæstv. forsrh. að undirbúa þessa herferð á uppreistarsvæðinu með þeim málflutningi, sem þeir héldu uppi. Ég vil benda á, að það var ekki neitt smáræði, sem þeir höfðu gert, þar sem hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. S.-M. voru saman eins og beztu bræður austur í Árnessýslu og gengu hvor við annars hlið út í hina nýju baráttu, sem var í þann veginn að hefjast, þessir hv. þm., sem þó hafa ekki borið gæfu til samþykkis sín á milli.

Ég held, að það taki varla gagnvart hv. þm. Str. að þessu sinni að leggja fram önnur gögn en þessa fyrirhuguðu herferð, sem hann og hæstv. forsrh. stóðu fyrir og bændur áttu að skilja svo sem þessir tveir flokkar væru að taka upp sameiginlega gegn dýrtíðinni.

Út af orðum hv. 1. Reykv. um uppbæturnar vil ég minna hann á það, að annaðhvort var sex manna nál. einskis virði eða það gilti yfirleitt um allar afurðir bænda. Það segir sig sjálft, að launalögin, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur ötullega barizt fyrir, eru sama fyrir launastéttina og sex manna nál. fyrir bændur. Hv. þm. veit, að launalögin eru til þess að tryggja þeim, sem undir þau koma, vissa fjárhæð á mánuði, meðan l. standa, og uppbætur eftir því sem l. standa til. En sex manna nál. var einmitt sömu launalög fyrir bændastéttina, bundin við það, hvað atvinnugreinar við sjóinn borguðu sínu starfsliði. Alþ. hefur sett l. og hefur því tekizt sömu skyldur á hendur gagnvart bændum og gagnvart launamönnum með launalögunum.

Það gleður mig, af því að ég hef alltaf ánægju af að hlusta á hv. 1. þm. Reykv. og hann hefur verið talsmaður í launal., að heyra hans skýringu flokksins vegna, hvernig hafi átt að skilja þetta, og að Morgunblaðið hefur á ábyrgð flokksins talið þetta algerlega bindandi, og svo er birt yfirlýsing í sama blaði, að þetta sé ekkert að marka og að það hafi verið klókindi af bændum að reyna að fá eitthvað, sem gagn var í, af því að þeir hafi engan rétt haft.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt rökst. dagskrá frá hv. þm. S.-Þ., eins og hann hefur lýst og las upp, svo hljóðandi: [sjá að framan].

Þessi rökst. dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að ræða þessa dagskrá frekar en ég gerði áðan, en ég held, að það sé samt sem áður rétt fyrir hv. þdm. að gera sér ljóst, hvaða ástand hún skapaði fyrir íslenzka bændur og þjóðfélagið í heild, ef hún væri samþ. Ég get í því sambandi minnt á þál., sem var samþ. 26. sept. 1944, en inn á það ætla ég ekki að fara nánar.

Það hefur sérstaklega verið skorað á mig að segja í fáum orðum, hvernig ég skilji sex manna sáttmálann og dýrtíðarl. að því er snertir þetta mál. Ég held, að allir, sem kynna sér sex manna nefndar álitið, verði að viðurkenna, að það er tvennt ólíkt að segja, að þetta samkomulag sé ónýtt fyrir bændur og að það jafngildi því, að þjóðfélagið hafi fyrirskipað þjóðfélaginu að greiða bændum ákveðið verð. Það er tvennt ólíkt að halda því fram, að sex manna nefndar álitið hafi ekki það lagagildi, að það fyrirskipi ríkissjóði að borga bændum ákveðið verð fyrir landbúnaðarvörur, og svo hitt að vilja ekki ganga inn á þá skýringu, að það hafi litla þýðingu fyrir bændur, því að það hefur vissulega mikla þýðingu. Þetta álit, sem þar er gefið út og er í samræmi við dýrtíðarl. frá 1943, þýðir það, að sú n., sem þar var skipuð, kom sér saman um, að það verðlag, sem ætti að vera á landbúnaðarafurðum, til þess að rétt hlutfall næðist við kaupgjald, og hvernig það ætti að breytast, til þess að það væri í samræmi við kaupgjald annarra vinnandi stétta landsins, skyldi vera eins og þar er tiltekið. Þarf ég ekki að fara út í það, því að flestir þekkja þetta, að það, sem bændur áttu um að velja, var að setja verðið í samræmi við þetta álit, án þess að hafa nokkra vissu fyrir, að þeir fengju þetta verð, því að það er hvergi neinn stafur fyrir því í sex manna nefndar álitinu eða dýrtíðarl., að ríkissjóður eigi að greiða þessa peninga, en þeir, sem halda því fram, að þau séu jafngild launal., þeir yrðu að koma með það.

En hver er þá réttur bænda í samræmi við þessi launal.? Hann er þessi: Verðlagsn. á kjöti og mjólk geta, þegar þær koma saman til að verðleggja þessar vörur, gert álitsskjal um, hvað mikið af vörunum, kjöti og mjólk, mundi verða selt á erlendum markaði og hvað mikið mundi fást fyrir þær þar, og það er vitað, að það er miklu lægra en þær eru seldar á innlendum markaði. Síðan geta þær verðlagt vörurnar á innlendum markaði það hátt, að bændur fái til jafnaðar fyrir allar vörurnar það verð, sem sex manna n. sagði, að bændur ættu að fá. Þennan rétt hafa bændur samkvæmt sex manna nefndar álitinu. En ef þeir hafa rétt til að segja: „Þetta er verðið, sem við þurfum að fá, og þetta verður ríkissjóður að borga," þá hefur kjötverðlagsn. gert hrapalleg afglöp, en það hefur hún ekki gert. Réttur bænda hefur verið og er sterkur, af því að n. gat sagt við ríkisstj. 1943 og 1944: „Nú fæst ekki nema

þetta á erlendum markaði, og þar af leiðandi verðum við að setja verðið þetta hátt á innlendum markaði," en það var 18 kr. s. l. ár. En þá kom ríkisstj. og sagði: „Í guðs bænum gerið þetta ekki, því að það stöðvar allt hjá okkur." Þá sagði n.: „Setjið þið þá það verð, sem þið álítið, að sé þannig, að hægt sé að reka íslenzka framleiðslu." Þá sögðu þeir 1943: „Svona mikið ætlum við að borga niður." Um leið og þeir settu verðið á þessa vöru bændanna á innlendum markaði, þá fyrirbyggir hún, að bændur geti náð því verði, sem þeir eiga að fá samkvæmt sex manna nefndar sáttmálanum, því að verðið er svo lágt t. d. á kjöti, að ef það á að vera í samræmi við það, sem það þarf að vera til að halda dýrtíðinni niðri, þá er ómögulegt að borga á það þær uppbætur, sem þarf, eitt einasta ár.

Þegar stj. tiltók, að verðið á árinu 1945 skyldi vera eins og 1944, tók hún á sig þá ábyrgð að bæta upp vörurnar á erlendum markaði, og það er þessi juridiski réttur, sem við höfum haldið fram, að bændur hefðu. Stj. tók þannig á sig löglega skyldu til að greiða uppbæturnar. Þessu hefur verið haldið fram á Alþingi, og þetta álít ég, að sé tvímælalaus réttur. En stj. gat eins sagt: „Nei, elskurnar mínar, við borgum ekki einn eyri, setjið þið verðið svo hátt, að þið getið af því borgað sjálfir uppbót á útfluttu vörurnar, og þá fáið þið heildarverð samkvæmt sáttmálanum." En hún gerði það ekki, því að þá hefði orðið stöðvun á framleiðslunni. En bændur gátu sett þessa kosti, það er alveg rétt hjá hv. þm. S.-Þ. Þeir gátu sagt við ríkisstj.: „Annaðhvort borgið þið verðlið niður og við fáum verð samkvæmt sex manna álitinu eða við setjum 18 krónur á kíló af kjöti og tilsvarandi á mjólk." Þetta gátu þeir sagt síðasta haust. Þetta er þeirra réttur, en þeir eiga ekki neina kröfu á ríkissjóð, eins og haldið hefur verið fram.

Bændur voru ekki skyldugir að fara þá leið, sem þeir fóru s. l. haust. Ég skal ekki segja, hvaða vonir þeir hafa gert sér í því sambandi. Hitt er alveg rétt, sem ég lýsti yfir áðan, að þessi eftirgjöf þeirra er á engan hátt frá þeirra hendi gerð vegna þess, að fyrir hafi legið yfirlýsing eða loforð um, að mynduð yrði ríkisstj. framsóknar- og sjálfstæðismanna, en það kann að vera, að menn hafi gert sér vonir um það, ég skal ekkert um það segja, en þeir gerðu sér áreiðanlega vonir um, að fleiri lækkuðu hjá sér og að þetta tilboð þeirra yrði til að lagfæra fjármálaástandið í landinu, en ekki, að allt mundi hækka. En eins og nú er komið, álít ég ekki eðlilegt að snúa við.

Sex manna nefndar álitið er því stórkostlegur réttur fyrir íslenzka bændur. Eftir að þeir hafa boðið þetta haustið 1944, kemur september 1945, og þá hafa bændur rétt til að hækka um 9,4%, því að þeir gáfu aðeins eftir fyrir eitt ár. Við getum sagt, að þessi samningur hafi verið gerður eingöngu til reynslu til að sjá, hvort þingið, stéttirnar og þjóðfélagið er fært um að taka þessu tilboði og lækka víðar. En bændur hafa ekki einu sinni leyfi til að hækka um 9,4% næsta haust. Þeir hafa líka leyfi til að hækka í samræmi við allar kauphækkanir, sem gerðar verða á árinu. Og næsta haust í september segja bændur án tillits til, hvort stríðið verður búið eða ekki: „Þetta er hlutfallið, sem var ákveðið af hagstofustjóra Íslands, hlutfall, sem okkur var líka ákveðið af fulltrúum Alþýðusambands Íslands." Og þá kemur sama tilfellið aftur, og ég skal ekki segja, hvort þeir gera það sama aftur, en þennan rétt hafa þeir eins næsta haust. Og þess vegna er þetta réttur þeirra, eins og ég hef nú verið að túlka. Það er ekki juridisk krafa á þjóðfélagið, sú krafa er ekki til, heldur hafa þeir rétt, sem sjálfsagt er að nota, til að setja verð á afurðir sínar í samræmi við sex manna nefndar álitið, sem tryggði þeim hlutfallslega sömu tekjur og öðrum stéttum. Þess vegna er það, að bændur í raun og veru kjósa um það tvennt næsta haust, hvort þeir vilja framfylgja til hins ýtrasta að setja 18 krónur á kjötkíló til að geta bætt það, sem selt er á erlendum markaði, því að stj. getur sagt: „Við borgum ekki einn eyri," og þá geta bændur sett 18 krónur á kjötkíló til að bæta sér sjálfir það verð, sem fæst fyrir útfluttu vörurnar. Þennan rétt hafa þeir vitanlega, hvort sem stríðið verður búið næsta haust eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi stj. hafi farið með þetta mál mjög mikið öðruvísi en æskilegt hefði verið, svo að ekki sé sterkara að orði komizt, og að hún hafi ekki sýnt sig í vináttu við bændur, eins og þeirra mál hafa verið afgr. á þingi. En samt sem áður vil ég heldur, að bændur hafi gert það, sem þeir gerðu, en að þeir hefðu ekki gert það. Hitt er allt annað mál, þegar þeir eru teknir eins og gert hefur verið, þó að þeir skapi sér nýtt vöruverð, og bændur geta miklu betur gagnvart íslenzku þjóðfélagi staðið sig við það, eftir að þeir eru búnir að bjóða fram gagnkvæma lækkun og því boði hefur ekki verið tekið og síðan að lækka einir og því er svarað með hækkun frá hinna hálfu, því að þá geta þeir ekki lengur haldið áfram, úr því að sú fórn, sem þeir færðu, hefur ekki haft minnstu áhrif. Ég tel því, að bændur séu búnir að gera sitt ýtrasta og þeirra aðstaða sé því nú raunverulega sterkari en hún hefði verið, ef þeir hefðu farið þá leið að setja verðið s. l. haust á 18 krónur með þeim afleiðingum, sem það hefði haft fyrir íslenzkt þjóðfélag. En svo langt getur þetta gengið, að þegar þeirra fórn hefur enga þýðingu, þá eru þeir neyddir til þess, sem þeir hefðu ekki annars viljað gera.

Gísli Jónsson: Út af nokkrum ummælum, sem fram hafa komið í þeirri dagskrá, sem hv. þm. S.-Þ. hefur borið fram, þykir mér rétt að leiðrétta nokkuð af því, sem þar kemur fram. Hann m. a. heldur því fram, að bændur hafi verið sviknir á tvennan hátt, fyrst og fremst um það, að ekki hafi verið mynduð ríkisstj. af Framsfl. og Sjálfstfl. í sambandi við þessa eftirgjöf. (**JJ:** Það voru ekki alveg þau orð.) Þetta hefur verið leiðrétt af öðrum. Hv. 1. þm. Eyf. fór um þetta nokkru mildari orðum, en hann hefur dregið það til baka, og hv. þm. Str. hefur lýst yfir, að það sé alveg tilhæfulaust. (**BSt:** Ég sagði aldrei annað en að það hefði verið búizt við því.)

Hv. þm. S.-Þ. segir einnig, að bændur hafi verið sviknir með því, að launahækkun hafi farið fram hér á landi á sama tíma sem bændur gáfu eftir. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt. Ég vil leyfa mér að benda á, að í bráðabirgðaákvæðum þessa frv. stendur, að ef kaupgjald hækkar á þessum tíma, þá áskilji þeir sér rétt

til að hækka vöruverðið í samræmi við það. Þarna er sleginn varnagli við því, að ef svo skyldi fara, að ekki tækist að lækka vinnulaun í landinu, ekki tækist að halda þeim í skefjum, heldur að þau hækkuðu, þá skyldu bændur fá það upp borið með hækkuðu verði á sínum vörum. Þessi rök eru nægileg til að sýna, að fullyrðingar hv. þm. í dagskránni eru algerlega út í loftið.

Mér hefur virzt hv. þm. halda fram, að það hafi verið farið ákaflega illa með bændur í þessu máli. Nú hef ég verið einn af þeim, sem hafa haldið mjög fast á rétti bænda í þessu máli, en mér þykir rétt í sambandi við þessi mál að benda hv. þm. S.-Þ. á þær staðreyndir, sem blasa við í þessu máli. Er þar fyrst að benda á, að þegar hagstofan safnaði gögnum 1942, var tekið framtal ákveðinna manna úr Reykjavík og víðs vegar um land, og niðurstaðan varð sú, að meðaltekjur manna, sem búa í þorpum, sem hafa yfir 300 og upp í 1000 íbúa, hafa á árinu 1942 verið 7600 krónur, meðaltekjur manna, sem búa í kauptúnum yfir 1000 íbúa, hafa verið 10100 kr., og meðaltekjur verkamanna og iðnaðarmanna í Reykjavík eru þetta ár rúmar 14000 kr., en verðlag á afurðum bænda innan lands er miðað við það, að þeir fái 14000 kr. í tekjur. Þessum tölum er ekki hægt að mótmæla, því að þær liggja skjallega fyrir. Er hér miðað við meðalbú, og hefur verið talið af mörgum, að það væri heldur lítið bú. Þá er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að bændum er skapað það verðlag, að þeir geta fengið rúm 14 þúsund, meðan enginn maður, sem býr utan Reykjavíkur, hefur sömu meðaltekjur. Það er því ófyrirgefanlegt að halda fram, að Alþ. hafi hér farið illa með bændur.

Árið 1943 verður talsverð breyt. á þessum tölum, þannig að þá eru meðaltekjur manna í þorpum 9900 kr., meðaltekjur manna í kauptúnum yfir 1000 íbúa rúmar 14000 kr., en meðaltekjur iðnaðarmanna og verkamanna í Reykjavík rúmar 20000 kr., og þá ættu meðaltekjur bænda að hækka að sama skapi og skrúfan að halda þannig áfram, þangað til hækkunin er orðin svo mikil, að eitthvað verður að gera til að laga þessi mál. Og þá var það, að bændur vildu heldur tryggja sér það, sem þeir hafa tryggt sér, að fá uppbætur á útflutningsafurðirnar, heldur en að taka á sig þá áhættu, sem hv. þm. Str. minntist á, að setja 18 krónur á kjötið og mega búast við að geta ekki selt nema örlítinn hluta af sínum afurðum.

Ég vil þá minnast á fullyrðingar hv. þm. Str. um það, að vitanlega ættu bændur rétt á þessu sama næsta haust án tillits til þess, hvort stríðinu væri þá lokið eða ekki. Ég er þar á annarri skoðun. Dýrtíðarl. frá 1943 eru staðbundin við það, að þau gildi ekki nema meðan stríðið standi, og það var einmitt vegna þess, að bændur litu svo á, þegar þeir gerðu samþykkt sína á búnaðarþingi, að kannske væri þá komið að stríðslokum, að þeir voru fúsir til þessarar eftirgjafar. Ég hef aldrei fyrr heyrt þann skilning á dýrtíðarl., að bændur ættu rétt á þessu eftir stríðslok eða kannske um aldur og ævi. Ég hygg, að það verði ekki sú stefna, sem verður tekin upp í þessu máli. Ég held, að þann dag, sem stríðið í Evrópu hættir, þá hafi bændur ekki lengur þann lagalega rétt, sem dýrtíðarl. veita. Hitt er annað mál, hvort þeir eigi siðferðilegan rétt til að vera ekki lægra settir en aðrir. En öll deilan um þetta mál stafar af þeirri stórkostlegu hagsmunastreitu, sem hefur verið milli bænda og verkalýðsins í sex manna n., því að bændur álitu, að þeir hefðu undanfarin ár haft minni tekjur en verkamenn og þess vegna þyrfti að setja þá hærra. En þetta álíta allir. Þarf þar ekki annað en að líta á þann urmul af brtt., sem komið hafa fram við launal. í Nd. Allir vilja þar komast upp undir það, sem þeir hæstu hafa. Ef í þessari n. hefðu verið ábyrgari menn en þar voru, sem hefðu unnið þannig, að það væri ekki þeirra hagur, að tekjur bænda færu sem hæst upp, þá hefði n. aldrei orðið sammála. En þeir sáu sér hag í, að afurðir bænda færu sem hæst upp til þess að launin færu sem hæst upp. Þess vegna vildu þeir láta vöruverðið fara sem hæst upp, svo að dýrtíðin færi sem hæst. (**BSt**: Vilja þeir það ekki enn?) Það getur vel verið. Og Alþingi var svo óhamingjusamt, að þar var enginn, sem sá þetta, og bændur sáu ekki heldur fótum sínum forráð, en nú eru menn farnir að sjá þetta betur, eftir því sem tímarnir líða.

Og dagskráin er sýnilega fyrst og fremst flutt til þess að komast í útvarpið. En ég held hv. þm. ætti að taka þessa till. til baka í trausti þess, að ekki líði langur tími, þangað til hann fái aftur inni í sínu gamla blaði. Ég veit, að dagskráin er ekki samin til annars en komast í útvarpið. (**JJ**: Þm. er af skáldakyni.) Útvarpið er eina tækið, sem hann getur komið máli sínu á framfæri í. En honum hefur oft tekizt betur að halda á pennanum en í þessari till. Það er ekki hægt að sjá, að hún sé samin af þm. S.-Þ. Hún er líka rituð við erfið skilyrði hér í hliðarherbergjunum. Ég vona hann dragi þessa dagskrá til baka og geymi hana, þangað til hann verður betur upplagður til að koma þessu máli til sinna manna.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég ætla mér ekki að segja margt. Ég sé eftir þeim tíma, sem fer í að ræða um þetta mál, þar sem telja má víst, að ákveðið sé að samþ. það.

Það gæti orðið langt mál, ef farið væri að ræða um dýrtíðarlögin almennt og sex manna nefndar álitið, eins og hv. þm. Str. var að gera, og hvaða réttindi fylgdu því. En mér finnst nokkur vafi leika á um það, sem hann sagði um þetta. Ég fyrir mitt leyti er ekki búinn að sjá, að ákveðið hafi verið 18 kr. verð á kjötkg síðastliðið haust. Því að eftir lögum og reglum er ekki tryggt, að öll varan seljist, og ekki tryggt að bæta upp útflutta kjötið. Er því bezt fyrir bændur, að kjötið seljist innan lands. Annars eru nokkur vafaatriði í dýrtíðarlögunum frá 1943. Þar stendur t. d., að við ákvörðun verðlags skuli tekið tillit til verðs á erlendum markaði. Mér hefur virzt ágreiningur vera um það, hvernig skilja bæri þetta. Álit sex manna n. er í raun og veru ekkert annað en áætlun, þar sem því er slegið föstu, hvaða tekjur bændur á meðalbúum þurfi að hafa til þess að hafa tekjur í samræmi við aðrar vinnandi stéttir. Með tilliti til þess á n. að ákveða verð á landbúnaðarvörum, svo að ætla megi, að bændur fái þessar tekjur. Fram yfir þetta nær tryggingin ekki. Þetta er auðvitað afar mikils virði, eins og hv. þm. Str. tók fram. Þarna eru ákveðin hlutföll milli stéttanna.

Hv. þm. S.-Þ. vildi líkja sex manna álitinu við launalögin og virtist telja, að þar væri um hliðstæð mál að ræða. Úr því hv. þm. minntist á þetta, ætla ég að fara um það nokkrum orðum.

Auðvitað eru launal. og sex manna álitið ákaflega ólík l., m. a. vegna þess, að ef ætlað er að tryggja bændum laun, þá verður ríkið að hafa fullkomið eftirlit með framleiðslu þeirra. Ekki geta sýslumenn ákveðið sjálfir, hve margir þeir eru, t. d. 100 eða 1000 og allir með sömu laun. Ef bændur ættu að hafa ákveðnar tekjur hliðstætt og embættismenn, yrði ríkið að hafa vald til að ákveða, hve margir bændurnir skuli vera og hvað þeir framleiða. Það er ómögulegt, að þeir reki sjálfstæðan atvinnurekstur, en sé tryggð föst laun hjá ríkinu. Í þessu kemur einmitt fram grundvallarmunurinn á þessu. Hitt er svo annað mál, ef ríkið ætti allar jarðir og ræki búin og hirti afrakstur inn af þeim, þá væri hægt að tryggja bændum ákveðin laun fyrir að reka þau. En þá værum við líka komnir í yfirkommúnistiskt skipulag. Og þá mætti fyrst segja, að bændur væru komnir í sams konar aðstöðu og embættismenn. En svo má geta þess, að bændum er alveg frjálst að reka bú sín þannig, að þeir hafi meiri tekjur, í stað þess, að embættismönnum eru tryggð ákveðin laun og ekki meir. (**JJ**: Og svo eru það bitlingarnir.) Í þeim efnum gildir sama máli um bændur og aðra. Þeir mega stunda hvað þeir vilja utan við sitt starf, t. d. sitja á þingi. Svo að þetta er alveg hliðstætt fyrir báða aðila. Annars er alveg óþarfi að vera að ræða þetta. Ég veit, að hv. þm. S.-Þ. sagði þetta ekki vegna þess, að hann meinti það. Hann vill tefja málið af einhverjum dularfullum ástæðum. Menn hafa tekið eftir því, að hann heldur mikið af ræðum nú og hefur ekki sérstaklega mikinn áhuga á, að störfin gangi mjög fljótt. Ef dagskráin væri athuguð gaumgæfilega, gæti ég trúað, að hulinn vísdómur kæmi í ljós, því að hann vill sýnilega ekki, að málið gangi rétt fram.

Annars hef ég ekki margt við það að bæta, sem ég sagði í síðustu ræðu minni. Um dagskrána er það að segja, að hvort sem hún er skynsamleg eða ekki er ómögulegt að samþ. hana, vegna þess hvað mikil ósannindi eru í henni. Slíkt getur maður ekki gert með hreinni samvizku. Sem formaður útvarpsráðs vil ég segja það, að það verður að fara að takmarka þann rétt, sem nú er, varðandi lestur þingskjala í útvarpið, ef menn fara að nota sér það frelsi til að skrifa heilar blaðagreinar sem rökstuddar dagskrár, en það er nú óheyrt þar til nú. Hingað til hefur allt slíkt verið lesið til þess að reyna að halda útvarpinu hlutlausu í þessum efnum.

Ég vildi svo beina því til allra hv. dm., nema hv. þm. S.-Þ., að þeir færu að afgreiða þetta mál og samþ. frv. eins og það lítur út. Breytingar á frv. leiða til þess, að það verður að fara til Nd. aftur, og það má ekki tefjast mikið, ef það á að verða að l., áður en þingi verður slitið.

Forseti (StgrA): Umr. eru nú þegar orðnar nokkuð langar, en tími takmarkaður. Tveir hv. þm. eru þó á mælendaskrá, og mun ég leyfa þeim að gera örstuttar athugasemdir.

Jónas Jónsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir sanngirnina, sem hann sýnir með því að leyfa okkur að gera grein fyrir máli okkar frekar.

Fyrst vil ég leyfa mér að leiðrétta hinn duglega og frjósama ræðu- og þingskjalagerðarmann, hv. þm. Barð., sem álítur, að það hljóti að vera af eintómri fordild, að ég kem með eina litla dagskrá. Ég verð að játa það, að mér finnst það furðulegt, að þessi þm., sem hefur áhuga á svo mörgum málum, skuli undrast það, þótt aðrir noti sér einn tíunda af þeim rétti, sem hann hefur tekið sér, oft með miklum árangri, til þess að hafa áhrif á gang mála. Fyrsti þm. Reykv. hefur látið svo um mælt, að ég væri að tefja mál hér. Ég vona, að hv. þm. sjái, að það er ekki málþóf, þótt ég ræði þetta mál, því að ég tel þetta stórt fjárhagsmál, þar sem ég álít, að ranglega sé haft af stærstu stétt landsins 8 millj. kr. Og hv. þm. þarf ekki að ofbjóða ræður mínar, þar sem hann hélt stundum tveggja tíma ræður á sínum yngri árum. Mínar ræður eru lítilfjörlegar í samanburði við það.

Þar sem ég hef afar nauman tíma, get ég aðeins stiklað á stóru. Það hefur komið í ljós í þessum umr., að bæði fyrsti þm. Reykv. og þm. Str. vilja ekki viðurkenna þá túlkun á sex manna nefndar samningnum, sem blöð flokka þeirra gerðu, fyrst eftir að samningurinn var gerður. Blöðin túlkuðu samninginn þannig, að bændur gátu ekki skilið orðalagið öðruvísi en að ríkið stæði í ábyrgð fyrir þessum greiðslum. Og þegar ég ber það saman, sem blöð þessara flokka sögðu, eftir að samningurinn var gerður, og það, sem forráðamenn sömu flokka sögðu í haust í sambandi við stórt mál, er þá lá fyrir, og það, sem þessir menn endurtaka nú í þessum umræðum, þá styrkir það mig í þeirri trú, að skoðanaskipti hafi átt sér stað hjá leiðtogum þessara flokka. En vitaskuld má búast við því, ef kjötið hefði verið hækkað upp í 18 kr. kg, að hafinn hefði verið strækur af hálfu þeirra manna, sem búnir voru að hækka kaup sitt. Nú liggur það í hlutarins eðli, að það var lífsnauðsyn að halda landbúnaðarvörunum í lægra söluverði heldur en þær áttu að vera samanborið við aðrar vörur. Þar við bættist, að yfirlýstur tilgangur l. var að veita bændum rétt til að hækka vöruna örlítið, og þegar það er einnig athugað, að Alþ. og ríkisstjórn eru alltaf að lækka hana og lækka, þá er það sönnun fyrir því, að það er siðferðileg skylda fyrir ríkið að borga mismuninn.

Hv. þm. Barð. hafði um það almenn orð og neitaði því, að bændum hefðu verið gefin nokkur fyrirheit. Ég vil minna hann á það, að Morgunblaðið, sem hefur mjög góðar heimildir í Sjálfstfl., deildi á mig í haust fyrir að vera að spilla friðnum með því að koma á fundi, þar sem bændur mótmæltu, vegna þess að þeir töldu sig vanhaldna af því, sem þeir álitu sig hafa rétt til að fá. Þm. Barð. mótmælti því, að það hefði verið sagt í sambandi við stjórnarmyndun. En vildi hann eða einhver annar útskýra það, hvers vegna leiðtogar þessara flokka fóru herferð saman í sambandi við þetta mál?

Ég vil svo enda þetta mál með því að beina því til hv. þm. Barð., sem er eini málsvari síns ágæta flokks hér eins og stendur, að það er staðreynd, að 5 Sjálfstfl.þm. tóku afstöðu gegn stjórninni, vegna þess hvernig stjórnarmyndunin varð. Og

það er eftirtektarvert, að í þessum 5 manna hópi er einn í stjórn Búnaðarfél. Íslands og tveir aðrir búnaðarþingsmenn. Og það er ákaflega ótrúlegt, að þessir þm. hefðu ekki vitað, ef ákveðið hefði verið að ganga í samstarf með kommúnistum. Þetta eru allt áhrifamiklir menn innan Sjálfstfl. og áttu mikinn þátt í að kalla saman búnaðarþingið og réðu þar miklu. Þegar þess er gætt, að þeir tóku svo afstöðu gegn flokki sínum við stjórnarmyndunina, þá er ekki hægt að komast hjá að álykta, að þeir telji, að þeir hafi verið blekktir í sambandi við samköllun búnaðarþings og gerðir þess. Ef hv. þm. óskar að afsanna þetta, verður hann að koma með haldríkari röksemdir gegn þessu en hann hefur gert hingað til. Ég ætla mér að vera fáorður um þetta. Það er vitað, að hv. þm. Str. vann mikið að því að koma á stjórn milli Sjálfstfl. og Framsfl., hvort sem hann hefur nú hugsað sér að vera í henni sjálfur eða ekki, svo að honum var það mikið metnaðarmál að koma þeirri samvinnu á, þótt svona færi.

Það eru rök lífsins, sem styðja þessa dagskrártill. mína, þegar burt verður blásið því óholla andrúmslofti, sem hvílir yfir stjórnarmynduninni og því, sem þar er viðbundið.

Hermann Jónasson: Ég skal, herra forseti, ekki hafa þetta nema örstutt mál.

Ég tók það fram áðan, hvernig ástatt var um stjórnarmyndun þessara flokka og hvaða loforð lágu fyrir búnaðarþingi, þegar það tók afstöðu sína. Þar lágu engin loforð fyrir, heldur hið gagnstæða. Þetta staðhæfi ég hér og tek búnaðarþingsfulltrúana fyrst og fremst til vitnis um, hvort ég fer ekki með rétt mál. Enda hefur þessu ekki verið mótmælt af neinum, heldur hinu verið hampað, að menn hafi gert sér vonir um, að á bak við fælust stjórnarsamningar Sjálfstfl. og Framsfl. En um það, hvað menn hafa gert sér vonir um, skal ég ekkert segja.

Það var verið að tala um, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hefðu farið saman á fund austur í sveit í sambandi við þessi mál. Ég vil segja það, að þegar sá fundur var haldinn, lá nokkurn veginn ljóst fyrir, hvers konar stjórn mundi verða mynduð í landinu. Og hvaða vonir, sem menn kunna að hafa gert sér í sambandi við þessi mál, þá lágu engin loforð fyrir né vilyrði. Um leið og bændur voru að færa fórnir, til þess að reyna að hafa áhrif á fjármál landsins til batnaðar, þá tryggðu þeir sér rétt. Þessir menn voru engir skynskiptingar, sem vissu ekki, hvað þeir voru að gera. Lægra verð afurðanna mundi þjóðfélagslega borga sig, og einnig mundi vinnast markaður innan lands. Það er ekki þýðingarlaust, að nú er mestalls kjötsins neytt í landinu sjálfu. Þannig eru þessar ráðstafanir gerðar. Þetta eru menn, sem gjarnan vildu færa fórnir til þess að rétta við fjármálalífið í landinu, en muna jafnframt að sjá fótum sínum forráð og sjá um sinn hag. Ég er ákaflega hræddur um það, ef þessi dagskrá verður samþ., að það sé ekki greiði fyrir íslenzka bændastétt.

Svo er það annað, sem ég má til með að minnast á, en skal ekki gera það þannig, að það þurfi að vekja deilur. Ég get ekki verið sammála hv. þm. Barð., sem álítur, að bændur hafi raunverulega sama rétt í haust og þeir höfðu áður, ef stríðinu verði ekki lokið þá. Þessi réttur, sem sex manna álitið skapaði, er fyrst og fremst siðferðilegur réttur. Hann er byggður á því, að fundið er, hvað réttlátt er að verðleggja landbúnaðarvörur, til þess að bændur fái réttlátar tekjur. Ég veit ekki, hvernig á að verðleggja vöruna öðruvísi en eftir þessum grundvelli. Ef annað væri gert, væri það svipað og farið væri til húsgagnasmiðs eða manns, sem framleiðir iðnaðarvörur í stórum stíl. Við skulum segja, að hann væri búinn að framleiða í stórum stíl í eitt ár og ætlaði að fara að selja vöruna, svo að hann hefði þær tekjur, sem hann þyrfti að fá til þess að geta borgað iðnaðarmönnum og fleira. Segjum, að þá væri komið til hans og sagt, að hann eigi að lækka vöruna um 25%. Væri þetta ekki rétt kallað eignarán? Sex manna nefndar samningurinn er varanlegur réttur bænda fyrst og fremst vegna þess, að hann er réttlátur. Með honum er þeim skapaður réttlátur réttur. Og réttlætið heldur áfram að vera til, hvort sem stríðinu verður lokið næsta haust eða ekki. Ég álít, ef verðleggja á landbúnaðarvöruna í samræmi við tilkostnað bænda s. l. ár, sé útilokað, að hægt sé að fara eftir öðru en sex manna álitinu. Því að eftir því er hægt að sjá, hvað vörurnar hafa kostað bændur. Ég held því, að aðstaða bænda verði sú sama í haust og hún var s. l. haust, hvað sem stríðinu líður. Og þrátt fyrir það að l. séu úr gildi gengin, þá verður grundvöllur sex manna álitsins áfram til, sjálft réttlætið víkur ekki, þótt stríðinu ljúki. Og ég álít, að einmitt fyrir þær fórnir, sem bændur færðu s. l. haust, verði réttur þeirra enn styrkari næsta haust heldur en nokkru sinni áður. Bændur lækkuðu vöru sína um 9,4%, en aðrar stéttir halda áfram að hækka sínar tekjur. Bændur geta því ekki endurtekið þetta næsta haust, enda ástæðulaust, þar sem það er þýðingarlaust, þótt einn lækki hjá sér, en allir aðrir halda áfram að hækka sínar tekjur. Það er ómögulegt að ætlast til, að ein stétt gefi nema einu sinni 8 millj. kr. til þess að reyna að fá aðra til að fylgja sama máli.

Svo skal ég ekki þreyta hv. d. með frekari umr. um þetta mál, en vil láta þess getið að lokum, að ég vænti þess satt að segja, að hv. þm. Barð. sé og verði á sama máli um þetta atriði, að ekki sé hægt að verðleggja landbúnaðarafurðir eftir neinum öðrum mælikvarða en sex manna n. álitinu.

Gísli Jónsson: Aðeins örstutt. Það kom fram í ræðu hv. þm. Str., að ég væri á móti því að miða verð á landbúnaðarafurðum við álit sex manna n. næsta haust. Ég sagði, að ég liti svo á, að þessi réttur væri ekki lagalegur, eftir að l. voru felld úr gildi. Ég hef ekkert sagt um það, hvernig ætti að verðleggja vörurnar, þegar annað viðhorf blasti við.

Ég vildi bara láta þetta koma hreint fram, því að ræða hv. þm. Str. gaf tilefni til að ætla, að ég væri algerlega á móti því, en það er alger misskilningur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. S.-Þ. felld með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu **já:** JJ.

nei: GJ, HermJ, IngP, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, StgrA.
HG, KA, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svohljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Þar sem mér virðist þessi dagskrártill. fela í sér alranga staðhæfingu, þá sé ég mér ekki fært að greiða henni atkv. og segi nei.

Brtt. 1212 samþ. með 10:1 atkv.
— 559, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ.
nei: JJ.
HG, KA, BrB, StgrA greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Frv. endursent Nd.

Á 139. fundi í Nd., 27. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1235).
Á 140. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1245).

---

109. Gjald af söluverði fisks erlendis.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um gjald af söluverði fisks erlendis (þmfrv., A. 852).

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. og einnig það næsta á dagskrá (frv. til l. um veltuskatt) er flutt af meiri hl. fjhn. að tilmælum hæstv. fjmrh. N. hefur út af fyrir sig ekki tekið afstöðu til þeirra, og vil ég því geta þess strax, að n. mun athuga þau, og væri því ef til vill réttara, að þeim yrði vísað til hennar aftur að lokinni 1. umr. Annars mun hæstv. fjmrh. væntanlega gera grein fyrir þessum tveim frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Eins og form. fjhn. tók fram, hefur fjhn. þessarar hv. d. flutt þetta frv. og einnig það frv., sem er hér næsta mál á dagskrá, eftir beiðni ríkisstj. Fyrir hv. Nd. liggur þriðja tekjuöflunarfrv. frá ríkisstj., er var til 1. umr. þar í gær. — Áður en ég minnist á efni þessa frv., vildi ég fara örfáum orðum um þessar tekjuöflunaraðferðir ríkisstj. í heild sinni.

Ætlazt er til, að þessi þrjú frv., er ég hef minnzt á, frv. til l. um gjald af söluverði fisks erlendis, frv. til l. um veltuskatt og hið þriðja, sem nú er fyrir hv. Nd., frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka, auki tekjur ríkissjóðs um 14—15 millj. kr., ef þau ná samþykki hv. Alþ. Ég tel, að ekki sé ástæða til að fara að ræða hina almennu fjárþörf ríkissjóðs við þessa umr., það mál hefur verið allmikið rætt við fjárl.umr., og munu allir hv. þm. hafa verið sammála um það, að óhjákvæmilegt væri að afla ríkissjóði allmikilla tekna fram yfir þá tekjuliði, sem teknir voru upp á fjárhagsáætlunina. Hitt er svo nokkur ágreiningur um, hversu mikil tekjuþörfin muni vera. Það eru sjálfsagt margir, sem telja, að þær tekjur, sem hér um ræðir með þessum frv., 14—15 millj. kr., muni ekki líklegar til þess að hrökkva fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum ársins 1945. Eins og ég gat um í gær við umr. um tekjuöflunarfrv. það, sem lá fyrir hv. Nd., er vitanlega erfitt, bæði fyrir ríkisstjórnina og einstaka hv. þm., að gera nokkrar fullyrðingar um þetta fyrir fram, — það veltur svo mjög á, hvernig fram vindur í atvinnulífi þjóðarinnar á þessu yfirstandandi ári, — en ef atvinnulífið helzt í svipuðu horfi og undanfarið og ef svo verður um viðskipti, bæði innflutning og útflutning, tel ég ekki verulega ástæðu til að óttast, að þær tekjur, sem inn ættu að koma í ríkissjóð, ef þessi þrjú frv. verða samþ., hrökkvi ekki nokkurn veginn fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Það er að vísu svo, að ef fullar uppbætur verða greiddar á allar landbúnaðarafurðir, sem eru framleiddar á þessu ári, þá nemur sú fjárhæð töluvert meiru en ætlazt er til, að þessi þrjú frv. gefi í tekjur, og er ekki óhætt að reikna með, að sú fjárhæð nemi minna en 25 millj. kr., ef allar þessar afurðir yrðu fluttar út á yfirstandandi ári.

Ég skal láta þess getið, að ríkisstjórnin hefur orðið sammála um að bera ekki fram till. um frekari skattaálögur á þessu þingi. Ef einhver tekjustofn brygðist, væri hægt að koma því í lag, er Alþ. kemur saman í haust.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að frv. því, sem hér liggur fyrir.

Frv. á þskj. 852 gerir ráð fyrir því, að á útfluttan fisk á árinu 1944 skuli leggja 2% gjald, þ. e. á brúttósölu. Þess skal getið, að nokkurt ósamræmi er milli þessa frv. og frv. um veltuskatt. Hér er um að ræða skatt á útfluttan fisk 1944, en veltuskattinn á að leggja á atvinnurekstur inn í heild 1945.

Ástæðan til þess er sú, að það er kunnugt, að veiðiskip hafa haft mjög góðan tekjuafgang árið 1944, en óvíst er um það á næsta ári, 1945. Mörg skip hafa og skipt um eigendur, og þess vegna þótti varhugavert að leggja veltuskatt á þau, því að óvíst þótti, hvernig innheimta slíks skatts mundi ganga þar, sem svo var ástatt.

Að öðru leyti má segja, að þetta frv. miði að því að taka tekjur þar, sem fé er fyrir, þ. e. a. s. af stríðsgróðanum, og hann er ekki annars staðar frekar en hjá útgerðinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 852, n. 1077).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Frv. þetta var í upphafi flutt af meiri hl. fjhn. þessarar hv. d., fyrir tilmæli hæstv. ríkisstj., og er eitt af þeim skattafrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið nú að tilhlutun hæstv. ríkisstj. N. flutti þetta frv. þá án ábyrgðar, að maður getur sagt. En því var svo vísað til hennar aftur, og hún hefur yfirfarið frv. og mælir eindregið með því, að það verði samþ. óbreytt, að öðru leyti en því, að leiðrétt verði tilvísun í 3. gr. frv., og leggur n. til, að gerð verði á frv. sú breyt. við 3. gr. frv., að í stað „1. gr." komi: 2. gr., — og er þetta leiðrétting á villu, sem hefur slæðzt inn í frv.

Það var, sem sagt, meiri hl. fjhn., sem flutti málið í upphafi, og sá hv. nm., sem ekki var með í þeim meiri hl., sem mundi því verða minni hl. n. um þetta mál, var ekki viðstaddur á fundi, þegar málið var afgr. í n., svo að ekki verður sagt um afstöðu hans til þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 1077 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1087).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 93. fundi í Sþ., 12. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1087).

Á 127. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1087, n. 1166, 1167, 1169).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 1169. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Það er nú allt það fyrsta að hefja umr. um málið, því að brtt. var verið að útbýta núna og nál. ekki komið enn.

Frv. er sem kunnugt er borið fram af hv. fjhn. Ed. eða meiri hl. hennar, samkv. beiðni hæstv. fjmrh.

Að efni til fjallar frv. um að leggja skuli sérstakt gjald á útflutningsverðmæti fiskafla þeirra skipa, sem veiða og flytja fiskinn sjálf á erlendan markað, og þetta er miðað við s. l. ár, 1944. Það er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs af þessum l. verði rösklega 2 millj. kr. Fjhn. þessarar d. var sammála um að mæla með, að frv. næði fram að ganga að efni til óbreytt, en n. taldi rétt að ræða við tollstjórann í Rvík um formshlið málsins, þar sem hann, eins og kunnugt er, mun verða að fjalla um meiri hlutann af innheimtu þeirra tekna, sem hljótast af samþykkt frv.

Eins og frv. kemur frá hv. Ed. er gert ráð fyrir, að þeir menn eða félög, sem hér um ræðir, geri sérstakt framtal, jafnhliða framtali til skatts, um fisksölu sína erlendis árið 1944.

Tollstjóri hefur talið þetta óþarft og til þess eins fallið að gera framkvæmdirnar seinlegri og erfiðari en vera þurfi.

Eins og hv. þm. mun kunnugt, gera skipstjórar á þeim skipum, sem sigla með eigin afla á erlendan markað, skýrslu fyrir hverri sölu að aflokinni hverri ferð. Samkv. þessum skýrslum skipstjóra er útflutningsgjald lagt á fiskinn, og tollstjóri hefur talið eðlilegra og einfaldara í framkvæmd að miða einnig þennan skatt við þessa skýrslu, en bíða ekki eftir síðasta uppgjörinu.

Það er upplýst, að aflamagn, og þá um leið verð, verður svo að segja það sama samkvæmt þessum skýrslum og hinum endanlegu skýrslum Fiskifélagsins. Smávegis munur hefur þó komið fram á þessum tveimur framtölum, en hann er svo óverulegur, að það er ekki talið skipta neinu máli.

Samkvæmt 2. gr. frv. er gengið út frá því, að þetta gjald leggist aðeins á þann fisk, sem veiddur er á þeim skipum, er sjálf flytja hann á erlendan markað.

Tollstjóri hefur bent á, að það komi alloft fyrir, að slík skip kaupi fisk í íslenzkum höfnum til viðbótar eigin afla. Þess vegna þykir rétt að bæta við 3. gr. frv. ákvæði um, hvernig með skuli farið, þegar skip siglir bæði með eigin afla og afla, sem það hefur keypt í íslenzkri höfn. Þær reglur, sem lagt er til, að bætt verði við 3. gr. frv., eru í samræmi við þá reglu, sem höfð hefur verið varðandi útflutningsgjöld, þegar eins hefur staðið á, að skip hafa siglt bæði með eigin afla og keyptan fisk. Þá hefur útflutningsgjaldið verið lagt á samkv. kaupverði aflans hér heima, en síðan skipt eftir þeim reglum, sem um getur í viðbótinni við 3. gr.

Þá er lagt til, að 6. gr. frv. verði umorðuð. Upphaflega var svo ráð fyrir gert, að um innheimtu þessa gjalds og lögtaksrétt fari samkv. l. um tekju- og eignarskatt, nr. 6 frá árinu 1935. Þetta taldi tollstjóri óþarft og að það mundi heldur verða til trafala. Samkv. þessu yrði að innheimta gjöldin á manntalsþingum, og kæmu þau inn á skattaskrár. Þetta mundi valda því, að innheimtan færi fram á mismunandi tíma og á mismunandi stöðum, sem varla eru þó fleiri en 4: Hafnarfjörður, Reykjavík, Patreksfjörður og Akranes, og að þetta mundi dragast nokkuð fram eftir árinu og rétt sé að láta gjöldin falla í gjalddaga ekki síðar en 1. maí, og taldi tollstjóri þó, að vel mætti hafa

hann fyrr á árinu, og væru þá sett ákvæði um dráttarvexti.

Ég ætla, að þessar breytingar, sem eru eingöngu formlegar, þurfi ekki frekari skýringa við. Fjhn. var sammála um að mæla með þeim og einnig sammála um mæginefni frv., þar sem augljóst er, að þau fiskiskip, sem flytja veiði sína sjálf á erlendan markað, hafa haft allmiklu betri afkomu en önnur fiskiskip á s. l. ári. Þykir því rétt, að þau taki þátt í að mæta tekjuþörf ríkissjóðs með því að skila honum nokkru af þeim hagnaði frá s. l. ári.

Ég sé hér till. frá hv. þm. Borgf., sem n. hefur ekki haft tækifæri til að athuga og ég get ekki gert að neinu leyti að umræðuefni hér, því að ég hef ekki haft tíma til að lesa hana. Ég vænti þess, að hv. þm. muni gera grein fyrir henni.

Pétur Ottesen: Ég hef á þskj. 1169 flutt tvær brtt. við þetta frv. Önnur þeirra er við 2. gr. frv., en hin er við 3. gr. þess, þar sem lagt er til að umorða þá grein.

Eins og þetta frv. liggur hér fyrir, og það hefur þegar hlotið samþykki í Ed., þá er gert ráð fyrir, að það verði tekið ákveðið gjald, 2%, af andvirði þess fisks, sem þau skip, sem um ræðir í þessu frv., hafa aflað og flutt sjálf á erlendan markað.

Ég hef flutt hér brtt. við 2. gr., þar sem ég legg til, að þeir einstaklingar eða félög, sem beðið hafa halla á árinu 1944 af þeim rekstri, er l. þessi taka til, séu undanþegin þessum gjöldum, enda færi þeir aðilar sönnur á það fyrir ríkisskattanefnd, að um halla á rekstrinum hafi verið að ræða.

Mér finnst það því mjög hart, að einstaklingur eða félag, sem hafa rekið útgerð sína með halla, skuli ekki vera undanþegin þessu gjaldi. Með tilliti til þessa hef ég flutt þessar brtt. á þskj. 1169, og eru málavextir þannig, að ég tel ekki gerlegt að leggja viðbótarskatt á taprekstur.

Það gildir allt öðru máli þar, sem mikill gróði hefur safnazt fyrir, en þegar um taprekstur er að ræða, horfir þetta allt öðruvísi við, enda eru þá að engu orðnar þær forsendur, sem þetta er byggt á.

Ég vænti því, að hv. deild geti fallizt á að samþ. hina fyrri brtt. mína. Um hina brtt. mína, við 3. gr., er það að segja, að hún er umorðun, sem felur í sér, að umboðslaun og annar sölukostnaður erlendis skuli dreginn frá, áður en skattur er lagður á, og er brtt. svo hljóðandi:

„Við 3. gr. Greinin orðist svo: Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn, þegar frá hafa verið dregin umboðslaun og annar sölukostnaður erlendis.“

Mér virðist það full sanngirniskrafa að haga þessu þannig, að þessi hluti kostnaðar sölu aflans sé undanþeginn skatti. Og vil ég geta þess, að mér finnst, að brýn þörf þurfi að vera fyrir, ef það á að leggja þennan skatt á útgerðina, þegar litið er á ástandið og skipastólinn. Flestir togararnir eru gamlir og litlir, og þegar taka skal upp samkeppni við erlend ríki með togara af nýjustu gerð, verður sú samkeppni hörð, ef ekki dauðadæmd.

Það er því mjög illt að þurfa nú að nýju að skerða aðstöðu þeirra, sem að útgerðinni standa, til þess að færa þennan hluta útgerðarinnar í það horf, að hann verði samkeppnisfær.

Ég vænti því, að brtt. mínar séu þess eðlis, að þær verði samþykktar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Hér er um að ræða eitt af þeim skattafrv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið eða fengið flutt. Hér er farið inn á nýja leið í tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Það er sem sé lagt til, að tekinn verði skattur af veltu fyrirtækja án tillits til hagnaðar eða taps, og tel ég þetta mjög varhugaverða stefnu, enda ólíkt því, sem áður hefur verið, þar sem aðrir skattar eru miðaðir við það, að tekjur séu fyrir hendi.

Þó gegnir öðru máli um þennan skatt en veltuskattinn, því að flest fyrirtæki, sem hér um ræðir, hafa verið rekin með gróða. Vegna þess að mér er ljós þörf ríkissjóðs til tekjuöflunar, vildi ég ekki leggjast á móti þessu í fjhn., en skrifaði undir með fyrirvara, því að mér finnst þetta varhugaverð leið.

Hv. þm. Borgf. hefur flutt hér tvær brtt., og finnst mér sú fyrri a. m. k. eiga rétt á sér.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Borgf., hvort hann gæti ekki fallizt á að taka till. sínar aftur til 3. umr., svo að fjhn. geti athugað þær.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég get að sjálfsögðu orðið við bón hv. frsm. um að taka till. mínar aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1167,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 1167,2 (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1167,3 (ný 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 135. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1181, 1185).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 1185. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég tók aftur í gær brtt. við þetta frv. á þskj. 1169, og ég gerði það eftir ósk frá hv. frsm. fjhn. Nú geri ég ráð fyrir, að n. hafi athugað þessar brtt., og hefði ég búizt við því að heyra frá n. um þá niðurstöðu, sem hlotizt hefði af þeirri athugun. Hv. frsm. hefur ekki kvatt sér hljóðs enn þá, en gerir það sjálfsagt síðar. Ég vil aðeins taka það fram, að ég hef flutt hér brtt. við þessar brtt. mínar, sem leiðir af því, að frv. var nokkuð breytt hér í hv. d. í gær. Og varð sú breyt. þess valdandi, að breyta þurfti nokkuð orðalagi í síðari brtt. minni. Ég hef nú flutt þessar brtt. hér í heild og hef umsamið síðari brtt. þannig, að sú brtt. geti fallið inn í

frv. eins og það er orðað nú, og ég tek þess vegna brtt. á þskj. 1169 aftur, og þessar koma þá í þeirra stað.

Mér þykir ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég skírskota til þeirra raka, sem færð voru hér fram í gær fyrir þessum brtt., um leið og ég nú legg fram þessar brtt. á ný með dálítilli breyt., sem gerð er með tilliti til þess, að frv. var breytt í gær.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Hv. þm. Borgf. lýsti, sem eðlilegt var, eftir áliti fjhn. á brtt. hans. Því miður get ég ekki flutt hér álit n. Eins og hv. þm. er kunnugt, eru allmörg stórmál hjá þessari n. Hún sat á rökstólum frá kl. 5 í gær til kl. 3 í nótt við að afgr. launal. og fleiri mál. Þessar brtt. frá hv. þm. Borgf. voru að vísu nokkuð ræddar á fundi n. Og það get ég sagt, að þær hlutu ekki stuðning n. Það, sem ég að öðru leyti segi um þessar brtt., segi ég frá eigin brjósti, en ekki í umboði n.

Um fyrri liðinn er það að segja, að ég fæ ekki skilið, að á honum geti verið þörf. Það er ekki sennilegt, að þau fiskiskip, sem hafa veitt fisk og flutt afla sinn á erlendan markað 1944, hafi verið rekin með tapi. Hitt virðist upplýst, að þau skip öll hafi verið rekin með miklum hagnaði. Læt ég svo útrætt um þá brtt.

Í síðari brtt. er gert ráð fyrir að draga frá heildsöluverði aflans umboðslaun og annan sölukostnað erlendis, áður en skatturinn er lagður á. Þetta mundi út af fyrir sig leiða til þess að lækka nokkuð þær tekjur, sem af þessum skatti mundu fljóta, en aðalatriðið er það þó ekki, ef allt færi fram með felldu. En mér virðist í það minnsta, að þarna sé verið að opna leiðir til þess, sem frekar kynnu að verða til þess að draga mjög úr áhrifum þessa skatts.

Ég mun því greiða atkv. móti báðum þessum brtt., og ég get endurtekið það, að af þeim umr., sem fóru fram í fjhn. um þessar brtt., virðist það vera ljóst, að n. vill ekki gera þær að sínum till. og mæla með þeim sem slíkum.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég gat þess, þegar ég reifaði þessar brtt. hér í gær, að fyrri brtt. væri flutt út af ákveðnu atviki, vegna þess að eitt félag, sem mér er vel kunnugt um, tapaði á rekstri s. l. ár. Það er ástæðulaust fyrir frsm. að rengja þetta, því að fyrir því liggja fullkomin rök og staðreyndir.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði um síðari brtt., þá er það rétt, að hún lækkar dálítið þennan skatt, sem hér er um að ræða. En mér virðast liggja svo góð og gild rök fyrir því að draga þann kostnað frá, áður en skatturinn væri reiknaður út, að það bæri að gera. Og þess vegna hef ég flutt þessa brtt. En ég skal ekki endurtaka þau rök, sem ég um þetta hef sýnt hér áður, það er ástæðulaust. En ég vildi aðeins skjóta þeim tilmælum til hæstv. forseta, þegar til atkvgr. kemur, að ég óska eftir nafnakalli um fyrri brtt.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi í sambandi við það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði um athugun fjhn. á þessu máli, taka það fram, að mér fyrir mitt leyti þykir rétt að samþ. fyrri brtt. frá hv. þm. Borgf. Ég tel það mjög sanngjarnt, sem þar er farið fram á.

Um hina brtt. er það að segja, að ég tel, að það, sem þar um ræðir, skipti minna máli. Það er talið, að það sé ef til vill einhverjum erfiðleikum bundið að framkvæma það, sem felst í till. Um það skal ég ekki fullyrða. Ef fyrri brtt. yrði samþ., tel ég minni ástæðu til þess að samþ. þá síðari, því að ef þeir aðilar eru undanþegnir gjaldinu, sem hafa orðið fyrir tjóni á árinu 1944, þá mundi það ekki hafa eins mikla þýðingu, þó að þessi umboðslaun og annar sölukostnaður yrði ekki dreginn frá, áður en skatturinn er lagður á. En ég vil sérstaklega mæla með fyrri brtt. á þskj. 1185.

ATKVGR.

Brtt. 1185,1 felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, EystJ, HarJ, HelgJ, IngJ, PZ, PÞ, PO, SK, JörB.

nei: STh, SÁÓ, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, LJós, SigfS, SG, SEH.

10 þm. (ÞG, ÁÁ, BÁ, GG, GSv, JakM, JJós, JPálm, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Brtt. 1185,2 felld með 14:7 atkv.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 134. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mál þetta hefur tekið svo miklum breytingum í Nd., að mér finnst ástæða til að ræða það nokkuð, og vildi ég fyrst og fremst beina orðum mínum til hæstv. fjármálaráðherra.

Í 3. gr. frv. á þskj. 1181 segir: „Nú hefur verið seldur úr skipi erlendis ásamt eigin afla þess fiskur, keyptur í það úr öðrum skipum, og skal þá gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, greitt af heildsöluverði alls farmsins, að frádregnum þeim hluta þess, er svarar til hlutfallsins milli þunga þess fisks, er keyptur var í skipið, og þunga alls farmsins, er úr því var seldur erlendis.“ Með þessu er gengið á rétt útgerðarmanna, og vil ég nefna dæmi þessa um smærri skip. Þessi skip flytja um 150 vættir og geta aðeins fiskað ⅔ parta sjálf og það af ódýrari fiski. Nú er um 4 pund hver vætt, og þá er aflinn um 4000 pund. Af þessu mega þau nú, samkv. breytingum þeim, sem gerðar hafa verið í Nd., greiða 107 pund í stað 80 punda áður, og gildir þetta um 300 pund á ári. Nú má segja, að 300 pund sé ekki mikið í raun og veru, en þessi skip standa svo tæpt og hafa barizt í bökkum, og er þessi tollur því ósanngjarn.

Stærri skip, sem samkv. 2. gr. skyldu greiða um 170 pund af afla sínum, verða nú samkv. þessari breytingu að greiða 190 pund. Ég hygg, að þetta hafi ekki verið meining ríkisstj., og mun ég því bera fram skriflega brtt. við þetta. Ég vil benda á, að það er enginn vandi að vita,

hvaða verð fæst fyrir fiskinn, og skal ég veita fjhn. þau gögn, sem til þess þarf.

Þá mun ég og flytja brtt. við 6. gr., um það, að 2. málsgr. hennar falli niður, en hún er um það, að sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af því 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, er greiðslan dregst fram yfir gjalddaga.

Þetta er ranglátt, en ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vænti, að þessari umr. verði frestað og fjhn. taki brtt. mínar til greina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1226) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (StgrA): Hæstv. atvmrh. hefur óskað eftir, að umr. yrði frestað.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Fyrir hönd fjhn. vil ég segja það, að sjálfsagt er að taka þessar till. til athugunar, en þá vænti ég þess, að hæstv. forseti hagi svo störfum, að tími vinnist til þess.

Umr. frestað.

Á 136. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 137. fundi í Ed., 27. febr., var fram haldið einni umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hef athugað nokkuð nánar þetta mál, síðan ég bar fram brtt. á þskj. 1226, og tek ég þær báðar aftur, en ég ber fram skriflega nýjar brtt., og hefur hæstv. fjmrh. fallizt á þessar till. sem hinar eðlilegustu og sjálfsögðustu breytingar, sem gerðar yrðu á frv., og leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta þær.

Brtt. eru svo hljóðandi: [sjá þskj. 1240].

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1240) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég vil aðeins mæla með því, að till. hv. þm. Barð. verði samþ. Ég get ekki séð, að breyt. þær, sem gerðar voru á þessu frv. í Nd., séu til bóta. Ég tel eðlilegast, að skattanefndir reikni út þennan skatt sem aðra, og er auðvelt fyrir þær að fylgjast með því, að framtalið sé rétt, því að þær hafa öll skjöl hér að lútandi.

Ég legg því til, að till. hv. þm. Barð. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 1240,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 1240,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 1240,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 140. fundi í Nd., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A 1241).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1246).

---

110. Laun starfsmanna ríkisins.

Á 45. fundi í Ed., 19. sept., var útbýtt:

Frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins (þmfrv., A. 306).

Á 47. fundi í Ed., 21. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 22. sept., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Í frv. því, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er lagt til að nema úr gildi 2. kafla l. um laun opinberra starfsmanna, þann kafla þeirra l., sem fjallar um launaákvæði. Enn fremur hefur verið lagt til að nema úr gildi launaákvæði um skipun barnakennara og enn fremur ýmis önnur launalög.

Í stað þeirra l., sem lagt er til, að numin séu úr gildi, er hér borinn fram sérstakur lagabálkur um launakjör starfsmanna ríkisins. Eins og kunnugt er, þá voru þau launal., sem við eigum nú við að búa, afgreidd á Alþ. 1919, á fyrsta ári eftir, að fyrri heimsstyrjöld lauk. Þau l. höfðu verið undirbúin af sérstakri mþn., sem skipuð var á árinu 1914 og vann sitt verk á árinu 1915 og fram til 1919.

Eins og sést á þessum ártölum, þá er það ljóst, að launal. hafa verið samin, meðan fyrri heimsstyrjöldin var í algleymingi, og afgreidd á fyrsta ári eftir styrjöldina, einmitt á þeim tíma, þegar mest umrót var á fjármálaástandi þjóðarinnar og verðlagi öllu. Það lætur því að líkum, að l. muni bera þess nokkur merki, á hvaða tíma þau eru orðin til.

Þeim, sem stóðu að samningu launal.frv., og eins hv. alþm., sem fjölluðu um það á sínum tíma, var það fullkomlega ljóst, að þegar unnið var að undirbúningi l. og þau síðan afgreidd hér á Alþ., þá stóðu yfir alveg sérstakir tímar. Mönnum var þá fullljóst, að ekki væri hægt að reikna með því verðlagi og fjármálaástandi, sem þá var hér í landi, og að þar væri ekki um varanlegt ástand að ræða, heldur um sérstaka verðsveiflu, sem líklegt væri, að breytast mundi, þegar frá liði.

Það þótti því ekki tiltækilegt, þegar launal. voru afgreidd á árinu 1919, að miða sjálf launaákvæðin við það verðlag, sem þá var hér í landi, heldur var horfið að því ráði að miða launaákvæðin sjálf við það ástand, sem hér hafði verið í verðlagsmálum árin áður en styrjöldin brauzt út, en þar til viðbótar ætti að koma nokkur hækkun, sem talið var, að mundi að fullu svara til þeirra tíma, sem koma mundu að afliðinni heimsstyrjöld.

Það varð að ráði, þegar l. voru lögð fyrir Alþ.,

að ákveða 25% ofan á vísitöluna, sem þá gilti, og þótti sanngjarnt að miða við það í framtíðinni. Það má geta þess, að í meðferð þingsins var gengið fram hjá þessu, án þess að um verulega breyt. væri að ræða, að orð sé á gerandi. Nú hefur það verið og var ljóst eftir fyrra stríðið, að sú áætlun, sem þingið hafði miðað launal. við, kom ekki til að standast að styrjöldinni lokinni. Þessi 25%, sem áætlað var að leggja ofan á vísitöluna, reyndust ekki í samræmi við laun og verðlag og þóttu því ófær. Vísitalan reyndist árið 1919 vera 348 stig, 436 stig 1920, 331 stig 1921, og á árunum 1922 til 1929 sveiflaðist vísitalan fram og aftur frá 226 upp í 331. Á seinustu árum fyrir yfirstandandi styrjöld reyndist vísitalan 271 stig.

Af þessu er ljóst, að launaákvæði launal. frá 1919 hafa í rauninni aldrei reynzt í neinu samræmi við þær áætlanir, sem upphaflega var byggt á. Þær forsendur, sem Alþ. reisti þessi l. á á sínum tíma, hafa algerlega brugðizt og grundvöllur l. ekki orðið eins og til var ætlazt. Þetta hefur mönnum verið ljóst og það frá því fyrst eftir, að farið var að framkvæma lögin.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að bæta úr þessu og til þess að mæta þeim halla, sem opinberir starfsmenn hafa orðið fyrir, þar sem þau fyrirheit, sem þeim voru gefin með launal., hafa ekki rætzt. Sumar og jafnvel flestar hafa þessar ráðstafanir orðið til þess að bæta að nokkru úr þeim ágöllum, sem hér hafa orðið, en aðrar af þeim ráðstöfunum hafa í rauninni orðið til þess að gera illt verra og skapa ósamræmi milli starfsmanna ríkisins innbyrðis. Sú fyrsta ráðstöfun, sem gerð var til þess að bæta úr þessu, var sú, að Alþ. ákvað að greiða starfsmönnum ríkisins launauppbót, miðaða við vísitöluna. Að þessu varð að vísu nokkur og talsverð bót, en hins vegar galli einn á þessu í framkvæmdinni, sem lá fyrst og fremst í því, að þessi vísitala, sem hér var farið eftir, var byggð á nokkuð veikum grundvelli og að ákveðið var, að ekki skyldi greiða uppbót af launum nema undir vissu marki, og auk þess hækkaði eða lækkaði vísitalan af greiddri uppbót hlutfallslega. Þó að þannig væri að þessari greiddu uppbót nokkur hjálp, þá vantaði mikið á, að hún væri fullnægjandi til að mæta því óréttlæti, sem opinberir starfsmenn hafa orðið fyrir við það, að launal. komu ekki til með að svara til þeirra krafna, sem gert var ráð fyrir í upphafi, þegar l. voru sett.

Það hafa enn fremur verið gerðar ýmsar aðrar ráðstafanir til að bæta opinberum starfsmönnum upp þennan halla, sem þeir hafa beðið. Það, sem er sérstaklega áberandi í þessu máli, fyrir utan greidda uppbót, er, að talsvert hefur verið farið inn á þá braut að greiða einstökum starfsmönnum aukaþóknun fyrir ýmis störf. Sum þessara starfa hafa beinlínis verið hluti af því starfi, sem starfsmaðurinn átti að vinna, og aukaþóknunin eingöngu til að sniðganga lagaákvæðin, en önnur störf hafa verið meira og minna tilfundin.

Þessar uppbætur og launuðu aukastörf hafa að sjálfsögðu hjálpað talsvert þeim, sem hafa fengið þau, og að sjálfsögðu komið þeim til góða, en ekki er það almenn bót á launal., heldur þvert á móti skapar það ósamræmi og óeðlilega hlutdrægni milli einstakra starfsmanna og hefur þannig orðið til þess að skapa óánægju hjá einstökum starfsmönnum. Þess hefur einnig mjög orðið vart á afgreiðslu Alþ. á ýmsum launamálum og framkvæmdum í sambandi við ýmsar lagasetningar, að nauðsyn væri talin á því, að eitthvað væri betur búið að launakjörum embættismanna en launal. hafa gert ráð fyrir. Sérstaklega hefur það komið fram í því, að embætti, sem mönnum hafa verið veitt, eftir að launal. voru sett, falla ekki undir l. sjálf. Hafa störf þessi annaðhvort verið launuð skv. úrskurði Alþ. eða ráðherra verið falið að ákveða þessi laun. En niðurstaðan hefur allajafna verið sú, hvort sem þing eða ráðherrar hafa ákveðið, að laun þessara starfsmanna hafa farið langtum hærra en laun þeirra, sem taka laun skv. launal. Hefur þetta að sjálfsögðu einnig orðið til að auka glundroða og ósanngirni hjá þeim starfsmönnum, sem tekið hafa laun skv. launalögunum.

Þegar launamálan., sem skipuð var á árinu 1943, fór að athuga þessi mál, komst hún að þeirri niðurstöðu, að glundroðinn í þessum málum væri nú slíkur, að í landinu væru hvorki meira né minna en 77 l. um launakjör starfsmanna hins opinbera. Og öll eru þessi l. sett, án þess að nokkrar sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að hafa þar samræmi á. Aðbúnaður hins opinbera við starfsmenn sína, að því er laun þeirra varðar, hefur frá því 1919, er l. um laun þeirra voru sett, verið þannig, að í fyrsta lagi voru þau byggð á grundvelli, sem fær ekki staðizt, og síðan þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að bæta úr þessu, ýmist verið ófullnægjandi eða ósanngjarnar, þannig að þær skapa misrétti milli starfsmanna hins opinbera.

Alþingi hefur löngu verið þetta ljóst, og á þingi 1933 var svo komið, að ákveðið var að skipa sérstaka mþn. með fimm mönnum til að athuga öll þessi mál og koma fram með ný launal., þar sem reynt væri að samræma laun opinberra starfsmanna. Þessi n. vann ákaflega mikið verk við að kynna sér þessi mál, safna skýrslum og gögnum og útbúa ýtarlegt frv. Það frv. var afhent ríkisstj. síðari hluta ársins 1934, en hún lagði það ekki fyrir Alþ. Einn nm. í þessari n., hv. 1. þm. Árn., lagði frv. fyrir Alþ. 1935 og aftur 1936, án þess að það fengi afgreiðslu.

Það, sem gerzt hefur í þessu máli, síðan þessi n. hóf starf sitt, er það, að einstakar launastéttir hafa fengið nokkrar uppbætur á laun sín, án þess að heildarendurskoðun fram til ársins 1943 hafi farið fram á þessum l. Það má sérstaklega benda á, að 1938 voru laun kennara við Menntaskólann hækkuð um 750 krónur á ári, en þeir höfðu verið með lakast launuðu embættismönnum ríkisins. Árið 1940 var háskólakennurum, safnavörðum og verkfræðingum veitt tveggja þús. króna launauppbót. 1941 fengu sýslumenn og bæjarfógetar sams konar uppbót. 1942 voru laun presta og héraðslækna bætt nokkuð. Árið 1943 var samþykkt að greiða starfsmönnum hins opinbera 25 til 30% hækkun á nokkurn hluta launa þeirra. En jafnframt því er skorað á ríkisstj. að láta endurskoða launal. og útbýta heildarskýrslu um málið.

Með bréfi, dags. 12. júlí 1943, skipar fjmrh. mþn. til að undirbúa þetta frv. Sjö menn áttu sæti í n., einn frá hverjum þingflokki, tveir starfsmenn hins opinbera og einn án tilnefningar.

Þegar þessi n. tók til starfa, hafði fjmrn. unnið mjög þýðingarmikið undirbúningsstarf við að safna skýrslum o. fl. Þessi milliþinganefnd skilaði frv. sínu í desember 1943 til ríkisstjórnarinnar .....

Þá varð það að ráði, að við fjórir þm. í þessari d., hver úr sínum flokki, skyldum bera frv. fram, eins og það kom frá mþn. Okkur er að sjálfsögðu ljóst, að þótt við berum frv. fram, eins og n. hefur látið það fara frá sér, þá má mjög um það deila, hvort einstökum starfsmönnum er skipað í flokka eins og vera skyldi og laun á ákveðnum flokkum ákveðin eins og vera ber. Við flm. frv. höfum þess vegna áskilið okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um einstök atriði, en erum sammála um, að sjálfsagt hafi verið að koma fram með þetta frv. nú og vinna að því, ef hægt er, að það yrði afgr. á þessu þingi.

Ég býst við, að þegar menn athuga þetta frv., þá verði það fyrsta, sem spurt er um, hvaða útgjaldaauka þessi l. hafi í för með sér og hvort ríkissjóði sé ekki bundinn of þungur baggi með því að samþ. frv. nú, eins og það er í stórum dráttum. Það hefur verið gerð áætlun um, hversu mikil grunnkaupshækkun verði hjá starfsmönnum ríkisins, ef þetta frv. yrði samþ., miðað við þau grunnlaun, sem ríkið borgaði starfsmönnum sínum árið 1942. Samkvæmt þessari áætlun, þá hefði frv. í för með sér fyrir ríkissjóð grunnkaupshækkun, sem nemur 1362891 kr. Sú lækkun, sem leiddi af ýmsum ákvæðum frv., mundi nema 269331 kr. Heildargrunnkaupshækkun hjá ríkinu í sambandi við þetta frv. yrði þá 1093560 kr.

Ef athugað er, hvort farið sé hér fram á hækkun, sem talizt geti eðlileg eða sanngjörn frá almennu sjónarmiði, miðað við þá aðstöðu í launamálum, sem starfsmenn hins opinbera eiga við að búa samanborið við aðra þegna þjóðfélagsins, þá fæ ég fyrir mitt leyti ekki séð, að með nokkru móti sé hægt að segja, að hér sé farið fram á ósanngjarna hluti. Mér virðist þvert á móti, hvernig sem á þetta mál er litið, að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri með hliðsjón af öllu, sem er að gerast í kringum okkur nú, en að þeir, sem að samningu þessa frv. stóðu, hafi stillt kröfum sínum mjög í hóf og sýnt fyllstu sanngirni. Ef maður lítur á þetta frá almennu sjónarmiði, þá er löngu viðurkennt, að laun opinberra starfsmanna, sem laun taka samkvæmt launalögum, séu og hafi verið það lág, að vart geti talizt lífvænlegt, og ekki sé hægt að segja, að laun þeirra hafi verið í nokkru samræmi við laun annarra starfsmanna þjóðarinnar, sem með nokkurri sanngirni verða bornir saman við þá, sem hér eiga hlut að máli. Þetta er að sjálfsögðu mjög hættulegt fyrir þjóðfélagið, og hefur það áreiðanlega mjög oft komið að sök, því að það er gefinn hlutur, að þegar ríkið getur ekki boðið þegnum sínum, sem það þarf að hafa í þjónustu sinni, sambærileg laun við aðra og ekkert líkt því, þá verður afleiðingin sú, að ríkið getur ekki átt völ á að fá í þjónustu sína hina hæfustu menn, og er það í sjálfu sér mjög hættuleg braut að fara inn á.

Ef maður athugar dálítið þær tölur, sem fyrir liggja og hægt er að miða við hér, þá verður það sérstaklega vel ljóst, hversu mjög öllu er stillt hér í hóf og hversu mikla sanngirni menn hafa sýnt, að því er mér virðist, við samningu þessa frv. í höfuðdráttunum.

Í þessu sambandi vil ég minnast á launalögin frá 1919. Þau voru undirbúin af n., sem starfaði frá 1915 og var skipuð um það bil, sem fyrri heimsstyrjöldin var að byrja. Tilefnið til þeirrar nefndarskipunar var það, að starfsmenn hins opinbera höfðu fyrir löngu kvartað undan, hversu lág laun þeirra væru og mjög í ósamræmi við laun annarra þegna þjóðfélagsins. Þessi krafa hinna opinberu starfsmanna hafði verið athuguð og rædd. Niðurstaðan varð sú, að menn almennt viðurkenndu, að kröfur þeirra og umkvartanir væru á réttum rökum reistar, og til þess að mæta þessum kröfum og verða við þeim var þessi n. skipuð 1914 til þess að undirbúa launalög. Tilgangurinn og grundvöllurinn með skipun n. var því sá, að því er yfirlýst var af öllum aðilum, að undirbúa launalög, sem fælu í sér hækkun og endurbætur á launum opinberra starfsmanna. Það er því vert að athuga, eins og ég hef lítillega minnzt á áður, hvernig til hefur tekizt um þessa fyrirhuguðu hækkun á launum opinberra starfsmanna.

Eins og ég sagði áðan, þá voru launalögin miðuð við verðlagið 1914 að viðbættum 25%. Nú hefur reynslan sýnt, að frá því 1919 hefur vísitalan alltaf verið um og meira en tvöfalt hærri en þessi 125 stig, sem launalögin eru byggð á, stundum upp í og yfir þrefalt hærri. Það er og viðurkennt, að sú dýrtíðaruppbót, sem opinberir starfsmenn fengu á laun sín, hefur hvergi nándar nærri nægt til að mæta þessari hækkun. Útkoman úr þessu öllu verður því sú, að í stað þess að hækka og bæta laun starfsmanna hins opinbera, eins og til var ætlazt 1919, hafa laun þeirra lækkað og versnað, og er þá ekkert tillit tekið til vaxandi krafna, sem menn hafa gert til lífsþæginda, síðan launalögin voru sett. Má því segja, að þarna hafi mjög illa til tekizt og mætti ekki seinna vera en nú, að eitthvað verði úr þessu reynt að bæta.

En þótt ósamræmið, sem opinberir starfsmenn hafa átt við að búa, hafi verið mikið árin 1919—1939, þá hefur það að sjálfsögðu verið miklu meira síðan 1939, og er það beinlínis sannanlegt með tölum, því að þá hækka laun almennings í landinu ákaflega mikið, án þess að nokkur svipuð eða hliðstæð hækkun eigi sér stað hjá opinberum starfsmönnum síðan 1939. Eins og kunnugt er, hafa almennir starfsmenn aðrir en starfsmenn hins opinbera undantekningarlaust fengið greidda fulla dýrtíðaruppbót á öll sín laun. Starfsmenn hins opinbera hafa hins vegar orðið að sætta sig við að fá ekki fulla dýrtíðaruppbót nema á nokkurn hluta launa sinna, enda þótt allir aðrir en starfsmenn ríkisins hafi síðan 1939 fengið launahækkun frá 45 og upp í 120%. Er um þetta skýrsla, sem fylgir þessu frv. nú. Starfsmenn ríkisins hafa hins vegar orðið að sætta sig við að fá 25 og mest 30% grunnkaupsuppbót á nokkurn hluta launa sinna. Er af þessu ljóst, að hér hefur orðið mikil röskun á hlutfallinu á kjörum opinberra starfsmanna og þeirra, sem taka laun sín annars staðar, og bætist þetta ofan á það óréttlæti, sem starfsmenn ríkisins áttu við að búa fyrir árið 1939.

Í sambandi við þær tölur um grunnkaupshækkun, sem skýrsla liggur fyrir um, sem er allt frá 45 og upp í 120%, þá vil ég benda á það, að sú

grunnkaupshækkun, sem farið er fram á í þessu frv., nemur ekki nema liðlega 11%. Krafa opinberra starfsmanna um launahækkun miðað við 1939 er því í rauninni ekki önnur en sú, að fest verði, að vísu með útreikningi, þannig að grunnkaup hækki, sú 25—30% hækkun, sem fengizt hefur á nokkurn hluta launanna, og bætt ofan á 11%. Liggur í augum uppi, að hér er mjög hóflega í hlutina farið og sanngjarnar kröfur gerðar, þó að ekki sé miðað við annað en þá 45—120% hækkun, sem aðrir starfsmenn í þessu landi hafa fengið á laun sín.

Mér virðist því, þegar á þetta mál er litið í heild og athugað, til hvers var ætlazt með l. frá 1919 og hvernig það fór allt, og sú röskun, sem síðan 1939 hefur orðið á hlutfallinu milli starfsmanna hins opinbera og annarra starfsmanna í þessu landi, þá sé ómögulegt að segja annað en hér sé sýnd fyllsta sanngirni.

Það hefur verið athugað í þessu sambandi, hversu mikill hluti af tekjum og útgjöldum ríkisins laun starfsmanna þess hafa verið áður og hvernig hlutfallið yrði nú, ef þetta frv. yrði að l. Árið 1936 voru laun opinberra starfsmanna 33,24% af heildartekjum ríkisins, en samkvæmt þessu frv. yrðu laun opinberra starfsmanna 29,96% af heildartekjum ársins 1942. Hér yrði því um hlutfallslega lækkun að ræða. Nákvæmlega það sama kemur fram, ef athugað er, hvernig þetta kemur út miðað við gjöldin. Árið 1936 eru laun opinberra starfsmanna 33,25% af gjöldunum, en 1942 mundu þau vera 29,6% miðað við þetta frv., þannig að þarna er um hreina hlutfallslega lækkun að ræða, svo að einnig frá þessu sjónarmiði virðist ríkissjóður ekki hafa yfir verulega miklu að kvarta.

Ef maður athugar einstaka launaflokka í þessu frv. og sérstaklega, hver hækkun yrði í hverjum flokki, þá verður það fyrst fyrir, að hjá barnakennurum nemur þessi hækkun stærstri heildarupphæð fyrir ríkissjóð. Samkvæmt uppgjöri, sem fram fór í sambandi við þetta, hefur komið í ljós, að útgjaldahækkun ríkisins, þ. e. a. s. grunnkaupshækkunin, samkvæmt þessu frv. mundi til barnakennaranna einna nema 625556 krónum, en við þessa tölu er þó það að athuga, að í henni eru talin öll laun kennaranna, bæði þau, sem ríkissjóður greiðir, og eins það, sem bæjar- og sveitarfélög greiða, svo og öll hlunnindi, sem kennurunum eru ætluð, svo sem húsnæði, ljós, hiti og þjónusta. Er til þess ætlazt í frv., að þetta verði dregið frá, og að óbreyttum þeim l., sem nú gilda, mundi hluti ríkissjóðs af launahækkun til kennaranna nema 451103 kr., og er það meira en helmingur þeirrar hækkunar, sem frv. gerir á launaútgjöldum ríkisins.

Ástæðan fyrir því, að kennararnir vega svo mikið í þessu uppgjöri, er ekki sú, að laun þeirra séu hækkuð meira en annarra eða til ósamræmis við laun annarra eða að hér sé um sérstaklega stórt átak að ræða í þeirra málum, heldur af því, að kennararnir eru langfjölmennasta launastétt ríkisins. Tala kennara 1942 mun hafa verið 462 alls. Einmitt í þessum mikla fjölda kennara liggur þessi stóra tala. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að laun kennara verði í byrjun 6000 kr. og hækki upp í 7800 kr. Ég þykist ekki þurfa að gera neina sérstaka grein fyrir því, að kennurum sé áreiðanlega ekki oflaunað, þó að byrjunarlaun þeirra verði 6000 kr. Mættu þessi laun sjálfsagt að skaðlausu vera talsvert hærri. En hækkunin til þeirra vegur svo mikið sem ég sagði vegna þess, hvað margir þeir eru, og vegna þess, að þeir hafa áður haft svo lág laun, að þeir eru í rauninni einhver lægst launaða stétt ríkisins, og verður það að teljast óheppilegt og jafnvel stórhættulegt fyrir þjóðina, þannig að Alþ. ætti, eingöngu með hagsmuni þjóðarinnar sjálfrar fyrir augum, að telja skyldu sína og alveg óhjákvæmilega ráðstöfun að bæta laun kennara a. m. k. eins og farið er fram á í þessu frv. Öllum er ljóst, svo að ekki er sérstaklega þörf um að ræða, hversu ákaflega þýðingarmikið starf kennaranna er fyrir uppeldi þjóðarinnar og fyrir þann undirbúning, sem þeir eiga að veita börnum þessa lands undir að mæta erfiðleikum lífsins. Það er þess vegna afar þýðingarmikið, að í þessa stétt veljist helzt ekki aðrir menn en þeir, sem eru vel til þess fallnir og hafa hlotið sérstaka undirbúningsmenntun og þjálfun, enda er nú svo komið, að námstími kennara er fjögur ár í kennaraskóla og þar á undan gagnfræðanám eða m. ö. o. námstími kennaranna, áður en þeir geta tekið við starfi sínu, er orðinn sex ár. Er sannarlega ekki of mikið að launa þeim mönnum, sem ríkið telur nauðsynlegt, að fái slíkan undirbúning undir störf sín, og eiga síðan að gegna jafnþýðingarmiklu starfi og kennarar, eins og hér er gert ráð fyrir.

Það er líka alveg sérstaklega að athuga í þessu máli, að geri Alþ. ekki einhverjar og það róttækar ráðstafanir til þess að bæta hag kennara og það verulega, frá því sem verið hefur, þá er alveg víst, að hér er voði fyrir dyrum og hann stór. Má þar t. d. benda á, að s. l. ár, þegar skólar áttu að fara að byrja, var ekki hægt að fá um 70 kennara í þær föstu kennarastöður, sem nauðsynlegt var að fá menn til að gegna. Það hefur einnig komið í ljós, að í kennaraskólanum eru nú ekki meira en 50 nemendur á hverju ári, en áður voru um 100. Er ljóst, að hér mun enn halla til hins verra frá því, sem þó hefur verið til þessa, með útvegun á mönnum í kennarastöður. Þetta er svo alvarlegt mál fyrir þjóðfélagið, að það er alveg óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir í sambandi við þetta og gera það nú þegar, og þær verða með engu móti gerðar á annan hátt en þann að bæta kjör kennaranna, þannig að hæfir menn vilji leggja þann starfa fyrir sig. Ég vænti því, að menn geti orðið sammála um og að öllum sé ljóst, að nauðsynlegt er að gera nú þegar þessar ráðstafanir.

Þetta var þá um stærsta útgjaldaliðinn í sambandi við þetta frv., útgjaldalið, sem er meira en helmingur af þeim útgjöldum, sem frv. leggur á ríkið.

Um aðra einstaka liði frv. ætla ég ekki að fara mörgum orðum, en vil þó aðeins minnast á nokkra þeirra.

Útgjaldahækkun vegna lækna nemur samkvæmt frv. 47787 kr. á grunnlaun. Ég fyrir mitt leyti verð að segja, að ég furða mig dálítið á því, að þessi upphæð skuli ekki vera hærri en raun ber vitni, því að það er kunnugt og þó alveg sérstaklega frá síðasta þingi, hvílík vandræði og erfiðleikar hafa verið á því að fá lækna til að gegna læknishéruðum úti um land. Það er við-

kennd staðreynd, að þessir erfiðleikar stafa fyrst og fremst af því, að kjör lækna úti um land hafa ekki verið þannig, að menn hafi viljað gegna læknisembættum þar. Er alveg óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bæta úr þessu, þannig að hægt sé að fá lækna í hin dreifðu læknishéruð, en slíkt verður með engu móti gert öðru en því að bæta kjör þeirra manna, sem óskað er eftir í þessi störf. Mér finnst sú uppbót, sem hér er ætlazt til, að komi á grunnlaun lækna, ákaflega lág og að hætta sé á, að hún muni ekki reynast fullnægjandi.

Þá er hækkaður kostnaður vegna prestastéttar landsins, 77915 kr. Um þann lið vil ég aðeins taka fram, að eins og kunnugt er, hafa prestar verið ákaflega illa launaðir og það svo, að þeir hafa verið í hópi þeirra lægst launuðu af starfsmönnum ríkisins. Virðist því ekki annað sjáanlegt en nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að bæta úr því. Virðist mér, að meðan ríkið heldur uppi kirkju og kristindómi í landinu, þá geti ekki talizt með öllu vansalaust að launa ekki þá menn, sem við það starf vinna, þannig, að þeir séu af því fullsæmdir, enda hefur prestastétt þessa lands verið einhver gagnmerkasta stétt landsins fyrr og síðar og lagt einna drýgstan skerf til íslenzkrar menningar fyrr á öldum. Mætti svo verða áfram, ef sæmilega væri búið að henni. Eins og kunnugt er, þá eru nú fjöldamörg brauð prestlaus, a. m. k. 20, af því að ekki hafa fengizt menn til að gegna þeim, og verður ekki úr þessu bætt nema með bættum kjörum presta.

Launahækkun til hjúkrunarkvenna er áætluð samtals 88868 kr. Þær hafa hingað til verið þannig launaðar, að mikill skortur hefur verið á þeim. Þær verða að ganga undir nokkuð langt nám og eiga síðan að gegna mjög ábyrgðar- og þýðingarmiklum störfum. Er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að til slíks starfs veljist ekki nema hæfar konur. Hingað til hefur það verið þannig, að mjög hefur verið erfitt að fá stúlkur til þessa náms. Vantar því nú mjög tilfinnanlega hjúkrunarkonur, og mun það fara versnandi, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að bæta kjör þeirra, þannig að fleiri fáist til að gegna þessu starfi en verið hefur.

Ég hef þá minnzt á nokkra af launaflokkunum og aðeins tekið þá, sem hæst ber. Hina, sem minna ber á, hef ég ekki séð ástæðu til að ræða sérstaklega, enda er þar ekki um neinar verulegar upphæðir að ræða. En ég vænti þess, þegar þetta frv. er athugað í heild og einstakir launaflokkar, þá geti menn orðið sammála um, að hér sé um óhjákvæmilegar og nauðsynlegar réttarbætur að ræða.

Um sjálft frv. í heild get ég verið stuttorður. Frv. er þannig byggt, að starfsmönnunum er skipt í 14 flokka. Hæstu launin eru 14000 kr., en lægstu byrjunarlaun 3600 kr. Það má deila um það, hvort skiptingunni sé heppilega fyrir komið. Verður slíkt athugað í n. Sú deila gæti orðið óendanleg, en ég vildi mega vænta þess, að ágreiningur um það, í hvaða flokk skuli skipa einstökum launamönnum, þurfi ekki að bregða fæti fyrir málið. Bezt er, ef hægt væri að koma frv. í gegn með sem hóflegustum breyt., en ef síðar kæmi í ljós, að á því væru alvarlegir gallar, yrði reynt að leiðrétta þá. Í frv. er tekið upp það nýmæli, að laun, sem starfsmenn ríkisins taka, skuli vera heildarlaun, en lagðar niður þóknanir fyrir aukastörf. Það er ekki nema sjálfsögð regla, sem ætti að vera búið að taka upp fyrir löngu. En að farið hefur verið inn á þá braut að greiða fyrir aukastörf, stafar af því, hvernig launal. hafa verið. Ef launastiginn er færður í rétt horf, er ekki þörf á slíku lengur.

Í 41. gr. er gert ráð fyrir, að full dýrtíðaruppbót skuli greidd öllum, sem laun taka samkv. þessum l. Er þar um reglu að ræða, sem mér finnst sjálfsagt að taka upp, einkum þegar þess er gætt, að þeir, sem taka laun hjá öðrum, hafa fulla og óskerta uppbót án tillits til hæðar launa, og ef sú regla er ekki tekin upp nú, helzt ósamræmið, sem verið hefur milli starfsmanna ríkisins og annarra. Yrði því erfiðara að fá hina hæfustu menn.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir þessu máli, en hef ekki farið nánar út í einstök ákvæði frv., enda á það ekki við við 1. umr.

Loks vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Eins og tekið er fram í grg., skipaði fjmrh. n. samkv. ályktunum, sem gerðar voru á Alþ., til að endurskoða launal. Hún skilaði áliti í marz s. l. Mér er engin launung á, að ég tel hina mestu nauðsyn á setningu nýrra launal. Það er ekki af því, að ég telji, að starfsmenn hins opinbera séu sérlega illa launaðir, þegar allt kemur til alls, heldur er það hið mikla ósamræmi í l., sem verður að lagfæra.

Þessi mál eru orðin mjög flókin og kvartanir af hálfu launþega tíðar. En vegna þess, hvernig nú standa sakir, og í sambandi við hina miklu óvissu, sem ríkir um verðlag í landinu, var ríkisstj. ekki viðbúin að flytja frv. launan. nú. Meðan enginn veit, hvort haldið verður í hemilinn á dýrtíðinni eða atvinnuvegirnir og peningagildið fært í kaf af ótakmarkaðri verðbólgu, er ekki rétt að ákveða neitt til frambúðar í þessu efni. Ég hef látið í ljós, að ég skyldi, strax og líkindi væru fyrir stöðvun dýrtíðarinnar, leggja fram frv. sem þetta, en ástæðan til þess, að ég hef ekki gert það, er sú, sem ég hef nú sagt.

Ég mun ekki fara út í einstök atriði frv. Hv. frsm. hefur gert því mjög góð skil. Aukin útgjöld ríkissjóðs mundu nema um einni millj. að grunnlaunum eða um þrem millj. með dýrtíðaruppbót, og stærsti liðurinn er hækkun á launum kennara. Það má deila um, hvar hverju embætti eigi að skipa í launabálk, en slíkt á vitaskuld ekki að hindra framgang launal., enda er engu slíku til að dreifa af hendi ríkisstj. Alþ. mun segja til um, hvort nú sé rétta stundin að kollvarpa gömlu launal. og setja ný.

Gísli Jónsson: Það má telja framgang þessa máls öruggan, ef marka má af því, að flm. eru úr öllum flokkum, en ég vil mjög taka undir ræðu hæstv. fjmrh., að það sé varhugavert, þó að nauðsynlegt sé að bæta kjör embættismanna, að gera það einmitt nú, meðan ekkert er vitað um, hvort það tekst að skapa þjóðinni í heild betri tekjur en fyrir stríð. Allir vita, að það er að því unnið, ekki bara á Alþ., heldur á meðal allra ráðamanna þjóðarinnar, að hækka svo lífskjör

almennings, að þau verði ekki á sama stigi og var fyrir stríð. En fyrr en þetta er hægt, er hæpið að setja launal., sem byggð eru á öðrum launum í landinu. Fari svo, sem vel getur orðið, að laun öll þurfi að lækka, verða þessi laun ekki lækkuð nema eftir því, sem stöður losna og þarf að veita þær á ný. Það er betri leið að tryggja mönnum nú, sem starfa hjá ríkinu, á annan hátt eðlileg laun, þar til séð er, hvað verður í framtíðinni.

Ég vil benda á, að það er engan veginn trygging fyrir því, þó að þetta frv. verði samþ., að ríkið njóti allra starfskrafta sinna manna. M. a. er í 43. gr. frv. ákveðið um nokkurn hluta starfsmanna, hvað þeir eigi að láta margar vinnustundir á viku, og í flestum flokkum eru ákveðnar aðeins 6 stundir á dag. Það kann að vera, að að því verði stefnt, að enginn megi vinna lengur en 6 stundir og hafa fullar tekjur, en fyrr en séð verður, hvort þjóðarbúskapurinn þolir það, er ekki rétt, að Alþ. taki út úr vissar stéttir manna, að því er þetta snertir. T. d. eiga kennarar aðeins að vinna 9 mán. af 12. Það er nauðsynlegt, um leið og launal. eru samin, að tryggt sé, að mennirnir vinni öll sín störf fyrir það opinbera og taki ekki önnur laun. Það er síður en svo, að það sé tryggt hér.

Í 10. gr. eru eftirlitsmanni véla og verksmiðja ákveðin 10200 kr. laun og aðstoðarmanni hans 6000—7800 kr., en mér er ljóst, að þessi maður vinnur mikið til allt árið hjá öðrum fyrirtækjum. Skipaskoðunarstjóra eru ætluð sömu laun, en ekkert sambærilegt starf, sem hann þarf að vinna fyrir þau sömu laun.

Ég mun ekki lengja umr., en ég vil beina því til fjhn., hvort ekki er hægt að finna á þessum tímum annan grundvöll til þess að bæta upp þeim mönnum, sem vinna hjá ríkinu, en að lögfesta laun til starfsmanna ríkisins án nokkurrar vissu um það, hvort þjóðarbúskapurinn getur staðið undir því.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Það hefur komið fram, að mönnum finnst varhugavert að skipa launamálum ríkisins með sérstökum l. á verðbólgutímum. Það hefur jafnan verið svo, þegar rætt hefur verið um endurskoðun á launal., að þeirri viðbáru hefur verið haldið á loft, að rétt væri að bíða betri tíma. Á árunum fyrir stríð þótti ekki fært að endurskoða l. vegna erfiðrar afkomu ríkissjóðs. Á venjulegum tímum á ríkið svo erfitt, að ekki er hægt að setja launal., en þegar góðir tímar eru komnir fjárhagslega, eru þeir svo óvissir, að ekki er heldur hægt að setja launal. Ég held, að óhætt sé að sleppa þessum bollaleggingum, einkum ef þess er gætt, að sú grunnkaupshækkun, sem farið er fram á, er ekki miðuð við verðbólgutíma.

Ég vil benda á, að árið eftir lok fyrra stríðs, 1919, var miðað við vísitölu 125 og þótti hóflegt. Reynslan hefur sýnt, að það hefur ekki staðizt. Árið 1925 var vísitalan 327, en þá var reiknað út, hve mikil grunnkaupshækkun hafði orðið frá 1914, og reyndist það vera 50%. Vísitalan var meira en þreföld, en hækkun grunnlaunanna aðeins um 50%. Síðan 1925 hafa sáralitlar breytingar orðið á vísitölunni, án þess að nokkur heildarendurskoðun hafi farið fram, og úrbæturnar hér ekki stórfelldari en það, að launal. hafa hækkað um ein 11%, að viðbættum 25—30%. Á sama tíma fá aðrir starfsmenn 45—120% hækkun.

Þá er að líta á annað. T. d. er það svo, að 70 kennarastöður standa auðar og nemendum í Kennaraskólanum fækkar stórum. Það er óhjákvæmilegt að gera einhverjar ráðstafanir í því efni. Eins er um presta og hjúkrunarkonur. Horfir þetta til stórvandræða, ef ekki verður að gert.

Hv. þm. Barð. minntist á einstök ákvæði frv. Ég tók fram í fyrri ræðu minni, að ég mundi ekki orðlengja um þau nú, heldur yrðu þau athuguð í n. Margt þarf sjálfsagt að athuga og lagfæra, og við flm. væntum þess, að samkomulag takist, því að hér er um löggjöf að ræða, sem nauðsynlegt er að setja strax.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Rök hv. flm. eru ekki mikilvæg. T. d. er það vitað mál um læknana og kom fram hér á síðasta þingi, að ástæðan til þess, að ekki fást læknar í héruðin, er ekki launakjörin, heldur það, að læknarnir vilja hafa sæmileg vinnuskilyrði, svo að þeir týni ekki lærdómi sínum. Þeir vilja ekki bara vera varðmenn, sem séu til taks, ef slys kemur fyrir.

Það væri glapræði að setja föst launal. fyrir allar stéttir á þessum tímum til að bæta laun kennara. Ef flm. heldur, að hægt sé að bæta úr kennaraskortinum með því að hækka laun kennara, þá á að leysa það mál fyrir sig, en ef setja á þessa stétt á 500 kr. föst laun á mánuði með 6 stunda vinnudag ¾ hluta ársins, þarf að gera sérstakar ráðstafanir fyrir aðrar stéttir landsins, t. d. bændur, sem eiga að vinna fyrir 16 þús. kr. þrisvar sinnum 6 tíma á dag.

Sama máli gegnir um prestana. Laun þeirra hafa verið lág. En mér er líka ljóst, að sum prestaköll eru svo fámenn, að þau geta ekki borið mann með launum fyrir ekki meira starf en þar er ákveðið. Ég get bent á einn hrepp, þar sem eru tvær kirkjur, en aðeins 13 býli, sem eiga að bera uppi prest, sem nú mun hafa 14 til 15 þús. kr. í laun á ári — og náttúrlega ekki nærri fullt starf.

Það þarf þess vegna að taka til athugunar, hvernig hægt er að auka starf launastéttanna og launa þeim svo sæmilega. Og til þess þarf að gera heildaryfirlit yfir launagreiðslurnar í landinu. Þar þarf að taka til greina, að úr ríkissjóði er greidd viðbót við eftirlaun þau, sem embættismenn og starfsmenn ríkisins skapa sér með eigin framlögum.

Það hefur verið fært fram sem rök fyrir því, að breyta þurfi launal., að það sé nauðsynlegt, til þess að ríkið missi ekki starfsfólk úr þjónustu sinni. En í því sambandi má einnig líta á það, að trygging sæmilegrar lífsafkomu er miklu meiri í stöðum hjá ríkinu en við önnur störf.

Ég álít nauðsynlegt að stöðva þetta mál nú, til þess að ekki verði á þessum tíma hreyft við launal., heldur þurfi að taka málið þeim tökum að bæta úr þeim ágöllum, sem þarf að laga vegna þeirrar óvenjulegu aðstöðu í landinu, til þess að bæta upp þeim mönnum, sem vinna hjá ríkinu og verst eru settir. Mér skilst, að það hafi verið reynt, og væri það skynsamlegri aðferð en samþ. breyt. á launal., eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi segja fáein orð út af þessu frv., af því að það mælir ýmislegt með því, að það er borið fram, og líka ýmislegt á móti því. Og þetta finnst mér rétt að setja hér fram við 1. umr.

Í þeirri ýtarlegu ræðu, sem hv. flm. hefur haldið hér í dag, hefur fram komið, að ýmisleg mistök hafa átt sér stað við setningu launal. Mistök voru það t. d., að þau voru sett 1930, þegar hrun stóð fyrir dyrum eftir verðbólgutíma. Þess vegna á ekki heldur að samþ. l. um þetta efni nú, af því að líkt stendur nú á nema að því leyti, að óvissan er meiri um verðbólguna nú. Þess vegna má þetta frv. ekki verða að l. á þessu þingi. Hins vegar viðurkenni ég með hv. flm., að þetta mál er svo stórt og snertir það marga menn, að það ætti að vera rætt mikið á Alþ. En því ætti ekki að vera lokið, fyrr en séð er, hvernig afkoma Íslands verður, þegar liðin eru nokkur missiri, frá því er stríðinu lýkur.

Það voru mistök, að launal. frá 1919 voru ekki endurskoðuð á því tímabili, sem leið á milli heimsstyrjaldanna. En það kom líka af þeirri ástæðu, sem er ekki vert að gleyma nú, að það var viðbúið, að ný launal. mundu skapa nýja hækkun launa. En Alþ. var oft í vandræðum með peninga, og sú ástæða getur orðið fyrir hendi enn.

Þegar maður lítur á það tímabil, sem hv. flm. minntist á, að launalagafrv. hefði verið borið fram á, 1935—1936, — og hv. flm. sagði, að þá hefði verið heppilegur tími til þess að ljúka því af, — þá var fjárhagur ríkisins svo erfiður, að t. d. rektor menntaskólans var ekki látinn hafa fulla dýrtíðaruppbót á sín laun. Þetta var ekki gert af neinni kvalalöngun. En í þessu sambandi er ekki úr vegi að geta þess, að 1932 var á það bent, að launamaður í góðri stöðu, sem líka var þm. fyrir sveitakjördæmi, hafði 25 þús. kr. í laun. En dilkarnir voru þá seldir á 5 kr. hver. Það þurfti því 5000 dilka til þess að borga laun eins manns, sem voru að vísu fremur há, en ekki sérstaklega há. Fiskverð var þá einnig lágt. Þetta er staðreynd, sem taka verður tillit til. Og það er ekki til neins að halda, að það sé hægt að halda launum embættismanna hærri en framleiðslan í landinu þolir. Og þó að ákvæði þessa frv. séu ekki verri en margt, sem gert hefur verið í þessum efnum, álít ég ekki rétt að hreyfa við launal. nú. — Það þarf t. d. eftir núverandi launal. að reikna út laun símamanna eftir 14 liðum. Þetta er að vísu slæmt fyrirkomulag, en sá kostur er þó við það, að það er verið að reyna að fleyta þessum launamálum gegnum sjúka dýrtíð og erfiðleika, sem henni fylgja.

Þó að þetta launalagafrv. sé sakleysislegt, þá gæti það leitt til þess, að það yrði að fella krónuna. Það er alvarlegt mál líka, því að þá væri tekið af samanspöruðum fjármunum manna, sem menn eiga margir sannarlega ekki of mikið af. Það er eitt af því allra hættulegasta fyrir ríkið að gera samning við mikinn fjölda af skattborgurum sínum, samning, sem er ekki hægt að breyta, meðan maðurinn lifir (hver launþegi fyrir sig), og yrði hættulegur fyrir ríkið, sem á við mjög misjafna fjárhagsaðstöðu að búa. Ég álít þess vegna, að það sé alveg sérstaklega hættulegt í sambandi við framtíðarpeningamál og einnig atvinnumál framtíðarinnar að samþ. þetta frv.

Ég vil líka skjóta til hv. flm. aths., sem ég hygg, að muni vera byggðar á raunveruleika. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að laun manna í stærri bæjum séu miklu hærri en annars staðar á landinu. Þetta er ákaflega vafasamt fyrirkomulag. Ef t. d. hv. flm. (GÍG) gerðist sýslumaður Strandasýslu, — sem hann gæti vafalaust vegna lærdóms síns, — og annar maður jafnfær væri tollstjóri í Reykjavík, — hvers vegna á hann þá, hv. flm., að vera miklu verr launaður en stéttarbróðir hans í Reykjavík? Verður slíkt fyrirkomulag ekki óhjákvæmilega til þess að soga landslýðinn á dýrustu staðina, ef þeim, sem þar starfa, er borgað miklu hærra kaup? Ég hygg, að við endurskoðun launal. þyrfti að jafna laun manna í þessu sambandi. — Enska stjórnin var t. d. einu sinni, að því er sagt hefur verið, nærri fallin á því, hvort borga ætti kennslukonum í Englandi jafnhátt kaup og kennurum. Nú hefur verið gert út um það spursmál hér, að kona, sem vinnur sömu vinnu og karlmaður við kennslu, fær jafnt kaup og hann. En hvers vegna á þá kona, sem vinnur við kennslu á Hólmavík, að fá miklu lægra kaup en kennslukona í Reykjavík?

Þá kem ég að atriði, sem haldið hefur verið á loft af hv. þm. V.-Húnv. (SkG) og Bjarni frá Vogi hafði mjög á oddinum á sínum tíma: að hafa launin verðlagsbundin á þann hátt að binda þau við fjárhagsafkomu þjóðarbúsins í heild. Þetta er ákaflega skynsamleg aðferð, að tengja þannig saman embættismenn og starfsmenn ríkisins annars vegar og hins vegar framleiðendur og afkomu þeirra. En slíkar till. hafa ekki verið teknar til greina enn þá.

Við skipun n. þeirrar, sem um launamál á að fjalla, er það eftirtektarvert, að það háttar dálítið svipað um þessa n. og væri í vinnudeilum, þar sem verkamenn kæmu fram bæði fyrir vinnuveitanda og sjálfa sig. Í þessa n. voru skipaðir af hálfu stjórnmálaflokkanna embættismenn úr Reykjavík, Hafnarfirði og af Stokkseyri og af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tveir embættismenn. Og svo er fyrir ríkisstj. í n. embættismaður úr stjórnarráðinu. Og þó að þetta séu allt prýðilegir menn, þá er ekki hægt að neita því, að það er til annað fólk í landinu — og eins nauðsynlegt — en launamenn. Í n. þeirri, sem hafði þessi mál til athugunar fyrir styrjöldina, voru bæði menn frá launastéttunum og framleiðendum.

Ég vonast til þess, að frv. þetta fari nú til n. og þegar það kemur frá n., sofni það rólegum svefni í komandi skammdegi.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. En mér finnst samt heyra til þessara umr. það, sem hæstv. fjmrh. ympraði á og fleiri, hvort tímabært væri að setja nú launalöggjöf eða ekki eða hvort heppilegt væri yfirleitt að setja nú launalöggjöf eða ekki. Og mér finnst ástæðurnar, sem hæstv. fjmrh. bar fram, og eins þær ástæður, sem aðrir hafa tekið fram og tekið undir með hæstv. ráðh., bæði hv. þm. Barð. o. fl., — mér finnst þær bara ekki koma heim við það, sem hér liggur fyrir. Eins og frv. ber með sér og hv. flm. lýsti svo ákaflega skilmerkilega, þá er þetta frv. að langmestu leyti samræmingarfrv. Það er farið hér í frv. svo hóflega í kröfur,

að í raun og veru er hér aðeins um samræmingarfrv. að ræða. Og hvað sem líður dýrtíð og hækkunum og lækkunum á verðlagi, þá hlýtur alltaf að vera hentugur tími til samræmingar. Og miklu meira en helmingur þeirrar hækkunar, sem hér er um að ræða, að ríkið greiði á launin, kemur aðeins til hækkunar hjá einni stétt, sem verst hefur verið launuð að undanförnu og verst hefur orðið út undan í þeirri þróun, að stöðugt hafa verið gerðar meiri kröfur til þeirrar stéttar, en launin ekki hækkuð í samræmi við það, — líklega fyrir það, hve stéttin er fjölmenn, — en þetta eru barnakennarar. Það er eftirtektarvert, að töluvert meira en helmingur af þeirri hækkun á launum, sem samþykkt þessa frv. hefði í för með sér, skuli taka aðeins til einnar stéttar, sem hefur orðið út undan.

Ég vil líka benda á til sönnunar því, hve hér er mjög í hóf stillt um kröfur í þessu frv., að kröfur vegna presta nema svo litlu, að það er næstum að segja ótrúlegt, að bætur til þeirra í grunnlaunum skuli ekki nema meira heldur en 77915 kr.

Einn launaflokkur, sem hér er um að ræða, eru hjúkrunarkonur. — Þessar þrjár stéttir kemur öllum saman um, að séu út úr því að vera í samræmi við aðrar launastéttir landsins.

Sum laun eru beinlínis lækkuð með þessu frv., hvort sem það á að gilda fyrir þá menn, sem nú eru í embættum, eða ekki. En ég held, að það sé hæpnara, að ríkinu haldist uppi að færa þau laun niður, eins og hér er ráð fyrir gert, en að samræma laun. Og ég vil benda á, að laun, sem bætt hafa verið upp með bráðabirgðaákvörðunum, eins og t. d. laun háskólakennara, þau laun mundu eftir frv. haldast óbreytt. Ég held, að hámarkslaun prófessora séu nú 10400 kr. grunnlaun, en hér í frv. eru þau ákveðin 11100 kr. Þetta sýnir m. a., að hér er beinlínis um samræmingu að ræða. Og ég vil benda á, að ekki er aðeins alltaf tími til að samræma, heldur vil ég benda á, út frá orðum hæstv. fjmrh., að nú er beinlínis brýn nauðsyn á að samræma laun. Ef Alþ. gerði einhverjar ráðstafanir til að hamla á móti dýrtíðinni og jafnvel klífa niður stigann, hvaða nauðsyn er þá meiri á öðru en samræma, áður en byrjað er á því? Það er staðreynd, að með grundvelli þeim, er sex manna n. hefur ákveðið, eru kjör bænda og hinna annarra svo kölluðu vinnandi stétta samræmd. Þegar nú væri farið að klífa niður stigann, þá eru þessar stéttir undir það búnar, og þær klífa þá niður nokkurn veginn jafnfætis hver við aðra. Er þá rétt að láta launastéttirnar klífa niður stigann, áður en þær hafa nokkuð komizt upp stigann? — Ég álít þess vegna alveg nauðsynlegt að gera þessa samræmingu, áður en farið er að reyna að hamla á móti dýrtíðinni eða lækka hana. Og ég hef sagt það við hæstv. fjmrh., að nú væri nauðsyn á að koma á samræmi á milli launamanna, m. a. vegna þeirra breyt.,, sem kunna að verða gerðar í sambandi við dýrtíðina, er kann að verða komið á á næstu árum.

Ég skal ekki fara út í einstök atriði frv. Ég veit ekki, hve lengi mætti bíða eftir því að sjá, hvort unnt væri að láta landslýðinn hafa betri kjör og gera ráðstafanir til þess, að hann mætti halda þeim kjörum, eins og einn hv. þm. orðaði það — eða á þessa leið. Hvenær halda menn, að það ár renni upp, þegar búið verði að tryggja þetta? Ég held, að embættismönnum og starfsmönnum ríkisins væri vísað nokkurn veginn út í eilífðina með því að ætla þeim að bíða eftir því, — því að kjör atvinnuveganna ganga í endalausri bylgjuhreyfingu frá ári til árs, og slíkt, sem hv. þm. minntist á, er aldrei hægt að tryggja. Það, sem Alþ. gæti gert skynsamlegast á þessum tíma, er að bjarga þjóðinni út úr þessum ófriði og nota þá peninga, sem nú hafa safnazt, til þess að koma fótum undir framleiðsluna í landinu. En ég veit ekki, hvenær okkur hv. þm. Barð. kæmi saman um það, að nú væri búið að tryggja framtíð atvinnuveganna svo, að það mætti fara að breyta launakjörunum.

Hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að það hefði átt að setja launal. á milli styrjaldanna. Við sjáum nú, að ýmist er velgengni eins og nú, — og þá segja menn, að þess vegna sé ekki fært að hreyfa við launal., — eða þá, að það er kreppa, og þá er sagt, að geta ríkissjóðs leyfi ekki, að þeim sé breytt. Hvenær er þá hægt að breyta þeim? Ég held, að við ættum að taka málið raunhæfum tökum og nota tímann, sem nú er, til að koma á ekki meiri breyt. á launal. en frv. þetta fer fram á og koma nú á þessari samræmingu á launakjörum.

Ég veit ekki vel, hvernig hv. þm. Barð ætlar að koma því fyrir í l., að ríkið noti alla starfskrafta starfsmanna sinna, nema með því að gera þá algerlega að þrælum. Ég veit ekki, hvernig ætti t. d. að varna hámenntuðum embættismanni þess að yrkja eða vera rithöfundur. — Það hefði náttúrlega verið gott að geta varnað Bjarna Thorarensen þess að yrkja (!). — Það getur náttúrlega alltaf komið til, að embættismaður hafi tekjur af því að yrkja eða vera rithöfundur, — eða ef menn eru svo færir, að eftirsókn er eftir vinnu þeirra í aukatímum, því að það mun sannast um framúrskarandi hæfileikamenn. Og ef þessir menn ættu ekki að mega gera neitt í aukatíma sínum, — þá held ég, að ynnist a. m. k. eitt, það, að ríkið fengi ekki í sína þjónustu fjölhæfa og frábæra menn. Og mér finnst oft kenna þess of mikið, þegar talað er um launakjör ríkisins, að ríkið eigi að hafa þá menn, sem verða afgangs, þegar allir aðrir eru búnir að fá sitt. Það væri náttúrlega möguleg regla til að fylgja, en ég held, að hún sé ekki heppileg. Það er rétt að ætla starfsmönnum ríkisins starf góðs meðalmanns. En þegar maður getur unnið eitthvert mikið verk og merkilegt þar fyrir utan, þá er það bara gott. Ríkið getur ekki krafizt annars en embættismaður þess vinni vel sitt verk, sem það felur honum. En að ætla að setja lög eða reglur um það, að hann megi ekki vinna neitt fyrir utan það, sem ríkið felur honum, það væri ófær leið. Ég vil í því sambandi benda á þann stjórnarskrárverndaða rétt embættismanna til að vera alþm. Ég hygg, að hefðu embættismenn ríkisins aldrei mátt vera alþm., þá yrði skarð nokkuð verulegt í löggjafarstarfsemi undanfarinna ára. Og ég get hugsað mér, að svo mundi útkoman verða á fleiri sviðum hliðstæðum þessu.

Það er vansæmandi, að ríkið búi illa að starfsmönnum sínum, en búi það vel að þeim, eiga margir þeirra að geta bæði rækt starf sitt ágætlega og afkastað mörgu verki utan hjá. Mikið

hafa t. d. prestarnir unnið utan embættisstarfa fyrr og síðar í sögu landsins, og mundi enginn telja það betur ógert. Mér skildist á þm., að eitt prestakallið væri aðeins 13 býli, það svarar til 70—80 manns, og af 15 þús. kr. árslaunum koma 200 kr. á sál, sem hann ætti að frelsa. (GJ: Vill þm. tryggja það?) Það má vel vera, að honum heppnaðist það betur í fámennum söfnuði en fjölmennum. Ríkið er a. m. k. jafnskylt til að sjá litlum sem stórum söfnuði fyrir presti, og víða hagar svo til á okkar erfiða landi, að embættismann þarf fyrir tiltölulega fámennan hóp og afskekktan. Og þar þarf í rauninni jafngóða embættismenn og annars staðar, alveg eins og jafngóða kennara þarf handa 5 nemendum í erfiðri námsgrein eins og handa 30 nemenda bekk. Það eru auðvitað ekki gjöldin frá þessum 13 býlum, sem bera upp kostnað af prestinum, heldur verður þjóðarheildin að gera það, hvort sem presturinn þjónar 70 manns eða 10 þús. manns. Hjá þeirri jöfnun á mörgum sviðum getum við ekki komizt.

Hv. þm. S.-Þ. (JJ) hafði það á móti afgreiðslu frv. nú, að það hefðu verið mistök að setja launalög á Alþingi 1919 og við mættum ekki brenna okkur aftur á hinu sama. Hann sagði ekki, í hverju þau mistök hefðu verið fólgin. Ég held einmitt, að það hafi verið mjög heppilegt, að lögin voru samþ. 1919. Ég veit ekki, hvaða skaði varð að því. Þá var höfð sama aðferð og nú, að miða við grunnlaun og vísitöluuppbót, þó með ákaflega mörgum þröskuldum. Ég held, að ekki hafi liðið á löngu, þar til menn sáu, að ýmis laun höfðu verið ákveðin helzt til lág. Þessi gryla þm. þarf því alls ekki að hræða menn frá frv., eins og það er í aðaldráttum.

Það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um launagreiðslur símastúlkna t. d., sýnir glöggt, að ekki er hægt að una slíku lengur, þegar þær eiga að taka laun, sem reiknuð eru út eftir 14 mismunandi ákvæðum, og starfsmenn ríkisins eiga að taka laun eftir 77 mismunandi lagaákvæðum.

Um einstök atriði frv. sé ég ekki annað ráð en atkvæði skeri úr. Aðalatriðin eru föst fyrir því. Það er ekki eins og frv. sé borið fram í bráðræði. Alþingi hefur hvað eftir annað skorað á ríkisstj. að undirbúa launalög og leggja fyrir þingið. Nú er það ekki stjórnin, sem leggur frv. fyrir, heldur er þetta frv. gert með samkomulagi, sem er miklu sterkara en áður hefur fengizt. Mér finnst, eins og málið horfir, að óverjandi sé að afgreiða það ekki á þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 16. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 306, n. 691, 692, 693).

Frsm. (Kristinn Andrésson): Þetta er svo mikið mál, að ekki verður hjá því komizt, að framsöguræðan taki nokkuð langan tíma. N. hefur haft það lengi til athugunar; því var vísað til hennar 22. sept. s. l. Hún hefur haldið um það marga fundi, sérstaklega hefur hún þó unnið að því að heita má daglega, eftir að lokið var því hléi, sem varð á störfum Alþ. eftir myndun hinnar nýju ríkisstj. Fram að þeim tíma hafði að vísu talsvert verið unnið að frv., en sú breyting varð á n. við stjórnarskiptin, að tveir nm., þeir Brynjólfur Bjarnason og Pétur Magnússon, tóku sæti í ríkisstj. og urðu því að hverfa frá nefndarstörfum og tveir nýir menn komu í þeirra stað. Það tafði talsvert störf n. og afgreiðslu málsins.

Nm. flestir munu hafa haldið, þegar þeir tóku við frv., að þeir gætu afgr. það án þess að gera á því mjög miklar breyt., en það kom fljótt í ljós, að frv. var í mjög mörgu ábótavant og óhjákvæmilegt mundi vera fyrir n. að gera á því allmiklar breyt. Enda bárust n. fjöldamörg erindi frá ýmsum stofnunum og starfshópum, sem fluttu fram margs konar aðfinnslur og óskir um breyt. Einnig hefur komið fram mjög eindregin ósk um ákveðnar breyt. frá stjórn starfsmannafélags ríkis og bæja. Öll þessi erindi, sem n. bárust, varð hún að taka til mjög rækilegrar athugunar, og tók það hana langan tíma að vinna úr því, en n. voru vitanlega sett ákveðin tímamörk. Það varð að hraða afgreiðslu málsins, og vill n. því viðurkenna, að í raun og veru hefði frv. þurft miklu meiri athugunar við en hún átti kost á að gera. Það fylgir hér alllangt nál. á þskj. 691 frá fjhn., svo að ég get þess vegna verið stuttorður um ýmis atriði. Þó kemst ég ekki hjá því að víkja allnákvæmlega að flestum eða öllum brtt., sem n. hefur gert.

Í heild má segja, að n. hafi ekki raskað neitt sjálfum grundvelli frv., ekki neitt skipun launaflokkanna sjálfra, heldur aðeins hækkað hámark lægstu launanna. Það má telja til aðalbreyt., sem n. hefur gert á frv., að hún hefur fellt úr nokkrar greinar, t. d. 30.—36. gr. frv., og þar með tekið út úr launal. sjö stofnanir. Um þessar stofnanir stendur sérstaklega á. Þær hafa allar sérstakan fjárhag, og hvorki reikningar þeirra né reikningslegar niðurstöður koma inn í ríkisreikninginn. Þessar stofnanir eru: Landsbanki Íslands, Búnaðarbankinn, Tryggingastofnun ríkisins, Samábyrgð Íslands, Brunabótafélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands. — N. barst strax frá sumum þessara stofnana eindregin ósk um, að þær væru ekki hafðar með, þegar laun starfsmanna þeirra væru ákveðin. Sérstaklega voru það bankarnir, sem sóttu eindregið eftir að vera ekki með, ekki aðeins bankastjórnirnar, heldur starfsmannafélög beggja bankanna.

Þá skrifaði n. öllum þeim stofnunum, sem eins stóð á um, og leitaði álits þeirra, hvort þær vildu vera með í launal. eða ekki. Þær svöruðu allar neitandi nema Brunabótafélag Íslands — og Tryggingastofnun ríkisins að því leyti, að hún taldi, ef aðrar stofnanir yrðu teknar með, að þá vildi hún einnig vera með. N. ræddi þetta atriði allmikið, og það varð síðan ofan á í n., að allar þessar sjö stofnanir skyldu teknar út úr.

Önnur breyt. frá frv., sem miklu varðar, er sú, að eftir till. n. þá ætlast hún til, að sveitar- og bæjarsjóðir greiði — eins og áður — nokkurn hluta af launum forstöðumanna barnaskóla í kaupstöðum og kennara þeirra og eins laun forstöðumanna og kennara við barnaskóla utan kaup-

staða. Eins og hv. þm. mun vera kunnugt, þá hafa þau verið l. fram að þessu, að af launum þessara starfsmanna hefur bæjarsjóður greitt ⅔, en ríkissjóður ⅓, varðandi skóla í kaupstöðum, en utan kaupstaða sveitarsjóðir helming, en ríkissjóður helming á móti. Um farkennara hafa þær reglur gilt, að ríkissjóður hefur greitt 350 kr. af launum þeirra, en sveitarsjóðir 150 kr. yfir starfstímann. Allt þetta, sem ég hef nefnt, er miðað við stofnlaun kennaranna. Eftir frv., eins og það kom til n., er til þess ætlazt, að ríkissjóður greiði þessa upphæð alla og taki þannig á sig það framlag, sem bæjar- og sveitarsjóðir hafa hingað til haft.

N. barst frá fræðslumálastjóra ósk um, að þessu yrði breytt aftur og látið haldast eins og áður, að bæjar- og sveitarfélögin greiddu nokkurn hluta af launum kennaranna. Í raun og veru má segja, að þetta skipti þjóðina mjög litlu máli, hvort það eru bæjar- og sveitarfélögin annars vegar og ríkissjóður hins vegar, sem greiða það. Auðvitað kemur kostnaðurinn á þjóðina, hvor aðilinn sem að nafninu til greiðir hann. Þetta er í raun og veru ekki annað en tilfærsla á launagreiðslum, hvort það eru bæjarfélögin eða ríkissjóður, sem greiðir. En fræðslumálastjóri færði ýmis rök fyrir því, að rétt mundi vera að láta bæjar- og sveitarsjóði greiða nokkurn hluta af þessum stofnlaunum kennaranna eins og áður, og hann bar fram alveg sérstakar till. þess efnis, að bæjarsjóðirnir væru látnir greiða ⅓ og sveitarsjóðirnir ¼ af grunnlaunum. En með því að reikna hlutföllin þannig þá kemur í raun og veru í peningagreiðslu sama upphæð í hlut bæjar- og sveitarfélaganna og áður. (**BBen**: Kemur það sama? — **GJ**: Eru ekki hlutföllin þau sömu, ⅔ og ⅓?) Hlutföllin eru breytt. N. breytti því þannig, að bæirnir greiða ⅓ og sveitirnar ¼. Það hefur verið reiknað út hjá fræðslumálastjóra, hverju muni frá því, sem áður var, þegar hlutföllin breytast þannig, og kemur út nærri sama upphæð. Þessar launagreiðslur frá bæjar- og sveitarfélögum námu 640 þús. kr., eftir því sem launamálan. hefur reiknað það, en eftir nýjum reikningum frá fræðslumálastjóra nemur þessi upphæð í föstum skólum 620 þús. kr. og farkennaralaun að auki, sem má fullyrða, að séu — eftir þeim till., sem n. gerir viðvíkjandi launum þeirra, — 70 þús. kr.

Ef till. n. verða samþ., ættu bæjar- og sveitarfélögin að greiða til samans 700 þús. kr. eða nánar tiltekið 690 þús. kr. í stað 644 þús. kr. eftir útreikningi launamálan. (en eftir nýjum útreikningi 619 þús. kr.). Sem sagt, þetta er hér um bil sama upphæð. En hins vegar hafa bæjar- og sveitarsjóðir í rauninni greitt miklu meira en þetta, því að hér eru ótalin bæði hlunnindi öll og staðaruppbót, sem greidd er í sumum bæjum, og nemur þetta mjög mikilli fjárhæð. (**BBen**: Á það þá að falla niður?) Eftir till. launamálan. er ætlazt til, að það falli niður. Kennarar fá ákveðin laun greidd úr ríkissjóði, en síðan er ætlazt til, að hlunnindi þeirra (húsnæði, ljós, hiti o. fl.) séu metin og þeir greiði þau sjálfir, en þau komi svo aftur til frádráttar frá launum þeirra.

Eftir skýrslum, sem fylgja fjárl. 1944, þá eru hlunnindi kennara metin á 255 þús. kr., en staðaruppbót er talin eftir útreikningi frá fræðslumálastjóra nema 164 þús. kr. N. hefur ekki gert aðrar till. en þær, að bæjar- og sveitarsjóðirnir greiði aðeins sams konar hluta og þeir greiddu áður í fjárframlögum. En ég vil taka það strax fram, að um það geta verið allskiptar skoðanir, hvernig haga eigi þessum greiðslum. Fræðslumálastjóri hefur komið með þær till. til n., að t. d. skólastjórar við barnaskóla yrðu látnir halda hlunnindum sínum. Bæjar- og sveitarfélögin yrðu þá skyldug til að sjá þeim fyrir ókeypis húsnæði, ljósi og hita. Þetta yrði að meta af n. og laun þeirra þá lækkuð, sem því svarar. Var fræðslumálastjóri með till. um, að grunnlaun skólastjóra lækkuðu um 1200 krónur, en þar á móti fengju þeir ókeypis húsnæði, ljós og hita. (**BBen**: Og átti það að samsvara hvort öðru?) Það á að hans skoðun að geta samsvarað hvort öðru, en þetta er í raun og veru mesta vandamál og verður eflaust, ef frv. verður samþ., eins og það nú liggur fyrir, t. d. fyrir ýmsa bæi. Það er t. d. svo ástatt í Reykjavík, að sumir skólastjórar barnaskólanna búa í gömlum íbúðum, sem metnar eru á gömlu verðlagi. Aðrir búa í nýjum íbúðum, sem metnar eru miklu hærra.

Ég hef aðeins viljað víkja að þessu atriði hér, en n. hefur haldið sér að því að láta þetta vera óbreytt, eins og launamálan. gekk frá því, og er eftir hennar till. ætlazt til, að yfirskattan. meti hlunnindin til peningaverðs og kennarar og skólastjórar greiði þau af launum sínum. Till. fjhn. í þessu efni eru sem sagt þær, að það sé látið gilda, sem verið hefur, að bæjar- og sveitarsjóðir greiði hluta af launum kennaranna, og eftir till. n. er það svo, að í peningum verður bæjar- og sveitarsjóðshlutinn hér um bil nákvæmlega jafnhá upphæð og áður var.

Meginbreyt. aðrar, sem n. hefur gert, er hækkun á launum nokkurra starfshópa. Þær breyt. eru flestar gerðar eftir eindreginni ósk frá stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og hefur hún rætt við n. um þær breyt., og eru þær nauðsynlegar, vegna þess að þessir starfshópar, sem hér eru hækkaðir skv. till. n., hafa beinlínis verið lækkaðir í launum af launamn., flestir, ef ekki allir. Þessir starfshópar eru aðallega talsímakonur, póstafgreiðslumenn, lögregluþjónar, tollverðir, bréfberar, póst-aðstoðarmenn, og einnig hefur verið leiðréttur misskilningur, sem var um svo nefnda ritara 2. flokks hjá Landssímanum, en eru ritarar 1. flokks.

Eftir því, sem launamálan. hefur reiknað út, hafa talsímakonur ekki lækkað í launum, en launagreiðslur við Landssímann eru mjög flókið mál, og við nánari athugun kom á daginn, að þessar starfsstúlkur höfðu ekki verið hækkaðar, heldur jafnvel lækkaðar. Í öðru lagi er starf þessara kvenna mjög erilsamt og slæmt. Það er krafizt af þessum stúlkum, að þær hafi talsverða menntun, ekki teknar lengur talsímakonur, nema þær hafi gagnfræðaprófsmenntun eða aðra álíka. Þetta starf slítur þeim mjög; þær endast illa í þessu starfi. Eftir till. launamálan. hafa þær haft í byrjunarlaun 3 þús. kr. og komizt hæst upp í 4800 kr. N. hefur orðið sammála um að hækka þær um einn flokk, eins og segir í 60. brtt. n., en brtt. hennar eru allar á þskj. 692. Þá byrja þær með 4200 kr. og komast upp í 5400 kr.

Póstafgreiðslumenn lækka eftir till. launamálan.,

enda þótt þeir hefðu áður verið hækkaðir um einn flokk eftir till. fjhn. Sama er að segja um lögregluþjóna. Þeir fóru fram á að verða hækkaðir um tvo flokka, en voru hækkaðir um einn. Sama er og að segja um tollverði. Þessir flokkar áttu að hækka eftir áskorun BSRB.

Þá eru tilmæli um að hækka bréfbera. En eins og kunnugt er, er starf þeirra erfitt og þreytandi. — Enn þá er einn starfsmannahópur, en það eru 2. flokks símritarar. Ég hygg, að hér sé um misskilning að ræða hjá launamálan. Þeir eru 1. flokks ritarar. Þessi hækkunarákvæði starfshópa er hið helzta til hækkunar á frv.

Þá vík ég að till. n. um laun farkennara. — N. átti tal um þetta atriði við fræðslumálastjóra. Nokkur hluti farkennara er án kennaraprófs, óráðið fólk frá ýmsum skólum og óvíst um margt af því, hvort það ætlar sér að stunda kennslu framvegis. Þykir ekki ósanngjarnt, að gerður sé munur á launum þess og kennara með fullum réttindum. Till. n. er á þá leið, að laun þessara farkennara séu ¾ af launum þeirra, er full réttindi hafa miðað við sama starfstíma. Nú munu þessir farkennarar vera um 70, og er því hér um talsverða fjárupphæð að ræða til sparnaðar fyrir ríkissjóð.

N. hefur gert till. um laun kennara í heimavistarbarnaskólum, þannig að árslaun þeirra séu miðuð við 9 mánaða kennslu eins og annarra kennara, í stað sjö mánaða eftir frumvarpinu, en þessir kennarar eru jafnframt hækkaðir um einn flokk. Ég hef ekki reiknað út, hvort þessi breyt. felur í sér launalækkun, en fræðslumálastjóri telur, að svo muni ekki vera, sem neinu nemur. Starfstími þessara skóla er allmisjafn, allt frá fjórum og upp í átta mánuði, og það eru allsterk rök, sem fræðslumálastjóri færir fram fyrir því, að hæglega geti skapazt metingur út af því, að laun skuli miðuð við misjafnan starfstíma hjá kennurum. Bendir hann t. d. á, að væru laun umreiknuð skv. frv., væru kennarar heimavistarskólanna komnir í hámarkslaunum upp fyrir skólastjóra stærstu barnaskólanna.

Meiri hluti n. hefur orðið sammála um að flytja hér brtt. á sérstöku þskj., og er gerð grein fyrir ástæðum í nál.

Þá leggur fjhn. til, að laun þess flokks, sem byrjar með lægst laun, verði hækkuð, en í þessum flokki eru nær eingöngu konur. Þegar farið var að athuga þetta frv., kom í ljós, að laun kvenna voru mjög óeðlilega lág, svo að sumt kvenfólk átti jafnvel að lækka frá því, sem nú er. N. átti tal við konur úr Kvenréttindafélagi Íslands, og fóru þær fram á að fella niður þrjá launaflokkana, þar sem þeir væru einungis til þess settir í frv. að halda niðri launum kvenna. Eftir þessum l. ætti að láta sumar konur, er vinna við sama borð og karlmenn, við sama starf, hafa helmingi lægri laun en þá. N. taldi ekki fært að raska frv. svo að fella þessa flokka niður, en gerði hins vegar þær lagfæringar, sem hún taldi sér fært, sem eru aðallega í því fólgnar að bæta inn í frv. starfsflokkum ritara og bókara 2. og 1. flokks við nokkrar stofnanir og hækka hámarkslaun 3. flokks ritara.

Það, sem sérstaklega er ranglátt í frv. og gæti orðið til að halda launum kvenfólks niðri, er það, að víða er einungis gert ráð fyrir 3. flokks riturum, en engum 2. né 1. flokks. Á hagstofunni t. d. eru eingöngu 3. flokks ritarar skv. frv., en þar eru konur, sem hafa árum saman unnið sömu störf og karlmenn, sem eru í bókaraflokki í frv. N. taldi því rétt að hafa a. m. k. alla ritaraflokkana til og gefa stofnuninni þar með bendingu um að setja konurnar í hærri flokk. Og þetta á ekki eingöngu við um hagstofuna, heldur flestar stofnanirnar.

Nú held ég, að ég hafi vikið að helztu brtt., sem varða heila starfsflokka og skipta verulegu máli. En eftir eru till. um einstaka starfsmenn til að leiðrétta ýmiss konar óréttlæti, sem átt hefur sér stað. Annars hafði n. tilhneigingu til að breyta frv. sem minnst.

Ég sný mér þá að brtt. á þskj. 692 um þau atriði, sem ég hef ekki áður minnzt á.

Brtt. við 8. gr. — á þá leið, að í stað sex ára starfs komi fjögurra ára starf, — er leiðrétting varðandi útvarpsvirkja og símavirkja. Skv. frv. verða þeir tólf ár að ná hámarkslaunum, og getur það hvorki verið tilgangurinn né réttlætanlegt, enda eru þeir nú aðeins sjö ár að vinna sig upp. Þá þótti n. sjálfsagt, að ríkisféhirðir og ríkisbókari væru ekki lægri en aðalbókari og aðalféhirðir Landsbankans.

Brtt. nr. 7—14 eru bornar fram eftir ósk hæstv. utanrrh. Ráðuneytið er að vinna að undirbúningi starfsreglna fyrir starfsmenn utanrrn., bæði þá embættismenn, sem starfa í rn. hér heima og erlendis, sendiherra, ræðismenn, sendiráðsritara o. s. frv. Er nauðsynlegt, að um þetta gildi fastar reglur, þegar ætlazt er til, að þessir starfsmenn vinni til skiptis heima fyrir og erlendis. Þessi till. felur ekki í sér neina launahækkun, heldur gerð til samræmis, enda er hv. þm. kunnugt, að þetta er minnsti hlutinn af þeim launum, sem sendiherrar þurfa erlendis. En í till. er þó gert ráð fyrir a. m. k. einu nýju starfi í utanrrn. Það er deildarstjóri. Staða hans hefur ekki verið ákveðin eftir frv., en þar sem svo stendur á, að menn starfa á víxl erlendis og hér heima, kemur vitanlega ekki til mála, að menn, sem búnir eru að starfa í utanríkisþjónustu erlendis og eru setztir að í utanrrn. hér heima, hafi lægri laun, þegar þeir koma heim. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till.

Um 15. brtt. þarf ekki að orðlengja. Skrifstofustj. Alþ. er látinn vera jafnhár skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu.

17. brtt. er um hæstaréttarritara. Laun hans eru í frv. mjög óeðlilega lág, þegar við lítum á, að fulltrúar í stjórnarráðinu, 1. flokks, hafa 7200—9600 kr., og svo framarlega sem þessi maður hefur fullt starf, sem okkur er sagt, að hann hafi, er óeðlilegt, að hann hafi lægri laun en þeir, einkum þar sem hann var fulltrúi fyrir. Þó er n. ekki sammála um þessa brtt.

18.—19. brtt. eru gerðar eftir ósk frá tollstjóra og eru lítið annað en orðalagsbreyt. Þó skilur það frá frv., að eftir þessum till. koma tollritarar allir í einn flokk, hærri flokk, þar sem skattritarar og tollritarar skiptust áður í tvo flokka.

21., 22. og 23. brtt. hef ég rætt áður.

Þá er það 26. brtt. Þessi nýi liður, sem kemur: „Ráðskonur í ríkisspítölum og yfirljósmóðir í Landsspítala", — er ekkert annað en leiðrétting. Það hefur fallið niður af vangá að setja ráðskonur ríkisspítalanna inn í frv. á þann stað, sem þær

áttu heima, í sama flokk og aðstoðarhjúkrunarkonur.

Í brtt. 27 er umsjónarmaður Landsspítala hækkaður í launum. Þótti n. það sanngjarnt, þar sem hann hefur mjög vandasamt verk með höndum og hefur eftir frv. lægri laun en hjúkrunarkonur.

Varðandi 29. brtt., um hækkun launa biskupsins yfir Íslandi, þótti a. m. k. sumum nm. ekki sæma, að þetta gamla og veglega embætti væri ekki í hæsta launaflokki.

30. brtt. er gerð eftir ósk frá biskupi, þar sem talið var rétt að hafa sér í flokki vígslubiskup og dómprófastinn í Reykjavík.

31. brtt. er í rauninni aðeins leiðrétting. Forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans er á tveim stöðum í frv., á einum stað sem prófessor í læknisfræði og á öðrum sem forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans. Þótti n. rétt, að hann væri í sama launaflokki og prófessorar í læknisfræði, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann, en felldi niður 1. lið í 15. gr., þar sem hann er talinn sérstaklega sem forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, og í sama málslið er enn fremur forstöðumaður atvinnudeildarinnar, sem er ekki heldur til sérstæður, því að forstaða deildarinnar er í raun og veru í höndum framkvæmdastjóra rannsóknaráðsins. Aftur á móti eru fleiri en einn deildarstjóri í atvinnudeild, og höfum við sett í staðinn fyrir „deildarstjóri í atvinnudeild“: deildarstjórar í atvinnudeild.

32. brtt. er um hækkun á dósentum við háskólann. Það er alls staðar venja, að dósentar séu í næsta launaflokki við prófessora. Töldum við sjálfsagt, að svo væri, enda er, eins og komið hefur fram í umr. um breyt. á háskólalögunum, sjálfsagt, að þessir menn séu vel launaðir, svo að þeir geti gefið sig alfarið að sínu starfi.

Eftir frv. hefur háskólaritari lækkað mjög mikið í launum. Töldum við sízt ástæðu til þess og flytjum því brtt. 33 um hækkun á honum.

Þá er það 36. brtt. Það hefur stafað af algerum misgáningi þeirra, er sömdu frv., að setja þessar hjálparstúlkur inn á þessum stað. Þær stúlkur, sem þarna vinna, framkvæma ýmis teknisk störf, sem útheimta mikla nákvæmni, og getur verið mjög hættulegt að skipta þarna um fólk, sem hefur aflað sér mikillar þekkingar og reynslu. Hér er líka um stúlkur með stúdentsmenntun að ræða.

37. brtt. er um bóka- og skjalaverði, sem eru hækkaðir, en verða allir jafnir að launum. N. þótti ófært, að þeir væru lægri í launum en menntaskólakennarar, því að þetta eru menn, sem hafa fengið a. m. k. eins mikla menntun, og verður að tryggja þeim svo góð laun, að þeir geti gefið sig óskiptir að störfum sínum.

Að 38. brtt. hef ég vikið áður.

Í 39. brtt. höfum við eins og víðar, þar sem við höfum talið það nauðsynlegt, sett inn ritara II. flokks, þar sem áður voru aðeins ritarar III. flokks skv. frv.

Að 40. brtt. hef ég vikið áður.

Með 41. brtt. hefur n. gert þá breyt. að færa garðyrkjuskólann í flokk með húsmæðrakennaraskólanum, íþróttaskólanum og daufdumbraskólanum, sökum þess að þessi skóli hefur færri nemendur en hinir skólarnir, sem taldir eru í þessari brtt. við 16. gr. Hins vegar hefur n. hækkað laun skólastjóra við þá skóla. Gætu það talizt næg rök fyrir því, að tveir þeir fyrr töldu eru skólar, sem útskrifa kennara og eiga kröfu til að vera metnir jafnt og kennaraskólinn. En n. gekk ekki svo langt að hækka þá til jafns við hann. Að því er snertir daufdumbraskólann, verða kennarar og skólastjórar þar að vera mjög vel menntaðir, vegna þess, hve vandasamt er að kenna daufdumbum. Aðrar breyt. eru ekki við þessa grein.

Brtt. 43—48 varða útvarpið. N. þótti frv. ekki taka nógu mikið tillit til þess, hvers konar stofnun útvarpið er. Það þarf nú ekki að lýsa því fyrir hv. þm., að þessi stofnun hefur viðtækari viðskipti og skattheimtu en nokkur önnur ríkisstofnun að landssímanum undanteknum og andleg viðskipti við allan þorra landsmanna. Hún verður að fullnægja margs konar þörfum og auk þess viðskiptum við stóran hóp auglýsenda og koma fram fyrir hönd þjóðarinnar á margs konar hátt út á við. En eftir frv. var útvarpsstjóri settur á bekk með forstöðumönnum einstakra skóla. Þótti n. þetta mjög óeðlilegt og flytur því brtt. um, að laun hans hækki upp í 12.000 kr. Laun hans eru nú, að mig minnir, 11.995 kr., svo að þau ættu að hækka um 5 kr. eftir þessari brtt. En skrifstofustj. útvarpsins hefur lækkað samanborið við aðra, hefur t. d. 3000 kr. lægri laun en skrifstofustj. landssímans. En þetta lagfærist, því að n. hefur hækkað hann um einn flokk.

Aðrar breyt. eru til samræmis við þetta. N. hefur ekki tekið til greina annað en það, sem beinlínis hefur verið hægt að sýna fram á, að menn lækkuðu mikið í launum samkv. frv.

Í 49. brtt. er bætt inn skipulagsstjóra. N. leggur til, að þetta starf verði gert hliðstætt störfum vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins. Það er enginn vafi á því, að þetta verður mjög mikið starf og engu minna en starf húsameistara ríkisins. Með tilliti til þess taldi n. rétt að skipa honum í sama flokk og þeim.

50.—51. brtt. eru gerðar samkv. ósk vegamálastjóra, enda má benda á, að þessir menn lækka í launum frá því, sem er, bæði kortagerðarmaðurinn og kafarinn. Kafarinn t. d. innir af hendi mjög vandasamt starf, sem er afar erfitt að fá menn til að gegna.

54. brtt. er sjálfsögð leiðrétting. Aftan við liðinn „Póstmálafulltrúi“ o. s. frv. bætist: póstmeistari á Akureyri.

Um 56., 57., 58., 59. og 60. brtt. hef ég rætt áður.

Þá er það varðandi 23. gr., um Skipaútgerð ríkisins. Það var nú allmikið vandamál fyrir n. Skipaútgerð ríkisins skrifaði n. mótmælabréf og heimtaði í rauninni, að starfsmenn hennar yrðu ekki teknir með í launal. Færði hún fyrir því mörg rök, m. a. þau, að starfsmannalaunin, sem greiða ætti samkv. frv., væru aðeins 5% af heildarlaunagreiðslum til allra starfsmanna við stofnunina. Taldi hún mikla fjarstæðu að taka inn á launalög ríkisins aðeins þetta litla brot af launagreiðslum stofnunarinnar. Enn fremur taldi hún launin samkvæmt frumvarpinu í mjög miklu ósamræmi við aðrar launagreiðslur við stofnunina og benti á, að forstjóri hennar hefði lægri laun en stýrimenn á strandferðaskipunum, — og enn fremur, að hjá Eimskipafélagi Íslands, hliðstæðri stofnun, væru launagreiðslur til starfsmanna í landi í samræmi við

laun starfsmanna á skipum. Mæltist hún því til, að frestað yrði að taka áður nefnd 5% af launagreiðslunum inn á launal. Fjhn. taldi sig þó ekki geta fellt þessa stofnun úr launal. með tilliti til þess, að í raun og veru ætti að gilda sama regla um Skipaútgerð ríkisins og aðrar stofnanir, sem í launal. eru, en viðurkenndi hins vegar, að þetta ósamræmi á launum innan stofnunarinnar væri mjög óeðlilegt, t. d. varðandi forstjórann, er áður var skipstjóri, en hefur eftir frv. lægri laun en 2. stýrimaður. Taldi því n. ekki óeðlilegt, að hann yrði settur á hæstu laun.

Um skrifstofustjórann gildir það sama, að hann lækkar eftir frv. allmikið. (**BBen**: Hvað hefur skrifstofustjórinn við þessa stofnun?) Hann hafði 1051,66 kr. í grunnlaun á mánuði. Það er reiknað út, að hann lækkar eftir frv. um ca. 10 kr. á dag. Þetta eru nokkuð há laun. En það stendur nokkuð sérstaklega á um þessa menn. Þeir geta aldrei farið úr bænum, forstjórinn og skrifstofustjórinn, báðir í senn. (**GJ**: Var skrifstofustjórinn líka skipstjóri áður eða stýrimaður?) Það held ég ekki, en hins vegar má telja, að hann sé þarna aðstoðarforstjóri. Og vinna við þessa stofnun er áreiðanlega geysilega mikil.

Þá eru 64. og 65. brtt. Fjhn. leggur til til samræmis, að forstjórar landssmiðjunnar og ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs hækki úr 10200 kr. í 11100 kr. Einnig þótti nm. í fjhn. óviðkunnanlegt, að stofnanir, sem velta jafnmiklum fjárhæðum og áfengisverzlun og tóbaksverzlun ríkisins, láti forstjóra sína fá lægri laun en lagt er til í till. n. Hefur fjhn. gert till. um að hækka þá og lyfsölustjóra úr 10200 kr. í 11100 kr. Þessir menn munu áreiðanlega hafa hærri laun nú. Þessi brtt. mun ekki hafa verið gerð eftir till. frá þessum mönnum sjálfum, heldur mun n. hafa tekið þetta upp hjá sjálfri sér að breyta þessu til samræmingar.

66. brtt. er leiðrétting. Það hafði fallið úr að setja þarna bókara III. flokks í tóbakseinkasölu. Þeir eru þar fyrir, konur, sem vinna bókarastörf og eiga að hafa laun í þeim flokki. En hins vegar tel ég rétt, að n. taki aftur 67. brtt. sína: „Ritarar III. flokks í tóbakseinkasölu" falla niður, — þar sem bent hefur verið á með réttu, að þessi flokkur eigi að vera til við þessa stofnun eins og aðrar, þó að nú muni ekki starfa þar nema ein stúlka, sem ætti að taka laun þess flokks.

Þá er 70. brtt. Þar vill n. einnig til samræmingar hækka laun forstjóra áburðar- og grænmetisverzlunar ríkisins, sérstaklega með tilliti til þess, að hann er forstjóri fyrir tveim stofnunum.

Þá munu vera sjálfsagðar brtt. við 27. gr., sem 72. brtt. er um, um hækkun á launum fiskimatsstjóra, yfirfiskimatsmanna, síldarmatsstjóra og freðfisksmatsstjóra. Þegar launamálanefnd samdi þetta frv., lágu þessi störf a. n. l. niðri. En nú er svo komið, að þessir menn hafa full störf og verða að fá full laun.

Svo er næsta brtt., um skógræktarstjóra. Hann er óeðlilega lágt launaður eftir frv., og leggur n. til, að laun hans hækki úr 9600 kr. í 10200 kr.

74. brtt. er um, að 30.—36. gr. frv. falli niður.

75. brtt. er í raun og veru smávægileg. Fjhn. þótti eðlilegt, að skólastjórar gagnfræðaskóla með yfir 200 nemendur yrðu settir sér í flokk.

Þá hef ég nú aðeins farið yfir flestar brtt., sem varða launin. Aðrar gr. frv. eru meira varðandi réttindi og skyldur starfsmanna. — Í 40. gr. frv. segir svo: „Við opinberar stofnanir, sem settar eru á fót til bráðabirgða, skal haga launaflokkum í samræmi við lög þessi, en launagreiðslur skulu vera a. m. k. 15% hærri." N. leggur til, að grein þessi falli niður. Hjá launamálan. mun þessi gr. vera til komin vegna þess, að þegar settar eru stofnanir á fót, eins og t. d. viðskiptaráð, þá séu teknir til þeirra menn, sem fá óeðlilega há laun. En meiri hl. fjhn. taldi, að þegar svona stofnanir væru settar á fót til bráðabirgða, væri ekki hægt að spyrja um launin, heldur yrði að fá til þeirra starfa ákveðna menn með sérstaka hæfileika, og þess vegna væri í raun og veru engin leið að setja ákveðnar reglur um það, hver laun þessara manna skyldu vera. Varð það því ofan á, að lagt skyldi til, að þessi 40. grein yrði felld niður.

Þá hefur fjhn. gert till. um, að felld verði niður 43. gr. frv. og sömuleiðis 45. gr., en sett verði í stað þeirra gr. beggja bráðabirgðaákvæði í frv. 43. gr. er varðandi vikulegan starfstíma hjá ákveðnum starfsmönnum, og fannst sumum nm. sem það væri mjög óviðeigandi í slíku frv. að setja fram ákveðinn starfstíma, sem frekar ætti að hafa ákvæði um í reglugerð. N. ræddi allmikið um þetta og var ekki á einu máli um það. En síðan varð þó ofan á að setja í stað gr. bráðabirgðaákvæði, þegar séð var, að með því væri tryggt, að ríkisstjórnin setti reglugerð um þetta í fullu samræmi við þann starfstíma, sem nú er í þessum stofnunum, og mun BSRB hafa fengið loforð um það hjá ráðh., að starfstími viðkomandi starfsfólks skuli ekki breytast frá því, sem stendur í frv. Með þessu bráðabirgðaákvæði og þessu loforði frá ráðh. gátu nm. fallizt á það, að gr. félli niður, en bráðabirgðaákvæði kæmi í staðinn (84. brtt.).

Þá leggur fjhn. einnig til, eins og ég gat um, að 45. gr. frv. verði felld burt, en í staðinn sé sett bráðabirgðaákvæði, sem er í 84. brtt., b-lið, sem er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðningu starfsmanna skal einnig þennan tíma hagað á sama hátt og verið hefur hjá hlutaðeigandi stofnunum." N. vildi fella þessa 45. gr. niður af þeim ástæðum, að réttmætt væri, að fram færi endurskoðun á öllu ríkiskerfinu og fyrirkomulagi og rekstri þess, áður en starfsmenn og embættismenn yrðu fastráðnir, og væri því rétt að bíða með að setja þetta í lög, þangað til ákveðnar reglur eða l. hefðu verið sett um réttindi og skyldur embættismanna almennt.

Þá er eitt, sem nauðsynlegt er að nefna. Það er kannske allveigamikið atriði, að n. leggur til, að bráðabirgðaákvæði frv. falli niður. En það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú á fastráðinn starfsmaður að lækka í launum samkvæmt launastiga þessara laga, og haldast þá laun hans óskert, meðan hann gegnir starfinu." (**BBen**: Er það nokkur, sem á að lækka?) Já, það er um talsverðar lækkanir að ræða eftir frumvarpinu, og fer það þó eftir því, hvernig þessi grein er skilin. Og n. var ekki á einu máli um það, hvernig hún skyldi túlkuð, hvort enginn skyldi lækkaður frá grunnlaunum eða hvort miða ætti við grunnlaun með 20—25% grunnkaupshækkun. Ef skilja

ætti þetta svo, að laun ættu ekki að lækka frá grunnlaunum, þá mundi enginn lækka eftir frv. En ef miða ætti við grunnlaun með grunnkaupshækkun, munu einstaka starfsmenn og starfsmannahópar lækka, því að eftir frv. voru lækkanir ekki nema eitthvað á þriðja hundrað þús. kr. samtals. En nú hefur enn ekki verið reiknað út, hve mikið hækkunartill. n. vega upp á móti þessu. En um flestar hækkunartill. fjhn. er það svo, að með þeim er lagt til að hækka þá, sem lækka eftir frv. En tala þeirra, sem lækka eftir frv., er minni en hinna, sem hækka samkv. því. En ég hef strax heyrt óánægjuraddir um það, að gert hefur verið ráð fyrir, að laun lækki, því að menn höfðu búizt við því, að laun einstaklinga, sem nú hafa ákveðin laun, lækkuðu ekki samkv. frv., þótt starfið sjálft væri ákveðið lægra. Ég býst við, að gera megi ráð fyrir því, að fjhn. og Alþ. berist mótmæli út af því að fella niður þetta bráðabirgðaákvæði. En það, sem n. hafði til síns máls, er það, að það væri svo til ætlazt eftir þessum nýju launal., að menn fengju eftir þeim sæmileg laun, laun, sem þeir mættu vel við una, og þess vegna væri ástæðulaust að láta einstaklinga halda hærri launum en ákveðin eru samkv. frv. En þetta mál er nú sennilega rétt að taka til nýrrar athugunar, því að ég fullyrði ekki, að það geti ekki verið, að einstakir menn eða starfsmannahópar lækki eitthvað samanborið við aðra.

Þá er hér ein brtt., nr. 85, um það, að við skipun í starfsflokka og flutning milli launaflokka skuli konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar. Nm. voru ekki sammála um það, að þetta væri réttmætt. Þeir voru sammála um það, að ákvæði frv. sjálfs gæfu náttúrlega ekki nokkurt tilefni til þess, að konur væru eftir þeim í lægri launaflokki en karlar og nytu ekki sama réttar og töldu þar jafnrétti svo sjálfsagðan hlut, að ekki þyrfti um það þetta ákvæði. En reynslan sýnir, að konum, sem eru við sömu störf og karlmenn, er í stofnunum skipað yfirleitt í lægri launaflokka en þeim af óréttlátum ástæðum. Og þess vegna er þetta ákvæði sett í brtt. n. sem bending til stofnana um það, að l. ætlast til þess, að ekki sé gerður munur í launum karla og kvenna, sem vinna sömu störf.

Nú held ég, að ég hafi farið yfir flestar brtt. n. En þó er kannske það eftir, sem menn mundu spyrja fyrst og fremst að, þ. e., hvað þessi launal. kosti ríkissjóð, hver yrðu útgjöld ríkissjóðs eftir þessum nýju launal. Það er satt bezt að segja, að n. hefur ekki enn getað fengið um það nógu nákvæma útreikninga. En þegar nokkuð var liðið á starf n., þá komst hún þó að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera rétt að endurskoða alla útreikninga í sambandi við launal. Og var það sérstaklega varðandi launagreiðslur til kennara, sem ýmsir vildu véfengja, að væru rétt túlkaðar hækkanir á í grg. frv. Var það því fyrsta verkið við þessa útreikninga að taka fyrir alla kennara og reikna nákvæmlega út að nýju, hver laun hvers kennara á landinu yrðu samkv. frv., ef samþ. yrði. Þessir útreikningar sýndu, að útreikningar launamálan. höfðu að vissu leyti verið réttir og það rétt, sem stendur í grg. frv. Það eru algerlega tvær hliðar á þessu máli. Annars vegar það, sem launagreiðslur til kennara hækka samkv. frv., og hafði launamálan. reiknað það út. Sú upphæð var 625556 kr. Þetta lét fjhn. reikna út af nýju, og niðurstaðan varð sú, að eftir þessum nýja útreikningi varð hækkunin um 655 þús. kr. Þetta munar því aðeins um 30 þús. kr., og það sýnir, að útreikningar launamálan. hafa verið réttir að þessu leyti. Þessi 30 þús. kr. munur getur stafað af því, að breyt. hafi orðið á launum kennara á því tímabili, sem liðið er, síðan launamálan. reiknaði þetta út. Þetta er aðeins hækkun á grunnlaunum til kennaranna.

En svo er hin hliðin á málinu, sem er aukning á útgjöldum ríkissjóðs til kennaranna eftir frv. Og þá kemur allt önnur tala en ef manni dettur í hug að vilja reikna bara verðlagsuppbót á grunnlaunin og athuga, hver sú hækkun verður miðað eingöngu við launahækkun kennaranna, sem sé 656 þús. kr. grunnlaunahækkun, því að þá verður að taka með þá tilfærslu, sem í frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði að öllu leyti laun barnakennara, en bæjar- og sveitarsjóðir ekki að neinu leyti. Og þó að samþ. yrðu brtt. n., að bæjarsjóðir greiði ⅓ og sveitarsjóðir ¼ af grunnlaununum og farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fái ¾ hluta af launum annarra barnakennara, nemur útgjaldaaukning ríkissjóðs á grunnlaunum kr. 893641,90, en heildarhækkun með verðlagsuppbót 171% kr. 3320893,09, þar sem ríkissjóður greiðir einnig verðlagsuppbót á framlag bæjar- og sveitarsjóða. Hér eru sem sagt tölur, sem miklu munar á, og það var það, sem n. setti sér að komast alveg til botns í, hvernig á þessu stæði. Og hvort sem ég get skýrt það greinilega fyrir ykkur eða ekki, þá erum við komnir til botns í þessu. En í stuttu máli felst þessi munur í staðaruppbótum, sem bæirnir greiða, 164 þús. kr., og svo í öðrum útreikningi, sérstaklega launauppbótum. En kennarar fengu sérstaka launauppbót, skólastjórar 1000 kr. og kennarar 500 kr. Og sérstaka launauppbótin nam, án verðlagsuppbótar, 425 þús. kr. En með þeirri verðlagsuppbót, sem nú er greidd, nemur hún 726750 kr., svo að þarna munar 300 þúsund kr. — Og annar munur var staðaruppbótin, sem var nærri 170 þúsund krónur. Og svo í þriðja lagi til þess að skýra þennan mun er svo sá hluti, sem bæjar- og sveitarsjóðir hafa greitt, og þeir hafa aðeins greitt hluta af grunnlaununum, en ekki verðlagsuppbót. Svo að til þess að skýra muninn, þá kemur samkv. frv., — en við viljum fella það niður, — að sá hluti, sem bæjar- og sveitarsjóðir hafa greitt, greiðist alveg af ríkissjóði. En nú hefur fjhn. gert till. um, að bæir og sveitir greiði þetta áfram, svo að samkv. till. n. fellur þetta atriði niður. En munurinn felst þá í þessu tvennu: fyrst staðaruppbótinni, sem nú er reiknað með í grunnlaunum kennaranna, en bæirnir greiddu áður, og í öðru lagi, að á þennan hluta launanna kemur full verðlagsuppbót, þegar ríkissjóður greiðir hann og hann er tekinn inn í grunnlaun kennaranna. Þannig kemur nú hlutfallslega miklu meira á ríkissjóð að greiða í þessum launum en áður, sem nemur þessum fjárhæðum, er ég nefndi áðan. Kemur því þar fram allt önnur tala en ef maður leggur aðeins verðlagsuppbót við 656 þús., sem er raunveruleg grunnlaunahækkun til kennaranna. — Það má náttúrlega segja, að það skipti ekki miklu máli, hverjir borga laun kennaranna. En létt verður allmikið á bæjum, einkum Reykjavík, ef staðarupp-

bótin verður greidd af ríkissjóði sem grunnlaun. — Heildarhækkunin á útgjöldum ríkissjóðs með verðlagsvísitölunni 171 er því til kennaranna einna 3320893,09 kr. En aðrir útreikningar eru ekki fyllilega gerðir. En ég hef ásamt fulltrúa í fjármálaráðuneytinu farið lauslega yfir aðrar hækkanir, og samkv. frv. — einnig reiknað með vísitölunni 171 — eru þær 2560243,00 kr.

Fulltrúi fjmrn., sem mest hefur haft með þessa útreikninga að gera, vill taka þetta allt fyrir á ný og gera sams konar nýja útreikninga á þessu frá grunni, eins og búið er að gera með kennarana, en eftir þessu er heildartalan 5881136,00 kr., og er þá ekki reiknað með brtt. n., en eftir því, sem ég hef komizt næst, þá er hámarkið af þeim hækkunum um 180 þús. kr., en lágmarkið 90 þús. kr. Fjmrn. er nú að reikna út hvern mann fyrir sig, og býst ég við, er það er gert, að þá komi í ljós, að hækkunin sé mjög lítil. Þó skal ég geta þess, að hér er ekki reiknað með hækkunum, sem gætu orðið af brtt., sem gerðar eru eftir ósk utanrrn., sem engin leið er að segja um, hverju mundu nema, því að það fer eftir fjölda starfsmanna á hverjum tíma.

Þetta er allt svo flókið og yfirgripsmikið mál, að það er ekki víst, að ég hafi gert nógu vel grein fyrir öllum einstökum atriðum. En það, sem skiptir mestu máli með allan útreikninginn, er það, að hann er ekki nógu vel gerður. Fulltrúinn í fjmrn. á bágt með að trúa því, að hækkunin sé svona mikil. Ég þykist skilja, að þetta sé sem næst réttri upphæð, því að eftir útreikningi stjórnarráðsins er hækkun ríkissjóðs 4900 þús. kr., en eftir þessum nýja útreikningi er hann ekki það, heldur rúmar 6 millj., en út úr þessum útreikningi þarf að gera nákvæmar niðurstöður.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi upphæð komi hv. þdm. á óvart, því að það var fyrir löngu farið að kvisast, að útgjöld eftir frv. væru ekki 4 millj., heldur nálægt 6 millj. kr. Þess er líka að gæta, að nokkuð af þessu endurgreiðist aftur til ríkissjóðs, þ. e. a. s. hlunnindin. En það, sem fæst með þessu frv., er, að réttlátari verða greiðslur til starfsmanna ríkisins. Mest af þessu er launahækkun til kennara, sem hafa verið smánarlega lágt launaðir fram að þessu.

Tel ég svo ekki þörf að ræða þetta meir að svo stöddu.

Forseti (StgrA): Fundartími er þrotinn, og verður ekki hægt að halda þessum umr. lengur áfram að sinni.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 8. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 306, n. 691, 692, 693, 714).

Bernharð Stefánsson: Það er nú orðið nokkuð langt, síðan þetta mál var fyrst tekið hér fyrir til 2. umr. og hv. frsm. n. flutti framsöguræðu sína, enda ætla ég ekki að gera ræðu hans að sérstöku umtalsefni.

Eins og hv. þdm. ef til vill muna, þá var ég veikur alllangan tíma fyrir jól. Af því leiddi, að ég gat ekki fylgzt með störfum fjhn. í hálfan mánuð. Flest þau atriði, sem till. hv. meiri hl. n., á þskj. 692, fjalla um, hafði þó að vísu borið á góma í n., meðan ég starfaði þar, en ákvörðun hafði ekki verið tekin um þau atriði. Þessar brtt. á þskj. 692 eru því ekki frá mér, og ég get getið þess strax og kem að því síðar, að ég er mótfallinn sumum þeirra. Ég hef því allvíðtækan fyrirvara um þetta mál, þótt ég skrifi undir nál. fjhn. Ég býst að vísu við, að það hefði komið að nokkru í sama stað niður, þó að ég hefði verið uppistandandi, þegar n. gekk frá málinu, því að mér hefur skilizt, að hv. meðnm. mínir hafi í störfum sínum verið bundnir af hinum svokallaða stjórnarsamningi, sem m. a. tók til þessa máls, og hefðu því ekki getað tekið till. mínar mikið til greina, þó að ég hefði verið á síðasta fundi n. um málið.

Eins og menn ef til vill muna, þá er ég meðflm. þessa frv., og ástæðan til þess, að ég gerði það, og jafnframt til þess, að ég skrifaði undir nál. fjhn., er sú, að ég álít, að það sé aðkallandi nauðsyn að setja ný launal. fyrir landið, og ég tel, að í því efni komi einkum tvennt til greina: Í fyrsta lagi tel ég, að það hafi verið mikil þörf á því að bæta kjör þeirra starfsmanna landsins, sem lakast hafa verið launaðir. Ég nefni aðeins sem dæmi barnakennarana, sem hafa verið launaðir undanfarið langt fyrir neðan það, sem nokkrum öðrum sambærilegum starfsmönnum hefur verið boðið. Kennarar í sveit hafa t. d. undanfarið haft miklu lægri laun en vetrarmenn hjá bændum, sem hafa gegnt fjósaverkum og öðru slíku, en þó er krafizt allmikillar skólagöngu af kennurunum, sem nú orðið samsvarar fyllilega því, sem stúdentar verða að inna af hendi.

Í öðru lagi er sú ástæða til þess, að nauðsynlegt er að fá ný launal., að fá meira samræmi í launagreiðslurnar en verið hefur. Eins og menn minnast, eru launal. frá 1919. Þó að þá væri dýrtíð, voru allt aðrir tímar þá en nú, og ég held, að ekki orki tvímælis um það, að þau laun, sem ákveðin voru með launal. 1919, voru fremur lág laun. En síðan þessi launal. voru sett, hafa verið stofnuð mörg ný opinber störf í þjóðfélaginu. Það hafa verið settar á fót nýjar stofnanir og ýmiss konar ný störf sett á laggirnar. Og það er sameiginlegt með öllum þessum nýrri störfum, að þau eru tiltölulega betur launuð en gömlu embættin, sem launal. frá 1919 fjalla um.

Þannig hefur skapazt ósamræmi í launagreiðslum, sem ég álít hina mestu þörf á að leiðrétta. Það hefur verið reynt að bæta úr launakjörum opinberra starfsmanna undanfarið með alls konar uppbótum og hér í Reykjavík með bitlingum eða greiðslum fyrir aukastörf, sem þó að ýmsu leyti hafa tilheyrt starfinu. En úti um land hefur ekki verið mikið um þetta og þar af leiðandi ákaflega mikið ósamræmi, og það er ekki hægt að neita því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, bætir mikið úr því ósamræmi, sem verið hefur í launagreiðslum. Og ég tel einn af aðalkostum þess þann, að það ætlast til, að hér eftir verði sömu launagreiðslur fyrir sams konar störf, hvar sem er á landinu. Eins og nú er komið, álít ég, að þetta sé algerlega réttmætt, því að jafnvel fyrir ráðstafanir þess opinbera er komið svo, að dýrtíðin er jöfn um allt land og sízt minni úti um land en hér í Reykjavík. Þess vegna er alveg ástæðulaust, að menn úti á landi séu lægra launaðir en í Reykjavík,

ef þeir gegna sams konar störfum, og er þetta einnig athugunarefni í sambandi við skattal., sem gefa Reykvíkingum hærri persónufrádrátt en öllum öðrum landsmönnum.

En þó að ég hafi álitið, að rétt væri að setja ný launal., þá var það ekki ætlun mín að leggja til, að það frv., sem fyrir liggur, yrði samþ. óbreytt, og það er skýrt tekið fram í grg. frv., að flm. áskilja sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt. Ég viðurkenni, eins og ég hef sagt, fyllilega, að það er þörf á að bæta kjör opinberra starfsmanna, en ég held því fram, að hins vegar verði þó að hafa hliðsjón af getu þjóðarinnar til þess að greiða launin, — og ekki einasta hliðsjón af getu þjóðarinnar, heldur einnig hliðsjón af kjörum annarra stétta þjóðfélagsins. Ég álít, að í þessu frv., eins og það liggur fyrir, sé teflt á fremsta hlunn, að því er snertir getu þjóðarinnar til þess að greiða þessi laun, og þó ganga till. hv. meðnm. minna út á það að hækka launagreiðslurnar.

Ég hef reynt að gera mér nokkra grein fyrir þeirri útgjaldahækkun, sem af þessu frv. yrði, ef að l. yrði, og niðurstaða mín er sú, að útgjaldaaukning ríkissjóðs verði hærri en gert hefur verið ráð fyrir. Mér skilst, að hæstv. ríkisstj. áætli, að þetta muni nema með núverandi dýrtíð um 6 millj. kr. á ári. Mér skilst á því m. a., að hún leggi til að bæta inn á fjárl. 4½ millj. kr. með það fyrir augum, að l. gildi aðeins ¾ hluta af þessu ári. Ég hygg, að þarna megi bæta við, og kem ég ef til vill síðar að því. Það eru ýmis atriði, sem ég hygg, að ekki hafi verið tekin nægilega til greina í þessu efni, þegar áætlanir voru gerðar. En þar sem hv. frsm. n. gat þess í framsöguræðu sinni, að n. mundi gera grein fyrir áætlunum sínum við 3. umr., þá skal ég sleppa að fara nánar út í það.

Ég skal þó minnast aðeins á tvö atriði, sem ég hygg, að ekki hafi enn komið verulega til greina í áætlun n., eða ekki var það svo, meðan ég gat tekið þátt í störfum hennar. Fyrra atriðið er það, að samkv. frv. hækka verulega laun vegna kennara og skólastjóra héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Þessir skólar fá styrk úr ríkissjóði og greiða sjálfir kennurum sínum og skólastjórum, svo að launin eru ekki greidd beint úr ríkissjóði. Ég álít, að eigi þessir skólar að vera reknir áfram, þá verði styrkurinn til þeirra að hækka hlutfallslega við launahækkanirnar, og mér telst til, að þessar hækkanir muni nema um 570 þús. kr. Ég hygg, að þetta hafi ekki enn komið verulega til greina í n. Eins hygg ég, að það hafi ekki verið tekið til greina, að tillag til lífeyrissjóðs frá ríkinu hlýtur að hækka í sama hlutfalli og launahækkanirnar. Þetta hygg ég, að muni nema upp undir 400 þús. kr. M. ö. o., ég álít, að hækkunin miðuð við núverandi dýrtíð muni nema um 7 millj. kr., jafnvel þótt sú till. n., að bæir og sveitir greiði enn þá hluta af kennaralaunum, verði samþ.

Það er ekki óeðlilegt, þótt menn leggi fyrir sig þá spurningu: Getur ríkið tekið á sig þessar miklu greiðslur? Ég efast ekki um, að ríkið getur það að vísu, ef það að hinu leytinu vill þá fella niður ýmis önnur gjöld, sem sjálfsögð hafa þótt hingað til. En ég efa mjög, að ríkið geti innt þessar greiðslur af hendi og haldið jafnframt uppi svipuðum eða meiri framlögum til verklegra framkvæmda og annars, sem ríkið hefur styrkt undanfarið, tryggingamála og annars slíks, nema þá með stórauknum sköttum.

Ég hef því litið svo á, að þrátt fyrir þá skoðun mína, að rétt sé að setja ný launal., að það sé þess vert að gera tilraun til að lækka nokkuð þau útgjöld ríkissjóðs, sem af þessum nýju launal. leiðir. Ég hef því flutt brtt. á þskj. 693, og eru þær um nokkra lækkun á launastiganum í 1. gr. frv. og þó aðeins á hámarkslaunin, sem þar eru ákveðin, enda mega menn ekki misskilja það, að það eru hámarkslaunin, sem eru hin eiginlegu starfslaun, því að fólkið fer tiltölulega mjög fljótt að komast upp í þau. Það er ekki einungis, að þessar till., sem ég hef þarna flutt, miði að því að lækka útgjöld ríkissjóðs allverulega, heldur finnst mér, að þær einar miði að því að fá meira samræmi í launagreiðslur en í frv. er.

Mér þykir kenna nokkuð handahófs í frv. á þeim mun, sem gerður er á milli flokka. Mér fyndist eðlilegt, að munurinn milli hærri flokkanna væri 1200 kr. á ári eða 100 kr. á mánuði, en munurinn milli lægri flokkanna væri 600 kr. á ári eða 50 kr. á mánuði. Ég álít, að brtt. mínar séu ekki tilfinnanlegar fyrir launþegana, en þetta munar töluverðu fyrir ríkissjóð, og ég vil segja miklu. Miðað við sömu vísitölu og hámarkslaun embættismanna, en á þeim eru langsamlega flestir, þá munar þetta um 2 millj. kr., sem útgjöldin af frv. mundu lækka, ef till. mínar yrðu samþ. Ég get búizt við, að ýmsum hv. þdm. þyki þetta ótrúlegt, mér fannst það og sjálfum og athugaði það aftur, en þetta er þó rétt, ef trúa má þeim skýrslum, sem mþn. í launamálum byggði á. Nú er það að vísu svo, að ekki eru allir launamenn á hámarkslaunum, en þrátt fyrir það mun mega fullyrða, að þessar lækkanir muni nema um 2 millj. kr., og eitt sinn hefði það þótt laglegur skildingur, þótt það þyki nú ef til vill lítið.

Ég viðurkenni, að skemmtilegt er að geta launað vel starfsmenn ríkisins, en eðlilegt hefði verið að endurskoða um leið allt starfsmannakerfið og athuga, hvort ekki væri unnt að fækka starfsmönnum hjá ríkinu. Ég geri samt ráð fyrir, að í þessu tiltölulega stóra landi verði ætíð hlutfallslega margir starfsmenn og kostnaður við starfsmannahald mikill í hlutfalli við fólksfjölda.

Ef spurt er, hvort þetta séu há laun, sem hér um ræðir, þá fer svarið eingöngu eftir því, við hvað miðað er. Ef miðað er við verzlunarstéttina hér í Reykjavík, þá eru þetta lág laun, en sé miðað við lífskjör alls almennings, þá eru þau allhá. Meðaltekjur verkamanns eru um 14 þús. kr., og nú eru að frumkvæði bændanna sjálfra gerðar ráðstafanir til, að tekjur þeirra lækki niður fyrir þetta. Í lægsta launaflokki eiga launin samkv. till. meiri hl. n. að vera töluvert hærri, að meðtalinni dýrtíðaruppbót, eða hærri en beggja þessara stétta, og er þar þó ekki krafizt neinnar sérmenntunar. Í lægstu launaflokkunum eru nær eingöngu einhleypt fólk og mikið kvenfólk. Allir aðrir launaflokkar eru allmiklu hærri en allur almenningur á við að búa.

Viðvíkjandi 2. brtt. minni hef ég lítið að segja, hún er einungis hinni til samræmis. En ég vil víkja nokkrum orðum að brtt. meiri hl. n. Þær voru flestar ræddar í n., á meðan ég starfaði þar, en þó eru sumar nýjar.

Ég get fallizt á margar þessar till., auðvitað þó þannig, að ákvæði þeirra breytist í samræmi við brtt. mínar, og sumar þessar brtt. eru alveg sjálfsagðar lagfæringar. Afstaða mín til nokkurra þessara till. fer eftir því, hvaða afgreiðslu brtt. mínar fá. Verði þær samþ., þá tel ég verjandi að hækka einstakar starfsgreinar í flokkum, þó að vafasamt sé annars. Nokkrum atriðum er ég mótfallinn, þar á meðal 1. brtt., um að hækka heilan flokk. Ég hef flutt till. um að lækka heila flokka, en þær eiga ekki við 13. flokk. En ég get ekki fallizt á, að komið geti til mála að hækka heila flokka, enda brýtur þessi till. í bága við þær reglur, sem frv. er byggt á, þar sem hún ætlast til, að hámarkslaun í tveim flokkum séu hin sömu, en hámarkslaunin ráða hins vegar flokkaskiptingunni.

Meiri hl. leggur til, að hámarkslaun 13. flokks verði hin sömu og 12. flokks. Eftir þessu ætti, skilst mér, að afnema 13. flokk, þar sem skipting í flokka fer eftir mismun á hámarkslaunununum. Það eru einkum liðirnir 21, 23 og 60 á þskj. 692, sem ég er á móti. Það er ekki af því, að ég sé neitt sérstaklega á móti þeim starfsmönnum, sem þar um ræðir, en það er kunnugt, að starfsmenn ríkisins áttu mikil ítök í þeirri n., sem um þetta fjallaði, og er full ástæða til að ætla, að hagsmuna þeirra hafi verið fyllilega gætt. Þess vegna vil ég láta flokkaskipunina sem mest halda sér.

Ekkert hefur verið áætlað um það, hvað hækkunartill. meiri hl. muni kosta ríkissjóð, en ég hygg, að það sé allmikið. Ég vildi skjóta þeirri fyrirspurn til frsm. meiri hl., hvaða laun þeir álíti, að símastúlkur úti um land eigi að hafa. Ég sé ekki annað en allar símastúlkur á 1. og 2. flokks stöðvum úti um land komi undir launal., en þær munu vera nær tvö hundruð, en áætlaðar um 90 hjá n. En þar sem lofað hefur verið að athuga þetta fyrir 3. umr., ætla ég ekki að ræða það frekar.

Stjórnarflokkarnir hafa heitið því að samþ. þetta frv. með þeim breytingum, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggur áherzlu á. Það lítur út fyrir, að starfsmenn ríkisins eigi á þennan hátt sjálfir að ráða launum sínum, og hvar munu þess finnast dæmi, að þjónar ríkisins ákveði sín eigin laun?

Þá kem ég að þeirri brtt. meiri hl. n., sem ég er mest mótfallinn, en það er 74. brtt., að 30.—36. gr. falli niður, m. ö. o., að ákvæðin um launakjör í bönkum, tryggingastofnunum ríkisins, Búnaðarfélaginu, Fiskifélaginu, Brunabótafélaginu og Samábyrgð ríkisins falli úr frv. Ef þessi till. verður samþ., álít ég, að ekki náist annar höfuðtilgangur frv., a. m. k. ekki frá mínu sjónarmiði, sem er sá að samræma launakjör. Og það mun því ekki líða á löngu, hvort sem till. mín verður samþ. eða frv. með brtt. meiri hl., að sama ósamræmi verði í launakjörum í landinu og verið hefur og sama óánægjan komi upp aftur. Ég hygg, að krafan um að taka þessar greinar út sé aðallega komin frá bönkunum. En ég lít svo á, að af þessum stofnunum eigi bankarnir fyrst og fremst að vera í 1. Ég sé ekki betur en bankarnir, a. m. k. Landsbankinn og Búnaðarbankinn, séu hreinar ríkisstofnanir, en engin ríki í ríkinu, eins og helzt er nú að skilja af bréfum bankanna um þetta efni. Því hefur af ríkisbankanna hálfu verið haldið fram, að það gæti skapað þeim óþægilega aðstöðu að vera bundnir við launalögin, ef Útvegsbankinn er það ekki. Þá gæti sá banki boðið betri launakjör en hinir bankarnir megi samkv. 1. og þannig lokkað til sín hæfari starfsmenn. En ég vil benda á, að Útvegsbankinn er stofnaður með 1. og ríkið á hann að meiri hluta. Hann er því að sjálfsögðu eins konar ríkisstofnun, þó að hann sé jafnframt hlutafélag. Og mér finnst, að úr þessu ætti að bæta, ekki með því að taka Landsbankann og Búnaðarbankann út, heldur með því að setja Útvegsbankann inn í 1. Það kynni þó að þykja óviðkunnanlegt, þar sem Útvegsbankinn er hlutafélag að nafninu til, að setja bein ákvæði inn í 1. En ég sé ekki, hvað er á móti því að setja þau ákvæði inn í 1. að leggja það fyrir bankaráð Útvegsbankans að setja reglugerð um laun, sem væri í samræmi við launalögin. Og verði þessi till. meiri hl. felld, að taka þessar stofnanir út, mun ég við 3. umr. bera fram brtt. um það að bæta Útvegsbankanum við og þá jafnframt að samræma dálítið frekar launakjör í bönkunum en gert er í frv. Mér finnst miklu nær, að félög einstakra manna, eins og t. d. Búnaðarfélagið og Fiskifélagið, séu utan við launal. en Útvegsbankinn. Það mun vaka fyrir meiri hl., að launagreiðslur í þessum stofnunum, sem ætlazt er til að falli út úr launal., hafi ekki bein áhrif á hag ríkissjóðs. Og þetta er rétt. Tekjur og gjöld þessara stofnana eru ekki tekin á fjárl., og þar af leiðandi hafa launagreiðslur þeirra ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs. En launagreiðslur í þessum stofnunum hafa beinlínis áhrif á mat starfsmanna hins opinbera á því, hver kjör þeirra eru. Ef þessar stofnanir greiða betri laun en hið opinbera, skapar það án efa óánægju hjá starfsmönnum ríkisins. Ég álít því, að einmitt með þessari till. sé ákaflega mikið dregið úr gildi frv. Og verði hún samþ., vil ég engu lofa um fylgi mitt við það.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en áður en ég lýk því, vil ég benda á eitt atriði. Samkv. 38. og 40. brtt. meiri hl. n. eru skólastjórar heimavistarbarnaskóla færðir upp um einn flokk. En það undarlega skeður, að við þessa breyt. munu þeir flestir eða allir lækka í launum. Er það víst eina lækkunin, sem meiri hl. leggur til, að gerð sé. Eftir frv. eiga skólastjórar við heimavistarskóla að hafa í laun 8400 kr., og er miðað við 7 mánaða kennslu. Í brtt. eru þeim ætlaðar 9 þús. kr., en miðað við 9 mánaða kennslu. Nú mun það vera allvíða, að ekki er kennt í heimavistarskólum nema 7 mánuði, m. ö. o., þessir skólastjórar eiga þá samkv. till. meiri hl. að fá 7 þús. kr. í laun í stað 8400 kr. eða lækka um 1400 kr. Vera kann, að í sumum heimavistarskólum sé kennt lengri tíma en 7 mánuði á ári, og ég tel víst, að það verði leitazt við að lengja námstímann, ef þessi breyt. verður gerð. En eins og stendur, mun ástandið vera eins og ég hef greint. En þó að miðað sé við 7 mánaða kennslu hjá skólastjóra í heimavistarskóla, álít ég ekkert ósamræmi í að ákveða sömu laun og við 9 mánaða kennslu í öðrum skólum. Skólastjórar við heimavistarbarnaskóla hafa mörgu að sinna. Gera má ráð fyrir, að þeir þurfi að taka tíma til að borða og sofa eins og aðrir menn, en þó er það svo, að í sjálfu sér getur allur sólarhringurinn, ef svo stendur á, verið starfstími þeirra. Ég vildi gjarn-

an, að þessi brtt. yrði tekin aftur við þessa umr. og athuguð nánar til 3. umr.

Mér þykir dálítið undarleg till. meiri hl. um það, að l. öðluðust gildi 1. apríl. Þegar sýnilega var nokkuð liðið á þann þingtíma, sem ég bjóst við, að yrði, sem sé, að lokið yrði fyrir jól, var ég smám saman að hreyfa því, hvort ekki mætti fresta þessu máli til næsta þings, en það mátti nú ekki, sökum samninga stjórnarflokkanna. En ef næsta þing kæmi nú saman 15. febr., býst ég við, að allt hefði komið nokkuð í sama stað niður. Ég veit auðvitað ekki, hvað þetta þing stendur lengi, en ekki sýnist mér miklar líkur til, að það standi svo lengi, að fresta þurfi gildistökunni til 1. apríl. En annars geri ég þetta ekki að neinu atriði. Eitt veit ég þó: að starfsmenn víðs vegar um landið hafa skilið þessa stjórnarsamninga og fyrirheit um ný launalög þannig, að þeir ættu að fá nýju launin frá áramótum.

Einkennileg þykir mér 85. brtt., um að taka það sérstaklega fram, að konur eigi að njóta jafnréttis við karlmenn um laun og skipun í starfsflokka og flutning á milli launaflokka, að öðru jöfnu. Ég hélt, að allt frv. væri þannig byggt, að konur hefðu sama rétt og karlar. En svo er annað. Hvernig hugsar meiri hl. sér, að þessi till. komi inn? Þetta er ekki borið fram sem brtt. við neina gr. frv. né heldur sem till. um nýja gr. Þó að þetta verði samþ., sé ég ekki annað en það hljóti að falla niður við prentun frv. (**KA**: Þá er það prentvilla. Þetta á að vera ný gr.) Ég er ekki beint á móti þeirri gr., en finnst hún heldur hégómleg. Af því að ég starfaði í n. um nokkurn tíma, veit ég vel, hvernig þessi brtt. er til komin. En með því að konur eiga að njóta jafnréttis við karlmenn l. samkv., finnst mér mikil spurning, hvort vera eigi að anza slíkum kröfum sem konur hafa um þetta gert.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég veit, að það liggur á að koma öðru máli áfram. En þar sem ég tala hér sem frsm. minni hl. n., þykist ég ekki hafa misbrúkað mjög þolinmæði hæstv. forseta.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 10. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 306, n. 691, 692, 693, 714, 778).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það hefur verið sagt við umr. um þetta mál, að í samningum um myndun ríkisstj. hafi verið ákveðið, að það skyldi ná fram að ganga, þess vegna væri til lítils um að sakast, þótt fjárfrekt þyki og margt sé á annan veg en æskilegt væri í frv. En út af orðum, sem féllu hjá hv. 1. þm. Eyf., vildi ég minna á, að aðeins var samið um það frv., sem fyrir lá á þskj. 306, með breytingum til móts við óskir minni hl. í mþn., fulltrúanna frá BSRB. Þannig var samningurinn túlkaður í upphafi, þar sem ég var viðstaddur. Ég mun því telja allar aðrar breyt. frv. svik við samninginn, svik við ríkisstj. og alla þjóðina. Það er skýrt tekið fram á bls. 27 í grg., hvaða atriði það voru, sem minni hl. mþn. gat ekki fellt sig við. Og kröfur, sem þá voru gerðar í því sambandi, voru það eina, sem umsamið er að uppfylla. Þetta kemur fram hér á bls. 27 í aths. nm. Andrésar Þormars og Guðjóns B. Baldvinssonar við nál. frá 3. marz 1944 og er rakið í tveim liðum. Þeir telja „mjög vafasamt, að heimilt sé að færa niður laun heilla starfshópa, sem ákveðin hafa verið af löggjafarvaldi eða framkvæmdarvaldi með þegjandi samþykki löggjafans. Vitað er og, að ýmsir þessara manna hafa árum saman búið við hrakleg launakjör, áður en þeir fengu úrbót þá, er veldur því, að þeir eru nú launahærri en aðrir starfsmenn, sem n. hefur sett í sama launaflokk." — Þetta var fyrri aðalástæðan til þess, að þeir gátu ekki samþ. frv. skilyrðislaust.

Síðari liður aths. er þessi grein: „Meðan unnið var að endurskoðun launakaflans, var eigi vitað, hverjar undirtektir ríkisstj. mundu verða um endurskoðun hins almenna kafla launal., sem vér lögðum áherzlu á, að lokið yrði jafnframt. Hörmum vér þá ráðstöfun, að launamálan. skyldi ekki vera falið að vinna að þeirri endurskoðun, þar sem hún hafði aflað sér ýmissa upplýsinga, sem gagnlegar eru og nauðsynlegar við það starf. Viljum vér enn undirstrika þá skoðun vora og umbjóðenda vorra, BSRB, að eigi er síður brýn þörf á að samræma og kerfisbinda öll þau ákvæði, er lúta að skyldum og réttindum starfsmanna eða því, sem í einu orði er oftast nefnt starfskjör."

Þetta voru einu ágreiningsatriðin og áherzlan mjög mikil á síðara atriðinu, sem þeir vilja undirstrika. En fjhn. kemur einmitt mjög lítið inn á það mál og gerir ekkert til að uppfylla það samningsatriði. Í staðinn fer hún langt út fyrir samningsgrundvöllinn, sem þarna er lagður, með stórfelldar hækkanir út í bláinn, bæði á einstökum launum og heilum launaflokkum. Þeir, sem stóðu að frv., verða nú undrandi að sjá hækkanir, sem þeim hefði ekki dottið í hug við samningu þess. Hvers vegna hefur fjhn. ekki haldið sér innan þess ramma, sem búið var að setja? Er ekki full ástæða til, að n. athugi frv. að nýju með þá reglu í huga að fara hvergi út fyrir hann?

Allir flokkar áttu fulltrúa í mþn. Af hálfu Alþfl. var Guðjón Guðjónsson skólastjóri í Hafnarfirði, af hálfu Framsfl. Sigurvin Einarsson, af hálfu Sjálfstfl. var Jakob Möller, af hálfu Sósfl. Hlöðver Sigurðsson — og síðar í stað hans Sigurður Thorlacius, — en fyrir BSRB voru A. G. Þormar og G. B. Baldvinsson. Formaður n. var Magnús Gíslason skrifstofustjóri í fjmrn.

Nú mátti ætla, að þessir menn hefðu haft tækifæri til að undirbúa málið mjög vel. Þó hefur það ekki tekizt betur en svo, að fyrrv. fjmrh. treystist ekki til að leggja frv. n., eins og það var úr garði gert, fyrir þingið. Þeir, sem nú fluttu frv., hafa sjálfsagt verið ánægðir með það. En þegar þeir fara nú að athuga það, komast þeir að líkri niðurstöðu og fjmrh. hafði komizt að, frv. er svo fullt af ósamræmi, að því þarf að stórbreyta, og fjhn. sér sér ekki duga annað en flytja nærri 50 brtt. við það. Þetta er ekki óskiljanlegt í sjálfu sér. En undarlegt er, að n. skilur hlutverk sitt svo, að það sé að koma einungis með hækkunartill., eina hækkunina á aðra ofan, í því skyni að fá með því jafnvægi í byggingu frv., hvort sem frv. verði þá í jafnvægi við þjóðartekjur eða ekki.

Ég vil fara nokkrum orðum um nál. fjhn. Hún

kennir samningi ríkisstj. nokkuð um brtt. sínar. En allar aðfinnslur vildi hún einnig reyna að taka til greina, hugðist að vísu ekki að gera miklar breyt., „hafði allan tímann sterka tilhneigingu til að raska frv. sem minnst. Í rauninni er líka svo, að allur grundvöllur frv. er óhreyfður og sjálfum launastiganum mjög lítið breytt," segir n. En brtt., sem n. segir, að feli „ekki í sér stóra fjárhæð samanlagt", eru bersýnilega stórfelld röskun á frv. og munu fela í sér mjög háar upphæðir. Ef þetta eru minnstu breyt., sem hægt er að gera, hvað væru þá mestu breyt., sem n. kynni að langa til að gera?

Það er engin smábreyt. á grundvelli frv., að lagt er til að fella allt niður, sem er í 30.—36. kafla, eða sjö stofnanir. Það var kannske eitt af meginatriðunum, sem sætt gátu mann við frv., að þessar stofnanir skyldu vera teknar með, svo að samkeppni þeirra sumra við ríkið í launagreiðslum yrði síður að meini en verið hefur. Fjhn. vill sleppa þessum stofnunum af því, að fjárhald þeirra komi ríkinu svo lítið við. Það er ekki rétt. Þó að bankarnir geti vegna skattfrelsis greitt há laun, mega þau laun ekki verða að mælikvarða út í frá og eiga ekki ætíð rétt á sér. Rétt er að gæta þess um leið, að þessar stofnanir hafa miklu meiri tök á starfstíma sinna manna en ríkið hefur yfirleitt á vinnutíma embættismanna sinna, sem vinna margir ekki hvern starfstíma, sem þeim er reiknaður, oft á því mikill brestur. Ég sé hvergi, að fyrir það sé girt með frv., að menn geti haft stórkostlegar aukatekjur af störfum utan embættis. Það er meginvanræksla að setja nú ekki jafnframt launal. löggjöf um skyldur og starfskjör embættismanna, eins og að var vikið.

Í nál. segir, að brtt. feli ekki í sér stóra fjárhæð til hækkunar. Sjálf hefur n. engin gögn um þetta, aðeins fullyrðir. Lofað er einhverjum gögnum við 3. umr., en þau hefðu þurft að vera þegar komin. Einn af nm., hv. 1. þm. Eyf., hefur þó upplýst nokkur atriði. Hann hyggur, að öll hækkunin af samþykkt frv. muni nema nálægt 7 millj. kr., eins og horfir. Ég vildi spyrja hv. frsm. n., hvort þær tölur séu reiknaðar út í bláinn eða hann geti rökstutt aðra reikningsútkomu. Ég held, að hann hafi ekki áttað sig á því fyrr en í dag, að framlag í lífeyrissjóð mundi hækka um 400 þús. kr. á ári, og hefði það einhvern tíma þótt allstór fjárhæð. Þeirri greiðslu er hreint og beint bætt við launin. Ekki mun honum heldur hafa verið ljóst, að hækkunin á kennaralaunum gagnfræðaskóla mundi nema 570 þús. kr. Ef einn nm. getur lesið þetta út úr gögnum n., hvers vegna getur ekki n. öll séð það eða veitt einhver ákveðin svör um það, hverju hækkanirnar nema? Hefði aðeins verið meiningin að verða við helztu óskum BSRB, hefði þessi víðtæka breyting alls ekki verið gerð. Í nál. stendur: „Með stærstu breytingartill., þar sem nokkrir starfshópar, svo sem póstafgreiðslumenn, talsímakonur, tollverðir og ríkislögregluþjónar, eru færðir í hærri launaflokk, er gengið til móts við óskir frá stjórn BSRB." — Ég vildi gjarnan heyra það á ýmsum flm. frv., t. d. 1. þm. Eyf., sem enn mun ekki vera blindur á þetta mál, hvernig hann lítur á hina stórfelldu röskun frumvarpsins.

Hér er talað um, að Kvenréttindafél. Ísl. telji hlut kvenna mjög fyrir borð borinn. Ég tel, að aldrei verði svo gert, að einhverjar stéttir þjóðfélagsins telji ekki rétt sinn fyrir borð borinn. Mig stórfurðar á fjhnm., ef þeir hafa þá nokkuð fjallað um þetta mál, að láta frá sér fara sem rök í þessu máli til hækkunar, að einhver fjöldi vilji fá meira samanborið við annan fjölda. Þetta eru frámunalega léleg rök í svona stóru máli, enda skilst mér, að þetta verk allt hafi verið látið hvíla mest á þeim manni í fjhn., sem minnst vit hafði til að greina málið á réttan hátt og engan vilja. Mér skilst hann einn hafi aðallega pælt í þessu til þess að koma fram hækkunum. (**MJ**: Hver er það?) Framsögumaðurinn. Framsöguræða hans benti til þess, að hann hefði langmest starfað í n. Þá stendur hér, að n. hafi ekki talið fært að gera breyt. á frv. til lækkunar, og þar, sem henni fannst ósamræmi, fannst henni einungis fært að leiðrétta það með hækkunum. — Á 2. síðu hefur n. lagt til í samráði við fræðslumálastjóra, að sá háttur, sem verið hefur, haldist enn um sinn og bæjar- og sveitarfélög greiði ákveðinn hluta af grunnlaunum skólastjóra og barnakennara. Frv. gerði ráð fyrir, að þessi laun væru greidd beint úr ríkissjóði, og mér fannst það eitt ljósasta atriðið í frv., eins og það var.

Það er eftirtektarvert í öllu þessu peningaflóði, að það eru mörg sveitarfélög, sem eiga ákaflega erfitt með að fá nægan tekjustofn. Það eru ekki nema örfáir staðir á landinu, sem hafa fengið, svo að nokkru nemur, af þessum svo kallaða stríðsgróða, eiginlega ekki nema þau sveitarfélög, sem hafa verið svo heppin að hafa eitthvað haft með útgerð að gera. Það er víða orðið svo í seinni tíð, að menn hafa sótt atvinnu til stærri bæjanna og sótt þangað mikla peninga, en orðið að skila öllu útsvari til þeirra staða, sem þeir fengu vinnuna hjá. Mér er kunnugt um, að sums staðar er það svo, að orðið hefur að leggja tvisvar á menn til þess að fá þá upphæð, sem Reykjavík gerði kröfu til af útsvari þeirra. Ég leiði máls á þessu, áður en frv. var hér til umr., en nú hefur þetta verið fellt burt. En smærri sveitarfél. eiga ekki heldur marga fulltrúa í fjvn., enda hefur hún ekki leitazt við að sjá fyrir því, að sveitarfél. fái þær tekjur, sem þau þurfa til að standa undir þessum kostnaði.

Hér er einnig í samráði við fræðslumálastjóra gerður greinarmunur á launum farkennara, sem hafa kennararéttindi, og þeirra, sem fræðslumálastjórnin hefur orðið að taka til bráðabirgða vegna erfiðleika á því að fá sérmenntaða kennara. Er ætlazt til, að þeim farkennurum, sem hafa ekki réttindi, verði greiddir ¾ hlutar af kennaralaunum. Það er einkennileg ráðstöfun, að maður, sem leysir þetta verk vel af hendi, skuli fá lægri laun en annar, sem gerir það kannske engu betur, aðeins vegna þess, að talið er, að hann hafi ekki fengið þá menntun, sem þurfi. Mér er kunnugt um það, að kennarastéttinni ólastaðri, að til eru í þeirri stétt menn, sem ekki geta kennt, þótt hægt hafi verið að klína á þá kennaraskólamenntun. Það er hæpið að taka þessa stefnu í þessu eina tilfelli, að gera upp á milli manna vegna menntunar, þótt þeir stundi sama starf. Það mætti þá eins fara þannig inn á svið fleiri stétta, t. d. embættismannastéttarinnar. Þetta gæti, að því er mér virðist, frekast valdið því, að sveitarstjórnir reyndu að halda sem lengst í menn, sem hefðu

minni menntun, til þess að spara hærri laun, þótt kostur væri á vel menntuðum kennara. Flest störf á að launa eftir því, hvernig þau eru leyst af hendi, en ekki eftir því, hve mörg ár viðkomandi maður hefur búið sig undir þau í viðkomandi skóla.

Síðar er vikið að launum lækna og sýslumanna. N. hefur athugað launakjör þeirra í sambandi við ákvæði 16. gr., um aukatekjur þessara embættismanna, og mun leggja fram till. sínar fyrir 3. umr. um þetta atriði. Í sambandi við þetta vildi ég benda á, að margir læknar eru þannig settir, að þeir hafa hærri laun með þeim fríðindum, sem sveitirnar verða að bera þunga af. Þeir hafa t. d. læknisbústað fyrir sama sem enga greiðslu. Ég veit um allmarga lækna, sem hafa 5—6—7 herbergja íbúð og borga 6—900 kr. á ári, og sums staðar er hiti innifalinn. Aðrir læknar borga aftur á móti allt sitt húsnæði. Með núverandi læknaskipan er farið inn á þá braut að byggja yfir þessa menn, sumpart af ríkinu og sumpart af sveitarfélögum. Síðan er það læknafél., sem ákveður, að læknirinn skuli ekki greiða meiri húsaleigu en þetta. Og vegna læknafél. fást ekki læknar í héruð nema því aðeins, að þeim sé ekki gert að skyldu að greiða meira en 900,00 kr. á ári fyrir hús, sem hefur kostað á annað hundrað þúsunda króna. — N. segist draga það í efa, að ríkið fái staðizt undir þessum útgjöldum til launagreiðslna. En þá þykir mér það því einkennilegra, úr því að hún komst að þessari niðurstöðu, að hún skyldi leggja frv. fram í því formi, sem það er nú.

Þá vildi ég minnast dálítið á sjálfar till. Mér finnst það nokkuð óaðgengilegt, að í frv. skuli ekki vera tekið fram, hvaða embætti fylgi hverjum launaflokki. Þetta er til óhagræðis. Það eru 14 launaflokkar, og maður verður að leita hingað og þangað í frv. til að geta séð, hvaða embætti fylgi hverjum flokki. Ég skil ekki þá nauðsyn n. að hækka laun þeirra hæst launuðu. Ríkisféhirðir er hækkaður úr 10200 upp í 11100 kr. Ég hefði getað skilið þessar hækkanir, ef þær væru til láglaunamanna, því að þá væru þó rök fyrir þeim. Ég á erfitt með að skilja, hvað veldur þessu.

Ég ætla mér ekki að geta um hvert einasta atriði, þótt ýmislegt sé að athuga. Það mundi taka of langan tíma. Ég mun þó ræða nokkur atriði, sem á hefur verið minnzt. Það er þá Skipaútgerð ríkisins. Starfsmenn hennar hafa sent mótmæli gegn því, að þeir verði teknir inn á launalög. Ég skil, að þeir sjá sér hag í því að vera á launum hjá þessari stofnun utan við launalögin. Ég vil benda á, að það er ákaflega handhægt að vera starfsmaður hjá stofnun, sem ekki þarf annað en sækja allt tap í ríkissjóð. Allt tap skipaútgerðarinnar er sótt þangað. Þess vegna er það tvöföld ástæða að skrá laun þessara starfsmanna í launalög ríkisins svo sem sómasamlegt má telja, miðað við það verk, sem afkastað er, og þegar miðað er við stofnun, sem aldrei getur borið sig. Ég vil geta þess, að þetta er ekki mælt í þeim tilgangi, að þessir menn fái ekki þau laun, sem þeir fara fram á. Í framsöguræðu viðurkenndi frsm. rök forstjóra stofnunarinnar um misræmi á launagreiðslum miðað við sjómenn. Ég vil benda á, að laun stýrimanna, sem byggjast mikið á því, hve mikla áhættuþóknun þeir hafa, eru hér engan veginn sambærileg. Það er ekki nema eðlilegt, að skipstjórar og stýrimenn vilji hafa eitthvað fyrir að sigla gegnum tundurdufl og skothríð Þjóðverja. Það var gerð hér árás á Súðina, og einn maður lét lífið. Og það sýnir, hvað fráleit stefna hefur ríkt í n., að hún skuli bera það fram sem rök að gera samanburð á kaupi forstjóra skipaútgerðarinnar og manna, sem stunda hættuleg störf. Það er annað að stunda hin hættulegu störf á hafinu eða sitja á ríkisins kostnað, meðan menn geta tuggið smér. Og þegar menn geta það ekki lengur, þá komast þeir á eftirlaun, þangað til þeir geta ekki lengur dregið andann.

Hv. 1. þm. Eyf. hefur reiknað það út, að miðlungstekjur verkamanna væru 15000 kr. á ári og meðaltekjur bænda 14500 kr. með því framlagi, sem ríkissjóður hefur greitt til bænda og nú er mjög mikið talað um að fella niður. En í 10. launafl. eru laun 16380 kr. Ef þetta er tilfellið, er það mjög athugavert, hvort laun almennt séu ekki komin miklu hærra með þessum launal. en hægt er að búast við, að mögulegt verði að halda uppi í náinni framtíð. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé vilji þessara manna, að stuðlað verði að því, að tekjur bænda og verkamanna verði hækkaðar á þessu ári upp í 16000 kr. Fremur hafa komið fram raddir, a. m. k. frá sumum þessara manna, um það, að launin þyrftu fremur að lækka. Þó geri ég ráð fyrir, að þessar stéttir inni meira starf af hendi en þeir, sem komnir eru í 10. flokk. En það eru skipaskoðunarmenn, eftirlitsmaður véla og verksmiðja og fleiri starfsmenn í svipuðum greinum. Ég er ekki viss um, þó að mörgum hafi þótt laun barnakennara of lág áður, að þeir hafi metið það sem skyldi, að þessir menn hafa ekki innt nema 7—9 mán. starf af hendi og hafa átt 3—5 mán. frí á þeim tíma árs, sem langheppilegastur er til að auka atvinnutekjur sínar. Og það er ekki hægt að telja mér trú um það, að þeir hafi nokkuð illt af því að fara í erfiðisvinnu þann tíma og hvíla sig frá öllum setunum. Með því móti geta þeir aukið mikið tekjur sínar. Það þarf að meta það, hvað maðurinn lætur fyrir þau laun, sem hann fær. Ég vildi gjarnan fá það upplýst, hvort greiða eigi orlofsfé ofan á þessi laun samkv. orlofsl. (**HG**: Það er yfirleitt orlof hjá þessu fólki.)

Ég hef borið fram brtt. á þskj. 714, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Verði lögum þessum síðar breytt í heild eða í einstökum atriðum til launalækkunar, skulu þeir, sem laun taka eftir þessum lögum, færðir niður í þau laun, sem þar verða ákveðin fyrir sama starf.“ — Ég tel, hvernig sem fer um afgreiðslu þessa frv., að nauðsynlegt sé að fella þessa grein inn í, nema ef tekin verður inn í það till. frá hv. þm. S.-Þ., á þskj. 778, þar sem hann leggur til, að lögin gildi aðeins ákveðinn tíma eða til ársloka 1947. Vildi ég þó auðvitað miklu heldur, að till. mín á þskj. 714 yrði samþ., því að e. t. v. kann svo að fara, að öll laun í landinu verði lækkuð innan þess tíma. Það getur ekki skaðað að setja till. mína í l., því að sé það meining n., að þetta skuli vera svona, þá þurfa ekki að ganga dómar um þetta eftir á. Það er nefnilega tekið fram í brtt., að ríkið beri ekki ábyrgð á launum hvers embættismanns til lífstíðar, þótt laun verði lækkuð við sama embætti eða sama starf. Mér virðist, — ef veitt er embætti eftir þessum launal., — að

þeir, sem embættin hljóta, haldi launum samkv. þessu frv., ef annað er ekki tekið fram. Ég vil þegar taka það fram, að ég mun ekki sjá mér fært að fylgja neinni till. um þetta mál lengur en til 3. umr., nema þetta sé sett inn í gang málsins, eins og ég mun ekki heldur sjá mér fært að fylgja neinum þeim till., sem koma frá fjhn. á þskj. 692, vegna þess að ég tel, að það séu, eins og ég tók fram áðan, brigðmæli við alla þá, sem fylgja ríkisstj. (**BSt**: Ég er þá mesti stjórnarstuðningsmaðurinn í n.!) Já, það er einmitt það, sem ég hef haldið fram, þegar mest hefur verið rifizt við mig um framgang málsins, að í mitt skarð hlypi alltaf hv. 1. þm. Eyf. Ég get alveg endað ræðu mína með því að halda því fast fram, að komi þetta mál til með að velta á atkvæði mínu eða hans, þá treysti ég mér ekki til að fylgja því lengra en innan þeirra takmarka, er ég hef þegar lýst.

Bjarni Benediktsson: Það er nú að vísu ljóst af fundarsókninni, að ekki er *ýkjamikill áhugi* hv. dm. á þessu máli, en sannast að segja hygg ég, að fá mál séu nú fyrir hv. Alþ., sem öllu meiri þýðingu hafa en þetta mál, og vil ég því fara um það nokkrum orðum.

Mér er það að vísu ljóst sem öðrum, að það frv., sem hér liggur fyrir, er að verulegu leyti gallað og ýmsir annmarkar á því, en ég er engu að síður þeirrar skoðunar, að það muni, eftir því sem á stendur, vera vinningur að fá frv. samþ., ef það breytist ekki í verulegum atriðum frá því, sem það er lagt fyrir. Um brtt. hv. n. mun ég tala síðar, sumar. Það er vitað mál, að í launagreiðslum nú er slíkur glundroði og slíkt ósamræmi, að ekki verður við unað til lengdar, og þó að segja megi með réttu, að núverandi verðbólgutímar séu ekki hentugir að öllu leyti til þess að setja ný launal., þá verður einnig að gæta þess, að með því að láta þetta vera í sama horfi og verið hefur, óbundið í höndum ótalmargra aðila, þá heldur verðbólgan áfram sí og æ að ýta undir hækkun grunnlauna, þar sem hver stofnunin er í kappi við aðra, svo að það hlýtur að hafa sífelldar hækkanir í för með sér. Tel ég þess vegna, að það sé beinlínis frá sjónarmiði ríkisins sjálfs alveg nauðsynlegt að setja slík l. sem þessi hið allra fyrsta, enda er það svo, eins og ég hef þegar sagt og játað er af öllum, að ósamræmið í þessum málum hefur verið svo gífurlegt, að ekki hefur verið við það unandi með nokkru móti.

Það hefur nú farið að vonum, að hv. n. hefur borið fram ýmsar brtt. við frv., og það er út af fyrir sig ekki að furða, þótt mörgum sýnist nokkuð sitt hvað um ýmsar þær brtt. Ég verð nú samt, — án þess að ég á nokkurn hátt vilji áfellast n., vegna þess að ekkert er eðlilegra en hún hafi um það annað álit en við sumir aðrir, — að segja, að mér finnst till. n. að ýmsu leyti sízt vera til bóta, einmitt varðandi það höfuðatriði launal., sem ég drap á áðan, að koma á samræmi í launakjörum opinberra starfsmanna og til þess að stöðva sífelldar hækkanir og kapphlaup þeirra í milli. Ef menn því líta á þetta sem eitt veigamesta atriðið í setningu launal. nú, þá hefur n. því miður algerlega brugðizt þessu hlutverki, vegna þess að hún tekur nokkrar veigamiklar stofnanir undan l. og ætlast ekki til, að þær heyri undir þá almennu löggjöf, sem í þessu efni verði sett. Ég tel það aftur á móti höfuðatriði málsins og vil reyna að fylgja því eftir samkvæmt ýtrustu getu, án þess að ég muni á þessu stigi málsins láta það varða fylgi mitt við frv., til þess mun ég taka afstöðu á síðara stigi málsins. Ég legg höfuðáherzlu á þetta og bið bæði hv. n. og hæstv. ríkisstj. að athuga þetta. Ég vildi vera með frv. á þeim grundvelli, sem það var fram borið, og legg höfuðáherzlu á það, að frv. nái áfram til þeirra sömu starfsgreina, sem það upphaflega átti að ná til. Ég tel, að frv. nái alls ekki tilgangi sínum, ef þessar starfsgreinar verða undanskildar, og að það liggi í augum uppi, að þessar starfsgreinar og starfsmenn þeirra, sem sjálfir hafa skorazt undan að komast undir þessi l., geri það vitanlega af þeirri ástæðu, að ýmist mundu l. leiða til lækkunar á kaupi sumra starfsmanna þessara stofnana nú þegar í stað eða gera starfsmönnum þessara stofnana erfitt um það í framtíðinni að fá kauphækkun umfram það, sem tíðkanlegt er um starfsmenn ríkisins. En frá sjónarmiði okkar, sem teljum verulegan vinning að fá setta um þetta heildarlöggjöf, bæði til þess að koma á samræmi milli manna og til þess að stöðva sífellt kapphlaup í ríkissjóð um aukningu föstu launanna, þá hlýtur það að skipta höfuðmáli, að þetta kapphlaup verði í raun og veru stöðvað, en það verður því aðeins hægt, að þessar mikilvægu starfsgreinar verði teknar undir frv. eða — réttar sagt — látnar haldast undir frv., eins og upphaflega var til ætlazt.

Mér er algerlega ljóst og þekki nokkuð sjálfur af eigin reynslu til þess samanburðar, sem sífellt er gerður milli opinberra starfsmanna, að ekki er stætt á því til lengdar, hvorki hjá ríki né bæjarfélagi, að greiða vissum starfsmönnum lægra kaup en gerist t. d. í bönkum, og ef bankar eiga nú að vera lausir við þessi l. til þess að geta greitt vissum starfsmönnum þar hærra kaup en gerist hjá ríkinu, þá verður það til þess, að við verðum innan örskamms tíma að hækka kaup hjá starfsmönnum ríkisins sem þessu svarar. Þá er í raun og veru lítill vinningur að þessari lagasetningu og betra að bíða, þar til er rólegri tímar koma aftur. Ég vil þess vegna alvarlega beina því til hv. n., hvort hún vill ekki falla frá þessari breyt. sinni, og til hæstv. ríkisstj., hvort hún vill ekki beita sér fyrir því, að ekki verði samþ. þessi brtt. hv. n., vegna þess að mér er ljóst, að vel gæti svo farið, ef þessi brtt. yrði samþ., að frv. í heild væri stefnt í hættu. Verður þó að taka tillit til annarra mála, sem gera það að verkum, að ég set ekkert úrslitaskilyrði um þetta efni á þessu stigi, en mér sýnist sannast sagt, að frv. sé svo rifið niður með þessari till. n., að hér sé í raun og veru um botnlausa hít að ræða, sem ákaflega erfitt sé að sætta sig við að samþ. Það er í raun og veru allra fráleitasta röksemd, sem ég hef heyrt fram færða, að það eigi að láta það ráða úrslitum í þessu máli, að þær stofnanir, sem vitað er að borga yfirleitt hærra kaup en hjá ríkinu, vilja komast undan þessum l., þegar ætlazt er til, að hér sé komið á samræmi, og vitað er, að þeir menn, sem við þessar stofnanir vinna, hafa allajafna eins örugga vinnu og starfsmenn ríkisins, en oft og tíðum lakar undirbúnir en starfsmenn ríkisins, og sannast sagt gagnstætt því, sem mér

heyrðist hv. þm. Barð. segja áðan, eru þeir yfirleitt engu fremur bundnir við störf sín en margir starfsmenn ríkisins. Störfum margra manna er svo háttað, að þeir eiga ekki gott með að hlaupa frá vinnu í starfstíma, það fer allt eftir því, hvers eðlis starfið er og hvernig því er háttað, bæði innan bankanna og hjá ríkinu og bæjar- eða sveitarfélögum, og hvers konar fyrirgreiðslu er um að ræða í þessu efni. En ég hef aldrei orðið var við það, að bankarnir væru strangari gagnvart starfsmönnum sínum í því efni en aðrar stofnanir. Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en tel, að engin rök séu fyrir því að taka þessar starfsgreinar út úr frv., heldur algerlega þvert á móti, og með því að fara þannig að sé í raun og veru réttlæting þess að setja þessi launal. nú ákaflega spillt. Ég er þess vegna undrandi yfir því, að þeir menn, sem sérstaklega hafa gerzt formælendur þess að setja þessi launal. nú, skuli hafa beitt sér fyrir því eða á það fallizt, að þessar starfsgreinar yrðu undanskildar. Ég vil sem sagt beina þessu til hv. fjhn. og hæstv. ríkisstj. og geri það í fullri alvöru og von um það, að það verði a. m. k. tekið til athugunar, án þess að ég á þessu stigi málsins vilji gera það að endanlegu skilyrði fyrir fylgi mínu við málið, en áskil mér allar dyr opnar, eftir því, hverjar undirtektir þessi ábending mín fær. — Þetta er sú höfuðathugasemd, sem ég vildi bera fram, og taldi því skyldu mína að taka til máls við 2. umr., til þess að nægilegur tími væri til athugunar á þessu við framhald málsins.

Hitt er ekki að undra, þó að hv. n. flytji aðrar minni brtt. við frv. Um þær skal ég ekki fara mörgum orðum. Mér þykir þó um sumar, að þær skipti nokkru máli, eins og t. d. till. um það að hækka hámarkið í lægsta launaflokknum vegna þess, að í þeim flokki sé sumt fólk, sem eigi að fá hærra kaup en annað. Á þessu sýnist mér sem sagt engin þörf, ef þessi er ástæðan til þess að hækka hámarkið. Eðlileg úrlausn til þess að gera réttlátan mun á starfsfólki er vitanlega að hækka í flokki þær manneskjur, sem hærri eiga að vera, en hafa ekki hið almenna hámark hærra, enda vitað mál, að fjöldamargt fólk, sem á skrifstofum vinnur, hefur tiltölulega litla undirbúningsmenntun og vinnur ákaflega einföld störf. Þetta fólk á í rauninni sízt kröfu á því, jafnvel þótt það hafi unnið í langan tíma, að hafa hærra kaup en verkamenn eða aðrir þeir, sem útivinnu stunda. Störf margra þessara manna eru hrein og bein viðvaningsstörf, vegna þess að þeir hafa ekki heilsu til þess að vinna almenn verkamannastörf, og þess vegna sízt ástæða til að setja hámark þeirra hærra en gengur og gerist um tekjur manna upp og ofan. En ég skal þó játa, að atriði eins og þetta getur valdið nokkrum ágreiningi, og eins það, hvernig einstökum störfum er skipt í flokka, og verð ég að segja það, að ýmsar af till. hv. n. í því efni komu mér ákaflega kynlega fyrir, eftir því sem ég hafði litið á mikilvægi einstakra starfa.

Þó get ég ekki stillt mig um að benda hér á það, að mér sýnist, að bæði í frv. sjálfu og ekki sízt í till. hv. n. sé um of gert lítið úr starfsemi eins embættismannahóps, sem við þekkjum allra manna bezt til, en það eru hæstv. ráðh. eða ríkisstj. Ég sé ekki, að nein sanngirni eða nein rök mæli með því, að þessir menn, sem fara úr sínum venjulegu störfum, menn, sem beinlínis hafa orðið að leggja niður sín venjulegu lífsstörf og jafnvel glatað stöðu sinni vegna þess, þótt ekki sé það títt, eigi ekki að hafa töluvert hærri laun en jafnvel æðstu embættismenn, sem þó í framkvæmdinni hafa tryggingu fyrir því, að þeir eru látnir óáreittir í stöðu sinni, meðan þeir ekki brjóta neitt af sér, og mega jafnvel brjóta töluvert mikið af sér, til að þeir séu sviptir starfi. Þessir embættismenn hafa og eftirlaunarétt, sem ráðh. hafa ekki. Mér sýnist satt að segja, að við, sem að nokkru leyti berum ábyrgð á þeim mönnum frekar en öðrum, ættum óneitanlega að launa þeim sæmilega, svo að þeir geti lifað eins og stöðu þeirra sæmir. Ég kem sannast sagt ekki auga á neinn flokk starfsmanna ríkisins, sem gæti komið til mála að hafa í sama flokki. Hæstaréttardómarar kæmust næst því, en þó horfir öðruvísi við fyrir þá en ráðh. Staða þeirra er trygg, og nái þeir 65 ára aldri í henni, halda þeir fullum embættislaunum. Það er rétt, að miklu skiptir, að þeir séu engum háðir fjárhagslega og freistist ekki til afglapa í stöðu sinni af fjárhagslegum ástæðum, og staða þeirra er ein virðulegasta staða landsins. Þess vegna er það kannske skiljanlegt, að þeir hafi sömu laun og ráðh., þó að ég telji það hæpið. En þegar t. d. símamálastjóri eða forstjóri Skipaútgerðar ríkisins eru settir í sama flokk, þá finnst mér sannast sagt um þvert bak keyra, og það verður að leiðrétta. Ég hef ekki borið fram brtt. um þetta við þessa umr. Ég geri ráð fyrir, að ég muni gera það við 3. umr., ef ekki verða aðrir til þess, þegar betur er séð, hvernig fer um afgr. þessa máls.

Það eru, eins og ég hef sagt, ótalmörg önnur atriði, sem mér komu kynlega fyrir sjónir, bæði í frv. og till. n., en ég vil ekki vera að elta ólar við það á þessu stigi málsins, sérstaklega vegna þess, að n. segir sjálf, að hún muni athuga þau betur.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég loks taka það fram út af brtt. hv. þm. Barð. í þá átt, að það skuli tekið fram í l., þegar þar að kemur, að heimilt skuli vera að breyta launakjörunum með venjulegum l., ég vil taka það fram, að ég mun greiða atkvæði á móti till., en ekki vegna þess, að ég sé henni ósamþykkur efnislega, heldur vegna þess, að ég tel sjálfsagt miðað við nútíma hugsunarhátt og samkv. gildandi stjórnskipunarl., að þessum l. sé heimilt að breyta eins og hverjum öðrum l., og ég þekki ekkert það ákvæði í stjórnskipunarl., sem geri það að verkum, að menn þurfi að óttast, að þessum l. megi ekki breyta eins og hverjum öðrum l. Og þar sem ég lít svo á, álít ég það fráleitt af mér að samþ. brtt. hv. þm. Barð. Við gætum alveg eins sett þann fyrirvara um önnur l., að þeim mætti breyta með venjulegum l., en þetta hefur enginn gert. (GJ: Þetta er einhver misskilningur.) Nei, þetta er enginn misskilningur. Ég hef lesið till., og hún er þannig: „Verði lögum þessum síðar breytt í heild eða í einstökum atriðum til launalækkunar, skulu þeir, sem laun taka eftir þessum lögum, færðir niður í þau laun, sem þar verða ákveðin fyrir sama starf.“ Það segir, að verði l. breytt, skuli breyt. gilda. Efni hennar er nákvæmlega það, sem ég var að segja. Ég get ekki annað séð en við gætum nákvæmlega eins samþ. það í hvert einasta skipti og l. eru sett, að yrði l. breytt, ætti að fara eftir þeirri breyt., en

ekki því, sem áður var í gildi. Ég veit, að minn góði sessunautur áttar sig á þessu, þegar á það er bent, og sér, að till. hans er óþörf. Hitt get ég skilið, að hann hafi viljað láta það koma hér fram, að þessi væri skilningur manna, því að alls ekki væri hægt að samþ. þetta frv., eins og nú standa sakir, ef ekki er hægt að breyta l. einhvern tíma seinna. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið á þessu stigi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil aðeins segja örfá orð um þetta, gera grein fyrir atkv. mínu og afstöðu. Ég játa, að launal. frá 1919 hafi í raun og veru verið orðin mjög ranglát og misjöfn, eftir því sem nú lá fyrir, jafnvel þótt samræmi hafi verið í þeim í upphafi, sem menn hafa nú borið brigður á, þannig að ýmsir hafi borið skarðan hlut frá borði. Ég skal aðeins taka eitt dæmi, mér nærtækt. Það var komið þannig um þá, sem urðu cand. juris frá háskólanum, að fengju þeir stöðu sem sýslumenn úti um land, þá fengu þeir í grunnlaun á ári 4200 kr., en ef þeir urðu fulltrúar hjá embættismönnum í Reykjavík, tollstjóra eða a. m. k. hjá sakadómara eða lögmanni, þá fengu þeir nærri 8 þús. kr. í grunnlaun á ári. Prestar hafa alltaf haft orð á því og það með réttu, að laun þeirra sem langskólamanna séu afar lítil, samanborið við laun annarra. Var þannig komið, að þeir voru lítlu eða engu betur launaðir en kennaraskólamenn sumir, sem náð höfðu í barnaskólastjórastöðu. Þrátt fyrir þetta var alltaf vafi um, hvort taka ætti þessi l. til athugunar og breytingar, jafnvel þótt nú sé við athugun komið fram, að launamenn ýmsir hafi ekki hærra kaup eftir árið en sumir daglaunamenn hér í Reykjavík og þeir hafi eytt til undirbúnings starfi sínu 10 til 15 beztu árum ævinnar.

Hækkun á launum þessara manna er talin muna ríkissjóð sex til sjö millj. kr., og er því tæpt á, að maður geti haldið, að ríkið hafi efni á þessu. Það má segja, að það sé hart, að ég skuli ekki fylgja þessu máli sem einn úr embættismannastéttinni, en það er sérstaklega eitt atriði, sem gerir mér erfitt fyrir að fylgja þessari launahækkun. Ég tók þátt í yfirlýsingu, sem gefin var á búnaðarþinginu s. l. haust fyrir eina fjölmennustu stétt landsins, þar sem hún afsalaði sér tekjuhækkun, sem henni bar jafnvel samkv. l., og gerði þetta í trausti þess, að aðrar stéttir gerðu yfirleitt ekki kröfu til hærri launa. Og það hefur farið þannig, að því tilboði, sem þessi stétt bauð fram, var tekið og hún situr við hið sama og áður, en hér er hins vegar farið fram á mikla launahækkun, sem mun nema fyrir ríkissjóð, þegar öll kurl koma til grafar, 6—7 millj. kr. Er þetta því erfið aðstaða fyrir mig, og mun ég fyrst og fremst greiða atkv. gegn öllum hækkunartill. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og geri ráð fyrir, að ég geti ekki fylgt frv. sjálfu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Það hefur viljað svo slysalega til, að frsm. þessa frv. hefur forfallazt og það svo á síðustu stundu, að ég vissi það ekki, fyrr en komið var langt fram á þennan fund. Þetta er sérstaklega bagalegt, þar sem n. hefur hagað svo störfum sínum, að hún kaus sér frsm. í upphafi málsins, og vegna þess, hversu málið er umfangsmikið, er ómögulegt að hafa framsögu í því öðruvísi en að hafa skrifað hjá sér og halda til skila þeim margvíslegu upplýsingum, útreikningum og öðru slíku, er fram kemur í umr. Ég vil leitast við að mótmæla ýmsu, sem fram hefur komið við þessa umr., þótt ég hafi það ekki allt í höfðinu eins og ef ég hefði skrifað niður hjá mér aths., og vildi ég — meira í gamni en alvöru — mótmæla þeim ummælum hv. þm. Barð., að fjhn. hefði afhent einum manni þetta mál, því að mér er kunnugt um, að nm. störfuðu þar ákaflega vel og sóttu fundi mjög vel, þótt frsm. hafi að vísu lagt meira á sig en við hinir við að afla gagna og nótera ýmislegt hjá sér.

Vildi ég þá segja nokkur orð út af ræðu minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Eyf. Hann ber fram brtt. um lækkun á launastiganum og segir, að hún komi ekki mikið við starfsmennina, en að hún muni ríkissjóð mjög miklu, og álítur eftir útreikningum sínum, að þetta muni ca. 2 millj. kr. Mér finnst þetta tal um, að það muni engu fyrir starfsmennina, en miklu fyrir þann, sem á að borga, minna mig á skrítluna um skóinn, sem var svo lítill að utan, en stór að innan, — að minnsta kosti býst ég við því, að það þætti nokkuð djúpt í tekið árinni, ef tveggja millj. kr. skattur væri lagður á starfsmenn ríkisins, sem þeir einir ættu að greiða, og býst ég við, að ýmsar stéttir mundu kvarta undan minna en því. Mér virðist það þykja mikið að leggja nokkurra millj. kr. skatt á alla þjóðina, en þetta væri miklu stórkostlegri skattur, og það þýðir því ekki að leysa þetta mál með því að lækka launastigann tilfinnanlega fyrir einn flokkinn. Hitt er annað mál, — eins og annað í þessum málum, — að það er álitamál, hvernig á að ákveða þessi atriði. Hann lét svo skína í það, að yrði till. hans samþ., — sem er heldur ólíklegt, af því að þetta mál er samningum bundið, sem geta ekki samrýmzt till. hans, — að hann mundi bera fram við 3. umr. till. um nokkra uppbót til fjölskyldumanna, og mundi það þá draga nokkuð úr lækkuninni. En af því að óvíst er, að þessar till. komi fram, mun ég ekki eyða miklum tíma í að ræða þær eða um það, hvort ríkið eigi að borga sama kaup fyrir sömu vinnu eða hvort miða eigi við sérstakan hag þeirra manna, sem vinna störfin.

Þá talaði hv. þm. um, að það væri mjög óheppilegt og í raun og veru ómögulegt að samþ. frv., vegna þess að nauðsynlegt væri að endurskoða fullkomlega embættismannakerfi landsins. Það má vel vera, að þetta sé nauðsynlegt, en ég sé ekki, að þetta komi þessu máli við frekar en ýmsum öðrum, þótt skipuð væri n. í þessu skyni, sem tæki að sér athugun á því, hvort unnt væri að fækka starfsmönnum við ýmsar stofnanir. Ég held, að taka megi undir skoðun hv. 6. þm. Reykv., að það sé á valdi Alþ. að sýna þeim mönnum, sem eru misrétti beittir í þessum efnum, fulla sanngirni og að það yrði að gera það, þótt ekki væri búið að setja þessi l. nú. Ég vil einmitt taka undir þetta, að um leið og sett eru l., sem ákveða sæmileg laun, þá er full ástæða til þess að athuga, hvort óþarfa starfsmenn eru við ríkisstofnanir, en ég sé ekki, að þetta ætti að þurfa að standa í vegi fyrir þessu frv. á neinn hátt.

Hv. þm. kastaði fram þeirri spurningu, hvort þessi laun væru há eða lág. Hann vildi miða við verkamannakaup og svo í sambandi við það við

tekjur bænda. En það má einnig fara út í annan samanburð. Hvers vegna mætti ekki miða við tekjur kaupsýslumanna, iðnaðarmanna, iðnrekenda og *margra annarra stétta?* Allur þorri þessara manna hefur varið miklum tíma og fjármunum til undirbúnings undir starf sitt, og eru þeir að því leyti í sama hópi og embættismenn, og ég býst við því, að ef laun þessara manna eru borin saman við laun þeirra manna, sem eru hliðstæðir að þessu leyti, þá geti launin ekki talizt há. Ég gæti kastað því fram til hv. þm. Barð., sem var að tala um of há laun í 10. fl., hvort hann vildi lifa í eitt ár á þeim launum, en í þessum flokki eru menn, sem hafa varið álíka miklum undirbúningi undir starf sitt og hann. — Það er alltaf ákaflega erfitt að segja um, við hvað eigi að miða, en í þessum flokkum er allur þorri þeirra manna, sem varið hafa miklum tíma og fjármunum til undirbúnings starfs síns, og ef miða á við það, ættu þessir menn að fá há laun. Eins má taka þetta mál frá því sjónarmiði, að mörg af þessum störfum eru þjóðfélaginu mjög nauðsynleg og oft engin önnur *nauðsynlegri.*

Skal ég svo aðeins minnast á eitt atriði í ræðu minni hl. Ég kemst ekki hjá að mótmæla því, er hann sagði, að sá samningur, sem gerður hefði verið milli stjórnarflokkanna og leiddi til stjórnarmyndunar, væri í raun og veru þess efnis, að starfsmennirnir ættu sjálfir að ráða launum sínum og það væri erfitt að benda á, hvar annars staðar í veröldinni það ætti sér stað, að þeir, sem tækju launin, ættu sjálfir að ákveða þau. Það er ákaflega fjarri sanni og hinn mesti útúrsnúningur að halda því fram, að afgr. launal. sé byggð á þessum grundvelli, þótt grundvöllur þessa frv. hafi verið einn liður í því samkomulagi, sem leiddi til stjórnarmyndunar. Það var ekki samið eftir því, sem þessir viðkomandi menn sögðu fyrir, og verð ég í þessu sambandi að segja þær fréttir úr fjhn., að menn hafa ekki alltaf fengið þau laun, sem þeir hafa óskað eftir að fá.

Skal ég þá víkja að ræðu hv. þm. Barð., sem var nokkuð harðorður í garð fjhn. og lagði nokkuð mikla vinnu í að sýna fram á, að n. hefði svikið bæði þing og þjóð með brtt. sínum. Ég tel þetta nokkuð þungar ásakanir, en til þess ber n. fram till., að þær séu gagnrýndar og ræddar og komi síðan til ákvörðunar. Ég veit ekki til þess, að n. hafi framið nein föðurlandssvik né viljað dylja neitt fyrir Alþ. Hitt er svo annað mál, að ýmsum útreikningum og athugunum er ekki lokið, og getur því n. ekki látið í té ýmsar upplýsingar við þessa umr., sem von er á, að unnt verði að gefa við 3. umr. N. óskaði eftir því við fjmrn., að það léti gera nýja útreikninga á launagreiðslum ríkissjóðs samkv. frv. og þeim hækkunum á útgjöldum, sem samþykkt þess hefur í för með sér. Eru þær tölur birtar í nál., sem n. hafa borizt af þessum útreikningum, sem sé samanburður á launagreiðslum til kennara. Hv. 1. þm. Eyf. taldi þessa hækkun mundu nema 6—7 millj. kr., og má vel vera, að það sé ekki fjarri sanni, en þegar ég frétti síðast til, var ekki búið að reikna þetta út, enda þótt ske kynni, að frsm. sé búinn að fá nánari upplýsingar um þetta. Annars finnst mér líkt um þessar till. fjhn. og oft vill verða um till. fjvn., að mönnum ofbýður oft, hversu till. eru mikið til hækkunar, þrátt fyrir það að n. hafi enga aðra sögu að segja en hún hafi þurft að neita mörgum till. og skorið niður eins og henni var unnt. — Og þetta er sama sagan og við höfum að segja, því að okkur finnst, að við höfum staðið allan tímann með hnífinn og ýmist ekki tekið till. til greina eða lækkað þær. Víst er um það, að allar brtt. fjhn. eru meintar þannig, að við komumst nær hinu rétta heldur en var í frv. Hækkun á launagreiðslum *eftir till.* n., frá því sem er í frv., er tilgreind í nál. og nemur að frádregnum lækkunum, ef miðað er við lágmark hvers launaflokks, nálægt 90 þús. kr., en um 180 þús. kr., ef miðað er við hámark.

Hv. þm. gagnrýndi mjög, að n. hefur lagt til að taka úr frv. nokkrar stofnanir og hafa þær utan við launal. Hv. 6. þm. Reykv. gagnrýndi þetta atriði einnig í sinni ræðu, og var það aðalaths., sem hann hafði fram að færa og vildi eyða tíma í að ræða um. Ég skal fullkomlega játa, að þetta er auðvitað álitamál. Það, sem réð því, að þessi skoðun varð ofan á í n., var það, að hún gerði skriflega fyrirspurn til þeirra stofnana, sem *taldar eru í 30.—36. gr. frv.,* á þá leið, *hvort* þær væru samþykkar því eða ekki, að laun til starfsmanna þeirra væru ákveðin í launal., enda höfðu n. borizt óskir um það frá nokkrum ríkisstofnunum og starfsmannafélögum að fá að vera utan við þessi l. Þessar sex stofnanir hafa algera sérstöðu að því leyti, að þær hafa allar sérstakan fjárhag og hvorki reikningar þeirra né reikningsleg niðurstaða koma inn í ríkisreikninginn. Það verður einhvers staðar að finna mörkin, og má því segja, að það séu eðlileg rök, að þessar stofnanir komi ekki undir launal. starfsmanna ríkisins, þar sem þær eru ekki reknar sem ríkisfyrirtæki og snerta ekki fjárhag ríkisins. Það má taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það er í sjálfu sér lítil ástæða, ef starfsmenn þessara stofnana hafa óskað þess að vera ekki undir launal., en það hefur hins vegar komið fram, að starfsmenn þessara stofnana vilja heldur sækja laun sín og bera mál *sín undir kunnuga aðila og kjósa heldur,* að ákvörðunarheimildin sé hjá viðkomandi stjórn þessara stofnana, en að fara til Alþ. Ég vil í þessu sambandi nefna Landsbanka Íslands, en þar er svo búið um þessi mál, að þar er það bankaráðið, sem setur launareglugerð, — ekki þannig, að einstakir bankastjórar geti hækkað einstaka menn í launum, — heldur ákveður launareglugerðin þetta. Ég vil svo benda á það, að að minnsta kosti bankarnir verða að sækja starfskrafta sína inn á dálítið annað svið en ríkið og verða að haga sér í þeim efnum eins og önnur fyrirtæki í landi og verða miklu frekar að miða við þau launakjör, sem ríkja á hverjum tíma. Þeir sækjast t. d. ekki eftir guðfræðingum, málfræðingum né læknum. (**BBen:** Eru guðfræðingar svo eftirsóttir?) Guðfræðingar eru eftirsóttir, og lögfræðingar koma líka til greina. Þessar ástæður, sem ég hef nú nefnt, urðu því til þess, að fjhn. ber fram þessar till., og ég held *naumast,* að *meiri hl. falli* frá þessu.

Hv. þm. Barð. segir, að grundvelli frv. sé raskað með till. n., en það er alls ekki rétt. (**GJ:** Það er ætlazt til þess, að grunnlaun séu hækkuð og fært á milli flokka.) Það mætti frekar segja, að hv. 1. þm. Eyf. vilji raska grundvelli frv. með sínum till. Frv. er byggt upp eins og mþn. gekk frá því, og verð ég að segja það, að byggingu frv. í heild

er haldið með till. n., nema í því tilfelli, að hún hefur hækkað hámarkið í lægsta flokknum og að n. ber fram till. um tilfærslu einstakra starfsmanna milli flokka, er færa mátti sönnur á, að lækkuðu óeðlilega í launum eftir frv. eða ætluð væru laun í ósamræmi við aðra starfsmenn í hliðstæðum störfum.

Mér fannst hv. þm. Barð. vilja kenna n. um þessi 7 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð, sem launal. mundu hafa í för með sér, en þetta er auðvitað hin mesta fjarstæða, þar sem frv. mþn. felur þetta í sér, en hækkunin eftir till. n., frá því sem er í frv., nemur ekki nema rúmum 100 þús. kr. (**BSt:** Þetta rengi ég.), og fer þetta eftir því, við hvaða stiga miðað er, hvort miðað er við hámark, lágmark eða meðallag.

Þá er komið að því, sem hv. þm. Barð. telur aðalfölsun, en það eru hækkanir til skóla og fræðslu. Þessi hækkun er ekki reiknuð út, en svo er það einnig um flest þessu viðkomandi, enda illkleift. Þetta er hækkun, sem leiðir af frv. En það er vitanlega ekki hægt að tala um neina fölsun í þessu sambandi. Þá mætti alveg eins telja það fölsun hjá hv. þm. Barð., að hann telur ekki, hvað mikið af þessu kemur í ríkissjóð aftur í beinum sköttum.

Ég skal ekki fjölyrða um þá brtt. að láta ríkið greiða öll laun kennara, en n. taldi heppilegt að halda þessu eins og verið hefur.

Hv. þm. Barð. taldi það óréttlátt að lækka farkennara. En það er rangt, að farkennarar í heild séu lækkaðir. Það eru einungis þeir farkennarar, sem hafa ekki sérmenntun. Strax og eitthvað er lækkað, þá er talað um óréttlæti. Það má auðvitað segja um alla, að þeir séu eins góðir og sérmenntaðir menn, en við hljótum að reikna með því almenna hér sem annars staðar, að sérmenntaðir menn séu hæfari, enda þótt benda megi á einstakar undantekningar.

Þá sagði hv. þm., að barnakennarar hefðu allt að hálft árið frí. Það er miðað við 9 mánaða kennslu, og það má sannarlega ekki gera of mikið úr því, sem kennararnir geta unnið sér inn á þessum frítíma. Þetta er þreytandi innandyrastarf, og veitir ekki af að lyfta sér upp á milli.

Till. viðvíkjandi sýslumönnum og læknum munu ekki vera að öllu tilbúnar enn þá, en þar er eitt erfiðasta vandamálið í þessu sambandi. Sumir þessara embættismanna hafa meiri laun en nokkrir aðrir embættismenn ríkisins, en aðrir hafa lág laun, og er mjög erfitt að fá samræmi hér á.

Um húsaleiguna er það að segja, að hún hlýtur yfirleitt að reiknast til launa, þar sem hún er ókeypis, þótt ég telji hins vegar ekki líklegt, að unnt sé að setja alls kostar bindandi ákvæði um það atriði.

Ég skal ekki fara út í einstakar brtt. Varðandi skipaútgerðina skal ég ekki heldur segja annað en það, að starf hennar er í rauninni þannig, að ekki er hægt að meta það eftir því, hvort það ber sig. Hér er um þjóðnytjastarf að ræða, sem verður að halda uppi, hvort sem það ber sig eða ekki. Og skipaútgerðin veltir það miklu fé, að mér virðist það hreint aukaatriði, hvort forstjórinn hefur 12 eða 14 þús. kr. laun. Þá hættu ber þó að athuga, hve ríkið á erfitt með að fá hæfa starfsmenn, séu laun þeirra mjög skorin við nögl. — Ég vil aðeins bæta því við, að það má gera of mikið úr því ósamræmi, sem l. fela í sér. Þau munu þó vera stórfelld bót frá því, sem var.

Hv. 6. þm. Reykv. fannst till. n. ekki miða til samræmis, en þær voru þó gerðar í þeim tilgangi. — Ég vil einnig taka það fram viðvíkjandi ummælum hv. þm. Barð. um, að þessar breyt. væru svik við samningsgrundvöll ríkisstj., að þar er einmitt sagt, að frv. skuli lagt til grundvallar, en jafnframt komið til móts við óskir BSRB. Og ég verð að segja það, að ég get borið stjórn þessa bandalags vel söguna. Hún lagði einungis áherzlu á fjóra liði af öllum þeim kröfum, sem fyrir lágu, og má segja, að þeir væru allir réttmætir. Ráðherrar ættu að minni hyggju að hafa alveg sérstök laun. Þeir eru einatt teknir úr störfum sér til mikilla óþæginda, og þetta eru hin allra erfiðustu störf. Þeir eru settir upp sem skotspónn fyrir alþjóð og sæta einatt hinni ómildustu og óréttlátustu gagnrýni. Ég vil setja þá á annan bekk en hæstaréttardómara. Ég álít, að laun ráðherra eigi að vera hærri en allra annarra embættismanna. Bent hefur verið á, að forstjóri skipaútgerðarinnar hafi nú ráðherralaun, en þá vil ég benda á, að það er þó bót frá því, sem áður var, því að þá var hann með hærri laun.

Fleira mun það ekki vera, sem ég vildi taka fram. Það var auðvitað vel gert af bændum að falla frá kröfum sínum um uppbætur, en auðvitað voru það að nokkru leyti hagkvæm viðskipti fyrir þá og kemur engan veginn í veg fyrir nauðsyn þess að setja launalög.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Ed., 11. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skrifaði hjá mér nokkur atriði við fyrri hluta umr. úr þeim ræðum, sem höfðu sitthvað fundið til foráttu frv. og brtt. fjhn. Nokkru af því hefur þegar verið svarað af hv. 1. þm. Reykv., og hef ég þess vegna minna til málanna að leggja.

Mér skildist á hv. þm. Barð., að hann teldi, að fjhn. hefði mjög hvikað frá þeim grundvelli fyrir starfi sínu, sem lagður hefði verið með því samkomulagi, sem gert var við myndun núverandi ríkisstj., og fór hann um það hörðum orðum. Ég hygg, að þessi ummæli hv. þm. hafi verið byggð á misskilningi. Mér skildist hann halda því fram, að það, sem átt hefði verið við í því samkomulagi um stjórnarmyndun með því að ganga til móts við óskir BSRB, hefði verið að taka t. d. tillit til þess, sem kallað er í grg. fyrir frv. á þskj. 306, bls. 27, „Viðbót fulltrúa BSRB". En þetta er misskilningur, sem hv. þm. hlýtur að vera ljóst, ef hann les „viðbótina", sem þar er um að ræða. Hún er í tveimur liðum. Fyrst telja þeir vafasamt, að heimilt sé að lækka laun heilla starfsmannahópa. En um það er ekki að ræða, svo að nokkru nemi. En í öðru lagi, og því lagði hv. þm. meira upp úr, stendur í grg., eins og það er orðað hér, með leyfi hæstv. forseta: „Meðan unnið var að endurskoðun launakaflans, var eigi vitað, hverjar undirtektir ríkisstj. mundu verða um endurskoðun hins almenna kafla launal., sem vér lögðum áherzlu á, að lokið yrði jafnframt." Þetta eru orð fulltrúa BSRB. — Hv. þm. Barð. veit vel, að

aldrei hefur komið til orða, að á þessu þingi yrði lokið við að setja þessi l., þannig að í þessu efni er ekki unnt að ganga til móts við óskir þessara manna, enda hafa þessir tveir menn, sem undir þetta hafa ritað, ekki ritað undir það í umboði BSRB, heldur sem nm. í n., sem undirbjó málið. Það, sem við var átt með því að koma til móts við óskir bandalagsins, það voru ákveðin tilfelli, sem fjhn. Ed. var kunnugt um, áður en stjórnarsamkomulagið var gert, og vísað er til í nál. á þskj. 691 á 1. bls., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Með stærstu brtt., þar sem nokkrir starfshópar, svo sem póstafgreiðslumenn, talsímakonur, tollverðir og ríkislögregluþjónar, eru færðir í hærri launaflokk, er gengið til móts við óskir frá stjórn BSRB ...“ Þetta eru þau atriði, sem vitað var um og rætt um einmitt í sambandi við stjórnarsamninginn. Og það voru þessi atriði, sem loforð voru um að ganga til móts við óskir stjórnar BSRB. Það er því á fullkomnum misskilningi byggt, að hér sé um nokkrar brigðir að ræða, — þvert á móti, ef ekki hefði verið gengið til móts við óskir stjórnar BSRB í þessum atriðum, sem hér greinir, þá hefðu það verið brigðir á loforðum, sem gefin voru. Ég skal játa það, að það hefði verið mjög æskilegt, að samtímis því, að l. um þetta hefðu verið sett, hefði einnig verið unnt að afgreiða löggjöf um réttindi og skyldur starfsmanna hins opinbera og jafnvel um embættisskipun og embættiskerfi landsins í heild sinni. En það liggur í augum uppi, að á þeim tíma, sem Alþ. hefur yfir að ráða að þessu sinni, er þess ekki kostur, því að það krefur lengri undirbúnings.

Þá er spurningin sú, hvort réttmætt sé að setja þessi lagaákvæði um launagreiðslur út af fyrir sig, án þess að hitt fylgi með. Fyrst er það að athuga í því sambandi, að því er lofað í stjórnarsamningnum, þannig að það yrðu brigðir á loforði, ef því væri riftað. En almennar ástæður, sem til þess liggja, að að þessu var hallazt, hygg ég, að séu svo veigamiklar, að þær séu fullnægjandi, sem sé, í hvílíku ófremdarástandi þessi mál eru nú. Yfirleitt er svo mikill glundroði og ósamræmi í þessum efnum, að ómögulegt er við að una og ómögulegt að ráða þar bót á, nema launagreiðslurnar í heild sinni séu teknar til endurskoðunar á sama tíma og þeim er breytt til samræmingar, því að annars kæmi fram nýtt ósamræmi við hverja breyt., sem gerð væri. Þess má líka minnast, að embættismenn hafa, eftir að kaupgjald fór svo hækkandi í landinu sem orðið hefur á seinni árum, jafnan orðið á eftir um kauphækkanir miðað við aðra, sem laun hafa tekið. Það er því eðlilegt, að óskir þeirra mótist nokkuð af því, að þeir telja sig hafa orðið nokkuð á eftir í þessu efni. Hversu hróplegt ástandið er orðið í þessum efnum, verður ljósast, þegar athugað er, hvernig þessum málum er hagað nú. Flestir þessara manna hafa fengið uppbætur á laun sín, 25—30% af launum sínum. En þessar uppbætur eru ekki fastar bundnar en það, að þær eru veittar flestar með heimild í fjárl. Nú er ekki heimild í fjárl. til þess að greiða þetta í ár (1945). Hún var í fjárl. fyrir árið 1944, en er ekki í þessa árs fjárl. Og t. d. hafa allir kennarar sérstaka launauppbót upp að 2000 kr. Sama gildir um sýslumenn og lækna. Um þessar uppbætur er sama óvissan. Ég hygg, að það þurfi að reikna laun sumra embættismanna út í 14 liðum til þess að fá rétta niðurstöðu. Ákvæði um suma þessa liði eru fallin úr gildi, t. d. ómagastyrkirnir, sem hafa verið greiddir að þessu, en falla niður, ef ekki verða sett sérstök ákvæði um þá.

Mér finnst þetta ástand svo óviðunandi, að það sé með öllu óverjandi að skjóta lengur á frest að setja um þetta l. Þetta er meginástæðan til þess, að ég hef frá fyrstu byrjun verið ráðinn í að fylgja þessu frv. og koma því í gegn í meginatriðum á þeim grundvelli, sem lagður er til með till. mþn. Þó neita ég því engan veginn, að það eru ýmsir ágallar á frv., og að sjálfsögðu má alltaf deila um, hvað séu rétt laun hjá hverjum einstökum manni. Það er álitamál, hvernig á að meta þetta starf eða hitt til launagreiðslu; einum sýnist þetta og öðrum hitt, og það er því ekki von, að hægt sé að samræma það fullkomlega. Ég veit vel, að það má mjög deila um ýmsar þær till., sem n. hefur borið fram, eins og um ýmsar till., sem í sjálfu frv. felast, og verður þá að sjálfsögðu að láta atkvæðafjöldann skera úr um, hvað ofan á verður í því efni.

Mér komu mjög undarlega fyrir eyru ummæli hv. þm. Barð., vegna þess að mér skildist, að þrátt fyrir þann samning, sem hann játaði, að gerður hefði verið um þetta, þá hefði hann hálfgert í hótunum um að snúast gegn málinu og greiða atkv. á móti frv., ef sú brtt., sem hann flytti, næði ekki samþykki. Ég vil ekki trúa því, að þetta hafi verið rétt skilið hjá mér, og beiðist afsökunar með ánægju, ef þetta hefur verið misskilningur, en mér fannst mega skilja þetta af orðum hans og vildi gjarnan fá leiðréttingu, ef þetta hefur verið misskilningur hjá mér.

Hv. þm. sagði, að ekki yrði, þótt þetta frv. yrði samþ., komið í veg fyrir, að fastir starfsmenn gætu haft aukatekjur í sambandi við störf sín. En hafi hann lesið nál., þá mun hann taka eftir því, að þar er fram tekið á bls. 3: „Nefndin hefur enn til athugunar launakjör lækna og sýslumanna, einkum í sambandi við ákvæði um aukatekjur embættanna, og mun væntanlega leggja fram till. við 3. umr.“ (GJ: Þær till. eru ekki til.) En einmitt þessir menn, læknar og sýslumenn, eru þeir, sem sérstök ástæða er til að athuga í þessu sambandi og þá um leið 46. gr., sem um þetta fjallar, en hún er orðuð þannig, að ætla verður, að aukatekjur fyrir störf, sem tilheyra eða eru í sambandi við embættið sjálft, skuli ekki látnar starfsmönnum í té.

Hv. þm. Barð. talaði um hækkanirnar. Það er einnig að finna í nál., að svo miklu leyti sem þær hafa verið reiknaðar út af þeim mönnum. Ég hef því miður ekki unnið að þeim útreikningum sjálfur, en þar sé ég, að hækkanirnar eru heldur innan við hálfa millj. kr., ef miðað er við lágmarkslaun og vísitölu 270. Gleggri upplýsingar get ég ekki gefið upp.

Þá fann hv. þm. það einnig að frv., þótt hann annars teldi frv. það helzt til foráttu, hve allt miðaði að því að auka kostnað ríkissjóðs, að gert væri ráð fyrir að halda að nokkru því fyrirkomulagi, sem nú er, að láta sveitarfélögin greiða hluta af kostnaðinum. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi orðað það svo, að þetta hafi í hans augum vegið svo þungt, að það hafi ráðið einna mestu um, að hann ætlaði ekki að fylgja

frv., nema þá þessu yrði breytt. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., að hér sé þyngt á sveitarfélögunum frá því, sem nú er. Ég sé hér í nál. á bls. 2, að framlag sveitarfélaganna til kennaralauna hefur verið tæpar 900 þús. kr., en samkv. till. n. er gert ráð fyrir, að það verði 620 þús. kr. eða lækki um þriðjung frá því, sem áður var. Það er því minni baggi lagður á sveitarfélögin í sambandi við greiðslur kennaralauna eftir till. n. en samkv. gildandi lögum.

Hv. þm. Barð. og einnig hv. þm. Dal. halda því fram, að yrði þetta frv. samþ. með till. n., *mundi skapað stórkostlegt misræmi milli* launakjara verkamanna og bænda annars vegar og meginþorra starfsmannaliðs hins opinbera. Ég skal játa, að það er dálítið örðugt að gera þennan samanburð, því að krónutalan ein upplýsir það ekki að fullu. Eitt atriði er rétt að benda á í þessu sambandi, að þeirri reglu hefur verið fylgt í frv., eins og verið hefur í launagreiðslum opinberra starfsmanna, að launa eins, hvar sem er á landinu, hvort sem það er í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum eða uppi í sveit. Af því leiðir í raun og veru, að launakjörin hljóta að miðast við það, sem þarf til þess að geta lifað í Reykjavík, en það er vitað, að það er kostnaðarsamara á ýmsan hátt en á flestum öðrum stöðum á landinu. Nægir í því sambandi að nefna húsaleiguna eina saman. Af þessu leiðir, að gera má í raun og veru ráð fyrir, að af þeim ástæðum þyrfti launaupphæðin að vera heldur hærri hér en meðaltekjur manna úti um allt land.

Hv. þm. vék að því, að það væri stórgalli á frv. að fella burtu 36. gr., og bæði hann og hv. 6. þm. Reykv. og einnig hv. minni hl. n. eru sérstaklega andvígir þessari till. Ég skal játa, að þeir hafa ákaflega mikið til síns máls í því, sem þeir færa fram máli sínu til stuðnings. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að einn megintilgangur þessarar lagasetningar og undirbúnings hennar var einmitt sá að ná til sem flestra opinberra starfsmanna og koma á samræmi innbyrðis þar á milli til þess að forðast kapphlaup milli þessara stofnana og að hver beri sig saman við annan á eftir, og ég álít, að það skipti ekki neinu verulegu máli, þó að þessi till. n. verði felld. En ég vil bara benda á, að verði það gert, er sjálfsagt að athuga þessa gr. betur en gert hefur verið fyrir 3. umr. Hins vegar álít ég sjálfsagt, ef einhver þessara stofnana er felld undir 1., að láta þær allar fylgjast að. Það stendur alveg eins á um þær allar, þær hafa sérstakan fjárhag, aðgreindan frá fjárhag ríkissjóðs, og útkoma þeirra, tap eða gróði, fjársöfnun eða fjárskortur, hefur engin bein áhrif á rekstrarreikning ríkissjóðs. Hins vegar lágu fyrir, eins og þegar hefur verið skýrt frá, mjög eindregin tilmæli frá mörgum þessara stofnana og starfsmönnum þeirra um að vera ekki settir inn í 1., og n. lét undan þessu, og af þeim ástæðum er þessi till. flutt.

Þá er sú till. hv. þm. Barð., sem hann lagði mest upp úr og mér skildist, að hann vildi láta varða fylgi sitt við frv., hvort næði fram að ganga. Ég get ekki greitt þessari till. atkv., en þó að hv. 6. þm. Reykv. sé að því leyti á sömu skoðun og ég, þá er það ekki byggt á sömu forsendum og andmæli hans voru. Ég þori að sjálfsögðu ekki að fullyrða neitt um það, hvað fært sé að gera að l. í þessum efnum, hvort unnt sé eða rétt að breyta launaákvæðunum með þessum l. á þann hátt, að þau taki til þeirra manna, sem fengið hafa skipun í starf sitt með sérstökum launakjörum, þegar þeir tóku við starfinu. Mér finnst sjálfum, án þess að leggja nokkurn dóm á, ýmislegt benda til þess, að í rauninni mætti líta svo á, að launin væru samningur milli hins opinbera og þess embættismanns, sem hefur búið sig undir starfið og tekið við því með þeim kjörum. Það er naumast hægt að gera ráð fyrir, að með lagasetningu sé hægt að skylda menn til að una við lækkun á *þessum launum*. Þó vil *ég ekkert* um þetta fullyrða, því að til þess skortir mig lagaþekkingu, en mér finnst rétt, að þetta sjónarmið komi fram. (GJ: Þetta er meginatriðið.) Og ég minnist þess ekki, þegar launum hefur verið breytt, að minnsta kosti hjá einum einstaklingi eða fáum, að þá hafi það verið framkvæmt þannig, að menn hafi verið skyldaðir til að taka lægri laun. Ég man nokkur dæmi þess, að þótt breyt. hafi verið gerðar til lækkunar, þá hefur þeim embættismönnum, sem sátu í embættunum, verið gefinn kostur á að velja á milli, hvort þeir vildu búa við eldri kjörin eða sætta sig við þau nýju, en þrátt fyrir það lít ég svo á, að engu fremur sé ástæða til að samþ. till. hv. þm. Barð. en þær brtt. aðrar, sem miða til hækkunar og breyt. á l. Ég sé enga frekari ástæðu til þess nú en áður.

Hv. 1. þm. Eyf. eða minni hl. fjhn. flytur brtt., sem að efni til má segja, að miði mest að því að lækka launastigann almennt, og telur hann, að sparnaður sá, sem vinnist með þessu, muni nema um 2 millj. kr. Ég þori ekki að vefengja, að þetta sé rétt, þó að ég hafi ekki búizt við, að það væri svo há upphæð. Um þetta í sjálfu sér ætti að vera óþarft að fjölyrða, og það þegar af þeirri ástæðu, að samningar eru um, að meginatriði frv. nái fram að ganga með þeirri viðbót, sem ég hef áður á drepið. En yfirleitt verð ég að segja, að ég álít, að frv. mundi ekki batna, þó að þessi till. næði fram að ganga, vegna þess að launakjörin í heild sinni í frv. eru þau, að ekki er unnt að gera ráð fyrir, að ríkið eigi þess kost að fá góða starfsmenn við sitt hæfi með því að greiða lægri laun en þarna er gert ráð fyrir. Ég og hv. þm. Barð. höfum gert samanburð um launakjör verkamanna og bænda og annarra slíkra, en það þarf einnig að gera samanburð við laun annarra manna hjá einkafyrirtækjum, við skrifstofustörf og annað slíkt, því að það er mikið af þeim störfum, sem hér er um að ræða. Ég held, að launastiginn hér sé ekki hærri, — frekar á hinn bóginn, — en almennt tíðkast að greiða fyrir þessi störf. Ef kjörin hjá ríkissjóði eru lakari en hjá einkafyrirtækjum, þá hlýtur að leiða af sjálfu sér, að það yrði keppt duglega um að fá störf hjá öðrum og þá minna úr að velja fyrir ríkið, en allir geta verið sammála um, að slíkt væri slæmt.

Ein stétt manna er hækkuð alveg sérstaklega, og það eru barnakennararnir. Þeir eru hækkaðir langtum meira en nokkur önnur stétt eða starfshópur, ef miðað er við fyrri laun. Ég skal játa, að þessi hækkun er mjög mikil, og hún er meiri en ég hafði *gert mér grein fyrir samkvæmt grg., sem fylgdi* frv., þegar það var lagt fram. En á það er að líta, að þarna stendur alveg sérstaklega á. Í fyrsta

lagi hefur barnakennarastéttin líklega verið lakast launuð af öllum opinberum starfsmönnum allt fram til þessa, en nú standa fyrir dyrum umfangsmiklar breyt. á skólakerfi landsins, og jafnframt því eru gerðar auknar kröfur til menntunar kennara. Ein meginástæðan til, að ég fylgi þessari hækkun, er sú, að ég treysti því, að þeir, þegar þar að kemur, verði fúsari til að taka á sig það erfiði og skyldur, sem sú endurbót hefur í för með sér. Það er sennilega vonlaust verk að fá samkomulag um laun fyrir einstök störf, þar eð mat manna hlýtur ætíð að vera misjafnt, enda er það ekki aðalatriði, heldur hitt, að frv. nái fram að ganga í höfuðatriðum.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að tala ýtarlega um þetta stóra mál að sinni, en ætla frekar að ræða það við 3. umr., ef það kemst svo langt. — Ég vil einungis benda á, hversu það er varhugaverð aðferð að gera slíka samninga, sem hér um ræðir, við nokkur hundruð manna, þegar verðbólgan er sem mest, og þótt ég sé þessu andvígur, þá get ég þó fallizt á þetta, ef þessir samningar gilda einungis til þriggja ára. Það væri þá einungis einn liðurinn í að skipta upp stríðsgróðanum, og má segja, að ekki sé ósanngjarnt, að embættismennirnir fái sinn skerf. En ef setja skal launal., þá mun það skapa mikla erfiðleika í framtíðinni. Ég hef því lagt til, að endurskoðun fari fram eftir tiltekinn tíma, og virðist hæfilegt, að það verði 3 ár.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Þeir hv. dm., sem hér hafa talað, hafa talað um brtt. á þskj. 692 sem brtt. fjhn. Þetta er nokkur vorkunn, því að á þskj. stendur svo. En í nál. hef ég tekið fram, að þessar till. eru ekki frá mér og ég ber ekki ábyrgð á þeim. Þess vegna hefði átt að kenna þær við meiri hl. fjhn.

Þm. Barð. kvaðst ekki geta lagt dóm á, hvort upplýsingar þær, sem ég gaf, væru réttar, en þær eru samkvæmt beztu heimildum, sem fáanlegar eru í þessu máli. Annars var ég þessum þm. sammála um margt, en þó ekki allt. Ég er honum ekki sammála um barnakennarana og laun þeirra. Honum virðist laun þeirra há samkv. frv. Þeir hafa langt sumarfrí, en svo er og um menntaskólakennara og háskólakennara, en af þeirra launum hefur ekki verið orðað að draga. Það hefur verið vikið að því hér, að aðalhækkunin stafaði af launum barnakennara. Þetta er þó nokkuð hæpið. Það er að vísu rétt, að hærri upphæð fer til þessarar stéttar en annarra, en það er af því, að þeir eru fjölmennastir. Einstakar stéttir aðrar fá miklu meiri hækkanir, svo sem sýslumenn og bæjarfógetar, miðað við hvern einstakling.

Hv. 1. þm. Reykv. tók margt réttilega fram hér um. Hann minnti á, að þriggja mánaða frítíð er ekki mikils virði. Það kann að vera, að það sé nokkurs virði, þegar mikil eftirspurn er eftir vinnuafli, en að jafnaði mun vera erfitt að komast inn í starfslið um svo stuttan tíma. Nokkuð öðru máli er að gegna um þá, sem hafa sex mánaða frí í sveitum, enda er það svo, að þeir kennarar eiga að hafa einum þriðja lægri laun en hinir. — Ég vil undirstrika það, hversu miklar kröfur eru nú gerðar um skólagöngu kennara. Um inntöku í Kennaraskólann mun nú gilda svipað og um inntöku í lærdómsdeildir menntaskólanna, og er því skólaganga kennara svipuð og stúdenta. Ég er með því að bæta kjör kennara og jafna það misrétti, sem átt hefur sér stað. Ef til vill þykir hv. þdm. skemmtilegt að heyra, að ég var eitt sinn barnakennari og hafði þá í laun 6 kr. á viku eða 144 kr. á ári.

Hv. 6. þm. Reykv. vék að því viðvíkjandi till. hv. þm. Barð. og hv. þm. S.-Þ., að þingið geti síðar lækkað launin, hvenær sem er. Það hefur að vísu komið fyrir, að laun hafa verið lækkuð, en það hefur alltaf verið með því fororði, að það gilti ekki þá embættismenn, sem eru í embættum, þegar l. eru sett. Ef þingið vill hafa frjálsar hendur að lækka launin í framtíðinni, þá er vissara a. m. k. að hafa ákvæði um, að embættismenn verði að sætta sig við launalækkun, ef þess þykir þörf. Ég er óviss um það, að síðar þætti fært að lækka launin, þótt þess væri þörf. Og ég vil benda formanni n. á, að í bráðabirgðaákvæði frv. er ákveðið, að launabreyt. komi fyrst fram við embættismannaskipti.

Hv. form. fjhn. þótti kenna ósamræmis hjá mér, er ég sagði, að lækkunartill. mínar væru ekki tilfinnanlegar fyrir starfsmennina, þótt ríkissjóð munaði um þær. Hann líkti þessu við, að lagðir væri tveggja millj. kr. skattur á laun þeirra. Ég hef aldrei lagt til að lækka laun embættismanna um tvær millj., heldur hef ég lagt til, að þau yrðu hækkuð um 4—5 millj. í staðinn fyrir 6—7 millj. kr.

Það er enginn vafi á því, að embættismenn fengju stórbætt kjör, þótt till. mínar yrðu samþ., og þá tel ég, að ekki sé tilfinnanlegt fyrir þá að fá kjörin ekki enn meira bætt. Ef hér á Alþingi kæmi fram till. um að hækka laun enn meir en nú er lagt til og hún felld, væri það þá að leggja skatt á embættismenn?

Við erum sammála um það, að þegar talað er um há og lág laun, þá fer það allt eftir því, við hvað er miðað. Þetta er atriði, sem menn verða að gera sér ljóst, og þm. verða að ákveða, við hvað þeir vilja miða. Ég hygg, að laun verði að vera það há, þegar um opinberar stöður er að ræða, að embættismenn geti lifað af þeim og fengið endurgreiddan þann kostnað, sem þeir hafa haft af undirbúningi sínum undir starfið. En séu till. frv. um laun embættismanna miðaðar við lífskjör alls almennings í landinu, þá eru þau há og sum jafnvel óhæfilega há. Er til dæmis sanngjarnt, að liðléttingur á skrifstofu hafi hærri laun en bóndi eða verkamaður? Samkvæmt því, sem nú er lagt til, fær lægsti launaflokkur 14 þús. kr. eftir 6 ára starf, en bóndinn og verkamaðurinn sömu upphæð eða lægri. Þetta er hófleysi. Það fólk, sem hefur ekki sérmenntun, á ekki að hafa hærri laun en almenningur í landinu, þótt það vinni hjá ríkinu. Þetta kann að þykja íhaldssemi, en ég er alveg sannfærður um, að hér er ekki farin rétt leið.

Hv. 1. þm. Reykv. mótmælti því, að það mætti heita svo, að starfsmenn ríkisins réðu sjálfir launum sínum, en ég held þó, að þetta sé rétt. Þeir áttu sterk ítök í mþn., og sömuleiðis voru kröfur þeirra teknar til greina í meiri hl. fjhn. Þetta tel ég, að megi heita, að þeir ráði nokkru hér um, og stjórnarsamningurinn fjallar meðal annars um að taka aðalkröfur BSRB til greina.

Mér fannst ofmælt hjá hv. þm. Barð., þegar hann sagði, að meiri hl. n. hefði svikið stj. með till. sínum. Ég hef skilið þessa stjórnarsamninga þannig, að meiri hl. n. hafi verið að uppfylla þá með þessum till. Sami skilningur kemur fram hjá formanni n. og fleirum, sem talað hafa og að þessu máli standa.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þá till. meiri hl. n. að taka ýmsar stofnanir úr launal., og hv. 1. þm. Reykv. færði fram sem rök fyrir þessu, að bankastjórnirnar og þá sennilega stjórnir annarra fyrirtækja, sem lagt er til, að tekin verði út úr, séu kunnugri starfsmönnunum og högum þeirra en þingið. Þetta er rétt út af fyrir sig, en þetta má að sjálfsögðu segja um allar stofnanir í landinu, og eftir þeim röksemdum ætti að taka allar stofnanir úr launal. nema hin gömlu embætti, sem alltaf hafa verið í launal., og ákveða, að forstjórar fyrirtækja, t. d. eins og verzlana ríkisins, ákveði laun starfsmannanna, því að þeir eru þessu vitanlega miklu kunnugri en hæstv. Alþ., alveg á sama hátt og bankastjórnirnar eru kunnugri starfsháttum í bönkunum en Alþ. er. En eins og komið hefur fram hjá mér í fyrri ræðu minni, er aðalatriðið í þessu máli ekki beinlínis það að tryggja bankana gagnvart starfsmönnum sínum með því að setja starfslið þeirra inn í launal., heldur hitt, að það verði samræmi í launagreiðslum í landinu. Það er alveg áreiðanlegt, að ein meginástæðan til þess, að sí og æ hefur verið krafizt endurskoðunar á launal. nú undanfarin ár, er sú, að ósamræmið í launagreiðslunum var orðið svo mikið. Ef það er ekki tryggt, að launamenn og embættismenn hafi laun eftir ákveðnum reglum og skipulagi, næst ekki aðaltilgangurinn með því að setja launal., og er því alveg nauðsynlegt að hafa þessar stofnanir með. Í því felst í raun og veru ekkert vantraust á stjórnir þessara stofnana, að þær gæti ekki hagsmuna sinna gagnvart launafólkinu, eða hitt, að þær beiti valdi sínu til að láta þetta fólk lifa við bág kjör, heldur samræmi, sem þarf að fá, úr því að verið er að setja ný launal. á annað borð.

Ég hef flutt brtt. um að lækka efsta launaflokkinn um 800 krónur, en auðvitað skiptir það í sjálfu sér engu máli, hvort þessi laun í efsta launaflokknum eru ákveðin 13200 kr. eða 14 þús. kr. Getur meira að segja vel verið, að menn í allra þýðingarmestu stöðum þjóðarinnar ætti að launa miklu hærra, og skemmtilegast væri auðvitað að launa alla menn vel. En spurningin er: Þolir ríkið að greiða þessi laun? Til þess að standa undir útgjöldum, sem fyrirhuguð eru á þessu ári, hefur hæstv. ríkisstj. þótt nauðsynlegt að bera fram frv. um tekjuskattsviðauka, og á sá viðauki að gilda aðeins fyrir yfirstandandi ár. Mér er ómögulegt að sjá, ef launal. verða samþ., — sem sjálfsagt verður, og með brtt. meiri hl., — að það sé nokkurt vit í því að ákveða þessar tekjur aðeins fyrir yfirstandandi ár. Mér hefur sýnzt undanfarið, að ekki veiti af þeim tekjum, sem ríkið hefur, til að standast þau útgjöld, sem það verður að greiða. Nú bætast við útgjöld ríkisins, miðað við núverandi dýrtíð að vísu, a. m. k. 6 millj. kr., en það er einmitt nákvæmlega sama upphæð og hæstv. fjmrh. áætlaði, að þessi tekjuskattsviðauki yrði. Ég fæ þá ekki skilið, að það mundi nægja að samþ. hann fyrir yfirstandandi ár, heldur finnst mér, að hæstv. fjmrh. ætti einmitt í sambandi við setningu launal. að beita sér fyrir því að breyta þessu frv. þannig að vera ekki að hafa neitt tímatakmark eða þá að koma með einhverja aðra leið, og það getur vel verið, að hún sé í uppsiglingu.

Mér finnst það liggja í augum uppi, að þótt ég sé einn af meðflm. þessa frv., liggi ekki á mér nein siðferðileg skylda til að fylgja því endanlega, ef á því verða gerðar þær breyt., sem ég tel stórskaðlegar, og sumar þær till., sem fyrir liggja, eru á þann veg, að ég tel þær stórspilla málinu, t. d. það, ef fjölmennur hópur starfsmanna í landinu, sem upprunalega átti að heyra undir l. samkv. frv., verður tekinn út úr. Þetta tel ég svo þýðingarmikið atriði, að ég mun endurskoða heildarafstöðu mína til málsins, ef slíkar till. verða samþ. En það er nógur tími til að skýra það nánar við síðari umr. hér í deildinni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. 3. landsk. beindi til mín ákveðinni fyrirspurn um það, hvort ég mundi snúast gegn frv., ef till. mín yrði ekki samþ. Kvaðst hann ekki trúa, að svo væri, og kæmi það sér einkennilega fyrir sjónir. Einmitt eftir að hann hefur lýst skoðun sinni á þessum skilningi l., sem fer í bága við t. d. skoðun hv. 6. þm. Reykv., en kemur heim við mína skoðun, þá þykir mér enn meiri ástæða til að taka alveg ákveðið fram um þetta atriði.

Það hefur ekki farið leynt, að ég hef alltaf gert þetta að skilyrði fyrir að flytja frv., og bezta sönnunin er sú, að 16. des. er útbýtt í þessari hv. d. þeirri till., sem hér um ræðir. Hv. n. hefur því vel getað tekið hana með til athugunar.

Ég lít svo á, að sé það ekki tryggt á einhvern hátt, að allir þeir menn, sem fá launahækkun nú eftir þessum l., verði færðir niður í þau laun, sem þar verða ákveðin fyrir sama starf, sé ekkert vit í lagasetningunni og ekkert réttlæti heldur, að ungir menn, sem nú byrja að taka laun eftir þessum l., haldi þeim áfram óskertum, þó að það yrði 30 ára starf, verði l. þessum síðar breytt til launalækkunar. Það er sannarlega ekki verið að bæta þeim mönnum upp neitt misrétti, sem framið hafi verið á þeim undanfarin ár. Þetta er svo ótvírætt, að sé þessi trygging ekki fyrir hendi, áður en gengið verður frá þessu, get ég ekki fylgt þessari lagasetningu, því að þá tel ég raskað þeim grundvelli, sem samið var um. Ég veit, hvað ég hef sett að skilyrði fyrir því að fylgja l. gegnum þessa hv. d., og ég vil minna hv. 3. landsk. á, hvernig orð mín féllu við 1. umr. hér í d., áður en nokkur stjórnarsamningur kom fram.

Ég undrast þær útleggingar, sem hér hafa komið fram frá hv. 6. þm. Reykv., því að það þýðir ekki endalaust að slá því föstu, að hann einn manna hafi svo mikið vit á l., að enginn maður annar geti haft þar heilbrigða hugsun. Hann veit vel einmitt það, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur tekið fram, að ekkert fordæmi er fyrir því, að embættismenn haldi launum sínum óskertum alla tíð, eftir að launalækkun hefur átt sér stað. Það er vitanlega hreinn útúrsnúningur, að það megi breyta þessum l. eins og öðrum. Hér er alls ekki um slíkt að ræða. Það er alls ekki um það að ræða, hvort með nýjum l. megi breyta rétti ákveðinna aðila

til að vinna fyrir minni laun en þeir hafa verið ráðnir til. Og ég veit frá mönnum, sem spurt hafa ýmsa lögfræðinga landsins varðandi þetta mál, að þeir hafa ekki verið sammála hv. 6. þm. Reykv. um gildi þessara ákvæða. En ef nokkur vafi er á því, þá er vitanlega sjálfsagður hlutur að setja undir þann leka. Ég hygg, að hver maður hljóti að sjá, að ekkert vit væri í því að semja launal., þar sem ríkissjóður yrði að standa undir slíkri byrði í máske 30—40 ár, og ekki hægt að færa launin niður í samræmi við það, sem þarf á tímum, þegar allt er vitlaust í verðbólgu.

Hv. 3. landsk. sagði, að ekki hefði verið raskað grundvallaratriðum með till., sem samið hefði verið um. Það er enginn vandi að fullyrða, að ég hafi ekkert vit á lagafyrirmælum. En ég læt ekki bjóða mér það, að ég hafi ekkert vit á samningum eða standi ekki við samninga og loforð mín. Hér hefur verið lofað ákveðnum skilyrðum, og þegar þeir menn, sem taka að sér að standa að stjórn og fylgja henni og þessu máli sérstaklega, þá er það gert í því fulla trausti, að ekki sé farið út fyrir þá línu. En sé það gert, er sá samningur rofinn, nema fullt samþykki hins aðilans komi til. Skal ég færa sönnur á, að þetta er rétt hjá mér.

Ég skal ekkert um það deila, hvort samið hefur verið um það annars staðar en í þessu frv. eða þeim skjölum, sem hér liggja fyrir, að ganga til móts við kröfur bandalagsins, sem fólgnar voru í hækkun launa lögregluþjóna, tollþjóna og símakvenna. En þótt fallizt sé á þetta, er meira eftir. Það er sem sé upplýst hér af hv. 3. landsk., að það er gengið að öllum kröfum, því að hann sagði, að samningum hefði verið fullnægt, þó að ekki hefði verið gengið svona langt. Segjum nú, að þetta sé ekki heldur brot á samningnum. En það er auðvitað tvímælalaust brot að hækka laun þeirra manna, sem bandalagið hefur ekki krafizt, að yrðu hækkaðir, t. d. forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Hv. 1. þm. Reykv. blandaði mjög saman málum, er hann taldi það einkennilegt, að sömu aðilar, — og átti hann þar við mig, — sem gerðu aths. við ýmsar stofnanir í sambandi við brtt., bentu á hluti, sem þyrfti að breyta til hækkunar fyrir ríkissjóð. Þetta eru alveg óskyld mál. Ég vil benda á, að ef samþ. á frv., eins og það lá fyrir í upphafi, að ég ekki tali um, eins og það kom frá hv. fjhn., er nauðsynlegt að gera ýmsar breyt., sem miða til hækkunar, bara til þess að framkalla réttlæti, burtséð frá því, hvort maður er með eða móti þeim kostnaði, sem frv. í heild hefur í för með sér.

Ég vil benda formanni n. á eitt atriði, sem ég er neyddur til að bera fram brtt. við, hvort sem brtt. n. verður samþ. eða ekki, en það er um tilfærslu á læknishéraðinu á Bíldudal. Er það sett annars staðar í frv. og í lægri flokk en það á að vera. Vil ég benda á, að það er sett í flokk með Ólafsvík. Hefur landlæknir lýst yfir því við mig, að ekki væri ástæða til að styrkja læknisbústaðinn í Ólafsvík, þar sem það væri svo gott hérað. Aftur á móti yrði að styrkja læknisbústaðinn á Bíldudal, þar eð ekki yrði unnt að fá lækni án þess að byggja yfir hann. Bíldudalur er þar að auki eitt af stærstu læknishéruðum landsins, og mælir það einnig með því, að laga verður þetta misrétti, þó að það kosti nokkuð fyrir ríkissjóð. — Ég tilfæri þetta dæmi til að sýna, að það er ekkert samhengi milli þessara mála.

Hv. 3. landsk. minntist á, að það væri nauðsynlegt að launa alltaf svo starfsmenn ríkisins á hverjum tíma, að hægt væri að fá góða starfsmenn. Ég verð nú að segja það, að ég hef aldrei orðið var við, að ríkið gæti ekki fengið starfsmenn, heldur hitt, að allir vilji vera starfsmenn ríkisins. Ég býst við, að allir vildu vera ráðherrar, þótt það væri skammarlega borgað, og ég er engan veginn viss um, að staðan losnaði hjá forstjóra Skipaútgerðarinnar, þó að hann fengi ekki ráðherralaun. Þetta held ég, að séu engin rök fyrir því máli. Og allir vilja vera prófessorar. Hér er barizt fyrir því að fjölga prófessorum við háskólann, sem álitið er af mörgum, að ekki sé nauðsynlegt. En því hefur verið haldið fram, að þessum manni hafi verið sýnt misrétti með því að hleypa honum ekki inn í þjónustu ríkisins með þessi lágu laun. — Það hefur alltaf verið hægt að fá menn til að starfa fyrir ríkið. En þessi laun út af fyrir sig geta verið of lágt reiknuð. Reykjavíkurbær hefur fengið prýðilegan starfsmann fyrir borgarstjóra fyrir mjög lág laun. Ég geri ráð fyrir, að hann gæti, hvar sem væri annars staðar, fengið betri laun. Það getur verið af áhuga, sem hann starfar að þessu, — sem getur verið nokkurs virði, þó að ekki séu peningar, af því að hann viti, að störf hans eru til góðs fyrir þjóðfélagið.

Þá ætla ég að svara nokkrum orðum hv. 1. þm. Reykv. Hann sagði, að ekki mætti miða launin við kaupsýslumenn og iðnaðarmenn. Svo vildi hann beina því til mín persónulega, hvort mér þætti um of að lifa af launum X. flokks. Ég álít þá vera lítið um rök, þegar menn fara í svo persónulegar umr. og spyrja um, hvort ákveðnum manni þætti ekki of lítið að lifa af launum, sem á að skapa öðrum manni. En ég skal svara þessu. Og hann sagði, að það væri sambærilegur undirbúningur, sem þessir menn legðu í undir starf sitt eins og ég hefði þurft undir mitt starf. Og úr því að hv. þm. vill fá þetta upplýst, skal ég svara þessu nokkuð. Ég hef athugað nokkuð X. flokk í frv. Á fyrstu síðu eru húsverðir. Ég hygg, að það yrði ekki mikið eftir af bændum úti um land, ef þeir ættu þess kost að fá fastlaunað starf með sömu launum, 6600 kr. í grunnlaun. Og ég veit, að margir bændur úti um land eru svo vel undirbúnir undir lífið, að þeir gætu verið húsverðir hjá ríkisstjórninni. — Svo ætla ég að halda áfram, og þá eru hér aðstoðarhjúkrunarkonur. Ég ætla ekki að bera mig neitt saman við þær, ég hef aldrei borið verk mín saman við kvennaverk yfirleitt. Ég veit, að hjá þessum hjúkrunarkonum er um mikið og fórnfúst starf að ræða, og ræður þeirra betri maður sjálfsagt miklu um, að þær taka að sér þessi störf, auk þess sem stundum hefur komið til löngun eftir að ná í lækninn, þó að slíkt eigi sér kannske ekki stað hér á Íslandi. — Svo eru á bls. 5 í frv. gæzlumaður plötusafns, afgreiðslumaður auglýsinga, iðnaðarmaður og afgreiðslumaður viðtækjasmiðju (allir við útvarpið). Þessir menn eiga hver um sig að hafa 6600 kr. í grunnlaun á ári eftir frv. Ég er viss um, að úr hópi bænda og sjómanna og verkamanna fengjust fjölmargir menn til þess

að skipta um fyrir þessi laun og vinna að þessum störfum. — Þá eru á bls. 7 í frv. næturverðir við landssímann í X. fl. með 6600 kr. grunnlaun, o. fl. menn. Ég skal ekki segja, hvað mikið þarf að læra til þess að geta verið næturvörður við landssímann. Hann þarf að kunna að gefa sambönd. En hvort sá undirbúningur er sambærilegur við það, sem ég hef orðið að gera til undirbúnings mínu starfi, getur hver, sem vill, gert sér í hugarlund, og kem ég að því síðar. — Þá eru afgreiðslumenn tóbakseinkasölunnar. Ég held, að þeir þurfi ekki mörg ár til þess að undirbúa sig undir það starf, kannske að fara á verzlunarskóla eða vera í búð áður. Svo eru blöndunarmaður tóbaksgerðar og bókarar III. fl. hjá áfengisverzluninni, með sömu laun eftir aðalfrv. Og svo koma brtt. fjhn. Þar er umsjónarmaður Landsspítalans settur í X. flokk. — Og svo kemur hér kafari. Ég hygg, að erfiðast muni vera að fá bændur til þess að gerast kafarar. Þó þarf ekki margra ára nám til þess að læra það, auk þess sem sá maður er ekki undir yfirborði sjávar allt sitt líf, heldur aðeins stundum. — Svo koma hér í sama fl. og allir, sem áður eru taldir, næturverðir við landssímastöðina í Reykjavík og á Akureyri, iðnaðarmenn og línumenn landssímans, bréfberar í Reykjavík og á Akureyri, aðstoðarmenn I. flokks og bifreiðarstjórar. Það er hægt að fá unga bændur til þess að læra á 14 dögum að vera bílstjórar og taka svo að sér svona starf fyrir þetta kaup. Svo koma bókarar III. fl. aftur í sama fl. — Og þá held ég, að þetta sé nægilegt til þess að sýna fram á, hvaða fólk það er, sem er í þessum flokki. Í þessum fl. eru sköpuð betri skilyrði um lífsafkomu — fyrir þó miklu styttri vinnutíma — en talið er, að bændur hafi árið 1945, sem bændur hafa enga tryggingu fyrir að fá í framtíðinni. En þessir launamenn, sem ég hef talið, eiga eftir skilningi hv. 3. landsk. þm. að hafa þessi laun um aldur og ævi.

Ég segi þetta ekki til þess að halda því fram, að X. fl. sé oflaunaður, heldur til þess að sýna, hver stefnan er í öllum þessum málum yfirleitt. Og úr því að hv. 1. þm. Reykv. vill vita, hvað ég hef orðið að leggja að mér til þess að undirbúa mig undir lífsstörf mín, þá get ég sagt honum, að það starf kostaði mig nám í 8 ár og þar af helming tímans utan lands á minn eiginn kostnað án alls styrks frá ríkinu. Og ef það væri skilyrðið til þess að vera húsvörður í Reykjavík, að menn þurfi að læra í 8 ár og helming af þeim tíma utan lands, þá er hægt fyrst að bera mig saman við þá. (MJ: Er hv. þm. Barð. á launum eins og X. fl.?) Það kemur ekki málinu við. Auk þess hef ég orðið að láta 90% af tekjum til ríkissjóðs undanfarin ár. Það eru því engin rök í málinu að bera mig saman við launtaka í X. flokki. Og þegar menn grípa til slíkrar rakaleysu sem hv. 1. þm. Reykv. gerði hér, sem mig undrar, að hann skuli hafa leyft sér, þá vantar gild rök.

Þegar fjórir af fimm nm. leggja til vissa afgreiðslu máls, eins og hér á sér stað, er þess ekki að vænta, að deildin setji sig upp á móti því, og hv. 1. þm. Reykv. veit, að þingstörf ganga jafnan þannig. Það eru margir hv. þm., sem hafa ekki tíma til þess að kynna sér svo málin sem n. verður að gera, er sérstaklega fjallar um það, og munu hv. þm. verða að byggja á því nál., sem fyrir liggur í málinu. Og menn hafa ekki tækifæri til þess að lesa svo hvert þskj., að þeir geti tekið upp baráttu eftir þeirri athugun gegn nál. yfirleitt. Þess vegna hvílir skylda og ábyrgð á hv. n. Og ef n. hefur ekki hugsað málið eins og hún átti að gera, þá eru það ekki aðeins svik við þjóðina, heldur líka þingið. Það er því skylda hverrar n., sem um mál fjallar á Alþ., að gera sér ljóst, hvernig l., sem verið er að setja, verka í framtíðinni fyrir þjóðina. Og ég efast um, að þeir menn, sem sett hafa fram þetta frv. og brtt. við það, hafi hugsað mjög langt fram í framtíðina um það, hvernig ákvæði þessa frv. koma til með að verka, ef að l. verður.

Svo var það eitt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann hefði setið allan tímann með hnífinn til þess að skera niður laun í frv. Ja, sá kuti hefur ekki bitið vel, — eða kannske þeir hv. nm. hafi haldið um blaðið og skorið með skaftinu?

Það þurfti yfirleitt ekki að koma málinu við, hvað óviðkomandi menn sendu af kröfum. Og það er enginn Salómonsdómur um slíkt mál sem þetta, þótt einhver þeirra, sem mest bera úr býtum, setji fram háar kröfur um launahækkun og þeir, sem minna fá, vilji svo fá hækkuð laun til samræmis. Nei, það er að gefast upp á málinu að hlaupa eftir slíku. Það átti að rannsaka, hvað rétt væri í þessu sambandi, en ekki, hverjar væru kröfur þeirra, sem mest laun fá, heldur einnig, hverjar væru kröfur þeirra, sem bera ábyrgð á greiðslunni. Þess vegna vona ég, að hv. 1. þm. Reykv. taki upp aðra aðferð í þessum efnum en hann hefur haft.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði einnig, að ekki kæmu málinu við þessar 470 þús. kr., sem væru afleiðing launahækkunar. Ég undrast, að hann skuli láta slíkt út úr sér. Hér er ekki um annað en launahækkun að ræða, þegar um það er að ræða að greiða á fimmta hundrað þús. kr. í lífeyrisgjöld, sem eru lögboðin gjöld. Hitt er það, að ekki aðeins sveitarstjórnir og bæjarstjórnir, heldur líka einstaklingar verða að greiða hærri laun vegna þessara afleiðinga. Og það hefur ekki verið hugsað um þær afleiðingar, og þær verða margar og víðtækar, ef þessar till. ná fram að ganga.

Svo minntist sami hv. þm. enn fremur á það, að vel mætti reikna út, hvað kæmi af þessu fé aftur í ríkissjóðinn. Og mér heyrðist næstum á honum, að fundin væri þarna allveruleg bót á erfiðleikum ríkissjóðs, sem sé bara að hækka launin, til þess að skattarnir í ríkissjóðinn hækkuðu um leið. Ég vil segja, að þá væri ekki mikill vandinn, ef ekkert þyrfti annað en hækka laun embættismanna, til þess að ríkissjóður fengi af þeim meiri skatta, og þá væri vandræðum hans lokið.

Ég vil ekki ræða neina sérstaka liði í þessu frv., því að það yrði tekið sem sérstök persónuleg árás á þá menn, sem starfa í þeim eða hinum fl., sem um væri að ræða. En ég vil skjóta spurningu til hv. formanns n. út af 22. gr., þar sem sagt er, að skrifstofustjóri landssímans og skrifstofustjóri póstmála skuli hafa 10200 kr. Eru þessi embætti til í landinu? Ég veit ekki til þess, að þau séu til. Nú getur verið, að hægt sé með þessum l. að stofna þessi embætti, ég skal ekki um það segja. En mér vitanlega er hvorugt þessara embætta til. Ég vildi, að hv. n. athugaði fyrir næstu umr., hvernig stendur á, að þetta er komið hér inn.

Ég get ekki fellt mig við þá till., sem fram er komin frá hv. þm. S.-Þ., að hún komi í staðinn fyrir brtt. mína. Munurinn á þessum tveimur till. er þessi: Ef samþ. er till. hv. þm. S.-Þ., þá er ríkissjóður skyldugur til að greiða laun eftir þessum l., er frv. hefur náð samþykki til ársloka 1947. Og ég tel engar sannanir fyrir því, að ríkið þoli það. Ef hins vegar brtt. mín verður samþ., þá er hægt að færa launin niður, hvenær sem ástandið breytist svo, að það væri nauðsynlegt til þess að samræma launakjör embættismanna við launakjör annarra manna í landinu. Og það er það eina, sem rétt er og viturlegt. Þess vegna get ég ekki fylgt frv., þótt brtt. hv. þm. S.-Þ. verði samþ. Og ég mun ekki heldur geta fylgt frv. út úr hv. d., ef brtt. mín verður ekki samþ. eða önnur hliðstæð, sem tryggi þessi mál eins og ég vil gera með brtt. minni.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt hér brtt. frá hv. þm. S.-Þ. við brtt. á þskj. 778. Hún er um, að í stað orðanna „og gilda til ársloka 1947" komi: en fyrir reglulegt Alþingi 1947 skal ríkisstjórnin hlutast til um, að fram fari endurskoðun þeirra í heild, og leggja um það tillögur fyrir það þing.

Þessi brtt. er of seint fram komin, og fyrir henni þarf afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 818) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Ed., 12. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Umr. þessar hafa farið nokkuð á víð og dreif, eins og ekki er að furða um svo víðtækt mál. Ætla ég mér lítið að blanda mér inn í það. Þó vil ég geta þess, að ég hjó í það hjá hv. þm. Barð. í gær, að hann hélt því fram, að enginn hörgull væri á að fá menn í opinber störf, því að það væri einmitt stöðugur straumur manna, sem vildu vera í ríkisins þjónustu. Þetta er að vissu leyti rétt, en eins og ég skaut inn í ræðu hv. þm. í gær, er þetta ekki rétt að öllu leyti. Það er áreiðanlegt, að sumir starfsmenn hins opinbera eru þannig launaðir, að það er ekki hægt að fá menn til þess að gegna störfunum með þeim kjörum, sem þeir hafa nú, og vil ég til sönnunar því geta þess, að mikill fjöldi verkfræðinga hefur farið frá ríkinu á undanförnum árum vegna þess, að þeim hafa boðizt betri kjör annars staðar. Dæmi í þessu efni er mér kunnugt um frá bæjarstarfseminni. Þar, eins og hjá ríkinu, vantar verkfræðinga til að standa fyrir framkvæmdum, sem ákveðnar eru. Reynt var að ráða bót á þessu með því að fá góðan og gegnan mann, sem vinnur á skrifstofu án þess þó að hafa sérstakt trúnaðarstarf. Þessi maður hafði byrjað á verkfræðinámi, en ekki lokið því. En þegar til átti að taka, kom í ljós, að hann — sem skrifstofumaður hjá stóru fyrirtæki hér í bænum — hann hafði sýnu hærri laun en útlærður verkfræðingur í fastri stöðu hjá bænum, og held ég þó, að bærinn borgi verkfræðingum hærra kaup en ríkið. Þetta sýnir, að ómögulegt er að halda til lengdar mönnum, sem hörgull er á, nema bæta kjör þeirra. Sama hefur átt sér stað um ýmsa aðra starfsmenn bæjarins. Það hefur orðið að hagræða málum þeirra umfram venjuleg launakjör, svo að þeir væru ekki verr settir en starfsmenn hjá litlum verzlunarfyrirtækjum. Í því er engin sanngirni. Og ég tala nú ekki um það að ætla að laga með þessum l. launakjör í bönkum og í sumum ríkisstofnunum, en þau eru sums staðar miklu hærri en tíðkast hjá ríkinu almennt. En nú hefur n. horfið frá því að gera þessa ómaklegu samræmingu. Ég tel það hart, að n. skuli hafa tekið það nokkru sinni upp. Og ég ítreka það, sem ég sagði við fyrri umr. um þetta frv. og er samþ. hv. þm. Barð. um, að ég get ekki séð annað en n. sé með þessu að ganga frá því samkomulagi, sem gert var, er stjórnarsamningurinn var gerður. Ég get ekki skilið það á annan veg. Og slíkt er ekki hægt að gera nema með samþykki allra þeirra aðila, sem þá bundu sig. Hitt er annað mál, að um þetta verður eitthvað að ræða, áður en lýkur. Þá verður líka meiri hl., sem vill fella þetta úr frv., að geta komið frv. í gegn. Ég vil ítreka þá beiðni mína til hv. n., að hún afturkalli þessa till.

Þá er seinasta atriði frv. Ég vil aðeins vekja eftirtekt á því, að í frv. eða till. n. er gert ráð fyrir sérstökum launaflokki fyrir lektor við háskólann. Slíkt starf er ekki lögboðið, og það er í raun og veru furðulegt, að n. skuli hafa tekið það upp í launalagafrv., þótt einn maður sé launaður í fjárlögum og kallaður lektor. Ég vildi mælast til, að hv. n. athugaði þetta atriði fyrir 3. umr.

Hv. 1. þm. Reykv., formaður n., féllst á það, sem ég hef haldið fram, að ráðherrar væru of lágt launaðir samkv. þessu frv., og telur eðlilegt, að um það verði flutt brtt. En nú eru það aðrir, sem halda því fram, að ekki sé hörgull á mönnum í þetta starf og því séu launin nógu há. En það er út af fyrir sig engin sönnun fyrir því, að launin séu ekki of lág, eins og sakir standa, vegna þess að þar eru aðrar ástæður, sem koma til greina. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að það er ákaflega óheppilegt, að ráðh. og aðrir trúnaðarmenn ríkisins skuli vera þannig launaðir, að þeir eigi verulega fjárhagsafkomu sína undir öðru en embættistekjum sínum. Það er vitað mál, að þau laun, sem ráðh. hafa haft, hafa menn alls ekki getað komizt af með ein, sbr. yfirlýsingu fyrrv. forsrh., hv. þm. Str. Þetta er ekki eingöngu vansæmandi fyrir ríkið, heldur einnig stórhættulegt fyrir stjórnarfarið í landinu. Og þetta opnar dyrnar fyrir ýmiss konar spillingu, sem koma á í veg fyrir. Það má kannske segja það, að þeir menn, sem valdir eru í þessar trúnaðarstöður, eigi að hafa það mikinn manndóm, að eigi þurfi að bæta þeim upp með góðum launakjörum. En hitt er ekki nema mannlegt, og reynslan hefur sýnt það, að það leiðir oft til vandræða, ef menn fá ekki þau laun fyrir störf sín, sem þeir geta lifað af sómasamlega.

Ég hef nú þegar vikið að nokkrum atriðum, sem máli skipta, til áréttingar ýmsu því, sem ég hef sagt áður. En það, sem gerði það að verkum, að ég tók til máls á ný, voru ummæli í gær um það, hvort telja bæri, að heimilt væri að lækka laun þau, sem nú væru sett, nema því aðeins, að settur væri sérstakur fyrirvari um það inn í lögin. Hv. þm. Barð. fannst lítið koma til fullyrðinga manna í því efni, og get ég að vísu skilið það, eftir að

ég hef heyrt sýnishorn af lagafræði hans, að honum finnist lítið til annarra koma á því sviði. En sannleikurinn er sá, að það er ákaflega lítið hægt að byggja á fullyrðingum einum, ekki hvað sízt í lögfræðilegum efnum. Það, sem máli skiptir, er það, hvaða rök eru færð fyrir ákveðinni skoðun. Fram til þessa hefur verið fullyrt á víxl, hver réttur embættismanna væri í þessu efni, án þess að það mál væri rakið ofan í kjölinn. Nú er hér að vísu um mikið mál að ræða, og ég ætla mér ekki þá dul að rekja það hér til hlítar. En það er sérstaklega mikilvægt fyrir afgreiðslu málsins, hvort menn trúa því, að með þessum l. fái starfsmenn ríkisins óhagganlegan rétt til þessara lífstíðarlauna, sem ekki má breyta með venjulegum lagasetningum. Það fyrsta, sem mér skilst, að þá hljóti að koma til athugunar, er þetta: Við hvað styðjast þeir menn, sem líta á þetta eins og hv. þm. Barð. og 3. landsk.? Við hvað styðjast þær efasemdir um það, að ekki megi lækka launakjör starfsmanna ríkisins þannig, að það komi fram við þá sjálfa? Þeir menn, sem halda þessu fram, þeir bera fram fullyrðingar, sem mér skilst þeir hljóti að verða að færa rök fyrir. Löggjafinn hefur rétt til þess að skipa málum eins og honum lízt, nema því aðeins, að einhverjar ákveðnar takmarkanir *standi þar fyrir, og þær takmarkanir* er ekki að finna nema í stjórnarskrá ríkisins. Og meira en það: Ef einhver vafi er á um það, hvort löggjafinn heldur sér innan sinna takmarka eða ekki, þá er það venjulega reglan í slíkum vafatilfellum, að löggjafinn hafi þar fullt vald. Það, sem liggur nú fyrir þessum mönnum, hv. þm. Barð. og 3. landsk., er, að þeir færi einhver rök fyrir þessu og láti í ljós, við hvað þeir styðja þá skoðun sína eða efasemdir, að um breyt. á þessum l. gegni öðru máli en venjulega lagasetningu. (**BSt**: Það er ætlazt til, að stuðzt sé við reynsluna.) Það er annað mál. Reynsla sú haggast ekki á nokkurn hátt, þótt fyrirvari sé settur inn í l. á svipaðan hátt og hv. þm. Barð. vill láta gera. Með þessu er farið inn á allt annað svið, en ekki verið að ræða hina formlegu hlið málsins. Ef formleg heimild væri fyrir hendi, sem tryggði embættismönnum og starfsmönnum þennan rétt, væri gagnslaust að setja þennan fyrirvara inn í frv. til að taka þennan rétt af þeim. En því fer alls fjarri, að slíkur réttur sé til samkv. gömlum skilningi eða skilningi á stjórnarskránni, þótt allt sé grandskoðað, sem snertir embættismenn ríkisins. L. heita ekki heldur lög um embættismenn ríkisins, heldur starfsmenn ríkisins, — svo að það er berlega átt við víðtækara hugtak en embættismenn. En það kom í ljós í ræðu hv. þm. Barð. í gær, að hann taldi þessa starfsmenn embættismenn ríkisins *og þeir hefðu einhvern óhagganlegan og ævilangan* rétt til starfa sinna, sem ekki mætti rýra á nokkurn hátt. Það var ekki hægt að skilja ræðu hans á annan veg. En það skorti með öllu, að hann færði rök fyrir þessari skoðun sinni. Hv. 3. landsk. sagði aftur á móti, að þessir menn hefðu öðlazt samningsbundinn rétt. Nú er það að vísu svo um mikinn hluta þeirra manna, sem hér koma til greina, og alla þá, sem þessi l. hafa þýðingu fyrir, að þeir eru teknir undan almennum samningsreglum og látnir sæta reglum, sem eru allt annars eðlis. Við skulum fyrst setja sem svo, að það væri rétt hjá hv. 3. landsk., að það væru gerðir samningar við þessa menn um það, að þeir ættu að halda þessum launakjörum, samningur, sem nyti verndar ákvæða stjórnarskrárinnar um eignarrétt. Þá vil ég halda því fram, að á þennan samning bæri að líta sem venjulegan starfssamning. Og hver hefur heyrt um það, að einstakur maður geri samning, sem veitir honum starf alla ævitíð, án þess að þeim samningi megi segja upp? Ef þessi samningur er gerður, þá er alltaf gert ráð fyrir því, að samningurinn sé uppsegjanlegur, að vísu með einhverjum fyrirvara. Frá þessu sjónarmiði gæti það ekki orðið lakara fyrir ríkið en það, að hægt væri að segja öllum starfsmönnum upp með hæfilegum fyrirvara. Það má segja, að samningsréttur mundi njóta verndar samkv. ákvæðum stjskr., þar sem fjallað er um eignarrétt, en verndin, sem þessir menn fá samkv. þessum l. og reglum um opinbera starfsmenn, er sú, að kjörum þeirra má ekki breyta nema með lögum. Það er vernd og það mikil vernd. Yfirmenn þeirra, ráðherrar o. fl., geta ekki breytt launum þeirra upp á eigin spýtur. Til þess að koma við breyt. á kjörum þeirra verður það að ganga í gegnum Alþ. og fá staðfestingu forseta Íslands. Þessir menn eru ekki réttlausir, þeir hafa meiri rétt og öruggari en flestir aðrir starfsmenn. Það hefur verið sagt hér, að ekki séu dæmi til þess, að laun hafi verið lækkuð við starfsmenn, eftir að þeir hafi verið komnir í stöðu. Ég hef ekki grandskoðað þetta, hvað *snertir ríkið, og slíkar fullyrðingar eru oft byggð*ar meira á hugboði og tilfinningum en rannsókn, en ég veit það, að hjá Reykjavíkurbæ hafa laun verið lækkuð hjá mönnum í starfi og þeir orðið að sætta sig við það. Hitt er svo allt annað mál, að telja má ólíklegt, að laun manna verði lækkuð, ef þeir eru komnir í launal. Það er erfitt að koma fram á Alþ. breyt., sem snerta hag fárra manna, hvað þá fjölda manna, eins og hér um ræðir. En telji Alþ. þörf að lækka launin vegna hags ríkisins, þá getur það gert það, hvenær sem það vill. Þeir, sem öðru halda fram, verða að færa einhvern snefil af rökum fyrir þeirri skoðun sinni. Það er nóg komið af fullyrðingum um þetta mál hér nú og eins fyrr á þessu þingi í tilefni af þál., sem hv. þm. Snæf. flutti hér um nauðsyn þess, að settar væru almennar reglur fyrir embættismenn. Það ríkir ákaflega mikil óvissa um rétt þeirra og aðstöðu. Menn vita ekki glöggt, hver réttarstaða þeirra er. Þess vegna er ekki hægt, eins og hv. þm. Barð. gerði, að slá því föstu, að maður, sem kemst í ríkisins þjónustu, öðlist um leið óhagganlegan rétt til að mega sitja í stöðu sinni til viss aldurstakmarks, ef hann brýtur ekki af sér. Það má kannske segja, að í framkvæmdinni sé þetta þannig, en fyrir því er enginn lagastafur. Og lagastafur einn mundi ekki nægja. Það, sem máli skiptir hér, er, hvort nokkuð standi um þetta í stjórnarskrá ríkisins. Ákvæði um embættismenn er að finna í 20. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Ég get ekki séð, að nokkuð sé vikið að þessu atriði þar. En þar segir í 4. mgr.: „Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.“ — Sannleikurinn er nú sá, að þetta ákvæði er nú orðið meira og minna úrelt og að vissu leyti botn-

laust. En það er of langt mál, til þess að hægt sé að ræða það hér. Eins og hv. þm. er kunnugt, getur forseti flutt menn úr einu embætti í annað. En þar er vald forseta takmarkað. Hann getur ekki flutt menn og minnkað launatekjur þeirra. En það er hvergi vikið að því,, að Alþ., hinn almenni löggjafi, geti ekki sett hvaða ákvæði, sem því lízt, um launakjör embættismanna. Og þetta er eina ákvæðið í stjskr. varðandi launakjör. Og það sjá menn, að þótt embættismenn séu verndaðir gegn ríkisstj., svo að þeir verði ekki of háðir henni í starfi sínu, þá gegnir allt öðru máli um það, hvort almenni löggjafinn, fulltrúi sjálfrar þjóðarinnar saman kominn á Alþ., og forseti lýðveldisins megi ekki setja lög um launakjör manna í samræmi við fjárhagsgetu þjóðarinnar á hverjum tíma.

Það er beinlínis viðurkennt af hæstarétti, að það liggi fast að heimild fyrir því, að leggja megi stöðu niður með lögum. Vildi ég hér mega lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, úr dómasafni hæstaréttar, 6. bindi, bls. 274—275, en þar er eina helztu leiðbeininguna að fá varðandi réttarstöðu embættismanna, sem fram hefur komið hjá dómstólunum, þótt að vísu sé hægt að finna fleiri leiðbeiningar í öðrum dómum. Þar segir svo:

„Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/1919 er staða sú, er aðaláfrýjandi var skipaður í samkv. framanskráðu, talin meðal embætta þeirra, sem föst laun eru lögð til. Verður því að telja hana fasta stöðu í þarfir ríkisins. Og með því að aðaláfrýjandi var skipaður í stöðuna án nokkurs fyrirvara, mátti hann treysta því, að hann fengi að halda henni, meðan hann vildi, hefði krafta til og bryti ekki af sér, nema hún yrði lögð niður, en það hefur ekki verið gert. Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, hafa ekki verið færðar sönnur á það, að aðaláfrýjandi hafi gerzt brotlegur í stöðu sinni eða með öðrum hætti, svo að missi hennar geti varðað, og verður því að telja frávikninguna fela í sér réttarbrot gagnvart aðaláfrýjanda. Með því að ekki eru til í gildandi lögum um embættismenn og sýslunar fyrirmæli, er kveða á um rétt þeirra til bóta á hendur ríkissjóði vegna óréttmætrar frávikningar úr stöðu sinni, verður um það atriði að fara eftir almennum reglum löggjafarinnar."

Í þessu felst, að ef staða er lögð niður, má taka hana af einstökum mönnum bótalaust, og einnig, að almenn löggjöf gæti gengið svo langt, að víkja mætti mönnum frá bótalaust, ef almenn löggjöf hefði fyrirmæli um það. En þau fyrirmæli eru ekki til, og þess vegna segir hæstiréttur, að fara verði eftir almennum reglum. En ef það tvennt er fyrir hendi, sem kemur fram í þessum hæstaréttardómi, að leggja má stöðu niður, án þess að viðkomandi eigi rétt á bótum, og löggjafanum mundi vera heimilt að setja reglur um bætur og mundi ákveða það sem almenna reglu, að engar bætur ætti að greiða, ef hann kysi það sjálfur, hvers vegna skyldi löggjafanum þá ekki vera heimilt það, sem er miklu sanngjarnara við embættismenn, að lækka laun, hvort heldur almennt öll laun eða einstakra embættismannaflokka eða einstakra embættismanna? Það má að vísu aftur segja og er almenn regla, að menn geta ekki sagt fyrir fram um það, hvernig dómstólarnir líta á málið. En ég get ekki annað séð — í ljósi þess hæstaréttardóms, sem hér liggur fyrir framan mig, — en maður geti sagt með fullri vissu, að það sé fyrir hendi ráðagerð frá hæstarétti, sem sýni, að hann telji, að hinn almenni löggjafi sé frjáls í slíkum atriðum sem þessu, ekki sízt þegar hafður er í huga annar dómur í þessu sambandi, þegar staða, sem hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, var kosinn í, var lögð niður, áður en hann hafði gegnt henni allan sinn ákveðna tíma, og hæstiréttur sagði, að vegna þess að 1. ákváðu honum engar bætur, þá ætti hann engar bætur að fá og að ekki væri kunnugt um nein fyrirmæli eða ákvæði, sem skiptu verulegu máli í þessu sambandi, og þess vegna ætti hann engar bætur að fá. Það er vafalaust, að ef Magnús hefði verið ráðinn af einstaklingi í þetta starf, hefði hann átt bætur samkv. samningsriftun, en hæstiréttur segir, að ákvæði stjskr. komi ekki þessu við og vernd hans eins og annarra opinberra embættismanna komi ekki til greina, ef hann er sviptur stöðu, nema með lagabreyt., en það er líka vernd. En hvernig hugsa menn sér að halda uppi ríkisstarfrækslu nú á dögum, ef réttindi embættismanna til launa og kjara eru þannig, að ekki er hægt að hagga þeim með lagabreyt.? Hvernig getur mönnum dottið í hug að setja l. um laun opinberra starfsmanna og ákveða kaup starfsstúlkna við tóbakseinkasöluna og aðrar stofnanir þannig, að þær öðlist ævilöng réttindi til starfs?

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en taldi rétt vegna þess, sem ég hef hér áður sagt, að færa nokkur rök að máli mínu, ekki sízt eftir hinar mjög svo sannfærandi fullyrðingar hv. þm. Barð. hér í gær, sem voru reistar á hinum mikla lærdómi hans í þessum efnum. En ég verð að spyrja, þótt þessi skoðun taki ekki af öll tvímæli um þetta og segi, að launin megi lækka og lækkunin eigi að taka til þeirra starfsmanna, sem eru í embættum: Hvers vegna á að fara að taka það fram, sem er alveg augljóst? Ég sé enga ástæðu til þess, vegna þess að það væri nákvæmlega það sama og ef tekið væri upp í hver einustu lög: Þessum lögum má breyta.

ATKVGR.

Brtt. 693,1 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HermJ, IngP, JJ.

nei: LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, HG, KA, StgrA.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

1 þm. (PHerm) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem þessi brtt., sem hér á að greiða atkv. um, er flutt af einum flm. frv., veit ég ekki, hversu mikil alvara fylgir henni, og greiði því ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að þessi till. brjóti algerlega í bága við framkvæmdir þessa máls, ef hún verður samþ., og er auk þess tákn þess, að flm. till. hafi verið kúgaður til þess að bera fram lækkunartill., segi ég nei.

Brtt. 693,2 tekin aftur.

— 692,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, BrB, GÍG, HG, KA, StgrA.
nei: ÞÞ, BSt, BBen, GJ, HermJ, IngP, JJ.
PM, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,2—3 teknar aftur.
— 692,4 samþ. með 9:5 atkv.
— 692,5 samþ. með 9:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,6 samþ. með 9:4 atkv.
— 692,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,8 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,9 samþ. með 9:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,10 samþ. með 10:1 atkv.
— 692,11 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,12 samþ. án atkvgr.
— 692,13 samþ. með 9:1 atkv.
— 692,14 samþ. með 9:2 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,15 samþ. með 11:2 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 692,16 samþ. með 10:2 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,17 samþ. með 9:4 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,18 samþ. með 9:3 atkv.
— 692,19 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,20 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 692,21 samþ. með 9:6 atkv.
— 692,22 samþ. með 9:3 atkv.
— 692,23 samþ. með 9:4 atkv.
— 692,24 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,25 samþ. með 9:3 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10:5 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 692,26 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 692,27 samþ. með 9:3 atkv.
— 692,28 samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 692,29 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, JJ, KA, LJóh, MJ, PM, BSt.
nei: GJ, HermJ, IngP, ÞÞ, BrB, StgrA.
EE, BBen greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
Brtt. 692,30 samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, MJ, BSt, GÍG, HG, KA.
nei: ÞÞ, BrB, GJ, JJ, StgrA.
PM, BBen, EE, HermJ, IngP greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Jónas Jónsson: Þar sem vígslubiskup hefur ekki annað að gera en vígja biskup og þar sem eftir líkum og aldri má gera ráð fyrir, að liði 15 ár, þar til þess er þörf, sé ég ekki ástæðu til að viðhalda þessu óþarfa embætti og segi því nei.

13. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 692,31 samþ. með 10:1 atkv.
— 692,32 samþ. með 9:4 atkv.
— 692,33 samþ. með 9:2 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 692,34 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,35 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,36 samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 692,37 samþ. með 11:2 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,38 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,39 samþ. með 11:2 atkv.
— 692,40.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 692,40.b samþ. með 11:1 atkv.
— 692,40.c samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.
nei: ÞÞ, GJ, HermJ, IngP, JJ.
BSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að með samþykkt þessarar till. væri lagt upp undir 2 millj. kr. meira á hreppana í landinu en gert var ráð fyrir upphaflega í frv., og með því tel ég, að algerlega sé raskað grundvelli þess samkomulags, sem gert var, segi ég nei.

16. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 692,41 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,42 samþ. með 10:2 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,43 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,44 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,45 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,46 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,47 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,48 samþ. með 10:2 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
19. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 692,49 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,50 tekin aftur.
— 692,51 samþ. með 9:2 atkv.
— 692,52 samþ. með 9:2 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 692,53 samþ. með 10:2 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 692,54—58 samþ. með 9:3 atkv.
— 692,59 tekin aftur.
— 692,60 samþ. með 9:3 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,61 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, PM, BSt, StgrA.
nei: GJ, HermJ, JJ, ÞÞ, BBen.
BrB, EE, IngP greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
Brtt. 692,62—63 samþ. með 9:3 atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,64 samþ. með 9:3 atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,65—66 samþ. með 9:4 atkv.
— 692,67 tekin aftur.
— 692,68—69 samþ. með 9:4 atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 692,70—71 samþ. með 9:4 atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 692,72 (ný 27. gr.) samþ. með 9:4 atkv.
— 692,73 samþ. með 10:3 atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
29. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 692,74 (30.—36. gr. falli niður) samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, MJ, PM, EE, GÍG, HG, StgrA.
nei: IngP, BSt, BBen, GJ.

HermJ, JJ, ÞÞ, BrB greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Kristinn Andrésson: Ég hefði heldur kosið, að n. athugaði þessa brtt. til 3. umr. Ég er með því, að sumar gr. falli úr l., en ekki allar. Ég greiði þó atkv. með brtt. og segi já.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er með því, að sumar gr. falli niður og sumar ekki, og greiði þess vegna ekki atkv.

Brtt. 692,75 samþ. með 9:2 atkv.
37. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
38. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 692,76 (ný 39. gr., verður 32. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 692,77 (40. gr. falli niður) samþ. með 14 shlj. atkv.
41. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 692,78—79 samþ. með 14 shlj. atkv.
42. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 692,80 (43. gr. falli niður) samþ. með 11:2 atkv.
— 692,81 samþ. með 11 shlj. atkv.
44. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 692,82 (45. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 818 og 778 teknar aftur til 3. umr.
46. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 714 tekin aftur til 3. umr.
47. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
48. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 692,83 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 692,84 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 692,85 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 692,86 samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

Á 113. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 839, 714, 857, 868, 886, 927, 964, 969, 975).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 975. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Fjhn. hefur haft þetta frv. enn til athugunar, rætt það á mörgum fundum og gert á því nokkrar breyt., sem er að finna á þskj. 964. Eru þær bornar fram af meiri hl. n. Einn nm., hv. 1. þm. Eyf., flytur brtt. sér á öðru þskj.

Ef til vill hugsa sumir hv. þm., að brtt. þær, sem n. kemur nú með, séu afleiðingar þeirra, sem n. kom áður með við 2. umr. En svo er ekki. Aðeins ein brtt. er nú gerð til samræmis við það, sem n. hefur lagt til áður, en það er hækkunartill. um laun landlæknis. Að öðru leyti eru brtt., sem meiri hl. n. flytur, ýmist við gr., sem n. var við 2. umr. ætlað að athuga, svo sem þær brtt., sem gerðar eru við laun lækna og sýslumanna og aukatekjur þessara embættismanna, eða þá brtt., sem n. hefur haft til athugunar fyrir 2. umr., en þverskallaðist við í lengstu lög að taka upp.

Þá eru hér einnig nokkrar smávægilegar brtt., sem eru aðeins lagfæringar. Vil ég þar benda á eina, sem er við 13. launaflokk. Hún er fram komin af því, að d. felldi brtt., sem gekk í sömu átt og var einna mikilvægust allra brtt. n. og sú, sem nauðsynlegast var, að samþ. hefði verið.

Ég hef litið þannig á, þó að brtt. séu allmargar talsins, að þær séu að fjórum til fimm undanteknum alls ekki stórvægilegar og skipti mjög litlu máli. Langmestur tími n. fór í að ákveða aukatekjur embættismanna og í sambandi við það að komast að niðurstöðu um laun lækna og sýslumanna, sem sagt að ákveða atriði, sem ekki vannst tími til að ganga frá við 2. umr.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að einstökum brtt. Ég get farið mjög fáum orðum um brtt. við 8.—10. gr. og 14.—17. gr. N. hafði þessar brtt. við 2. umr. og sá þá, að þær voru réttmætar, þó að hún frestaði þeim þá. Um brtt. við 8. gr. er það að segja, að tollstjóri óskaði eftir verkaskiptingu á skrifstofunni. Gerði tollstjóri mjög skýra grein fyrir þeim óskum. Hér er aðeins um fáeina starfsmenn að ræða og þá aðallega verkstjóra á tollstjóraskrifstofunni. Hann óskaði eftir, að fulltrúar 2. fl. væru til við stofnunina, og er það ekki nema eðlilegt, og að til séu deildarstjórar. Er þar um þrjá menn að ræða, og eru það menn, sem hafa verkstjórn í sérstökum deildum skrifstofunnar. Enn fremur má geta þess, að hér er ekki um raunverulega hækkun að ræða, því að flestir þessir menn hafa eins há laun nú og jafnvel hærri en þeir hefðu, þó að brtt. yrðu samþ., t. d. aðalbókari. Hann hefur nú hærri laun en hámarkið eftir brtt. n. Sama er að segja um brtt. við 10. gr. Við höfðum þær til meðferðar fyrir 2. umr., en gerðum þá engar brtt. við gr. En eftir nánari athugun á málinu sá n., að ekki varð hjá því komizt til samræmis að hækka þar nokkra menn um einn flokk.

Ég gæti um leið vikið að öðrum brtt., sem eins stendur á um. Vil ég þar t. d. nefna 23. brtt., við 19. gr. Það er ekki eðlilegt, að skattstjórinn í Reykjavík hafi sömu laun og aðrir skattstjórar, þar sem starf hans er miklu umfangsmeira. Þess vegna höfum við hækkað hann. Sama er að segja um skrifstofustjóra skattstjóra, sem er í raun og veru varaskattstjóri og hefur mikil störf með höndum.

N. hefur nú sem áður komið sér hjá að taka nýja starfsmenn inn í frv. Hún hefur ekki álitið það verkefni sitt að gera nokkrar skipulagsbreyt., þó að óskir hafi komið fram um slíkt. T. d. hefur verkfræðingafélagið og vegamálastjóri eindregið óskað eftir, að við stofnunina væri til yfirverkfræðingur. N. hefur ekki álitið það sitt verk að gera till. um breyt. í þá átt og taldi, að slíkar breyt. þyrftu að koma frá ríkisstj. Sama er að segja um óskir, sem hafa komið fram frá forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins og fela í sér gerbreyt. á starfstilhögun við stofnunina og þar með fjölgun starfsmanna. Við getum vel skilið, að slík stofnun sem rafmagnseftirlitið, sem fær fleiri og fleiri verkefni með ári hverju og er miklu meira en nafnið bendir til eða beinlínis raforkumálaskrifstofa, þurfi á fleiri mönnum að halda

en áður var, en við viljum ekki gera till. um þetta, en álítum, að það sé verk stj. að gera till. um slíkt. Við höfum sem sagt komið okkur hjá að gera þess konar brtt. við frv. En þó eru það fáein störf, sem hafa beinlínis verið unnin á vegum ríkisins í mörg ár og launuð af því, og þá er engin ástæða til annars en þau komi fram í launal., fyrst þau eru til og ríkið greiðir fyrir þau. T. d. má nefna 20. brtt., við 15. gr., um aðstoðarlækna við rannsóknarstofuna. Hér er um sérfræðinga að ræða, sem gegna mjög nauðsynlegu starfi og stofnunin getur engan veginn án verið. Þeir eru ráðnir til starfsins og hafa laun sín frá ríkinu. En þó að mþn. hafi láðst að setja þetta embætti inn í frv., fannst okkur engin ástæða til annars en lagfæra það og flytjum því brtt. um að ætla þeim ákveðin laun í samræmi við það, sem þeir hafa nú. Svipað er um 21. brtt., við 15. gr. Þar er bætt við aðstoðarmanni hjá þjóðminjaverði. Er það reyndar gert eftir till. frá hæstv. ríkisstjórn.

Þá eru tvær till., sem sama gildir um. Önnur er nr. 24, um féhirði vegamálastjóra. Féhirðir vegamálastjóra er til, en hefur fallið niður af vangá, og leggjum við til, að hann verði settur inn í frv. Hin er nr. 32, við 26. gr. Er þar bætt við bifreiðarstjóra grænmetisverzlunarinnar, sem allar hliðstæðar stofnanir í frv. hafa. Hefur aðeins láðst að setja þennan inn í frv. Telur n. ekki ástæðu til annars en þessi stofnun hafi sinn bifreiðarstjóra eins og aðrar hliðstæðar.

Þá eru nokkrar brtt., sem n. hefur gert. T. d. vil ég nefna 1., 2. og 6. brtt., en þær heyra allar saman. Þær fela í sér að hækka laun ráðherra úr 14000 kr. í 16000 kr. Þessar till. eru komnar fram vegna þess, að n. þykir óeðlilegt, að ráðh. séu ekki hæstir í launum, ekki eingöngu vegna þess, hve mikilvægum störfum þeir gegna í þjóðfélaginu, heldur vegna hins, að reynslan hefur sýnt, að það er ekki varanlegt starf. — Þá hefur n. á öðru þskj. borið fram nýja brtt. um laun hæstaréttardómara, að í stað 14000 kr. fái þeir 15000 kr. Þetta er ekki gert peninganna vegna, heldur vegna þess, að í eldri launal. er það beinlínis tekið fram, að dómstjóri hæstaréttar skuli hafa jöfn laun og ráðh. Þessar brtt., ef samþ. verða, fela ekki í sér mikla fjárhæð, og má yfirleitt um þær segja, að þær séu mjög eðlilegar. 1. og 2. brtt. eru fram komnar vegna þessarar hækkunar, því að tala launaflokkanna breytist, ef nýr fl. kemur fyrir ráðh. og annar fyrir hæstaréttardómara.

Eins og ég gat um, eru það aðallega fjögur til fimm atriði, sem eru verulega mikilvæg af brtt. n. Eina mikilvæga breyt. vil ég nefna við 13. launaflokkinn, en það er 3.—5. brtt. á þskj. 964. Í 13. launaflokki eru eingöngu ritarar III. flokks, og felur brtt. n. í sér, að lágmarkslaun hans hækki um 300 kr. og ákvæði sé bætt í frv. þess efnis, að þegar starfsmenn eru búnir að starfa í þessum launaflokki í eitt ár með hámarkslaunum flokksins, skuli þeir vera færðir upp í næsta launaflokk fyrir ofan og taka síðan þær aðrar hækkanir, sem eru í þeim launaflokki.

Við 2. umr. fluttum við brtt., sem gekk í sömu átt, en hún var felld í þessari hv. d., og held ég, að það hafi eingöngu verið af slysni. Það var fyrsta brtt. frá fjhn., sem greidd voru atkv. um. Ég veit um tvo þm., sem sátu hjá við atkvgr., því að þeir höfðu ekki áttað sig á því, hve réttlát og mikilvæg hún var. Starfsmenn í 13. launaflokknum hafa að heita má ekkert hækkað í launum. En það er þó tilgangur launafrv. að bæta kjör starfsmanna, ekki sízt þeirra, sem lægstir eru í launum. Auk þess eru lágmarkslaun þessa flokks ekki í neinu samræmi við það, sem er. Lægstu laun kvenna í ríkisstofnunum munu nú vera 260 kr. á mánuði í grunnlaun, og þar við bætist 30% grunnkaupshækkun, svo að launin eru 338 kr. En eftir till. n. hækka lágmarkslaunin, svo að nú verða grunnlaunin 275 kr. á mánuði, sem er 15 kr. hærra en þau eru nú, en þó miklu lægri, þegar miðað er við grunnlaunin með uppbótinni, eins og hér verður að gera. Þannig var beinlínis í frv. um launalækkun að ræða hjá þessum konum, sem hafðar eru í lægsta flokki, og er slíkt óviðunandi með öllu. Brtt. um flutning úr XIII. í XII. flokk álít ég til talsverðra bóta. Allir nm. voru sammála um það, að ekki væri nema réttmætt, þegar starfsmenn hefðu starfað lengi við stofnun, að launin hækkuðu meira en gert er ráð fyrir í 13. flokki. Það er því meiri ástæða til þess að samþ. þessa till. en nokkra aðra till., sem n. hefur flutt. Ég álít, að hv. d. geti ekki verið þekkt fyrir að afgr. frv. án þess að gera þessa sjálfsögðu breyt. á 13. launaflokknum. Launakjörin í þessum flokki virðast miðuð við það, að það séu eingöngu konur, sem taki laun samkvæmt honum. En það nær engri átt að búa til launaflokk til þess að halda niðri launum kvenna.

Þá kem ég að þeim þrem brtt., sem kostað hafa n. mestan tíma. Það er 13. brtt., við 9. gr., um bæjarfógeta og sýslumenn, 19. brtt., við 11. gr., um héraðslækna, og 34. brtt., við 37. gr., um aukatekjur og innheimtulaun embættismanna. Fyrst ætla ég að víkja að brtt. við 11. gr. Í frv. eru læknishéruðin flokkuð í fjóra flokka og laun héraðslækna aðallega ákveðin eftir því, hversu erfið læknishéruðin eru eða hversu erfitt hefur reynzt að fá lækna í þau. Launamálan., sem samdi frv., flokkaði það þannig, að tólf héraðslæknar, sem eru í héruðum, er talin eru sérstaklega erfið, væru í 4. fl. með 10200 kr., fimm héraðslæknar í 5. fl. með 7200—9600 kr., tuttugu héraðslæknar í 8. fl. með 6000—7800 kr. og ellefu héraðslæknar í 10. fl. með 4800—6600 kr.

Eftir að frv. var komið fram, hélt Læknafélag Íslands aðalfund og tók meðal annars þetta mál til meðferðar og komst að þeirri niðurstöðu, að sú skipting, sem er í frv., væri mjög af handahófi og sömuleiðis algerlega ósanngjörn. Læknafélagið bar fram nýjar till. um skiptingu læknishéraða. N. tók þetta til rækilegrar athugunar, og niðurstaðan varð sú, að ekki væri hægt að fallast á þá skiptingu, sem í frv. væri, og í annan stað treysti hún sér ekki til að taka upp þá till., sem læknafélagið bar fram, m. a. af því, að sú tala fæli í sér töluverða hækkun frá því, sem í frv. er, og enn fremur, að tíminn væri nú mjög óheppilegur til þess að ákveða um skiptingu læknishéraða, sérstaklega vegna þeirra breyt., sem nú fara fram á tryggingal., og eins við þá breyt., sem fer fram nú eða á næstunni, þannig að þau læknishéruð, sem ekki eru talin gefa miklar tekjur nú, geta haft öruggar tekjur eftir framkvæmd þessara l. o. s. frv. Eftir nokkur heilabrot varð n. sammála um þá brtt., sem hér er flutt, 19. brtt., um að flokka læknishéruðin ekki með nöfnum, heldur

ákveða aðeins þrjá flokka, 3., 2. og 1. flokk, og ákveða hverjum flokki ákveðin laun, en fela að öðru leyti þeim ráðh., sem fer með heilbrigðismál, að setja ásamt landlækni reglugerð um skiptingu læknishéraða og fara við þá flokkun eftir fólksfjölda, samgöngum og því, hve erfitt er að fá lækna í héraðið. Að síðustu er ætlazt til, að reglugerð þessi verði endurskoðuð á fimm ára fresti. — Enn fremur vildi n. setja þann varnagla, að fjárl. bæru með sér, hve margir héraðslæknar verði í hverjum flokki, til þess að Alþ. geti haft eftirlit með því, að heilbrigðisstjórnin setji hæfilega marga lækna í hæsta flokk. N. ætlast ekki til þess, að launin í heild til héraðslækna breytist að neinu ráði við þessar brtt., heldur er það á valdi heilbrigðisstjórnarinnar að ákveða, hvernig skiptingu læknishéraða skuli háttað, einmitt af því að n. taldi það ekki á sínu færi að gera þessa skiptingu.

Þá er brtt. við 9. gr., um bæjarfógeta og sýslumenn, en hana verð ég að ræða í sambandi við 34. brtt., við 37. gr., um aukatekjur þessara manna. — 37. gr. frv., sem áður var 46. gr., er mjög óljóst orðuð í frv., svo að naumast verður af henni ráðið, hvort ætlazt er til þess, að innheimtulaun og aukatekjur falli niður eða ekki. Eftir orðalagi gr. liggur beinast við að skilja hana svo, að ætlazt sé til þess, að þau falli niður. Hver eru laun bæjarfógeta og sýslumanna? 9600 kr. árslaun; þar er ekki miðað við, að aukatekjur og innheimtulaun falli niður. Ég tel víst, að þetta sé óútkljáð mál hjá launamálan. Fjhn. mun vera sammála um, að eins og frv. er, sé ekki hægt að taka af þeim innheimtulaunin og aukatekjurnar. Ef svo hefði átt að gera, hefði vitanlega orðið að skipta embættunum öðruvísi niður. Það kemur ekki til mála, að bæjarfógetar í stærstu bæjunum, sem hafa mest störf með höndum, fái ekki hærri laun en bæjarfógetar í smákaupstöðum. Ég tel mér skylt, áður en ég ræði nánar þessa brtt. okkar við gr., að gera grein fyrir því, hverju þessar aukatekjur embættismanna nema.

Samkv. skýrslu frá fjmrn. voru innheimtulaun árið 1943 af stimpilgjaldi kr. 25918,08, verðtolli kr. 38963,17 og af skipagjaldi kr. 3123,71 eða samtals kr. 68004,96. Þá eru auk þess innheimtulaun greidd af Tryggingastofnun ríkisins, líf-eyrissjóðstillag, kr. 74476,07, og af slysatryggingagjöldum kr. 75502,25 eða samtals kr. 149978,32. Ef öll þessi innheimtulaun eru reiknuð saman, er heildartalan kr. 217983,28.

Það mun vera nokkurn veginn víst, að innheimtulaun munu vera talsvert hærri 1944 og hljóta að aukast enn á þessu ári, m. a. vegna hækkunar á stimpilgjaldi. Hér er því um allháa upphæð að ræða fyrir ríkissjóð. Annað athugavert við þessar tölur er það, hvað tekjurnar koma ójafnt niður á embættismennina, og þá líka það, að þær renna til embættismannanna persónulega, en ekki til embættisins, þó að innheimtan sé í raun og veru framkvæmd af starfsmönnum, sem ríkið kostar. Skýrslur yfir innheimtulaun sýna, að hjá einum manni námu þau yfir 60000 kr. árið 1943, en hjá sumum sýslumönnum urðu þau innan við 700 kr.

Það komu í rauninni fram hjá n. mjög ólík sjónarmið og margvíslegar till. um það, hvernig fara skyldi með þessar aukatekjur og innheimtulaun. Ég held, að sjónarmiðin hafi verið allt á milli þess að láta allt vera óbreytt og hins að afnema þau með öllu. Nm. gátu orðið sammála um það, að hjá einstaka embættismanni — með því að láta tekjurnar haldast — yrðu aukatekjurnar óhjákvæmilega margfalt hærri en fastar árstekjur þeirra. En þá kom fram sú skoðun, að væru innheimtulaunin afnumin, gæti orðið af því tjón fyrir ríkissjóð þar, sem innheimtan væri ekki jafnmikil og á öðrum stöðum; enn fremur, að mikil ábyrgð fylgdi innheimtu og embættismaðurinn gæti orðið fyrir allháu tjóni af henni, þar sem hann ber samkv. l. ábyrgð á því, að gjöldin verði innheimt, og mundi þá verða vandi að fá menn í erfiðustu og ábyrgðarmestu embættin vegna þess, að menn hafa tekið við embættum og sótt um þau vegna þess, hverjar aukatekjur fylgdu þeim. Enn önnur skoðun var, að rétt væri að afnema innheimtulaunin alveg og greiða þessum embættismönnum eins og öðrum þau laun, sem væru sambærileg við þau störf, sem þeir inntu af hendi, þessar aukagreiðslur væru arfur frá þeim tíma, er embættismenn greiddu kostnaðinn við embættisreksturinn af því fé, sem ríkissjóður lagði embættinu til.

Till., sem hér er flutt af meiri hl. n., er eins konar miðlunartill. vegna hinna ólíku skoðana, sem fram komu hjá nm., og má kannske segja, að frá vissum sjónarmiðum sé hún hálfgerð vandræðatill. Með till. er gert ráð fyrir, að ¼ innheimtulaunanna renni í tryggingarsjóð, sem verði í umsjá ráðh., en veita megi úr honum til þess að greiða embættismönnum kostnað og tjón, sem þeir kunna að verða fyrir af innheimtunni, einnig, að helmingur launanna falli niður, renni til ríkissjóðs.

Ég býst við því, að aðrir nm. geri frekari grein fyrir þessari till. Meiri hl. n. stendur ekki óskiptur að henni, og hefur hann nú flutt brtt. við hana. Auk þess hefur komið fram frá einum nm. brtt. við hana. Það, sem ég hef sérstaklega fundið að till., er ákvæðið um sjóðinn. Því er haldið fram, að með því að stofna slíkan sjóð og ætlast til þess, að greitt sé úr honum kostnaður og tjón, sem embættismenn verða fyrir, sé beinlínis lyft undir þessa starfsmenn að hafa vanskil hjá sér til þess að fá þessar bætur úr ríkissjóði, í staðinn fyrir það, að í raun og veru sé tilgangurinn með því að láta embættismennina halda innheimtulaununum að einhverju leyti að örva þá til þess að gera sem bezt skil. En með þeirri brtt., sem hér er gerð við 37. gr., að skerða innheimtulaun þessara embættismanna a. m. k. um helming, var n. ljóst, að ekki væri réttlátt að ákveða laun bæjarfógeta og sýslumanna jafnlágt og gert er í frv., og hefur hún því flutt brtt. við 9. gr. frv. um hækkun á bæjarfógetum og sýslumönnum úr 9600 kr. í 11100 kr. En hins vegar hefur n. ekki flokkað störf þeirra með tilliti til þess, að þrátt fyrir það að svo mikill hluti innheimtulaunanna sé af þeim tekinn, þá nema þó þessi innheimtulaun á sumum stöðum, í stærstu bæjum og sýslum, talsverðu fé og nægilegu fé til þess að jafna á milli embætta. Með þeirri skerðingu, sem orðin er á innheimtulaununum, — en það eru lítil innheimtulaun hjá sumum sýslumönnum og bæjarfógetum, en hins vegar mikil hjá sumum, — kæmi fram meiri jöfnuður

milli embætta, þó að árslaunin eftir till. okkar verði jöfnuð. — Í 34. brtt. n. felst í rauninni fleira en það eitt að ákveða um laun sýslumanna, bæjarfógeta og annarra hliðstæðra embættismanna. Þar eru nánari ákvæði en áður voru um það, hvað teljast skuli aukastörf og hvað aðalstörf. Í till. er gert ráð fyrir, að greiðslur fyrir aukastörf, önnur en eftirvinnu, skuli falla niður, en í gr., sem fyrir var í frv., var þetta ákvæði mjög óljóst og var á þá leið, að öll aukastörf, sem unnt væri að telja til aðalstarfs, skyldu ekki koma til greina. En hver átti svo að ákveða um það, hver aukastörf skyldi telja til aðalstarfs, og hvernig yrði það gert? Það mátti búast við, að um þetta gætu orðið allskiptar skoðanir og ef til vill verða ásteytingarsteinn milli starfsmanna annars vegar og forstjóra og framkvæmdarvalds hins vegar. Hefur því n. lagt til, að þriggja manna n., þar sem einn væri tilnefndur af ríkisstj., annar frá BSRB og hinn þriðji frá hæstarétti, skuli úrskurða, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfa og hver beri að launa sérstaklega, og setji ráðh. reglur um greiðslu fyrir yfirvinnu að fengnum till. BSRB og forstöðumanns stofnunar þeirrar, sem í hlut á. Hér er um eins konar dómnefnd að ræða.

Ég held, að ég hafi þá gert grein fyrir öllum brtt. á þessu fskj., og þyrfti ég því ekki að lengja umr. mikið úr þessu að öðru leyti en því, sem varðar heildargjöld ríkissjóðs vegna frv. Fyrir 2. umr. hafði fjmrn. látið reikna nákvæmlega út aukin gjöld ríkissjóðs samkv. frv. vegna barnafræðslunnar, og sá útreikningur sýndi, eins og áður var skýrt frá, að þessi upphæð nemur 3320893 kr. Hins vegar hafði ekki unnizt tími til þess fyrir 2. umr. að reikna út, hver útgjöldin yrðu í heild. Fjmrn. hefur nú látið gera þetta og komizt að sömu niðurstöðu um það, sem eftir var að reikna út, og mþn. og sömu niðurstöðu og ég gat um við 2. umr. eftir lauslegri áætlun. Við 2. umr. málsins gat ég þess, að upphæðin væri 2560243 kr., en eftir þessum nýja útreikningi og niðurstöðum fjmrn. og fyrri útreikningi n. 2490714 kr. eða samtals 5811607 kr. Þá hefur fjmrn. gert útreikning á launum hvers starfsmanns samkvæmt brtt. fjhn., sem samþ. voru við 2. umr., og nema þær breyt., eftir því sem næst verður komizt, 110 þús. kr. í grunnlaun eða 298100 kr. með vísitölu 271 eða samtals 6109707 kr., sem eru þá áætluð heildargjöld ríkissjóðs af samþykkt þessa frv., áður en til komu þær brtt., sem fjhn. flytur nú. Viðvíkjandi þessari hækkun fjhn., sem er í rauninni ein, 110 þús. kr., vil ég taka það fram, að það er munurinn á hækkun og þeirri lækkun, sem n. gerði, því að n. gerði eina lækkunartill. um farkennara, sem hafa ekki farkennararéttindi. Ég vil taka það fram, að það er enn eitt að athuga, þegar litið er á hækkunartill., sem fjhn. hefur gert: Hún fellir niður 48. gr. frv., sem var, en sú gr. fól það í sér, að þeir, sem áttu að lækka að launum samkv. frv., skyldu ekki lækka persónulega, heldur skyldi hver einstaklingur halda þeim launum, sem hann hefði, þó að starf hans væri lækkað eftir frv. Ég hef verið að gera mér grein fyrir því, hverju þessar lækkanir næmu með verðlagsvísitölu, og það er eftir útreikningi fjmrn. 442 þús. kr., sem þessi lækkun nam eftir frv., till. mþn. En svo hef ég verið að reyna að gera mér grein fyrir því, hvað þær hækkanir, sem fjhn. gerði við 2. umr., mundu nema mikilli upphæð, og mér taldist svo til, að þær næmu rúml. 100 þús. kr., þannig að með því að samþ. það, eins og gert hefur verið, að fella niður 48. gr., þá er að því sparnaður fyrir ríkissjóð, sem nemur 340 þús. kr., hversu réttlátur sem sá sparnaður annars er. Hitt er svo annað mál, hvort fjhn. eða Alþ. er stætt á því að hafa fellt niður þessa till., því að það er komin fram frá einum hv. þm. brtt. þess efnis, að menn megi velja um það, hvort þeir vilji halda þeim launum, sem þeir hafa nú, eða ganga undir launalögin. Mér er kunnugt um það, að við það að fella niður 48. gr. hefur orðið mikil óánægja hjá starfsmönnum hins opinbera, sérstaklega við póst og síma, og hafa þeir skrifað n. bréf, þar sem þeir sýna fram á, að þessi lækkun geti numið hjá einstökum mönnum frá 500—6000 kr. En þetta kemur til umr. í hv. d., svo að ég skal ekki fara út í það að sinni.

Þá vil ég aðeins víkja að því, að fjhn. tók afstöðu til brtt. þeirra, sem fyrir lágu við 2. umr. frá einstökum þm. Brtt. 714 frá hv. þm. Barð., brtt. 927 frá hv. þm. S.-Þ. og brtt. 886 voru bornar upp í n., og fékk engin þeirra atkv., enn fremur var felld brtt. 868 frá hv. þm. Str.

Eftir samþykkt frv. við 2. umr. hefur komið fram óánægja hjá starfsmönnum hins opinbera, aðallega og nær eingöngu út af þrem atriðum, — í fyrsta lagi af því, að n. hefur fellt niður 48. gr., í öðru lagi út af gr., sem felld var niður, um það, að menn skyldu fá ráðningarbréf, og í þriðja lagi var mikil óánægja út af því, og jafnvel var því haldið fram af stj. BSRB, að það væru hrein svik af Alþ. að hafa fellt niður nokkrar gr. úr frv., og lagði stj. bandalagsins áherzlu á það, að a. m. k. þrjár stofnanir, sem hún tilgreindi, yrðu teknar inn í launal. aftur, þ. e. Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Samábyrgð Íslands. N. hefur ekki orðið sammála um að flytja neinar nýjar brtt., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma um þessi atriði.

Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram að sinni. Ég vil aðeins að lokum lýsa ánægju minni yfir samstarfinu við meðnm. mína. Hversu ánægð sem hv. d. kann að vera með starf hennar, þá hefur hún lagt á sig mikla vinnu við frv. Hún hefur varið öllum tómstundum sínum frá öðrum þingstörfum til þess að vinna að frv. og hefur gert það af mikilli samvizkusemi og hefur reynt að hafa augun á því hvoru tveggja að flytja ekki brtt., sem hækkuðu að neinu verulegu leyti útgjöld ríkissjóðs, og hins vegar að reyna eftir megni að verða við sanngjörnum óskum frá stofnunum eða einstökum starfsmannahópum. Ég held, að það verði ekki með sanngirni borið n. á brýn, að hún hafi flutt brtt., sem ekki eru sérstaklega sanngjarnar, og hún hefur sannarlega reynt til þess að raska ekki frv. að neinu verulegu leyti, svo að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Hins vegar taldi n. skyldu sína að leiðrétta augljósa galla, sem á frv. voru, en þó innan þeirra takmarka, að útgjöldin í heild yrðu sem minnst.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Hv. frsm. meiri hl. lauk máli sínu með því að þakka samstarfið í fjhn. í sambandi við vinnu við þetta mál. Ég hef nú verið í minni hl. í n. bæði í þessu máli og fleirum á þessu þingi, en ég get þó tekið undir þessi orð hans sem minnihlutamaður og þakkað meðnm. mínum persónulega samstarfið í þessari n., bæði í þessu máli og öðrum. En að öðru leyti þarf ég ekki að taka það fram, að brtt. meiri hl. á þskj. 964 eru mér óviðkomandi og ég ber enga ábyrgð á þeim. Þetta er þó ekki svo að skilja, að ég sé mótfallinn þeim öllum, og finnst mér þó ekki ástæða til að gera grein fyrir hverri þessari till. fyrir sig, hverri þeirra ég get mælt með og hverri ég sé mótfallinn. Ég mun láta nægja að sýna það með atkv. mínu. Þó vil ég taka það hér sérstaklega fram, að ég er meðmæltur 19. brtt. á þessu þskj., um að skipta læknishéruðum í þrjá launaflokka, en héruðin innbyrðis séu svo hreyfanleg á milli þessara flokka, og álít ég það miklu réttara og betra fyrirkomulag en hafa það eins og verið hefur, að fastákveða með launal., hvaða laun skuli greidd í þessu læknishéraði og hver í hinu. Það er ekki svo að skilja, að það eru fleiri till. á þessu þskj., sem ég mun greiða atkv. með, en ég sé ekki ástæðu til að fara út í það nánar. En um till. þessar í heild er það sama að segja og um aðrar till. meiri hl. fjhn., að allt gengur þetta í þá átt að hækka launin.

Hv. frsm. meiri hl. vék nokkuð að því, hvaða útgjaldaaukning mundi stafa af setningu þessara launalaga; eins og nú horfir, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ef till. fjhn. nú yrðu samþ., þá yrði útgjaldaaukningin, miðað við vísitölu 271, rúmlega 6 millj. kr. eða 6109000 kr. En nú er það auðvitað ekki rétt að miða við þessa vísitölu, því að það er ekki sú vísitala, sem nú gildir. Vísitalan, sem nú gildir, er hærri, og munar það strax ofur litlu, og auk þess gekk hann alveg fram hjá því, sem ég benti þó rækilega á við 2. umr. þessa máls, en það eru tveir útgjaldaliðir fyrir ríkissjóð, sem hlýtur að leiða af setningu þessara l. Í fyrsta lagi er það, að þar sem ákveðið er í launal., að laun skólastjóra og kennara við héraðsskólana eigi að hækka, þá hlýtur framlag ríkisins til þessara skóla að hækka, og auk þess mundi framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hækka í hlutfalli við það, sem laun hækka. Ég hef eins og meiri hl. n. reynt að gera mér nokkra grein fyrir því, hvaða útgjaldaauka mundi leiða af setningu þessara l., eins og útlit er fyrir, að þau verði afgr. héðan úr þessari hv. d., og ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að lágmark útgjaldaaukans verði 7 millj. kr.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um það, en víkja að því, að ég flyt brtt. á þskj. 969, og er hún um sama efni og 34. brtt. meiri hl. n., og eru þær hvor tveggja varðandi aukatekjur embættismanna. Eins og hv. frsm. meiri hl. vék að, þá held ég, að n. hafi ekki rætt um nokkurt atriði þessa máls eins mikið og einmitt þetta atriði. Fyrir 2. umr. komst n. ekki að neinni niðurstöðu um þetta atriði og sló því á frest þar til á milli 2. og 3. umr., og á milli umr. nú hefur n. rætt þetta atriði mjög mikið og á mörgum fundum, og meðal annars kallaði hún tvo ráðh. á einn af þessum fundum og ræddi við þá um málið. Árangurinn af þessum umr. og athugunum er nú brtt. meiri hl. n. við 37. gr. frv. og svo brtt. mín við sömu gr. Ástæðan til þess, að þetta hefur valdið svona miklum heilabrotum í n., er sú, að þessar svokölluðu aukatekjur sumra embættismanna, sem í rauninni eru ekki annað, eins og nú horfir, en viðbót við laun þeirra, eru orðnar svo háar, að n. þótti yfirleitt ekki við það unandi. Það, að aukatekjur sumra embættismanna eru orðnar svona háar, stafar mest af innheimtulaunum frá tryggingastofnunum ríkisins. Þess skal getið, að n. hefur haft skýrslur um þetta, og samkv. þeim var það svo 1943, að þá fékk einn af þessum embættismönnum frá tryggingastofnuninni einni 49 þús. kr. í innheimtulaun, og það er fullvíst, að s. l. ár hafa þessi laun verið talsvert hærri. Auk þessara launa frá tryggingastofnuninni hafði þessi embættismaður innheimtulaun af ýmsum gjöldum, sem talin eru í till. meiri hl., og það er gefið upp, að þessi embættismaður hafi haft, ef ég man rétt, um 13 þús. kr. í annað innheimtufé eða 62 þús. kr. árið 1943 í innheimtulaun fyrir utan embættislaun. Það er m. ö. o. auðsætt, að þessi embættismaður hefur haft drjúgum hærri laun en þjóðhöfðinginn, fyrrverandi ríkisstjóri og núverandi forseti. Þetta er eitt af erfiðustu embættum í landinu og líka tekjuhæsta, en þó eru tvö embætti önnur, sem nálgast þetta talsvert. Var öll n. sammála um, að við þetta yrði ekki unandi, en ekki alls kostar sammála um, hvernig þessu yrði breytt. Þetta fyrirkomulag, sem verið hefur, hefur að vísu verið varið, í fyrsta lagi með því, að þetta væri sérstaklega erfitt embætti, og má það vera, og í öðru lagi með því, að það fylgdi því mjög mikil fjárhagsleg áhætta að standa skil á öllu þessu innheimtufé. Og þess vegna er það, að meiri hl. n. leggur til, að embættismennirnir haldi hluta af þessum tekjum, ¼ af þeim kvaðalaust með öllu, ¼ óbeinlínis, þ. e. a. s., ¼ á að vera trygging fyrir þá sjálfa, en helmingur þessa fjár rennur í ríkissjóð.

Ég býst við, að þetta sé betra en láta ástandið vera eins og það er nú, en þó verð ég að segja, að mér þykja þau skipti, sem meiri hl. n. leggur til, að gerð verði á þessu, óeðlileg. Þessar aukatekjur eru nú ákveðnar í sérstökum l., og það eru fleiri l., sem um þetta fjalla. Ef ekki á að afnema þessar aukatekjur, heldur lækka þær að einhverju leyti, fyndist mér eðlilegast, að það yrði gert með breyt. á þeim l., sem um þetta fjalla, en ekki í launal. En langréttast finnst mér að fella þessar aukatekjur niður með öllu, og þess vegna er það, að brtt. mín, sem ég nefndi áðan, er um það að gera ákvæði 37. gr. frv. skýrari um þetta efni, en sú gr. fjallar eftir mínum skilningi um að fella aukatekjurnar niður. Mér finnst ekki hægt að skilja gr. í frv. á annan hátt en þann. Og þó virðist eins og eitthvert hik hafi verið á þeim, sem sömdu frv., þegar athugað er, hvaða laun þeir ákveða þar sýslumönnum og bæjarfógetum. Hitt skal ég svo játa, að yrði þetta gert, þá yrðu í staðinn að koma mjög sómasamleg föst laun fyrir þessa embættismenn.

Nú flytur hv. meiri hl. n. brtt. um að hækka laun sýslumanna og bæjarfógeta upp í 11100 kr. Það er 13. brtt. á þskj. 964. Ég fyrir mitt leyti fellst á þessa brtt., þó með því skilyrði, að annaðhvort verði till. mín samþ. eða a. m. k. till. meiri hl.

Og í sambandi við það vil ég leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri mögulegt að bera upp brtt. við 37. gr., áður en þessi brtt. við 9. gr. er borin upp, því að atkv. hv. þdm. um ákvarðanir hinna föstu launa til sýslumanna og bæjarfógeta hlýtur að ákvarðast af því, hvað ofan á verður um aukatekjurnar. En auk þess, — þar sem sýslumenn og bæjarfógetar eru samkv. till. hv. meiri hl. n. hækkaðir um þetta, — skal ég játa, að yrði till. mín samþ., þyrfti að hækka hin föstu laun við suma þessa embættismenn meira en þar hefur verið gert og er í frv. Raunar hafa tilsvarandi embættismenn hér í Reykjavík 12 þús. kr. föst laun, en ég álít, að t. d. tollstjórinn og bæjarfógetar í erfiðum umdæmum ættu að hækka upp í þau laun, sem ríkið yfirleitt greiðir hæst. Héðan af er tæplega hægt að gera það í þessari hv. d., en ég efast ekki um, ef brtt. mín verður samþ., að það gangi vel í hv. Nd. að fá þetta lagfært. Mér er það óskiljanlegt, af hverju þessir menn geta ekki unnið fyrir föstum launum, ef þau eru sómasamleg, eins og aðrir starfsmenn ríkisins. Menn þeir, sem hér er um að ræða, eru yfirleitt lögfræðingar. Hvers vegna geta þá t. d. sýslumenn ekki lifað á sömu launum og prófessorar í lögum við háskólann? Sama er að segja um skrifstofustjórana í stjórnarráðinu. Og svo eru æðstu dómarar landsins, hæstaréttardómararnir. Þeir hafa föst laun og engar aukatekjur í embættisins nafni a. m. k., og ef vandasöm og erfið embætti yrðu færð niður í sömu laun, held ég, að þessir menn mættu vel við una. Þetta var mikið rætt í n., og það var ekki fyrr en leið á þær umr., að skoðun mín á þessu máli var fullmótuð. Þegar ég fór að hreyfa henni í n., heyrði ég þá mótbáru fyrst og fremst, að hlutaðeigandi embættismenn mundu leggja minna kapp á innheimtuna, ef þeir hefðu ekki persónulega hagsmuni af því að innheimta sem mest. Þetta kann nú að vera, en ég er ekki ákaflega trúaður á þetta. Það eru fleiri stofnanir í þjóðfélaginu, sem þurfa að innheimta mikið fé, t. d. bankarnir, bæði útistandandi skuldir og ýmsar aðrar fjárhæðir. Engir starfsmenn bankanna, hvorki bankastjórar né aðrir, fá nein verðlaun fyrir að innheimta slík gjöld, og veit ég þó ekki annað en það gangi vel. A. m. k. hafa ekki komið fram till. um það, að bankastjórarnir eða aðrir hafi prósentur af þessari innheimtu. Mér finnst, að gera verði ráð fyrir, að þessir embættismenn séu heiðarlegir menn, sem geri embættisskyldu sína án tillits til fjárgróða. Ekki hafa nú ráðherralaunin verið svo sérstaklega há, og á þó þjóðfélagið mest undir því, að staðið sé vel í þeirri stöðu. Og svo mætti lengi telja.

Það hefur verið mikið um það talað, að þessari innheimtu fylgdi mikil fjárhagsleg áhætta, þar sem hlutaðeigandi embættismenn yrðu að standa skil á því fé, sem þeir innheimta. Ég held, að koma mætti því þannig fyrir, að ríkið losaði nú þessa embættismenn við áhættuna. Ég sé ekki í fljótu bragði, að þetta geti verið veruleg áhætta, nema um óráðvendni sé að ræða, og ætti þá að ganga eftir l. og dómum um það. En þó hefur mér þótt rétt að setja í till. mína, að ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns skuli árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkv. reglugerð, er ráðherra setur, og það er auðvitað allt annað en láta embættismanninn hafa slíkar aukatekjur sem verið hefur. Áhættufé, sem hverjum embættismanni yrði þá ákveðið, mundi fara eftir reynslu undanfarinna ára um það, á hverju embættismaðurinn hefur orðið að standa skil fram yfir það, sem hann hefur raunverulega veitt móttöku. Einnig hef ég sett ákvæði í till. mína um, að endurgreiða skuli starfsmönnum útlagðan kostnað vegna starfa þeirra. Þar undir heyrir að sjálfsögðu ferðakostnaður, en þó hafði ég með þessu annað atriði sérstaklega í huga. Það er vitað mál, þegar um innheimtu er að ræða, að sýslumenn verða oftast nær úti í sveitum að láta hreppstjóra innheimta svo og svo mikið af þessum gjöldum. Hreppstjóralaunin eru svo lág, og þetta er í raun og veru verk sýslumanna, en ekki þeirra. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að ekki mundi þykja annað fært en greiða hreppstjórunum eitthvað fyrir þessa innheimtu, og þá á ég við það, að sýslumaður fái það að sjálfsögðu endurgreitt, ef hann þarf að greiða hreppstjóra fyrir að innheimta eitthvað af þessum gjöldum, því að vitanlega á hann ekki að þurfa að skerða laun sín til þess að standa straum af embættinu.

Öll n. var sammála um það, að hvað sem liði þessum aukatekjum að öðru leyti, þá væri þó ekki hægt að taka af prestum og læknum þær greiðslur, sem þeir hafa fyrir störf sín í þágu almennings. Ég tel alveg víst, að það verði svo í framtíðinni, að læknum verði greidd ákveðin laun og svo eigi allir landsmenn rétt á læknisþjónustu ókeypis. En að gera till. um slíkt nú, mundi hafa í för með sér svo mikla röskun að vissu leyti, að enginn nm. og ég ekki heldur treystum okkur til að bera fram till. um það. Ef t. d. þetta yrði upp tekið með lækna á annað borð, yrði í raun og veru að afnema alla „praktiserandi“ lækna og setja alla lækna á föst laun. Annars hef ég í raun og veru ekkert sérstakt um þetta að segja fram yfir það, sem hv. frsm. meiri hl. n. tók fram. Eins og ég hef vitnað í, þá breytir þessi till. mín ekki efni 37. gr. frv., heldur hef ég reynt að gera ákvæði hennar skýrari og öllu ótvíræðari um það, að umræddar aukatekjur eigi ekki lengur að falla til hlutaðeigandi embættismanna.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að mér skildist, að það hefði verið útkljáð mál í mþn., sem undirbjó launalagafrv., hvernig færi um aukatekjurnar. Ég held, að það hafi ekki verið útkljáð. Mér skilst, að það hafi verið meining frv., að aukatekjurnar féllu niður sem tekjur fyrir einstaka menn. En það skal ég játa, að hafi það verið höfuðhugsun frv., þykir mér þeir hafa ákveðið sýslumönnum og bæjarfógetum sérstaklega lág laun. Mér finnst ekki hægt að skilja ákvæði gr. á annan hátt, þótt ég játi, að þau eru nokkuð óskýr, og taldi því þörf á því að gera þau skýrari.

Ég lít svo á, eins og hv. frsm. vék einnig að, að þessar aukatekjur embættismanna séu úreltar. Í fyrstu var það svo, að embættismenn höfðu yfirleitt engin laun, heldur höfðu þeir ákveðinn hluta af þeim tekjum konungs, sem þeir áttu að innheimta. Síðar varð það svo, að embættismönnum voru að vísu ákveðin laun, en þeir áttu að annast sjálfir og kosta skrifstofuhald sitt og annan embættiskostnað, og það var fyrir þennan kostnað við embættið, sem þeir voru látnir halda aukatekjum. Bæði með launal. 1919 og þessari lagasetn-

ingu, sem hér stendur til, er því slegið föstu, að ríkið kosti allan embættisrekstur. Þess vegna finnst mér alveg réttmætt, að þessir embættismenn hafi sín föstu laun rétt eins og aðrir fastir starfsmenn ríkisins, laun, sem að sjálfsögðu verða að vera sómasamleg, og hafa svo ekki aðrar tekjur af embættinu.

Ég hef heyrt þá mótbáru gegn þessu, bæði í n. og annars staðar, að menn mundu ekki fást til að gegna þessum embættum, ef þetta yrði upp tekið. Það má vera, að svo sé, en þá er ekkert annað en að hækka launin. En ekki hefur nú samt borið á öðru hingað til en það hafi verið auðvelt að fá menn til þessara starfa.

Sama er að segja um skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, sem eingöngu hafa föst laun og ætluð eru föst laun í frumvarpinu, að ekki held ég, að á neinum vandræðum hafi borið með að fá menn í þau embætti.

Ég læt svo útrætt um þetta atriði, en skal að lokum víkja að afstöðu minni til málsins í heild. Ég hef þó litlu við að bæta það, sem ég sagði hér við 2. umr. um málið. Ég gerðist á sínum tíma flm. þessa frv. með þremur hv. þm. öðrum og gerði það af því, að ég taldi þá og tel enn þörf á nýjum launal., í fyrsta lagi af því, að það var og er vitanlega þörf á að bæta launakjör þeirra opinberra starfsmanna ýmissa, sem verst eru launaðir, og í öðru lagi sökum þess, að ósamræmið í l. var orðið mjög mikið og óneitanlegt óréttlæti. T. d. voru ýmsir starfsmenn, sem þurfa ekki að hafa lokið neinu sérstöku undirbúningsnámi, í mörgum tilfellum komnir í hærri laun en þeir, sem hafa orðið að ljúka margra ára undirbúningsnámi til að geta innt starf sitt af hendi. Þess vegna taldi ég og tel enn, að þinginu væri full þörf á því að samræma launakjörin í landinu.

Þegar ég gerðist flm. þessa frv., þá áskildi ég mér eins og hinir flm. rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, en ég hef aldrei gengizt undir að fylgja frv., hvaða breyt. sem það kynni að taka og það þótt það kynni að taka breyt., sem ég áliti óheppilegar. Þó að ég viðurkenni fúslega, að segja megi um þau laun, sem ákveðin voru í frv. í upphafi, að starfsmönnum hins opinbera hafi ekki veitt af þeim, þá fannst mér þó, að heildarútgjöld ríkisins samkvæmt frv. mundu kosta ríkissjóð meira en hann með góðu móti fengi undir risið. Ég bar því fram við 2. umr. brtt. við frv., sem hefðu numið með núverandi vísitölu rúmlega tveim millj. kr. til lækkunar. Þær till. voru felldar í d., en í stað þess voru samþ. við þessa sömu umr. aðrar till. um mikla hækkun á launum, og enn stendur til að hækka launagreiðslur mikið frá því, sem nú er í frv. Frv. mun því valda miklu meiri útgjaldaauka fyrir ríkissjóð en ég gerði ráð fyrir í upphafi, þegar ég gerðist flm. að þessu frv. Fyrir mér er þó aðalatriðið það, að margar stofnanir, sem áður áttu að fá ákveðin laun sín í þessum l., eru nú felldar niður samkv. till. meiri hl. fjhn. Sú samræming á launum, sem ég gerði mér von um í sambandi við setningu nýrra launal., næst því ekki, en hún var að mínu áliti meginkostur þessa frv. Þetta frv. gerði yfirleitt ráð fyrir, að sömu laun yrðu greidd fyrir sams konar starf, hvar sem væri á landinu. Sumar þessar stofnanir hafa starfsemi hér í Reykjavík. Þær hafa líka starfsemi úti um land, og þær greiða allsendis ósambærileg laun starfsmönnum sínum í Reykjavík og úti á landi.

Frv. þetta, eins og það er orðið og lítur út fyrir að verða, er því í rauninni orðið allt annað frv. en það var, þegar það var borið fram, og ég fyrir mitt leyti vil enga ábyrgð bera á þeirri afgreiðslu, sem nú lítur út fyrir, að þetta frv. fái. Ég treysti mér því ekki til, eins og nú er komið, að ljá þessu máli fylgi, þó að ég hins vegar hafi viljað gera tilraun til þess í veigamiklum atriðum að fá lagfæringu á málinu eins og það liggur nú fyrir.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál og ekki tala mikið um það almennt. Ég vil samt að gefnu því tilefni, að bæði hv. frsm. meiri og minni hl. minntust ofur lítið á starfið í n., þá vil ég, form. í n., taka undir það, að n. hefur lagt á sig mikið við þetta mál og ætið verið reiðubúin til að koma á fundi, jafnvel þegar fundir hafa verið í d. N. hefur unnið að málinu eftir því, sem hún hefur getað, en eins og vant er, þá orkar auðvitað tvímælis um niðurstöðuna.

Ég vil, að það komi fram, sem mér finnst, að sé ekki einskis virði, að n. hefur tekið fyrir öll vandamál, sem fyrir hafa komið í frv., þó að það hefði verið nokkur freisting að skjóta nokkrum þeirra fram af sér og láta hina d. um að eiga við þau. Ég held því, að þessi d. geti vel skilizt við þetta mál þannig, að n. hafi gert skyldu sína að þessu leyti. Hitt er annað mál, hvernig þær niðurstöður eru, sem að hefur verið komizt. Ég geri ráð fyrir, að fjhn. Nd. finni, ef hún tekur málið verulegum tökum, að það er þó nokkuð vandasamt í því.

Ég skal þá snúa mér að brtt. og aðeins minnast á brtt. mínar og ekki tala langt mál um þær, því að þær liggja ljóst fyrir. Þær eru fluttar á þskj. 975 og eru tvær. Önnur er brtt. við 34. brtt. meiri hl. n. og er viðvíkjandi því mikla vandamáli, sem þar er um rætt. Brtt. n. er um, hvernig fara skuli með innheimtulaun sýslumanna og bæjarfógeta og annarra hliðstæðra embættismanna. Till. n. er um það, — og skal ég þó ekki rifja það upp í löngu máli, — að helmingur þessara innheimtulauna skuli nú renna óskorað í ríkissjóð. Er það mjög stórvægileg breyt. Það hefur þótt óhæfilegt, að tekjurnar rynnu allar til einstakra embættismanna, og þá er það þó lausn út af fyrir sig að lækka þessar tekjur um helming og líta svo á, að þá væri það nokkuð við hóf. Á hinn bóginn er það svo, að till. meiri hl. n. lutu að því að skipta hinum hlutanum í tvo hluta, þar sem hlutaðeigandi embættismaður fær þennan hlutann, en hinn hlutinn rennur í tryggingarsjóð, sem á að standa undir ábyrgð eða áhættu við innheimtu o. fl., og virðist eftir till. þeirra ekki fullkomlega ljóst, hvort þessi fjórði partur teknanna skuli renna í ríkissjóð. Það er um þann hlutann, sem ég geri mína brtt., sem er á þá leið, að þessi fjórði partur innheimtuteknanna verði að vísu tekinn frá og varðveittur af fjmrn., en ekki lagður í sameiginlegan sjóð, eins og helzt gæti virzt vera bent til í brtt. meiri hl., heldur inn á sérstakan reikning fyrir hvert embætti. Þessi hluti skal svo standa undir þeim skakkaföllum, sem hlutaðeigandi embættismaður kann að verða fyrir við innheimtuna, en þegar hann lætur af embætti, annaðhvort fyrir fullt og allt eða flyzt í annað embætti, þá skal það fé, sem kann að verða eftir í slíkum sjóði, verða eign hans.

Það er auðséð, að við þau embætti, sem hafa ekki miklar innheimtutekjur, getur farið svo, að ekkert verði eftir í þessum sjóði, en þess eru dæmi hjá embættismönnum, sem hafa embættisrekstur sinn í ágætu lagi, að óhöpp komi fyrir, t. d. að stimpilmerki tapist eða eitthvað þess konar, sem fljótt getur numið nokkrum þúsundum króna, eða þeim hnuplað frá honum. Getur það orðið til þess, að við embætti hans verði ekki miklar embættistekjur. Það getur farið svo, að þessi fjórði partur nægi naumast til að standa undir því tapi, þó að embættismaðurinn sitji alllengi í embættinu.

Það, sem ég hef aðallega að athuga við brtt. meiri hl., er það, að með því að setja þessar tekjur allar í sameiginlegan sjóð virðist mér vera opin leið fyrir óhlutvanda menn í einhverjum af þessum stöðum að syndga upp á náð þessa sjóðs, beinlínis gera eitthvað það, sem þeir hafa upp úr, en hallinn er svo borinn af þessum sameiginlega sjóði, sem m. a. er aurað í af þeim embættismönnum, sem standa samvizkusamlega í stöðu sinni. Mér finnst dálítið varhugavert að stofna til þess, að eitthvað slíkt gæti fyrir komið. Á hinn bóginn finnst mér, að það sé í raun og veru ekki annað en verðlaun fyrir ýtrustu nákvæmni um alla þessa hluti, sem ríkissjóður á svo mikið undir, að embættismaður, þegar hann yfirgefur embættið, fái það, sem hann með árvekni og samvizkusemi hefur aurað saman í þennan sjóð. Það má náttúrlega segja, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði, að menn eigi að sýna fulla samvizkusemi, án þess að þeir séu hvattir til þess á þennan hátt, og ég veit, að allur þorri þessara manna starfar þannig. En án þess að verið sé að gefa í skyn, að menn vilji ekki vinna vel án sérstakra launa, hefur það jafnan þótt vera skynsamleg tilhögun gagnvart þeim mönnum, sem mikla fjárhagslega ábyrgð hafa, að það sé þeim nokkur fjárhagsleg hvöt að rækja starf sitt með ýtrasta dugnaði og nákvæmni. Ég sé ekki, að sú hliðstæða, sem hv. 1. þm. Eyf. nefndi, sé nokkur hliðstæða, nefnilega innheimta bankanna. Þær eru auðvitað svo margfalt stórkostlegri, vegna þess að bankarnir innheimta hundruð milljóna á ári, og fyrir utan bankastjórnirnar sjálfar, sem ráða útlánum, þá eru bankastofnanirnar allar eitt innheimtukerfi, og þar er búið svo sterklega um með eftirliti og endurskoðun og sérstakri endurskoðunarstofnun, að þar á ekki að geta komið til fjárhagsleg ábyrgð nema sú, sem kemur daglega frá innheimtunni og er því allt öðruvísi og ópersónulegri en hjá hinum dreifðu embættismönnum ríkisins, sem ríkisbúskapnum stendur þó á svo miklu.

Ef maður lítur á þann embættismann, sem nefndur hefur verið í þessu sambandi, tollstjórann í Reykjavík, þá er þetta svo geysilega mikill hluti af öllum tekjum ríkisins, sem hann innheimtir, að það er í raun og veru ekki áhorfsmál um nokkur þúsund krónur, sem rynnu í vasa hans fyrir verulega vel rækt starf á þessu sviði. Hv. 1. þm. Eyf. segir, að ekki sé frekar ástæða til að hafa það á þennan hátt við þessa menn en prófessora við háskólann. Ég held, að það sé ekki sambærilegt. Þar koma ýmsar aðrar ástæður til greina, eins og fræðiiðkanalöngun. Það dregur marga menn í þau embætti, þó að þeir hafi oft lapið dauðann úr bláskel í þeim stöðum.

Ég skal svo ekki fara mikið fleiri orðum um þessa brtt. Hv. þm. hafa vafalaust áttað sig á, hvaða munur er á brtt. minni og till. meiri hl. Hér er í flestum tilfellum um smáupphæðir að ræða hjá hinum einstöku embættismönnum, en getur numið nokkurri upphæð hjá þeim, sem mestar innheimtutekjur hafa.

Hv. 1. þm. Eyf. gerði að umtalsefni í sambandi við þessa till. laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt till. n. Hann fór fram á það við hæstv. forseta, að hann bæri fyrr upp til atkvgr. brtt. við 37. gr. en við 9. gr., um launaákvæðin. Mér finnst þetta í fljótu bragði eðlilegt, því að launaupphæðin breytist mjög eftir því, hvaða till. verður ofan á í þessu efni. Þó vil ég benda hv. dm. á, að suma af þessum embættismönnum, sýslumenn úti um land, skiptir þetta litlu máli, og þau laun, sem ákveðin verða í frv., verða aðallaun þeirra, því að aukatekjur þeirra eru tiltölulega litlar.

Ef bornir eru saman prófessorar og sýslumenn, þá verð ég að segja, að mér finnst eðlilegt, að sýslumenn hafi einmitt svipuð laun og prófessorar við háskólann. Þótt sýslumenn hafi kannske nokkur þúsund krónum meiri tekjur, sem embættinu fylgja, þá er svo margt, sem dregur menn að þessum að mörgu leyti hugleiknu embættum, prófessorsstöðunum, það er fræðaáhugi og tóm til að sinna þeim, sem dregur menn áreiðanlega langmest að þeim störfum. Þeim fylgir gott tóm yfir sumartímann, sem menn nota þá til fræðiiðkana. Þar að auki vil ég minna hv. 1. þm. Eyf. á þennan sífellt aukna og alkunna straum til Reykjavíkur. Af hverju stafar hann nema því, að menn vilja heldur eiga heima hér, þykir það aðgengilegra en vera úti í kauptúnunum. Það væri naumast nokkur maður, sem gæti valið um prófessorsembætti og sýslumannsembætti, sem mundi fremur taka sýslumannsembættið. Sýslumenn eru fulltrúar ríkisvaldsins hver á sínum stað, og þeir eru látnir þar í öll hugsanleg störf, sem ríkið þarf að láta vinna á þeim stöðum. Þeir eru oddvitar sýslunefnda, og á þeim hvílir að verulegu leyti fjárhagur Íslands. Ég held því, þótt ég telji rétt að bera till. upp eins og hv. þm. mæltist til, ef hæstv. forseti sér sér það fært, að það geri nokkurn mun um ákvarðanir á 9. gr., hvað verður ofan á um 37. gr.

Hv. 1. þm. Eyf. vildi sýna fram á, að innheimtulaun sýslumanna og bæjarfógeta væru nokkurs konar leifar frá þeim tímum, þegar menn tóku embættin á leigu og höfðu svo tekjur af því, er innheimtist. Þótt þetta sé sennilega sögulega rétt, þá má sjá mörg dæmi um það, að alveg nýjar stofnanir taka upp sömu aðferð. Vil ég þar í fyrsta lagi benda á lífeyrissjóð. Þar er farin sú leið, að innheimtumönnum er heitinn fjárhagslegur hagnaður, ef þeir leysa verkið vel af hendi. Og þannig er það með ríkið eins og aðrar stofnanir, að það vill hvetja starfsmenn sína til að rækja störf sín sem bezt og heita þeim nokkurri fjárhagslegri þóknun fyrir, auk hinnar góðu samvizku fyrir að finna, að þeir hafa leyst starf sitt vel af hendi. Ég hef borið fram þessa brtt. beinlínis vegna þess, að ég sé mér ekki fært annað en gera tilraun til þess, að innheimtumenn haldi einhverju af þessum tekjum áfram. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa brtt.

40. gr. frv. var bráðabirgðaákvæði. Greinin var

um það, eins og mönnum er kunnugt, að enginn skyldi persónulega lækka í launum við ákvæði launal. Þessi grein var að vísu mjög óákveðin að orðalagi, og lá ekki beint við, hvað í henni fælist. Það varð ekki séð, hvort miðað væri við grunnlaunin og allar uppbætur eða 25—30% að viðbættum smáliðum til einstakra embætta. Ég var með því að fella greinina niður, vegna þess að hún var svo óljós og hæpið, að nokkur starfsmaður hefði gagn af henni. En ég skal játa það hreinskilnislega, að ég hef skipt um skoðun. Eftir að greinin var felld niður, fór ég að verða þess var, að allmargir starfsmenn söknuðu hennar mjög mikið, hvort sem hún hefur nú verið mikils virði fyrir þá eða ekki. Og þetta er nú ástæðan fyrir því, að ég hef skipt um skoðun, þótt ég hins vegar telji, að gr. hafi haft litla þýðingu fyrir þessa menn. Ég hef þó borið hana fram í öðru formi. Í launal. frá 1919 er ákveðið, að þau tækju til þeirra embættismanna, sem þá sátu í embættum, og þeir skyldu sjálfir velja um það, hvort þeir vildu ganga undir launal. þau eða sitja við þau kjör, sem þeir höfðu áður. Með því ætti orsökin til óánægju að vera numin burt. Með þessari tilhögun velur hver maður um þetta upp á eigin ábyrgð. Ég vil taka það fram, að brtt. mín er alveg óháð þeim deilumálum, sem komið hafa upp hér í d. við fyrri umr. um það, hvort Alþ. hafi vald til að lækka laun manna. Mér finnst, að með ákvæði l. frá 1919 og sömuleiðis þessu ákvæði, ef samþ. verður, sé því miklu frekar slegið föstu, að Alþ. hafi þetta vald. En Alþ. hefur þá einnig það vald að ákveða, að launin skuli ekki lækka. Ég hef svo sett inn í brtt., að greiða skuli launin eins og ákveðið er í l., þar til embættismaður segir til um annað, og til þess að óvissa ríki ekki um þetta, verða menn að segja til innan þriggja mánaða, annars er litið svo á, að þeir gangi inn í hin nýju launalög.

Eins og frsm. gat um, er þetta fyrst og fremst gert samkv. tilmælum frá þeim starfsmönnum við símann, sem borgað er eftir kauptaxta iðnaðarmanna. Það er augljóst, að það kostar mikið fyrir símann að halda þessum mönnum, en það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að hann haldi þeim, ef frv. verður samþ. óbreytt, og þá verður síminn að leita til hins almenna vinnumarkaðs, og tæplega verður það sparnaður fyrir ríkissjóð. — Það er ákaflega erfitt að elta þannig uppi hvert einstakt tilfelli. Einfaldasta ráðið er að setja öruggt speldi, þar sem hver maður á það við sjálfan sig, hvort hann gengur undir l. eða ekki. Ég vil benda á það, að ég man ekki eftir því, að nokkurn tíma hafi laun embættismanna verið lækkuð með launal. eða reglum, meðan þeir gegndu störfum. Þetta er vitanlega hægt, en ég óska ekki eftir því, að það sé frekar gert nú með þessum l. Og Alþ. getur nú, eins og 1919, sett þetta ákvæði inn í lögin.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. við 20. gr. frv. Á undan 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Vegamálastjóri 14000 kr. Og orðið „vegamálastjóri" falli niður af 2. málsgr., sem verður 3. málsgr.

Brtt. er of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 981) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fundarhlé kl. 4,10 til 8,30.

Forseti (StgrA): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 976 og 978. Auk þess hefur mér borizt skrifl. brtt. frá hæstv. menntmrh., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 983].

Þar sem brtt. þessar eru of seint fram bornar, verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar, og skal ég leyfa mér að leita afbrigða fyrir þær allar í einu.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (StgrA): Ég skal taka það fram, að mér hefur borizt tilkynning frá hæstv. fjmrh. um, að hann sé veikur og geti ekki komið á fund, en hann hefur hins vegar ekki óskað eftir því, að umr. yrði frestað.

Gísli Jónsson: Ég hafði rætt frv. þetta í meginatriðum við 2. umr. og sé því eigi ástæðu til að bæta miklu við. Ég get þó ekki skilizt svo við þetta mál, að minnast ekki nokkuð á þær brtt., sem ég hafði borið fram við frv., en tók aftur til 3. umr., svo að hv. fjhn. gæfist kostur á að ræða þær nokkru nánar.

Eins og þskj. 964 ber með sér, hefur n. gert nýja till. undir lið 19, um flokkun læknishéraða, og með því að ég get að fullu fellt mig við þá tilhögun, sem felst í næstsíðustu málsgr. till., en er hins vegar andvígur öðrum ákvæðum hennar, vil ég mega vænta þess, að hæstv. forseti beri upp til atkvæða sérstaklega tvær síðustu mgr., því að verði þær samþ., mun ég taka til baka að fullu till. mína á þskj. 857.

Ég óska hins vegar eftir því við hæstv. forseta, að hann láti till. mína á þskj. 714 koma til atkv. við þessa umr. En með því að till. var upphaflega borin fram sem brtt. við frv. á þskj. 306, en verður nú að berast fram sem brtt. við frv., eins og það er eftir 2. umr., breytist greinatalan í samræmi við þær breyt., sem orðið hafa á frv., og verður nú þannig, að á eftir 37. gr. komi ný gr., er verði 38. gr. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta till. þannig. Ég hafði búizt við því, að hv. fjhn. mælti óskipt með því, að einhver slík ákvæði sem þau, er í þessari till. felast, yrðu sett inn í frv., en úr því að n. sá sér þetta ekki fært, er rétt, að hv. þd. láti í ljós vilja sinn um þetta atriði. Það er því ósk mín, að till. komi nú óbreytt til atkvæða.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að þeim nýju brtt., sem enn hafa komið fram frá n. og eru á þskj. 964.

Það hefði verið æskilegt, að hv. frsm., 7. landsk. þm., hefði haft tækifæri til þess að dvelja hér í þd., á meðan umr. fara hér fram um málið, úr því að hann á annað borð tók að sér framsögu. En líklegast þykir honum óþarft að ræða þetta mál úr því, sem komið er, nema því aðeins, að hann ætli hv. 1. þm. Reykv. að svara fyrir sig, líkt og við 2. umr.

Hv. frsm. hélt því fram í ræðu sinni áðan,

að frv. hefði ekki tekið miklum breyt. hjá n. frá því, er það var samþ. hér við 2. umr., enda hefðu sárfáar kvartanir komið fram til n. síðan eða kröfur til hækkunar launa nema um laun landlæknis, sem sjálfsagt þótti að taka til greina alveg möglunarlaust. Var helzt að skilja á hv. frsm., að n. hefði eiginlega þótt þetta mjög miður. Kvað hann allar till., sem n. bæri nú fram til hækkunar, vera einungis það, sem ekki hefði unnizt tími til að fá samkomulag um, áður en frv. fór til 2. umr. Það var nú mjög deilt um það þá milli mín og hv. 1. þm. Reykv., hve þáverandi till. n. gengju langt fram úr því, sem samið hefði verið um, er stjórnin var mynduð. Leiddi ég þá rök að því, hve takmarkalaust ábyrgðarleysi n. hefði sýnt í till. sínum, sem allar leiddu til stórhækkunar frá því, sem ákveðið var í frv. í upphafi. Hv. 1. þm. Reykv. hélt því hins vegar fram, að hnífnum hefði miskunnarlaust verið beitt og alls staðar til niðurskurðar. En hvaða hugmyndir sem þm. kunna að hafa gert sér um þær staðhæfingar, þá er hitt víst, að það getur engum blandazt hugur um, að í till. n. á þskj. 964 felst enginn niðurskurður. Hækkunin á öllum sviðum er þar svo auðsæ, að fullyrða má, að nú sé n. að skera upp það, sem hún hefur sáð á fyrri fundum sínum. Ég held, að það verði ekki lengur dulið, að moldin er svo frjó, að það þurfa ekki að líða nema dagar eða klukkustundir, frá því að n. hefur sáð nýrri hugmynd til hækkunar, þar til hún hefur uppskorið margfaldan ávöxt og fengið margvíslegar nýjar hugmyndir til nýrra hækkunartill., og það alveg án þess að vera undir utanaðkomandi áhrifum, eins og hv. 7. landsk. þm. vitnaði um áðan, heldur fyrir einskæran innblástur frá hinum sterka vilja n. um að komast sem lengst út fyrir öll skynsamleg takmörk í þessu máli. Sem dæmi þessu til sönnunar vil ég leyfa mér að benda á, að n. lagði til í fyrri till. sínum, að laun hæstaréttardómara yrðu færð upp í 14 þús. kr. grunnlaun. Þótti þá mörgum öðrum þm. nóg komið. En síðan þetta var samþ. í n. með öllum atkv., fá nm. alveg óstjórnlega löngun til þess að bæta enn við einu þúsundi við þennan launaflokk, og það alveg án íhlutunar annarra, eftir því sem hv. 7. landsk. þm. upplýsir. Sama má segja um allar aðrar till. n., þær eru allar sprottnar af sömu óstjórnlegu löngun að koma flokkunum sem hæst upp, gera eyðsluna sem allra mesta. Ég gæti hugsað mér, að það yrði engan veginn lítil fjárfúlga, sem það gæti eins kostað ríkissjóðinn, ef n. væri enn falin nánari athugun og endurskoðun á till. sínum og hún fengi enn nokkrar vikur til þess að velta þessu verki fyrir sér, sem hún nú loks hefur skilað til 3. umr. með þeim endemum, sem raun ber vitni um.

Ég skal ekki fara nánar hér út í einstakar till., þótt það hefði verið freistandi, en ég vil, áður en ég lýk máli mínu, aðeins beina þeirri fyrirspurn til n., hvort hún hafi yfirleitt gert sér ljóst, hve gífurlegar breyt. hún hefur gert á þessu frv., frá því að það var borið fram á þskj. 306. En það þskj. var, eins og kunnugt er, grundvöllur fyrir skilyrðum, sem sett voru til stjórnarmyndunar, *snertandi afgreiðslu launal.* á þessu þingi. Hafi n. gert sér þetta ljóst, getur ekki hjá því farið, að hún sé sér þess meðvitandi að hafa með þessu haft í frammi stórkostlegar vanefndir á gerðum samningum, bæði að því er snertir hagsmuni einstakra launþega og landsins í heild.

Ég minntist á það við 2. umr., hvernig n. hefði brugðizt öllum loforðum, sem gefin hefðu verið og snertu hagsmuni ríkissjóðs, með því að ganga miklu lengra í till. sínum um öll útgjöld en gert hafði verið ráð fyrir og samið um, og hirði ég ekki um að endurtaka það. En jafnframt því, sem þetta var gert, lagði n. einnig til, að felld yrði í burtu 48. gr. á þskj. 306, en sú gr. hljóðaði svo, *með leyfi hæstv. forseta*: „Nú á fastráðinn starfsmaður að lækka í launum samkvæmt þessum l., og haldast þá laun hans óskert, meðan hann heldur starfinu.“

N. hefur nú við þessa umr. upplýst, að ákvæði þetta kosti launþega hvorki meira né minna en 440 þús. kr. á ári. Og það má hver trúa því, sem vill, að þeir taki því möglunarlaust. Hitt mun sanni nær, að enginn friður skapist um þetta, fyrr en þeim hefur verið bætt það upp á einhvern hátt, enda mun það og vera tilgangur n., að svo verði gert síðar meir. Ég þekki þá illa hv. 3. landsk. þm. og aðra, sem óvægnastir hafa reynzt í sókninni í fjárhirzlur ríkissjóðs, ef þeir láta langan tíma líða, þar til þeir benda á þetta og krefjast leiðréttingar „til samræmis“, eins og þeir kalla það, þótt þeir hafi hægt um sig nú á þessari stundu. Og satt að segja mundi ég ekkert lá þeim það, þegar víst er, að samið var um fullan rétt til handa þessum aðilum. Ég hef talið mér skylt að benda jafnt á þetta atriði, þótt það nú sé talið til niðurskurðar, eins og á hin, sem breytt hefur verið til útgjalda fyrir ríkissjóð.

Þá vil ég einnig leyfa mér að benda á, að það var til þess ætlazt, eins og frv. var í upphafi, að allar aukatekjur fyrir innheimtu skyldu niður falla. En nú kemur n. með alls konar till. um, að þeir embættismenn, sem nú taka tugþúsundir í slíkum aukatekjum, skuli halda þeim framvegis, m. a. stórum fjárfúlgum fyrir að innheimta lögboðin lífeyrissjóðsgjöld fyrir tryggingastofnanir ríkisins. Væri nú ekki í sambandi við þessar upplýsingar tilefni til þess að spyrja hv. 3. landsk. þm., hvort hann sem forstjóri fyrir tryggingastofnuninni hafi gætt sem skyldi hagsmuna þeirrar stofnunar með því að hafa enga viðleitni sýnt til þess að spara henni þessi 150 þús. kr. árlegu útgjöld, sem hann sem einn nm. vill, að haldið sé áfram að greiða fyrir innheimtu á þessum óruggu gjöldum, sem eiga ekki aðeins fullan forgangsrétt á undan flestum öðrum gjöldum, heldur og lögtaksrétt á eignum, auk þess sem þau nýlega hafa verið gerð svo rétthá, að heimilt er gegn þungum viðurlögum að krefjast af atvinnurekanda, að hann sendi með þau tafarlaust á skrifstofu innheimtumanns, honum alveg að kostnaðarlausu og án minnstu fyrirhafnar. Hitt er svo alveg ljóst, verði 46. gr. samþ., eins og meiri hl. n. leggur til, að þá er enn einu veigamiklu atriði breytt ríkissjóði í óhag.

Út af till. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 975 vildi ég gjarnan mega spyrja hann að því, hvernig hann hugsaði sér, að farið yrði með það fé, sem *þar um ræðir, á framtali viðkomandi skattþegns, ef* till. yrði samþ. Í till. þessari segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæðin, sem um er að ræða, skal greidd, þegar embættismaður skilar af sér embættinu.“

Nú er upplýst, að hér geti hæglega verið um að ræða tekjur, sem nema 15—20 þús. kr. á hverju ári, sem þannig skal draga í sérstakan sjóð og skila viðkomandi embættismanni, þegar hann lætur af embætti, ef engin vanhöld verða á rekstri embættisins. Ætlast hv. flm. til þess, að viðkomandi embættismaður greiði árlega skatt af þessum fúlgum, þótt þeir fái þær ekki útgreiddar fyrr en seint og síðar meir eða jafnvel aldrei, eða ætlast hann til þess, að öll upphæðin verði skattskyld það ár, sem hún er greidd út til viðkomanda? Ef það síðara er ætlunin, og annað er varla framkvæmanlegt, nema þá að undanþiggja fúlguna alla undan skatti, mætti svo fara, að lítill fengur væri í þessum launum, ef skat al. þau, sem vér nú búum við, væru óbreytt til hins betra. Sæti maður á slíkum launakjörum í embætti í 20 ár, gæti þessi upphæð hæglega verið orðin yfir 300 þús. kr., og kæmi þá mestur hluti hennar aftur til ríkissjóðs í skattgreiðslum.

Ég hygg, að hv. þm. sjái af þessum rökum, hve frámunalega ótryggur grundvöllur er fyrir þessu greiðslufyrirkomulagi. Ég veit ekki, hvort það kom til umtals í n., en það vakti strax athygli mína, að hér hlyti að vera vanhugsaður einn liður í þessum hlekk, nema því aðeins, að það sé ætlunin, að ekki sé reiknaður neinn skattur af þessu árlega. En þá er um að ræða sérstök skattfríðindi viðkomandi bæja, sem nema ekki minna en 200—300 þús. kr. Í sambandi við það, sem fram kom í gær, að væri þetta algerlega fellt niður, yrði nauðsynlegt að lækka sýslumenn og bæjarfógeta úti um land í launafl., og voru færð að því þau rök, að það væri vitanlega ósanngjarnt, að stærstu og umsvifamestu embættin væru ekki hærra launuð. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu. Mér skilst, að í þessum embættum hafi þessir menn ekki lengri vinnutíma en í hinum embættunum, og venjulega er reynslan sú, að því umsvifameiri sem embættin eru, því fleiri starfsmönnum hafa þeir á að skipa og þeim mun sjaldnar koma þeir í skrifstofu sína. Ég held, að hægt sé að færa rök að því, að menn í þessum svokölluðu umsvifamestu embættum séu miklu færri stundir í skrifstofu sinni en hinir embættismennirnir úti um land, sem hafa kannske aðeins einn skrifara sér til aðstoðar. Það eru t. d. ýmsir embættismenn, sem koma ekki í skrifstofu sína fyrr en kl. 10—11 f. h. og fara þaðan kl. 3—4 e. h. Vil ég í þessu sambandi benda á tollstjóraskrifstofuna hér í bæ; hún er opnuð kl. 10 f. h., og henni er lokað kl. 4 e. h. Hins vegar er mér kunnugt um, að úti um land er hægt að koma á skrifstofur kl. 9 f. h. eða jafnvel kl. 8 f. h. og allt til kl. 7 á kvöldin. Ég vil því ekki viðurkenna, að hér sé um að ræða umsvifameiri störf eða lengri vinnudag, því að til þessara embætta eru lagðir fram miklu meiri starfskraftar til þess að inna störfin af hendi, og eru sumir þessara embættismanna í þeirri aðstöðu, að þeir gegna ýmsum öðrum störfum og eru ekki við embættisstarf sitt nema þegar þeim sýnist. Þess vegna sé ég ekki, að ástæða sé til þess að flokka þessi embætti fyrir hina stærri bæi heldur en héruðin úti um land, nema síður væri. Það væri hins vegar miklu eðlilegra, að ríkissjóður byggði yfir þessa embættismenn úti í héruðum landsins eins og læknana, því að þá væri meiri trygging fyrir þessi héruð, að þau fengju sæmilega menn til þess að gegna þessum embættum, og sérstaklega væri ástæða til þess, ef búið væri að taka þessar aukatekjur af þeim, og get ég alls ekki fallizt á, að ástæða sé til þess að flokka þessar aukatekjur.

Þá vil ég minnast á, hvað talið er, að af þessum l. verði mikill kostnaður. Eftir því sem hv. 7. landsk. (KA) hefur gefið hér upp, telur hann, að kostnaður af þessu muni nema rúmlega 6 millj. kr. fyrir utan 342 þús. kr., sem þurfi að bætast við viðvíkjandi einni gr. frv., sem minnzt var á áðan. Nú er þetta töluvert hærri upphæð en ákveðið var í fyrstu, og þó er ekki allt tekið með, sem reiknað var með í fyrstu, þegar frv. var lagt fram, því að þá var reiknað með því, að ríkissjóður tæki á sig alla byrði af kennslu í sveitum, og var þetta ein af ástæðunum fyrir því, að ég vildi fylgja þessu frv. Nú er þessari byrði létt af ríkissjóði og hún látin falla á sveitarsjóðina áfram. Fyrir sveitirnar er þarna um stóra upphæð að ræða, sem ætlazt var til að létta af þeim, og það er því raunverulega verið að falsa þessa till., þegar sagt er, að með þessu sé verið að spara fyrir ríkissjóð, því að með því er skyldan færð yfir á annan aðila, þann aðila, sem á bágt með að standa undir þessari byrði vegna þess, hve ríkissjóður fer djúpt ofan í vasa hvers skattþegns. Er þetta ein af meginástæðunum fyrir því, að ég treysti mér ekki til þess að fylgja meginatriðum þessa frv.

Að síðustu vil ég minnast ofur lítið á þá till. *mína, sem ég tók aftur til 3. umr. og fjallar um*, að inn í frv. komi þetta ákvæði:

„Verði lögum þessum síðar breytt í heild eða í einstökum atriðum til launalækkunar, skulu þeir, sem laun taka eftir þessum lögum, færðir niður í þau laun, sem þar verða ákveðin fyrir sama starf.“

Nú hefur því verið haldið fram, að þessi till. sé óþörf, með því að þetta sé sjálfsagður hlutur. Um þetta hafa orðið nokkuð skiptar skoðanir, en hv. 1. þm. Reykv. taldi, ef 2. liður í brtt. hans á þskj. 975 yrði samþ., að slegið væri föstum þeim skilningi, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur haldið fram. En ég er hins vegar á annarri skoðun. Mér finnst, að sá skilningur, sem ég hef á l., sé undirstrikaður, ef 2. liðurinn í brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 975 verður samþ., því að það er einmitt af hræðslu við, að þetta geti verið svona. Það er því nauðsynlegt að slá þessu atriði föstu fyrir þá menn, sem taka laun eftir þessum l., vegna þess að hv. 6. þm. Reykv. veit engin dæmi til þess, að nokkurn tíma hafi verið sett persónuleg launal., ef menn hafa lækkað í launum með þeim l., og það hefur verið upplýst hér í þessari hv. d. Í öllum launal. hefur það alltaf verið tryggt, sem hv. 1. þm. Reykv. vill nú tryggja, að þeir menn, sem hafa fengið laun samkv. öðrum l., séu ekki lækkaðir við það í lögunum. Þegar verið er að semja þessi launal., er hið sama upp á teningnum. Áður en langur tími líður, getur sama krafan komið fram, að hér sé um fasta venju að ræða og sé ekki hægt að breyta því. Ég var alveg undrandi, er hv. 6. þm. Reykv. hélt þessu fram og sló föstu, að réttarvenja mundi vera sterkari en lagaákvæði.

Ég vil svo að síðustu lýsa yfir, að ég tel mig alveg óbundinn af þeim stjórnarsamningum, sem

gerðir hafa verið í sambandi við þetta mál, og mun — á því stigi, sem það er nú, — ekki greiða atkv. með brtt. við frv., sem eru til launahækkunar, þótt ég hefði að vísu löngun til að koma samræmi á ýmislegt í frv., sem till. hafa komið fram um, eins og t. d. till. um laun vegamálastjóra, þar sem ósamræmi er í því, að hann hafi lægri laun en símamálastjóri eða landlæknir, en mun þó ekki greiða því atkv., vegna þess að allar þessar till. eru komnar upp fyrir og út fyrir þann samningsgrundvöll, sem í upphafi var lagður. Síðan mun ég greiða atkv. móti frumvarpinu í heild út úr hv. deild.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég hef flutt hér þrjár brtt. við frv. það, er hér liggur fyrir. Ein er þegar fram komin, og hefur henni verið lýst. Sú brtt. er við brtt. á þskj. 975 frá hv. 1. þm. Reykv. (MJ), við 2. gr. þeirrar brtt., en 1. mgr. hennar hljóðar svo:

„Þeir, sem nú sitja í þeim embættum og stöðum, er lög þessi taka til, eiga kost á að taka laun samkv. þeim eða sitja við sömu laun og áður."

Ég hefði kosið, að það þyrfti ekki að vera nokkurt slíkt ákvæði í l. og hægt hefði verið að ganga frá þeim þannig, að þau giltu, hvort heldur væri til hækkunar eða lækkunar. Það hefur nú samt þannig til tekizt, að allmargir menn lækka í launum, verði frv. þetta að l., og hefur út af þessu myndazt óánægja, sem vafalaust er á nokkrum rökum reist hjá sumum, þannig að ég tel orka tvímælis, hvort haldinn væri málefnasamningur sá, sem ríkisstj. er bundin af og gerður var, um leið og stjórnarmyndun náðist, ef ekki væri tekið nokkurt tillit til þeirra raka, sem fram hafa komið frá BSRB um að leiðrétta þær stórkostlegu lækkanir hjá fjölda starfsmanna ríkisins, sem óhjákvæmilega verða, ef frv. þetta verður að l. Hins vegar tel ég, að þeir menn, sem hafa yfir 8000 kr. grunnlaun á ári, eigi að halda launum sínum samkv. l., vegna þess að ég álít nægilega vel fyrir þeim mönnum séð í þessu frv., og því engin ástæða til þess að veita þeim slíka tryggingu. Af þessum ástæðum hef ég borið fram brtt. við 2. gr. brtt. hv. 1. þm. Reykv., að á eftir orðunum „er lög þessi taka til" í fyrsta málslið komi: og ekki hafa hærri grunnlaun en 8000 kr. á ári.

Þá ber ég fram brtt. við brtt. hv. n. á þskj. 964, við 34. gr. Þessi brtt. mín er í raun og veru sama efnis og till. hv. 1. þm. Eyf. (BSt), á þskj. 969, en í henni stendur:

„Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð."

Það er sem sé aðalefni þessarar till., sem ég hef tekið upp, en í stað þess, að hún er brtt. við frv., er brtt. mín við brtt. n., að í stað 3. mgr. 34. gr. í brtt. n., á þskj. 964, komi eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfs hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi embættismanns, skal árlega greiða honum hæfilegt áhættufé samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur."

Þetta er aðalefni till. hv. 1. þm. Eyf., á þskj. 969, en hins vegar eru ýmis ákvæði í brtt. n., sem ég hefði viljað, að féllu niður, en mundu falla niður, ef brtt. hv. 1. þm. Eyf. kæmu í staðinn.

Þá er hér 3. brtt., sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir. Fjallar hún um það, að laun fræðslumálastjóra verði hækkuð úr 12 þús. kr. upp í 14 þús. kr. Í brtt. þeim, sem fram hafa komið frá hv. fjhn. við 2. umr., var ein þeirra á þá leið, að laun biskups skyldu hækkuð upp í 14 þús. kr. Ég greiddi atkv. móti þessari till., en hún náði samþykki. Það var vitað mál, að óhjákvæmilegt var, þegar slík till. var samþ., að fram kæmu till. um að hækka laun annarra sambærilegra embættismanna, enda hefur n. flutt till. um hækkun á launum landlæknis og hv. 6. þm. Reykv. sams konar till. um laun vegamálastjóra. Ég tel ekki síður ástæðu til að hækka laun fræðslumálastjóra, því að vægast sagt er þetta embætti sambærilegt við sum hinna embættanna, og ég fyrir mitt leyti tel það bæði umfangsmeira og ábyrgðarmeira en þau. Það er þó ekki svo að skilja, að ég telji þörf á að hækka laun í ábyrgðarmestu stöðum ríkisins, og tel, að 12 þús. kr. séu nægileg laun, en þegar búið er að hækka launin í sumum þeirra, hljóta launin að hækka í öðrum að sama skapi. Síðan verður hv. Nd., þegar þar að kemur, að hún fer að fjalla um þetta mál, að gera það upp við sjálfa sig, hvort hún vilji, að laun þessara manna skuli vera 12 eða 14 þús. kr. á ári.

Mun ég hér með leyfa mér að leggja fram hinar skriflegu brtt. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 984 og 985) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég mun ekki tala langt mál um þetta frv., þar eð hv. 1. þm. Eyf. hefur talað rækilega um þetta mál af hálfu Framsfl., þannig að þar þarf litlu við að bæta. Mun ég því ekki ræða hinar einstöku brtt., sem hér liggja fyrir, við þetta frv., en ætla aðeins að minnast hér á eina brtt., sem ég flyt við frv., og get einnig verið mjög fáorður um hana, því að efni hennar er þannig, að hún skýrir sig sjálf.

Það er augljóst mál, að afgreiðsla þessa máls fer þannig úr hendi hér á hv. Alþ., að það veldur allmiklum útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, og eru menn nokkuð ósammála um, hve sá útgjaldaauki er mikill. En ég geri hins vegar ráð fyrir því, þegar menn fara að reikna saman, hverjar séu tekjur sumra embættismanna samkv. þessu frv., og margfalda þær með dýrtíðaruppbót, og þegar menn hafa lagt allar þær upphæðir saman, að þá fari menn að renna grun í, hvernig er að fara um gjaldeyri okkar, en ég mun ekki orðlengja um það. En mér finnst það alveg auðsætt mál, að svo geti farið, þegar þessi launal. hafa verið samþ., að ekki líði mjög á löngu, þangað til ríkið eigi fullt í fangi með að inna þessar greiðslur af hendi. Ég er þó þeirrar skoðunar, að það sé eitt aðalatriðið fyrir hvert þjóðfélag, að það eigi góða embættismenn og launi þá vel, en hins vegar getur ekkert ríki til lengdar launað embættismenn sína í ósamræmi við tekjurnar. Ég álít því nokkuð

til í því, sem komið hefur fram í grg. fyrir þessu frv. í upphafi og jafnframt í nál. þeirrar hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, að það skipti mjög miklu máli, bæði fyrir þjóðfélagið og ekki síður fyrir embættismennina, að launakerfi ríkisins verði tekið til endurskoðunar og reynt að gera það einfaldara og ódýrara en það nú er. Það er augljóst mál, að slíkt er í þágu þjóðfélagsins, en það mun sannast, að það er ekki síður í þágu embættismanna og starfsmanna ríkisins, fyrir þá sök, að um leið og ríkið launar þeim vel, er alveg fullvíst, ef embættismannastéttin er fjölmenn og fjölmennari en þörf gerist, að þá kemur að því, að þjóðfélagið getur ekki innt greiðslur sínar af hendi gagnvart þeim, og því fyrr sem embættismannastéttin er fjölmennari en hóf er á. Þess vegna hlýtur það alltaf að vera í þágu embættismanna, að embættismannakerfið sé sem einfaldast, vegna þess að með því eina móti getur fátækt þjóðfélag launað þeim svo, að viðunandi sé fyrir þá.

Í annan stað er það ljóst, og hefur verið rætt um það hér á hv. Alþ., að það er nú þegar mjög misjafnt, hvernig embættismenn inna skyldur sínar af hendi, og er ekki til neins að draga fjöður yfir það. Það mun vera nokkuð rétt, sem hér hefur komið fram opinberlega, að skrifstofutími er mjög misjafn og menn sækja skrifstofur sínar mjög misjafnlega. Það hefur þegar verið kastað hnjóðsyrðum til þeirra manna, sem vinna erfiðisvinnu og afkasta litlu, en það er áreiðanlega ekki síður ástæða til þess að kvarta undan því, hvað afköstin hafa minnkað hjá opinberum skrifstofum og embættismönnum. Þess vegna er það, ef við viljum launa embættismenn vel, að þá verðum við jafnframt að gera þá kröfu til þeirra, að þeir vinni störf sín sæmilega. Í þessari till. minni er því gert ráð fyrir því tvennu, að áður en l. þessi öðlist gildi og þjóðfélagið veitir embættismönnum sínum þessa fjárhagslegu réttarbót, komi þar í móti, að embættismenn ríkisins aðstoði við að gera starfsmannakerfið einfaldara og ódýrara en það nú er og að semja l. um réttindi og skyldur embættismanna og opinberra starfsmanna. Með því eina móti, að allt þetta haldist í hendur, er von til þess, að þetta mál geti farið sæmilega úr hendi.

Að vísu munu menn segja, að þetta verði gert síðar, en ef það er ekki gert jafnsnemma og lög um laun starfsmanna ríkisins, þá mun verða dráttur á því, að það verði samþ., þótt um það sé rætt í nál. og blöðum. Það kann að vera, að þessi brtt. verði felld, en þá gæti farið svo, að síðar megi á það minnast, að óheppilegt hefði verið að samþ. þetta ekki um leið. Því að ekki má gleyma því, sem oft hefur verið um rætt, að ósamræmi milli stétta í þjóðfélaginu stendur aldrei lengi, slíkt leitar ætíð jafnvægis. Ég álít því fullvíst, að heppilegast væri bæði fyrir ríkið og þegnana, að þetta verði gert samtímis.

Ég skal svo ekki tala öllu meira um þetta. Ég geri ekki ráð fyrir, að brtt. mín nái fram að ganga. Það er búið að semja um þetta mál, og má vera, að þetta sé þar til baga, en við því má búast, þegar samningar eru gerðir þannig um eitt mál, eins og frv. um launakerfið, að allt fari ekki vel. Þá var eitt atriði, sem ég vildi minnast á í sambandi við 30. gr. frv. Þar er sleppt úr að ákveða laun við húsmæðraskóla. Að vísu er því svo farið, að mörgum stofnunum, sem ekki eru ríkisstofnanir, er sleppt úr, en hér eru aðrir skólar, sem ekki eru ríkisskólar, teknir upp í frv., og finnst mér því ósamræmi í því að sleppa þessari tegund skóla. Ég vil aðeins beina þessu til n., án þess að ég hafi ákveðið, hvort ég ber fram brtt., þegar ég hef heyrt skýringu n.

Ég ætla ekki að ræða hinar einstöku brtt. við frv., en tel mér hins vegar ekki fært að greiða atkv. með frv. í heild.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get tekið undir það með hv. þm. Str., að eðlilegast hefði verið að afgr. um leið launal. og l. um réttindi og skyldur embættismanna, en eins og ég gat um við 2. umr., er alveg ófært að láta launal. bíða, og veldur því hinn mikli mismunur á launum milli stétta og ýmiss konar óvissar greiðslur og uppbætur, sem greiddar eru frá ári til árs. Ég hygg því, að öllum sé ljóst, að ástandið er þannig, að svo búið má ekki standa, og er því nauðsynlegt, að þessum hluta sé ráðið til lykta nú þegar. Læt ég þetta nægja sem svar við ræðu hv. þm. Str. og hv. þm. Barð. Að vísu bætti hv. þm. Barð. því við svikaupptalningu sína frá 2. umr., að nú hefði n. einnig svikið launamenn. En þetta er algerlega talað út í loftið. Meginhlutinn af till. n. er leiðréttingar, og flestar voru till. n. um lækkanir á starfsmönnum pósts og síma. Ég vil líka benda á, að loforðið hljóðaði upp á að ganga til samvinnu við BSRB. Þetta er því ekkert annað en fleipur hjá hv. þm. Barð. Þá þótti hv. þm., að forstjóri tryggingastofnana ríkisins hefði verið of ríflegur í greiðslum til tryggingastofnananna, en ég vil benda á, að hér er einungis greitt samkvæmt lögum.

Þá sagði hv. þm., að allar aukatekjur skyldu niður falla, en í frv. stendur:

„Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem unnt er að telja til aðalstarfs, aðrar en fyrir nauðsynlega eftirvinnu, svo og innheimtulaun þau, aukatekjur og skrifstofufé embættismanna, sem ætlað var til greiðslu starfslauna þess fólks, sem nú er tekið í launalög.“ — Og er ekki hægt að skilja þetta svo, að aukatekjur hjá innheimtumönnum falli niður, og er þessu því alveg snúið við hjá hv. þm.

Ég skal þá víkja að brtt., sem ég flyt ásamt hv. 7. landsk., á þskj. 978, en þar er lagt til, að aftan við 16. gr. skuli bætast ný málsgr., svohljóðandi:

„Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög skulu enn fremur sjá forstöðumönnum kaupstaðabarnaskóla og heimavistarskóla fyrir hæfilegu húsnæði. Skal slíkt húsnæði metið til launa skv. 34. gr., jafnt 1/5 hluta grunnlauna að viðbættri hækkun skv. húsaleiguvísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.“

En í þessu sambandi koma mér í hug ummæli hv. þm. Str., að níðzt væri á sveitarfélögunum með greiðslum til kennara, en þá má geta þess, að útlit er fyrir, að launagreiðslur til barnakennara í Reykjavík lækki að mun. En nú skal ég víkja að sjálfri tillögunni. Samkvæmt gildandi launal. hvílir sú skylda á bæjar- og sveitarfélögum að sjá skólastjórum fyrir húsnæði, og er þetta sett til að bæta lág laun þeirra og eins sökum þess, að nauðsynlegt er, að skólastjórar búi nærri eða í

skólanum, sem þeir veita forstöðu. Ég legg til, að þetta standi áfram í launal. Þetta gæti þó valdið missætti, og yrði að meta húsnæðið til launa og taka tillit til, hvernig ástatt er um íbúðirnar. Þar, sem skólastjórar búa í skólahúsum, má ekki meta íbúðirnar of hátt, þar eð þær eru ekki alls kostar heppilegar. En þar, sem um leiguíbúðir er að ræða, verður að fara eftir grunnlaunum og hækkun skv. húsaleiguvísitölu hvers tíma. Ég mæli því eindregið með því, að þessu ákvæði verði haldið í launalögunum.

Ég skal þá víkja að einni brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur við 37. gr., um aukatekjur og greiðslur fyrir aukastörf. Það er rétt, sem hv. frsm. tók fram, að þessi till. er miðlunartill., sem enginn er ánægður með og er niðurstaðan af tilraunum til að fá lausn á þessu. Það var upplýst af hv. frsm., að tekjur af innheimtulaunum árið 1943 hefðu numið allt að 300 þús. kr., og fullvíst má telja, að þær hækki, því að slysatryggingar hækkuðu um áramótin 1943 og 1944, svo og greiðslur til lífeyrissjóðs. Það, sem hér um ræðir, er einnig innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi og skipagjöldum. Víða hagar svo til, að sýslumenn eða bæjarfógetar annast ekki innheimtuna, heldur hreppstjórar, og rennur þá helmingur innheimtugjaldsins til hreppstjóranna. En samkv. till. meiri hl. er ætlazt til, að helmingur innheimtulaunanna renni til ríkissjóðs, ¼ til hlutaðeigandi embættismanns og ¼ til tryggingarsjóðs, sem fjmrn. varðveitir. Í sambandi við þetta hefur meiri hl. lagt til, að grunnlaun bæjarfógeta og sýslumanna hækki um 1500 kr.

Nokkrir tekjuhæstu embættismennirnir, þ. á m. bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík, verða fyrir stórkostlegri launalækkun. Ég hygg þó, að það, sem eftir verður af innheimtulaununum, nægi til að gera þann mismun, sem ég álít, að eigi að vera á þessum launum og öðrum.

Ég hygg, að eðlileg samræming á launum þessara embættismanna náist með því að greiða þeim ¼ innheimtulauna. Ég gat um, að af innheimtulaunum rynni ½ til hreppstjóra. Að vísu er till. orðuð svo, að ætlazt er til þessa, en til þess að taka af öll tvímæli um, að greiðsla þessi haldist, er brtt. á þskj. 976 flutt. Þar segir svo:

„Á eftir orðunum „iðgjöldum slysatrygginganna" í 3. mgr. till. komi: að frádregnum innheimtulaunum hreppstjóra."

Um önnur atriði þessarar gr. hygg ég, að ekki sé neitt sérstakt að segja.

Þá er að minnast á gjaldskrána fyrir héraðslækna um afslátt frá taxta, þegar sjúkrasamlag er annars vegar. Gjaldskráin hefur verið miðuð við, að læknarnir innheimtu sjálfir. Þessar tekjur hafa mjög farið eftir því, hvernig læknarnir hafa verið gerðir, og hefur sumum læknum ekki orðið mikill tekjuauki að þessu. Það hefur ekki þekkzt, að læknir hafi neitað um hjálp, þótt greiðsla væri ekki trygg. Í brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. (BSt) er lagt til, að þessar tekjur verði felldar niður með öllu, en í stað þess ákveði ráðherra, hvað mikla þóknun skuli greiða læknum fyrir úr ríkissjóði á hverjum tíma. En þá er að ákveða, hvað mikið skuli greiða. Í umr., sem fram hafa farið um þetta mál, kom fram frá ráðherra, sem við var, að hann taldi ógerlegt að ákveða upphæð þá, sem greiða skyldi árlega í uppbætur, og ekki væri hægt að leggja það undir vald ráðherra, bæði gæti ráðherra verið í vafa um, að framtal væri rétt, og í annan stað hygg ég, að það væri ekki ánægjulegt fyrir viðkomandi embættismann að sækja undir ýmsa ráðherra, hvað mikla upphæð þeir fái. N. hvarf frá þessu ráði eftir viðræður við ráðherra. Það hlýtur stundum að vera um talsverða fúlgu að ræða, t. d. hjá tollstjóra, eftir þeim tekjum, sem hann hefur haft. Það má segja, að því embætti fylgi nokkur fjárhagsleg áhætta, en slík áhætta fylgir starfi fjöldamargra embættismanna. Í rauninni er áhættuféð hluti af laununum, og virðist óheppilegt að hafa ákvæði sem þessi í lögum.

Ég held, að ekki sé gerlegt að fylgja till. hv. 1. þm. Reykv. Sá hluti innheimtulaunanna, sem ætlazt er til, að embættismaðurinn fái, nægir til að jafna þann mun, sem leiðir af því erfiði og amstri við embættið sem það er umfangsmeira. Tjón getur alltaf komið fyrir, það skal viðurkennt. Innheimtumenn geta glatað fé, mistalið og annað slíkt, en á löngum tíma eiga þessi skakkaföll ekki að vera svo mikil, að það fé, sem ætlað er til að greiða slíkt, nægi ekki. Ef fara ætti að greiða þá fúlgu út eftir langan tíma, yrði það til að raska öllu samræmi, það yrði óviðráðanlegt. Ég tel því ekki ráðlegt að samþ. þessa till. hv. 1. þm. Reykv. Ég tel, að með því að samþykkja hana náist ekki sá tilgangur að jafna það misræmi, sem hún átti að jafna.

Þriðja till. hv. 1. þm. Reykv. er um sama efni og till., sem felld var hér við 2. umr., — það er að segja, að þeir menn, sem nú sitja í embættum og stöðum, sem undir þessi l. falla, megi ráða því sjálfir, hvort þeir sitji undir eldri launal. áfram eða þessum. — Þessi till. hefur þann galla, að hún er fullkomlega óskiljanleg. Hvað eru laun samkv. þessu? Er það samkvæmt launal. eða samningum við forstöðumenn stofnananna? — Eða laun eins og greidd eru nú með öllum þeim uppbótum, sem þeim fylgja? Ef miðað er við föstu launin, hygg ég, að engir taki lækkun. Ef miðað er við 25%, hygg ég, að nokkrir taki lækkun. Vegna margflæktra uppbóta á föst laun gæti svo farið, að allir launaðir menn yrðu jafnir þeim, sem hæst höfðu. Ein meginástæðan til þess, að þetta frv. kom fram, var sú, að ósamræmi í launagreiðslum var orðið svo mikið, að ekki varð við það unað. Ég er sammála hv. flm., ef miðað er við lögbundin laun, en ekki, ef miðað er við laun, sem einhver ráðherra ákveður. — En eru innheimtulaun ekki laun líka? Vissulega. Það verður því að setja þeim ákveðin takmörk, t. d. að láta ¾ hluta þeirra renna í ríkissjóð.

Ég skal að lokum taka það fram, að eins og hv. þdm. er kunnugt, eru l. um alþýðutryggingar í endurskoðun, og er gert ráð fyrir, að henni verði lokið á þessu ári. Sé ég því ekki, að ástæða sé til að gera á þeim miklar breytingar. Mér þætti rétt að hafa föstu launin sómasamlega há, en telja ekki til þeirra nema lítinn hluta innheimtulaunanna.

Um till. hæstv. ráðh., sem hann gerði grein fyrir, er það að segja, að þar er ætlazt til, að ákvæði hennar nái einnig til þeirra, sem hafa laun undir 8000 kr. Þetta hlyti að raska allri flokkaskiptingu. Það þarf ekki mikla röskun, til þess að þeir, sem eru í 9. og 10. flokki, yrðu hærri en þeir, sem eru í 6. og 7. flokki.

Ég skal svo ljúka máli mínu, en ég tel heppilegast fyrir hv. d. að halda sér sem mest við till. nefndarinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla að leiðrétta hér ummæli hv. 3. landsk. (HG) um, að ég færi með rangt mál.

Hann belgdi sig mjög út, líklega af því, að hann hefur brugðizt öllum skyldum sínum við þá, sem hann telur sig vera umboðsmann fyrir hér á Alþ., en hefur gleymt því, að hann er landkjörinn. Það bendir allt til, að forstjórinn hafi haft augun betur opin fyrir einhverju öðru en hann átti að hafa og að hann hafi talið sig vera umboðsmann einhvers annars en ríkisins.

Hann vill láta fella niður innheimtulaun hjá öllum nema tollstjóranum í Reykjavík. En þm. hljóti að sjá, að ekki má láta sér detta í hug að láta þessi laun haldast hjá tekjuhæsta manninum, ef þau eru felld niður hjá þeim smæstu. Með því væri grundvellinum algerlega raskað.

Um greiðslur til barnakennara er það að segja, að áður báru sveitir og kaupstaðir ⅔ kostnaðarins, og hefur þeim verið lofað, að þeir skyldu ekkert þurfa að bera af honum. En nú eru þær samkv. þessu frv. látnar bera þetta að ⅓. Ef Reykjavíkurbær hefur grætt 200 þús. kr., áður en þetta var fært úr ⅓ í ⅔ hluta, þá hefur hann grætt alls 200 þús. kr., ef samningurinn hefur verið haldinn eins og tilskilið var. Það er furðulegt, að hv. 3. landsk. skuli leyfa sér að bera fram slíkar brtt. á Alþ. sem hann gerir hér. Það er ekki lítið atriði fyrir fátæka hreppa, hvort þeir eiga að bera ⅓ af þessum kostnaði eða hvort þeir eiga að vera lausir við hann, eins og lofað var. En hér er ekki farið eftir gömlu l., heldur því, hverju þeim var lofað. En hv. 3. landsk. virðist ekki hafa skilning um þau atriði, sem við koma samningum, hvort sem hann er orðinn svo vanur að bregðast pólitískum samningum sínum í sinni löngu stjórnmálasögu, — ég skal ekki um það segja. Hann virðist ekki hafa nokkra þekkingu eða löngun til þess að skilja innihald samninga, að minnsta kosti eftir því, sem hann hefur talað hér nú.

Ég verð að segja það út af því, sem hv. 3. landsk. talaði hér áðan um laun, að ég held, að engum blöðum sé um það að fletta, að yrði till. hans samþ., er átt við laun, sem menn hafa fengið hæst s. l. ár, hvernig sem þeir hafa fengið þau. Og ég skil ekki vel röksemdafærslu hv. þm. um það atriði. Hann hefur marglýst yfir hér í hv. d., að hann vildi ekki, að till. mín yrði samþ., við 37. gr., vegna þess að hann áliti, að þessir menn ættu fullan rétt á að halda þessum launum svo lengi sem þeir lifa og starfa, eftir að þetta frv. er samþ. Ef þetta er réttur skilningur, þá hlýtur hitt að vera jafnréttur skilningur, að ómögulegt sé með þessum l. að taka nokkurt gjald af þeim, sem hafa það samkvæmt öðrum l. Og það mun reynast erfitt, hvað sem samþ. er í sambandi við þessi l., að taka það af embættismönnum, sem ráðnir hafa verið í þau embætti undir öðrum l. og öðrum launakjörum. Ég er viss um það, að um það ganga dómar, áður en lýkur. Þess vegna furðar mig á því, að hv. 3. landsk., eftir að hann hefur lýst yfir því, að hann sé þeirrar skoðunar í málinu, skuli koma með brtt., sem fer í allt aðra átt en hann hefur lýst hér í d. Það sýnir, hve framúrskarandi einlægni hann hefur sýnt í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 976,1 samþ. með 10:2 atkv.
— 964,1—2 komu ekki til atkv.
— 964,3 samþ. með 9:2 atkv.
— 964,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 964,5 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, EE, HG, KA, LJóh, MJ, StgrA.
nei: ÞÞ, BSt, GJ, IngP, PHerm.
HermJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (PM, GÍG, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 964,6 samþ. með 9:2 atkv.
— 964,7 samþ. með 9:3 atkv.
— 976,2 samþ. með 9:2 atkv.
— 964,8—12 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, HG, KA, LJóh, MJ, StgrA.
nei: ÞÞ, BBen, EE, GJ, HermJ, PHerm.
BSt, IngP greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÍG, JJ, PM) fjarstaddir.

Brtt. 964,14—17 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, HG, KA, LJóh, MJ, StgrA.
nei: PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ, HermJ.
IngP greiddi ekki atkv.
3 þm. (PM, GÍG, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 964,18 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, HG, KA, LJóh, MJ, BBen, StgrA.
nei: GJ, PHerm, ÞÞ, BSt.
EE, HermJ, IngP greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÍG, JJ, PM) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér þykir að vísu 12 þús. kr. nægileg laun fyrir landlækni, en þar sem samþ. er hækkun á launum biskups, þykir mér rétt, að landlæknir sé líka hækkaður til samræmis, og segi því já.

Hermann Jónasson: Það er búið að samþ. aðrar 14 þús. með mótatkv. mínu o. fl. Brtt. eru svipaðar, og vegna samræmis læt ég till. afskiptalausa og greiði ekki atkv.

Bjarni Benediktsson: Með tilvísun til grg. hæstv. menntmrh. og að því viðbættu, að póst- og símamálastjóri og forstöðumaður Skipaútgerðar ríkisins hafa nú 14 þús. kr., tel ég samræmis vegna ekki annað hægt en landlæknir fái sömu laun og segi því já.

Brtt. 964,19 (launaákv.) samþ. með 10:2 atkv.
— 974 (2. málsgr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 857 tekin aftur.
— 976,3 samþ. með 9:1 atkv.
— 964,20—21 samþ. með 9:3 atkv.
— 985 felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, BrB, EE, StgrA.
nei: LJóh, PHerm, ÞÞ, BBen, GJ.
HG, HermJ, IngP, MJ, BSt greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, PM, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 964,22 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BrB, EE, HG, KA, LJóh, MJ, StgrA.
nei: ÞÞ, BBen, GJ, HermJ.
IngP, PHerm greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, GÍG, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 978 felld með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, HG, KA, StgrA.
nei: ÞÞ, BBen, EE, GJ, LJóh, MJ.
BSt, HermJ, IngP, PHerm greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÍG, JJ, PM) fjarstaddir.
Brtt. 964,23 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, BBen, EE, HG, HermJ, KA, LJóh.
nei: PHerm, ÞÞ, BSt. GJ.
BrB, IngP, StgrA greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, GÍG, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 981 samþ. með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen.
nei: GJ, KA, StgrA.
HG, HermJ, IngP, PHerm, BSt, BrB greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÍG, JJ, PM) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerðu grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Til samræmis við laun hliðstæðra embættismanna segi ég já.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér sýnist vera kominn svo mikill glundroði á launakjör hæst launuðu embættismannanna, að óhjákvæmilegt sé að gerbreyta þessari gr. í Nd., og greiði ég þess vegna ekki atkv. um þessa brtt.

Brtt. 964,24—26 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 964,27—29 samþ. með 10:2 atkv.
— 964,30 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 964,31—32 samþ. með 9:3 atkv.
— 964,33 felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJóh, MJ, HG.
nei: HermJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ.
IngP, BBen, BrB, EE, StgrA greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJ, PM, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 886 samþ. með 10:6 atkv.
— 969 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt, BBen, EE, GJ.
nei: KA, LJóh, MJ, ÞÞ, BrB, GÍG, HG, StgrA.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
Brtt. 984 samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, KA, PHerm, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, StgrA.
nei: JJ, LJóh, MJ, GÍG, HG, HermJ.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
Brtt. 975,1 tekin aftur.
— 964,34, svo breytt, samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, EE, HG, IngP, KA, StgrA.
nei: GÍG, LJóh.
ÞÞ, BSt, GJ, HermJ, JJ, MJ, PHerm greiddu ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég greiði ekki atkv., vegna þess að ég er mótfallinn einni málsgr. þar.

Gísli Jónsson: Með því að hæstv. forseti sá sér ekki fært að bera upp 2. lið málsgr. sérstaklega, fer fyrir mér eins og hv. 1. þm. Eyf., að ég er með og móti og get því ekki greitt atkv.

Magnús Jónsson: Ég er með sumu, en móti sumu og greiði ekki atkv.

Brtt. 964,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 714 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, GJ, IngP, JJ, LJóh, PHerm.
nei: BBen, EE, GÍG, HG, MJ, ÞÞ.
BrB, HermJ, KA, StgrA greiddu ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Með tilvísun til þess, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr. og rökstuddi þá, að ég telji brtt. óþarfa, þar sem sjálfsagt er, að heimilt sé að breyta þessu með nýjum l., segi ég nei.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Með tilvísun til grg. hv. 6. þm. Reykv. um, að till. sé óþörf, greiði ég ekki atkv.

Lárus Jóhannesson: Ég er sammála hv. 6. þm. Reykv., að þessi till. sé óþörf, því að ég er ekki í vafa um, að það má breyta l. En þar sem gagnstæð skoðun hefur komið fram og ég sé ekki annað en hún sé meinlaus, segi ég já.

Brtt. 927 felld með 9:4 atkv.
— 868 felld með 9:6 atkv.
— 983 felld með 9:3 atkv.
— 975,2 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, MJ, BrB, GÍG, StgrA.
nei: HermJ, IngP, JJ, LJóh, PHerm, ÞÞ, BBen, GJ, HG.
BSt, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég tel að vísu, að þetta ákvæði sé í samræmi við þann samning, sem fyrst var gerður um þetta mál. En með því að þeir menn, sem um málið hafa fjallað og bera þessa till. fram, hafa gengið svo langt í brigðmælum út af þeim samningi, sé ég ekki ástæðu til þess að lofa þeim að gera það hér og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, EE, StgrA.
nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, GJ.
BSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Ég tel að vísu, að frv. hafi verið mjög spillt með því að fella úr því stóran kafla, sem hefði orðið til þess að samræma laun þeirra manna, sem raunverulega eru í þjónustu ríkisins, og ég tel, að með þessu hafi verið gefizt upp við að ná einum höfuðtilgangi þessarar lagasetningar og algerlega sé rofinn sá samningur, sem

um þetta var gerður í sambandi við stjórnarmyndunina. Þrátt fyrir það mun ég greiða atkv. með frv. í því trausti, að Nd. muni leiðrétta þetta, þar sem vitað er, að hún mun koma með brtt. við frv., og þá kemur málið aftur til atkvgr. hér, og segi ég því að svo stöddu já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 116. fundi í Nd., 31. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 996).

Á 117. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til n. og verði athugað þar. Í því sambandi langar mig til að benda hv. n. á nokkur atriði, sem mig langar til, að hún athugi sérstaklega.

Fyrst er hlutfallið á milli launa dýralækna og mannalækna. Þessir tveir flokkar manna þurfa að hafa nákvæmlega jafnlangan námsferil til undirbúnings starfi sínu. Svo koma dýralæknarnir í embætti, sem eru mjög misjöfn að aukatekjum. Mannalæknaembættin eru það líka. En ég held, að hver mannalæknir á landinu hafi á undanförnum árum haft töluvert meiri aukatekjur en þeir dýralæknar, sem minnst hafa haft. Dýralæknar eiga eftir þessu frv. að hafa 5400—7200 kr. á ári, og þeir eiga að starfa í heilum landsfjórðungi og hafa því stórt svæði að ferðast yfir. En mannalæknarnir hafa miklu hærri laun eða 6000—7800 kr. a. m. k. Og þeir hafa í aukatekjur um 20—60 þús. kr. á ári. Þá er ætlazt til þess, að mannalæknunum sé skapaður taxti til að selja verk sín eftir. En dýralæknunum er ekki skapaður neinn slíkur taxti. Ég bið n. að athuga þetta. — Ég slæ engu föstu um það, hvort dýralæknar eigi að hækka í launum eða mannalæknar að lækka. En ég slæ því föstu, að í þessu er ekki samræmi. Og þetta þarf að athuga.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að skattstjóranum í Reykjavík, sem á hvíla einhver hin mestu ábyrgðarstörf, sem hvíla yfirleitt á opinberum starfsmanni hér á landi, — því að hann á að úrskurða skattana á ákaflega mikinn fjölda landsmanna og þ. á. m. ýmsa þá, sem hæstar tekjur hafa, og veltur því mikið á, að hann sé glöggur maður og ræki embætti sitt vel, — honum eru ætlaðar í laun 11100 kr. eða sams konar laun og sýslumönnum. En það er allt annað starf, sem hvílir á honum en sýslumönnum, og ábyrgðarmeira starf, sem miklu meira er undir komið, að vel sé rækt, en flest embætti, sem höfð eru í þessum flokki. Vegamálastjóri hefur t. d. hærri laun eftir frv. Hann hefur að vísu mikið starf með höndum, en það skiptir allt öðru máli fyrir ríkisheildina en skattstjórastarfið, og fyrir ríkisheildina er miklu meira komið undir skattstjórastarfinu en starfi vegamálastjóra.

Þá eru í þriðja lagi þeir starfsmenn, sem langverst eru launaðir af öllum starfsmönnum ríkisins, en þó hafðir utan við þetta frv., og það eru stöðvarstjórar við II. fl. stöðvar úti um allt land. Þeir verða að sitja á stöðinni í 5 klst. og oft 6—7 klst. á dag, af því að ekki næst afgreiðsla á 5 tímum. Sumir þessara manna hafa nú í laun innan við 100 kr. á mánuði. Þessum flokki manna, sem er allfjölmennur, gengur frv. alveg fram hjá, eins og hann sé bara ekki til. En hvaða réttlæti er í því, úr því að verið er að samræma launakjör, að sleppa þessum hópi manna? Ég tel ekkert réttlæti í því á neinn hátt.

Þessi þrjú atriði vil ég biðja n. að athuga.

Enn fremur vil ég biðja n. að athuga eitt atriði og spyrjast fyrir um, hvort hún sjái ekki ástæðu til að flytja þáltill. hér í hv. d. því viðkomandi. Hér á ég við það, að þegar búið er að hækka laun eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að gert verði, — og þó að það kynni nú ekki allt að verða samþ., — þá leiðir af því óhjákvæmilega, að ýmsar stofnanir, sem starfa fyrir opinbert fé, verða að hækka laun við starfsmenn sína, þó að þessir starfsmenn séu ekki teknir í frv. þetta, eins og það er. Ég á hér við héraðsskólana, gagnfræðaskólana, húsmæðraskólana, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands o. s. frv. Við mjög lauslega athugun virðist mér, að það sé um liðuga hálfa millj. kr., sem þessar stofnanir samtals verða að hækka laun við starfsfólk sitt, eftir að launal. þessi hafa verið samþ. í einhverri mynd. En margar þessara stofnana eru þannig settar, að með styrk þeim, sem þeim nú er ætlaður frá ríkinu á fjárl., geta þær ekki haldið áfram starfi, heldur verður starf þeirra að stöðvast, ef þær eiga að hækka laun hjá starfsfólki sínu sem nemur launahækkuninni í þessu frv. yfirleitt. Það verður því að hækka starfstillag til þessara stofnana, og það þarf að athuga þegar á þessu þingi. Ég bið n. þá, sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar, að athuga það, hvort ekki þurfi að flytja till. til þál. um að heimila ríkisstj. að hækka styrk til þessara skóla og stofnana, sem ég nefndi, og fleiri, svo að starf þeirra leggist ekki niður, heldur geti haldið áfram á sama hátt og verið hefur. Slík hækkun mundi verða afleiðing af þessum launal., og því er eðlilegt og sjálfsagt, að n., sem fær þetta frv. til athugunar, geri sér grein fyrir því, hversu hér þarf að hækka og hvaða till. þurfi að gera þar um.

Það er að vísu ýmislegt fleira, sem ég vildi gjarnan benda á. En ég þykist vita, að lögð sé áherzla á, að þetta frv. komist fljótt til n. Skal ég því ekki hafa um þetta fleiri orð. En þessi fjögur atriði, sem ég benti á, vona ég, að n. taki til athugunar og lagi það ósamræmi, sem mér virðist hér vera í sambandi við þau í þessu frv., og að öðru leyti skapi skilyrði til þess, að þær stofnanir, sem bani er búinn með þessari löggjöf, ef ekki er meira að gert, geti haldið áfram að starfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 132. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 996, n. 1137, 1142 og 1143, 1136).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Herra forseti. — Þó að hér sé um mikilvægt mál að ræða, þá tel ég, að ekki sé þörf ákaflega langrar framsögu um

það. Hv. dm. er svo kunnugt, hvernig þessu máli er háttað. Launal., sem nú að nafninu til er búið við, eru orðin það gömul, frá 1919, að öllum er ljóst, að þau eru á eftir tímanum. Eftir þeim er lítið farið, auk þess sem settar hafa verið á stofn ýmsar stofnanir, síðan þau voru sett, og um laun í þeim eru að sjálfsögðu engin ákvæði í l. Þau laun hafa verið ákveðin ýmist með sérstökum l. eða af ríkisstj. og eru í algeru ósamræmi við það, sem ákveðið er í launal. Fyrir þessu öllu er rækileg grein gerð í grg., sem fylgdi upphaflega frv., er lagt var fram í Ed. af n. þeirri, sem starfaði að þessum málum 1943 samkv. ákvörðun fyrrv. ríkisstjórnar.

Í grg. n. er meðal annars vakin athygli á því, að launal. frá 1919, sem voru þannig úr garði gerð, að grunnlaun voru yfirleitt sett 25% hærri en miðað var við í upphaflegum launastiga í þeim till., er þá lágu fyrir, 25% hærri en væri miðað við verðlag fyrir stríð. Það var þá ljóst, árið 1919, að verðlag í landinu var svo gerbreytt frá því, sem var fyrir stríð, að ekki var við það unandi að miða launaákvæði starfsmanna ríkisins við verð, sem var fyrir þann tíma. Hins vegar kom það í ljós síðar, að þessi 25% hækkun grunnlaunanna hrökk ekki til þess að bæta upp þann mismun, sem varð á verðlagi eftir stríð. Þó að menn gerðu sér vonir um, að verðlag lækkaði aftur í námunda við það, sem það var fyrir stríðið, varð reyndin sú, að til þess kom ekki.

Verðlag fór lækkandi næstu ár, en vísitalan komst þó, eftir að verðlag lækkaði, aldrei niður fyrir 220—230 móti hundraði fyrir stríð. Dýrtíðin komst aldrei lengra niður en 120—130%. En hins vegar var þá tekin upp sú aðferð að bæta upp laun með dýrtíðaruppbót, sem kölluð var, aðeins að takmörkuðum hluta launanna, en var felld niður 1933, að mig minnir. Af þessu leiddi svo, að þá þegar var tekið upp að fara kringum sett launal. og reglur, og launauppbætur voru veittar með ýmsu móti alveg á snið við launal. Af þessu hefur síðan skapazt slík ringulreið í launagreiðslum ríkisins, að hrein vandræði hafa orðið. Í sumum stofnunum eru laun miklu hærri en í öðrum, og dæmi eru til þess, að í sumum stofnunum eru laun til starfsmanna jafnvel komin upp fyrir það, sem ráðherralaun hafa nokkurn tíma verið.

Af þessu er sýnilegt, að því fer fjarri, að þeir menn hafi rétt fyrir sér, sem halda því fram, að ekki sé tímabært að endurskoða launal. Það er augljóst, að því lengra sem þetta dregst, því meiri ringulreið og misræmi er í því og því erfiðara verður að koma þessu í lag og samræma launin. Þeir, sem unnið hafa að þessum málum hér á þingi og í mþn., hafa haft tækifæri til þess að sannfærast um þá ringulreið, sem er í þessum málum, og hve nauðsynlegt er að samræma launin, þegar stórhópar komast í óeðlilega há laun. Og eftir því, sem tímar líða, er hætta á því, að þetta misræmi verði til þess að hækka laun hjá ríkissjóði stórkostlega frá því, sem þyrfti að vera. Ég og meiri hl. fjhn. teljum þess vegna brýna nauðsyn á því, að tafarlaust verði komið á nýrri launalöggjöf.

Samkv. niðurstöðu launamálan. er gert ráð fyrir því, að grunnlaunahækkunin muni nema um 1 millj. og 100 þús. kr., og er það sem næst 11% af þeirri launafúlgu, sem greidd var að undanförnu. Samkv. þessu hefur heildarhækkun á launagreiðslum samkv. till. mþn., miðað við vísitölu 274, átt að vera nokkuð á þriðju millj. kr. Nú er talið, eins og frv. er frá Ed., að launahækkun samkv. því muni nema um 6 millj. kr. Þar skeikar ekki nema um helming. Það er hægt að gera sér grein fyrir því, hvernig á þessu stendur, því að í niðurstöðum launamálan. er byggt á því, að hækkun grunnlaunanna frá því, sem áður var, sé ekki nema rúmlega 1 millj. kr., og enn fremur á því, að launauppbætur, sem greiddar hafa verið starfsmönnum í einstökum stéttum, kennurum, prestum og sýslumönnum og bæjarfógetum, uppbætur, sem verðlagsuppbætur hafa ekki verið greiddar á, og verður það, þegar verðlagsuppbætur samkv. frv. bætast við, vitanlega meiri hækkun en sú, sem svarar grunnlaunum. Þar við bætist, að Ed. hefur gert nokkrar breyt., sem allar eru til hækkunar. Og mun því láta nærri, að launahækkunin samkv. frv. geti numið þeirri upphæð, sem talið er. En einmitt þetta, að launin hækka í meðförum þingsins, styður það, sem ég sagði. — Í frv., eins og það kom frá launamálan., var gerð lækkun á launum í ýmsum starfsgreinum, og nemur sú lækkun um 280—290 þús. kr. En þessi lækkun á launum starfsmanna í einstökum stéttum hefur vakið svo mikla andstöðu meðal þeirra manna, að Alþ. og Ed. hafa ekki séð sér annað fært en koma nokkuð til móts við þá, sem hér eiga hlut að máli, og hækka grunnlaunin frá því, sem mþn. lagði til.

Því lengur sem dregst að koma skipulagi á þetta, því erfiðara verður að fást við það. Dæmi eru til þess, að laun einstakra starfsmanna hafa samkv. frv. lækkað um 2—3 þús. kr. og jafnvel yfir það. Það er skiljanlegt, að þetta er tilfinnanleg rýrnun á lífnaðarháttum manna. Það er svo ástatt, að í þessari n., sem undirbjó málið, voru fulltrúar frá starfsmönnum. Ber þess að geta, þótt þeir hafi fallizt á till., eins og þær liggja fyrir, og þar með á þessa launalækkun, að þeir hafa gert ráð fyrir því, að slík launalækkun mundi ekki verða látin koma til framkvæmda gagnvart þeim mönnum, sem nú eru starfandi og komnir í hærri laun. Og í frv. var ákvæði, þar sem beinlínis var tekið fram, að l. komi ekki til framkvæmda gagnvart starfsmönnum, sem þegar eru komnir í hærri laun en frv. heimilar. Nú hefur sú grein verið felld niður, og launalækkanirnar eiga því að koma til framkvæmda, þegar lögin öðlast gildi.

Fjhn. Nd. hefur ekki haft þetta frv. lengi til meðferðar og að sjálfsögðu allt of lítinn tíma til þess að athuga þetta nákvæmlega. Og enginn vafi er á því, að betur hefði mátt samræma launakjörin en Ed. hefur tekizt að gera og fjhn. Nd. gerir till. um. En n. vildi ekki eiga sök á því, að þingið þyrfti að bíða vikum saman eftir því að fá tækifæri til þess að afgr. þetta mál, og hraðaði störfum eins og henni var frekast unnt og leggur fram tiltölulega veigalitlar till. við frv. Þessar brtt. eru ýmist til hækkunar eða lækkunar, og gerir n. ráð fyrir því, að þær hafi mjög lítil áhrif á niðurstöðu frv. að því leyti að auka eða draga úr útgjöldum ríkissjóðs. En tími hefur ekki unnizt til þess að láta reikna þetta nákvæm-

lega út, en ég tel engan vafa á því, að það sé rétt álitið, að þessar till. breyti litlu.

Ég skal svo víkja að því að gera grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur. N. vann að málinu óklofin, — það er að segja: Það var ekki gengið úr skugga um afstöðu einstakra nm. til frv., áður en teknar voru upp umr. um breyt. á því, og standa þess vegna allir nm. nokkurn veginn jafnt að þeim breyt., sem hér liggja fyrir, og þó að þær séu fluttar af n., hafa þær ekki náð samþykki allra nm. Margar þeirra eru samþ. með einföldum meiri hl., og er þá áskilið, að nm., sem voru á móti þeim í n., greiði atkv. móti slíkum till., og hafa allir nm. óbundnar hendur að þessu leyti.

Yfirleitt held ég, að segja megi, að flestir nm. standi að till. Svo er að minnsta kosti um till. á þskj. 1136, þar sem lagt er til, að laun í 1. fl. lækki um 1000 kr. En samkv. frv. eru það aðeins ráðh., sem eiga að taka þau laun, en hæstaréttardómarar taki laun í næsta launafl., 15000 kr. N. leggur til, að þau laun skuli bæði ráðh. og hæstaréttardómarar fá. Hér er um að ræða æðstu embættismenn í þjónustu ríkisvaldsins, annars vegar dómsvaldið og hins vegar framkvæmdavaldið. Það er augljóst, að dómsvaldið á ekki að bera meira úr býtum en framkvæmdavaldið, og í rauninni því síður, þegar þess er gætt, að hæstaréttardómarar eru sviptir ýmsum réttindum, sem aðrir eru ekki sviptir. T. d. er þeim bannað að eiga þátt í fyrirtækjum og hafa aukastörf, sviptir kosningarrétti, sem hefur að vísu ekki fjárhagsþýðingu, en að minnsta kosti er það víst, að möguleikar þeirra til tekjuöflunar eru takmarkaðir meira en annarra. Því er það, að n. leggur til, að ekki verði gerður munur á launum þessara embættismanna.

Þá hefur n. lagt til, að í næsta launaflokki verði launaupphæðin að vísu óbreytt, en nokkrir verði felldir úr þeim flokki. Það, sem stendur til, er, að í þeim flokki verði yfirlæknir Landsspítalans, forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans og yfirmaður röntgendeildarinnar, sem n. skildist, að ætti að taka hæstu laun í þessum flokki, þó að vafasamt sé, að það sé augljóst af orðalagi frv. Hins vegar leggur n. til, að nokkrir verði felldir úr þessum flokki og færðir í næsta flokk og laun hans jafnframt hækkuð í 13000 kr. úr 12000 kr. Þeir, sem n. leggur til, að verði þannig færðir milli flokka, eru landlæknir, biskup, vegamálastjóri og forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. Auk þess leggur n. til, að færðir verði upp í þann flokk vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins, sem samkv. frv. eiga að hafa 12000 kr.

N. lítur svo á, að starf póst- og símamálastjóra sé nokkuð sérstakt borið saman við störf annarra embættismanna ríkisins, þar sem hann hefur þýðingarmikið mál meðferðis, sem hann er fulltrúi fyrir og á að semja um við erlendar póst- og símamálastjórnir. Og að þessu leyti verður að telja málið ósambærilegt við önnur embætti, sem lúta meira að starfsemi innan lands.

Um prófessorinn í læknisfræði, sem jafnframt er yfirlæknir Landsspítalans, er það svo, að hér er um að ræða menn, sem gætu vegna hæfileika sinna haft miklu meiri tekjur af starfi sínu með því að stunda lækningar sjálfstætt en þau laun eru, sem þeir fá í þjónustu ríkisins, þó að launin séu eins há og hér er gert ráð fyrir. Sama má segja um forstöðumann Rannsóknarstofu háskólans, og í raun og veru mætti segja slíkt um alla, sem kenna læknisfræði við háskólann, þó að ekki sé lagt til, að munur sé gerður á þeim og öðrum kennurum hjá þessari stofnun.

Eins og ég sagði, leggur n. til, að vita- og hafnarmálastjóri sé settur í þennan flokk í staðinn fyrir þann, sem hann var áður í. N. taldi, að starf hans sé fullkomlega sambærilegt við starf vegamálastjóra og ekki sé ástæða til þess að gera þann mun á launakjörum þessara starfsmanna, sem í frv. er gerður. Húsameistari ríkisins hefur að undanförnu haft sömu laun og vegamálastjóri, og n. hefur ekki séð ástæðu til þess að breyta því.

2. breytingin á þskj. 1136 er um að fella niður tvær síðustu málsgr. við 2. gr. frv. Eins og hv. þm. vita, er 2. málsgr. um það, að nokkrir starfsmenn í VII.—IX. launaflokki taki hámarkslaun þessara flokka frá upphafi. Rétt hefur þótt, að nokkrir starfsmenn í þessum flokki taki hámarkslaun þegar í stað. Það eru starfsmenn, sem hafa gegnt sams konar störfum áður.

Það er óþarfi að taka þetta sérstaklega fram, því að það kemur fram í viðkomandi gr. frv.

Hin málsgr., sem n. leggur til, að felld sé niður, er um það, að símvirkjar og útvarpsvirkjar í 2. flokki verði færðir upp í 1. flokk, þegar þeir hafa lokið tilskildu prófi. Meiri hl. n. taldi þetta ekki heppilegt, heldur taldi hann, að þessir starfsmenn ættu að hækka eftir flokkum eftir því, hvernig þeir reyndust í starfi sínu. Það væri óhyggilegt, að þeir gætu hækkað í flokkum án tillits til þess, hvernig starf þeir leysa af hendi. Það er ekki nema sjálfsagt, að þeir, sem leysa starf sitt svo af hendi, að af ber, verði látnir njóta þess, en ekki er ástæða til þess að láta hina, sem miður gera, fljóta með þeim til betri kjara. Hins vegar leggur n. til, — að ég hygg, einróma, — að þessir starfsmenn verði fluttir upp um einn flokk.

Þá er breyt. við 3. gr., a-liður. Þar er lagt til, að ráðherralaun verði lækkuð úr 16000 í 15000 kr.

Þá er b-liður, sem n. leggur enga áherzlu á, en sú brtt. er sett inn í frv. eftir ósk hæstv. ríkisstj. og utanrrn. Það hefur skrifað n. og mælzt til þess, að sett yrði inn í frv. „deildarstjórar í utanríkisráðuneyti.“ Er talið nauðsynlegt að hafa slíka starfsmenn við sendiráðin erlendis, því að þegar þeir flytjist heim til bráðabirgða, þá eigi þeir að hafa sambærileg laun við sendiráðsritara. En það eru ekki þau laun, sem gert er ráð fyrir í frv. fyrir deildarstjóra, 10200 kr., sem eru laun sendiráðsritara, heldur eru laun þeirra ákveðin 7200—9600 kr. Hitt má vel vera, að nauðsynlegt sé að hafa hærri laun fyrir þessa menn, þegar þeir um tíma kynnu að flytjast heim, vegna hlunninda, sem þeir hafa erlendis í starfi sínu, en á því voru þessi tilmæli byggð. Færði n. þetta því til samræmis fyrir þau rök, sem færð hafa verið fyrir nauðsyn þessa starfs.

Þá er c-liður, um breyt. á 3. gr., þar sem taldir eru upp starfsmenn í 7. launaflokki, og fellur þá niður svigasetningin á eftir. Mér virðist miklu eðlilegra, að það sé beint tekið fram, að fulltrúar ríkisbókara og ríkisféhirðis skuli teljast fulltrúar I. flokks.

Þá leggur n. til, að úr 6. lið falli niður orðin: „og aðstoðarmenn í utanríkisráðuneyti“. Þetta hefur verið sett inn í frv. eftir ósk utanrrn. og

er byggt á því, að þessir starfsmenn þurfi að hafa fullkomnari hæfileika og undirbúning til þess að sinna þessu starfi en aðstoðarmenn yfirleitt í öðrum starfsgreinum í stjórnarráðinu. En þá virðist n. auðvelt að bjarga því við með því að telja þá fulltrúa 2. fl. Það er til þess ætlazt, að þeir taki sömu laun og fulltrúar 2. fl. Hins vegar telur n., að séu aðstoðarmenn í utanrrn. settir í hærri fl. en aðstoðarmenn í öðrum ráðuneytum, þá sé það til þess fallið að vekja óánægju meðal þessara starfsmanna, og telur n. óþarft að stofna til slíks.

E-liður er um það að bæta inn í gr. „ritarar 1. flokks", — og þykir fara vel á því, en annars hefur það enga praktiska þýðingu.

Þá leggur n. til, að orðin „í London, Washington og Moskva" í 1. lið 4. gr. falli niður. Er þetta í samræmi við till. ráðun., sem telur ekki henta að tilgreina staðina, því að svo geti farið, að hentara þyki að hafa sendiherra á öðrum stöðum eða fleiri stöðum, og féllst n. á þá skoðun.

Þá er till. við 6. gr., að á eftir 2. lið komi nýr liður: „Fulltrúi 2. flokks ... laun 6600—9000 kr." Þetta var gert eftir tilmælum hagstofustjóra, sem sagði, að ekki væri að vísu geti farið, að hentara þyki að hafa sendiherra á öðrum stöðum, og féllst n. á þá skoðun.

Þá er till. við 6. gr., að á eftir 2. lið komi nýr liður: „Fulltrúi 2. flokks ... laun 6600—9000 kr." Þetta var gert eftir tilmælum hagstofustjóra, sem sagði, að ekki væri að vísu starfandi neinn fulltrúi 2. flokks við hagstofuna, en það hefði verið áður, og hann vænti þess, að hann gæti fengið slíkan mann aftur, og þá færi betur á því að gera ráð fyrir honum í lögunum.

Þá er brtt. við 7. gr., að hæstaréttarritari sé hækkaður úr 6600—9000 kr. upp í 7200—9600 kr. Samkvæmt frv. er honum ætlað að taka laun eins og fulltrúa 2. fl., en það er vitað um núverandi hæstaréttarritara, að hann var talinn fulltrúi 1. fl., áður en hann tók við þessu starfi, og hefur því skilyrði til að vera fulltrúi 1. fl., og þykir ekki fara vel á því, að starfsmaður hæstaréttar sé lægra settur en fulltrúar 1. flokks.

Þá er brtt. við 8. gr. samkvæmt tilmælum tollstjóra, a-liður, að á eftir 4. lið (aðalféhirði) komi nýr liður: „Fulltrúar 2. fl. hjá tollstjóra ... 6000—8400 kr." Tollstjóri gerði þá grein fyrir þessu, að það mundi hentara að hafa þetta stórt stig til þess að geta hækkað smátt og smátt í starfinu. Ef þessu stigi væri sleppt, mundi afleiðingin verða sú, að stökkið yrði stækkað, og væri það sízt til bóta fyrir ríkissjóð. N. hélt líka, að þetta gæti einnig leyst annað vandamálið, sem Ed. hafði búið til í frv., þar sem hún síðar í gr. setti tollvarðstjóra og tollverði. Hún hækkaði tollverði um einn flokk, og eru þeir þá komnir í sömu laun og tollvarðstjórar, en það getur ekki átt við, að þeir séu í sömu launum og undirmenn. N. virtist, að á þessu mætti ráða bót með því að setja inn nýjan fl., ef nauðsyn bæri til, og samkvæmt því leggur hún til, að 9. liður (tollvarðstjórar) falli niður, en „tollverðir" verði einir eftir, og má skilja það á þann veg, sem nauðsyn ber til.

Varðandi 10. gr. hefur meiri hl. n. samþ. að hækka laun skipaskoðunarmanna og bifreiðaeftirlitsmanna úr 5400—7200 upp í 6000—7800 kr. Þessi hækkun er gerð samkvæmt tilmælum, sem n. bárust.

Þá er brtt. við 11. gr. a (landlæknir), lækkun úr 14 þús. í 13 þús. kr.; b-liður er aðeins breyt. á orði, fyrir „Yfirberklalæknir" komi: Berklayfirlæknir.

c-liður, að 5. lið skuli orða svo (svigasetn. á eftir fellur niður): „Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri 11100 kr." Þetta er orðalagsbreyt., og þykir fara betur svona.

d-liður er um, að yfirhjúkrunarkonur hækki úr 6000—8400 kr. í 8400 kr. Hér er lagt til, að hjúkrunarkonur við sjúkrahús með yfir 80 sjúklinga fái hámarkslaun þegar í upphafi, vegna þess að allar líkur eru til, að í yfirhjúkrunarkvennastörf komi hjúkrunarkonur, sem hafi verið í næsta fl. fyrir neðan, en undir öllum kringumstæðum hjúkrunarkonur, sem hafa slíkan feril að baki sér, að rétt sé, að þær komi þegar í hámarkslaun.

Við 12. gr. gerir n. þá till., a-liður, að yfirdýralæknir og dýralæknar (b-liður) verði hækkaðir um einn flokk. Það var orðað við 1. umr., að ósanngjarnt væri að gera svo mikinn mun á þessum launum sem gert var í frv., og n. bárust líka kvartanir úr öllum áttum. Gat hún fallizt á þessa breyt., þar sem um fáa starfsmenn er að ræða og því ekki fjárhagsatriði.

Þá er brtt. við 13. gr. a. Fyrsti liður (biskup): Fyrir 14 þús. kr. komi 13 þús. kr. og b-liður, að biskupsritari verði færður upp í sömu laun og vígslubiskupar og prófastar, hækkun um tvo flokka. Ég geri ráð fyrir, að allir geti verið sammála um það, að þessi starfsmaður eigi að vera hærra launaður en hann er í frv., en það má deila um það, hvort ástæða hafi verið til að færa hann upp um tvo fl., þótt að vísu hefði farið vel á því, að biskupsritari og söngmálastjóri væru saman.

Þá leggur n. til, að vígslubiskupar og dómprófastar verði í sömu launum og prófastar.

Við 14. gr. gerir n. þá brtt., að háskólabókavörður verði fluttur niður um tvo flokka og settur í sama fl. og háskólaritari. Bókasafn háskólans er hvergi nærri eins stórt og landsbókasafnið, og starf bókavarðar þar getur þess vegna ekki verið eins umfangsmikið og starf landsbókavarðar, en samkvæmt frv. eru háskólabókaverði ætluð sömu laun og landsbókaverði. Meiri hl. n. taldi ekki ástæðu til að setja þetta starf svo hátt, að það jafngilti prófessorsembætti, — en um það má deila, hvort ástæða hefði verið til að fara þarna milliveg. En mestu mun hafa ráðið um, að till. varð eins og hún er, að háskólaritari er í þeim fl., sem n. leggur til, að háskólabókavörður verði í.

Við 15. gr. gerði n. þá brtt. við a-lið, að fyrir „vísindastofnana" komi: stofnana. Leggur n. á það enga áherzlu, hvort till. verður breytt eða ekki, en þó varð um það samkomulag að breyta þessu orði.

Þá gerir n. þá breyt. á þessari gr. (b-lið), að forstjóri veðurstofunnar hækki um einn fl. og að bætt verði þar við nýjum starfsmanni. Veðurstofustjóri taldi nauðsynlegt, að gert væri ráð fyrir slíkum manni, sem gæti verið þar yfirmaður í stað veðurstofustjóra, og hvílir þá meiri ábyrgð á þessum manni en öðrum veðurfræðingum, sem við stofnunina starfa. Gat n. á þetta fallizt.

Þá er aths. aftan við gr., svo hljóðandi: „Ef sérfræðingur atvinnudeildar hefur á hendi kennslu við háskólann án sérstakra launa, er ráðh. heimilt að ákveða, að hann taki sömu laun og prófessorar (11100 kr.)." Þessi till. er flutt eftir tilmælum kennslumrh., og getur n. fallizt á, að hentugt sé að hafa þessa heimild vegna þess, að við þessa stofnun starfa ýmsir menn, sem færir eru um að

taka að sér kennslu við háskólann, ef um það væri að ræða að taka upp kennslu í slíkum greinum. Það mundi t. d. vera hentugt að fá efnafræðinga við atvinnudeildina til þess að taka að sér slíka kennslu.

Þá er brtt. við 16. gr. þar virðist hafa fallið niður í prentun orðið „minnst“ aftan við „kennslustarf“, og leggur n. til., að þessu orði verði aftur bætt inn í frv.

Þá er 18. gr., að orðin „útvarpsvirkjar 2. fl.“ í þriðja lið að aftan falli úr þessum lið, en bætist við næsta lið á undan. Er það til samræmis við það, sem annars staðar er.

Þá er brtt. við 20. gr., að vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri og húsameistari ríkisins verði allir settir í sama launaflokk. — Í öðru lagi er lagt til að setja þar inn nýjan flokk, þ. e. yfirverkfræðing. Eins og er, þá eru allir verkfræðingar í sama launaflokki. En það er augljóst, þegar um jafnstóra stofnun er að ræða, að nauðsynlegt er að hafa mismunandi stig, eftir því, um hve mikið umfangs- og ábyrgðarstarf er að ræða. N. leggur því til, að þessi verkfræðingur sé settur einum flokk hærra en almennir verkfræðingar, og leggur enn fremur til, að þau laun verði einnig ákveðin skrifstofustjóra vegamálastjóra, sem hefur mjög mikið starf og oft verður að vera í forsvari fyrir hönd vegamálastjóra, þegar hann er fjarverandi, svo að hann þarf ekki aðeins oft og einatt að gegna fyrir hönd vegamálastjóra því viðskiptalega, heldur einnig því verkfræðilega.

Svo er skipulagsstjóri. N. er ljóst, að hér er um starf að ræða, sem krefst þess, að því gegni hæfileikamaður í sinni grein, en samkv. löggjöfinni er þetta starf ekki til. Má færa fyrir því sterk rök, að betur fari á því, að þessi starfsmaður sé viðurkenndur sem yfirmaður sinnar stofnunar, en skipulagsnefnd, sem þykir nauðsynleg, sé þá meira til ráðuneytis.

Þá er samkv. till. hæstv. samgmrh. lagt til, að bætt verði inn í frv. land- og sjómælingamönnum hjá landmælingamönnum vegamálastjóra og sjómælingamönnum vitamálastjóra, 1. og 2. flokks. Að sjálfsögðu er ástæða til að gera mun á landmælingamönnum eftir því, hve lærðir og færir þeir eru í starfi sínu, og þess vegna færi vafalaust vel á því að hafa þar tvo flokka með mismunandi launum. Sama má segja um sjómælingamennina. N. leggur því til, að þessu verði hagað eins og í till. hennar greinir.

Þá lagði hæstv. samgmrh. einnig til, bæði fyrir hönd vega- og vitamálastjóra, að teknir verði í l. aðalverkstjórar þessara starfa, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Þetta eru starfsmenn, sem hafa fengizt við verkstjórn í vega- og hafnarmálum. Þeir hafa að vísu ekki fullt starf allt árið, en munurinn á því að ráða þá sem fasta starfsmenn eftir launal. og að gjalda þeim kaup eftir því, sem þeir vinna, er sá, að þeir fá hærra kaup fyrir þann tíma, sem þeir vinna. En auk þess mundi stofnunin að sjálfsögðu hafa þeirra miklu meiri not á þennan hátt en ef þeir væru sem daglaunamenn. Þess vegna hefur n. mælt með því, að þessir starfsmenn verði teknir inn í launalögin.

Þá er brtt. við 3. lið þessarar gr. Það er, að í staðinn fyrir „aðstoðarmaður vita- og hafnarmálastjóra“ komi: kafari vitamálastjóra. Þessi maður er ekki fastur starfsmaður sem kafari nema lítinn hluta ársins, en vinnur sem aðstoðarmaður hafnar- og vitamálastjóra. Samkv. till. vitamálastjóra fellst n. á að hækka þennan starfsmann um einn flokk, enda gegni hann sömu viðbótarstörfum og hann hefur gert að undanförnu. Kafarastarfið er erfitt og vandræði að fá menn til þess að gegna því nema gegn háum starfslaunum. Og fyrir hafnarmálin má það teljast happ, ef þau gætu tryggt sér þann mann, sem nú vinnur að þessum störfum, með því að gera hann að föstum starfsmanni, enda tryggt, að hans verði full not allan ársins hring, og þau föstu árslaun, sem honum eru ætluð, eru mjög lág samanborið við það, sem hann mundi fá borgað fyrir einstök verk í grein sinni á frjálsum markaði, ef svo mætti segja.

Þá er komið að 22. gr., póst- og símamálum, og skal játað, að þá er komið að þeim kafla launal., sem erfiðastur hefur reynzt viðureignar í þessari endurskoðun. Kemur það af því, að tveir af starfsmönnum þessarar stofnunar hafa verið komnir í það miklu hærri laun en sambærilegt sé við aðrar starfsgreinar, að þarna má finna starfsmenn og þá ekki fáa, sem samkv. frv. eiga að lækka í launum frá 1000 upp í 4000 kr. á ári. N. þótti rétt að óska viðtala við starfsmenn þessara stofnana og póst- og símamálastjóra og fékk frá honum nýja till. um niðurröðun starfsmanna í stofnuninni, og í þeirri till., sem hér er, hefur n. að kalla eingöngu farið eftir þeirri till., þó þannig, að fært hefur verið nokkuð saman innan launaflokkanna, þar sem n. þótti fara betur, og teknar til greina till. póst- og símamálastjóra um hækkanir.

Fyrsta till. er um það að ætla yfirverkfræðingi landssímans hærri laun en gert er ráð fyrir í frv. og fái hann 11100 kr. í stað 10000 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv. Það er kunnugt, að sá maður, er gegnir þessu starfi, er prýðismaður í sinni grein. Það getur nú ekki ráðið öllu um launaákvæði í launal. En þar við bætist, að hann gegnir ekki starfi fyrir landssímann eingöngu, heldur er hann líka yfirverkfræðingur útvarpsins, og þykir ástæða til að ákveða honum hærri laun fyrir þær sakir.

Í fjórða lið er lagt til, að símastjórinn í Vestmannaeyjum verði færður niður um einn flokk, ekki talinn með umdæmisstjórunum á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Siglufirði og Seyðisfirði, því að hann hefur ekki umdæmi eins og þeir og því ekki alls kostar sambærilegt starf. Að öðru leyti er þessi liður óbreyttur eins og hann er í frv.

Þá er lagt til, að póstmeistarinn á Akureyri sé felldur niður, því að fyrir dyrum stendur sameining pósts og síma á Akureyri, og verður hann þá þar með ekki sérstakur starfsmaður.

Sjötti liður till. byrjar á símastjóranum í Hafnarfirði, sem er fluttur úr næsta flokki á undan. Hinar breyt., sem gerðar höfðu verið, hafa verið felldar niður. N. hefur enga aðstöðu til að dæma um réttmæti þessarar niðurfellingar, en hún er í samræmi við þær till., sem henni bárust frá póst- og símamálastjóra. — Þá er breytt um nafn á birgðaverði, og er hann kallaður birgðastjóri landssímans í Reykjavík. — Þá eru settir í þennan flokk verkstjórar bæjarsímans í Reykjavík. Þeir eru í frv. kallaðir símaverkstjórar, en það

mun vera sama, og eru þeir settir í þennan flokk samkv. till. póst- og símamálastjóra.

Við sjöunda lið er það að athuga, að þar eru felldir niður iðnaðarmenn og línumenn landssímans bæði í Reykjavík og á Akureyri og næturverðir. Póst- og símamálastjóri taldi ekki heppilegt að hafa næturverði á launal., því að starfi þeirra væri þannig háttað, og mæltist undan því, að þeir yrðu teknir upp í brtt. Um hinar niðurfellingarnar get ég ekki greint nein rök. Þær eru samkv. skriflegri till. póst- og símamálastjóra.

Í till. eru iðulega nefndir iðnaðarmenn landssímans, ósundurgreindir, En samkv. till. póst- og símamálastjóra leggur n. til, að þeir verði flokkaðir, 1. og 2. flokks, og koma þá iðnaðarmenn 1. flokks undir þennan flokk, en iðnaðarmenn 2. flokks aftur á móti undir næsta flokk fyrir neðan. Þá hafa einnig verið teknir í þennan flokk samkv. ósk póst- og símamálastjóra umsjónarmaður bíla landssímans og efnisvörður landssímans, sem ekki voru taldir í frv.

Þá er áttundi liður till., sem fjallar um starfsmenn í 12. launaflokki. N. leggur til, að upp í þann flokk verði færðir símvirkjar 2. flokks, sem vantar alveg í frv. Þessi till. um að hækka þessa starfsmenn er gerð samkv. till. starfsmannasambandsins og einnig í samræmi við annað í frv., þar sem segja má, að þetta séu iðnlærðir menn, sem þarna er um að ræða. Þeir koma ekki í lægri flokk en þetta. Þá eru samkv. ósk póst- og símamálastjóra settir í þennan flokk iðnaðarmenn 2. flokks og svo línumenn 1. flokks. Línumenn eru í frv. aðeins ósundurgreindir, og eru þeir 1. flokks. En póst- og símamálastjóri telur heppilegra að hafa einnig línumenn 2. flokks, byrjendur í þeirri starfsgrein, og koma þeir þá í næsta flokk fyrir neðan. Þá mælir póst- og símamálastjóri einnig með því að hafa póstafgreiðslumenn 2. flokks í Reykjavík. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir póstafgreiðslumönnum í Reykjavík, ósundurliðuðum, og getur n. fallizt á, að heppilegt sé að greina þá í sundur.

Í níunda lið till. leggur n. til, að settir verði aðstoðarmenn, ósundurgreindir, og línumenn 2. flokks, en að felldir verði niður bæði hjá pósti og síma sendlarnir. Póst- og símamálastjóri telur ekki henta að hafa húsverði í flokki fastra starfsmanna að öðru leyti en því, sem þeir kunna að vera fastir starfsmenn að öðru leyti. T. d. kvað hann húsvörð pósthússins vera starfsmann í stofnuninni einnig sem póstmaður.

Að því er snertir sendimannastarfið, geri ég ráð fyrir, að tekinn verði aftur upp sá háttur, sem áður var, að að þessu vinni unglingar, sem að sjálfsögðu má ekki ráða sem fasta starfsmenn, heldur, eins og eðlilegt er, meðan þeir eru á þeim aldri, til bráðabirgða, þar til þeir vita, hvaða lífsstarf þeir vilja leggja fyrir sig.

10. og 11. liður brtt. er óbreyttur eins og var í frumvarpinu.

Þá leggur n. til, eins og hv. þdm. geta séð, að aftan við þessa gr. bætist aths., sem greind er á þskj. 1136, bls. 3, og var sú till. borin fram af hv. þm. V.-Húnv. með stuðningi hv. þm. A.-Húnv., sem allan tímann, meðan við vorum að vinna að þessu starfi í n., voru öðru hverju sitt á hvað að stagast á því, að nauðsynlegt væri að taka upp í launal. póst- og símamenn þá, sem stunda starf sitt utan kaupstaðanna, eins og hér greinir, símastjóra 1. fl. B og 2. fl. stöðva, þar sem allmikið starf er lagt á stöðvarstjórana og eins póstafgreiðslumenn, sem því starfsheiti nefnast úti um byggðir landsins. N. átti svo tal um þetta við póst- og símamálastjóra, en hann færði rök að því fyrir n., að það væri ekki fært eins og er að koma þessum starfsmönnum á launal., og held ég, að formælendur þeirra starfsmanna í n. hafi fallizt á það, enda skildist mér, að póst- og símamálastjóri hafi fært að því glögg rök, að það væri ekki fært að svo komnu. Hins vegar varð svo úr — með samþykki allra nm. — að orða hér aftan við gr. þessi fyrirmæli til ríkisstj. um, að hún skuli með reglugerð að fengnum till. póst- og símamálastjóra, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símastjóra við 1. fl. B og 2. fl. stöðvar fyrir rekstur stöðvanna, svo og um laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar gr. ná ekki til. Og er þá gert ráð fyrir, að þóknun fyrir störf þeirra sé ákveðin hlutfallslega við það starf, sem þeir vinna, samanborið við störf annarra þjónustumanna í þessum störfum, og er það full sanngirni, sem þar er farið fram á. Hitt er svo allt annað mál, hversu greiðlega gengur að koma þessu í kring.

Þá er 23. gr., sem fjallar um starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins. Þar er í brtt. lagt til, að lækkuð verði laun forstjóra úr 14 þús. í 13. þús. kr., og enn fremur er lagt til, að verkstjóri við skipaafgreiðslu hafi 6000—8400 kr., en honum er í frv. ætlað að hafa 6000—7800 kr. Hann er í brtt. gerður jafn afgreiðslustjóra og innkaupastjóra, og virðast þetta vera sambærileg störf, sem þessir menn allir stunda, og því sanngjarnt, að þeir fái allir sömu laun.

Þá eru í brtt. við 25. gr. gert ráð fyrir að lækka laun útsölustjóra áfengisverzlunarinnar utan Reykjavíkur frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., 9600 kr., niður í 6000—8400 kr. Það er gert ráð fyrir að breyta alveg því fyrirkomulagi, sem á því hefur verið, að útsölumenn áfengisverzlunarinnar hafa til þessa haft tekjur af umsetningu eða vissan hundraðshluta af seldu áfengi, en borið ábyrgð á öllum rekstrinum og lagt til húsnæði og starfsmenn. Það hafa verið sterkar raddir uppi um það, að breyta þyrfti þessu fyrirkomulagi þannig að gera ekki útsölumennina beint „interesseraða" fyrir að selja sem mest, þ. e. a. s., haga ekki launakjörum þeirra þannig, að hagur þeirra verði að selja sem mest, heldur setja þá á fastákveðin laun, eins og gert er ráð fyrir í frv. En fjhn. lítur svo til, að í samanburði við aðra starfsmenn hins opinbera séu laun þessara manna óþarflega hátt sett í frv., og leggur til, að þau verði lækkuð um tvo flokka.

Þá er 26. gr. Þar er till. um tilflutning á útvarpsvirkjum 2. flokks hjá viðtækjaverzlun til samræmis við það, sem áður er gert.

Þá er komið að 30. gr., sem er um gagnfræðaskóla og héraðsskóla. Till. kom fram um að bæta inn í húsmæðraskólum, og var það samþ. með meiri hl. atkv. Einn nm., sem á móti þessu var, áskildi sér rétt til þess að greiða atkv. á móti þessari breyt., og vænti ég, að hv. meðnm. mínir liggi mér ekki á hálsi fyrir þá afstöðu, að ég vil fella þetta niður, af því að ég tel ekki tímabært að fella þetta inn í frekar en aðrar stofnanir,

sem þingið hefur tekið til meðferðar og eru í raun og veru alveg eins nátengdar ríkinu og þessir skólar. En hér er af meiri hl. n. lagt til að bæta húsmæðraskólunum inn í og ætla skólastjórum húsmæðraskólanna 8400 kr. í laun. En þá er enn fremur till. um að breyta aths. þannig, að fyrir töluna „7“, þ. e. a. s. að miða launin við minnst 7 mánaða kennslu, komi: 9, þannig að í þeim skólum, þar sem kennt er minna en 9 mánuði, verði launin lækkuð hlutfallslega við það, sem sýnist sanngjarnt.

22. brtt. n. er um umorðun á ákvæðinu um, hvernig reikna eigi stundakennslukaup. Það er ekki beinlínis nein till. um breyt., en það er lagt til af þeim, sem þóttust vita — og sjálfsagt vita —, að það muni verða auðveldara í framkvæmd, ef þetta orðalag væri haft, en ef það orðalag er haft, sem í frv. er.

23. brtt. er ekki heldur annað en orðalagsbreyt., sem n. þótti rétt, að gerð væri. Í frv. er lagt til, að þegar laun eru greidd með ákveðnum fríðindum, t. d. í jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, þá skuli þessi hlunnindi metin eins og segir í þeirri gr. og matsverðið dregið frá heildarlaunum. N. er því sammála, að þetta taki ekki til ráðherraembættanna, en telur betur fara á því, að þetta sé orðað eins og hér er lagt til í brtt.

Þá er 37. gr. Þar leggur n. til, að niður falli úr 1. málsgr. orðin: „aðrar en fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu“. Þ. e. a. s., það er lagt til í þessari málsgr. frv., að um leið og þessi l. taki gildi, skuli niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, aðrar en fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu. N. leggur til, að þessi tilfærðu orð verði felld niður, því að hún telur ekki rétt að gefa neitt undir fótinn um yfirvinnu yfirleitt, heldur telur hún, að það eigi að útrýma yfirvinnu eftir því, sem mögulegt er, og þess vegna eigi ekki löggjafinn að gera því skóna, að til þess komi yfirleitt, að yfirvinnu þurfi að borga. Hitt er svo annað mál, hvort hægt er að komast hjá því gersamlega. En n. telur, að það muni vera hægt að svo langsamlega mestu leyti, að þar, sem ekki verði hjá því komizt, megi um það semja með sérstökum hætti. — Af þessari breyt. leiðir þá einnig, að gert er ráð fyrir, að niður falli úr 2. málsgr. síðari málsl.: „Ráðherra setur ... sem í hlut á“, þ. e. a. s., að ráðh. setji reglur um greiðslur fyrir yfirvinnu með þeim hætti, sem þar greinir.

25. og síðasta brtt. er aðeins fyrirkomulagsatriði um, að innan hverrar gr. verði tölusettir liðir gr., þannig að starfsliðirnir verði tölusettir í áframhaldandi töluröð innan hverrar gr. Það fyrirkomulag er talið munu koma sér vel í framkvæmd launal., með því að fljótlegra verði að vitna til ákveðinna atriða í þeim með þeim hætti.

Þegar n. hafði lokið athugun frv. og gengið frá brtt., sem hún ber fram sameiginlega, — þó að hún sé, eins og ég sagði áður, ekki alls kostar sammála um þær allar, þ. e. allir nm. —, þá var leitað eftir því, hvernig n. sem heild stæði að afgreiðslu málsins á þessu þingi. Kom þá upp, eins og raunar er nú komið á daginn, að það var meiri hl. n., sem lagði til, að málið yrði í aðalatriðum afgr. á þessu þingi í þeim búningi, sem það er nú í. Er það orðað þannig í áliti meiri hl. n., að tveir nm. mundu vera mótfallnir afgreiðslu málsins að svo komnu og þeir mundu gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum nál. Mér skilst, að þetta sé rétt, hvað hv. þm. A.-Húnv. snertir. Hins vegar er þar um hv. þm. V.-Húnv. kannske nokkuð öðru máli að gegna, þar sem hann leggur til, **að launal. verði sett, en með allt öðru fyrirkomulagi en hér er gert ráð fyrir. Ég hygg nú samt, að það sé rétt skilið hjá mér, að hann geri ekki** ráð fyrir, að það geti orðið á þessu þingi, svo að þessi ummæli um það, að þessir nm. vilji **ekki afgreiða málið á þessu þingi,** geti staðizt.

Ég mun að öðru leyti ekki að svo stöddu gera að umtalsefni afstöðu þessara tveggja hv. nm. Að vísu liggur fyrir nál. frá þeim báðum. En það er mikil tízka, að nm., sem hafa sérstöðu um afgreiðslu mála í n., sé gefið tækifæri til þess að gera munnlega grein fyrir áliti sínu, en ekki einungis skriflega í nál., áður en farið er að gagnrýna afstöðu þeirra. Ég mun halda þeirri venju einnig að þessu sinni og geyma mér rétt til þess að víkja nánar að sérstöðu þeirra.

Umr. frestað.

Á 133. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 996, n. 1137, 1142 og 1143, 1136, 1148, 1149, 1150, 1152, 1153, 1154, 1155, 1160, 1162).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég hef skilað sérstöku nál. um þetta frv. ásamt brtt., og er það á þskj. 1137.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn., 3. þm. Reykv., hefur gert grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur sameiginlega við frv. Ég tók þátt í því með öðrum nm. að gera þær brtt., þótt ég sé ekki samþykkur þeim öllum. En eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá eru þær brtt. bornar fram af n. í heild, sem meiri hl. nm. var fylgjandi, hvernig svo sem sá meiri hl. var samsettur. Ég hef því eins og aðrir nm. áskilið mér rétt til þess að greiða atkvæði gegn einstökum brtt., sem þar eru fram bornar.

Hv. frsm. meiri hl. lét þess getið í ræðu sinni, að yrði frv. samþ. eins og það nú liggur fyrir, mundu launagreiðslur ríkisins hækka um tæpar 6 millj. kr. Nokkur ágreiningur virtist vera um það, hve miklu hækkunin mundi nema. Einn nm. í fjhn. Ed. hefur haldið því fram, að hækkunin muni verða meiri, og hafa 7 til 8 millj. kr. verið nefndar í því sambandi. Ég hef ekki haft tíma til að kynna mér þetta og skal því engan dóm á það leggja, en hvort sem réttara er, að hækkunin sé nálægt 6 millj. kr. eða allt að 8 millj. kr., þá er víst, að hér er um allmikla útgjaldaaukningu að ræða fyrir ríkissjóð.

Ég hef veitt því athygli, að í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 1143 er sagt, að ég muni vera mótfallinn afgreiðslu frv. að svo komnu. Þetta er ekki alls kostar rétt, enda tók hv. frsm. það fram í ræðu sinni í gær, að þessu væri ef til vill öðruvísi farið, og eins og kemur fram í nál. mínu og brtt., er það svo, að ég vil samþ. frv., en aðeins gera á því lagfæringar, sem ég tel nauðsynlegar og flyt brtt. um. Mun fylgi mitt við frv. fara eftir því, hvernig fer um brtt. mínar.

Ég tel, eins og ég vík að í nál. mínu, mikla

þörf á setningu nýrra launalaga, vegna þess að gildandi l. eru fyrir löngu úrelt orðin og ástandið í þessum efnum þannig, að ekki verður við unað til lengdar, og hefði raunar þurft fyrr að setja ný launalög.

Mér virðist, að undirbúningur þessa frv. hafi verið mjög ófullkominn og sé ófullnægjandi. Vil ég fyrst víkja að því, að frv. er nær eingöngu um einn þátt þessa máls, um laun til starfsmanna, en öllum öðrum atriðum sleppt, sem nauðsynlegt var að taka með við undirbúning og setningu slíkrar löggjafar. Það virðist sem ekkert hafi verið athugað við undirbúning málsins, hvernig unnt væri að draga úr kostnaði við starfsmannahald ríkisins með því að taka upp hagfelldara fyrirkomulag við rekstur hinna ýmsu stofnana og framkvæmdastjórn ríkisins yfirleitt. Ég er ekki í vafa um, að það verður hægt að ná þar miklum árangri, ef þetta mál er rannsakað af skilningi og vilja til að gera allt einfaldara og ódýrara en nú er. Þetta hefur alveg verið vanrækt í undirbúningi málsins að því er virðist, en hefði verið mikil þörf að athuga þetta, einmitt um leið og launamálið er tekið til meðferðar. Fleiri dæmi má nefna um óvandaðan undirbúning málsins. Frv., eins og það var lagt fyrir, er t. a. m. of takmarkað við Rvík og nokkra aðra stærstu kaupstaðina, enda munu það eingöngu hafa verið Reykvíkingar, sem unnu að undirbúningi málsins. T. d. hefur algerlega verið sleppt að taka með í frv. og gera ráð fyrir launum til póstafgreiðslumanna og símstöðvarstjóra utan stærstu kaupstaðanna. Það hefur algerlega verið gengið fram hjá þessum mönnum, eins og þeir væru ekki til.

Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, þá fann ég að þessu í n. Hann orðaði það þannig, að ég hefði alltaf verið að stagast á þessu og hv. þm. A.-Húnv. hefði einnig tekið í sama streng. Þetta mun rétt vera, og ég flutti till. um, að reglugerð yrði sett um laun þessara manna, og varð samkomulag um þá till. í n. Ég hefði að vísu talið eðlilegast, að laun þessara manna fyrir þau störf, sem þeir hafa með höndum, hefðu verið ákveðin í hinum væntanlegu launal., en á þeim stutta tíma, sem fjhn. þessarar hv. d. hafði til að athuga frv., var þess vitanlega enginn kostur að undirbúa till. um það, og þess vegna var farið inn á þessa braut, að gera ráð fyrir reglugerð, sem ráðherra setti að fengnum till. póst- og símamálastjóra. Er þar fram tekið, að laun þessara manna skuli ákveðin þannig, að þau séu hlutfallslega svipuð launum annarra starfsmanna pósts og síma, miðað við þau störf, sem þeir hafa með höndum.

Það eru fleiri en við einstakir menn í hv. fjhn. þessarar d., sem hafa komið auga á, að launalagafrv. væri aðallega miðað við það að ákveða laun þeirra starfsmanna, sem vinna við þær ríkisstofnanir, sem eru í Rvík og stærstu kaupstöðunum. Ég sá t. d. á skrifstofu Alþ. í gær símskeyti, sem borizt hefur frá Vesturlandi og er frá tveimur starfsmönnum ríkisins. Annar þeirra er póstafgreiðslumaður á viðkomandi stað, en hinn símstöðvarstjóri. Þeir gefa þar Alþ. vinsamlega bendingu um, að það ætti að bæta einni gr. í frv., sem hljóði á þá leið, að l. þessi gildi aðeins fyrir Reykjavík. Þeir hafa sjálfsagt heyrt frv. lýst í þingfréttum útvarpsins og komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. sé fyrir starfsmenn í Rvík. Þykir þeim því rétt, að tekið sé fram í l. sjálfum, að það sé þannig. Ég tel nú, ef þessi till. fjhn. verður samþ. og reglugerð sett, að þessu máli sé komið í sæmilegt horf, því að ég geri mér vonir um, að reglugerðin verði þannig, að þeir geti við unað.

Eitt sérstakt atriði er það enn, sem ég hreyfði í fjhn., en ekki varð að svo stöddu samkomulag um að flytja till. um, en það var varðandi skóla, sem taldir eru í 30. gr. frv., gagnfræðaskólar, héraðsskólar og húsmæðraskólar. Ég tel, að það verði ekki hægt fyrir þessa skóla að starfa áfram, nema ríkið greiði þeim þá hækkun, sem verður á launum skólastjóra og kennara með samþykkt þessa frv. Það eru lögákveðnar tekjur, sem skólar þessir hafa, og þeir geta ekki aukið þær, en það er sýnt, að án þess að fá auknar tekjur geta þeir ekki borgað þær launahækkanir, sem hér er um að ræða. Ég vænti þess, að fyrir 3. umr. geti orðið samkomulag í n. eða meðal annarra hv. þm. um að flytja till. varðandi þetta mál.

Eitt af því, sem athuga þarf, þegar sett eru l. um laun starfsmanna ríkisins, er það, að samræmi verði í launum þeirra innbyrðis. Flytur fjhn. till. um það að færa einstaka starfsmenn eða hópa milli launaflokka í því skyni, að betra samræmi náist. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að n. hafi í öllum tilfellum hitt á þá réttasta í þessu efni, því að það má alltaf deila um þessi mál, og sýnist jafnan sitt hverjum. Ég tel raunar nokkra hættu á því í sambandi við þessa lagasetningu, að sumir þeir fái nokkuð mikið, sem sótt hafa mál sitt fastast, bæði við undirbúningsnefndina og þær þingnefndir, sem fjallað hafa um málið, en að einhverjir aðrir, sem eru ekki eins duglegir ræðarar á þessu sviði, verði afskiptir, og tel ég það illa farið.

En það er fleira í sambandi við málið en innbyrðis samræmi í launum starfsmanna, sem athugunar þarf við. Það, sem ég tel mestu máli skipta í sambandi við þetta mál, er það, hvað þjóðfélagið getur greitt mikið fé til framkvæmdastjórnar ríkisins og til opinberra stofnana yfirleitt. Hvað er hægt að verja miklu af þjóðartekjunum til þeirra hluta á hverjum tíma? Ég er hræddur um, að þessu þýðingarmikla atriði hafi ekki verið nægur gaumur gefinn í undirbúningsn., svo sem átt hefði að vera. Það er óhjákvæmilegt, ef slíkt mál á að vera vel undirbúið og afgreitt, að það sé sérstaklega athugað, hvað sanngjarnt er að greiða opinberum starfsmönnum samanborið við það, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins eiga við að búa. Í nál. undirbúningsn. er ekkert minnzt á þessi atriði, og lítur ekki út fyrir, að það hafi borið á góma þar. Ég vil benda á, að áður hefur öðruvísi verið unnið að þessu máli.

Árið 1934 starfaði hér mþn. í launamálum, sem skilaði ýtarlegu áliti og till., og sést af því áliti og till., að málið hefur þá verið undirbúið með allt öðrum hætti en nú. Ég vil í þessu sambandi geta um nokkur atriði, sem komu fram í þessu nál. frá 1934. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „N. var það líka þegar við upphaf starfa sinna fullljóst, að til þess að gera till. um laun starfsmanna ríkisins þarf tvennt: Annars vegar, að litið sé á launaþörf starfsmanna og verðleika þeirra sakir undirbúnings til starfans, svo og kostnað og ábyrgð, sem honum er

samfara, — hins vegar, að athugaður sé efnahagur þjóðarinnar og hvað framleiðslan og iðnaður landsmanna veitir almenningi til framfæris.“ Síðan segir í framhaldi af þessu: „Laun fyrir opinber störf þurfa að vera í sanngjörnu hófi miðað við það, sem skattgreiðandi á eftir til sinna þarfa. Framleiðslan að iðnaði meðtöldum skapar skattþol íbúa landsins, og skattþolið setur takmörk fyrir þessum sem öðrum útgjöldum ríkissjóðs.“

Þessi n., sem starfaði 1934, gerði líka yfirlit um þjóðareignirnar næsta ár á undan, yfirlit um tekjur af landbúnaði og sjávarútvegi og yfirlit um meðaltekjur þeirra manna, sem þá unnu við þessa atvinnuvegi. Hún gerði yfirlit um tekjur og kjör iðnaðarmanna og verkamanna og einnig hátekjumanna. Hún birti einnig yfirlit um launakjör á Norðurlöndum. — Allt þetta tók n. til athugunar og birti um það skýrslu í nál. sínu til stuðnings þeim till. um launamál, sem hún bar fram, svo að mönnum gæfist kostur á samanburði. Þannig tel ég, að átt hefði einnig nú að vinna að þessu máli, því að það liggur í augum uppi, að það er ekki auðvelt fyrir þm. í miklum önnum, er mörg mál bíða athugunar og úrlausnar, að taka alla þætti þessa máls til nákvæmrar athugunar, svo sem þörf væri. Til þess vinnst ekki tími, að gera á málinu þær athuganir, sem þörf er á.

Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr störfum embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Þeir hafa að sjálfsögðu nauðsynleg störf með höndum, og það er mjög þýðingarmikið fyrir þjóðina, að hæfir menn veljist til þeirra. Það þarf því að launa þeim mönnum svo, að hlutur þeirra sé viðunandi, og það þarf að sjálfsögðu að ákveða launin m. a. með tilliti til þess, hve löngum tíma menn hafa orðið að verja til náms og hversu kostnaðarsamt það hefur verið að búa sig undir þessi störf. En um leið og laun þessara manna eru ákveðin, er óhjákvæmilegt að líta til þess, hvað aðrir landsmenn bera úr býtum, því að hér þarf að vera samræmi, ef vel á að fara. Ekki sízt þarf að athuga í því sambandi, hvað þeir bera úr býtum, sem vinna að framleiðslustörfum, því að það er framleiðslan, sem heldur þjóðarbúskapnum uppi. Eins og ég hef áður tekið fram, tel ég, að þetta hafi verið vanrækt og þessir hlutir ekki nægilega athugaðir. Ég held, að það væri gott fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir því í sambandi við þetta mál, hvað aðrir hafa fyrir störf sín nú á þessum tímum. Hverjar eru t. d. tekjur daglaunamanna? Hér í Rvík er það svo, að verkamenn, sem vinna 8 klst. á dag alla virka daga ársins, munu hafa í grunnlaun 5800 kr. um árið. Er þá gert ráð fyrir 300 virkum dögum á ári, sem mun láta nærri. Víða annars staðar mun þetta vera heldur minna; þó að kaupgjald sé nú meir og meir að færast í það horf að vera hið sama eða svipað um allt land, þá eru nokkrir staðir enn, þar sem það er lægra en í Rvík. Iðnaðarmenn hafa að vísu nokkru meira kaup en verkamenn, og mun kaup þeirra líklega að meðaltali um 25% hærra. En hvað bera fiskimennirnir úr býtum? Um það er erfitt að segja. Skýrslur liggja ekki fyrir um það nema þá úr einstaka verstöðvum yfir stuttan tíma, en víða frá heyrast nú raddir um það, að erfitt sé að fá fiskimenn á báta, vegna þess að þeir telja sig hafa meira í aðra hönd með því að vinna í landi með því kaupgjaldi, sem nú er orðið við landvinnu, ef þeir hafa hana stöðuga, og bendir þetta til þess, að fiskimenn hafi yfirleitt ekki meira en daglaunamenn.

Í þessu sambandi er líka ástæða til þess að athuga, hverjar tekjur bændastéttin muni hafa. Með því samkomulagi, sem varð í vísitölun. landbúnaðarins árið 1943, var gert ráð fyrir, að bændur, sem hafa meðalbú, hefðu 14500 kr. á því ári. Ég tel hæpið, að meðaltekjur þeirra hafi náð því, vegna þess að sumar framleiðsluvörur þeirra seldust fyrir lægra verð en áætlað var af vísitölun. landbúnaðarins, en jafnvel þótt gert væri ráð fyrir, að tekjurnar næmu þessari upphæð, þá samsvarar það ekki nema 5660 kr. grunntekjum reiknað með þeirri meðalvísitölu, sem var árið 1943.

Nú er á það að líta, að það er vafasamt, að ekki sé meira sagt, að þessar tekjur geti haldizt, þegar samkeppni hefst við önnur lönd um sölu á framleiðsluvörum okkar. Það er margra álit, að kaup megi ekki hærra vera en það er nú, til þess að framleiðslan geti borið sig, þrátt fyrir það stríðsverð, sem nú er á útflutningsafurðum. Ég tel, að þurft hafi að athuga — betur en gert hefur verið —. tekjur þessara manna, sem vinna að framleiðslu, einmitt í sambandi við afgreiðslu launal. Þeir, sem vinna að framleiðslustörfum á sjó og landi, eru mennirnir, sem afla brauðs handa þjóðinni, sjá fyrir því, að eitthvað sé í búrinu á þjóðarheimilinu. Það er um þessa menn, sem góðskáldið Örn Arnarson kvað á þessa leið í ljóðabréfi sínu til Vestur-Íslendingsins Guttorms J. Guttormssonar árið 1938:

Þú skilur, hve annríkt þeir eiga
til innsveita djúpmiðum frá,
sem nytja vorn harðlynda hólma
og hafdjúpin grimmlynd og flá.
Þar líturðu landher og flota,
þótt líti ei vopn þeirra blóð.
Sú breiðfylking ein er til bjargar.
Hún brauðfæðir íslenzka þjóð.

Ég tel, að skylt sé að sjá um það, að sú breiðfylking, sem brauðfæðir íslenzku þjóðina, verði ekki út undan, þegar þjóðartekjum er skipt. Það er rangt að gera hlut annarra óeðlilega mikinn á þeirra kostnað, en vitanlega eiga aðrir ekki að vera afskiptir heldur. Það þarf að stefna að því, að tekjum þjóðarinnar verði skipt svo réttlátlega sem unnt er milli landsmanna, og þess vegna flyt ég brtt. við frv. þetta um það að láta launin breytast eftir framleiðslutekjum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um brtt. mína, vegna þess að ég hef gert grein fyrir henni í nál. eftir því, sem mér þótti þörf á, og eins og hægt er. Ég vænti því, að við lestur nál. og brtt. sé mönnum ljóst, hvernig ég vil koma þessu máli fyrir. Það á að reikna út tekjur þjóðarinnar af framleiðslustarfseminni ár hvert, og hefur það raunverulega verið ákveðið áður með þál., sem samþ. var hér í þinginu 5. okt. s. l., en síðan eiga launin að taka breyt. eftir því, hverjar tekjurnar eru eða hvernig þær breytast frá ári til árs. Ég tel, að ríkið eigi að hafa forgöngu um að koma á þennan hátt á réttlátu launafyrirkomulagi. Síðan má vænta þess, að aðrir komi á eftir. Geri þeir það ekki, þá getur

verið nauðsynlegt, að löggjafarvaldið láti það mál til sín taka, því að það er vitanlega ekki nóg að athuga eingöngu laun ríkisstarfsmanna, tekjur fiskimanna, verkamanna og bænda. Það er fleira fólk í landinu, t. d. verzlunarstéttin. Hún er nú að margra áliti óþarflega fjölmenn, og sumir í þeirri stétt hafa tekið — á ýmsum tímum — of mikið fyrir snúð sinn. Eru nærtæk dæmi um það, þó að ég hirði ekki að fara út í þá sálma.

Ég hef áður minnzt nokkuð á álit og till. mþn. í launamálum, sem starfaði árið 1934, og í nál. minu er vikið að till. eins þeirra manna, sem starfaði í þeirri n., Arnórs Sigurjónssonar. Voru till. hans og ágreiningsatriði um verðstuðul. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp lítið eitt úr þessu nál. Arnórs Sigurjónssonar, en till. hans voru í rauninni um alveg sama efni og fóru í sömu átt og till. sú, sem ég ber fram.

Arnór Sigurjónsson segir um þetta efni: „Ágreiningurinn milli mín og meiri hl. n. um þetta atriði er um það, hvort miða eigi laun starfsmanna ríkisins við verð á lífsnauðsynjum eða við framleiðslutekjur þjóðarinnar. Með till. meiri hl. n. er ákveðið, að laun starfsmanna skuli verða breytileg eftir verðlagi á nauðsynjum, og eru starfsmönnunum með því tryggð óbreytileg lífskjör, hvernig sem afkoma þjóðarbúsins verður. Þetta virðist í fljótu bragði vera gott fyrir þá, en ekki mundi það verða nema til bráðabirgða, því að það mundi gera aðstöðu þeirra ótrygga, þegar um harðnar, en sjálfa þá ósæla, þegar vel gengur og þeir vita aðra menn tekjumeiri njóta meiri lífsþæginda. Ég lít þess vegna svo á, að launakjörin eigi að vera breytileg eftir afkomu þjóðarinnar í heild og því, hve mikil framleiðsla hennar er og verðlagi er háttað."

Till., sem hann flutti þarna, er einmitt um þetta atriði. Hann segir enn fremur í niðurlagi kaflans um þetta mál:

„Ég get við því búizt, að starfsmönnum ríkisins þyki till. meiri hl. fýsilegri og tryggilegri fyrir sína hönd heldur en mínar till. En ég segi: Sá tími verður að vera liðinn, að menn láti kaupa sig til fylgis með yfirboðum, því að þau yfirboð eru öll á kostnað þjóðarinnar í heild og þá líka að lokum á kostnað þess, sem boðinu tekur; því að til er aðeins ein leið til réttrar lausnar í þessu máli eins og öllum öðrum fjármálum þjóðarinnar: réttlát skipting framleiðsluteknanna eftir gildi vinnunnar. Og þá verðum við fyrst að spyrja um, hvað við höfum til skiptanna og hvers virði það er, og forðast það að draga okkur á tálar með svarinu."

Þetta er viturlega mælt, og ég vil taka undir þetta. Þarna er bent á rétta leið: gera sér ljóst, hvað þjóðartekjurnar eru miklar, og gera sér síðan far um að skipta þeim sanngjarnlega. Til þess höfum við hagfræðinga, að þeir reikni út þjóðartekjurnar, og það ætti að vera vel framkvæmanlegt. Þetta er leiðin að því marki að skapa hér heilbrigðara og betra þjóðfélag. Þetta er það, sem ég tel, að eigi að koma, og um það er brtt. mín. Og þeim mönnum fjölgar stöðugt, sem gera sér ljóst, að inn á þessa leið á að fara. Ég get nefnt það t. d. í þessu sambandi, að á fundi, sem eigendur hraðfrystihúsa héldu í Rvík 16. jan. s. l., samþ. þeir till. um, að launagreiðslur yrðu framvegis miðaðar við verðmæti útflutningsvörunnar, og í gær sá ég grein í blaði, sem nefnist „Víkingur" og er sjómannablað, þar sem flutt var till. um það, að launin yrðu ákveðin eftir vísitölu fiskverðs. Allar ganga þessar till. í sömu átt og brtt. mín við frv. þetta.

Ég hreyfði þessari till. hér í fjhn., en henni var ekki vel tekið þar, og ég get vel búizt við, að meiri hl. hv. d. fallist ekki á þessa till. nú. Stjórnarflokkarnir munu hafa samið um að samþ. frv. án þess að gera nokkrar breyt. á grundvallaratriðum þess. Ég get búizt við, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafi takmarkað frjálsræði til þess að samþ. brtt., jafnvel þótt þeir teldu þær stefna í rétta átt. Það er vitanlega hægt að samþ. frv. eins og það, sem hæstv. ríkisstj. vill láta samþ., án þess að líta á hag ríkissjóðs eða atvinnuveganna, sem eiga að halda öllu uppi, en ef þannig er á málunum haldið, tel ég mjög vafasamt, að l. verði til gagns eða ánægju þeim mönnum, sem laun eiga að taka, og þjóðfélaginu í heild. Sú bygging, sem stjórnarflokkarnir ætla hér að reisa á löggjafarsviðinu, virðist mér að miklu leyti svipuð spilaborg, sem lítil börn setja upp sér til gamans. Ég er hræddur um, að varanleiki byggingarinnar verði lítið meiri. En menn geta að vísu oft lært af árekstrum og töpum, og þegar spilaborgin er hrunin, þá verður reynt að byggja upp aftur, og þá þætti mér ekki ólíklegt, að haldið yrði inn á þá leið, sem ég hef hér bent á og vil, að farið sé inn á nú þegar.

Ég hef áður vikið að því, að það koma nú fram till. frá ýmsum mönnum, bæði í ræðu og riti, um að þessi stefna verði tekin, og ég geri mér vonir um, að henni aukist fylgi á næstu árum, hvernig sem fer um brtt. mína að þessu sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Eins og hv. þdm. hafa vafalaust veitt athygli, þá hef ég skilað sérstöku áliti á þskj. 1142 og gert þar nokkra grein fyrir, hvernig á því stendur, að ég hef ekki getað fylgt meiri hl. hv. fjhn. varðandi væntanlega afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir. Ég þarf ekki að hafa mörg orð til viðbótar því, sem þar segir, en sé þó ástæðu til að víkja nokkru nánar að því, hvernig þessu máli er varið frá mínu sjónarmiði.

Hv. frsm. meiri hl. n. hefur gert grein fyrir brtt. fjhn. mjög ýtarlega, þeim brtt., sem hún flutti sameiginlega og allar hafa fengið meirihlutafylgi í hv. n., þótt um þær sé, sumar hverjar, nokkur ágreiningur milli nm., sem gerir að verkum, að þeir hafa um þær óbundnar hendur við atkvgr. Kemur það að sjálfsögðu fram við atkvgr., hvernig nm. skiptast varðandi þessar brtt., en allar eru þær bundnar við þann grundvöll, sem frv. er byggt á, og miða að því að gera gleggri skiptingu á milli og auka samræmið milli hinna einstöku manna og flokka. Við höfum ekki séð okkur fært, vegna þess að ekki liggja svo ljóst fyrir upplýsingar um tölu starfsmanna í einstökum greinum, að gera það hreinlega upp, hvort þessar brtt. í heild hafi í för með sér lækkun eða hækkun á frv., en ég hygg, að ekki sé fjarri sanni, að það vegi nokkuð salt. Það má vel vera, að ýmsar þessar till. mættu betur fara, og sjálfsagt hefur okkur ekki heppnazt að tína upp úr þessu frv. allt, sem þurfti lagfæringar við. Það hefur komið í ljós, að það er meiri eða minni óánægja hjá þessum

eða hinum að vera ekki settur hærra eða jafnhátt og einhver annar maður eða annar flokkur. Út í þetta skal ég ekki fara miklu nánar, en víkja ofur lítið að sögu þessa launamáls á síðustu árum, því að hún sýnir mjög glöggt, hvernig að því hefur verið starfað, og það hefur ekki verið gert á þann hátt til undirbúnings þessu frv. eða þessari löggjöf, sem ég tel, að æskilegt hefði verið.

Þegar launal. voru sett árið 1919, var svipað ástatt og nú, því að þá hafði fyrri styrjöldin geisað og verðhækkun mjög mikil orðin í landinu. Það var þess vegna álit mjög margra manna, að þessi launal. væru miðuð við nokkuð hátt verðlag, en þrátt fyrir það að svo væri, þá kom nú í ljós innan fárra ára, þegar farið var að fjölga til mikilla muna stofnunum ríkisins og ýmiss konar starfrækslu, eins og átti sér stað einna mest á árunum 1927—1931, að þeim starfsmönnum, sem þá voru teknir, voru ætluð hærri laun hlutfallslega en eldri starfsmönnum, sem l. frá 1919 náðu til. Þegar kom fram í kreppuna á árunum 1930 til 1933, var það orðið mjög ljóst fyrir mönnum hér á Alþ. og víðs vegar um landið, að þetta ástand, sem þá var í launamálum okkar, var mjög óviðfelldið og gat illa staðið til lengdar.

Á haustþingi 1933 var samþ. að kjósa mþn. í launamálum, er undirbyggi allsherjar frv., ekki einungis um launakjör starfsmanna ríkisins og stofnana þess, heldur frv., sem fjallaði um skyldur og réttindi allra þeirra manna, sem væru í þjónustu hins opinbera. Þessi n. starfaði svo nokkuð á annað ár og skilaði allýtarlegu áliti, sem lagt var fyrir Alþ. seinni hluta ársins 1935, og var hæstv. núv. forseti þessarar hv. d. flm. þess frv., er lagt var fram. Frv. þetta var athugað allgaumgæfilega í sérstakri n. hér í hv. Nd., og átti ég með fleiri mönnum sæti í henni. N. starfaði nokkuð á annan mánuð og skilaði síðan áliti hér í d., en þetta endaði á þann veg, að þáv. ríkisstj. taldi frv. miða um of til hækkunar á ríkisútgjöldunum, svo að hún stöðvaði málið.

Á þessu frv., sem nú liggur fyrir, er allt annað snið. Í hitt frv. voru teknar allar ríkisstofnanir eða stofnanir, sem að meira eða minna leyti voru ríkisstofnanir, svo sem bankar og aðrar hliðstæðar stofnanir, eins og tilgangurinn var, að yrði í þessu frv., og laun ákveðin hjá starfsmönnum allra þessara stofnana, eins og ég tel, að rétt hafi verið. Í öðru lagi voru í frv. 1934 ýtarlegar till. í mjög mörgum gr. og köflum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og margt, er varðar þetta mál, sem ég tel, að nauðsyn hafi verið, að fylgdi þeirri löggjöf, sem sett er um launakjör starfsmanna ríkisins.

Þetta fór nú svona. En það er athugandi, þegar menn líta yfir þetta frv., sem þótti allt of hátt á árunum 1935—1936, að það munar í flestum greinum þetta frá 30 jafnvel upp í 100%, sem grunnlaunin eru ákveðin hærri samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir, en samkv. frv., sem þá þótti allt of hátt. Það var svo, að í þeirri mþn., sem starfaði í þetta sinn (1934), voru fulltrúar bæði frá launastéttunum og framleiðendum, og það var álit manna, að þá kæmi fram ekki einungis sjónarmið launastéttanna sjálfra, heldur og annarra þeirra landsmanna, sem hafa landsins hag í huga.

Undirbúningur þessa frv., sem hér liggur fyrir, var á allt annan veg, og ég skal játa, að það var komið svo, þegar sá undirbúningur var hafinn, að ástandið var og er í raun og veru mjög illa viðunandi, vegna þess, hvernig til hagar um launakjör ýmissa starfsmanna. Ósamræmið í launamálum var mjög mikið, en ég er ekki viss um, að samræmið aukist mjög mikið, þegar allt kemur til alls, er það frv. verður samþ., sem hér liggur fyrir. Það samræmist að vísu nokkuð meir innan einstakra stofnana, en í heild sinni er að mínu áliti ekki nein vissa fyrir því, að svo verði. En undirbúningnum var hagað þannig, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. skipaði n. manna til að undirbúa þetta mál, og það voru allt saman fulltrúar frá launastéttunum sjálfum, en ekki fulltrúar frá neinum öðrum stéttum, hvorki framleiðslustéttum til sjávar né sveita. Þetta frv. er því byggt á kröfum launamanna sjálfra. Nú er það í raun og veru ekkert athugavert, þótt félagsskapur eins og BSRB eigi þátt í að undirbúa frv., það hefur kunnugleika á þessum málum, en þó álít ég, að undirbúningur þess hafi mistekizt.

Það hefur verið upplýst hér af hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. V.-Húnv., að stór hópur fólks hefur verið skilinn eftir, póstafgreiðslu- og símafólk úti á landi, sem nú ríkir mikil óánægja á meðal, sem von er. Nú hefur það orðið að samkomulagi í fjhn. að reyna að lagfæra þetta með reglugerð, sem bætir að nokkru leyti úr þessu, en þó hefði verið æskilegra að taka þennan hóp starfsmanna inn í frv. sjálft.

Þá tel ég það og til galla með þær stofnanir, sem teknar voru burt úr frv. í Ed., og þar sem nú er komið að þinglokum og ekki hefur orðið samkomulag um að taka þær í frv. aftur, þá ætla ég tilgangslaust að koma nú með brtt. í þá átt. En það er óneitanlega mikill ókostur, að þessar stofnanir séu utan við frv. Þá er það og galli á þessu frv., að því skuli ekki fylgja reglur um réttindi og skyldur embættismanna.

Ég hef ekki flutt neinar brtt. við frv. af þeim ástæðum, að ég sé, að málinu er tryggður framgangur í aðalatriðum á þeim grundvelli, sem það er byggt, og yrði slíkt því aðeins til að tefja málið.

Viðvíkjandi till. hv. þm. V.-Húnv. þá tel ég hana rétta, en eigi svo vel undirbúna, að hún sé tímabær. Ég hef áður flutt till. um verðlagsskrá, sem hægt væri að byggja á í þessum málum. — Þá hafa komið fram till. um að taka eina vöru, t. d. fisk, og miða launin við verðlagsgildi hennar, og er það eðlilegri leið en sú, sem ríkt hefur á þessum tímum. Nú er þetta reiknað út mánaðarlega eftir reglum, sem ég álít mjög misheppnaðar, og hygg ég, að ekki verði hjá því komizt á næsta þingi að athuga þær reglur nánar.

Ég mun svo við atkvgr. segja til um, hvaða brtt. ég get fylgt, en ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með frv. í heild.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég flyt brtt. á þskj. 1148 og 1160.

Fyrri brtt. er um það, að síðasta málsgr. 30. gr. falli burt, en hún fjallar um laun skólastjóra og kennara við gagnfræða- og héraðsskóla. Þessi gr. var ekki í upphaflega frv., en var skotið inn í. Nú má deila um, hvort rétt sé að hafa þessa starfsmenn, sem hér um ræðir, skólastjóra og kennara, á launal., en hitt nær ekki nokkurri átt,

að fela skólanefndum það, hvort þessir menn skuli lúta launal. eða ekki. Þetta gæti orsakað hið mesta misræmi, því að ein skólan. gæti neitað, en önnur samþ. að láta þetta gilda eða þá látið þetta gilda um einstaka starfsmenn, en ekki aðra. Og ef þetta atriði á að gilda um kennara við gagnfræða- og héraðsskóla, þá mætti hið sama ákvæði gilda um barnakennara.

Hinar brtt. mínar eru á þskj. 1160 og eru við 16. gr. frv., en þar segir í niðurlagi 16. gr.:

„Af grunnlaunum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅓ hluti úr bæjarsjóði og ¼ hluti úr sveitarsjóði viðkomandi skólahéraðs."

Sá háttur hefur lengi verið hafður, að kennarar tækju nokkurn hluta launa sinna úr ríkissjóði og hitt úr sveitarsjóði, þannig að ríkið greiðir þetta fyrst, en á svo aðgang að sveitarsjóði. Ég álít það með öllu óþarft að leggja þennan bagga á ríkissjóð, og það er ekki heldur til hagræðis fyrir kennara, sem hefur þótt þægilegt að taka þennan hluta úr sveitarsjóði, því að ég veit ekki til, að nokkurn tíma hafi orðið vanskil á þessu.

Hin till. er orðabreyt. Skólahérað er ekki til samkv. íslenzkum lögum, og mun hér vera átt við skólahverfi.

Aðrar brtt. flyt ég ekki, en vildi minnast á fáein atriði þessa máls.

Hv. fjhn. hefur flutt brtt. um að lækka laun háskólabókavarðar stórlega. Þegar embætti þetta var stofnað, var það ákveðið, að hann skyldi hafa sömu laun og prófessorar. Mér kemur þetta því mjög undarlega fyrir sjónir. Fjhn. hefur mikið gert að því að lagfæra launakjör einstakra manna með frv. þessu og hefur hækkað laun þeirra, en þessi ágæti maður hefur aftur á móti verið lækkaður. Hv. frsm. sagði, að háskólaritari væri í þessum launaflokki og væri því rétt, að þessir menn væru í sama launaflokki. En störf þessara manna eru mjög ólík. Háskólabókavörðurinn er bundinn við störf sín allan daginn, en ritarinn er miklu frjálsari og hefur aukastörf, svo að aðstaða þeirra er gerólík. Önnur ástæðan var sú, að þetta starf væri hliðstætt starfi aðstoðarbókavarða á landsbókasafninu. En þetta er nú orðið stórt safn, og þarna er lestrarsalur, sem er svo mikið notaður, að það nálgast lestrarsal landsbókasafnsins. En landsbókavörður hefur fimm aðstoðarmenn, en þessi engan, og hefur hann því meira að gera. Ég vænti því, að þetta verði lagfært og að þessi brtt. verði felld, því að hún brýtur í bága við ákvarðanir Alþ. hér að lútandi. Ég skal og taka það fram í þessu sambandi, að það er vilji háskólans að vanda jafnan val þessa manns, að það verði ávallt viðurkenndur fræðimaður sem nú.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, en þó veldur það undrun minni, í sambandi við 25. gr. frv., að fjhn. skuli ekki enn þá hafa samþ. sameiningu þessara tveggja stofnana, og undrast ég, að n. skuli hafa sofið á þessu í fimm mánuði. (**SigfS**: Það þarf ekki lög til þess að sameina þær.) Ef svo er ekki, þá hefði n. þó átt að skila áliti.

Ég vil svo loks beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh.

Í 33. gr. frv. segir: „Á grunnlaun samkvæmt lögum þessum skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma samkv. útreikningi kauplagsnefndar." — Þetta mun eiga að þýða fulla verðlagsuppbót, en í l. er ákveðið, að verðlagsuppbót skuli eigi greiðast á hærri laun en 650 kr. grunnlaun. Nú vildi ég spyrja n. og hæstv. ráðh., hvort ekki sé rétt að fella það ákvæði úr lögum, svo að þetta stangist ekki á.

Þá hygg ég, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Það er að sjálfsögðu rétt að fella þetta atriði úr gildi, og vænti ég, að n. taki það til athugunar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þótt þær till., sem ég hef lagt fram, verði samþ., þá get ég ekki greitt atkv. með frv. Það hefði þurft að bera fram heilan mýgrút af brtt. og samþ. þær, til þess að það gæti átt sér stað. Brtt., sem ég flyt, eru til þess að bæta úr fyrir n., sem hefur farið með málið, og til þess að bæta úr þeim misrétti, sem ég tel, að felist víða í þessu frv.

Það eru ekki fá dæmi þess, að gert er ráð fyrir, að menn fái sömu laun fyrir starf, sem fyrst krefst þess, að menn undirbúi sig undir það allt að 14—16 ár, og fyrir starf, sem maður getur gengið í beint af götunni án þess að undirbúa sig undir það einn einasta dag. Þetta misræmi er svo víða í þessu frv., að ég hef ekki talið mér fært að flytja brtt. til þess að leiðrétta það alls staðar. En ein brtt., sem ég hef flutt, er þó í þá átt. Það er til þess ætlazt í frv., að dýralæknar, sem 12—14 ára náms er krafizt af til þess að gegna starfi sínu, hafi lægri laun en menn, sem teknir eru í lögregluþjónsstöðu, bara af því að þeir eru stórir og vigta vel, en ekki vegna neinnar menntunar. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum.

Annars finnst mér meðferð þessa máls dálítið skrýtin. Í sept. í haust var lögð fram till. nr. 126 á þskj. 325 um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn, flutt af hv. þm. Snæf. og hv. þm. N.-Ísf. Það varð ágreiningur um þetta í n., sem málið fór til. Ég vildi láta þetta fylgjast með launal. og taldi, að það gæti vel gert það. Hinir allir töldu, sem greinilegast kom fram hjá hv. 2. þm. Rang. í framsöguræðu hans, að það þýddi ekki að samþ. till., af því að ekki yrðu samþ. launal. á þessu þingi. Á þessu þingi, um mánaðamót sept.—okt., voru allir nm. sammála um það, að launal. gengju ekki fram á þessu þingi. Þetta liggur fyrir skjallega í þingtíðindum. Málinu var vísað til stj., hún átti að undirbúa það undir næsta þing. Og hvaða mánaðardagur er í dag? Við erum að minnsta kosti komnir fram yfir þann venjulega samkomudag Alþ., 15. febrúar. Hvað hefur stj. gert? Er þetta komið svo, að það gæti verið samferða? Það er liðinn sá tími, sem hún ætti að vera búin að afgreiða þetta. Nú eru menn farnir að harma það, að þetta tvennt gat ekki orðið samferða, þó að þeir vildu það ekki, þegar ég var að tala um það í sept. s. l. ár. Hefur ríkisstj. gert nokkuð í þessu? Ég vænti fastlega að heyra það frá hæstv. ríkisstj. eða n., hvað þessu líður.

Brtt., sem ég flyt, miðar að því að færa dýralækna og gera þá sambærilega öðrum læknum í landinu. Eins og ég tók fram, þurfa þeir fyrst og fremst að vera stúdentar eins og menn, sem fara í læknaskólann, þar næst að vera sex ár við dýralæknisnám, sem ég tel, að sé sami námstími

og hjá læknum (**HelgJ**: Það eru átta ár hjá læknum.). Ég hygg, að það séu þá sjö ár, ef búið er að breyta því, og ég hygg, að það sé að kalla sambærilegur námstími. Þó er sá munur á, að allir, sem stunda vilja dýralæknisnám, þurfa að fara utan og stunda nám sitt erlendis og vera þar sex ár. Nú er það svo, að dýralæknishéruð eru misjafnlega aukatekjumikil alveg eins og héruð mannalækna. Þetta er alveg sambærilegt, og þess vegna á að færa dýralæknishéruðin undir sömu reglu og mannalæknishéruðin og greiða misjafnlega laun í þeim.

Ég hef heyrt því fleygt, að einhver í n. hafi talið, að það væru mjög miklar aukatekjur, sem dýralæknar hefðu af kjötstimplun. Það er alveg rétt. Það eru þeirra aðaltekjur. En ef við lítum á, hvar slátrað er mest, þá er það í Reykjavík og á Akureyri. En svo koma bara staðir næst, þar sem mannalæknar stimpla, en ekki dýralæknar. Þar, sem hinir dýralæknarnir koma til með að stimpla, þá eru minni aukatekjur hjá þeim en hjá mannalæknum. Brtt. mín á þskj. 1152 er um þetta atriði. Hún lýtur að því að ákveða, að yfirdýralæknir Íslands skuli gera till. um það, hvernig héruð dýralækna verði flokkuð í launaflokka, og að fengnum þeim till. skuli landbrh. með reglugerð flokka dýralæknishéruðin eins og heilbrmrh. er ætlað að flokka mannalæknishéruðin. En samhliða því, sem þetta er gert, er lagt til, að felld verði niður 12. gr., um dýralækna.

Hin brtt. mín er á þskj. 1150 og er gerð til þess að bæta úr gleymsku, sem sýnilega hefur átt sér stað hjá n. Það er í raun og veru ekki í fyrsta skipti, sem sú gleymska á sér stað, þó að það sé ekki hjá n., heldur hjá Alþingi.

Það eru nokkur ár, síðan samþ. voru á Alþ. l. um tilraunir í þágu atvinnuveganna og gert ráð fyrir, að ríkið veitti árlega fé til tilraunastarfsemi í landinu á vegum landbúnaðarins, og síðan væri það sérstök n., sem skipti þessu fé niður á milli jarðræktar og búfjárræktar. Með þessum l. var ríkið látið taka að sér allar tilraunir á sviði búnaðarmála, — allar. Þar með var það, að bæði Sámsstaðir og gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands voru rekin af ríkinu. Eftir að Alþ. var búið að samþ. þessi l., flutti ég og annar hv. þm. frv. hér á Alþ. um að ætla fé til þessa. Nei, það var drepið af sama þm., sem var með í því áður að samþ. l. um, að ríkið tæki þetta að sér. Meiri hl. þm. drap það frv., sem fór fram á að ætla fé til þessarar starfsemi, þó að búið væri að samþ., að ríkið ætti að taka alla þessa starfsemi að sér. Það mundi bara enginn þeirra eftir því, að búið var að samþ. þau l. Og ríkið þurfti utan við fjárl. að leggja fé til þessara tilraunastaða. Nú hefur sama hent, þetta hefur gleymzt. Þá minnir kannske, að þetta sé allt á vegum Búnaðarfélagsins, en það var um leið fellt niður og ríkið tók þetta að sér.

Ég hef tekið þetta hér upp og fellt það aftan við 28. gr., mér finnst það helzt eiga þar heima þannig, að aftan við gr. bætist:

Tilraunastjórar 6000—8400 kr.

Ég veit, að þetta er ekki í samræmi við það, sem aðrir hafa samkv. launalfrv. Þetta eru nákvæmlega sömu störf og skólastjórar bændaskólanna inna af hendi, en þar að auki verða þeir, sem forstöðu veita þessum tilraunastöðvum, að hafa verið eitt ár við nám á tilraunasviði. En þó hef ég þá miklu lægri. En ég fer hér fram á laun, sem ég tel hæfileg, en hef ekki tekið tillit til þess, sem þetta launafrv. gerir ráð fyrir handa skólastjórum búnaðarskólanna.

Ég vona, að þessar tvær brtt., sem ég hef hér gert til þess að leiðrétta það tvennt, sem ég tel mest misrétti í, verði samþ., og ég tel það alveg sjálfsagðan hlut.

Ég vona, að þessar tvær brtt., sem ég hef hér gert til þess að leiðrétta það tvennt, sem ég tel mest misrétti í, verði samþ., og ég tel það alveg sjálfsagðan hlut.

Þá langar mig til þess að spyrja um það, — án þess að ég viti þó, hvort nokkur getur svarað því, — hvort það sé heppileg aðferð, sem tekin er upp í þessu frv., að láta yfirskattan. í hverri sýslu meta þau fríðindi, sem fylgja embættum. Ég er mjög í vafa um það. Ég er sannfærður um það, að þetta mat verður geysilega misjafnt. Ég er viss um það, að mat á t. d. íbúðum, ljósi og hita, sem fylgir heimavistarskóla t. d. hér á Seltjarnarnesi, mundi verða ákaflega miklum mun öðruvísi en mat á nákvæmlega sams konar íbúð t. d. austur á Rangárvöllum. Nú er hins vegar í frv. farið inn á þá stefnu að láta laun fyrir sömu vinnu vera þau sömu, hvar sem er á landinu. Skólastjórum heimavistarskóla hér nálægt Reykjavík og skólastjórum heimavistarskóla einhvers staðar úti á landi eru ætluð jöfn laun. Og ég er með því. En þá eiga að verða metin á sama hátt sams konar hlunnindi, sem báðir kynnu að hafa. En það hygg ég verði ekki eftir frv., ég er ákaflega hræddur um það. Sömuleiðis er ég ákaflega hræddur um, að mat á prestsseturs jörðum og afnot af húsum þar verði ekki með neinu samræmi, þegar það er metið af yfirskattan. í hverri sýslu. Hins vegar er ég a. m. k. enn sem komið er í vandræðum með, hvaða heppilegan aðila ætti að finna til þess að koma samræmi á þetta. Ég held, að sami aðilinn verði að meta þetta alls staðar, hvernig sem hægt er að koma því fyrir. Og ég er ekki viss um, nema hægt sé að finna leið til þess. En ég er alveg viss um það, að mat yfirskattan. verður mjög misjafnt, og það sér maður af svo mörgu, t. d. af því, þegar þær eiga að virða mjólkurlítrann. Þá hefur það munað frá 40—50 aurum og upp í allt að tveim krónum. Svo misjafnt hefur sjónarmið yfirskattan. verið. Þetta verður að ganga nokkurn veginn jafnt yfir alla, og þó að segja megi, að hægt sé að skjóta þessum málum til skattan. ríkisins, þá er mjög erfitt við það að eiga.

Ingólfur Jónsson: Ég mun ekki halda langa ræðu um brtt. mínar. Þær hefðu getað rúmazt á sama blaðinu, en ég tók ekki eftir því, fyrr en brtt. voru prentaðar. Þessar brtt. eru við 17. og 30. gr.

Út af ummælum hv. 2. þm. N.-M. (PZ), er hann sagði, að ég hefði mælt með, að þáltill., sem hv. þm. Snæf. og hv. þm. N.-Ísf. fluttu, yrði samþ., vegna þess að það kæmi ekki til mála, að launalagafrv. yrði afgr. á þessu þingi, þá vil ég segja það, að þótt svo sé nú komið, að það frv. sé komið þetta langt eða hér til 2. umr., þá er það nokkuð, sem mér þótti ósennilegt, að tækist. Og ég held, að hv. 2. þm. N.-M. hafi verið mér sammála, að honum hafi fundizt það ósennilegt, að það frv., sem

enginn vildi kannast við að hafa samið og búið var að leggja fram í d., yrði samþ., því að það er óyfirlýst, hver hefur samið það. Mþn. í launamálum vill ekki kannast við að hafa samið það. Það mun hafa verið minnzt á, að starfsmannafélag ríkis og bæja hafi samið það, en það félag vill ekki við það kannast. Þetta frv. er því í dag föðurlaust frv. Enginn vill kannast við faðerni þess. Frv., sem kom fram í haust, var þannig úr garði gert, að ólíklegt var, að það yrði samþ., og því ólíklegra sem við vonum nú, að þeir tímar, sem við höfum nú lifað á, séu að breytast, við vonum, að senn fari að líða að stríðslokum. Og það er óskiljanlegt, að Alþ. skuli nú á síðustu mánuðum þessa stríðs vilja ganga inn á þá braut að bæta milljóna kr. útgjöldum á ríkið. En sleppum því. Það vill enginn kannast við að hafa samið frv., og það er kannske sennilega vegna þess, að þeir eru margir, sem fylgja þessu frv. ekki með sérstaklega góðri samvizku, þar sem þeir eru að bæta um sjö millj. kr. útgjöldum á ríkissjóð vegna þessa launafrv. En þessir menn segja: Það var komið svo mikið ósamræmi á launagreiðslur ríkissjóðs, að hjá því varð ekki komizt að gera einhverjar ráðstafanir. — En það er allt annað að gera einhverjar leiðréttingar en að auka útgjöld ríkissjóðs vegna launal. um sjö millj. kr. En það er talið af fróðum mönnum, að þessi hækkun muni nema um sjö millj. króna.

Ég hef flutt hér tvær brtt., sem ég tel svo augljóst, að verði samþ., að ég mun taka þær aftur til 3. umr., til þess að n. gefist tækifæri til þess að gera þær að sínum till. Ég hef minnzt á þær við einn af nm. í fjhn., hv. þm. A.-Húnv., og hann taldi líklegt, að n. yrði sammála um að taka þær að sér. Ég kem síðar að efni till.

Í gömlu launal. var ráð fyrir því gert, að kennarar ættu að sjá fyrir sér á sumrin og fengju ekki laun hjá ríkinu nema þann tíma, sem þeir ynnu hjá því. En í þessum launal., sem nú á að samþ., er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði launin þannig, að þeir geti með meðalfjölskyldu lifað allt árið af þeim launum, enda þótt þeir vinni ekki nema hálft árið hjá ríkinu og tæplega það. Það segir sig sjálft, að á meðan ríkið launar starfsmönnum þannig, að þeir geti lifað á því allt árið, þá á það rétt á starfskröftum þeirra að heita má allt árið að frádregnu sæmilegu leyfi til hvíldar.

Till. mínar fara í þá átt að lengja frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., starfstíma þeirra manna, sem fá laun til þess að geta lifað af þeim allt árið. Það er nú svo, að ákvæðin samkv. 16. gr., um laun barnakennara, eru þannig, að dregið er frá launum þeirra, ef þeir vinna ekki nema níu mánuði. Þetta er til stórbóta, og með því er gert ráð fyrir, að kennarar skuli vinna minnst níu mánuði hjá ríkinu til þess að geta öðlazt full árslaun. Þannig mun það líka vera um menntaskólakennara, því að menntaskólakennarar starfa átta og hálfan til níu mánuði á ári. Hvernig er það svo um aðra skóla? Hvernig er það um kennara alþýðuskóla, gagnfræðaskóla, kennaraskóla, vélstjóraskóla og stýrimannaskóla? Það mun ekki vera nema um sjö mánaða skólaár. Kennslutímabilið hjá þessum skólum verður þá ekki nema hálft árið, þegar frá eru dregin fríin. En kennarar við þessa skóla eiga að hafa eftir þessu frv. sömu laun og kennarar menntaskólans, sem þurfa þó meiri undirbúning undir starf sitt en kennarar við hina skólana. Það sjá allir, þó að fjhn. hafi ekki enn leiðrétt þetta í frv., að þessi leiðrétting þarf að komast á, bæði vegna þess, að ef frv. yrði samþ. eins og það er nú, þá verður þetta ranglátt gagnvart menntaskólakennurunum, sem verða að vinna níu mánuði til þess að fá sín árslaun, og líka vegna þess, að ríkið, sem veitir þessum kennurum laun til þess að lifa af allt árið, á rétt á starfskröftum þeirra. Og það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að starfstími þeirra sé lengdur með þessu móti. Nú er það þannig um marga þessa skóla, gagnfræðaskóla og kennaraskóla og fleiri skóla, að þeir halda námsskeið að vorinu, — hafa það a. m. k. í reglugerð sinni. Ef þeir fara að hafa námsskeið á vorin, verður að launa kennurum sérstaklega, ef þeir vinna lengur en sjö mánuði, og þá koma þeir til með að hafa hærri laun en menntaskólakennarar. Þetta misræmi er svo augljóst, að sjálfsagt er að leiðrétta það. Ef þetta misræmi launal. verður látið standa, má búast við, að kennarar menntaskólans, sem vinna níu mánuði til þess að fá full árslaun, komi með kröfur um hækkun launa til þess að fá að minnsta kosti eins há laun og kennarar við þá skóla, sem ég hef nefnt hér á undan. Ég held, að það beri að keppa að því, fyrst kennarar eru launaðir með það fyrir augum, að þeir geti lifað af því allt árið, að nota starfskrafta þeirra sem mest. Kennarastéttin er fjölmenn og býr yfir mikilli starfsorku. En ríkið notar ekki starfskrafta þessarar stéttar eins og æskilegt væri og nauðsynlegt er.

Það var í frv. eins og það kom fyrst fram, í 43. gr., tekið fram, hve margar kennslustundir kennara skyldu vera á viku í hverjum skóla. Ef ég man rétt, skyldu barnakennarar vinna 30 stundir á viku, menntaskólakennarar 24 stundir og mig minnir við hina óæðri skóla, gagnfræðaskóla o. s. frv., 27 stundir á viku. (**SigfS**: Allt þetta er ákveðið í l. um þessa skóla.) Þá er það enn þá tryggara, að gert er ráð fyrir þessum vinnutíma. Þá skulum við leggja niður fyrir okkur, hve margar vinnustundir koma til jafnaðar á dag hjá kennurum yfir árið, sem fá þessi laun. Ef barnaskólakennarar s unda skóla sína níu mánuði á ári til þess að fá full árslaun, má segja, að það sé sama sem að þeir kenni átta mánuði, því að það er ekki of mikið að segja, að einn mánuður fari í frí og annan frádrátt. Ef kennarar kenna átta mánuði og 30 stundir á viku, þá mun það láta nærri, að vinnustundir séu til jafnaðar þrjár stundir á dag yfir árið. Og fyrir að vinna til jafnaðar þrjá tíma á dag yfir árið á kennarinn að fá lífsframfæri, sem nægir meðalfjölskyldu. Það er náttúrlega mjög gott, ef þjóðarbúið er svo öflugt, að það standist við að borga mönnum lífsframfæri handa meðalfjölskyldu fyrir að vinna þrjár stundir á dag. — Svo koma aðrir kennarar, sem samkv. þessu frv., ef það verður samþ. óbreytt, koma til með að hafa enn þá styttri vinnutíma, þ. e. kennarar við gagnfræðaskóla og héraðsskóla, sem samkv. l. nú eiga að starfa sjö mánaða kennslutíma. Ef á sama hátt og ég áður sagði er dreginn frá kennslutíma þeirra einn mánuður vegna fría og þeir þurfa ekki að kenna nema 27 stundir á viku í sex mánuði, þá eru það ekki nema tvær og hálf klst. á dag til jafnaðar, sem þessir menn þurfa að vinna til þess að fá laun, sem

nægja meðalfjölskyldu til lífsframfæris á ári.

Það er áreiðanlegt, að með þessu fyrirkomulagi er þessi fjölmenna stétt, kennarastétt landsins, þannig sett, að hún hefur stytztan vinnutíma allra þegna þjóðfélagsins til þess að geta lifað sómasamlegu lífi. (**SigfS**: Hvað hafa prestar langan vinnutíma? Og hvað hafa sýslumenn og læknar langan vinnutíma?) Það er óhætt að fullyrða, að læknar hafa langan vinnutíma yfirleitt. Og líka hafa sýslumenn, margir hverjir, langan vinnudag. Það er ákaflega misjafnt um presta, en ég geri ráð fyrir, að sumir þeirra, a. m. k. hér í Reykjavík, hafi nokkuð langan vinnudag. (**SigfS**: Þeir eru hundrað utan Reykjavíkur.) Nú, hv. 8. þm. Reykv. fór út, svo að ég þarf ekki að eyða tíma í að svara honum. Og um vinnutíma þessarar fjölmennu stéttar, kennaranna, er dálítið langt gengið í því að innleiða svo stuttan vinnutíma fyrir svo fjölmenna stétt. Verkamenn, sem hafa öflug samtök með sér og vinna átta stundir á dag og hafa á síðustu tímum vitað, hvað þeir máttu bjóða atvinnurekendum, hafa ekki farið fram á, að vinnutíminn væri styttur úr átta stundum, og þeir hafa miðað við átta stunda vinnudag til þess að geta lifað sómasamlegu lífi. Það er ákaflega mikill munur á þessu hjá verkamanninum og kennaranum. Kennarinn vinnur tvo og hálfan tíma og upp í þrjá tíma á dag til jafnaðar, en verkamaðurinn átta tíma á dag. — Ef við snúum okkur til sjómanna og bænda, verður samanburðurinn enn þá hagstæðari kennurunum.

Ég tel nú ekki ástæðu til að vera að lengja ræðu mína um þetta atriði að svo stöddu. Þessu verður nú sennilega ekki um þokað að öðru leyti en því, að ég geri ráð fyrir, að þær brtt., sem ég flyt hér á þskj. 1153 og 1162, verði samþ. og þá komi nokkur leiðrétting á, þannig að kennarar muni verða að vinna nokkru lengur en sex mánuði til þess að fá full árslaun, svo að skólinn verði að miðast við níu mánuði. Er það nokkur leiðrétting, þó að vinnutíminn fari samt sem áður ekki niður úr þrem stundum á dag, ef miðað er við allt árið.

Ég gat um, að ég væri í flestum atriðum á móti þessu frv. Og ég gat um, hvers vegna ég kæmi ekki með fleiri brtt. við frv., sem se .. því, að vonlaust mundi vera að fá samþ. allar brtt., sem miða til lækkunar, vegna þess að meirihlutafylgi mun vera fyrir því að samþ. frv. næstum óbreytt hér á hæstv. Alþingi.

Þeir, sem fylgja þessu frv., halda, að þeir séu að gera launastétt landsins greiða með því að samþ. frv. Og því færi betur, ef þjóðarbúið væri svo vel statt, að það gæti gert svona vel við þegna sína. En það er ekki nein sérstök svartsýni hjá mér, og ég er ekki með neinar illspár, þó að ég freistist til þess að halda það og segja það hér, að það sé mjög hæpið, að það sé hægt að standa undir þeim bagga, sem ríkissjóði er bundinn með þessum launal., ef frv. verður samþ. lítt eða ekki breytt. Hvernig fer ríkissjóður að standa undir þessum bagga, eftir að fiskurinn er fallinn í verði? — Með launal. er gert ráð fyrir, að launamenn beri óskertan hlut frá borði, hvernig sem atvinnuvegunum vegnar. En það er vitað, að um leið og atvinnuvegunum fer að hraka, um leið og atvinnuvegirnir hætta að bera sig, kemur það niður á launamönnum, því fólki, sem tekur laun hjá ríkinu. Það endar þá með því, þegar boginn er spenntur þetta hátt, að ríkissjóður getur ekki staðið við þær skuldbindingar og getur ekki staðið undir þeim bagga, sem Alþ. bindur honum með þessari löggjöf.

Ég tók fram, að ég færi ekki fram á, að brtt. mínar kæmu til atkv. við 2. umr. málsins, heldur mun ég taka þær aftur til 3. umr. og gefa hv. fjhn. tækifæri til þess að athuga þær og gera þær að sínum till., ef hún svo vildi við hafa. Ég teldi eðlilegast að koma breyt. fyrir á einni brtt., taka í eina brtt. þessa breyt., sem felst í brtt. mínum á þskj. 1153 og 1162, sem eru við 17. og 30. gr. frv. og vísa báðar til ákvæða 16. gr. frv.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að sinni. Ef hv. fjhn. treystir sér ekki til að taka till. mínar til greina að einhverju leyti og treystir sér ekki til að taka þær svo mikið til greina, að þær nái tilgangi sínum, þá getur verið, að ég sjái ástæðu til að rökstyðja mál mitt frekar við 3. umr. málsins.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Það féllu nokkur orð hjá hv. 2. þm. Rang., er nú var að ljúka máli sínu, sem gefa mér ástæðu til að segja hér nokkur orð og gera nokkrar aths. við það, sem hann hefur rætt hér.

Hv. 2. þm. **Rang.** mælti hér fyrir brtt., sem hann hefur flutt á tveimur þskj., sem hér liggja fyrir. Hann byrjaði á því, að hann lét þess getið mjög framarlega í ræðu sinni, að hann mundi taka þessar brtt. aftur til 3. umr. í þeim tilgangi að athuga þær betur og efni þeirra. En samt sem áður flutti hann nú alllanga ræðu til skýringar á efni þessara brtt. Ég held satt að segja, að það viturlegasta, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm., hafi verið sú yfirlýsing, að hann skyldi taka þessar brtt. aftur til 3. umr., því að ég held, að ástæða sé til þess að taka þær til nokkurrar yfirvegunar, a. m. k. ef bak við þær stendur sá skilningur, sem virtist koma fram í ræðu hans. Ég hef veitt því athygli, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá er dálítið ósamræmi í ákvæðunum um starfstíma kennara hinna ýmsu skólaflokka. Og ég hafði sjálfur hugsað mér að gera það að umtalsefni, áður en til lokaafgreiðslu málsins kæmi í þessari hv. d., en skal ekki fara langt út í það nú. En ég vildi benda hv. 2. þm. Rang. á það, að ég fæ ekki betur séð en a. m. k. önnur brtt. hans sé óþörf, því að ég fæ ekki betur séð en fjhn. hafi nú þegar lagt til í brtt. þeirri, sem hún flytur sameiginlega, að starfstími gagnfræðaskólakennara og héraðsskólakennara skuli miðast við níu mánuði eða m. ö. o. nákvæmlega það sama, sem vakti fyrir hv. 2. þm. Rang. Að þessu athuguðu væri hyggilegast fyrir hann að taka alveg þá brtt. aftur.

En út af þeim skilningi, sem virtist koma fram hjá honum um starf þeirra kennara, sem ræðir um í 17. og 30. gr. frv., þá vildi ég mega benda hv. þm. og öðrum á það, að í l. um héraðsskóla er svo ákveðið, að kennarar og skólastjórar skólanna eru fastir starfsmenn skólanna árlangt með fjögurra vikna sumarleyfi. Þeir eru samkv. þeim l., sem um þessar stofnanir fjalla, starfsmenn skólanna árlangt. Og í þeim l. segir enn fremur, að skólan., sem sér um starfsemi slíks skóla, því að þeir eru einkastofnanir að nokkru leyti, skuli „semja um við kennara í samráði við skóla-

stjóra, hvers konar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.“ — Ég fæ því ekki séð, að það, sem hv. 2. þm. Rang. ræddi hér um starfstíma kennara, fái staðizt, þegar það er borið saman við þau lagaákvæði, sem þeir starfa eftir. Og af því leiðir líka, að sú brtt., sem fyrir liggur frá hv. fjhn. um, að níu komi í stað sjö, þar sem um kennslumánuði er að ræða í slíkum skólum, hefur í raun og veru ekki mikið að segja. En ég vil benda á það og mun e. t. v. koma með brtt. um það við 3. umr. málsins, að eðlilegra væri, að í staðinn fyrir „9 mánaða kennslutíma“ kæmi: 9 mánaða starfstíma. Virðist þetta rétt, þar sem þessir menn eru bundnir við störf í stofnununum, jafnvel þótt það sé ekki kennsla. Það er formsatriði, sem taka má til athugunar við 3. umr. málsins.

Ég skal nú ekki fara út í mikinn tölulegan samanburð um laun kennara og laun annarra starfsmanna, þótt ræða hv. 2. þm. Rang. gæfi nokkurt tilefni til þess. Það yrði fulllangt mál að fara út í það nú á þessu stigi. En út af því, sem hann sagði um vinnustundir kennara, vildi ég mega benda honum á, að í því gætir verulegs misskilnings. Það er að vísu rétt, að samkv. þeim l. um skólastarfið, sem kennarar fylgja, er ákveðið, að kennslustundir þeirra í skólanum skuli vera 30 á viku, eða fimm á dag að jafnaði. En það veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til kennslustarfa, að vinna kennarans er ekki öll fólgin í því að sinna störfum í kennslustundum. Bak við hverja kennslustund liggur mikil undirbúningsvinna, sem enginn kennari kemst hjá að inna af hendi, svo framarlega sem hann vill rækja starf sitt af þeirri skyldurækni, sem honum ber, og það mjög mikil undirbúningsvinna. Og það veit hver einasti kennari og hver maður, sem nokkuð þekkir til kennslustarfa, að kennsla er ekki vel af hendi leyst, nema mikil undirbúningsvinna sé innt af hendi fyrir hvert dagsverk, sem kennari innir af hendi í kennslustofu. Og ég hygg, að það sé álit kennara, sem bezt þekkja til starfans, að fimm stunda vinna í kennslustofu krefjist a. m. k. átta stunda starfs á dag. Þetta vildi ég biðja hv. 2. þm. Rang. að taka til yfirvegunar fyrir 3. umr., á meðan þessar brtt. liggja nú til athugunar hjá honum og öðrum hv. þm. — Allir útreikningar, sem sá hv. þm. var hér með um daglegan starfstíma kennara, ef jafnað er starfstímanum niður á allt árið, eru því algerlega út í hött og hafa ekki við rök að styðjast. Ég vil t. d. þessu til áréttingar benda hv. þm. á starf heimavistarskóla í sveitum. Þar er ekki aðeins að ræða um kennslustundir. Kennarar þar taka á sína arma hóp barna á þeim aldri, sem skólaskyldualdur segir til um, jafnvel nokkra tugi barna. Og sums staðar í þessum skólum er það aðeins einn maður, sem á að gæta þessara barna frá morgni til kvölds. Þar eru það ekki aðeins kennslustundirnar, sem baka kennaranum erfiði, heldur allt starfið, frá því er hann rís úr rekkju á morgnana og þar til er börnin ganga til náða á hverju kvöldi. Og ég ætla, að það sé þyngra starf en margir starfsmenn hins opinbera og aðrir vinna, bæði á skrifstofum og við fleira, sem ekki þarf upp að telja. Þegar þetta er athugað, eins og það er í raun og veru, og metið með nokkurri sanngirni, verður það enn ljósara, að þau ummæli, sem um þetta féllu hjá hv. 2. þm. Rang., eru úr lausu lofti gripin.

Að svo stöddu sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, nema eitthvað nýtt komi fram. [Fundarhlé.]

Helgi Jónasson: Ég sé heldur þunnskipaða bekki, enda ætlaði ég ekki að hafa mörg orð, en mig furðar, hve áhugi hv. þm. er lítill, þegar afgreidd eru hér stórmál, því að stórmál er þetta, hvernig sem á það er litið.

Ég get vel tekið undir með þeim mönnum, sem halda því fram, að nauðsynlegt sé að endurskoða launal. Við vitum, að þau eru sett 1919, og síðan hafa þau aldrei verið endurskoðuð í heild, svo að það hefur orðið fullkomið ósamræmi og misræmi, sem starfsmenn ríkisins hafa átt við að búa í þessum efnum. Enn fremur vitum við, að stofnlaun að kalla hvers embættis, sem stofnað hefur verið af ríkissjóði eftir þann tíma, voru sett miklu hærri en í launal., og af því skapast vitanlega ákaflega mikið ósamræmi milli einstakra starfsmanna ríkisins. Það var líka vitað, að ýmsar stéttir þjóðfélagsins, sérstaklega þær, sem áttu að vinna úti á landsbyggðunum, voru mjög lágt og illa launaðar. Um þetta held ég, að allir geti verið sammála, og um það, að nauðsynlegt hafi verið að endurskoða launal., enda er það svo, að það hefur oft verið reynt síðan. 1934 var skipuð n. til að endurskoða l., og skilaði hún ýtarlegu áliti, sem því miður var aldrei tekið til meðferðar á hv. Alþingi.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er ekki í sjálfu sér margt að segja, en þegar það er athugað, sést, að talað er um skyldur ríkisins við starfsmenn sína, en aftur á móti er ekkert um það, hvaða skyldur starfsmenn ríkisins eigi að inna af höndum fyrir þau laun, sem þeir taka samkv. þessum l., og tel ég það mjög miður farið. — Frv. það, sem hér var lagt fyrir af mþn., var að mínum dómi að ýmsu leyti betra en þetta frv. hefur orðið hér í meðferð Alþ., því að í því frv. voru ýmsar þær stofnanir, sem ég tel hiklaust, að eigi að vera, þegar launal. eru sett. Það eru bankarnir, Tryggingastofnun ríkisins, Búnaðarfélagið og ýmsar fleiri stofnanir. Þó að þær séu ekki beint ríkisstofnanir, þá eru þær það að nokkru leyti, og þær eiga að heyra undir sama starfslaunakerfi og stofnanir ríkisins, því að þessar stofnanir munu, þegar fram í sækir, auka á það ósamræmi, sem nú er verið að reyna að lagfæra. Mér þykir ákaflega undarlegt, að Ed. skyldi fella þetta úr frv.

Ég skal nú ekki fara neitt út í hinar einstöku greinar þessa frv., því að ég býst við, að það hafi ekki mikið að segja, þó að menn vilji koma hér með einhverjar brtt., því að þetta frv. til l. er eitt af samningsmálunum í málefnasamningi stjórnarflokkanna frá s. l. hausti og á að afgreiða á þessu þingi. Ég býst því ekki við, að það þýði nokkuð fyrir þá menn, sem óánægðir eru, að koma með brtt., svo að nokkru nemi, til lagfæringar.

Ég tel þá menn mjög bjartsýna, sem álíta, að fært sé nú, eins og ástandið er, að afgreiða slík l., sem hér er gert ráð fyrir, l., sem auka útgjöld ríkissjóðs um einar 7 til 8 millj. kr. Það hefur

aldrei fengizt upplýst hjá þeim mönnum, sérstaklega í Ed., sem höfðu málið lengi til meðferðar, hve miklu næmu þau útgjöld, sem l. þessi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Mér finnst ákaflega undarlegt, þar sem frv. er búið að liggja hér í nokkra mánuði, að ekki skuli vera hægt að fá vissu fyrir því. Það eru mjög skiptar skoðanir um það, sumir segja 4½ millj., aðrir 6 millj., sumir 7 millj., og enn aðrir fara upp í 8 millj. kr. Hvað rétt er, skal ég ekki dæma um, en ég býst við, að það sé aldrei undir 7—8 millj. kr., sem hækkunin nemur. Er þetta töluverð viðbót við þau rekstrarútgjöld, sem ríkissjóður á að inna af hendi, því að þau eru býsna há fyrir, — eru orðin um 70 millj. kr. á núgildandi fjárl., og ef 7—8 millj. koma til viðbótar, er það álitleg fúlga, sem ríkissjóður á á sínum árlega rekstri. Ég tel nokkuð djarft stefnt með þessu frv., eins og útlitið er nú.

Árið 1943, þegar reiknaðar voru út árlegar tekjur verkamanna og bænda, þá áleit sú n., og það hefur ekki verið vefengt með neinum rökum, að meðaltekjur bænda það ár væru 14500 kr., og þó er það vitanlegt, að bændur fengu aldrei það verð, sem ákveðið var, og sumir ekki einu sinni hálft verð af því, sem sex manna n. hafði gert ráð fyrir. Meðaltekjur bænda voru því töluvert lægri en n. hafði gert ráð fyrir, og ég er þess fullviss, að þær hafa ekki hækkað síðan, — frekar á hinn veginn, að þær hafi lækkað. Mér þykir dálítið hart, að bændur og konur þeirra, sem vinna ekki aðeins átta eða tíu tíma á dag, heldur tólf tíma að meðaltali og jafnvel kannske lengur, skuli ekki fá eins hátt kaup og fólk, sem vinnur hér í skrifstofu og hefur engu þurft að kosta til náms eða að minnsta kosti ekki meira en bændur. — Um verkamenn er alveg sömu sögu að segja. Það var upplýst, að þeir mundu fá í árslaun, þ. e. a. s. grunnlaun, eitthvað um 5000 kr. með átta stunda vinnu, og það er ekki eins hátt kaup og lægst launuðu flokkarnir fá hjá ríkinu eftir frv., eins og það er nú úr garði gert. Það hlýtur að reka að því, að ný kauphækkunaralda fari af stað, þegar þetta er orðið að l. Það er vitanlegt, að þegar er þetta er orðið að l., koma fram hækkanir hjá bæjar- og sveitarfélögum, í allri þeirra stjórn og hjá öllum mönnum, sem hjá þeim vinna, og hjá öllum verzlunarfyrirtækjum í landinu, því að það hefur alltaf verið og er svo enn, að mjög er svipað um launakjör hjá verzlunarfyrirtækjum og ríkis- og bæjarfélögum. Þetta hlýtur allt að koma fram, um leið og l. verða samþykkt. Ég er anzi hræddur um, að verkamenn láti ekki heldur á sér standa, þegar fram í sækir, að heimta tilsvarandi hækkanir, og ég tel það alveg eðlilegt, að verkamenn, sem stunda átta stunda erfiðisvinnu á dag, telji sig eiga heimtingu á sama kaupi og skrifstofupiltar eða stúlkur, sem vinna fimm eða sex tíma á dag.

Það er sem sé ekkert tekið fram í þessu frv. um skyldur starfsmanna, hvorki vinnutímann né hvaða kröfur gerðar séu til að geta leyst starfið af hendi, og er það mjög miður farið.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta frv., en ég lýsi yfir því, að enda þótt ég hafi talið endurskoðun launal. alveg nauðsynlega, tel ég mér ekki fært að ljá þessu frv. atkv. mitt, ef það verður samþ. eins og það liggur fyrir nú og með þeim breyt., sem meiri hl. fjhn. hefur á því gert. Þó er það svo, að ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Snæf. að koma fram með tvær brtt. til þess að reyna að leiðrétta það, sem mér fannst helzt ábótavant. Er þær að finna á þskj. 1149. Önnur þeirra er við 11. gr., 4. málsgr., og er þar farið fram á, að við þá gr. verði bætt aðstoðarhéraðslæknum. Fór ég fram á við n., hvort ekki væri hægt að fá annað form á þetta en hér er gert ráð fyrir, því að það er mjög hæpið að fá menn í þessar stöður, ef þær eru ekki teknar inn í launal. Varð að samkomulagi, að ég skyldi taka till. þessa aftur til 3. umr., og mun ég gera það.

Hin till. á sama þskj. er við 37. gr., síðustu málsgrein. Þar stendur m. a.: „Í gjaldskrá héraðslækna skal setja sérstök ákvæði um afslátt, þegar sjúkrasamlög annast um greiðslu". — Ég vil leyfa mér að óska eftir, að þessi mgr. falli niður. Ég skil satt að segja ekki, hvernig á því stendur, að héraðslæknar eru settir skör lægra en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Oft hefur komið fram, að þeir hafa verið settir sem 2. flokks menn, og nú er því haldið áfram og ákveðið að setja í l., að þeir skuli veita afslátt af gjöldum fyrir sín störf, sem eru ákveðin samkv. gjaldskrá frá heilbrigðisstjórn, og læknar hafa engin ítök um, hvernig sú gjaldskrá er samin. Ég skal taka fram, að ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt fyrir lækna að veita sjúkrasamlögum einhvern afslátt, en ég vil bara ekki láta setja það inn í l. Það eiga að vera frjálsir samningar milli sjúkrasamlaganna og hvers sérstaks læknis. Þannig hefur það verið, og þannig á það að vera, og þannig hlýtur það að vera. Og læknar munu alls ekki una við, að þeir einir séu skyldaðir með l. til þess að gefa ýmsum stofnunum vissan afslátt. Ég veit ekki, hvað ýmsar aðrar stéttir mundu segja, ef slík ákvæði væru sett í l., að þær væru skyldaðar til þess að veita vissum fyrirtækjum eða stofnunum afslátt á því kaupi, sem ákveðið hefur verið áður. Ég vænti þess því fastlega, að þessi brtt. okkar hv. þm. Snæf. verði samþ., því að læknar munu una mjög illa við, ef þeir einir eiga að heyra undir þessi l. þannig, að gert sé að lagaskyldu, að þeir verði endilega að vinna kauplaust fyrir vissar stofnanir. Hér er farið fram á að veita afslátt, en alls ekki talað um, hve háan, það á bara heilbrigðisstj. að ákveða. Ég býst við, að ýmsum öðrum starfsmönnum ríkisins þætti undarlegt, ef setja ætti slík ákvæði um launakjör þeirra.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vona, að þessar brtt. verði samþ., því að annars munu læknar mjög illa við una.

Jóhann Jósefsson: Við að hlusta á þær ræður, sem fram hafa farið um þetta mál, má segja, að niðurstaðan verði sú, að það sannist hið fornkveðna, að allt orkar tvímælis. Þeir menn, sem sérstaklega hafa áhyggjur af samþykkt frv., — og þeir munu nú vera raunar fleiri en þeir, sem beinlínis leggjast á móti málinu, — munu hafa áhyggjur að ýmsu leyti af því, að þetta spor er stigið, ef stigið verður. Hins vegar verður þeirri staðreynd ekki neitað, að á undanförnum árum hafa sumar launastéttir í þjóðfélaginu búið við skarðari hlut en eðlilegt hefði verið, og sú hugsun, sem liggur á bak við þá endurskoðun launal., sem hér hefur átt að fara fram, hefur vissulega verið sú, að þörf væri á breyt. á ýmsum sviðum, að því

er varðar laun opinberra starfsmanna. Hitt er svo að sjálfsögðu nokkuð mikill ókostur á því frv., sem hér liggur fyrir, að áhrif einstakra stétta í þjóðfélaginu á undirbúning málsins hafa gert að verkum, að segja má ef til vill í ýmsum tilfellum, að úr einum öfgunum sé farið í aðrar, — þeim öfgum, að ýmsar stéttir hafa borið of lítið úr býtum, sé breytt í það, að nú sé þeim fyrirhugað betra hlutskipti en þjóðin hefur í raun og veru ráð á. Því er það, að samþykkt þessa máls, eins og það liggur fyrir, og sennilega breytist það ekki mikið úr þessu, hlýtur að orka mjög tvímælis. Og vissulega má segja með nokkrum rétti — og þó ef til vill með mestum rétti —, að þessir borgarar þjóðfélagsins, sem heita opinberir starfsmenn, eigi kröfu á launum í nokkru hlutfalli við afkomu atvinnuvega landsins og við afkomu almennings yfirleitt. Það leiðir líka af sjálfu sér, að þetta hlýtur að verða niðurstaðan, þegar til lengdar lætur, því að ekkert þjóðfélag getur staðizt við það að borga jafnstórum hóp manna og opinberir starfsmenn eru í hinu íslenzka þjóðfélagi miklu hærra kaup en vit er í og staðið verður undir af þeim, sem annast rekstur atvinnunnar í þjóðfélaginu, en það eru verkamenn, sjómenn og þeir, sem fyrir atvinnufyrirtækjunum standa, að ógleymdum bændum landsins.

Hitt er svo annað mál, hvort vegna þessarar afgreiðslu, sem á frv. er, ber að forkasta því algerlega. Það má um það segja, að mjög orki tvímælis, að jafnvægis sé gætt með þessa starfsmenn, sem hér er verið að ræða um. En það hygg ég, að orki mest tvímælis, hvort eftir slíku jafnvægi sé leitað við þessa lagasetningu.

Ég skal svo ekki hafa þessar almennu aths. fleiri, en í sambandi við það, sem ég sagði hér síðast, vildi ég leyfa mér að benda á, að 17. brtt. fjhn. á þskj. 1136, við 22. gr., sem fjallar um starfsmenn pósts og síma, er að minni hyggju þannig orðuð og þannig frá henni gengið, að ég vildi mælast til þess við n., að hún væri tekin til athugunar til 3. umr. að nýju. Mér finnst þar gerður nokkuð mikill munur á símstöðvarstjórum víðs vegar um landið, og verður þá hver og einn að athuga það, sem honum er næst. Ætla ég, að mér verði fyrirgefið, þó að ég minnist á það, að símastjórinn í Vestmannaeyjum er að mínum dómi ófyrirsynju settur skör lægra en símastjórinn á Akureyri, Siglufirði, Ísafirði og Seyðisfirði. Þeir eru að vísu kallaðir umdæmisstjórar, en þá er þess að gæta, hvað það er, sem eykur svo mjög störf þeirra í sambandi við þessi umdæmi. Það er það, að þeir taka við reikningum símastöðva í sínu umdæmi, athuga þá og senda þá til landssímastjóra eða aðalstöðvarinnar í Reykjavík. En þó að þetta kunni að vera nokkuð mikið verk, t. d. á Seyðisfirði og Ísafirði, þá ætla ég, að starf símastjórans í Vestmannaeyjum sé ekki minna, þar sem er jafnmikil útgerð og afgreiðsla fyrir báta og þar er, og enn fremur loftskeytastöð. Ég hygg því, að starf símstöðvarstjórans í Vestmannaeyjum jafnist á við störf þeirra símastjóra, sem hafa umdæmisstjórastörfin á hendi. Hér er um að ræða verstöð í kaupstað, sem er einhver mesta framleiðslustöð hér á landi. Það munu hafa farið þaðan á s. l. ári um 170 fiskfarmar til útlanda, og það leiðir af sér ákaflega mikið starf á símastöðinni. Í Vestmannaeyjum eru um fimm þús. manns á vetrarvertíð og fjöldi aðkomumanna, og eykur það ekki lítið störfin í símastöðinni. Ég ætla því, að það væri meira jafnvægi milli þessara manna, ef símastjórinn í Vestmannaeyjum væri settur jafnhliða öðrum símastjórum austanlands. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég vona, að n. muni athuga þetta mál milli umr.

Þá hef ég leyft mér að flytja eina brtt. Hún er á þskj. 1155 og varðar rafmagnseftirlit ríkisins. Forstöðumaður þess er settur í 11100 kr. laun, en mér skilst, að húsameistari ríkisins, vitamálastjóri og vegamálastjóri eigi að hafa 13 þús. kr. laun. Ég vil ekki gera upp á milli þessara manna, en vil benda á það, að rafmagnseftirlit ríkisins er að verða og verður í framtíðinni engu þýðingarminni stofnun en t. d. vegamálaskrifstofan og vitamálaskrifstofan. Nú er að komast á fót svo mikið af rafvirkjunum af öllu tagi, að það gefur auga leið, hversu nauðsynlegt það er, að þessi skrifstofa og forstöðumaður hennar hafi aðstöðu til að geta gefið ýtarlegar og hagkvæmar leiðbeiningar viðvíkjandi hvers konar rafvirkjunum víðs vegar um landið, því að flestir, sem eru leikmenn í þessum efnum, eru alls ókunnugir því, hvernig koma á upp stórum rafvirkjunum. Það er því mjög mikilsvert, að ríkið hafi til leiðbeiningar í þessum efnum yfir að ráða beztu kröftum. — Nú veit ég ekki betur en núverandi forstöðumaður rafmagnseftirlitsins sé talinn mjög vel fær maður á sínu sviði. Og eitt er víst, og það vita allir hv. þm., að ekkert mál, sem snertir rafveitur og kemur fyrir Alþ., er afgr., án þess að rafmagnseftirlitið hafi lagt þar til málanna sitt álit, og án meðmæla þess, hygg ég, að ekkert slíkt mál næði framgangi hér á Alþ. Það er enn fremur stórkostlega þýðingarmikið, að þessi opinbera stofnun hafi yfir starfskröftum að ráða, sem geti verið fullnægjandi, þegar ráðizt er í rafvirkjanir, svo að bæjarfélög þurfi ekki að snúa sér til einstakra verkfræðinga í þessum efnum, vegna þess að þeir hafi yfir betri þekkingu að ráða en ríkið sjálft. — Af öllum þessum ástæðum hef ég leyft mér að bera fram í sambandi við þetta mál á sama þskj. brtt. um, að verkfræðingar við rafmagnseftirlitið séu launaðir sómasamlega.

Nú er það svo, að forstöðumaður rafmagnseftirlitsins hefur um langan tíma átt talsvert undir högg að sækja um að fá sér nauðsynlega verkfræðilega aðstoð. En hvers vegna? Vegna þess, að þeir verkfræðingar, sem hægt er að ná til, eru betur launaðir annars staðar. En allir sjá, að mjög er þýðingarmikið, að verkfræðimenntun og þekking í þessum efnum sé fullkomin hjá rafmagnseftirlitinu, og það svo, að ekki sé hægt að segja, að nauðsynlegt sé að leita út fyrir vébönd þess til að fá leiðbeiningar verkfræðilegs eðlis, er snerta rafvirkjanir. Annars hefur þessi stofnun, svo mjög sem hún hefur haft þörf fyrir ákaflega mikla starfskrafta, hingað til haft yfir litlum starfskröftum að ráða saman borið við það, sem af henni er krafizt við athuganir, útreikninga, mælingar og leiðbeiningar og allt, er nöfnum tjáir að nefna og varðar þessi mál. Það er alveg áreiðanlegt, að rafmagnseftirlitið hlýtur að verða að færa út verksvið sitt nú þegar og enn meir í framtíðinni til þess að geta fullnægt eftirspurninni eftir tekniskum ráðleggingum og athugunum við fyrirhugaðar rafvirkjanir, því að það ríður þjóðinni á

miklu, að rétt sé að staðið við hverja rafvirkjun frá upphafi. Öll mistök í því efni verða ákaflega dýr, og það er ekki hyggilegt af stj. að skera mjög við neglur sér þann kostnað við stórvirkjanir, sem lýtur að þessari gr. — Ég hef ekki beinlínis rætt um þetta við nm. í fjhn., en það eru vinsamleg tilmæli mín til n., að þessu máli sé tekið vinsamlega. Ég þykist mega gera ráð fyrir því fyrir fram, að þær till., sem ég ber fram, fái velviljaða athugun. Ég vil taka það fram, að hér er ekki farið í mannjöfnuð við þá starfsmenn ríkisins, sem ég minntist á, heldur aðeins bent á það, að við hliðina á vitamálum og vegamálum eru rafmagnsmálin að verða ekki aðeins jafnþýðingarmikil, heldur ef til vill þýðingarmest allra mála í þessu þjóðfélagi. Ég vil þess vegna treysta réttum undirtektum n. og lýsi yfir, að ég óska þess, að þessi till. verði tekin aftur til 3. umr. málsins, og er það gert í fullu trausti þess, að n. taki til athugunar þær ábendingar, sem fram koma bæði í till. sjálfri og í þeim orðum, er ég hef leyft mér að viðhafa um hana.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli n. á því, að ég hygg, að það sé á misskilningi byggt, sem lagt er til af hennar hálfu um breyt. á 3. gr. og kemur fram í 3. brtt. n. á þskj. 1136, brtt. 3, b-lið. Ég hef átt tal um þetta við form. n. og vænti þess, að n. sjái sér fært að taka þá brtt. aftur til 3. umr. í því trausti, að hún verði þá ekki borin fram, ef þetta mál horfir við, eins og ég hygg, að raun sé á.

Einnig hef ég hugsað mér að fara fram á smábreyt. við brtt. n. varðandi launakjör eins af starfsmönnum ríkisins, sem mér skilst, að n. hafi tekið nokkuð hörðum tökum miðað við það, sem Ed. gerði. Á ég þar við skipulagsstjóra ríkisins. Ég hef ákveðið að bera ekki fram brtt. við þessa umr. í trausti þess, að n. athugi málið milli umr., ef ske kynni, að hún flytti brtt. sjálf. En ef hún flytti ekki brtt., mundi ég gera það.

Ég sé ekki ástæðu til þess, enda þótt nokkur rök mættu að því hníga, að lengja umr. um málið, þótt mikilsvert sé. Ég tel þó rétt að geta þess, að ég tel útfærslu þingsins varðandi launal. hafa farið langt út fyrir þau takmörk, sem ég taldi mig bundinn af í samningum þeim, sem leiddu til stjórnarmyndunar. Ég hef hins vegar ekki séð ástæðu til að eiga frumkvæði að því að bera fram brtt., hvorki við afgr. Ed. á málinu né heldur við þá afgr., sem kemur fram eftir meðferð fjhn. Nd. Ég viðurkenni það að vísu, að mér er ljóst, að með þessum nýju launal. er nýr og þungur baggi lagður á ríkissjóð, og það verður náttúrlega framtíðin ein, sem sker úr því, hvort ríkissjóður reynist þess megnugur að rísa undir þeim byrðum. Hinu mælir enginn gegn, að launakjör starfsmanna ríkisins, eins og þau eru nú, eru með öllu óviðunandi, þótt ekki væri vegna annars en þess ósamræmis, sem þar ríkir. En við það bætist svo, að starfsmenn ríkisins búa við miklu lélegri kjör en aðrir þegnar þessa þjóðfélags, og mér er nær að ætla, að í ljós muni koma, — væri það mál gerkannað og enda þótt launal. yrðu afgr. í svipuðu formi og fjhn. þessarar d. hefur lagt til, — að það mundi vera staðreynd, að eftir þessa nýju lagasetningu launaði ríkið sínum mönnum verr en flestir aðrir atvinnurekendur í landinu. Ég neita því ekki, að ég er á nokkuð annarri skoðun um skiptingu milli flokka en fram hefur komið bæði hjá Ed. og fjhn. þessarar d., en ekki svo verulega, að ég hafi séð ástæðu til að gera um það sérstakar till., því að það verður sjálfsagt lengst af svo, að hvenær sem launal. verða afgr., þá mundu menn deila um það, hvað skammta eigi hverjum. Enda þótt ég telji, að ég sem sá maður, er stóð að stjórnarmynduninni, verði að taka minn hluta af ábyrgðinni á setningu þessarar löggjafar, þá lít ég þó ekki á þá ábyrgð og þá skyldu, sem hún leggur mér á herðar, þannig, að launal. öll, í einstökum atriðum, þurfi að verða eins og ég hefði talið réttlátt eða eðlilegt. Ég hef þess vegna — með hliðsjón af því, sem ég hef nú tekið fram, um leið og ég vil undirstrika það, að ég tel launal. hafa farið út fyrir þann ramma, sem ég taldi mig bundinn við í samningunum um stjórnarsamvinnu, — ákveðið fyrir mitt leyti að gera við þau engar brtt. í stærri stíl, þó að ég áskilji mér rétt til að bera fram einstakar smábrtt. við 3. umr., ef mér þykir það við eiga. Ég held, að ég megi segja það fyrir hönd okkar allra í stj., að málefnalega sé það sjónarmið stj. að taka við launal. eins og þau liggja nú fyrir eða í svipuðu formi og eiga ekki frumkvæði að verulegum breyt.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hv. þm. V.-Húnv. hafði sitthvað að athuga við meðferð þessa máls af hálfu þeirra, sem unnið hafa að undirbúningi launalagafrv. En ég held, að hann hafi sagt meira en rök voru fyrir. Hann taldi upp ýmislegt, sem mþn. í launamálum frá 1933—1934 hefði afrekað í þessu efni með skýrslusöfnun, sem hún hefði unnið að, og ýmsum gögnum, sem hún hefði aflað sér, en þessi n. eða þeir, sem að undirbúningi þessa frv. unnu, hefðu ekki aflað sér neinna slíkra gagna. En hann gætir ekki þess, að þeir, sem hafa undirbúið málið að þessu sinni, höfðu fyrst og fremst öll þau gögn, sem þessi ágæta mþn. frá 1933—1934 hafði aflað. Það er, að því er ég hygg, beinlínis tekið fram í nál., að n. hafi haft fulla hliðsjón af þeim gögnum í starfi sínu, og það er einnig tekið fram, að hún hafi ekki aðeins borið sig saman við opinberar stofnanir um launagreiðslur, heldur líka einkafyrirtæki og hálfopinber fyrirtæki og hagað till. sínum um launaákvarðanir með hliðsjón af því. Ég get vísað til þess, sem hæstv. forsrh. hefur sagt í ræðu sinni um það, hvernig hlutfallið mundi vera milli kaupgreiðslna einstakra fyrirtækja og opinberra stofnana. Það er enginn vafi á því, að það er rétt, sem hann sagði, að laun opinberra starfsmanna eru lægri en gerist í einkarekstri, og þarf ekki að leita til einkarekstrar í því sambandi, því að við vitum, að það eru hálfopinber fyrirtæki, sem starfa hér og n. hefur lagt til, að yrðu tekin upp í launal., en Ed. hafði fellt það úr frv., því að þar eru greidd miklu hærri laun en hér er lagt til í þessu frv.

Þá fann hv. þm. að því, að þeir, sem undirbjuggu þessa löggjöf, hefðu ekkert gert til þess að athuga, hvað hægt væri að gera til þess að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins. Þetta álít ég rétt. Það var ekki lagt fyrir þá n., sem skipuð var til þess að undirbúa málið, og stj. mun ekki hafa gert ráðstafanir til þess, og ég er fullkomlega

sammála hv. þm. um það, að það sé nauðsynlegt fyrir íslenzka ríkið að gera gangskör að því að reyna að færa niður rekstrarkostnað sinn. En þess verður að gæta, að leiðin til að gera það með því bara að lækka laun þeirra starfsmanna, sem ríkið hefur í þjónustu sinni, það er ekki hægt nema með því að gera reksturinn einfaldari. En án allrar áreitni við hv. þm. vil ég vekja athygli hans á því, að það, að ríkisreksturinn er orðinn svo margbrotinn og kostnaðarsamur sem raun er á, það er vitanlega fyrir tilverknað þeirra, sem hafa farið með völdin í þessu landi undanfarin ár og undanfarna áratugi. Og það er ekki hlaupið að því að gera breyt. á því með fáum pennastrikum. Menn verða að gera sér ljóst, að ef færa á saman reksturinn, þá leiðir það líka til minni tekjustofna fyrir ríkið og til minni aðgerða af ríkisins hálfu til framdráttar athafnalífinu í landinu, því að því meira sem gert er í þessa átt, því meiri kostnaður verður við starfsrekstur ríkisins. En þá verða menn að gera sér grein fyrir, hvort þeir kjósa heldur að minnka kostnaðinn eða slá í engu af um afskipti ríkisins af framkvæmdum í landinu og atvinnubótum eða þá að draga úr því.

Þá fann hv. þm. að því, að ekkert hefði verið athugað um það, hvað þjóðarbúinu væri fært að bera. Það er náttúrlega — á tímum eins og nú eru og hafa verið á undanförnum árum — ekki svo auðgert, og ef maður á að skapa sér einhverja hugmynd um það eða byggja launal. á nokkuð öruggri vissu um það, hvað þjóðarbúinu kunni að vera fært að bera í einhverri framtíð, sem við vitum ekki, hvernig kann að verða, þá þýðir það ekkert annað en það að fresta löggjöfinni. Og það er það, sem ég held, að hafi vakað fyrir þessum hv. þm. og flokki hans, að það séu farnar krókaleiðir að því marki og það sé rétt að svo stöddu að ráðast ekki í að fastákveða laun opinberra starfsmanna. Hann vill samt ekki taka ábyrgð á eða segja, að það vaki fyrir fjhn., en vill, að þetta sé gert með öðrum hætti, og á þá lund er sú brtt., sem hann flytur. Ég skal fúslega játa, að þetta væri ágætt, ef það væri jafnauðvelt og hann vill vera láta. Til þess að láta laun hækka og lækka eftir því, hversu þjóðarbúskapurinn gengur, þyrfti þó að hafa einhver lágmarkslaun, og eins og nú horfir, þegar flestir ætla, að ýmsir liðir, svo sem húsaleiga, fari hækkandi, þá yrði erfitt að ákveða þau lágmarkslaun.

Sú niðurstaða, sem nú er fengin, er byggð á gögnum frá liðnum árum, og það er í rauninni hið eina, sem hægt er að byggja á. Hitt er alls kostar ófært að ætla sér að ráða í ókomna tímann og miða nokkuð við hann.

Einhver hv. þm., ég held helzt, að það hafi verið 2. þm. Rang., sagði hér áðan, að enginn vildi kannast við að hafa samið þetta frv., og efaði jafnvel, að það væri byggt á þeim undirbúningi, sem fram hefur farið. En hitt er þó vitað, að frv. er í aðalatriðum byggt á niðurstöðum launamálan. frá 1934. Hv. þm. V.-Húnv. talaði um hækkun þá, sem frv. mundi valda. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, er talið, að hækkunin á grunnlaunum muni nema rúmlega 9%. Um þetta held ég, að ekki sé ágreiningur. En þegar við þetta bætast uppbætur, sem voru ekki greiddar á upphæðir síðasta ár, en þær nema um einni millj. kr., þá verður þetta alls um 4 millj. kr., þar sem auknar launagreiðslur vegna grunnkaupshækkunar munu nema um þrem millj. kr. Þetta eru að sjálfsögðu aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, ef til vill þó ekki svo tilfinnanleg miðað við núverandi upphæðir, en miðað við okkar venjulega fjárhag. Ég hef ekki trú á, að þetta verði lagfært með þeim aðferðum, sem hv. þm. V.-Húnv. leggur til, en það eru til aðferðir, sem eru heppilegri. Það er augljóst, að þegar kreppir að ríkinu, neyðist það til að hækka tekjuskatt á þessi laun, og því verri sem hagurinn er, því hærri verður tekjuskatturinn. Þessi leið verður farin eða þá, að launin verða lækkuð. Ég held, að yfirleitt máli menn þetta of svart. Ég fyrir mitt leyti tel, að þetta hefði að vísu getað verið minni hækkun hjá hv. Ed., en úr því sem komið er, þá verður það svo að vera. Það liggur í augum uppi, að fjhn. hefur ekki haft aðstöðu til að bera sig saman um þær brtt., sem komið hafa fram, og hef ég því ekkert um þær að segja. Ég get að vísu getið þess, að margt, sem þar er nefnt, var rætt í n., og get ég vikið að nokkrum þeirra af þeim sökum.

Verður þá fyrst fyrir mér till. um hækkun á launum dýralækna. Nefndin leit svo á, að ekki væri tímabært að hækka þá meir. Það má vera, að við höfum haft þá tilhneigingu að meta meir mannalækna en dýralækna, enda mun það vera svo, að meira er vandað til menntunar mannalækna. Ég tel vafasamt, að n. fáist til að mæla með þessari till.

Hv. þm. Snæf. og 1. þm. Rang. bera fram till. um að fella úr 37. gr. ákvæði um afslátt í gjaldskrá héraðslækna. Ég skal játa, að mér fannst þetta einkennilegt, en ég fékk þá skýringu, að læknar ætluðu að mynda með sér félagsskap þessu viðvíkjandi. Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt hjá hv. þm. Snæf., að „skólahverfi" skuli koma í stað „skólahéraðs", og ber þá að samþykkja það.

Annars getur komið til mála að lækka laun þeirra, sem hækkaðir hafa verið, og væri það sennilega heppilegasta leiðin fyrir n., þegar alltaf er legið á henni að hækka til samræmis.

Hv. þm. N.-M. taldi það mundu vera gleymsku, að tilraunastjórar voru ekki í frv. Þetta var þó ekki svo, en n. taldi þetta heyra undir búnaðarþing.

Ég geri ekki ráð fyrir, að n. fallist á brtt. um hækkun launa skólastjóra húsmæðraskóla.

Um brtt. hv. þm. Snæf. um, að síðasta málsgr. 30. gr. falli niður, vil ég segja það, að ég fyrir mitt leyti get fallizt á, að þessir skólar verði teknir út úr. Það er svo um héraðsskólana, að aðstaða þeirra er mjög á hverfanda hveli. Fyrst þegar gengið hefur verið frá því, hver á að bera ábyrgð á þeim skólum, þá má taka þá inn á launalög.

Svo skal ég að lokum geta þess, að fjhn. hefur ákveðið að taka aftur til 3. umr. brtt. við 22. gr. svo og brtt. varðandi utanrrn. Þótt ég geti ekki stillt mig um að vara við því að gera þetta rn. að yfirráðuneyti, — slíkt er vel fallið til að koma á metingi, — þá hygg ég, að það sé rétt, sem þar er lagt til, enda gat ég þess í framsöguræðu.

Þá hefur mér láðst að geta þess, að n. hefur ekki tekið ákvarðanir viðvíkjandi launum sýslumanna. Hún er þeirrar skoðunar, að á þeim sé

óheppilegt fyrirkomulag, eins og gert er ráð fyrir í frv., en hefur ekki komið sér niður á neitt endanlegt í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Ég skal ekki lengja þessar umr. að óþörfu, en vildi segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann gerði að umræðuefni þau orð, sem ég lét falla hér í dag, að þetta frv. væri ekki svo vel undirbúið sem æskilegt væri og enginn vildi við það kannast. Hann vildi halda fram, að ég hefði gert of mikið úr þessu, en ég get ekki fallizt á, að svo sé. Ég benti á, að það, sem hér er tekið til meðferðar, eru aðeins launagreiðslurnar, en allt vantar varðandi réttindi og skyldur embættismanna. Ég benti einnig á, að ekki hefði komið fram nein till. um að gera ríkisreksturinn einfaldari eða fækka embættis- og starfsmönnum. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég þá sagði, en ætla að víkja að undirbúningi þessa frv.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að frv. væri meðal annars byggt á athugunum mþn. frá 1934. Ég veit ekki, hve mikið n., sem haft hefur þetta frv. til meðferðar, hefur athugað þær skýrslur, en mér finnst þó ekki útkoman hjá henni benda til þess, að teknar hafi verið til greina ýmsar þær upplýsingar, sem í þeim felast, enda má á það benda, að þessar skýrslur eru nú 11 eða 12 ára gamlar, en síðan hafa ákaflega miklar breyt. orðið á hag þjóðarinnar og því full ástæða til að taka þær til endurskoðunar og gera sér ljóst, hvernig ástatt er um mörg atriði, sem sú n. tók til meðferðar og gerði skýrslur um.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að yfirleitt mundu launin vera ákveðin lægri í þessu frv. en væri hjá öðrum sambærilegum stofnunum, bæði hjá hálfopinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum. Ég get vel búizt við því, að á það megi benda, að laun við ýmsar aðrar stofnanir en ríkisstofnanir séu hærri. En ég álít, að það sé ekki einhlítur mælikvarði í þessum efnum, því að þótt einstaka stofnanir aðrar eða einstakir menn borgi hærra kaup en eðlilegt er, miðað við þjóðarhag og tekjur landsmanna yfirleitt, þá er það ekki röksemd til stuðnings því, að ríkið eigi að gera það sama. Miklu nær væri að gera ráðstafanir til þess, að þessar stofnanir, sem greiða óeðlilega há laun, færi launagreiðslur til samræmis við það, sem eðlilegt má heita, miðað við ástandið í landinu yfirleitt.

Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að það væri rétt, sem ég hélt fram, að rekstur ríkisins, framkvæmdastjórn þess og opinber starfsemi yfirleitt — allt væri þetta orðið umfangsmikið og kostnaðarsamt og að full þörf væri því á, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að koma á þennan rekstur einfaldara og betra fyrirkomulagi en nú er, enda held ég, að engum, sem athugar þessi mál, blandist um það hugur, að yfirbyggingin á þjóðarskútunni sé orðin nokkuð mikil.

Viðvíkjandi því, sem ég sagði um það, að í sambandi við þetta mál yrði að athuga, hvað þjóðinni væri fært að bera, sagði hv. 3. þm. Reykv., að athugun á þessu væri sama og að skjóta málinu á frest. Um þetta er ég honum ekki sammála. Þó að þetta hefði verið til athugunar við undirbúning málsins, þurfti það vitanlega ekkert að tefja fyrir framgangi þess nú, og jafnvel þótt það hafi verið vanrækt við undirbúning frv., tel ég, að hægt sé að færa frv. til betri vegar að þessu leyti, og í þá átt miðar einmitt brtt. mín.

Út af till. minni sagði hv. 3. þm. Reykv., að það yrði ekki komizt hjá því að setja einhver lágmarkslaun. Það er rétt, enda geri ég till. um það. Samkv. till. minni er ekki gert ráð fyrir, að launin fari niður fyrir þau grunnlaun, sem ákveðin verða. Má vitanlega um það deila, hvort þetta sé rétt, því að auðvitað gæti hagur þjóðarinnar orðið þannig, að grunnlaunin séu svo há, að það þurfi að lækka þau. En ég hef brtt. mína svona vegna þess, að ég geri ráð fyrir, að erfitt mundi reynast að koma þessu fram, ef ekki er eitthvert lágmark, og í frv. er nú ekki gert ráð fyrir, að launin fari niður fyrir þær upphæðir, sem þar eru ákveðnar sem grunnlaun. En það er öllum ljóst, að svo getur farið, að lækka verði, áður en langt um líður, þær upphæðir, og eins og ég tek fram í nál. mínu, tel ég, að þessar grunnlaunaupphæðir margra launaflokka séu nú of hátt settar, miðað við þær tekjur, sem aðrir landsmenn hafa.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hann sæi ekki, að till. mín, þótt samþ. yrði, mundi gera afkomu ríkissjóðs betri. Um þetta er vitanlega ekki hægt að segja. Það er framtíðin, sem mundi skera úr því. Hagur ríkissjóðs fer fyrst og fremst eftir því, hvernig aðalatvinnuvegunum vegnar. Ef hin nýja tækni og vinnubrögð, sem marga dreymir um, verður til þess að auka framleiðslutekjur þjóðarinnar frá því, sem nú er, má gera ráð fyrir, að hagur ríkissjóðs batni um leið, og þá á hann að mínu áliti að vera fær um að greiða hærri laun en ef framleiðslutekjurnar lækka. Ég vil sem sagt láta launamennina þola súrt og sætt með öðrum mönnum í þessu landi. Þegar erfiðleikar steðja að aðalatvinnuvegunum og tekjur ríkissjóðs lækka, eiga þeir að taka á sig hluta af þeirri byrði. En þegar vel gengur og atvinnuvegirnir blómgast og þeir, sem við þá starfa, fá auknar tekjur, eiga starfsmenn ríkisins einnig að njóta þess.

Annars hefur verið á það bent í þessum umr. í dag, að eiginlega vildi enginn við það kannast að hafa samið þetta frv. Það fylgdi frv., er það var lagt fyrir, nál. frá n., sem skipuð hafði verið til að athuga þetta mál. Var n. þannig skipuð, að því er mig minnir, að hver þingflokkur lagði til einn mann, en auk þess voru þar fleiri menn að verki, aðallega fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þetta nál. var þó ekki undirskrifað af öllum, sem starfað höfðu í n. Fulltrúi Framsóknarflokksins t. d. var þar ekki með, því að hann var óánægður með niðurstöðuna að ýmsu leyti. Ég hafði líka heyrt þetta áður, að í raun inni vildi enginn við þetta kannast sem sitt afkvæmi.

Ég skal ekkert frekar ræða þann ágreining, sen gert hefur vart við sig, um það, hve útgjaldaaukinn mundi nema miklu fyrir ríkissjóð við samþykkt þessa frv., því að ég hef ekki haft tíma til að yfirfara þá útreikninga, sem um þetta hafa verið gerðir, en þarna ber allmikið á milli.

Hv. 3. þm. Reykv. kallaði brtt. mína víravirkissmíð. Ég er ánægður með þetta nafn, því að ég hef séð fallega gripi, sem kallaðir eru víra-

virki. Með brtt. minni geri ég tilraun til að gera góðan grip úr þessari vankantasmíði, sem hér liggur fyrir, og ég held, að hv. 3. þm. Reykv. og fleiri ættu að hjálpa mér til við það.

Hv. þm. benti að lokum í ræðu sinni á það, að *til væri einfaldari leið í þessum efnum en sú*, sem ég sting upp á, að láta launin breytast eftir framleiðslutekjum þjóðarinnar eða tekjum landsmanna í heild. Þegar harðnaði í ári og ríkissjóður ætti erfitt, þyrfti vitanlega að hækka tekjuskattinn. Við höfum hér í hv. d. séð framan í skattafrv. frá hæstv. ríkisstj. nú nýlega, sem óneitanlega benda til þess, að stjórnarflokkarnir telji þetta eðlilega leið. Og þessi ummæli hv. þm., sem er einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., gefa e. t. v. fyrirheit um það, að menn fái að sjá meira af slíku í náinni framtíð. En hvort þjóðinni er það hollara og þar með launamönnunum, sem hækkaðir skattar lenda náttúrlega verulega á sem öðrum, að þessi leið verði farin, en reynt sé að stilla í hóf útgjöldum og *skipta þeim tekjum, sem þjóðin hefur yfir að ráða* á hverjum tíma, svo sanngjarnlega á milli manna sem unnt er, — það efast ég nú mjög um.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég held, að þær ræður, sem fluttar hafa verið, gefi mér ekki tilefni til þess.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Ég vil aðeins segja örfá orð í tilefni af þeim ummælum, sem hafa verið látin falla í garð minnsta launaflokksins, dýralæknanna, og ég vil ekki láta ómótmælt. Þó að málið sé mér skylt, vil ég segja nokkur orð, þó að ekki væri til annars en upplýsinga um þessa merkilegu stétt, sem aldrei hefur fundið náð fyrir augum hv. þm.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að *hún lægi máske í gömlum aldaranda* þessi venja, að setja þessa vesalings dýralækna hjá. Það kom greinilega fram hjá hv. frsm., að hann taldi, að undirbúningur dýralækna væri miklu minni en mannalækna, ef taka ætti samanburð. En ég vil upplýsa hv. d. um það, að undirbúningur dýralækna er fullt svo mikill sem hjá mannalæknum. Það er heimtað stúdentspróf hjá báðum, hjá öllum skólum í heiminum a. m. k. fimm ára nám upp í sjö ár og jafnframt viðurkennt, að dýralækningar eru örðugri en mannalækningar, — sem skilja má, ef tekinn er samanburður á þeim 10—20 dýrum, sem við eigum að læra um, en maður er ekki annað en maður. Því liggja menn eins og hráviði við próf. Þegar ég tók próf, var ekki nema helmingur, sem komst í gegn.

Dýralæknar verða að kosta miklu til sín eins og mannalæknar. Nú hefur hv. meiri hl. fjhn. Nd. séð aumur á þessari stétt og hækkað við hana, sett hana einum flokk ofar, svo að hún er nú sambærileg við mannalækna í I. flokks héruðum, og með það er ég ánægður fyrir stétt mína.

Þá vil ég minnast á mína eigin persónu. Yfirdýralæknir er hækkaður þarna líka, en mér þykir alleinkennilegt, að hann skuli eiga að hafa byrjunarlaun. Til hvers? Hv. n. hefur þó ákveðið yfirhjúkrunarkonu, sem upphaflega var ætlað *6000—8400 kr., 8400 kr. nú þegar.* Auðvitað. Yfirhjúkrunarkona verður aldrei nema yfirhjúkrunarkona. Þess vegna hefur hún 8400 kr. Hvers vegna má ekki yfirdýralæknirinn hafa það líka?

Skal ég ekki hafa þetta lengra, en vildi benda hv. meiri hl. n. á þessi atriði.

ATKVGR.

Brtt. 1149, 1150, 1152, 1153, 1154, 1155, 1162 teknar aftur.
— 1136,1.a—c samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,2 samþ. með 17:6 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1136,3.b tekin aftur.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 1136,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 1136,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt., samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,6 samþ. með 17:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,7.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,8.a—b felld með 17:9 atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,9.a—d samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,10.a—b samþ. með 26:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 1136,11.a—c samþ. með 19:1 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 1136,12.a felld með 16:5 atkv.
— 1136,12.b samþ. með 23 shlj. atkv.
— 1136,12.c kom ekki til atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,13.a tekin aftur.
— 1136,13.b samþ. með 21:3 atkv.
— 1136,13.c samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SEH, SÞ, SkG, SÁÓ, BG, BÁ, EystJ, FJ, HelgJ, JakM, PZ, PÞ, JörB.

nei: PO, SB, SG, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, JJós, LJós, ÓTh.

SK, EmJ, GTh, IngJ, JPálm, HarJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (SvbH, ÁÁ, GG, GSv) fjarstaddir.

Brtt. 1136,13.d samþ. með 23 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 1136,14 samþ. án atkvgr.
— 1160,1 felld með 16:15 atkv.
— 1160,2 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 1136,15 samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,16.a—g samþ. með 19 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,17 tekin aftur til 3. umr.
21.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,18.a samþ. með 17:3 atkv.
— 1136,18.b samþ. með 20 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,19 samþ. með 22 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 1136,20.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

27.—29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,21.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 1136,21.c samþ. með 21:3 atkv.
— 1148 samþ. með 17:8 atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,22 (ný 32. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 1137,1 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÞ, SkG, BÁ, EystJ, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, HarJ, PZ, PÞ, PO, JörB.
nei: SEH, SK, STh, SÁÓ, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, GTh, JakM, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG.
5 þm. (SvbH, ÁÁ, GÞ, GG, GSv) fjarstaddir.
33. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,23 samþ. án atkvgr.
34. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,24.a—b samþ. með 18:2 atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 1137,2 tekin aftur.
38.—39. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1136,25 kom ekki til atkv.
40. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 137. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1178, 1149, 1150, 1152, 1153, 1154, 1155, 1162, 1171, 1172, 1173, 1188, 1189, 1195, 1196, 1198, 1203, 1204, 1205, 1206).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1203, 1204, 1205 og 1206. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég vil aðeins taka það fram, að það eru eðlilega margar brtt. á leiðinni, sem hefur verið gersamlega ómögulegt að semja, fyrr en brtt. n. komu. Þess vegna eru þær í smíðum nú og jafnvel farnar í prentun. Ég held þess vegna, að það væri óheppilegt, ef umr. væri slitið nú þegar.

Forseti (JörB): Ég finn, að hv. þm. Snæf. hefur lög að mæla, að þetta mundi verða óþægilegt, en vonandi koma þær brtt., sem enn eru ekki fram komnar, fljótlega. Mætti þá ef til vill greiða fyrir afgreiðslu málsins með því að ræða þær brtt., sem bornar hafa verið fram.

Fundarhlé kl. 3—5.

Forseti (JörB): Ég vil vekja athygli á því, að margar brtt. hafa verið teknar aftur við 2. umr. til 3. umr., en það hefur láðst við prentun dagskrár að taka upp þau þskjnr. En þó að svo hafi til tekizt, þá mun verða tekið tillit til þeirra till. við atkvgr. og dagskrá að því leyti leiðrétt. Þau þskj., sem útbýtt hefur verið og fyrir liggja í þessu máli, eru nr. 1178, 1149, 1150, 1152, 1153, 1154, 1155, 1162, 1171, 1172, 1173, 1188, 1189, 1195, 1196, 1198, 1203, 1204, 1205, 1206. Svo koma þau þskj., sem er óútbýtt enn og vitað er, að koma muni fram í málinu, nr. 1211, 1213, 1216, 1217, 1218, 1219, 1220, 1221, 1222, 1223, 1227. Þessum þskj. er óútbýtt, og mun verða leitað afbrigða fyrir þeim síðar. Má og vera, að von sé á fleiri brtt. (**Rödd úr þingmannahópi:** Þetta er bara byrjunin.)

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Herra forseti. — Fjhn. hefur flutt hér brtt. á þskj. 1206 við frv., sem fyrir liggur, og ætla ég að þessu sinni fyrst og fremst að gera grein fyrir þeim brtt.

1. brtt. er fyrst og fremst formsbreyt., þar sem færðar eru saman tvær gr. frv., þ. e. a. s. 8. og 9. gr. 8. gr. fjallar um starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu í Reykjavík. N. fannst fara betur á því að hafa í þessari gr. alla starfsmenn dómgæzlu, löggæzlu og tollgæzlu á landinu. Þetta getur annars verið álitamál, og n. leggur að sjálfsögðu ekkert sérstaklega upp úr því, hvort þessi samfærsla verður samþ. eða ekki. — Í brtt. á þskj. 1206 er svo starfsmönnum þessara starfsgreina raðað eftir launahæð. Ég skal geta þess, að ég held, að ég hafi orðið þess var, að eitt starfsstig innan þessara starfsgreina hafi fallið niður í samningunni, og verður athugað nánar, hvort rétt er að breyta því til samræmis við það, sem áður var gert ráð fyrir í frv. — Annars held ég, að eina breyt. á launum í þessum starfsgreinum, sem gert er ráð fyrir í brtt., sé sú, að n. varð sammála um, að breyt. yrði á kjörum tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta og sýslumanna. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessir menn hafi fastákveðin laun, tollstjórinn 12000 kr., en sýslumenn og bæjarfógetar 11100 kr. En það varð ofan á í n. að breyta því þannig, að laun tollstjórans héldust að vísu óbreytt, en laun bæjarfógeta og sýslumanna lækkuðu um 900 kr. grunnlaunin, m. ö. o. um einn flokk. En í stað þess hins vegar, að í frv. er það lagt á vald ráðh. að ákveða með reglugerð áhættufé til slíkra starfsmanna, ef fjárhagsleg áhætta fylgir starfi þeirra, þá leggur n. til, — og á þetta við bæjarfógeta, sýslumenn og aðra, sem hafa innheimtu fyrir ríkissjóð með höndum, — að fastákveðið verði í l., hvernig sú áhættuþóknun skuli ákveðin, og er till. um þetta á þessu þskj. (1206), tölul. 10, sem hv. þm. hafa fyrir sér. Er ástæðulaust að gera nánari grein fyrir þessu atriði brtt. að öðru leyti en því, að eins og nú er, mundi þessi áhættuþóknun nema til allra innheimtumanna ríkisins rétt um 100 þús. kr.

Auk þess leggur n. til, að þar sem segir í frv. í 37. gr.: „Lögmælt innheimtulaun af verðtolli, stimpilgjaldi, skipagjöldum, lífeyrissjóðsgjöldum og iðgjöldum slysatryggingarinnar skulu hér eftir renna í ríkissjóð", — þar falli burt orðin „iðgjöldum slysatryggingarinnar". Það er talið, að það standi alveg sérstaklega á um slysatrygginguna í þessu efni, þannig að innheimta hennar sérstaklega sé algerlega undir því komin, hve vel sé gætt þess, að fyrirtæki og einstaklingar greiði iðgjöld sín og komi þannig undir tryggingunа. Og var n. þess vegna sammála um að undanskilja slysatrygginguna í þessu sambandi.

Mér er ljóst, að þessi breyt. á kjörum embættismanna muni mælast misjafnlega fyrir, og ég lofaði að vekja athygli á því, að einstakir sýslumenn skaðast á þessari breyt. í launum sínum, því að innheimtutekjur þeirra verða svo sáralitlar, að þær vega hvergi nærri upp á móti þeirri lækkun á föstu launununum, sem ákveðin er í brtt., eins og hún er a. m. k., þar sem lækkunin er 900 kr. á

grunnlaununum, sem með verðlagsuppbót mundi nema nú rúmum 2400 kr. En innheimtulaun nokkurra sýslumanna mundu eftir brtt. vera fyrir neðan þetta og sumra langt fyrir neðan þetta.

2. brtt. er afleiðing af 1. brtt. á þskj. 1206, um að 9. gr. falli niður.

3. brtt. er flutt í því skyni að verða við ósk læknastéttarinnar, sem hér var borin fram af tveimur hv. þm., hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Snæf., um að teknir verði inn í launal. aðstoðarlæknar héraðslækna. Það er í l. frá 1942 heimilað að skipa fjóra slíka aðstoðarlækna, sem hafa það hlutverk að hlaupa í skarðið fyrir héraðslækna, þegar þeir fá frí frá störfum eða geta ekki gegnt þeim um tíma. Eins og nú er, er aðeins einn slíkur læknir skipaður. En það er heimild til að skipa fjóra. Hefur n. fallizt á, að það sé rétt og sanngjarnt að ákveða þeim mönnum laun í launal. Ég vænti þess, að hv. þm., sem ég nefndi og um þetta flytja brtt. á þskj. 1149, geti sætt sig við þessa brtt. fjhn., þó að launin séu að vísu lægri í brtt. n. en þeir hafa lagt til. Annars er sá möguleiki fyrir þá að flytja brtt. við þetta. Hins vegar leit n. svo á, að hæfilegt væri að taka þessa lækna í VII. fl., en ekki hámarkslaunaflokk héraðslækna. Það var dálítill misskilningur á milli mín og aðalflm. brtt. um þetta, um hvaða lækna till. fjallaði. Mér skildist það vera tilgangurinn að koma þeim mönnum yfirleitt á launal., sem læknar geta fengið til þess að starfa fyrir sig um tíma. En þetta er ekki hægt nema um lækna, sem ráðnir eru eftir l. frá 1942.

4. brtt. er aðeins orðabreyt.

Þá er hér brtt. við 16. gr. frv., tölul. 5 á þskj. 1206, um að fella niður fyrstu málsgr. aths., sem byrjar svo: „Árslaun barnaskólastjóra", — og er það vegna þess, að n. flytur till. um, að sams konar aths. eða sams konar ákvæði verði sett um alla skóla, þ. e. a. s., að laun kennara við skólana miðist við kennslutíma. Er sú till. undir staflið 9 á þessu þskj., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Árslaun kennara samkv. 15., 16. og 29. gr. og barnaskólastjóra eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um einn níunda hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri." — Þetta er þess vegna ekki efnisbreyt., heldur aðeins formsbreyting.

Þá hefur n. tekið upp, — eins og ég boðaði, að n. teldi, að kæmi til mála, — sérstaka brtt. um skipulagsstjóra í 6. tölul. brtt. á þskj. 1206.

Þá er 7. tölul. endurskoðaðar brtt. þær, sem n. tók aftur við 2. umr., um póst og síma. Þegar n. gerði fyrri till., sem lágu fyrir við 2. umr. og teknar voru aftur, vakti fyrir n., þegar hún ákvað, að yfirverkfræðingur landssímans skyldi hafa 11100 kr. árslaun, að honum bæri ríflegri greiðsla fyrir þá sök, að hann starfar við tvær stofnanir. Hann er verkfræðingur bæði útvarps og síma. Rétt hefur þótt að breyta þessu þannig að ákveða laun fyrir verkfræðing landssímans í samræmi við þann flokk, sem hann var í áður í frv., en ákveða honum aukagreiðslu fyrir störf í þágu útvarps, meðan hann gegnir þeim.

Þá er í 3. lið till. við 22. gr. sú breyt. gerð, að símastjórinn í Vestmannaeyjum, sem færður var samkv. till. n. niður um einn flokk við 2. umr., er aftur settur í sinn fyrri flokk, þar sem umdæmisstjórar eru. Því olli nokkur misskilningur, er hann var lækkaður. Hann hefur að vísu ekki umdæmisstjórn, en þar á móti heimtar starf hans miklu meiri loftskeytaþjónustu en símastjórar hafa á öðrum stöðum, m. a. þarf hann oft á öllum tímum sólarhrings að halda uppi talstöðvarsambandi við bátaflota á hafi úti. Við þetta bætist einnig það, sem er að vísu ekkert úrslitaatriði, ef hitt væru ekki nægar ástæður, að í hlut á einn af elztu starfsmönnum símans og er að góðu kunnur.

Í næsta lið er símastjórinn í Hafnarfirði settur í þann flokk, sem hann var í eftir fyrri till., og þótti nú eigi ástæða til annars.

Þá er í 5. lið efnisvörður landssímans látinn flytjast úr næsta flokki fyrir neðan. N. hafði skilið það svo, þegar hún ákvað laun birgðastjóra landssímans, að starf hans og efnisvarðar væri sama starfið. En svo er ekki. Hins vegar er fellt niður starf þess manns, er kallaðist eftirlitsmaður með viðhaldi og aukningu símastöðva, auk þess sem lagt er niður starf eftirlitsmanns með landssímaþjónustunni.

Þá hefur n. loks gert breyt. í 8. lið, þar sem hún leggur til, að ekki verði sú breyt. gerð að fella niður bílstjóra landssímans, heldur láta það ráðast, hvort haldið verði eða eigi því fyrirkomulagi, sem verið hefur þar, að ráða fasta starfsmenn til að gegna þessum störfum. Jafnframt hefur n. gert ráð fyrir, að felldir yrðu niður aðstoðarmenn við pósthúsið. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að einatt verði að grípa til þess að ráða þar aðstoðarmenn, en um það þarf ekki þetta lagaákvæði.

Ég skal taka fram í sambandi við brtt. við 22. gr., að mikil óánægja hefur komið fram yfir till. launalfrv. um launakjör við póst og síma. Ég þykist vita, að í uppsiglingu séu ýmiss konar till. um breyt. á þeim kafla frv. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., að þarna er gert ráð fyrir allverulegri lækkun á launum frá því, sem verið hefur. En það er undirbúið af mþn., þar sem þessar stofnanir höfðu sinn fulltrúa. Og sú n. komst að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmilegt væri að gera þessar lækkanir til samræmis við annað, ef heildargreiðslur samkv. frv. ættu ekki að hækka langt úr hófi. Það varð að lækka á ýmsum þeim stöðum, þar sem laun voru komin hæst. Það er vel skiljanlegt, að þeir starfsmenn, sem fyrir því verða, séu óánægðir, sérstaklega þar sem fellt var niður hið upphaflega ákvæði frv., að enginn embættismaður skyldi lækka í launum við samþykkt þess. Ég vil beina því til hv. þm. að athuga vel, hvað þeir eru að gera, ef þeir taka á sig þá ábyrgð að flytja og samþ. brtt., sem skapa sjáanlegt ósamræmi í frv. frá því, sem það er, frá því samræmi, sem n. hefur leitazt við að skapa. Það yrði aðeins til þess að magna óánægju, sem nóg er af án þess, m. a. vegna þess, að hv. Ed. hefur orðið það á að taka einstakar starfsgreinar út úr og hækka þær. Það hefur verið hér sterkur áróður í þá átt að hækka ýmsar þær starfsgreinar, sem virðast að ýmsu leyti eiga sambærilegan rétt til hækkunar. En fjhn. hefur kosið að láta sitja við það ósamræmi, sem er, heldur en auka nýju ósamræmi við.

Út af 8. brtt., að hækka laun gagnfræðaskólakennara um einn flokk, vil ég taka fram, að það er afleiðing þess, að nú er reiknað með 9 mánaða

kennsluskyldu í stað 7 mánaða áður í frv. og við undirbúning þess, sbr. 9. brtt.

Þá er 10. brtt., sem rædd var áður í sambandi við breyt. á kjörum bæjarfógeta og sýslumanna og áhættuþóknunarákvæðum handa þessum embættismönnum. Síðasta till., 10c, er um að orða svo 2. málsl. 6. mgr. í 37. gr., að um leið og gjaldskrá er sett fyrir héraðslækna, skuli semja við Læknafélag Íslands um afslátt, þegar sjúkrasamlag annast greiðslu. Brtt. er flutt að gefnu tilefni í brtt. frá hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Snæf., þar sem þeir lögðu til, að fellt yrði niður ákvæðið um það, að í gjaldskrá héraðslækna skyldi beinlínis ákveðinn afsláttur á greiðslum, þegar sjúkrasamlag greiðir. N. hugleiddi, hvort eigi væri réttast að ganga að brtt. þessara hv. þm., því að vafalaust mundu flestir læknar fúsir að semja um afslátt gegn þeirri tryggingu, sem samlag veitir um skilvísar greiðslur. En þrátt fyrir dálítinn skoðanamun þótti n. æskilegra að haga þessu á þann hátt, sem í brtt. segir. Vonumst við til, að flm. brtt. geti fallizt á það.

Um till. þær, sem teknar voru aftur til 3. umr., og þá legið af brtt., sem nú eru að koma fram og forseti hefur talið upp, vil ég ekki ræða, fyrr en flm. eru búnir að mæla fyrir þeim.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Svo stendur á, að enginn er á mælendaskrá og brtt. ekki komnar úr prentun, en ég vil með leyfi hæstv. forseta mæla fyrir þeim till., sem ég er flm. að. Þær eru allar miðaðar við brtt. fjhn. á þskj. 1206. Hin fyrsta er við brtt. n. I.4, þar sem aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra eru í VIII. launaflokki (6600—9000 kr.). Tillaga mín er að bæta þar við deildarstjórum tollstjóra. Þeir deildarstjórar, sem tollstjóri hefur, eru ekki teknir upp í frv. Í bréfi til fjhn. Ed. gerði tollstjóri ýtarlega grein fyrir málinu, og skal ég ekki fara út í þá grg. En í sambandi við þá verkaskipting, sem hann telur nauðsynlega, verður að telja störf deildarstjóranna mjög ábyrgðarmikil. Þarna er aðeins um 2 eða mest 3 embætti að ræða, og skipa þau þeir menn, sem einna lengst hafa unnið í tollstjóraskrifstofunum. Hér er ekki um svo stórt fjárhagsatriði að ræða, að ég telji þörf á að tala um það langt mál. Alþingi getur ekki haft næg kynni af sérhverju starfi í svo fjölmennum stofnunum sem tollstjóraskrifstofan er, og verður þá að kynna sér álit forstöðumannanna og haga sér, vitanlega með allri gát, í samræmi við það.

Þá flyt ég á þskj. 1220 brtt. um að bæta aths. aftan við 1. brtt. n. við 8. gr., að fulltrúa I. fl., samkv. 3. tölulið, sem starfað hafa í 6 ár, megi með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis hækka í VI. launaflokk úr VII. fl. Þarna er um að ræða fulltrúa hjá borgardómara og sakadómara, menn, sem hafa gegnt alllengi störfum sínum og öðlazt þar mikla reynslu. Það er alls ekki eðlilegt, að menn með svo mikla æfingu og reynslu í vandastöðu eigi þess engan kost að komast upp í sömu föst laun og sýslumenn, sem einnig hafa aukatekjur. Þeir menn, sem nú skipa störfin, eru í mjög miklum metum hjá þeim, er til þekkja. Ef dómsmrh. væri veitt þessi heimild, mundi hann neyta hennar þá og því aðeins, er vist væri, að um þá starfsmenn væri að ræða, sem missir þætti að, ef þeir hyrfu til annarra starfa.

Loks er brtt., sem ég flyt með 3 öðrum hv. þm. á þskj. 1222. Hún er um það að nema burt úr frv. póstafgreiðslumenn II. flokks, en láta alla póstafgreiðslumenn í Reykjavík teljast í einum flokki, er komist upp í 7800 kr. laun, þegar tilteknum starfsaldri er náð. Meginrökin fyrir þessu eru þau, sem hv. frsm. minntist á, að frv. gerir ráð fyrir miklum launalækkunum hjá póstmönnum, svo miklum, að varla er nokkur von, að við verði unað. Þeir menn, sem þarna mundu lenda í II. flokk póstafgreiðslumanna, mundu lækka eftir frv. um rúmar 5200 kr. í byrjunarlaunum og um 3700 kr., eftir að komnar eru fullar aldurshækkanir. Auk þess raskast samkv. frv. hlutfallið, sem verið hefur milli I. og II. fl. póstafgreiðslumanna, þannig að launum hinna síðarnefndu er ætlað að lækka miklu meira en hinna. Virðist þetta engan veginn ósanngjarnt, að hlutur þeirra starfsmanna sé ekki skertur svo mjög sem nú horfir, heldur verði póstafgreiðslumenn í Reykjavík allir í einum launaflokki. Ég tek undir það með hv. frsm., að óhjákvæmilegt var að lækka menn í sumum starfsgreinum. En þegar lækkunin er svo stórfelld sem hér ræðir um, er rétt að reyna að hliðra nokkuð til.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég hef ekki kvatt mér hljóðs um þetta frv. fyrr en nú. Um það hefur staðið nokkur styr. En nauðsyn málsins er flestum ljós, svo mikið ósamræmi sem orðið var í þessum efnum. Endurskoðunin mátti ekki dragast. Ég vil engan dóm leggja á, hvernig þessi endurskoðun hefur farið úr hendi. Mér er ljóst, að hér er mikið vandamál á ferðinni, þar sem er þetta frv. Það, sem mér virðist einkum áberandi, er það, hve matið á embættum er ólíkt, jafnvel svo að ég efast um, að nokkrir tveir menn séu sammála hér á hv. Alþ. Ég hef viljað láta koma fram skoðun mína að nokkru á því ósamræmi, sem ég tel, að sé í málinu, eins og það liggur fyrir. Mér er fullkomlega ljóst, að þær fáu tilraunir, sem ég hef gert hér við þessa umr. til þess að fá lagfært ýmiss konar ósamræmi í frv., eru ekki nema brot af því, sem gera þyrfti til leiðréttingar á því. En eins og ég sagði áður, er mat manna svo ólíkt á embættunum og gildi þeirra, að seint mun öllum líka. Ég vil taka það fram strax, að ég vil ekki á nokkurn hátt líta á það, hverjir skipa embættin nú, heldur hve þýðingarmikil embættin eru fyrir þjóðfélagið. Ég vildi hafa þennan stutta inngang, áður en ég færi að ræða um þær brtt., sem ég hef gerzt flm. að, og hvað það er, sem fyrir mér vakir, þegar ég geri till. til breyt. á frv.

Ég ætla þá fyrst að gera að umtalsefni till. mína á þskj. 1189. Hún fjallar um skipaskoðunarmenn. Það er gert ráð fyrir því, að skipaskoðunarstjóri hafi í laun 10200 kr. á ári. Samkvæmt þeim reglum, sem nú er farið eftir, mun þessi embættismaður vera við sama borð og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu og álíka embættismenn, sem voru á þeim launum. Ég hef því talið rétt, að hann yrði látinn fylgja sömu hlutföllum og áður, en eins og kunnugt er, hafa laun þessara skrifstofustjóra nú verið ákveðin 12 þús. kr. á ári samkv. frv. Nú má ef til vill segja, að mat manna á þessum embættum sé þannig, að þeir telji þennan mismun eðlilegan. Fyrir mér horfir málið öðruvísi við. Það embætti, sem þessi maður gegnir, sem ég

ræði hér um, er það, að hann á að vera æðsti vörður öryggis sjófarenda í landinu. Það mun láta nærri, að sjómannastéttin, þegar hún er fjölmennust, sé skipuð um 7 þús. mönnum. Það er ágizkunartala, að það séu milli 20 og 30 þús. Íslendingar, sem ferðast á skipum með ströndum fram eða milli landa. Ég vil endurtaka það, að þetta er ágizkunartala. Þær fleytur, sem allur þessi fjöldi ferðast á eða vinnur á, eru undir árvekni og eftirliti þessa embættismanns, og frá mínu sjónarmiði er það svo, að ég álít, að þetta sé eitt með meiri og mikilvægari embættum í landinu.

Hv. þm. hafa nú fengið útbýtt hér frv. til l., sem samið er af mþn., sem þingið 1944 ákvað að setja á stofn til að endurskoða l. um eftirlit með öryggi skipa. Eitt af því, sem þessi n. lagði áherzlu á, var það, að þessi embættismaður yrði svo vel launaður, að hann þyrfti engum öðrum störfum að gegna. Svo þýðingarmikið telur n. starf þessa manns, og hún hefur gert till. um, að hann yrði settur á borð með skrifstofustjórum í stjórnarráðinu. Eins og nú er háttað, þá hefur það viðgengizt, að þessi maður taki aukastörf með samþykki ráðh., og hann hefur fram að þessu gert töluvert að því að hafa aukastörf með höndum, sem miða að því að veikja traust á honum sem embættismanni. Hann hefur með öðrum orðum gerzt einkaumboðsmaður ákveðins útgerðarfélags um eftirlit með skipum, í stað þess, að hann á að vera nokkurs konar lögreglustjóri. Sjómannastéttin, jafnt undirmenn sem yfirmenn, hafa mótmælt þessu og talið skaðlegt, að þetta væri látið viðgangast, að slík aukastörf sem þessi væru falin þessum embættismanni, og þar af leiðandi þyrftu laun hans að vera svo há, að hann þyrfti ekki að lifa á bónbjörgum í starfi sínu. Ég játa það, að Alþ. gefst kostur á, um leið og þetta frv., sem ég hef minnzt á, er til umr., að ákveða laun þessa manns, en ég vil leggja til, að það sé gert nú þegar, svo að ráðh. geti með góðri samvizku neitað um þau aukastörf, sem þessi embættismaður hefur nú með höndum, svo að hann geti gefið sig óskiptan að eftirlitinu með ísl. skipum og aðbúð þeirra, er á þeim eru. Þetta vildi ég hafa sagt um þessa till. Ég hef að vísu gert hér aðra till., með því að mér virðist nú sá andi hafa komið fram í umr. um þetta mál, og mér virðist jafnvel, að fjhn., sem mestu ræður hér um, hvað ofan á verður hér í þessari hv. d., að hún sé ef til vill nokkuð treg til að hækka laun vissra starfsmanna, þó að við óbreyttir liðsmenn lítum svo á, að það bæri að gera. Sem sagt, eins og ég sagði í upphafi: Þessa till. flyt ég sumpart af „prinsip"-ástæðum og sumpart vegna þess að ég tel rétt og skylt, að þessi starfsmaður sé í þessum launaflokki.

Ég skaut því að sessunaut mínum, sem er form. fjhn., að hér væri sennilega misskilningur á ferðinni, þar sem við 2. umr. hefði staðið: „skipaskoðunarmenn", — og að n. hafi gert till. um að hækka þessa menn. Hér væri átt við aðra menn, sem ég skal síðar greina frá, en skipaskoðunarmenn skv. gildandi l. skipta mörgum tugum í landinu. Ég man ekki, hve margir þeir eru, en þeir eru launaðir á allt annan hátt skv. núgildandi l., því að þeir hafa ákveðin laun fyrir hvert skip og eru launaðir af skipaskoðunarnefnd, en ekki ríkinu. Mér virðist svo, að í þessu tilfelli fái fáir menn þessa hækkun, sem þar var gert ráð fyrir, en ég hygg, að hv. þm. hafi þá hugmynd, að þetta eigi við tugi manna, en ekki svo fáa sem það er í raun og veru. Þessir menn, sem þetta getur átt við, eru þeir, sem starfað hafa hér í Reykjavík við skipaeftirlit. Það eru með öðrum orðum tveir menn, sem í skipunarbréfinu eru nefndir aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra. Annar þeirra hefur um nokkurra ára skeið verið í þjónustu ríkisins, en hinn er kominn í starfið fyrir atbeina sjómannastéttarinnar til öryggis eftirliti með skipum, sem sigla hér úr höfn til útlanda. Nú er mér kunnugt um, að þessir menn hafa unnið starf sitt af hinni mestu trúmennsku, og ég hef ekki heyrt einn einasta sjómann efast um hæfileika þeirra né trúmennsku í starfi sínu. Í frv., eins og það nú er, eru þessir menn settir á lægri laun en lögregluþjónar í Rvík. Þetta eru sannkallaðir löggæzlumenn, sem hafa verulegt ábyrgðarstarf með höndum, og reynslan hefur sýnt, að þeir eiga mjög óhægt um vik að komast í nokkur aukastörf, vegna þess hve starfið er umfangsmikið. Hitt hef ég orðið var við, að báðir þessir menn urðu að nota sumarleyfið til að afla sér meiri tekna til þess að geta lifað sómasamlega, því að grunnlaun þeirra eru nú 4800 kr. Að vísu hafa þau hækkað skv. þessu frv., en ekki nægilega að mínum dómi. Þeir urðu að taka þann kostinn, því að báðir eru reyndir skipstjórar á góðum aldri, að ráða sig í þjónustu þeirra manna, sem þeir eiga að vera verðir gagnvart. Þeir urðu að ráða sig, eins og þekkzt hefur um skeið, til að sigla togurum til Englands og fá þannig auknar tekjur, og það er ekki vel séð, að sjálfir löggæzlumennirnir þurfi að leita eftir auknum tekjum hjá þeim mönnum, sem þeir eiga að vera verðir gagnvart. Það er því nauðsynlegt, að þeir séu þann veg launaðir, að þeir þurfi ekki að grípa til slíkra aukastarfa. Við flm. brtt. höfum gert ráð fyrir, að ekki væri hægt að bera fram hærri brtt. en felld hefur verið, og þess vegna komið því þannig fyrir, að þessir menn geti hækkað eftir ákveðinn starfstíma um einn launaflokk. Með öðrum orðum: Eftir tveggja ára starf geta þeir komizt upp í sama launaflokk og lögregluþjónar í Rvík, og það virðist ekki til mikils mælzt. Ég hef mikla tilhneigingu til að setja þessa menn í hærri launaflokk með tilliti til þess þýðingarmikla starfs, sem þessir menn inna af höndum, en þar sem búast má við, að hv. Alþ. fallist að meira eða minna leyti á þær till. mþn., sem ég hef lauslega gert að umtalsefni, verður nokkuð veruleg breyt. á þessu þýðingarmikla skipulagi, sem heitir Eftirlit með skipum í landinu, og er þá til athugunar að athuga störf þeirra manna, sem að því skipulagi vinna. En sem sagt, við lítum svo á, að það megi alls ekki skera við nögl sér laun til þeirra manna, sem eiga að vera á verði um allt, er lýtur að öryggi sjófarenda, ef góða menn á að fá til þeirra starfa. Ég veit af nokkurri reynslu, að hv. Alþ. hefur á undanförnum árum skilið nauðsyn þess, sem lýtur að öryggi. Staðreyndirnar sýna okkur og sanna á svo sorglegan hátt, hversu nauðsynlegt sé, að þetta öryggi sé í heiðri haft, en þetta getur orðið til þess að bjarga þeim, sem fyrir stóru slysunum verða, og til þess þarf trúa og dygga menn til að inna þessi störf af hendi og ekki skera laun þeirra við neglur.

Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 1204, sem ég flutti einn. Geri ég ekki ráð fyrir, að ég fái marga meðmælendur hjá hv. n. Þó skal ég ekki fullyrða neitt þar um. En till. eru, eins og ég sagði í upphafi, fluttar til samræmis að minni hyggju.

Fyrsta brtt. á við 8. gr. og fjallar um það, að skrifstofustjóri sakadómara o. s. frv., svo sem segir í frv., hækki um einn launaflokk. Hv. þm. Snæf. kom nokkuð inn á nauðsyn þess, að rétt væri að setja þessa menn í hærri flokk en frv. gerir ráð fyrir með aðferð, sem ég vissi ekki, að hann hefði gert till. um, að þeir mættu hækka eftir 6 ára þjónustu. En ég hygg, að þessi till. mín geti staðizt samt sem áður, þó að hv. d. vildi fallast á, að þessir menn yrðu hækkaðir um einn launaflokk. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem hann sagði um þessa menn. Ég er svo gamall Reykvíkingur og hef fylgzt nokkuð með þessum mönnum hér, að ég veit, að ekki er ofsagt, sem hann sagði, að þeir menn, sem hér um ræðir, væru svo miklir prýðismenn í starfi sínu, að það er rangt að meta störf þeirra svo lágt sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru ekki þýðingarlítil embætti, sakadómaraembættið í Rvík og önnur þau, sem hér eru talin upp. Það er með öðrum orðum löggæzlan og tollgæzlan í Rvík, borgardómari, borgarfógeti, tollstjórinn o. s. frv. Það eru svo þýðingarmikil embætti, sem þessir menn inna af höndum, og þeir menn, sem ég hef gert að umtalsefni, eru meira en skrifstofustjórar. Það er yfirleitt meira starf, sem þeir inna af höndum, en skrifstofustjórar yfirleitt hafa með höndum. Mín skoðun er sú, að ríkið megi ekki skera svo mjög við neglur sér að launa hin þýðingarmiklu störf, að ekki geti valizt í þau menn, sem eru a. m. k. í hinni betri röð. Ég held, að við ættum að keppa að því, að störfin væru það vel launuð, að hinir hæfustu menn fengjust til þess að gegna þeim, því að fari svo, að hið borgaralega þjóðfélag geti veitt skilyrði til þess að hafa miklu betri tekjur en hér er fyrirhugað, koma hæfustu mennirnir aldrei nálægt þessum embættum. (**JPálm:** Þeir eru í störfum.) Þessir menn hafa ekki aukatekjur eins og sumir aðrir til þess að bæta kjör sín. Laun þeirra verða að vera svo mikil, að þeir geti lifað sómasamlega á þeim. Þetta var um a-lið.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að b-lið. Þar eru taldir upp aðalféhirðir og aðalbókari tollstjóra. Ég held, að það velti ekki á tveim tungum, að tollstjóraembættið í Rvík sé fyrir ríkissjóð og fyrir landið í heild eitt með þýðingarmeiri embættum á því sviði. Það er upplýst, að á s. l. ári fóru 76 millj. kr. um hendur tollsins, mikill meiri hluti af tekjum ríkissjóðs. Þessi mikla fjárhæð hefur því farið um hendur þess manns, sem er gjaldkeri stofnunarinnar. Reynslan hefur sýnt, að þeir, sem eiga að vera verðir stórra fjárhæða, eins og gjaldkerar, þurfa að hafa góð laun. Við eigum að launa þá svo sómasamlega, að það sé nokkurn veginn tryggt, að það fari vel úr hendi. Það, sem ég fer hér fram á, er það eitt, að þessi starfsmaður hækki um einn launaflokk, úr 6600 kr. í 7200 kr. byrjunarlaun með 9600 kr. hámarkslaunum. Ég skal ekki elta ólar við ýmsar aðrar stofnanir, sem gætu verið sambærilegar í frv., en ég hygg, að gera megi fyllilega þennan mun á þessum starfsmanni og starfsfélögum hans við aðrar stofnanir, því að munurinn er svo mikill á þeim fjárhæðum, sem fara um hendur þeirra.

Þá kem ég að c-lið, en þar eru taldir þeir embættismenn, sem lægst eru launaðir við þessa stofnun. Það eru innheimtumennirnir. Þeir eru með 4800 kr. að byrjunarlaunum, og hef ég ekki breytt því, en skv. frv. er gert ráð fyrir, að þeir geti komizt í 6000 kr. hámarkslaun. Ég hef leyft mér að gera þá breyt., að þeir hækki upp í 6600 kr. hámarkslaun. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telja þetta starf þess eðlis, að það eigi að launa það eins og ég nefndi, enda er till. ekki mjög há, en hins vegar er mér ljóst, að það hvílir nokkur ábyrgð á þessum mönnum, sem ganga út á meðal viðskiptamanna tollstofunnar, sækja þúsundir kr. í vasa gjaldendanna og bera á milli þeirra og skrifstofunnar. Þetta er mjög erilsamt starf. Þeir eru allan daginn á þönum, yfirleitt labbandi á sínum tveimur, og veltur mjög mikið á, að í þetta veljist trúverðugir menn. Og ég skal geta þess, að forstöðumaður þessarar stofnunar, tollstjórinn, leggur verulegt kapp á það, að þessi litla hækkun verði gerð við þessa lægst launuðu starfsmenn stofnunarinnar. Svo mikið leggur hann upp úr því, að þessir menn geti verið sæmilega ánægðir við þetta starf. Hér er í raun og veru ekki til mikils mælzt.

Næsta brtt. mín er við 11. gr. og fjallar um bókara II. flokks, sem er gert ráð fyrir í frv., að hafi að byrjunarlaunum 5400 kr., og eiga að hækka upp í 5700 kr. Ég hef leyft mér að bera fram þá breyt., að þessi II. flokks bókari falli niður og í þess stað komi I. flokks bókari. Mörg rök hníga að því, að í þetta veljist einungis góðir menn, og ætla ég þá, að þessi skipun sé eðlilegri. En svo legg ég tel, að nýr liður komi: Bókari III. flokks.

Næsta brtt. mín er við 23. gr. Er það um starf snertandi Skipaútgerð ríkisins. Þar er og brtt. um, að aðalbókari og aðalféhirðir hækki um einn flokk. Mér er kunnugt um af margra ára reynslu, að störf manna við þessa stofnun eru meiri en við aðrar svipaðar stofnanir, svo að einatt hafa menn orðið að vinna þar eftirvinnu. Nú á hún að falla niður, og er það vel. En þessir starfsmenn eru lægra launaðir en sambærilegir starfsmenn við aðrar stofnanir. Ég hygg, að allir, sem skipt hafa við þessa stofnun, viti, hve hér er um að ræða mikið starf, sem útheimtir vel hæft starfslið. Ég legg til, að þarna komi tölul. 1 og 2 afgreiðslustjóri og innkaupastjóri með óbreyttum tölum, en starfinu sé skipt í tvennt.

Þá er það 4. brtt., við 25. gr., um starfsmenn við áfengisverzlun og tóbakseinkasölu ríkisins, það er, að skrifstofustjórar (a-liður) hækki um 600 kr. og bifreiðarstjórar (b-liður) hækki jafnmikið. Annars hefði ég viljað, að allir bifreiðarstjórar væru teknir út úr og væru bundnir eftir samningum stéttafélaga sinna. Þannig er það um bifreiðarstjóra hjá einkafyrirtækjum, en þetta er fyrir neðan þeirra taxta.

5. brtt. mín á sama þskj. fjallar um, að bifreiðarstjóri hjá grænmetisverzlun ríkisins hækki um 600 kr., og liggja til hin sömu rök og næstu till. á undan.

Þá kem ég að 6. og síðustu brtt. minni um, að aftan við 31. gr. komi ný grein, sem verður nr. 32. Efni þessarar till. er um það, að menn, sem vinna í þjónustu ríkisins við stofnanir, sem settar

eru á fót til bráðabirgða, skuli hafa að minnsta kosti 15% hærri laun en þeir, er vinna svipuð störf á föstum launum. Í þessi störf veljast menn, sem ekki geta reiknað með áframhaldandi starfi, og mér er kunnugt um, að í slík störf hefur verið erfitt að fá hæfa menn nema með því móti að greiða hærri laun en venja er. Þannig er það t. d. um viðskiptaráð. Þar eru greidd hærri laun en annars staðar, enda eðlilegt.

Ég er hér meðflm. að ýmsum fleiri brtt., en þeim verða gerð skil af öðrum. En áður en ég lýk máli mínu, vildi ég minnast á eina brtt., sem ég er meðflm. að, en það er um næturvarðmanninn við landssímastöðina í Reykjavík. Ég hygg helzt, að þessi maður hafi fallið niður af vangá hjá fjhn., því að ég get ekki komið auga á nokkra ástæðu til að fella þennan mann niður, enda mun vera megn óánægja meðal starfssystkina hans út af þessu.

Aðrar brtt. mun ég ekki gera að umræðuefni, en ég skal taka það fram, að eins og viðhorfið er nú, þá býst ég varla við, að allar brtt. mínar verði samþ. En ef ganga ætti til atkvæða um þær meðal fólksins, þá mundu þær allar verða samþ. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa, en mig uggir, að ekki líði mörg ár, áður en háværar kröfur koma fram um að lagfæra margt í þessum lagabálki. Ég skal ekki dæma um, hvort ýmsir starfsflokkar séu of háir. Að sjálfsögðu er mest réttarbót þeirra, sem lægst hafa verið launaðir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1213, 1216, 1217, 1218, 1219, 1220, 1221, 1222, 1223 og 1227, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 19 shlj. a.kv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég sé ekki til neins að fara að ræða um þetta mál fram og aftur, þar sem fulltrúi flokksins í fjhn. hefur fjallað um málið.

Ég er flm. að brtt. á þskj. 1203 um að færa skattstjórann til um einn launaflokk. Ég veit, að hv. þm. er það ljóst, að skattstjórastarfið er eitt af þýðingarmestu störfum í þágu ríkisins, og vænti ég, að hv. þm. fallist á þessa breyt. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en legg það á vald hv. þdm.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Það er fremur fámennt hér í deildinni og ekki til mikils að halda langa ræðu, enda mun ég stilla orðum mínum mjög í hóf, en vil minnast á þær brtt., sem ég er flm. að.

Ein meginástæðan til afgreiðslu þessa máls er sögð vera sú, að þörf sé að samræma launagreiðslur. En samræming er venjulega í því fólgin að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. En út af þessu er brugðið í 16. gr. frv., það er, að farkennarar, sem vinna sama starf og aðrir kennarar, skuli hafa lægri laun. Yfirleitt mun það vera svo, að ef menn á annað borð eru ráðnir til starfsins, þá fá menn sömu laun og þar hafa við gengizt. Þannig er það til dæmis um skrifstofustörf. Nú er rétt að athuga, hvers vegna þessir farkennarar eru til. Það liggja fyrir skýlaus ákvæði um, að menn með kennararéttindi skuli sitja fyrir um embætti. Það er þess vegna ekki tilfellið, að þessir menn hafi bolað öðrum frá, og þeir hafa enga tryggingu fyrir starfinu áfram, þar eð þeir verða að víkja, ef maður með réttindi sækir um starfið. Mér virðist þetta ekki alls kostar réttlátt, og ég hygg, að kennurum sé ekki gerður neinn greiði með þessu. En hins vegar munar ríkissjóð þetta litlu. Það eru helzt hreppsfélögin, sem kynnu að hafa tilhneigingu til að spara með því að ráða til starfsins menn með lægri launum. Ég hef því flutt brtt. um þetta ásamt hv. þm. V.-Húnv., en fallist hv. þdm. ekki á hana, höfum við flutt aðra brtt. til vara.

Farkennurum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru menn, sem hafa gegnt þessu starfi árum saman og eru vaxnir inn í stöðuna. Hins vegar eru allmargir menn, sem ráðnir eru til bráðabirgða og ætla sér ekki að verða kennarar framvegis. Mér virðist ekki hægt að líta sömu augum á þessa menn og teldi rétt að undanskilja hina fáu reyndu og þykir hæfilegt að miða við 5 ára starfstíma, þannig að í stað þess, að þeir fái 75% miðað við full laun, skuli þeir fá 80%.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. um að hækka laun heimavistarbarnaskólastjóra. Eins og nú er frá gengið, mundi starfstími þeirra oftast reiknast 7 mánuðir, en launin eru miðuð við 9 mánaða starfstíma, og fengju þeir þau því ekki öll greidd. Þetta er lækkun frá því, sem var og mþn. ætlaðist til. Starf þessara manna er eitt hið erfiðasta og ábyrgðarmesta, og má segja, að þeir strjúki aldrei um frjálst höfuð. Þetta er nokkuð öðruvísi í heimangönguskólum. Þar eru kennararnir frjálsir, þegar kennslu er lokið, enda er það kunnugt, að menn hafa þreytzt á þessum starfa og sótt burtu. Ég hafði orð á því við 2. umr., að í l. um héraðsskóla væri svo ákveðið, að starfstími kennara miðaðist við þarfir stofnunarinnar, en þessir skólar eru sjálfseignarstofnanir, sem skólastjórnirnar ráða að mestu. Nú legg ég til, að í stað „kennslutíminn" komi: starfstíminn. Þetta er brtt. við brtt. fjhn.

Það hefur nokkuð borizt í tal við þessar umr., að samræma þyrfti starfstíma kennara í landinu. Ég er þessu samþykkur og get í rauninni fallizt á till. fjhn. um 9 mánaða starfstíma. En það ber að athuga, að þegar frv. var upphaflega samið, var ekki reiknað með þessu, svo að grundvöllur sá, er frv. er byggt á, raskast nokkuð, ef þessu er breytt, og þarf því að gera breyt. á frv. í samræmi við það. Fjhn. hefur tekið þetta sjónarmið nokkuð til greina, en ég tel, að þessa sé þó ekki nægilega gætt. Í frv. var gert ráð fyrir, að kennarar héraðs- og húsmæðraskóla væru einum flokk neðar en kennarar gagnfræðaskóla. Þessu var haggað í fjhn., og hef ég nú lagt til, að kennarar héraðs- og húsmæðraskóla verði hækkaðir um einn flokk, svo að hlutfallið sé hið sama og var í upphaflega frv.

Sama gildir eins um kennara stærri skóla, t. d. kennaraskólans, sýrimannaskólans og vélstjóraskólans í Reykjavík. Í frv. voru laun þeirra miðuð við 7 mán. starf, og ég ætla, að skipun þessara kennara í ákveðinn launafl. hafi einmitt byggzt að verulegu leyti á því, að miðað var við þann starfstíma. Með því að samræma nú þetta á þennan hátt, sem ég hef áður drepið á og liggur fyrir í brtt. fjhn., kemur fram í raun og veru hækkun hjá þessum kennurum miðað við það, sem n. lagði til og upphaflega stóð í frv. Ég get ekki

komizt hjá því að benda á það t. d., að kennaraskólakennarar, sem kenna 7 mánuði, mundu, ef engin leiðrétting væri gerð önnur en sú að miða laun þeirra við 9 mánaða starf, verða í raun og veru lægra launaðir en barnakennarar, sem þeir sjálfir eru að kenna og útskrifa, ef barnakennarar vinna að vísu a. m. k. 9 mánuði. Mér finnst þetta ekki eðlilegt. Og þess vegna legg ég til á þskj. 1229, að kennarar kennaraskólans, vélstjóraskólans og stýrimannaskólans hækki um einn flokk, en ég ætlast til, að til frádráttar komi aftur hjá þeim og öðrum það, sem þeir vinna skemmri tíma, og er það í samræmi við það, sem fjhn. hefur lagt til.

Þá hef ég veitt því athygli, að í 9. brtt. á þskj. 1206 frá fjhn., sem fjallar um það atriði, sem ég hef sérstaklega gert að umræðuefni, að þar er komizt svo að orði: „Árslaun kennara samkv. 15., 16. og 29. gr. og barnaskólastjóra eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um einn níunda hluta heildarlaunanna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.“ — Ég vildi út af þessu gera þá fyrirspurn til hv. fjhn., hvað hún hefði hugsað í þessu sambandi um skólastjóra málleysingjaskólans. Mér finnst, ef þessi regla á að gilda fyrir þá líka, að óþarft hefði verið að orða þetta þarna og segja „barnaskólastjóra“, — heldur, að árslaun kennara og skólastjóra skuli miðuð við 9 mánaða starfstíma. Því væri æskilegt að fá að heyra álit n. og tilætlun um þetta atriði. — Þá má líka benda á það, að þótt ég sé í sjálfu sér samþykkur þeirri breyt., sem ég hef drepið á, um hækkun gagnfræðaskólakennara, sem fjhn. hefur lagt til, þá hygg ég, að sú hækkun hafi það í för með sér, að þeir kennarar verði í raun og veru jafnháir sumum skólastjórum í þessum launafl., og það er náttúrlega ekki í samræmi við ákvæði um laun skólastjóra og kennara að öðru leyti í frv. En vel má vera, að það standi í sambandi við orðalag þessarar brtt., 9. brtt., og að fjhn. hafi hugsað sér, að laun þeirra framhaldsskólastjóra yrðu miðuð við raunverulegan starfstíma, jafnvel þótt styttri væri.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um þessar brtt., og skal ég láta máli mínu lokið um þessi atriði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1228 og 1229, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég er einn af þeim mörgu þm., sem tel, að launalagafrv. geri ráð fyrir launagreiðslum, sem vafasamt má telja, að séu í samræmi við gjaldþol ríkisins. En þetta mál er komið svo langt, að það þýðir ekki að sakast um það. En hitt mætti þykja líklegt, að koma mætti að nokkrum leiðréttingum þar, sem ósamræmi virðist vera á milli launagreiðslna.

Ég hef ekki séð mér fært samt sem áður að styðja að neinu verulegu leyti till., sem horfa til hækkunar. Ég er að sönnu meðflm. að þremur till. um mjög smávægilega breyt. til hækkunar, sem ég tel til samræmis. En aðalflm. þeirra till. hafa gert grein fyrir þeim, og þarf ég því ekki að minnast á þær sérstaklega. Hins vegar er ég aðalflm. að brtt. á þskj. 1227, sem er brtt. við brtt. hv. fjhn. á þskj. 1206. Þessar till. eru þó ekki til hækkunar á launagreiðslum, en til leiðréttingar, og skal ég leyfa mér að minnast á þær í þeirri röð, sem þær eru á þskj.

1. brtt. er við 5. brtt. á þskj. 1206. Þetta er um birgðastjóra landssímans í Reykjavík. Samkv. þessari brtt. hv. n. eiga að vera í þessum flokki birgðastjóri landssímans í Reykjavík og efnisvörður landssímans í Reykjavík. Ég held, að það hljóti að liggja bak við þetta misskilningur. Birgðir og efni landssímans er það sama, og það getur ekki verið, að það þurfi tvö embætti til þess að sjá um þessi efni landssímans. Það getur ekki verið, að þar eigi að vera nema einn maður. En anni hann því ekki, er það skylda landssímastjórans að fá honum aðstoð. 1. till. mín er því sú, að orðin „birgðastjóri landssímans í Reykjavík“ falli niður, og er þá aðeins eftir efnisvörður. Það er sérstakt starf, og mér er kunnugt um, að því hefur um langan aldur gegnt sami maður, sem að sönnu er sjálfsagt kominn á þann aldur, að starfstími hans verður skammur hér eftir, en þá liggur fyrir að skipa mann í hans stað, en þetta þarf ekki, á meðan þessa manns nýtur við. Þetta er náttúrlega til þess að lækka, en ekki hækka útgjöld stofnunarinnar.

Næsta brtt. er við 6. tölul. 7. brtt. fjhn., og hún er aðallega fólgin í formsbreyt. En ég hlýt að gefa nokkra skýringu á því. Með henni er farið fram á, að niður falli orðin „1. fl.“ um símritara, loftskeytamenn og símvirkja. En þannig standa sakir, að eftir brtt. fjhn. eiga að vera tveir fl. þessara manna og raunar fleiri, sem brtt. eru fluttar um af öðrum hv. þm. En í eðli sínu virðist ekki vera hér um neina flokkaskiptingu að ræða. Símritari er símritari, þegar hann hefur lært og tekið próf í því. Og loftskeytamaður er loftskeytamaður, þegar hann hefur lært og tekið próf og staðizt það. Og þar er hvorki um 1. flokks né 2. flokks próf að ræða. Reglan fyrir því að geta orðið loftskeytamaður, símvirki eða símritari er sú, að þess er krafizt, að þessir menn hafi gagnfræðapróf, þ. e. a. s. þriggja ára bóklegt nám. (**JakM:** Tveggja ára.) Venjulega eru menn þrjú ár að ná þessu gagnfræðaprófi, en það fer náttúrlega eftir því, hvað menn eru duglegir. Síðan eru þeir við nám hjá símanum, sem er eins konar verklegt nám, í þrjú ár. Þá er ætlazt til þess, að þessir menn geti tekið próf. Venjan mun hafa verið sú, að þeir væru reynslutíma hjá símanum, áður en þeir væru fastráðnir, og að þeir tækju í einhverri grein annað próf til. En venjulega virðist gangur málsins sá, að mennirnir uppfylla skilyrðin um undirbúningsmenntun sína og hafi síðan verið tilskilið nám hjá símanum, hvort sem það eru þrjú eða fjögur ár eða fleiri, og tækju síðan próf og væru eftir það loftskeytamenn, símvirkjar eða símritarar. Og að eftir að þeir eru ráðnir hjá símanum, séu þeir hvorki 1. né 2. fl., heldur það, sem nafn þeirra bendir til. Nú hvílir að sjálfsögðu engin skylda á símanum að ráða alla þá menn í þjónustu sína, sem tekið hafa þessi próf. En ráði landssíminn þessa menn, sem uppfylla þessi skilyrði, sem krafizt er, þá eiga þeir að sjálfsögðu að komast í þann fl., sem tiltekinn er í launal. Ef þessi regla er ekki höfð, er hægt að láta mann ljúka öllum þessum skilyrðum og láta hann svo hafa starf 2. fl. manns, ef landssímastjóranum

þóknast það. Og ef hann þraukar og fer ekki, verður hann að vinna fyrir þetta lægra kaup, enda þótt hann uppfylli þau skilyrði, sem sett eru fyrir þessum réttindum og hann búinn að leysa af hendi með það fyrir augum að taka þetta sér fyrir ævistarf.

Þá verður að gera leiðréttingu við 7. lið, um næturvörð á landssímastöðinni í Reykjavík. Þetta er starf, sem sami maður hefur gegnt um eða yfir 20 ár, og það er starf, sem er í gildi nú og allar líkur til, að verði, á meðan landssímastöðin er til, því að það verður að vera næturvörður á landssímastöðinni í Reykjavík. En vel má vera, að það séu einhverjar ráðagerðir um það, að þessi starfræksla verði framkvæmd með vaktaskiptum. En það er sjálfsagt engum erfiðleikum bundið að *semja um slíkt innan símans*. En þetta starf er til og hefur verið það um áratugi og ekki ástæða til þess að fella það niður. Við gerðum þess vegna till. um, að upp yrði tekið sem sérstakur liður á eftir liðnum eins og hann er nú, þannig: Næturvörður við landssímastöðina í Reykjavík 5400—7200 kr. laun. Þetta er að sjálfsögðu engin hækkun á útgjöldum, því að þetta starf verður rækt hvort sem er, þótt það yrði sett undir annað nafn.

3. brtt. er aðeins um, að orðin „símritarar 2. fl., símvirkjar 2. fl., loftskeytamenn 2. fl." og orðin „1. flokks" á eftir „línumenn" falli niður, þannig, að hér sé ekki um neina flokkaskiptingu að ræða.

Þá höfum við undir b-lið í þessari 3. till. leyft okkur að leggja til, að teknir verði upp í launal. umsjónarmenn með skeytaútsendingu. Það er dálítið einkennilegt, að þetta hefur gleymzt. Þetta starf er til og hlýtur alltaf að vera það. Það er þannig, að ég held, að hér í Reykjavík eru tveir menn, sem ábyrgð bera á skeytaútsendingum og sjá um þær. Landssímastjórinn hefur skrifað um þetta og beðið, að þetta yrði tekið upp í frv., af því að það hafi gleymzt. Þetta starf er til og hlýtur að verða í framtíðinni, svo að það er nauðsynlegt að taka þetta upp í launalagafrv. Aftur á móti er ekki ætlazt til þess, að bréfberar verði teknir upp í launal., og er það ekki heldur gert eftir till. nefndarinnar.

4. brtt. er aðeins afleiðing af brtt. um, að 1. og 2. flokks línumenn séu ekki til., og er um það, að orðin „línumenn 2. flokks" falli niður. Þetta *er bara til samræmis*.

Þessar brtt. horfa ekki til hækkunar á launal., en eru aðeins til skýringar og leiðréttingar, og vona ég, að hv. þm. geti fallizt á þær.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það þýðir náttúrlega lítið að vera að orðlengja þetta. En ég get þó ekki stillt mig um að drepa á einstök atriði, sem komið hafa fram í þessum umr. og í sambandi við brtt., sem fram hafa verið bornar.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. um, að tilraunastjórar verði settir í launal., þó að þeir hafi verið felldir úr, af því að stjórn Búnaðarfélags Íslands hafði færzt undan því, að Búnaðarfélagið eða þessi starfsemi væri tekin í launal.

Hins vegar hefur n. ekki viljað fallast á brtt. frá þessum sama hv. þm. um það að rugla saman mönnum eins og þar er gert á þskj. 1152. N. telur, að það sé svo mikill munur á þessu, að það sé ekki fært að slá því öllu í einn hóp.

Till. hv. 2. þm. Rang. á þskj. 1143 gerir n. ráð fyrir, að flm. fallist á að taka aftur með tilliti til brtt., sem n. flytur um sama efni.

Í þessu sambandi skal ég taka fram út af ræðu hv. þm. A.-Sk., að þar, sem gerður er greinarmunur á skólastjórum barnaskóla og annarra skóla í sambandi við starfstíma, þá er það væntanlega þannig, að það eru aðeins skólastjórar barnaskóla, sem falla undir þetta, og það er miðað við minni starfstíma. Hins vegar lítum við svo á, að skólastjórar annarra skóla, svo sem gagnfræðaskóla og menntaskóla og fleiri, *starfi fyrir skólana* jafnvel lengur en kennsla stendur yfir.

Þá hefur n. ekki getað fallizt á till. á þskj. 1155, a. m. k. ekki meiri hl. n.

Um brtt. 2. þm. Rang. er sama að segja og hina brtt. Það hefur ekki heldur fengizt atkvæðamagn fyrir brtt. hv. tveggja landsk. þm., ÞG og LJós, á þskj. 1171, og sama er að segja um brtt. á þskj. 1172 og 1173, sem báðar eru frá hv. 2. landsk. (ÞG), og tel ég ekki þörf að orðlengja það frekar.

Hér hefur rignt yfir okkur í dag brtt. Það er svona helzt líkast því sem er við 2. umr. fjárl., hvað fjöldann snertir. Það kom okkur nm. ekki neitt á óvart, að það mundi verða hafin herferð á hendur hv. þm., og ekki við öðru að búast en einhver svignaði fyrir þeim árásum. En ég hef áður almennt talað um afstöðu n. til þessara brtt. flestra, og er því óþarft að endurtaka svo mikið af því.

Hv. þm. Snæf. ber fram brtt. um að stofna stöður á tollstjóraskrifstofunni, sem kallaðar eru deildarstjórastöður. Þetta kemur n. ekki heldur á óvart. Það var talað um það við hana. En það er eins ástatt um þessar brtt. og svo margar aðrar. Þessir starfsmenn hjá tollstjóra hafa komizt hærra í launum en n. telur fært að fara. Munar þó minna á þeim en mörgum öðrum. Og þeir eru jafnvel hærra launaðir en margir aðrir, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessum niðurskurði, sem gerður hefur verið til samræmis.

Þá er till. sama hv. þm., að fulltrúar fyrsta flokks hækki *um flokk eftir sex ára starf*. N. getur ekki heldur mælt með þeirri till. Þeir, sem þar er um að ræða, munu að vísu hafa 600 kr. hærri grunnlaun en gert er ráð fyrir í frv. Ég efast ekki um, að þeir starfsmenn, sem þar er um að ræða og hv. þm. Snæf. ber aðallega fyrir brjósti, vinni störf sín ágætlega, en n. hefur virzt, að ef farið væri að raska þeirri flokkun, sem gerð er í frv., þá mundu fleiri þar á eftir fara og af hljótast stórkostleg launahækkun.

Hv. þm. A.-Sk. tók svo til orða um þá hækkun, sem hann vildi gera, að ríkissjóð munaði ekki mikið um það. Maður hefði ekki búizt við, að slík orð kæmu úr þeirri átt, eftir því sem hans flokkur hefur talað. Það má segja, að ekki muni mikið um eitt og annað, en safnast, þegar saman kemur. — Svipað má segja um till. þær, sem fram eru komnar, frá hv. þm. Snæf. og fleirum viðvíkjandi póst- og símamönnum. Þar er lagt til, að þeir hækki um flokka. Ég hef gert þetta svo rækilega að umtalsefni áður, að það er óþarft að bæta þar við. Aðeins verð ég að geta eins atriðis, þar sem hv. þm. Snæf. gerði þá grein fyrir því, hvað þessir menn væru hart leiknir, að þeir lækkuðu um 3700—5200 kr. Samkvæmt þeim gögnum, sem mþn. hafði við að styðjast og rn. hafði

búið í hendur á henni, þá hafa þessir starfsmenn komizt upp í 6750 kr., en þeim eru ætluð 6600 kr. hámarkslaun í frv., að ég hygg. Mismunurinn er 150 krónur, og þó að á það komi verðlagsuppbót, þá getur það ekki skipt þúsundum. Ef þetta samt sem áður á sér stað, þá er það aðeins fyrir það, að þeir hafa aukaþóknun, sem hefur ekki komið fram í þeim plöggum, sem n. hafði til að fara eftir. Nú er það algild regla í þessu frv., að öll aukaþóknun skuli falla niður nema sú undantekning, sem gerð er um innheimtumenn ríkisins, sem mest ábyrgð hvílir á að vera vel vakandi í starfi sínu og allt veltur á hverjum einstaklingi í sínum verkahring.

Það kom mér ekki á óvart, að fram kæmi till. um að fella niður þessa 2. flokks starfsmenn. Það má vel vera, að mönnum þyki þetta lítil lækkun að vera kallaðir 2. flokks menn, en það er að gera við því, sem er, að það er einu sinni svona, að menn eru misjafnlega færir og afkastamiklir starfsmenn. Ég geri ráð fyrir, að það vaki fyrir þeim mönnum, sem leggja til að flokka starfsmennina þannig í flokka, að það eigi að greiða mönnum laun eftir því starfi, sem þeir inna af hendi. Ég held, að hv. 7. þm. Reykv. sé fylgjandi því, að ekki eigi að greiða skussa jöfn laun og afburðamanni fyrir störf þeirra. Ég er alveg sannfærður um, að þessi hv. þm. hefur margsinnis haldið fram þeirri skoðun, því að það er skoðun, sem flokksstefna hans byggist á m. a., að einstaklingurinn fái að njóta hæfileika sinna, en ekki greiða öllum sömu laun, afburðamönnum jafnt sem skussum, því að með því er stefnt að því að gera alla að skussum, eftir því sem hægt er. Ég get því ekki fallizt á þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, að gera eigi alla starfsmenn í hverri grein jafna, gera rétt allra starfsmanna í sömu grein jafnan til launa. Ég álít, að rétt sé að gera mismun, eftir því, hvernig starfið er leyst af hendi. Ég tel sjálfsagt, að þeir, sem vinna mikið og gott starf, fái að njóta þess og séu hækkaðir í launum, og það er áreiðanlegt, að vinnuveitendur græða á því. En ef öllum er greitt jafnt, þá verður afleiðingin sú, að starfið verður yfirleitt lélegra, og þá verða framkvæmdirnar öllu dýrari, jafnvel þó að einstakur maður fái minni laun, því að það þarf marga menn til að vinna fárra manna verk, sem duglegir eru. Ég get þess vegna ekki fallizt á, að þessi till. eigi rétt á sér, enda er það vitanlegt, að þær till. eru ekki stríð um, hvort skipta eigi mönnum í flokka, það er bara áróður fyrir því að hækka laun.

Hv. 4. þm. Reykv. var með nokkrar till. til hækkunar. Ég verð að segja það að gamni mínu, að ég hef heyrt, að hann sé búinn að setja upp skrifstofu til að taka á móti beiðnum um launahækkanir og flytja þær inn í d. Ég þykist vita, að hann sé svo mikið góðmenni, að hann fengi ekki staðizt slíka ásókn, og mér finnst till. hans vera spegill af því, hvernig menn eru fengnir til að játast undir slíkan áróður. Ég veit, að það er miklu vinsælla fyrir hv. 4. þm. Reykv. að standa upp og mæla með svo og svo miklum hækkunum ýmissa starfsmanna en fyrir mig að standa upp og mæla á móti þeim, en það verður að taka tillit til fleira en þess, hvað vinsælt er og óvinsælt. Hann fór mörgum orðum um skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmann hans, hversu mikils varðandi starf þeirra væri, og skal ég á engan hátt draga úr því. En ég verð að segja, að þau laun, sem þarna er um að ræða, hafa ekki verið talin hingað til nein smánarlaun. Það eru laun, sem til skamms tíma voru ætluð hæstaréttardómurum og ráðherrum, 10 þúsund krónur, og ráðherrum og hæstaréttardómurum hefur ekki til skamms tíma verið greidd verðlagsuppbót nema á hluta af þeim. Ég veit, að það eru að ýmsu leyti breyttar þarfir manna og kröfur til lífsins og verðlagið kannske líka þrátt fyrir verðlagsuppbótina. En það er líka á það að líta, að það er allverulegur munur á þessum launum, sem þarna er um að ræða, og því, sem áður hefur verið borgað fyrir sambærileg störf. Hann talaði um, að þessir starfsmenn ættu ekki að þurfa að vera á snöpum eftir aukastörfum, en ég geri ráð fyrir, að margir líti svo á, að þeir ættu ekki að þurfa þess. Það er ekki það, að ég álíti ekki þennan mann alls góðs maklegan, en það eru svo margir starfsmenn, sem segja má svipað um, og ættum við alltaf að láta undan slíkum rökum, þá færu launin að hækka nokkuð mikið.

Í sambandi við aðstöðu þessara manna og þörfina á því að setja þá hærra í launum en gert er í frv. vil ég vekja athygli hv. flm. á því, að samkvæmt þeim gögnum, sem ég gat um áðan í sambandi við annað, sem launamálan. hafði við að styðjast, þá eru laun þessara manna hækkuð um þúsund krónur í grunnlaun, svo að ef mennirnir hafa getað lifað og starfað hingað til, þá ættu þeir því fremur að geta það eftirleiðis, því að það er mikill munur að fá þúsund króna viðbót á grunnlaunin. Er það mikill munur eða hjá þeim, sem haldið hefur verið fram, að yrðu fyrir 3—5 þús. króna launalækkun.

Ég taldi rétt að drepa á einstök atriði í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, en sé ekki ástæðu til að orðlengja mikið um það. Fjhn. hefur ekki haft tíma né tækifæri til að taka afstöðu til þessara till., sem safnað hefur verið hér saman inn í þingsalinn. En ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að það er sitt hvað að starfa að því að setja saman launal. mánuðum saman, vera í því starfi og fara yfir það aftur og aftur, gera samanburð milli starfsgreina og einstakra starfsmanna eða bara að taka við umkvörtunum í 2—3 daga og bera svo fram till. um það í þinginu. Hvort halda hv. þm., að líklegra sé til að byggja á, till., sem eru undirbúnar af mþn., sem starfar mánuðum saman, og þingn., sem starfar þar á eftir líka mánuðum saman, a. m. k. fjhn. Ed., eða þm., sem taka að sér að bera fram till. um breyt. til hækkunar og samræmingar? Ég er ekki í vafa um, að allar þær breyt. verða til ósamræmis.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Sk. var að bera sig hér upp undan, hvað misjafnlega væri búið að kennarastéttinni, þá vil ég aðeins vekja athygli á því, að í mþn., sem starfaði að þessu máli, áttu sæti þrír kennarar af sjö nm., svo að það ætti að mega treysta því, að gert hafi verið það, sem hægt hafi verið, til að sanngjarnar till. kæmu fram í þeirra garð.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Hv. frsm. n. hefur tekið rækilega fram í öllum ræðum sínum fyrir n. hönd, að brtt. þær, sem n. stendur

að, hafi ýmsar verið samþ. með meiri hl. atkv. í n. Það varð samkomulag nm., að þær till., sem fengju meirihlutafylgi, yrðu bornar fram á vegum n., en nm. hafa þó óbundnar hendur um einstakar till. Hins vegar er það svo um till., sem áttu ekki meirihlutafylgi að fagna í n., að þær hafa ekki komið fram fyrir hv. þm. sem till. n. Við þessu er að sjálfsögðu ekkert að segja. Ég ætla mér ekki að fara að mæla hér fyrir till., sem ég kynni að hafa verið fremur hlynntur innan n., þó að þær hafi ekki hlotið náð fyrir augum meiri hl. hennar.

Ég skal geta þess um þessa óskalista, sem liggja hér fyrir framan okkur, að þeir eru orðnir 32 að tölu. Það eru komin fram 32 þskj., á hverju eru skráðar brtt. við launal. Ég nefni þetta bæði í gamni og alvöru óskalista, því að þetta eru óskir einstakra starfsmanna, sem eiga að taka laun samkvæmt launal. Það er ekki nema gott, að hv. þm. fái að sjá þessar óskir og taka afstöðu til þeirra. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að það er nauðsynlegt, að hv. þm. athugi vel allar þessar till., áður en gengið er til atkv., því að vel gæti svo farið, ef þær væru afgr. í fljótræði, að eitthvað yrði samþ., sem yrði til að skapa enn þá meira misræmi og glundroða en nú er í frv., og skal ég þó viðurkenna, að þar gætir nokkurs misræmis, eins og nú er.

Það, sem ég vildi aðallega minnast á, er það, sem hv. frsm. ræddi um þær till., sem fram eru komnar um að fella burt þessa 2. flokks menn, sem lagt er til, að starfi hjá pósti og síma. Ég finn mig knúðan til að minnast á þessa till., af því að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að rétt og sjálfsagt sé, að þar sé aðeins einn flokkur, en ekki tveir. Rökin, sem einkum hafa verið borin fram fyrir því að fella niður 2. flokk og hafa aðeins einn flokk, eru þau, að þeir, sem í 2. flokk yrðu, mundu verða fyrir allverulegri launalækkun, ef svo væri samþ. sem lagt er til í frv. Á það hefur verið bent, að þessi lækkun næmi verulegri upphæð, 3—5 þús. kr. Reyndar hefur hv. frsm. vefengt þetta að nokkru leyti, þ. e. a. s., hann segir, að það muni ekki svo miklu miðað við þá skýringu, sem fyrir liggur og stjórnarráðið lét mþn. til afnota. Þetta er rétt, en hann hefur sjálfur bent á þá skýringu, að þar hefðu ekki verið teknar með ýmsar meira og minna fastar aukagreiðslur, sem þessir menn hefðu notað í starfi sínu, og mun það vera rétt. En í mínum augum er launalækkunin ekki aðalröksemdin, heldur hitt, að hér er um eins konar starf að ræða, en ekki tvenns konar. Póststarfið er eins konar, þ. e. a. s., allir vinna sama starf, símastarfið á sama hátt o. s. frv. Af þessum ástæðum er óréttlátt að hafa tvo flokka. Í launal. er talað um 1., 2. og 3. flokks ritara, en þar er um a. m. k. þrenns konar ólík störf að ræða, sem eru ábyrgðarmeiri og upp á eigin hönd og allt upp í svo og svo flókið bókhald, sem þessir ritarar hafa með höndum. Eins er um fulltrúa. Það er talað um 1. og 2. flokks fulltrúa, en þeirra störf eru að sjálfsögðu ólík. En allir póstmenn hafa sama starf og allir símritarar sama starf. Og hvers vegna á þá að hafa tvo flokka? Jú, hv. frsm. hefur þar svör á reiðum höndum. Hann segir, að það séu til skussar og duglegir menn, við það eigi að miða, og þess vegna eigi að hafa tvo flokka. Mér dettur í hug, að það hefur löngum verið talað um þingskussa og það hefur verið talað um þingskörunga eins og hv. frsm. Allir þessir menn hafa sömu laun, en eftir þeirri kenningu, sem hann flytur, ættu skussarnir á þingi að fá minna kaup, en þingskörungarnir meira kaup og betri lífskjör. Við skulum hugsa okkur, að við ætluðum að fara út í þjóðskipulagið og koma þessari reglu þar á. Við skulum hugsa okkur, að við gengjum inn í póststofuna eða einhverja aðra skrifstofu, þar sem margir menn eru að starfi, allir við sams konar verk. Þá ætti að ganga að einum og segja: Þú ert skussi, þú ferð í lágan flokk og færð lítil laun; við hinn, sem vinnur við hliðina á honum, yrði sagt: Þú ert skörungur, þú ferð í fyrsta flokk og færð hátt kaup. Guð hjálpi þeim manni, sem á að standa í að framkvæma svona mat. Þetta yrði aðeins til að skapa óheilbrigt ástand í stofnununum. En ég get viðurkennt, að í stofnunum geta komið fyrir menn, sem reynast ekki vandanum vaxnir, en þá eiga þeir að hverfa. Matið er þetta: Er maðurinn hæfur til að gegna starfinu? Geti hann sinnt því svo, að sómasamlegt sé, þá er það fullnægjandi. En að meta menn í sama starfi aðra skussa og aðra dugnaðarmenn, það er ekki framkvæmanlegt, ekki fremur en að flokka okkur hér og segja: Þarna er skussinn, og þarna er þingskörungurinn; við skulum draga 50% af kaupi skussans og bæta því við skörungsinn. Ég held, að skrifstofa Alþingis yrði ekki of sæl af að meta þingmennina og skipta þeim niður í flokka og póst- og símamálastjóri eða hver annar yfirmaður stofnunar af að skipa starfsfólki í sömu grein niður í mismunandi flokka með misjöfnu kaupi. Nei, það verður að hafa þá aðferðina, að menn í sömu vinnu fái allir sama kaup. Reglan í frv. er yfirleitt sú, að borga sömu laun fyrir sams konar starf, og það á auðvitað að gilda hjá pósti og síma alveg eins og hjá öðrum starfsgreinum ríkisins.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Hv. 8. þm. Reykv. hefur að nokkru leyti tekið af mér ómakið. Að sönnu get ég verið þakklátur hv. frsm. fjhn. fyrir það, að hann gerði engar aths. við brtt. okkar félaganna, sem eru á þskj. 1227, nema eina þeirra. Og þó að hann minntist ekki neitt á hinar brtt. á þskj. og þá ekki heldur til viðurkenningar, þá vil ég líta svo á, að hann hafi ekki álitið þær neitt fráleitar, fyrst hann mótmælti þeim ekki. En brtt. sú, sem hann gerði þarna að umtalsefni og taldi, að væri ekki réttlát og ekki bæri að samþ., er 2. brtt., sem hv. 8. þm. Reykv. hefur nýlokið við að tala um. Hv. frsm. sagði, að hann byggist við því, að ég hefði gert það einhvern tíma og líklega oft, sem hann taldi réttmætt vera, að haga því svo, að menn fengju misjafnt kaup eftir dugnaði. Ég hef haft tölu vert með vinnu að gera, en ég get ekki minnzt þess, að ég hafi nokkurn tíma goldið þeim misjafnt kaup, sem unnið hafa sama verk, og það þótt þeir hafi verið misjafnir að dugnaði. Hitt reyndi ég, að fá duglega menn til vinnu. En þegar þeir voru ráðnir, fengu allir jafnt, ef þeir voru fullorðnir menn. En hitt vil ég leggja áherzlu á, að með því að búa til 1. og 2. flokks menn í þessum stöðum, sem brtt. fjallar um, er tekið upp algert nýmæli í íslenzka ríkinu. Það hefur

gilt hjá okkur hingað til að setja viss skilyrði fyrir því, að menn væru hæfir til þess að fá störf að vinna fyrir ríkið. Það eru viss skilyrði, sem sett eru fyrir því, að maður geti orðið sýslumaður, prestur eða læknir o. s. frv. En þegar menn hafa uppfyllt þessi skilyrði, hefur engum dottið í hug að segja við neinn sýslumann: Nú ætla ég að vita, hve duglegur þú ert, og kaup þitt á að vera I. eða II. flokks kaup eftir því, hversu duglegur þú reynist. — Og það er ekki heldur sagt við prestana: Við viljum ekki ákveða laun þín nú, því að verðir þú pokaprestur, færð þú II. flokks laun, en verðir þú skörungur, færð þú I. flokks laun. — Nei, íslenzka ríkið hefur fyrir löngu markað þá stefnu að setja mönnum viss skilyrði, sem þeir verði að uppfylla til þess að teljast hæfir til starfa fyrir það, en stöðurnar hafa svo verið veittar með afmörkuðu kaupi, þannig að stöðurnar hafa verið jafnt launaðar, hvort sem menn hafa verið taldir duglegir eða miður duglegir í starfi sínu. Og í þessum tilfellum, sem um er að ræða í brtt., er eins á komið. Mönnum er gert að skyldu að hafa vissa undirbúningsmenntun og þar að auki að vera nemendur við vissa stofnun vissan árafjölda. Síðan taka þeir próf. Ef menn hafa lokið þessu öllu, eiga þeir að njóta þeirra launa, sem stöðunni fylgja, án þess að mismunur á launum komi þar til greina, þar sem þeir hafa allir fullnægt sömu kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Það er líka annað í þessu. Nú fer því mjög fjarri, að ég vilji álíta það eða halda því fram, að þeir menn, sem ráða yfir þessum stöðum, mundu misbeita umráðarétti sínum yfir því, hverjir ættu að teljast í þessum tilfellum I. flokks og hverjir II. flokks menn. En ég vil þó minna á það, að það þekkist varla, að slíkt sjálfdæmi sé sett, að sá, sem eigi að gjalda kaup, skuli ráða, hvort það eigi að gjaldast eftir hærri eða lægri taxta. Ef t. d. mönnum, sem ráða menn til alls konar vinnu, svo sem t. d. á vélaverkstæði eða við uppskipun eða því um líkt, væri sett í sjálfsvald, hvort þeir greiddu I. eða II. flokks kaup, og ættu að ákveða það eftir á, þá hygg ég, að þar reyndust ekki vinna margir I. flokks menn. Ætli þeir, sem svona væri sett í sjálfsvald að ráða um kaupgreiðslu, vildu oft greiða I. flokks kaup? Ég held ekki. En það er eftir frv. sett í sjálfsvald ráðamönnum við ýmsar stofnanir, hverjum þeir vilja greiða I. flokks kaup og hverjum ekki. Stofnunin er ekki skuldbundin til að ráða fleiri menn en hún þarf, en hún á ekki að geta sagt eftir eigin geðþótta, hvaða menn hún telji I. flokks og hverja II. flokks, ef þeir hafa allir jafnt uppfyllt skilyrði, sem stofnunin hefur sett þeim.

Hv. frsm. fjhn. sagði, að það, sem kæmi fram í brtt. okkar, væri áróður til þess að fá hækkuð launin. Þetta er ekki rétt. Landssíminn og pósturinn fá mikið af nemendum. Og á því skeiði láta þeir þá vinna ýmis léttari verk og með öðrum til aðstoðar. En þegar mennirnir eru orðnir fullfærir, ræður stofnunin þá menn til sín, sem hún þarf að nota. Það er þess vegna ekki um neina þvingun að ræða fyrir neina stofnun í þessu efni, sem farið er fram á í brtt., og ég hygg því ekki heldur um neinar auknar launagreiðslur að ræða, nema við það sé miðað, að stjórnendur þessara stofnana misbeiti valdi sínu og haldi fullkomnum mönnum á II. flokks launum, sem væri ekki annað en áníðsla á mönnum.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem hér hafa orðið nú síðast, og sé ekki heldur ástæðu til að gera að umtalsefni þær brtt., sem fyrir liggja. Ég er að vísu meðflm. að tveimur af þessum brtt., en aðalflm. þeirra hafa þegar gert rækilega grein fyrir þeim, og get ég því sleppt að tala um þær.

En viðvíkjandi þessu máli í heild vil ég taka þetta fram: Framsfl. telur, að þörf sé nýrrar löggjafar um starfsmenn ríkisins og laun þeirra, og þess vegna gerðist einn af þm. flokksins, hv. 1. þm. Eyf., meðflm. að launalagafrv., þegar það var lagt fyrir Alþ. í septembermán. s. l. Að vísu var þm. flokksins þá strax ljóst, að málið var eigi svo vel undirbúið sem skyldi og frv. gallað, enda hafði fulltrúi flokksins í mþn. gert um það ágreining. En þess var vænzt, að takast mætti að koma fram nauðsynlegum lagfæringum á frv. við meðferð þess í þinginu, enda áskildu framsóknarmenn sér óbundin atkv. um málið eftir því, hvernig tækist um afgr. þess á Alþ., þótt einn af þm. flokksins gerðist meðflm. frv.

Þm. Framsfl. telja þær launaupphæðir, sem ákveðnar eru í frv., of háar miðað við tekjur landsmanna yfirleitt, einkum þeirra, sem vinna að framleiðslustörfum. Í hv. Ed. þingsins gerði fulltrúi flokksins í fjhn. tilraun til þess að lækka útgjöld ríkisins vegna frv., en till. um það voru felldar af stjórnarflokkunum. Þá flutti einn af þm. Framsóknarflokksins í Ed. einnig till. um það, að launal. kæmu ekki til framkvæmda, fyrr en sett hefðu verið l. um skyldur og réttindi embættismanna, en að frv. um það yrði undirbúið fyrir næsta þing og jafnframt gerðar ráðstafanir til að fækka opinberum störfum og gera allt starfsmannakerfi ríkisins einfaldara og ódýrara en nú er. Við undirbúning launalagafrv. hafði algerlega verið gengið fram hjá því að athuga þessi þýðingarmiklu atriði. Þessar till. voru einnig felldar í hv. Ed.

Við 2. umr. frv. hér í hv. Nd. bar ég fram fyrir hönd flokksins brtt. um það, að launin yrðu látin breytast eftir framleiðslutekjum þjóðarinnar ár hvert. En sú till. var felld hér í hv. d.

Framsóknarflokksmenn hafa flutt nokkrar brtt. við frv. eins og hv. þm. annarra flokka um tilfærslur einstakra starfsmanna milli launaflokka, eftir því sem þeir telja rétt vera, til þess að betra samræmi verði í launagreiðslunum innbyrðis, og við þessa umr. munu þeir hafa sams konar afskipti af málinu. En þar sem flokkurinn telur, að saman verði að fara afgreiðsla launal. og ráðstafanir til þess, að ríkissjóði verði fært að standa undir þeim kostnaði, sem af þeim leiðir, til þess að þau fái staðizt í framkvæmd, og þar sem flokkurinn lítur einnig svo á, eins og þegar er fram tekið, að ákvæði frv. um launagreiðslur séu í ósamræmi við þjóðarhag og tekjur þeirra, er vinna að framleiðslustörfum, þá munu þm. flokksins greiða atkv. gegn frv. við þessa 3. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég þarf að svara hv. frsm. fjhn. nokkrum orðum út af

þeim aths., sem hann gerði, aðallega við tvær af brtt. mínum. Hann byrjaði á því að lýsa yfir, að það væri vegna áróðurs utan að komandi manna, sem ég flytti þessar brtt. En ég get sagt honum það, eins og ég sagði hér í ræðu minni í kvöld, að það, sem knúði mig aðallega til þess að koma fram með þessar brtt., er, að ég vil reyna að skapa meira samræmi á milli hinna ýmsu starfa. Mat mitt á þeim störfum, sem ég hef gert brtt. um, er nokkuð annað en hv. frsm., burt séð frá því, hver í embættinu situr nú. Ég hef nú heyrt, að hv. frsm. sé frekar góðmenni, þó að hann hafi hér tekið sér það hlutverk, að þrengja kosti einstakra manna. — Rök hv. frsm. gegn brtt. mínum eru í fyrsta lagi um skipaskoðunarstjórann. Ég skal taka fram strax, að skipaskoðunarstjórinn hefur ekki innt að því við mig einu orði né neinn fyrir hans hönd, að ég legði til, að laun hans yrðu hækkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Það er, eins og ég tók fram í kvöld, hreint og beint mat mitt á þessu þýðingarmikla embætti, sem ræður því, að ég geri till. um, að hækkuð verði laun þessa manns, og hef ég þar í huga ekki aðeins starfið nú, heldur það, að ég tel nauðsynlegt, að í þetta starf veljist maður framvegis, sem sé þeim hæfileikum búinn, að hann vilji líta við að taka við starfi sem þessu. Það er vitað, að núverandi skipaskoðunarstjóri á ekki mörg ár eftir til þess að gegna þessu starfi, og það yrði því skammgóður vermir fyrir hann, þótt launin yrðu hækkuð.

Hv. frsm. minntist í þessu sambandi á hæstaréttardómara. Skipaskoðunarstjóri var kominn, sagði hann, með þau laun, sem hæstaréttardómarar hafa haft. En þetta er ekki nema að hálfu leyti satt, því að laun hæstaréttardómara voru komin upp í 10 þús. kr. með aukauppbót (**JakM**: Af 10 þús. kr.) Ég hef hér fyrir framan mig skrá, sem ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. þekkir vel og gefin er út af fjmrn. og skráð með frv. til fjárl. fyrir árið 1944. Og þar er skýrt ákveðið, hvað aukauppbót hæstaréttardómara var. Hún var 2620 kr. ofan á 10 þús. kr. Svo var önnur uppbót veitt af takmarkaðri upphæð. En það voru ekki hæstaréttardómarar, sem ég miðaði við í kvöld. Ég býst við, að við getum allir verið sammála um það, að þeir eigi að vera með hæst launuðum mönnum. En þeir, sem ég miðaði við, voru skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Það var svo og er enn, að skipaskoðunarstjóri á að vera jafn skrifstofustjórum í stjórnarráðinu, nákvæmlega. En eins og frv. liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir, að skipaskoðunarstjóri verði 1800 kr. lægri í launum en skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. En hins vegar, að því er snertir hæstaréttardómara, þá veit hv. 3. þm. Reykv. vel, að þeim voru bætt upp laun á ýmsan hátt umfram það, sem getur um í þessari skrá, sem ég gat um, og það verulega. — Ég held, að þetta skýri nægilega það, sem fyrir mér vakir. Það virðist vera ósamræmi á milli þessara tveggja embætta eftir ákvæðum frv., sem ég hef gert samanburð á og ég teldi, að átt hefðu að fylgjast að um launahæð, eins og þau hafa gert hingað til.

Þá er hin brtt. mín, sem hv. frsm. fjhn. gerði að umtalsefni, en hún er um þá menn, sem eru í þjónustu skipaskoðunarstjóra. Mér fannst þann hv. þm. bresta rök, þegar hann fór að tala um þessa menn og taldi, að laun þeirra væru ekki neitt hraksmánarleg. En það er svo, að grunnlaun þeirra eru reiknuð 4800 kr. í þeirri skýrslu, sem ég vitnaði til, og aukauppbót 1320 kr. Þetta verða rúml. 6 þús. kr., og svo kemur dýrtíðaruppbót. Hvort hv. 3. þm. Reykv. finnst þetta of mikil laun, það er hans mat. Mér finnst þetta of lítil laun.

Ég tók til dæmis lögregluþjóna í kvöld. Með allri virðingu fyrir starfi þeirra, þá er þó um starf þeirra það að segja, að það er reglubundið. En starf þessara manna, aðstoðarmanna skipaskoðunarstjóra, er ekki reglubundið. Þeir geta verið kallaðir til starfs síns á kvöldin eða nóttunni, þegar svo ber undir. Og þá finnst mér öll sanngirni mæla með því, að starf þeirra manna sé ekki metið lægra en lögregluþjóna. En svo er annað. Hver sá nýr maður, sem kemur inn í þetta starf, að vera aðstoðarmaður skipaskoðunarstjóra, byrjar með 5400 kr. grunnlaun eftir frv. Það er að vísu hærra en grunnlaun eru nú án aukauppbótar, en lægra en grunnlaunin eru nú með aukauppbót, sem er 6120 kr. Og hver maður, sem kemur inn í starfið nú, fær aukauppbót. Þegar hann kemur inn í starfið, fær hann því að óbreyttum l. grunnlaun með aukauppbót 6120 kr. (**JakM**: Menn, sem búnir eru að vinna mörg ár.) Nei, þetta eru grunnlaun nú, 4800 kr., og menn byrja á þessum launum. Ég held því, að engum blandist hugur um, að hér er verið að lækka laun þessara manna með því að ákveða þeim 5400 kr. í byrjunarlaun. Hver nýr maður, sem kemur inn í þetta starf, á eftir frv. að hafa lægri laun en sömu menn hafa nú með aukauppbót. Ég skil ekki andstöðu hv. þm. á móti þessum starfsmönnum. Þeir eru ekki nema tveir. Og það ætti ekki að skapa mikið ósamræmi í launal., þó að sú brtt. sé samþ., sem hér liggur fyrir á þskj. 1198, um það, að eftir tveggja ára starfstíma færist aðstoðarmenn skipaskoðunarstjóra í X. launafl. og njóti þá aldurshækkana þess flokks. Það virðist vera eitthvað, sem býr hér undir og ég átta mig ekki á, að þessir menn skuli vera lækkaðir í launum í frv. Og af því að hv. frsm. fjhn. virtist tala fyrir hönd meiri hl. n., þá er rétt að taka fram, að það er ekki meiri hl. í n. fyrir þessu. (**JakM**: Það er ekki rétt.) Ég skal ekki þexa við hv. frsm. um það. (**JakM**: Það er rangt.) Við skulum láta útrætt um það. Við erum báðir góðmenni (samkv. orðum hans og mínum) og viljum svo rétt sem hægt er. Og réttlætið segir, að laun þessara manna eigi að hækka frá því, sem gert er ráð fyrir í frv.

Frsm. meiri hl. (**Jakob Möller**): Herra forseti. — Ég vil alveg mótmæla þeim ummælum hv. 4. þm. Reykv., að fram hafi komið í því, sem ég hef sagt, nokkur andúð gegn þessum mönnum, sem hann talaði um. Mér er alveg óskiljanlegt, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að segja þetta. (**SÁÓ**: Andúð gegn launum þessara manna.) Og þar sem ég var í mþn. og var með í að hækka laun þessara manna um 1000 kr. og með verðlagsuppbót, sem þá var reiknað með, 2500 kr. og nú 2740 kr., þá virðist mér það lýsa allt öðru en andúð, þó að það atvikaðist svo í hv. Ed., að starfsmenn, sem jafnir voru gerðir þeim frá hendi mþn., væru hækkaðir upp fyrir þá. Að því get ég ekki gert.

Það, sem ég sagði um hæstaréttardómarana, var

það, að þeir hefðu til skamms tíma ekki haft nema 10 þús. kr. Ég sagði ekkert um það, hvað þeir hefðu haft nú á allra síðustu tímum. En þar til aukauppbótin var ákveðin í ágúst 1942, höfðu þeir ekki nema 10 þús. kr. í grunnlaun.

Hv. 4. þm. Reykv. lýsti því, að ósamræmið hefði mest hneykslað hann í sambandi við skipaskoðunarstjóra, af því að sá maður hafi haft sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Ég held, að hann hafi sagt, að skipaskoðunarstjóri hafi haft 10 þús. kr. og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa haft 10 þús. kr. síðustu árin. Það er rétt, að skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa hækkað úr 10 þús. kr. í 12 þús. kr. samkv. frv. En þó að það hafi verið gert, sé ég ekki ástæðu til að láta laun skipaskoðunarstjóra endilega fara eftir því. Um afstöðu mína til þessarar hækkunar skal ég ekki hér segja neitt. En í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að það er allt annað mál, þegar starfsmaður er ráðinn til þess að vinna vandasamt starf og öll laun eru við neglur skorin, að þá er ekki hægt að komast hjá því að veita honum hærri laun vegna þess vanda, sem starfi hans fylgir. En þar með er ekki endilega sjálfsagt, að hann eigi að vera í launum sambærilegur þeim mönnum, sem í hæstu launaflokkum eru. Og það getur verið fullkomlega réttlátt, þegar laun eru hækkuð, að laun annarra manna séu hækkuð upp fyrir hann. Nú hafa þessi laun skrifstofustjóranna verið hækkuð um það að vera 1800 kr. fyrir ofan laun skipaskoðunarstjóra. Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa hækkað meira en skipaskoðunarstjóri og hafa líka lagt allt annan og meiri tíma í að undirbúa sig undir starf sitt en þessi starfsmaður, skipaskoðunarstjórinn. Ég held, að það sé ekki vafi á því.

Mér þykir leitt, að hv. 8. þm. Reykv. er ekki hér. Hann taldi það ófært, að í stofnunum ríkisins væru menn til þess settir að meta störf starfsmannanna og segja: „Þessi á að vera í 2. flokki og þessi í 1. flokki.“ Hins vegar vildi hann láta skussana fara. En verður þá ekki að hafa mann í stofnunum til þess að meta, hverjir eru skussar og hverjir ekki? Mér finnst hann detta um þá torfæru, sem hann þóttist ætla að stökkva yfir.

Satt að segja ætla ég að leiða hjá mér að svara hv. 7. þm. Reykv. Hann er svo gersamlega í mótsögn við skoðun sína og stefnu um þessa hluti, að hann mælir bezt sjálfur við sína eigin persónu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 138. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti (JörB): Hæstv. ríkisstj. hefur óskað þess, að atkvgr. um þetta mál fari ekki fram að þessu sinni sakir óumflýjanlegra starfa, sem hún verður að inna af höndum. Er þá atkvgr. um málið frestað og það tekið af dagskrá. En fundur mun verða háður kl. 10 árdegis á morgun, og fer þá fram atkvgr. um þetta mál.

Á 139. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 1149, 1153, 1162 teknar aftur.
— 1206,1.1 samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 1206,1.2 samþ. með 19:2 atkv.
— 1206,1.3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 1221 felld með 20:3 atkv.
— 1204,1.b felld með 16:2 atkv.
— 1206,1.4 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 1204,1.a felld með 16:3 atkv.
— 1206,1.5—11 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 1213 felld með 17:2 atkv.
— 1206,1.12—14 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1204,1.c felld með 19:5 atkv.
— 1206,1.15—19 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 1220 felld með 18:5 atkv.
— 1206,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 1189 aðaltill. felld með 18:8 atkv.
— 1189 varatill. felld með 17:14 atkv.
— 1198,a samþ. með 18:2 atkv.
— 1188,a—b felld með 17:12 atkv.
— 1198,b samþ. með 17:12 atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. fyrst um sinn til kl. 1½ e. h.

Forseti (JörB): Samkvæmt ósk hæstv. forsrh. verður atkvgr. frestað til kl. 1½ e. h. að minnsta kosti.

Fundarhlé kl. 11 árd. til kl. 1½ miðd.

Brtt. 1152,I.1—3 felld með 19:9 atkv.
— 1152,I.4—5 og II teknar aftur.
— 1206,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 1204,2.a—b felld með 21:1 atkv.
— 1205,a—b samþ. með 16:6 atkv.
— 1206,4.a—b samþ. með 23 shlj. atkv.
— 1171 felld með 17:11 atkv.
— 1196,1.a—b felld með 22:2 atkv.
— 1196,2 tekin aftur.
— 1211 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 1206,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 1195 aðaltill. felld með 21:10 atkv.
— 1195 varatill. felld með 18:10 atkv.
— 1229,1 felld með 18:2 atkv.
— 1216 felld með 19:5 atkv.
— 1203 felld með 20:8 atkv.
— 1206,6.a—b felld með 16:16 atkv.
— 1217,1.a—b felld með 18:3 atkv.
— 1217,2 felld með 20:3 atkv.
— 1155,1 felld með 19:7 atkv.
— 1155,2 tekin aftur.
— 1223 tekin aftur.
— 1218,1—2 teknar aftur.
— 1206,7.1 samþ. án atkvgr.
— 1173,a—b felld með 22:3 atkv.
— 1206,7.2—4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1227,1 felld með 17:8 atkv.
— 1206,7.5 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1227,2.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 1222,a samþ. með 23 shlj. atkv.
— 1206,7.6 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1227,2.b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1227,3.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 1222,b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 1227,3.b felld með 16:9 atkv.
— 1206,7.7 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 1227,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 1206,7.8—10 ásamt eftirfarandi málsgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 1204,3.a felld með 19:2 atkv.
— 1204,3.b.1 felld með 20:6 atkv.
— 1204,3.b.2 kom ekki til atkv.
— 1204,4.a—b felld með 19:2 atkv.
— 1172 felld með 23:1 atkv.
— 1204,5.a—b felld með 19:3 atkv.
— 1219 felld með 20:4 atkv.
— 1150 samþ. með 22:1 atkv.
— 1154 felld með 19:5 atkv.
— 1206.8.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 1229,2 felld með 21:4 atkv.
— 1206,8.b samþ. með 23 shlj. atkv.
— 1196,2 kom ekki til atkv.
— 1228,a—b felld með 20:5 atkv.
— 1206,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 1204,6 felld með 18:9 atkv.
— 1206,10.a samþ. með 20:1 atkv.
— 1206,10.b samþ. með 22:3 atkv.
— 1206,10.c samþ. með 30 shlj. atkv.
— 1149 tekin aftur.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Herra forseti — Að lokinni þessari atkvgr. vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að bera undir atkv. 25. brtt. á þskj. 1136. Við 2. umr. var þessi brtt. tekin aftur til 3. umr. af sérstökum ástæðum. Ef hæstv. forseti hefur ekki á móti því, vildi ég, að atkvgr. fari fram um brtt.

Brtt. 1136,25 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÁÓ, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh.

nei: HelgJ, IngJ, JPálm, HarJ, PZ, PÞ, PO, SB, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, JörB.

JakM greiddi ekki atkv.

3 þm. (ÁÁ, GG, GSv) fjarstaddir.

1 þm. gerði svohljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Jakob Möller: Ég álít, að meðferð þessa máls hafi verið þannig, að afgreiðsla þess sé ekki skuldbindandi fyrir Sjálfstfl. Af hálfu þeirra manna, sem stóðu að því að koma málinu inn í stjórnarsamninginn, hefur málsmeðferð og afstöðu verið hagað þannig, að það hefur verið gengið lengra en samkomulag leyfði, og sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með málinu.

Frv. endursent Ed.

Á 138. fundi í Ed., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1242).

Á 139. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 1242, 1254).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 1254. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Í hv. Nd. hefur verið breytt ákvæði um launakjör allra kennara, þannig að miðað skuli við 9 mánaða kennslutíma. Upphaflega átti þetta ákvæði ekki að ná nema til barnakennara, en nú er það látið gilda um miklu fleiri kennara en þegar frv. var samið. En þegar starfstímanum er breytt þannig, þá raskast sá grundvöllur, sem frv. var byggt á. Til dæmis má benda á, hversu þetta verður um húsmæðraskólana. Þar er kennslutíminn ekki nema 6 mánuðir, og dregst því frá þriðji hluti launanna. Það kann að vera, að þetta séu nægileg laun, en mér virðist lítið samræmi í þessu. Kennarar við kennaraskólann fá með þessu móti 7 þús. kr. í hámarkslaun, þar eð sá skóli stendur ekki nema 7 mánuði. Og þótt starf þessara kennara sé kannske ekki erfiðara en barnakennara, þá virðist mér ekki eðlilegt, að nemendur, sem útskrifast úr kennaraskólanum, komi til með að fá hærri laun en lærifeður þeirra, enda var þetta ekki svo í upphaflega frv.

Þótt ég hafi ekki skipt mér af einstökum atriðum þessu viðvíkjandi, þá hefði ég lagt til, að þetta yrði lagfært. Ég hreyfði þessu í fjhn., en meðnm. mínir tóku ekki vel í það og töldu, að þetta mætti laga með reglugerð, og sögðu, að í ráði væri að lengja kennslutíma kennaraskólans. En ég álít það ekki æskilegt. Fátækir menn þurfa þess við að nota sumarið, og gildir það þó sérstaklega um þá, sem sækja héraðsskólana. Mér var svarað því í n., að þar mætti koma við námskeiðum, svo að kennslutíminn yrði 9 mánuðir, en mér er ekki kunnugt um, að slík námskeið séu haldin nema þá í sérgreinum, svo sem íþróttum eða matreiðslu, en þá kennslu sé unda aðeins kennarar í þeirri grein. Raunar var það svo við kennaraskólann um eitt skeið, að þar var framhaldsnámskeið, og væri gott, ef því væri haldið áfram. Ég hélt, að þetta hefði verið samþ. af gáleysi í fjhn. Nd., en nú er mér tjáð, að svo hafi ekki verið. Gæti þá svo farið, að Nd. samþ. ekki, þótt þessu yrði breytt aftur.

Ég hef ekki löngun til að teygja þingið fremur en orðið er, en ég get þó ekki fallið frá till. minni nema því aðeins, að skýr yfirlýsing liggi fyrir frá hæstv. kennslumrh. þessu viðvíkjandi.

Ég hef áður lýst afstöðu minni til frv. En nú er það orðið allt annað. Ég tel það, eins og það er nú, alls kostar ofvaxið ríkinu. Auk þess eru stórar stofnanir teknar út, en með því næst ekki sá höfuðtilgangur að samræma launakjör. Þess vegna er það, að þótt ég léti frv. afskiptalaust, þegar það fór, þá sé ég mér nú ekki annað fært en vera á móti því. En þótt ég hafi þessa afstöðu, hindrar það ekki, að ég beri fram till. til samræmis.

Ég skal svo ekki þreyta frekar umr. um þetta.

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Það hefur verið haldinn fundur í fjhn., og hefur orðið að samkomulagi, að n. flytti ekki sameiginlega neina brtt. Og viðvíkjandi þeirri breyt., sem gerð hefur verið á frv. í Nd., þá má færa fyrir henni rök, en þó eru mjög skiptar skoðanir þar um. Sumir álíta, að ekki komi til mála að miða árslaun við 6 mánaða starf. Ég hefði verið fús til að gera breyt. þessu viðvíkjandi, en þori það ekki, þar eð ég óttast, að það yrði ekki samþ. í Nd. Og ég er hissa á hv. 1. þm. Eyf., að hann skuli koma með þessa till., eins og nú er ástatt, þar sem fylgi flokks hans við þetta mál hefur algerlega brugðizt. Starfsmenn munu vera yfirleitt ánægðir með frv., eins og það er nú orðið, og þess vegna vil ég ekki tefja það, en mæli með því fyrir hönd meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 7. landsk., slíkt er ekki til neins. Það kunna að vera skiptar skoðanir um það, hvort frv. hefur verið breytt til bóta, en um hitt verður ekki deilt, að það hefur hækkað, og samræmi í launagreiðslum næst ekki, þar sem heilir starfsflokkar og stofnanir hafa verið teknar út úr.

Mér þykir það mjög leitt, að hv. þm. skuli ekki sjá sér fært að mæla með till. minni, því að það var auðheyrt á honum, að það er í raun og veru sannfæring hans, að frv. ætti að vera í þessu atriði eins og ég legg til. En það er aðeins af ótta um afdrif málsins í heild, sem hann vill ekki á hana fallast. Nú ætla ég, að hann þurfi ekki að óttast um það út af fyrir sig, þar sem framgangur þessa máls er nú eitt af því, sem stuðningsflokkar núverandi ríkisstj. hafa samið um. Þess vegna getur það varla komið til greina. Hitt kynni náttúrlega að hugsast, að Nd. breytti þessu aftur og frv. færi í sameinað þing, og það tefði þingið um einn dag eða svo, en það er ekki að stofna málinu sjálfu í hættu. Það getur varla komið fyrir.

Hv. þm. sagði, að það væru skiptar skoðanir um þetta og margir væru, sem litu svo á, að ekki ætti að gjalda full árslaun fyrir 6 mánaða starf. Já, ég býst við, að það megi finna því margt til framdráttar, að ekki eigi að gjalda full laun fyrir 6 mánaða starf. En það eru ýmsir starfsmenn nefndir í þessu frv., sem í raun og veru hafa helmingi hærri laun og meira en það en þessir kennarar t. d. við héraðsskólana. Og ég lít svo á, að þeim séu ætluð laun fyrir 6 mánaða starf, samanborið við, hvaða árslaun öðrum starfsmönnum ýmsum eru ætluð. Það var svo í frv., að þeim voru ætluð þessi laun, sem þar voru tiltekin, fyrir það starf, sem vitað var, að þeir inntu af hendi. Og þetta hefur fjhn. Nd. fundið og viðurkennt, að því er snertir kennara við gagnfræðaskóla í kaupstöðum, því að jafnframt því, sem hún gerði þessa breyt., þá hækkaði hún þá um einn launaflokk. En kennarar við héraðsskóla og t. d. kennaraskólann og sjómannaskólann og fleiri skóla voru alls ekki hækkaðir um launaflokk vegna þessarar breytingar.

Það þarf svo ekki að orðlengja þetta frekar. Hæstv. kennslumrh. er ekki til staðar, enda engar yfirlýsingar frá honum heyrzt um það, hvort hann muni beita valdi sínu til þess að rétta hlut þessara manna, og ef til vill getur leikið nokkur vafi á því, hvað mikið vald hans er í þessu tilfelli, eftir að þetta frv. hefur verið samþ. Þar af leiðandi verður að fara sem fara vill.

Ég óska þess, að þessi brtt. mín verði borin undir atkv. hv. d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 1254 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt, EE.

nei: GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen, BrB, GJ, StgrA.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Enda þótt ég telji þessa till. rétta, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með henni, þar sem ég tel ekki gerlegt að láta málið tefjast með því að fara aftur til Nd. Ég geri ráð fyrir, að unnt sé að leiðrétta á annan veg það misræmi, sem henni er ætlað að bæta úr. Ég greiði atkv. gegn till. og segi nei.

Frv. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, BBen, BrB, StgrA.

nei: GJ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þótt ég sé einn af fylgismönnum ríkisstj. og það sé samningsatriði milli stjórnarflokkanna, að sett séu launalög á þessu þingi, þá tel ég, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé langt frá þeim grundvelli, sem lagður var að þessum samningi. Ég sé mér ekki fært að fylgja þessu máli og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Með því að þetta frv. er alls ólíkt því frv., sem ég bar fram ásamt öðrum, segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1267).

111. Endurveiting borgararéttinda.

Á 37. fundi í Ed., 19. júní, var útbýtt:

Frv. til l. um endurveitingu borgararéttinda (þmfrv., A. 267).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Það hefur verið gert ráð fyrir því í sambandi við þessi einstæðu hátíðahöld, sem nú hafa farið fram, að veitt verði almennari uppgjöf saka en áður hefur verið gert. En það er svo með ýmis lagabrot, að í refsingu við þeim felst m. a. sviptíng borgaralegra réttinda og atvinnurét inda. Hv. Alþ. hefur nú nýverið samþ. l., sem miða að nokkru leyti í þá átt að veita mönnum uppreisn æru fljótar en áður hefur verið, en það er ákvæði, sem er ætlazt til, að verði látið standa áfram. En það eru ýmis réttindi þannig, að svipting þeirra er mönnum meiri refsing en fangelsisvistin, sem lögð er við brotinu. Þetta frv. er borið fram til þess, að mögulegt verði að veita mönnum einnig uppreisn þessara réttinda, og er það nauðsynlegt að áliti hæstv. dómsmrh., að Alþ. samþ. þetta frv., til þess að hægt verði að endurveita réttindin nú einnig. Ég tek það fram, að það er ætlazt til þess, að þessi l. gildi einungis í sambandi við þessi einstæðu hátíðahöld, sem nú hafa farið fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en þar sem nauðsynlegt er, að málið komist

gegnum þingið í dag, vænti ég, að hægt verði að láta það ganga án nefndar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal játa, að mér er þetta mál lítið kunnugt og að ég er ekki fær að dæma um það af þekkingu. En ég heyrði á ræðu hv. flm., að hann ætlast til þess, að hæstv. dómsmrh. veiti t. d. bifreiðarstjórum, verzlunarmönnum og veitingasölum auk náðunar og borgaralegra réttinda atvinnuréttindi sín aftur. Mer dettur ekki í hug að neita því, að í einstökum tilfellum getur verið, að þetta kæmi ekki að sök, en sennilegt er, að í mörgum tilfellum sé það mikið álitamál, og í sumum tilfellum mun það alls ekki koma til mála að veita aftur þessi réttindi. Það er að vísu ætlazt til þess, að hæstv. dómsmrh. meti í hverju einstöku tilfelli, hvort rétt sé að veita aftur réttindin eða ekki. Ég hygg, að það geti þó orðið mjög erfitt og vandasamt verk fyrir hæstv. dómsmrh. að draga þar takmörkin. Það er t. d. með þá, sem aka bifreið ölvaðir, að þeir eru ekki einungis hættulegir sjálfum sér og þeim, sem í bifreiðinni eru, heldur einnig vegfarendum.

Ég álít einnig ákaflega misráðið, ef menn hafa verið sviptir veitingaleyfi vegna misnotkunar á þeim réttindum, að þeim verði veitt þau réttindi aftur eða að menn, sem hafa verið riðnir við stórfelld fjársvik í sambandi við verzlun eða annan stóratvinnurekstur, fái tækifæri til þess að hefja slíka starfsemi á nýjan leik. Mér dettur ekki í hug að fullyrða, að þetta eigi við í öllum tilfellum, en það má fullyrða það í sumum, og ég tel, að það verði mjög erfitt að draga þar markalínuna.

Það hefur verið óskað eftir því, að þessu máli yrði flýtt gegnum þingið, en ég get ekki séð, að fyrir því séu svo aðkallandi ástæður, og geri því till. um, að frv. verði vísað til allshn.

Flm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Ég hef ekki mikið að segja um ræðu hv. 3. landsk., en eins og ég hef tekið fram, þá er hér aðeins um heimild að ræða, og matið á því, hvort rétt sé að veita aftur réttindin eða ekki, er ekki vandasamara en mörg önnur mál, sem dómsmrh. verður að ráða fram úr.

Ég veit, að það eru mörg tilfelli, t. d. með bílstjóra, þar sem ekki kemur til mála að veita atvinnuréttindin aftur, en þetta kemur líka mjög hart niður í ýmsum tilfellum. Það er mjög vel viðeigandi að bæta úr því misrétti í sambandi við þessi hátíðahöld, en til þess að það verði hægt, þarf frv. að verða að l. í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HG, PHerm, PM, ÞÞ.

nei: HermJ, IngP, KA, LJóh, BSt, BrB, StgrA.

5 þm. (EE, GÍG, JJ, MJ, BBen) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Með því að ég sé ekki, að n. geti skilað áliti í dag, segi ég nei.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Ég álít, að þetta frv. sé þess eðlis, að rétt sé að athuga það í n. Þetta er sjaldgæf breyt. á l. og þarf fullkomna meðferð hér á Alþ. Ég held því fast við það, að frv. fari til n. að lokinni þessari umr., en það mun vera heimilt samkvæmt þingsköpum. Ég vil því endurtaka till. hv. 3. landsk. um, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 267, n. 269).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Allshn. hefur skotið á fundi, þ. e. a. s. þeir af nm., sem viðstaddir eru, hæstv. forseti, hv. 1. þm. Eyf. og ég. Til hv. 6. þm. Reykv. hefur ekki náðst, en 9. landsk. þm. er veikur. Við þrír erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég álít enga hættu því samfara, þar sem aðeins er um heimildarl. að ræða.

Ég óska eftir skjótri afgreiðslu þessa máls.

Haraldur Guðmundsson: Ég get ekki greitt atkv. með þessu frv., en læt nægja að vísa til þess, sem ég sagði við 1. umr. Málið hefur að formi til verið afgr. í n., en eitthvað mun á skorta, að sú athugun hafi verið eins ýtarleg og æskilegt hefði verið. Það, sem fyrir mér vakti með nefndarathugun, var, að mér virtist nauðsynlegt að takmarka mjög verulega heimild 1. gr. Mig skortir sérþekkingu til þess að geta gengið frá brtt. í þessa átt og sé mér því ekki annað fært en greiða atkv. gegn frv.

Ég tel mjög óheppilegt að láta dómsmrh. fá slíkt vald og hér er um að ræða. Mér er ekki vel kunnugt um það, hve algengt er að veita uppgjöf saka við sérstök tækifæri, en mér hefur skilizt, að fyrst og fremst væri venjan sú að veita sakaruppgjöf fyrir afbrot, sem væru pólitísks eðlis, en ekki almennar náðanir mönnum, sem hefðu framið glæpi. Í sögu okkar er fordæmi Jörundar hundadagakonungs öllum kunnugt, en það er ekki til fyrirmyndar.

Ég tel ekki fært að samþ. frv. eins og það er.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það er vandfarið með þetta mál, en ég hygg þó, að það verði á það að hætta að gefa þessa heimild. Mér finnst ekki óeðlilegt, að mönnum séu gefnar upp sakir í sambandi við þennan sögulega atburð, sem er nýafstaðinn hjá okkur, og er nokkuð algengt, að slíkt sé gert, þótt afbrotin séu ekki pólitísks eðlis. En jafnhliða því, að gefnar eru

upp sakir er ekki óeðlilegt, að mönnum, sem hafa verið sviptir borgararéttindum, séu veitt þau aftur. Það er ekki hægt að hafa heimildina öllu þrengri en er í frv., því að það er erfitt, eins og allir vita, að setja upp nánari reglur. Náðanir verða alltaf matsatriði, en þ., sem stendur á bak við ráðh., getur, ef hann beitir illa valdi sínu, látið það bitna á honum.

Í raun og veru er náðunarrétturinn í höndum dómsmrh. mjög víðtækur, en þó er hann þröngur fyrir þann ráðh., sem beitir honum eðlilega. Það hafa skapazt reglur, sem er óeðlilegt að fara út fyrir. Það er ekki óeðlilegt, að nú fari fram náðanir í víðtækari mæli en undir venjulegum kringumstæðum, og það skapar ekki fordæmi.

Það er augljóst mál af þessu, að það er rétt, sem hér kemur fram í frv., og ég samþykki það í þeirri von, að það verði notað réttlátlega. Það verða vitanlega alltaf skiptar skoðanir, af því að um matsatriði er að ræða fyrir ráðh. Án þess að láta fylgja traust eða vantraust á núv. dómsmrh. vil ég ljá þessu frv. fylgi, því að ég tel eðlilegt, að þetta sé gert, og vona, að það verði réttlátlega af hendi leyst. Ég vil taka áhættuna af að samþ. frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, KA, LJóh, PHerm, BSt, BrB, StgrA.
nei: HG.
PM, ÞÞ, GJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (GÍG, JJ, MJ, BBen, EE) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., 20. júní, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.
Till. kom fram um að vísa málinu til allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Mér virðist augljóst, að það sé sama og að svæfa málið að vísa því nú til allshn., nema hún geti lofað að skila áliti fyrir hádegi í dag.

Gunnar Thoroddsen: Ég tel sjálfsagt, að n. geti afgreitt málið á stuttri stund, jafnvel þótt ekki næðist til allra nm. En hér er um talsvert þýðingarmikla breyt. að ræða. Við erum nýlega búnir að afgreiða með afbrigðum annað mál, sem felur í sér breyt. á refsilöggjöf, og mér finnst ekki koma til mála að hleypa nú þessu frv. líka í gegn án athugunar.

Áki Jakobsson: Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. S.-M., að loforð verði að fást um það, að n. geti skilað áliti án tafar, ef frv. verður vísað til hennar.

Garðar Þorsteinsson: Ég skal lýsa yfir því, að fundur skal þegar verða haldinn í allshn., ef málinu verður vísað til hennar, og munum við skila nál. að þeim fundi loknum.

Fellt að vísa málinu til allshn. með 13:12 atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr.

Forseti (JörB): Mér er tjáð, að sú málsmeðferð hafi verið höfð í Ed. um þetta mál, að við 2. umr. og eigi fyrr hafi því verið vísað til n. Augljóst er, að þm. hafa jafnt í hendi sér að neita um afbrigði við 3. umr., þótt málinu sé nú leyft að ganga til 2. umr. og síðan athugað í n. Ef neitað er um afbrigði nú, skilst mér málið vera niður fallið.

Jakob Möller: Ég lýsi yfir því, að ég mun greiða atkv. með því, að málið gangi nú til n., og hygg tryggt samþykki fyrir því við þessa umr., með því að vænta má nál. innan stundar.

Áki Jakobsson: Ég mun greiða atkv. með því, að málið gangi nú til n.

Pétur Ottesen: Raddir frá hv. þm. í allshn. benda til þess, að þeir telji frv. ekki eiga að ganga fram án breytinga, og þar sem ekki er tími til að gera breyt. og fá þær samþ. einnig í Ed. fyrir þingfrestun, hljóta kappræður og till. um breyt. á frv. að miða að því einu að eyða málinu. Rökrétt afleiðing þess er það, að fylgismenn frv. hljóta að vera móti því, að það fari nú til n., eftir að frv. hefur verið samið af lögfræðingum, athugað af n. í Ed. og hlotið samþykki margra góðra lögfræðinga, sem um það hafa fjallað.

Forseti (JörB): Að fengnum þessum yfirlýsingum mun ég þegar bera upp till. um að vísa málinu til n. og gera fundarhlé, ef samþ. verða afbrigði fyrir því, að frv. verði tekið til 2. umr.

Garðar Þorsteinsson: Ég endurtek loforð mitt, að málið skal ekki tefjast lengi hjá n. En ég vil benda á, að sum atriði í grg. frv. eru ekki rétt. Og frv. hangir saman við frv., sem hefur ekki náð samþykki Alþingis.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Það hefur komið fram uppástunga um, að umr. verði frestað um sinn og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til allshn. með 19 shlj. atkv.

Fundarhlé í 20 mín. Að því liðnu var fundinum fram haldið, og var þá lagt fram skrifl. nál. (sjá þskj. 270). — Afbrigði um það leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Allshn. hefur rætt frv. á skyndifundi og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. skilar svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt, af ástæðum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu."

Minni hl. n., 2 af 5, voru þessu ekki samþykkir.

Ég vil ekki fara ýtarlega út í málið til þess að lengja ekki umr. um of. — Frv. fer fram á, að dómsmrh. heimilist „að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar." Þeir, sem svip ir hafa verið borgararéttindum með dómi, eru þeir, sem sekir hafa verið fundnir um verknað. sem er svívirðilegur að almenningsáliti. Þeir missa kosningarrétt, kjörgengi o. s. frv. Þeir geta fengið þessi réttindi aftur með uppreisn æru með umsókn samkv. l., sem fyrir fáum dögum voru samþ. hér á Alþ. Með þessu frv. er farið fram á, að þeir geti fengið uppreisn æru þegar í stað — ekki samkv. umsókn, heldur án umsóknar. Hér er um svo stórkostlegar breyt. að ræða frá því, sem verið hefur, að meiri hl. allshn. telur ófært að veita þeim samþykki sitt.

Annað, sem þarna kemur til greina, er svipting ökuleyfa. Samkv. þessu frv. á dómsmrh. að fá heimild til að veita þau aftur án umsóknar. Í l. mun vera ákveðið, að ökuleyfi megi veita aftur eftir 3 ár, séu viss skilyrði fyrir hendi. Í bifreiðal. frá 1941, 39. gr., segir svo: „Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmrh., er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný". Þó að einhver sé sviptur ökuleyfi ævilangt, er samt ekki loku fyrir það skotið, að hann geti fengið það á ný, ef hann sýnir sig hæfan til þess og æskir þess. En þegar lagt er til, að dómsmrh. sé heimilað að veita slíkt leyfi „þegar í stað" og „án umsóknar", t. d. þeim, sem hafa sýnt sig að vera stórhættulegir, þá er gerð hér svo stórkostleg breyt., að meiri hl. n. getur alls ekki fallizt á, að slíkt sé réttlætanlegt.

Þá telst það hæpið, að þeir, sem voru svo heppnir að drýgja þessi afbrot fyrir 17. júní þ. á., skuli njóta þessarar sérstöku náðar, en ekki þeir, sem frömdu sams konar afbrot, segjum degi síðar. Þetta mundi skapa misrétti í l., sem Alþ. gæti ekki verið þekkt fyrir að samþ.

Það er sagt af þeim, sem mæla með þessu frv., að þó að dómsmrh. sé gefin þessi heimild, þá sé ekki sjálfsagt, að hann noti hana í öllum tilfellum. En ef hann á að velja úr, hverjir skuli fá réttindi sín aftur, þau er þeir hafa verið sviptir, og hverjir ekki, þá er hér svo mikill vandi lagður á herðar dómsmrh., að órétt hlýtur að teljast.

Ég skal játa, að það gæti verið rétt í sumum tilfellum að veita aftur þau réttindi, sem af mönnum hafa verið tekin, og það mætti t. d. rýmka heimild dómsmrh. til þeirra hluta að einhverju leyti. En slík almenn lögvernduð endurveiting réttinda í öllum málum ætti ekki að koma til mála.

Síðan þetta frv. kom fram, hefur eðlilega verið farið að rifja upp ýmis mál, er það mundi ná til. Til dæmis veit ég um tvo bílstjóra, sem í ölvun voru valdir að bana, annar eins, hinn tveggja manna. Það þarf ekki að fara fleiri orðum um það, hvort til mála kæmi að veita þessum mönnum á ný tækifæri til slíks verknaðar.

Þá vil ég taka það fram, að sá grundvöllur, sem frv. þetta er byggt á, er ekki fyrir hendi. Sú till., sem það er byggt á, hefur ekki verið framkvæmd. Og mér þykir ólíklegt, að dómsmrh. fari að veita slíka almenna sakaruppgjöf án þess að hafa ástæður fyrir slíku. Ég er þeirrar skoðunar, að almenn sakaruppgjöf og náðun eigi ekki að fara fram. Ef um náðun t. d. þeirra, sem hefðu verið dæmdir fyrir almenn uppþot, væri að ræða, þá mundi málið horfa öðruvísi við. Náðun hefur áður farið hér fram að vísu, t. d. við komu konungs, en ég tel fráleitt að gera það nokkru sinni og sízt af öllu hér.

Ég legg til, að frv. verði fellt.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Minni hl. allshn. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. — Það hefur komið í ljós, að meiri hl. n. vill ekki gera breyt. á frv., heldur aðeins fella það, og var því ástæðulaust að vísa því til n. Það liggur í augum uppi, hver skoðanamunurinn er Meiri hl. er með náðun, en þó aðeins, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, en ekki í tilefni af lýðveldisstofnuninni. Hins vegar lítur minni hl. þannig á, að rétt sé að gera hér eins og víða erlendis, er svipað hefur staðið á, og að það sé gert nú — og aðeins nú — í sambandi við lýðveldisstofnunina. Því er engan veginn rétt að tala um hættu á gagngerðum breyt. á refsil. Þetta frv. hefur enga þýðingu fyrir framtíðina. Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:8 atkv.
2. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:7 atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. —

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Ég vil taka það fram, að meiri hl. n. leggur til, að synjað verði um afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigða synjað með 7:17 atkv., að viðhöfðu **nafnakalli, og sögðu**
já: LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, STh, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EystJ, IngJ, JakM, JPálm, **JörB.**
nei: PZ. SB, SÞ, StJSt, GÞ, GTh, JS.
GSv, JJós greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÓTh, SK, SkG, SvbH, BG, EmJ, FJ, GG, HelgJ) fjarstaddir.

Forseti (JörB): Afbrigði eru felld með 7:17 atkv., svo að ekki er hægt að halda áfram meðferð málsins að þessu sinni.

Á 59. fundi í Nd., 5. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Þetta frv. var til skyndimeðferðar á lýðveldisþinginu og

fór gegnum Ed. og tvær umr. á einum degi í Nd. með afbrigðum, en við 3. umr. var synjað afbrigða. Mál þetta fór að vísu til allshn. hér í d., en hún fékk ekki nema fimm mínútur til að ræða málið. Meiri hl. n. mælti á móti frv., en það var samþ. samt sem áður við 2. umr. Það var þá hátíðaskap í mönnum, svo að þetta mál var þá ekki athugað svo vel sem skyldi.

Meiri hl. allshn. telur, að hér sé um mjög varhugavert mál að ræða, eins og það er úr garði gert. Að vísu má koma til mála að rýmka lögin, en að ákveða, eins og gert er í frv., að allir menn, sem sviptir hafa verið borgararétti, fái aftur borgararéttindi sín án umsóknar, tel ég til lítils sóma fyrir hæstv. Alþ. Ég man t. d., að á það var bent í umr. þá, að bifreiðarstjórar, sem hafa átt sök á dauðaslysum, ættu aftur að fá borgararéttindi.

Í afgreiðslu þessa frv. má ekki gæta fljótfærni. Ég vil fara fram á, að málinu verði vísað aftur til allshn., svo að henni gefist kostur á að ræða málið betur en henni vannst tími til á þeim fimm mínútum, sem hún hafði til umráða í sumar.

Forseti (JörB): Umr. er frestað og þess vænzt, að n. taki málið til athugunar, án þess að því sé beinlínis vísað til hennar.

Á 134. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 135. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 267, 1145).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Þetta frv. var flutt í hv. Ed. á sl. sumri. Efni þess var að heimila dómsmrh. að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar. Stóð þetta í sambandi við fyrirætlanir, sem þá voru á döfinni um allvíðtæka náðun eða sakaruppgjöf í sambandi við stofnun lýðveldisins. Til þess hefur ríkisstj. heimild samkv. stjórnarskránni án sérstakra l., en til að veita aftur atvinnu- og borgararéttindi þurfti sérstaka löggjöf.

Þegar mál þetta kom fyrir hér í Nd., var því vísað til allshn. Meiri hl. hennar lagði til, að frv. væri fellt, og færði rök fyrir því, að þetta væri allt of víðtæk heimild, sem hefði m. a. í för með sér, að samkv. því væri heimilt að veita aftur atvinnuréttindi, ökuleyfi og önnur slík réttindi mönnum, sem jafnvel hafa valdið manndrápum við ölvun við akstur o. fl. slíkt. Þegar átti að taka málið fyrir til 3. umr. í sumar, var synjað um afbrigði, þannig að það náði ekki fram að ganga. Hins vegar kom fram í báðum d., að sterkur meiri hl. var fyrir að samþ. frv., og er mér ekki annað kunnugt en svo sé enn. Til þess að draga úr frv., þannig að það yrði ekki eins víðtækt og það var, hefur allshn. eða meiri hl. hennar orðið ásátt um að breyta frv. Flytur hún brtt. á þskj. 1145, þannig að í stað þess, að í frv. er ákveðið „að veita réttindi aftur án umsóknar", þá komi orðin: „fá réttindi sín aftur, enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra", — þannig að allir þeir, sem hafa valdið heilsutjóni með slíkum verknaði og af þeim ástæðum verið sviptir atvinnuréttindum, geti ekki fengið þau aftur.

Ég vil taka skýrt fram, eins og ég tók fram í framsöguræðu fyrir meiri hl. n. í sumar, að að meginstefnu til er ég andvígur þessu, en þó er náttúrlega allt öðru máli að gegna um málið, ef brtt. meiri hl. allshn. verður samþ., því að hún dregur mjög úr hinum miklu ágöllum, sem upphaflega voru á frv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Heimild til náðunar og refsingar er, eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. hefur tekið fram, bundin í stjskr. og er þar formlega á valdi forseta. Nú er í hegningarl. gert ráð fyrir því, að uppreisn æru, sem kallað er, og endurveiting borgararéttinda, sé í hendi konungs eða nú í hendi forseta. Það væri þess vegna nokkuð mikið rask á hegningarl., ef þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, þar sem þar er gert ráð fyrir, að það vald, sem annars liggur formlega í hendi forseta, sé af honum tekið og látið í hendur dómsmrh. Nú má vel vera, að mjög mikill áhugi hafi verið á því hjá hv. Alþ. í tilefni lýðveldisstofnunarinnar að veita mönnum almenna sakauppgjöf, enda hefur sú heimild verið mjög almennt notuð, að ég hygg, af fyrirrennara mínum í dómsmrh.-embættinu. Annað mál er það, að það kann að vera dálítið hæpið, að Alþ. noti þetta vald aðeins að nokkru leyti á þann hátt að gefa þetta í heldur óvissu heimildarformi, og mér hefði fundizt, að áður en þetta frv. væri afgr., þyrfti að taka til athugunar, hvort ekki væri hægt, ef það er vilji Alþ., að veita öllum, sem hafa misst borgararéttindi fyrir misgerðir framdar fyrir 17. júní á sl. ári, slík réttindi aftur. Það ætti ekki að vera heimild, heldur mjög almenn fyrirmæli Alþ. Það er ákaflega erfitt að taka á móti þeirri lýðveldisgjöf frá Alþ. að láta það vera í hendi viðkomandi ráðh., hvort hann útdeilir gjöfunum eða ekki, og ég held, ef hv. Alþ. vill fallast á að veita þeim almenn mannréttindi, sem hafa misst þau fyrir 17. júní, að ekki eigi að gera það að nokkru, heldur öllu leyti. Mér finnst Alþ. eigi að sýna þann stórhug að strika út allar skuldir afbrotamanna við þjóðfélagið í einu lagi, en ekki láta það vera á valdi eins manns, hvort slíkum náðargjöfum er úthlutað til afbrotamanna.

Það kann að vera, að á þessu sé einhver formlegur vandi, og í hegningarl., 84. og 85. gr., er nú þegar nokkuð víðtæk heimild um það, hvort veita skuli mönnum borgaraleg réttindi, sem hafa misst þau með dómi. Í þeim gr. er sagt, að fari refsing ekki fram úr eins árs refsivist, þá sé hægt að veita uppreisn æru, eftir að tvö ár séu liðin, frá því að dæmdi var settur í refsingu, ef ekki hafi neitt komið fyrir hann á því tímabili. Ef refsingin hefur hins vegar verið meiri en eins árs refsivist, þá getur forseti veitt honum uppreisn æru, þegar a. m. k. fimm ár eru liðin, frá því að refsingin var að fullu úttekin eða gefin upp, enda færi umsækjandi sönnur á, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tíma. Ég hygg, að það sé í rauninni föst regla að nota þessa heimild í hegningarl., í fyrsta lagi að náða þann, sem ekki er dæmdur í yfir eins árs refsivist, eftir tvö ár, og í öðru lagi að náða þann, sem dæmdur er í yfir eins árs refsivist, að fimm árum liðnum, eftir að refsingin er út tekin. Enn fremur er venja að

nota heimildina í bifreiðal. til þess að veita mönnum réttindi til að aka bifreið að þremur árum liðnum, eftir að þeir hafa tekið út refsingu sína, jafnvel þó að refsingin hljóði upp á að svipta menn bifreiðaskírteini ævilangt.

Ég hef bent á, að með því frv., sem fyrir liggur, eru þær heimildir, sem gefnar voru forseta í hegningarl., teknar af honum og settar í hendur dómsmrh. Þetta út af fyrir sig finnst mér ákaflega óviðkunnanlegt formsatriði og vildi þess vegna beina því til hæstv. forseta og hv. n., hvort ekki mundi rétt að taka þetta mál til nýrrar athugunar í n. og þá í samráði við ríkisstj.

Forseti (JörB): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er umr. þá lokið.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Mér skildist, að hæstv. ráðh. færi fram á, að málinu yrði frestað, til þess að hann og n. gætu fengið þetta til nánari athugunar. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort hann hugsi sér að slíta umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta mál mun heyra til þeirrar n., sem ég á sæti í, allshn., og þessi brtt., sem hér liggur fyrir, er ekki gerð að vilja n., svo að það eru aðeins örfáir menn í n., sem að henni standa. Ég vil því mælast til, að þetta mál sé athugað á ný í n. og í sambandi við hæstv. ríkisstj.

Forseti (JörB): Ég bið að afsaka, en það var verið að tala við mig, og ég tók ekki eftir ósk hæstv. dómsmrh. um, að málinu væri frestað. Umr. verður þá frestað.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það mætti kannske benda á, að nál. er ekki komið frá minni hl. n.

Umr. frestað.

Á 140. fundi í Nd., 28. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þegar málið var síðast á dagskrá, óskaði ég eftir því að fá tækifæri til að tala við n. um það, vegna þess að ég vildi fá ákveðið, hver ætlunin væri með þessu frv. Ég taldi, ef frv. ætti að ganga fram, að gera þyrfti á því verulegar breyt. Enn fremur taldi ég rétt, ef frv. yrði samþ., að það væri bein fyrirmæli til dómsmrh. um að veita þau réttindi, sem farið er fram á í l. Ég færði þá ástæðu fyrir þessu, að ég teldi, að ef Alþ. vildi veita fulla uppgjöf saka og veita öllum full borgararéttindi í tilefni af stofnun lýðveldisins, þá ætti það ekki að vera heimild til dómsmrh., heldur ætti Alþ. sjálft að kveða á um það. Mér þykir einkennilegt, að frv. skuli vera komið á dagskrá, án þess að mér hafi gefizt kostur á að eiga tal við n., eins og ég fór fram á, þegar frv. var síðast til umr. Vil ég fá að vita, hverju þetta sætir.

Forseti (JörB): Orsökin til þess, að málið er tekið á dagskrá nú, er sú, að flm. málsins hefur gert þá till. um það til mín, að málið fái afgreiðslu nú. Málið hefur verið við þessa umr. síðan í vor, svo að ætla mætti, að hægt hefði verið að taka ákvörðun um það. Sé ég mér ekki fært upp á mitt eindæmi að sitja á málinu og láta það ekki ganga fram.

Hins vegar vil ég segja það út af ummælum hæstv. dómsmrh., að fyrir nokkrum dögum átti ég tal við form. allshn. Nd. um það, hvort hann mundi ekki kalla saman fund til þess að athuga þetta mál frekar, og tjáði hann mér, að hann sæi ekki ástæðu til að kalla saman fund út af þessu máli. Sá ég mér þá ekki annað fært en taka málið á dagskrá, og þess vegna er það til meðferðar í dag.

Garðar Þorsteinsson: Þegar mál þetta var til 1. og 2. umr. í d., voru haldnir um það nefndarfundir. Var minni hl. með því, en meiri hl. á móti, og það var ekki afgr. þá, áður en þingfrestun fór fram. Það, sem síðan gerðist í málinu, er, að flm. þess í Ed. afhendir n. brtt. við frv., sem liggur hér fyrir og meiri hl. n. getur sætt sig við. Nú veit ég um afstöðu dómsmrh., og þar sem málið hefur verið tvisvar hjá allshn., hef ég ekki séð ástæðu til að kalla n. saman á þriðja fundinn, enda hefði hæstv. dómsmrh. getað skrifað n. bréf eða flutt brtt. við frv. Ég vona þess vegna, að hægt sé að afgr. málið hið fyrsta.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vil ítreka það, að ég óska eindregið að eiga tal við n., áður en málið er afgr. Mér finnst t. d. meiri hl. n. gera nokkuð hæpna ályktun, þar sem hann vill gera upp á milli þess, hvort þeir, sem misst hafa borgararéttindi, hafa valdið líkamlegum meiðslum eða ekki.

Forseti (JörB): Af hálfu minni hl. n. var þess getið, að nál. mundi ekki koma skriflegt, svo að þess er ekki að vænta. Ég ætla, að allshn. standi öll að þessari brtt. að undanskildum hv. 4. þm. Reykv. Nú hefur hæstv. dómsmrh. heyrt svör meiri hl. n., og á ég þó engin tök á því að verða við þeim tilmælum að fresta málinu. Ég get ekki annað en látið atkv. skera úr um afgreiðslu málsins.

Ég get að vísu orðið við tilmælum hæstv. dómsmrh. í þetta sinn, að fresta meðferð málsins, en frekar get ég ekki gert í því, vegna þess að flm. málsins og meiri hl. n. eiga rétt á því, að atkv. gangi um málið.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hæstv. forseti mun geta upplýst, af hverju hv. minni hl. n. hefur ekki skilað áliti, þar sem hann mun sjálfur eiga sæti í n. Það er máske til of mikils mælzt að óska eftir því við hæstv. forseta, að hann gefi, ef hann sæi sér fært, skýringu á þeirri óvenjulegu afgreiðslu, sem mál þetta hefur sætt, og þá einkum, hvaða ástæður liggja til þess, að þeir nm., sem mestan hafa áhuga á því að fá málið fram, hafa ekki séð ástæðu til að skila um það nál.

Forseti (JörB): Ég skal ekki þreyta mikið umr. um þetta atriði, enda er þess lítt þörf. En það kemur mér undarlega fyrir sjónir, að hæstv. dómsmrh. skuli gera mjög mikið úr því, þó að ekki sé skilað skriflegu nál. bæði frá meiri hl. og minni hl., því að ég ætla, að hann þekki slíks mörg dæmi, einkum þó að því er viðkemur minni

hl. undir mörgum kringumstæðum. Og upp á afgreiðslu málsins eru hv. þm. áreiðanlega litlu nær, þó að sagt sé með tveimur línum, að minni hl. n. leggi til, að frv. verði samþ.

Mun ég nú fresta meðferð málsins að sinni, og verður það tekið fyrir, næst þegar tækifæri gefst.

Umr. frestað.

Á 141. fundi í Nd., 1. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 267, 1145, 1253).

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Síðan ég kvaddi mér hljóðs í gær, hefur verið flutt hér brtt. af hæstv. dómsmrh. við frv. Og ég vil nú beina þeim tilmælum bæði til hæstv. forseta og einnig til hv. form. allshn., hvort ekki væri rétt að fresta málinu, svo að n. gæti tekið afstöðu til þessarar brtt. Mér skilst, þar sem hér á hlut að máli sá hæstv. ráðh., sem á að framkvæma það, sem í frv. felst, ef það verður samþ., að ekki sé til of mikils mælzt, að n. fái að athuga málið, eftir að þessi brtt. hæstv. ráðh. er fram komin, og þá það, hvort hæstv. ráðh. hefur ekki á fullum rökum reist þær brtt., sem hann hefur hér flutt, og e. t. v., hvort ekki þyrfti að bæta við þær brtt.

Ég hef lýst því áður, að þetta mál hefur ekki legið fyrir í n. til meðferðar, síðan ég tók þar sæti, svo og, að allt, sem gerzt hefur í málinu, hefur gerzt utan athugunar n.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef lýst yfir, að ég tel þetta frv. af ýmsum ástæðum nokkuð varhugavert. Og ég hef bent á það, að í frv. er gert ráð fyrir að taka vald, sem forseta er veitt í 84. og 85. gr. hegningarl., og leggja það í þessu tilfelli í vald dómsmrh., að vísu án þess, að þess sé getið í l., að þetta sé breyt. á hegningarl. Ég veit, að meiri hl. hv. allshn. hlýtur að vera kunnugt um það, að samkv. bifreiðal. er dómsmrh. leyfilegt að veita mönnum, sem hafa verið sviptir ökuleyfi ævilangt, ökuleyfi aftur eftir tvö ár, ef þeir hafa verið reglusamir á þeim tíma og ekki brotið af sér. Hins vegar er forseta einnig leyfilegt eftir hegningarl. að veita mönnum uppreisn æru að fimm árum liðnum. Mér er kunnugt um, að það er siður að nota þessar heimildir, ef hæfileg skilríki liggja fyrir, og ég veit ekki, hvort dæmi eru til þess, að neitað hafi verið að nota þessar heimildir. Í öðru tilfellinu liggur valdið í höndum dómsmrh., en í hinu í höndum forseta.

Ef þetta frv. verður samþ. með þeirri breyt., sem liggur fyrir till. um frá meiri hl. hv. allshn., þá virðist vanta í það m. a. ákvæði um, að veita megi þessa heimild innan þess tíma, sem nú gildir í l. Ef menn lesa brtt. og frv. saman, þá virðist þetta vera frv. um að veita heimild, sem nú þegar er til. Ég segi þetta sem mitt álit á þessu. En vera má, að ég hafi rangt fyrir mér og það sé einhver önnur meining á bak við hjá þeim ágætu lögfræðingum, sem standa að þessari brtt. En það væri þá æskilegt, að það kæmi fram, annaðhvort í n. eða við umr.

Ég hef líka lýst þeirri skoðun minni, að ef það væri vilji Alþ. að sýna verulegt stórlæti í tilefni af lýðveldisstofnuninni, þá væri viðkunnanlegra, að Alþ. ákvæði sjálft um það, að sakir skyldu niður falla og menn fá aftur réttindi sín, sem þeir hefðu misst vegna refsidóma fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944. Ég teldi það eðlilegra en leggja það í vald dómsmrh., hvað sem hann heitir.

Ég hef óskað eftir að fá að tala um þetta mál við n., en af einhverjum ástæðum hefur hv. form. n. ekki orðið við því að halda fund né heldur að boða mig á fund um málið í n.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, lýsi ég yfir því, að ég tel mjög vafasamt, að ég sjái mér fært að nota heimild þá, sem gefin yrði með þessu frv., ef samþ. verður, umfram það, sem fyrir er mælt í gildandi l. Það er því vissara fyrir þá, sem áhuga hafa á að útvega mönnum borgararéttindi að nýju innan þess tíma, sem nú er leyfilegt, að færa frv. í annað form en það, sem það nú liggur fyrir í.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Síðan þetta mál var hér til umr. í gær, hefur komið fram brtt. frá hæstv. dómsmrh., og hann hefur óskað eftir að fá að eiga tal við n. Og nú hefur enn komið fram ósk um það frá hæstv. dómsmrh. og auk þess hv. 4. þm. Reykv. Ég vildi því spyrja, hvort hæstv. forseti vildi ekki gefa 10 eða 15 mínútna fundarhlé, svo að hæstv. dómsmrh. gæti komið á fund með n., því að þá væri hægt að ræða við hæstv. dómsmrh. um málið og samt sem áður afgreiða það nú á þessum fundi.

Forseti (JörB): Ég verð við tilmælum hv. 2. þm. Eyf. til að greiða fyrir því, að hæstv. dómsmrh. geti átt tal við n. um málið.

Er því fundi frestað til kl. 2,35. [Fundarhlé.]

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Allshn. hefur setið á fundi og rætt málið við dómsmrh. Sameiginleg niðurstaða hefur ekki fengizt í málinu. Mun ég lýsa brtt., sem ég hef flutt ásamt hæstv. forseta (JörB) við brtt. hæstv. ráðh.

Frv. er á þá leið, að dómsmrh. er heimilað að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgaralegum réttindum sínum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar. Þetta þótti allshn. of víðtækt og vildi bæta við: „enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra". Það er þýðingarmikið að takmarka þessa heimild. Ráðh. vildi í staðinn takmarka heimildina við það, að: „enda séu málsbætur fyrir hendi", — en fella niður skilyrðið: „enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra". — Við flm. þessarar brtt. viljum breyta frv. þannig, að bæði skilyrðin verði tekin upp í það, þannig að ekki hafi hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra og eins séu málsbætur fyrir hendi. Brtt. er sem sagt um það, að báðum brtt., brtt. hæstv. ráðh. og allshn., sé steypt saman.

Að öðru leyti vil ég taka fram, að eftir yfirlýsingu dómsmrh. að dæma er það mjög vafasamt, hvort notuð verði heimildin í l., þótt samþ. verði. Eftir yfirlýsingunni að dæma skiptir mjög litlu máli, hvort frv. verður samþ. eða ekki.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt brtt., sem þegar hefur verið lýst af öðrum flm., hv. þm. Snæf. Hún er skrifl. og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1260) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það hefur ekki fengizt samkomulag í allshn. um, að Alþ. sjálft tæki á sig ótvíræða ábyrgð á þeim ráðstöfunum, sem í frv. greinir. Ég skal líka endurtaka yfirlýsinguna, sem ég gaf áðan. Mér finnst, þar sem með þessu er verið að móta nýjar reglur eða möguleika til náðunar, að Alþ. sé að fela dómsmrh. einhvers konar dómsvald. Og ég tel þetta mjög erfitt mál. Í framhaldi af því, sem ég sagði, vil ég segja það, að ef frv. verður afgr. í því formi, sem það liggur fyrir, án þess að Alþ. taki sjálft á sig ábyrgðina, þá mun ég taka það til athugunar að nota heimildina alls ekki eða þá út í yztu æsar, eftir því, sem frv. leyfir. Af tilgreindum ástæðum er ég á móti frv. Og mér finnst till. hv. allshn. um skilyrði fyrir náðuninni, að verknaðurinn hafi ekki valdið heilsutjóni, nokkuð fráleit. Það eru fleiri en eitt dæmi til þess, að bifreiðastjórar hafi valdið heilsutjóni án þess að hafa verið ölvaðir eða átt sökina. Menn hafa verið dæmdir í sektir og misst réttindi vegna þessa. Aðrir menn hafa ekið drukknir einsamlir og bíllinn rekizt víða á án þess kannske að valda tjóni á mönnum, svo að það er alger tilviljun, hvort verknaðurinn hefur valdið heilsutjóni eða ekki.

Ég er mótfallinn því, að till. minni verði hnýtt aftan í brtt. n. Ég ætlast til þess, ef Alþ. samþ. hana, að henni verði þá valinn sá staður, sem ég hef ákveðið.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Áður en gengið er til atkvgr., vil ég gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, þótt hv. þm. Snæf. hafi að miklu leyti gert það.

Þegar þetta frv. kom í d., áður en þingi var frestað á sl. ári, þá klofnaði n. um málið. Meiri hl. n. mælti móti því, að frv. væri samþ., en minni hl. mælti með málinu. Eftir undirtektum hér í d. má gera ráð fyrir því, að frv. verði samþ. Á för frv. gegnum þingið, áður en þingi var frestað, var það stöðvað með því að neita um afbrigði, en meirihlutavilji virðist nú vera fyrir frv. Það er kunnugt, að þáv. dómsmrh. (EA) sagði svipað og núverandi dómsmrh., að það væri ákaflega erfitt að fá til sín heimild til að náða og meta þannig í einstökum tilfellum, hvað væri réttar málsbætur o. s. frv. Nú hefur hæstv. ráðh. gefið þá yfirlýsingu, að hann muni annaðhvort nota heimild frv. út í yztu æsar eða ekki. Og þá má segja, að frv. sé í raun og veru tilgangslaust, a. m. k. í mínum augum. Og ef nota á heimildina út í yztu æsar, tel ég það hættulegt og verð á móti frv. Af þeim ástæðum beitti meiri hl. n. sér gegn frv.

Nú vil ég taka það fram, eins og hv. þm. Snæf. hefur áður gert, að brtt. þær, sem fluttar eru, sumpart af n. og nm., eru áreiðanlega til bóta. — Hins vegar get ég skilið afstöðu hæstv. dómsmrh. Það er mjög erfitt fyrir hann að fá til sín menn, svo að tugum og jafnvel hundruðum skiptir, og eiga að gera upp á milli þeirra um málsbætur. Það er bæði erfitt og vanþakklátt verk, svo að afstaða hæstv. ráðh. er mjög skiljanleg. Það má þess vegna segja, að það kunni að vera eðlilegt, að sú náðunarheimild gildi, sem nú er í l., fyrir forseta Íslands, sem sé eftir vissan tíma, frá því að brotið var framið.

Niðurstaðan af því, sem ég hef sagt, er þessi: Ég vil greiða atkv. með brtt., sem fram hafa komið, en að gefinni yfirlýsingu hæstv. dómsmrh., mun ég greiða atkv. á móti frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil ekki láta hjá líða við þessa lokaumr. málsins að láta það koma fram, að ég er algerlega á móti þessu frv. Það er e. t. v. engin tilviljun, að þegar málið var til meðferðar í n. sl. sumar, voru það þrír lögfræðingar, sem í n. sátu og lögðust allir gegn frv. Og það hefur upplýst verið við umr. um málið, að jafnvel fyrrv. dómsmrh. hefði smeygt sér undan þessari heimild, ef það hefði átt að vera í hans höndum að nota hana á sama hátt og núv. hæstv. dómsmrh. Í raun og veru eru þessir hv. lögfræðingar í n., bæði hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. Eyf., í aðalatriðum á móti frv., eins og þeir hafa báðir lýst, svo að n. er jafnklofin og áður.

Um formsatriði skal ég ekki ræða, en alveg er nægilegt að benda á, að hér er svo mikið vandaverk fyrir hæstv. dómsmrh. að gera upp á milli, hverjir eiga að fá þessa náðun og hverjir ekki. Og eins og hann benti réttilega á, eru menn jafnvel útilokaðir, sem ættu réttilega að koma á borð við hina, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði náðaðir.

Ég vildi láta þetta koma fram við afgreiðslu málsins: Ég er á móti frv. og mun greiða atkv. gegn því við lokaatkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 1260 samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GTh, HarJ, HelgJ, JPálm, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, JörB.
nei: SÁÓ, BG, EmJ, EystJ, FJ, IngJ, JakM, PZ, SigfS, SG.
LJós, SB, STh, SvbH, ÞG greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÓTh, SÞ, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, GG, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 1253, svo breytt, samþ. með 16:7 atkv.
— 1145, svo breytt, samþ. með 15:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, LJós, PÞ, PO, SG, SEH, SÞ, ÞG, JörB.
nei: FJ, GÞ, HarJ, PZ, SB, SÁÓ, BG, EmJ.
GSv, GTh, SigfS, SK, STh, SkG, SvbH greiddu ekki atkv.
7 þm. (GG, JJós, ÓTh, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1261).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Mér hefur skilizt, að þetta frv. hafi upphaflega verið flutt í tilefni lýðveldisstofnunarinnar og það hafi verið ætlun hv. flm., að þeir,

sem hefðu misst borgararéttindi eða atvinnuréttindi með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrri 17. júní 1944, fengju þessi réttindi aftur, þó að ekki væri liðinn sá frestur, sem venja er til að endurveita slík réttindi eftir.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er heimild í l. um að endurveita atvinnu- og borgararéttindi. T. d. er í bifreiðal. heimild til þess að veita þeim, sem hafa verið sviptir ökuleyfi ævilangt, ökuleyfið aftur að þremur árum liðnum, ef þeir hafa verið reglusamir þann tíma og sanna það með vottorði. Þessi heimild veit ég ekki annað en sé notuð, þegar fullnægjandi sannanir eru fyrir því, að þessi skilyrði séu fyrir hendi til þess að endurveita ökuleyfi.

Þá er í hegningarl., í 84. og 85. gr., forseta gefið vald til þess að veita mönnum uppreisn æru að tveimur eða fimm árum liðnum, eftir því, hverri refsingu brotið hefur varðað. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, eru þessar heimildir einnig venjulega notaðar.

Nú hefur mér skilizt, að hæstv. Alþ. hafi viljað sýna nokkurn stórhug í sambandi við lýðveldisstofnunina á þann hátt að veita mönnum fyrst og fremst almenna uppgjöf saka og síðan aftur almenn borgararéttindi, þeim sem þau hafa misst. Þetta er nokkuð óvenjuleg athöfn og liggur eiginlega fyrir utan hin venjulegu embættisstörf dómsmrh. Ég hefði þess vegna talið rétt, að Alþ. tæki sjálft á sig ábyrgð á þessari framkvæmd að öllu leyti.

Nú mætti e. t. v. skilja þetta frv., eins og það fór héðan frá hv. Ed., þannig, að þessi heimild væri mjög almenn, sem þarna er tekin fram í frv., þannig að endurveita ætti borgararéttindi án umsókna. Hv. Nd. hefur nú breytt þessu þannig, að gert er ráð fyrir, að venjuleg umsókn liggi fyrir, og enn fremur, að ekki hafi hlotizt heilsutjón af verknaði þeim, sem dæmt hefur verið fyrir, og málsbætur séu fyrir hendi.

Ef það hefði verið ætlun hæstv. Alþ. að sýna þann stórhug að veita þessi réttindi aftur í tilefni af lýðveldisstofnuninni, þá virðist þetta frv. með þeirri breyt., sem það hefur fengið í hv. Nd., vera komið inn á nokkuð nýja braut, þar sem í stað þess, að Alþ. taki raunverulega á sig ábyrgð þá, sem samþykkt frv. fylgir, sem eðlilegt væri, er nú sett inn í frv. sú breyt. í hv. Nd., að það er sett í vald dómsmrh. í raun og veru að fara að dæma menn upp að nýju. Og ég tel, að þetta sé meiri ábyrgðarhluti en hæstv. Alþ. getur í raun og veru ætlazt til, að nokkur maður taki að sér. Það er með frv., ef samþ. verður í því formi, sem það nú er í, farið út fyrir þær reglur, sem gilda bæði í hegningarlöggjöf og öðrum l. um endurveitingu borgararéttinda, og dómsmrh. falið að meta það, hvort heilsutjón hafi hlotizt af verknaði þeim, sem dæmdur hefur í hverju tilfelli framið og hann hefur verið dæmdur fyrir, og einnig, hvort málsbætur séu fyrir hendi.

Ég tel, að þessi afgreiðsla á þessu máli, sem hér er stefnt að með frv. eins og það er nú, eftir að því hefur verið breytt í hv. Nd., — ef það hefur verið ætlunin að sýna sérstakan stórhug í sambandi við lýðveldisstofnunina, — sé tæplega verjandi af hæstv. Alþ., ef frv. verður samþ. óbreytt. Og af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, verð ég að lýsa yfir, að ég tel mjög vafasamt, að ég sjái mér fært að nota heimild þá, sem gefin yrði í þessu frv., ef að l. yrði, umfram það, sem heimilt er samkv. núgildandi l. Það er því vissara fyrir þá, sem áhuga hafa á að útvega mönnum borgararéttindi að nýju á skemmri tíma en nú er leyfilegt, að færa frv. þetta í annað form en það nú liggur fyrir í. Og á ég þá sérstaklega við það, að Alþ. sjálft taki ábyrgðina á þessari óvenjulegu ráðstöfun, sem ætlazt er til, að frv. hafi í för með sér.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Því miður hlustaði ég ekki á alla ræðu hæstv. dómsmrh. Þegar þetta mál kom fyrst fyrir hæstv. Alþ., í júnímánuði sl., þá var hugurinn þannig stemmdur, að menn vildu vera það, sem kallað er góðir. Í því sambandi var það, að gefnar voru almennar náðanir sakamanna. En það sýndi sig, að það var ekki nægilegt að náða, vegna þess, að afleiðingar refsinganna voru missir réttinda, sem ekki var hægt að skapa mönnum aftur á sama hátt og að veita þeim náðun, en æskilegt taldist, að hægt væri að veita þessum mönnum, sem gefnar höfðu verið upp sakir.

Þetta mál fór gegnum þrjár umr. hér á einum degi. Það fór og gegnum tvær umr. í hv. Nd. á einum degi, en var svo stöðvað.

Ég skal játa það, að viðhorfið er kannske dálítið breytt nú og að þetta, sem átt hefði að koma, um leið og náðunin var veitt þessum mönnum, kemur um seinan. En ég sé enga ástæðu til þess að afturkalla þetta frv. Ég álít, að sú hugsun sé rétt, sem þar kemur fram. Og ég vona, að hæstv. dómsmrh., sem m. a. er kominn í sitt sæti fyrir mitt atkv., geri það að framfylgja því út í yztu æsar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1276).

112. Veltuskattur.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um veltuskatt** (þmfrv., A. 853).

Á 104. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Ed., 18. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Í þessu frv. er lagt til, að á skattskyldan atvinnurekstur verði lagt veltugjald, sem nemi 1—1½%, með nokkrum undantekningum þó.

Hygg ég, að mörgum muni finnast hér vera um óvægilega skattaálagningu að ræða, og er hún það að vissu leyti. Það er og naumast hægt að leggja skatt af þessu tagi á nema að tvennu athuguðu. Annars vegar því, að það mun flestra manna mál, að þær atvinnugreinar, sem þessi skattur mun lenda á, séu aflögufærar. Hins vegar

gætu ýmsir orðið tregir til að greiða hann, ef ekki væri heimild til þess að lýsa yfir því fyrir hönd ríkisstj., að skatturinn yrði ekki lagður á nema einu sinni.

Það mun ekki verða farið fram á framlengingu á honum, og er þetta eini skatturinn, sem þessi yfirlýsing gildir um.

Þessi skattur kemur nokkuð misjafnt niður. Hann kemur tiltölulega létt niður á þeim fyrirtækjum, sem hafa fremur litla umsetningu, en verzla með vörur, sem mikil álagning er á, en hins vegar fremur þungt á þeim, sem með þær vörur verzla, sem lítil álagning er á.

Þótt þessi skattur komi misjafnt niður, þá má segja, að sá skattur er vandfundinn, sem ekki kemur að einhverju leyti ranglátlega niður. Það má, hygg ég, segja um alla skatta.

Gert er ráð fyrir, að skatturinn verði 1½% af heildsölu og umboðssölu, þó aldrei yfir 25%, en af smásöluveltu 1%.

Það mun ef til vill orka nokkuð tvímælis, að ráðgert er, að skatturinn verði hærri af heildsölu en smásölu. Í því sambandi má þó geta þess, að heildsalan er rekin með hlutafélagsfyrirkomulagi, en smásalan aftur á móti sem einkafyrirtæki. Smásalar njóta og ekki hlunninda heildsalanna.

Það er almennt álitið, að afkoma heildsalanna verði yfirleitt betri en smásalanna. Þetta réð því, að ofan á varð í stj. að hafa þennan skattamismun.

Það er ætlazt til, að skatturinn verði lagður á veltu ársins 1945.

Þegar þetta var rætt í stjórnarflokkunum, var því haldið fram, að einfaldara væri að skattleggja veltu ársins 1944, og erfiðara væri að skjóta sér undan skatti, ef hann væri lagður á veltu fyrra árs. Ég held, að þetta sé ekki rétt, því að betra er að fylgjast með skattinum frá byrjun, enda nær tekjuskattsviðaukinn, sem nú liggur fyrir, til tekna ársins 1944.

Samkvæmt þessu sá ég ekki fært, að veltuskatturinn yrði lagður á tekjur ársins 1944. Allt bendir til, að verzlun verði lík í ár og verið hefur og afkoma verði svipuð.

Þessi skattur, 1—1½%, á að leggjast á alla verzlun, iðju og iðnað í landinu, yfirleitt á heildartekjur þeirra fyrirtækja, sem selja vörur með álagningu. Þó er undantekning á því samkvæmt 3. gr. Þar segir svo: Eigi skal þó greiða skatt af veltu þeirri, sem hér segir: 1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi; b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs að síld meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu;

2. veltu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 60 11. júní 1938.

Um skatt á útflutningsvörur er ekki að ræða. Á þær hefur aldrei verið lagður skattur. En um b-lið 3. gr. skal ég segja, að þótt undarlegt sé að taka nokkuð fram um það efni, var stj. sammála um, að ekki væri fært að leggja skatt á þær stofnanir, sem framleiddu þær vörur, sem þar eru nefndar. Og í sambandi við hækkun landbúnaðarvísitölunnar má gera ráð fyrir, að það hefðu þótt svik á gerðum samningi. Það hefði verið ósamræmi í því, ef tekjur framleiðenda hefðu verið skattlagðar, og má ganga út frá því, að við það hefðu hlutföllin raskazt.

Þetta er ástæðan til þess, að þessar vörur voru ekki skattlagðar.

Þeir, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. þessum, eiga að senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu ársfjórðungslega. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrir fyrsta dag næsta mánaðar. Reiknast dráttarvextir af honum, ½% á mánuði, hafi skatturinn ekki verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga. Telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Þessi ákvæði eru sett til þess, að tekjurnar komi inn nokkurn veginn eftir hendinni, eftir því sem ríkissjóður þarf á þeim að halda. Auk þess var litið svo á, að með því væri fremur kleift að hafa eftirlit með framtölum. Með þessum hætti eru skattgreiðendur neyddir til að gera upp veltuna ársfjórðungslega. Hins vegar hefur mér verið bent á, að það mundi vera mjög erfitt fyrir suma kaupmenn, sérstaklega þá smærri, því að menn hafa ekki alltaf fullkomið bókhald, þó að því sé ekki bót mælandi, og þeir, sem hafa ekki fasta menn við verzlunina til að annast bókhaldið, þyrftu þá að leggja á sig talsverðan aukakostnað, ef þeir þyrftu að gera upp sína veltu fjórum sinnum á ári. Ég get þessa í því skyni, að fjhn., sem mun fá þetta mál til athugunar, taki þetta atriði sérstaklega til athugunar og geri sér grein fyrir því, hvort auðið mundi að liðka til á einhvern hátt í þessu efni, t. d. hvort fært mundi að miða það við veltu síðasta árs og endanlegt uppgjör ekki fara fram fyrr en um áramót hjá einhverjum vissum aðilum. Ég segi það eins og er, að ég hef ekki gert mér grein fyrir, hvort þetta er fær leið, en hún er samt sem áður athugandi.

Það gildir það sama um þetta gjald og tekju- og eignarskatt, að ekki er ætlazt til, að heimilt verði að draga hann frá við ákvörðun tekju- og eignarskatts og ekki heldur heimilt að telja hann til kostnaðar við ákvörðun verðlags á vörum. Í þessu felst það, að skatturinn mundi lenda á atvinnurekendum, sem ekki geta þá velt honum yfir á almenning.

Í 8. gr. er ákvæði um, að samvinnufélögum sé ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni 1945. Það þótti ekki annað fært en að slá þennan varnagla, því að hugsanlegt er, að skatturinn yrði til þess, að ekki yrði kleift að inna gjaldið af höndum, og yrði þá óhjákvæmilegt að velta honum yfir á vöruna. Þetta er ekki annað en varnagli, en félögunum er heimilt, ef þau hafa ástæðu til, að leggja í varasjóð á venjulegan hátt.

Ég held, að ég hafi þá drepið á flest veigameiri atriði frv., og skal að endingu aðeins leyfa mér að óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. til frekari athugunar, því að þótt n. hafi flutt frv., þá hafði hún engan tíma til að athuga það eins vel og þörf var á.

Haraldur Guðmundsson: Eins og fram er tekið í grg. frv., þá er það flutt eftir tilmælum hæstv. fjmrh., en einstakir nm. hafa óbundin atkv. um frv. og einstök atriði þess.

Það tjáir ekki að leyna því, að þessi aðferð við tekjuöflun fyrir ríkissjóð er að minni hyggju — og ég held vel flestra — svo óæskileg, að það er

aðeins af illri nauðsyn, eins og fram kom af ræðu hæstv. fjmrh., að þessi leið er farin og hugsuð aðeins í eitt skipti undir þeim sérstöku kringumstæðum, sem við búum nú við. Ég vil taka undir ummæli hæstv. fjmrh. um það, að það sé engan veginn ætlun ríkisstj. eða þeirra flokka, sem standa að henni, að framlengja þetta frv., þó að það yrði að l., enda hygg ég, að það sé ekki ofmælt, að það væri lítt gerlegt að ætla slíkri löggjöf að verða varanlegri, því að segja má, að þar sé eitt látið ganga yfir réttláta og rangláta, — ef hægt er að tala um rangláta í þessu tilfelli, — sem hefur a. m. k. í skattamálum ekki verið talin æskileg aðferð.

Ég skal ekki gera frv. eða einstök atriði þess að umtalsefni að þessu sinni. Mér þykir þó rétt að taka fram, að höfuðgalla frv. tel ég þann, að þar er gert ráð fyrir, að þetta gjald sé tekið af veltu ársins 1945. Og eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. fjmrh., er mér enn þá ljósara, að þetta er svo stór galli á frv., að hann verður að teljast grundvallaratriði við meðferð málsins.

Ég hygg, og mér fannst það líka á hæstv. fjmrh., að honum virtist, að innheimta skattsins, framkvæmd l., verði stórum auðveldari, ef miðað er við veltu ársins 1944, bæði álagning, eftirlit og framkvæmd. Enn fremur er þess að gæta, að á árinu 1944 var þó nokkur hluti af þeim vörum, sem fór um hendur verzlananna, ekki undir verðlagsákvörðunum, og það er enginn efi á því, að þessi hluti varanna, svo mjög sem ýmsum þykir á skorta, að verðlagseftirlitið hafi uppfyllt þær vonir, sem menn gerðu til þess, að þessi hluti varanna hefur verið stórum arðvænlegri fyrir það, að ekkert verðlagseftirlit var með þeim. Nú aftur á móti mun komið verðlagseftirlit á allar vörur, svo að ekki verður því til að dreifa á árinu 1945, að hægt verði að rökstyðja skattinn með því, sem þó var hægt árið 1944.

Það er augljóst, að ef á að leggja á veltuna 1945, svo framarlega sem ekki er svo langt gengið, að ætlazt sé til, að fyrirtækin starfi með tapi, sem gjaldið eiga að greiða, þá á að vera unnt fyrir verðlagseftirlitið að ná lækkun á vörum, sem svarar því gjaldi, sem hér á að leggja á, og það verða menn að gera, ef á að vera mögulegt að gera þau ákvæði l. að veruleika, að þessi skattur komi ekki fram á vöruverðinu. Það verður ómögulegt að telja fólki trú um, jafnvel þó að það sé satt, að þessi skattur verði aðeins í eitt ár. En ef hann er lagður á veltuna 1944, þá er undirstrikað svo greinilega sem verða má, að þetta er aðeins hugsað sem veltuskattur í eitt skipti. Ég veit, að eftirsköttun lætur ekki vel í eyrum ýmissa, en mér heyrðist hæstv. fjmrh. bera það fram um mál það, sem var á dagskrá næst hér á undan, að þar væri um eftirsköttun að ræða, enda er það ekki hægt nema á þann hátt, því að mörg skip hafa skipt um eigendur, og enn er óvíst um afkomuna á þessu ári. Bæði þessi rök eiga fullkomlega við um þetta mál. Mér virðist því augljóst, að það sama eigi við í báðum þessum tilfellum.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram nú þegar við þessa 1. umr. málsins og vil mega vænta, að þetta verði tekið til fyllstu athugunar á ný í n., sem ég á sæti í, og eins hjá hæstv. stj., sem ég veit, að fylgjast muni vandlega með öllum gangi málsins.

Hermann Jónasson: Ég vil, um leið og þetta mál fer til 2. umr., segja örfá orð um það, en það verða ekki nema nokkrar aths.

Það er ekki hægt að neita því, að þessi skattur, sem hér er fyrirhugað að leggja á, ber öll einkenni þess, að það sé orðið næsta erfitt að ná þeim tekjum, sem ríkissjóður þarf á að halda, enda féllu orð í þá átt hjá hæstv. fjmrh. og eins hv. stuðningsmanni stj., sem hér talaði, að skatturinn væri neyðarúrræði, og virðist mér, að þeir hafi ekki gert of mikið úr því, að skatturinn ber öll einkenni þess, að svo er, að það er orðið miklum erfiðleikum bundið í þessu góðæri að afla þess fjár, sem ríkissjóður þarf nauðsynlega á að halda, og það jafnvel svo, að þeir, sem athuga þetta frv., gætu komizt að þeirri niðurstöðu, að Ísland væri eitt af þeim löndum, sem mest hefði verið þjakað í þessari styrjöld, svo óvenjuleg er þessi skattaálagning, enda efast ég mikið um, að hún eigi sér fordæmi nokkurs staðar í veröldinni. Ég fullyrði það ekki, en ég efast mikið um það. Og það er einmitt það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Hann sagði, að gallinn væri sá á þessum skatti, að hann kæmi tiltölulega létt niður á þeim, sem hefðu litla veltu og mikla álagningu, en þungt niður á þeim, sem hefðu mikla veltu og litla álagningu. Þetta er vitanlega rétt hjá honum, en rangt hjá hv. 3. landsk., að þessi skattur gangi jafnt yfir réttláta og rangláta. Venjulega er það talið ákjósanlegt fyrirkomulag, að skattar gangi a. m. k. jafnt yfir réttláta og rangláta og helzt sem mest yfir þá, sem í vissum skilningi mætti kalla rangláta, en það er fullvíst, að þessi skattal. ganga fyrst og fremst út yfir þá réttlátu, og það var einmitt það, sem hæstv. fjmrh. tók réttilega fram. Það er talið ákjósanlegt í viðskiptum með öllum þjóðum, að viðskipti séu mikil, en lítil álagning, en hér er einmitt farið þannig að með þessari skattalöggjöf, sem hér er fyrirhuguð, að þeim er refsað, sem leggja lítið á vöruna, sem þeir selja, en þeir verðlaunaðir, sem hafa litla veltu, en leggja mikið á þá vöru, sem þeir selja. Það má benda á dæmi þess, að verzlanir hér, sem verzla með erlenda vöru, leggja mjög misjafnlega mikið á þá vöru, sem fer í gegnum hendur þeirra. Við skulum hugsa okkur fyrirtæki, sem rekið væri eins og verzlanir eru reknar sums staðar erlendis og hefði um 20 millj. kr. veltu, og það væri þannig, að hver og einn, sem kaupir vörur af þessari verzlun, afgreiddi sig sjálfur, eins og stundum tíðkast hjá þeim, sem vilja hafa veltuna mikla, en selja ódýrt. Við skulum segja, að þessi verzlun græði 150 þús. kr. Þá yrði hún að greiða í veltuskatt, ef þetta væri smásala, 50 þús. kr. fram yfir það, sem hún hefði í tekjur. Það verður því þannig, þegar þessi veltuskattur er kominn á, að þá er um að gera fyrir allar verzlanir að minnka veltuna og selja sem rándýrast.

Það má benda á fyrirtæki eins og S. Í. S. Miðað við veltu ársins 1943 ætti það að greiða í veltuskatt rúmlega 700 þús. kr. M. ö. o., þessi skattur um það bil þrefaldar þá skatta, sem Sambandið hefur greitt. Félag eins og Kaupfélag Ísfirðinga, sem hefur ákaflega litla álagningu, — eitt af þeim félögum, sem leggja minnst á, — kaupfélagið er venjulega með verð fyrir neðan aðra þar á staðnum —, það mundi borga eftir veltunni 1943 upp undir 40 þúsund kr. Kron í Reykjavík

mundi greiða um 140 þús. kr. Þetta eru nokkurn veginn opinberir reikningar, en sama gildir vitanlega um alla hliðstæða kaupmenn og kaupfélög. Og þegar hv. 3. landsk. er að sannfæra menn um, að þessi skattur lendi ekki á neytendunum, heldur fyrst og fremst á þeim verzlunum og iðnfyrirtækjum, sem um er að ræða, þá er það vitanlega mál, sem ekki verður um deilt, að veltuskatturinn á samvinnufélögunum lendir beint á neytendunum, því að ágóðahluti S. Í. S. til samvinnufélaganna verður auðvitað þeim mun minni, sem skatturinn er hærri, og þar ofan á leggst þessi skattur á veltu kaupfélaganna. Það verður því ekki um það deilt, að þar sem kaupfélögin greiða meðlimum sínum ýmist í lægra verði eða uppbótum þann arð, sem verzlunin gefur, þá verður þessi veltuskattur á kaupfélögin beinn neytendaskattur á þá, sem við samvinnufélögin og kaupfélögin verzla.

Viðvíkjandi kaupmannaverzluninni ræddi hv. 3. landsk., hvernig yrði komizt hjá, að þeir veltu þessum skatti yfir á neytendurna. Telur hann miklu máli skipta, að þessi skattur sé lagður á veltu ársins 1944, en ekki 1945. Ég skal ekki fara inn á það að svo komnu, hvaða munur muni vera á því, en mér sýnist, að ef kaupmenn geta velt yfir á neytendur skatti, sem er lagður á veltu þeirra 1945, með því að haga verzlun sinni þannig, þá geti þeir það alveg eins, þó að skatturinn sé lagður á veltu ársins 1944. Annars skal ég ekki fara inn á þetta atriði nú, það verður að sjálfsögðu tekið til athugunar síðar, en ég er ákaflega smeykur um það, þótt það sé tekið fram í þessu frv., að skatturinn eigi ekki að reiknast til kostnaðar við vörusölu, að grunur hv. 3. landsk. hafi við rök að styðjast, að skatturinn reynist sem hver annar tollur, sem kaupmönnum tekst með einhverju móti að velta yfir á neytendur. (GJ: Kaupfélögunum sjálfsagt líka.) Þau geta ekki annað, því að gróði þeirra verður að sjálfsögðu minni, þegar veltutollurinn er tekinn bæði af Sambandinu og kaupfélögunum sjálfum. Það er atriði, sem ég hélt, að ég þyrfti ekki að taka upp hvað eftir annað. Ég held því, að þessi veltuskattur sé nokkurn veginn það vitlausasta skattafyrirkomulag, sem hægt er að hugsa sér, einmitt fyrir þessa sök, að hann hittir fyrst og fremst, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, þær verzlanir, sem reknar eru með minnstri álagningu, en hlífir þeim, sem leggja mest á vöruna, en hafa minnsta umsetningu.

Enn fremur er það auðsætt mál, að þessi skattur, eins og hann er, getur með hægu móti lent á fyrirtækjum, sem engar tekjur hafa. Það má enn fremur benda á, að þó að gert sé ráð fyrir, að þessi skattur verði ekki lagður á nema eitt ár, — en ég skal koma að því síðar, hve miklar líkur eru til, að það verði framkvæmt, hvað sem líður góðum vilja hæstv. stj. —, þá verður hann óumflýjanlega lagður á áframhaldandi, a. m. k. að vissu leyti. Það er ekki leyfilegt að draga skattinn frá tekjunum, þegar talið er fram til skatts. Þar af leiðandi getur svo farið og fer áreiðanlega þannig hjá mörgum félögum, að þau greiða ekki þennan skatt aðeins í eitt ár, heldur greiða þau skatt af þessum skatti næsta ár og meira að segja stríðsgróðaskatt. Ef hann er lagður á veltuna 1945, þá mætti svo fara, þó að það sé ósennilegt, að félag, sem hefði mikla umsetningu, greiddi, við skulum segja, 200 þús. kr. í veltuskatt. Við skulum gera ráð fyrir, að í lok ársins hefði það raunverulega engar tekjur, þegar það hefði greitt þessar 200 þús. kr. Þetta félag mundi teljast hafa þessar 200 þús. kr. í nettóhagnað, því að ekki má draga skattinn frá. Þá verður það næsta ár að telja þennan skatt fram sem tekjur og greiða af honum skatt.

Þá gæti farið svo, að það yrði að greiða skatt af veltuskattinum, sem búið er að greiða, þannig að þótt skattarnir séu ekki lagðir beinlínis á nema eitt ár, þá verður þetta þannig í framkvæmdinni, og sjá allir, hve mikið réttlæti það er. Hér getur farið svo, eins og ég gat um með fáum lauslegum dæmum. Það hefur líka verið viðurkennt við umr. í Nd. af hæstv. fjmrh., að þessi skattur geti verkað eins og eignarskattur. Og það er ekki hægt að neita því, að eins og um skattaákvæðin er búið virðist sem hann eigi að gera það, og hann gerir það í sumum tilfellum. En ef hann á að verka sem eignarskattur, þá verður það sama upp á teningnum. Það er fullkomlega fyrir hendi, hvernig skatturinn verkar sem eignarskattur, og hann getur hæglega komið harðast niður þar, sem hann ætti sízt að koma niður, en menn gætu sloppið, sem eignarskatturinn ætti fyrst og fremst að hitta.

Hvaða vit er í þessu með eignarskattinn? Til dæmis félag á Ísafirði, sem orðlagt er fyrir að leggja lítið á vörur sínar, en hefur mikla umsetningu, hvaða vit er í því að leggja á það 40 þús. kr. í veltuskatt og svo skatt ofan á það á næsta ári, því að þetta er reiknað sem tekjur? En kannske verzlun, sem er rétt við hliðina og verzlar með vörur, sem mikið er lagt á, og hefur grætt stórfé, en hefur miklu minni umsetningu, borgar lítið brot af því, sem kaupfélagið borgar. Þessi skattur er þess vegna þannig, að mér virðist, að hvernig, sem hann er skoðaður, er hann miklu meira en neyðarúrræði, — hann er raunverulega frágangssök. Það er frágangssök að beita skattal. eins og hér er fyrirhugað, því að svo ranglega koma þau niður. Viðkomandi því fyrirheiti ríkisstj., að þessir skattar verði ekki lagðir á nema eitt ár, og ég dreg ekki í efa, að hæstv. fjmrh. hafi allan vilja á að halda það loforð, og við skulum segja, að hann muni gera það, en þegar athugað er, hve miklar líkur eru til þess, að það sé framkvæmanlegt, þá sé ég ekki, að líkur séu til þess, að stj. geti það. Það er ákaflega sjaldgæft, að skattar séu lagðir á eitt ár og síðan afnumdir. Setjum svo, að þetta verði gert, — en hvaða líkur eru þá til þess, að hægt sé að afnema þennan skatt? Mér sýnist allar líkur benda til þess, að þörf ríkissjóðs fyrir aukna skatta verði sízt minni á næsta ári en í ár. Það verður þvert á móti að gera sér ljóst, að allar líkur eru til þess, að þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur haldi áfram að fara vaxandi, alveg eins og hún hefur vaxið ár frá ári undanfarið með vaxandi dýrtíð.

Með þeirri fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið undanfarið, hefur þetta farið svona, og þar sem þessari fjármálastefnu hefur verið fylgt, hefur þetta ætíð verið svo, og þar sem dýrtíð er að auki, eru engar líkur til þess, að breyting verði á þessu, heldur þvert á móti vissa fyrir því, að þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur fari vaxandi.

Það kann að vera, að hæstv. fjmrh. segi sem

svo: Við ætlum ekki að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur nema árið í ár og ekki greiða þær niður, en eins og maður veit, er það verulegur liður fyrir ríkissjóð, einkum niðurgreiðslur á innlendar vörur. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvaða líkur séu til þess, að Alþ. sjái sér fært að víkja frá þessari reglu. Þetta mundi vera eina vonin til þess, að útgjöld ríkissjóðs minnkuðu að verulegu leyti frá því, sem verður í ár. Þó að hætt verði að greiða niður landbúnaðarvörur og uppbætur á útfluttar vörur, þá koma í þeirra stað alþýðutryggingarnar, sem kynnu að kosta eitthvað svipað fyrir ríkissjóð, ef þær verða framkvæmdar á þann hátt, sem lofað hefur verið. Jafnvel þótt hætt verði að greiða niður landbúnaðarvörur, þá eru allar líkur til þess, að þessar alþýðutryggingar komi í staðinn og önnur útgjöld hækki. Peningar til þeirra framkvæmda, sem nú er verið að inna af höndum, hafa verið teknir úr sjóðum, sem safnað hefur verið undanfarið og nú er verið að eyða.

Til er 6 manna nál. um hlutfall milli kaupgjalds og verðlags. Við vonum, að styrjöldinni verði lokið á þessu sumri, og þá ganga dýrtíðarl. úr gildi, og þá má segja, að eftir þessu samkomulagi eigi bændur ekki rétt á því, að vörur, sem fluttar eru út, séu bættar. En ég vil benda á það, að samkvæmt sex manna nál. eiga bændur áfram nákvæmlega sama siðferðislegan rétt til þess, að hlutfall milli kaupgjalds og verðlags, sem þar er ákveðið, haldist, þó að dýrtíðarl. falli úr gildi. Og samkvæmt því hlutfalli, sem fulltrúi verkamanna ákvað, áttu bændur að fá rúmlega 12 kr. fyrir hvert kjötkíló á síðasta ári. Nú eru líkur til þess, að dýrtíðin aukist, ef því fer fram, sem horfir, og þá er ekki nokkur vafi á því, að á næsta hausti eiga bændur samkvæmt þessu áliti rúmlega 12 kr. fyrir hvert kíló af kjöti eða meir, ef vísitalan hækkar. Þetta er ekki samkvæmt dómi bænda, heldur samkvæmt dómi verkamannanna sjálfra.

Ef ætlunin er að hætta við þessar greiðslur til bænda að hausti, þá er samkvæmt réttlátri kröfu og áliti fulltrúa verkamanna ekki hægt að halda verðinu niðri nema með greiðslum úr ríkissjóði. Að öðrum kosti hlýtur verðlag að vera ákveðið af þeim, sem gera það, í samræmi við sex manna nál., með þeim afleiðingum, sem það hefði fyrir dýrtíðina í landinu.

Miklar líkur eru til þess, að útgjöld ríkissjóðs verði miklu meiri fyrir árið 1946 en 1945 með sama áframhaldi. Það eru engar líkur til þess, að þeir tekjustofnar, sem eru fyrir hendi, gefi meira af sér 1946 heldur en þetta ár, og hvaða tekjustofnar eru það þá, sem á að grípa til fyrir árið 1946, — hvaða tekjustofnar aðrir en þeir, sem ríkisstj. hefur komizt niður á nú, veltuskatturinn? Hvaða líkur eru til þess, að það finnist réttlátari tekjustofn fyrir næsta ár?

Ég geri tæpast ráð fyrir því, að það verði framkvæmanlegt fyrir ríkisstj. að standa við það loforð að leggja skattinn ekki á nema í þetta eina skipti. Ef einhver skattur er til, sem er réttlátari en þessi, þá á að leggja hann á nú, en ekki vera að bíða til 1946 og fella þá þennan skatt niður og taka annan í staðinn. Það eru engar líkur til þess, að ríkisstj. megi missa þær tekjur, sem hér er um að ræða, 1946. Það eru allar líkur til þess, að það þurfi að bæta við þær. Sannleikurinn er sá, og ég veit, að hæstv.. fjmrh. er það ljóst, að um hliðstæðan lið skatta eins og þennan veltuskatt er að ræða, og það er útsvarið. Það var í Reykjavík, sem í stærstum stíl var lagður á einhvers konar veltuskattur. Það var á togarana. Það er ekki hægt að neita því, að þegar aflaleysið var mest, árin fyrir stríðið, þegar það var svo mikið, að ekki fiskaðist nema helmingur af því, sem venjulegt var, og það, sem fiskaðist, seldist ekki nema fyrir helming af því, sem venjulegt var, — þegar kreppan var ægilegust fyrir styrjöldina, þá var gripið til þess, að einhvers konar stimpilgjald var lagt á öll bréf. Það er ekki hægt að neita því, að þessi frímerki, sem klínt var á öll bréf, er sá versti tekjustofn, sem farið hefur verið út í, og sama er að segja um veitingahúsaskattinn. Búizt er við því um þennan skatt, að það verði miklir erfiðleikar á því að innheimta hann og það skapi nýtt innheimtukerfi.

En þennan skatt var líka að finna hjá sveitarfélögum, sem voru komin á kúpuna vegna þess, að ekki voru til tekjur til þess að leggja á. Þessi skattur er lagður á, þegar raunverulegur tekjustofn er ekki til til þess að leggja á. Þegar tekjur eru ekki til, þá er byrjað að leggja á veltu, alveg án tillits til þess, hvern það hittir. Þegar farið verður að innheimta þennan skatt, mun ríkisstj. komast að raun um, að þetta bakar henni og þeim mönnum, sem eiga að greiða hann, ekki svo litla fyrirhöfn. Fyrir þetta eina ár, sem skatturinn á að gilda, er sett upp heilt kerfi til þess að koma í veg fyrir, að ríkisstj. missi úr höndum sér mikið af þessum skatti, sem ætlunin er að ná í. Í sambandi við þennan veltuskatt, þá sýnist mér, að það sé nokkuð langt gengið, þegar gert er ráð fyrir því, að samvinnufélög geti ekki greitt í varasjóð. Það er óneitanlega æði langt gengið í skattainnheimtu hjá ríkinu.

Það hefur verið deilt um þá fjármálastefnu, sem hér hefur verið tekin upp og ríkir nú, — þá stefnu, sem kemur fram í launal., og árangur þessarar fjármálastefnu er að koma í ljós í þessu frv. Það er mikið deilt um það milli flokkanna í landinu, hver eigi sökina á því, hvernig komið er. Það þarf engum blöðum um það að fletta, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. og hv. 3. landsk., að fjármálaástandið er orðið ákaflega óskyggilegt, svo að ekki sé meira sagt. Ég ætla ekki að fara langt inn á það í þessari ræðu, hver eigi sökina, — það kann að gefast tilefni til þess síðar. Ég held, að þjóðinni hljóti að vera það ljóst og alþm. sé það ljóst, að ómögulegt er að halda áfram þessari fjármálastefnu. Það er nákvæmlega sama og halda vitandi vits út í kviksyndi. Það held ég, að öllum ætti að fara að verða ljóst, án þess að deila um það, hver eigi sökina á því, að svona er komið. Það mun sannast, hvort sem hæstv. fjmrh. vill kannast við það eða ekki, að útgjalda- og tekjuþörf ríkissjóðs mun, ef að líkum lætur, fara vaxandi, en ekki minnkandi. Og þá er fyrirsjáanlegt, að hér kemur það sama og alls staðar hefur orðið þar, sem þessari fjármálastefnu hefur verið fylgt, að ríkissjóður getur ekki með neinu móti aflað tekna fyrir þessa útgjaldaþörf. Hér er maður að komast á það stig og raunar kominn á það með þessari tekjuöflunarleið. Eins og kom fram í ræðu hv. 3. landsk. er hún ekki næstum því

frágangssök, — hún er frágangssök. Það kann að vera, að með því að halda hverju segli strengdu til þess ýtrasta og sigla svo þeim vindi, sem nú er siglt í fjármálunum, þá sé hægt að halda skútunni á floti með þessu móti, láta líta út sem þessi sigling sé í bezta lagi, en það er ekki hægt að gera það nema takmarkaðan tíma. Þess ber að gæta, að með því að halda þannig áfram erum við raunverulega að gera ástandið, þegar að því kemur, að þessi sigling stöðvist, verra með hverju ári, sem líður, — verra en það var og er, og erfiðleikana á því að rétta við, þegar það starf hefst að nýju. Það er tvímælalaust, að skattana er miklu erfiðara að stöðva nú heldur en var 1940, 1941 eða 1942.

En lítum til þess, þegar á að fara að rétta þetta við á ný, og til þeirra afleiðinga, sem þetta hlýtur að hafa í för með sér. Það hlýtur að verða 10—20 sinnum erfiðara að rétta þetta við og stöðva sig heldur en það var 1940—1941, og með þessu áframhaldi, að nota svo að segja hvern einasta varasjóð og hvern möguleika til þess að ná í tekjur til þess að geta haldið þessu áfram, þá er ekki auðvelt að sjá það nú, hvernig þeir menn eiga að fara að, sem eiga að stöðva þetta á sínum tíma, því að þeir hafa ekki miklu úr að spila. Ef það verður þannig, sem ég vil vona, að núv. stj. takist að fá þá flokka, sem standa að stj., og þá fyrst og fremst verkamannaflokkana, til þess að framkvæma þessa stöðvun, — því að með öðru móti má segja, að hlutdeild verkamannafl. í stj., — þar sem þeir hljóta að sjá, að áframhald þessarar fjármálastefnu endar með stöðvun — hafi verið byggð á brigðum, og má segja, að þegar stjórnin reynir að gera þetta átak, þá muni hún komast að þeirri niðurstöðu, að betra hefði verið að gera það fyrr, og það verður alltaf því verra, sem það dregst lengur. Og þó að það kunni að kosta óþægindi í bili, þá held ég, að það skattafrv., sem hér liggur fyrir, ætti að geta vakið okkur alla til umhugsunar um það, að það er kominn tími til þess, að þetta starf hefjist nú þegar, en að við eigum ekki að afla ríkinu tekna á þennan hátt. Það er ekkert annað en að hlífa sjálfum sér við því að horfast í augu við þær staðreyndir, sem eru raunverulega til staðar, að halda lengur áfram á þessari braut. Ég skal svo ekki segja meira um þetta að svo komnu, — ég býst við, að afstöðu minni verði svarað með því, að þar gæti sömu bölsýninnar í spádómum mínum sem ég og flokksmenn mínir séu alltaf með. Ég vildi nú óska þess af heilum hug, að ég hefði rangt fyrir mér, en því miður get ég ekki sagt annað en það, að ég er alveg sannfærður um það, að áframhald á þessu getur ekki endað á annan veg en þann, sem ég hef verið að leggja niður fyrir sjálfum mér og fyrir hv. d. Ég er líka sannfærður um það, að þessi breyt. verður til þess að gera málið enn þá verra, því að erfiðleikarnir hafa verið að aukast, og þess vegna er það, að þó að hæstv. fjmrh. geri sér vonir um það að geta afnumið þennan skatt, sé ég ekki, hvernig það á að geta átt sér stað, ef haldið verður áfram sömu fjármálastefnu og gert hefur verið.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég er í þeirri n., sem stungið hefur verið upp á að vísa þessu máli til, og býst því við, að ég geti fjallað um málið í n. Ég er ekki vanur að tala mikið um mál við 1. umr., sem eiga að fara til n., sem ég er í, en það eru þó örfá orð, sem ég vildi segja nú þegar um þetta mál. Ég vildi í fyrsta lagi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvers vegna hann yfirleitt stingur upp á því, að þetta mál fari til n. Mér hefur virzt það svo með þessi stærri mál, sem hæstv. stj. hefur verið að sýna, síðan hún kom til valda, að þau hafi lítið til n. að gera. Það er yfirleitt samið um þessi mál, ekki einasta í höfuðdráttum eins og oft hefur áður verið venja, að stjórnarfl. hafa samið um málin í höfuðdráttum, heldur virðist nú vera samið um málin í hverju einstöku atriði og ekki þýði fyrir stjórnarandstæðinga a. m. k. að stinga upp á neinum breyt. þar á. Í öðru lagi get ég ekki stillt mig um að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að þetta frv. skuli vera borið fram í því formi, sem það er, og fróðlegt hefði verið að heyra til hæstv. fjmrh. og flokksbræðra hans, ef Framsfl. á valdatíma sínum hefði komið fram með slíkt frv. sem þetta. Ég skal þó taka það fram, að ég skil það vel, að stj. þarf nýjar tekjur og nýja tekjustofna til þess að standast fyrirsjáanleg útgjöld. Það, að stj. þarf auknar tekjur, er afleiðing af tvennu: Það er fyrst og fremst afleiðing þeirrar þróunar, sem hv. þm. Str. gerði að umtalsefni í ræðu sinni og verið hefur í fjármálum þjóðarinnar nú um skeið, og það er í öðru lagi afleiðing af stefnu hæstv. ríkisstj. Ég álít, að þó að landsmenn eigi alls ekki allir, og ekki allir flokkar, jafna sök á því, hvernig þessi þróun hefur verið, að heildargjöld ríkisins og sveitarfélaga hafa stöðugt aukizt, þá verða þó allir landsmenn, — og þar af leiðandi allir flokkar og alþm. —, að taka jafnt afleiðingunum af því. Þess vegna er það, að þó að ég sé stjórnarandstæðingur, þá mun ég sumpart styðja og sumpart ekki veita andstöðu sumum af þeim tekjuöflunarfrv., sem stj. ber fram. En þó að maður viðurkenni, að það vanti tekjur, þá er í fyrsta lagi það, að ég álít, að það sé hæstv. ríkisstj. sjálfrar og hennar fl. að taka afleiðingunum af því, sem leiðir beinlínis af eigin stefnu hennar, og í öðru lagi, þó að þörf sé tekna í ríkissjóð, getur skattafrv. verið þannig úr garði gert og svo ósanngjarnt og óheppilegt, að ekki sé hægt að styðja það, þó að þörf sé á tekjum, og a. m. k. er full ástæða til þess að athuga það, hvort ekki sé hægt eftir öðrum heppilegri leiðum að fá svipaðar tekjur í ríkissjóð en stungið er upp á með þessu frv. Það er stutt síðan hér var á ferðinni á Alþ. frv. um eignaraukaskatt. Að því frv. stóðu ásamt Framsfl. tveir af stuðningsfl. núv. ríkisstj. Eftir þeim áætlunum, sem gerðar voru um þann skatt, hefði hann átt að gefa hærri tekjur en þessu frv. er ætlað að gefa. Að vísu var eignaraukaskatturinn þess eðlis, að ekki var hægt að leggja hann á nema einu sinni, en hæstv. fjmrh. sagði, að þessi skattur, sem hér er farið fram á, verði ekki heldur lagður á nema einu sinni. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það hjá forsvarsmönnum þessara tveggja stuðningsfl. stj., Alþfl. og Sósfl.: Hvernig stendur á því, að þeir, sem hafa þó ⅔ af ríkisstj. og þar með allt hennar ráð í hendi sér, hafa ekki heldur látið bera slíkt skattafrv. fram heldur en þetta frv., skatt, sem þeir hafa áður flutt og talið á allan hátt réttmætan?

Eins og hv. þm. Str. tók skýrt fram og ég ætla

ekki að orðlengja um, þá er það svo, að hvað sem þessi skattur, sem ráðgerður er í frv., er kallaður, þá er hann í rauninni tollur, sem hlýtur að koma niður á öllum almenningi. Ég hef oft samþ. ýmsa tolla, og það er ekkert úrslitaorð um það, að gjöld til ríkissjóðs séu ranglát út af fyrir sig, þó að það séu tollar, því að þeir geta verið réttlátir, en það hefur verið greinilega sýnt fram á það, að þessi tollur, sem hér er lagður á allar vörur, er svo ranglátur sem verða má. Hann t. d. kemur nákvæmlega jafnt niður á nauðsynjavöru, sem yfirleitt er lítið lagt á af verzlunum, og á óþarfa. Það stendur að vísu í frv., að það sé ætlazt til þess, að vörurnar hækki ekki vegna þessa skatts, en ég álít það innantóm orð og þýðingarlaust að setja slíkt í l. Annaðhvort hljóta vörurnar að hækka um það, sem tollinum nemur, eða heildsölur og verzlanir hefðu staðið jafnvel að vígi að lækka vörurnar um sömu upphæð, og ef verzlanir geta borið þennan skatt, án þess að hækka vörurnar, þá gætu þær það eins, þó að verðlagseftirlitið skipaði þeim að lækka þær sem þessu nemur, og það mundi draga úr dýrtíðinni. Þetta virðist mér vera alveg augljóst mál, sem ekki sé hægt um að deila. Ég býst við, að stuðningsfl. stj. þyki það ekki beinlínis galli á frv., þó að það sé alveg sýnilegt, að þessi skattur kemur harðast niður á þeim landsmönnum, sem verzla í samvinnufélögunum, og mér virðist eins og það hlakki ofurlítið í sumum út af því. En hvað þá menn snertir, sem verzla í samvinnufél., er þetta alveg augljóst mál, hvernig sem að er farið, hvort skattarnir eru lagðir á veltu ársins 1944 eða 1945, því að hvort tveggja hlýtur að koma fram sem minnkandi arður greiddur félagsmönnum. Það getur ekki í samvinnufélögum komið niður á verzluninni, án þess að það komi niður á almenningi, vegna þess, að í því tilfelli er verzlunin og almenningur eitt og það sama. Hv. þm. Str. minntist á það, hvernig mundi fara eftir þetta ár, og færði rök að því, sem ég fellst alveg á, að ekki séu líkur til þess, ef sömu stjórnarstefnu er haldið, að hægt verði að komast af með minni tekjur en áður, og hvað á þá að koma í staðinn? Hér eru á ferðinni ný launal. fyrir starfsmenn ríkisins, það er búið að fella till. frá mér, sem hefði lækkað útgjöld ríkisins af þessum launal. um 2 millj. kr., og það er búið að samþ. brtt. frá meiri hl. fjhn., sem hækkar þessi útgjöld frá því, sem frv. var upphaflega, a. m. k. um ½ millj. kr., m. ö. o. nokkurn veginn sömu upphæðina og einu af þeim tekjuöflunarfrv.,' sem stj. ber fram, er ætlað að gefa ríkissjóði í tekjur. Og það hefur verið minnzt á tryggingarnar, sem stj. hefur lofað, að komist í gegn á þessu ári. Það er því nokkurn veginn víst, að það muni koma sömu þarfirnar á næsta ári eins og nú, og hvað á þá að taka til þess að fullnægja þessum þörfum? Hæstv. fjmrh. sagði, að þessi skattur yrði ekki á lagður nema þetta eina ár, og þess er óskandi, að hann og hæstv. stj. geti staðið við það. En ég vildi spyrja hann út frá þessu, sem ég sagði, hvað stj. meinar með því að leggja til, að þessi tekjuöflunarfrv. gildi aðeins eitt ár, þegar það er fyrirsjáanlegt, að sömu tekjur þarf framvegis. Er ekki kominn tími til þess að endurskoða dálítið skattalöggjöfina með það fyrir augum að fá fastari tekjustofna, svo ekki þurfi í vaxandi mæli að framl. slík l. frá ári til árs.

Hæstv. ráðh. játaði, að þessi skattur kæmi misjafnt niður, og það í ríkara mæli en aðrir skattar. En hvers vegna er verið að bera fram slíkt frv., sem kemur harðara og misjafnara niður á skattborgurunum en nokkur annar skattur hefur gert hingað til, og þar með óréttlátara? (**Fjmrh.**: Það er misskilningur.) Hæstv. ráðh. sagðist játa, að þessi skattur kæmi misjafnara niður og það í ríkara mæli en aðrir skattar, — því vona ég, að skrifararnir hafi náð. Nú dettur mér ýmislegt í hug í sambandi við það, þegar lagt er til að leggja á skatt, sem hæstv. ráðh. játar, að komi misjafnar niður en aðrir skattar og þar með ranglátar. Ég er búinn að benda stuðningsfl. stj. tveimur á skattafrv., sem þeir sjálfir voru með og þeir hefðu þó a. m. k. átt að geta haldið fram nú í staðinn fyrir þetta, en það kemur fleira til. Mér finnst, að áður en lagt er út á aðra eins braut og hér er farið fram á, þá hefði átt að taka til athugunar að afnema skattfrelsi það, sem hin efnuðustu fyrirtæki þjóðfélagsins nú hafa. Ég á þar við varasjóðshlunnindi hinna almennu hlutafélaga, a. m. k. margra þeirra. Það eru sum hlutafélög, sem rekin eru sem gróðafyrirtæki, ekki nein þjóðþrifafyrirtæki, og ég sé ekki og hef aldrei séð, hvers vegna þau eiga að njóta þessara hlunninda fram yfir einstaklinga, sem reka sams konar fyrirtæki. Og yfirleitt eru þessi félög rekin af efnaðri mönnum. Í sumum þessum hlutafél. munu vera maðurinn, konan og börnin og aðrir ekki. Og það hefur verið sagt hér á þingi, ekki af mér, heldur af flokksbróður hæstv. ráðh., að þessi hlutafélög væru sum þannig, að það væri hægt að halda stjórnarfundina í hjónarúminu. Mér hefði nú fundizt, sérstaklega þegar þess er gætt, að ⅔ hlutar stj. eru skipaðir sósíalistum, að það hefði verið eðlilegt, að það hefði verið athugað, hvort ekki ætti að einhverju leyti að afnema þessi sérréttindi, áður en farið er að leggja skatt á allan almenning í landinu, eins og hér er farið fram á. Mér virðist, að sósíalisminn hafi ekki orðið ofan á að ⅔ hlutum í hæstv. stj., þegar það var samþ. að ganga inn á að bera þetta frv. fram. (**Fjmrh.**: Má ekki telja öll félög?) Ég býst við, að hæstv. ráðh. eigi við samvinnufélögin. En ég hef vikið að því áður, að samvinnufélög og meðlimir þess eru það sama, en það má vel taka allt þetta til athugunar. Ég er ekki heldur að halda því fram, að afnema beri allt skattfrelsi hlutafélaga. Ég á sérstaklega við félög, sem reka ýmiss konar atvinnu, sem ekki getur talizt lífsnauðsyn neinni þjóð. Ég býst ekki við, að ég mundi samþ. það, þó að það væri borið fram í n., að afnema skattfrelsi og varasjóðsframlag útgerðarfyrirtækja, og er þó þess að geta í sambandi við það, að landbúnaðurinn framleiðir líka lífsnauðsynjar handa þjóðinni, og ekki hefur hann sams konar réttindi, og iðnaður, sem hér er rekinn sem hlutafélög, hefur ekki sams konar réttindi.

Ég vildi nú spyrjast fyrir um það þegar við þessa umr., hvort það er hugsanlegt, að brtt., t. d. frá mér, sem fram kæmu í fjhn., yrðu teknar til greina, yfirleitt hvort það þýðir nokkuð fyrir mig að ræða þetta mál. Ég þekki mína meðnm. að því, að þeir eru samvinnuþýðir menn, og ég kvarta ekki undan þeim. En þegar þeir fást ekki til að ræða uppástungur, þá stafar það frá skipunum eða samþykktum í flokkum þeirra. Ég vildi mjög

gjarnan stuðla að því, og mér er það fullkomin alvara, að ríkissjóður gæti staðizt hvað tekjur og gjöld snertir, þó að ég vilji ekki fallast á þann óskapnað, sem hér er borinn fram. Og þó að skattar þyki háir á skattborgurum landsins, skil ég þó ekki í öðru, ef þjóðin getur risið undir því að borga þennan skatt, sem, eins og ég hef sýnt fram á, er tollur, sem öll þjóðin borgar, en að koma mætti þessu fyrir á heppilegri hátt en þann, sem hér er farið fram á.

Hv. 3. landsk. féllst á það og sagði það beint í ræðu sinni, að þetta væri óæskileg aðferð og það væri aðeins af illri nauðsyn, sem þetta frv. væri borið fram, og hann afsakaði það með því, að þetta ætti aðeins að gilda í eitt ár. Það hefur verið sýnt fram á það, hve miklar líkur eru til þess, að þetta geti gilt aðeins í eitt ár eða þá, að annað þurfi ekki að koma í staðinn. En hvernig stendur á því, og að því vil ég spyrja hv. 3. landsk., að hann og flokkur hans hafa enga viðburði nú í stjórnaraðstöðunni til þess að fá fram í stjórnarsamvinnu suma þá skatta, sem þeir hafa áður talið réttláta og gætu komið í staðinn fyrir þennan skatt, sem hann taldi illa nauðsyn?

Ég skal ekki orðlengja þetta. Erindi mitt var að skýra frá afstöðu minni í fjhn. Ég tel, að það sé einungis formsatriði að vera að ræða þetta, því að það mun fyrir fram ákveðið, hversu því verður lokið. En ég vildi spyrjast fyrir um, hvort það er ekki tilgangslaust að vinna að þessu máli í nefnd.

Umr. frestað.

Á 106. fundi í Ed., 19. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Hv. 3. landsk. lét í ljós þá skoðun, að heppilegra mundi að leggja veltuskattinn á árið 1944 en árið 1945, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þessi aths. kom mér vitanlega ekki á óvart, því að eins og ég gat um, var ágreiningur um það innan stj. og að því er mér er kunnugt einnig innan Sjálfstfl.

Ég hef að vel athuguðu máli eðlilega aðhyllzt þá skoðun að leggja skattinn á árið 1945, en ekki árið 1944. Ég ætla ekki að fara langt út í umr. um þetta nú, því að ég þykist vita, að tilefni muni gefast til þess síðar. Í frumræðu minni fór ég um það nokkrum orðum, á hverju ég byggði þessa skoðun mína, en skal bæta því við, að ef skatturinn er lagður á veltu ársins 1944, ætla ég, að veitast muni mjög erfitt að komast hjá því að gera frekari undantekningar en gert er ráð fyrir í frv., og ég fyrir mitt leyti áliti það mjög óheppilegt, því að það verður erfitt fyrir þann ráðh., sem þarf að framkvæma lögin, að standa á móti sennilega fjöldamörgum kröfum, byggðum á meiri og minni sanngirni, um að fá undanþágu frá skattinum, ef hann er lagður á eftir á.

Ég skal þó aðeins víkja að því, að það eru ýmsar vörutegundir, t. d. kol, sement og e. t. v. fleiri, sem mjög lítil álagning hefur verið á í heildsölu. Mér er sagt, að kolin muni komast niður í næstum 1½%, og hljóta þá allir að sjá, að engin sanngirni er í því að leggja þar á veltuskatt. Sama gildir um sement, þar sem álagningin er svo lítil.

Þetta er ein ástæðan fyrir því, að ég beiti mér á móti álagningu á veltu ársins 1944. Auk þess má segja, að gagnvart skattgreiðendum sé það ótryggari aðferð að koma með þessa háu skatta eftir á. Ef menn vita um skattinn fyrir fram, geta þeir hagað rekstri sínum með tilliti til þess og þá máske sneitt hjá viðskiptum, sem ekki borga sig með skattgreiðslunni.

Þetta skal ég láta nægja hvað snertir aths. hv. 3. landsk.

Ég verð að játa, að undirtektir hv. þm. Str. undir frv. komu mér mjög á óvart. Ég var raunar undir það búinn að fá gagnrýni frá honum og öðrum um einstök atriði frv. Mér er það alveg ljóst, að sum ákvæði þess geta orkað meira eða minna tvímælis, og það undrar mig því engan veginn, þó að skiptar séu skoðanir um sum ákvæði þess, t. d. það, hvort skattinn skuli leggja á fyrir fram eða eftir á, til hvers konar þjónustu hann skuli ná o. s. frv. En hitt kom mér á óvart, að hv. þm. Str. skyldi leggjast á móti heildarstefnu frv. Ég get ekki betur séð en hún sé í fyllsta samræmi við þá skattamálastefnu, sem þessi hv. þm. og flokkur hans hafa beitt sér fyrir á síðustu árum. Ég veit ekki til, að flokkur hans hafi látið ónotuð mörg tækifæri til að minna á, að meiri skatta þyrfti að taka af stríðsgróðanum. Það hefur verið á því klifað í tíma og ótíma, að stríðsgróðamennirnir séu látnir friðhelgir og þeim hlíft við réttmætum álögum. (**BSt o. fl.:** Þetta er ekki rétt.) Ég vildi spyrja þá framsóknarmenn, sem eru að grípa fram í fyrir mér, hvaða stétt stríðsgróðamennirnir muni helzt tilheyra, ef frá eru teknir stórútgerðarmennirnir. Ég hafði haldið, að þegar stórútgerðarmennirnir eru teknir frá, mundi stríðsgróðamannanna helzt að leita í stétt kaupsýslumanna og iðnrekenda, en það eru einmitt þær stéttir, sem samkv. þessu frv. er ætlazt til að beri byrðarnar.

Hér er aðeins tvennt til. Annaðhvort hafa framsóknarmenn að undanförnu æpt um stríðsgróðann og skattaálagningu á honum aðeins í prettskyni, í því skyni að slá ryki í augu almennings, eða þá þeir verða í höfuðatriðum að ljá þessu frv. fylgi sitt, ef þeir eiga að vera í samræmi við fyrri afstöðu sína í þessu máli. Ég a. m. k. get ekki séð fleiri útgöngudyr. Þeim tjóar því alls ekki, þó að þeir geti bent á agnúa á löggjöfinni, því að það er að sjálfsögðu hægt að gera. En þá er að vinna sameiginlega að því að bæta úr þeim agnúum, og það breytir að sjálfsögðu engu um höfuðstefnu þessa frv., sem, eins og ég gat um áðan, er sú að ná sköttum af stéttum, þar sem um mestu fjársöfnun hefur verið að ræða á undanförnum árum, án þess þó að íþyngja þeim svo með álögum, að hætta sé á, að þær geti ekki innt af hendi þær skyldur, sem þeim eru ætlaðar í þjóðfélaginu. Fæ ég máske tækifæri til að koma nánar inn á það atriði síðar, þegar ég svara hv. 1. þm. Eyf.

Þegar ég lagði frv. fyrir hér í hv. d., lét ég þess getið, að ég hefði fengið heimild til að gefa þá yfirlýsingu f. h. ríkisstj., að hún mundi, svo framarlega sem hún undirbyggi fjárlög fyrir árið 1946, ekki fara fram á framlengingu á þessum skatti. Hv. þm. vefengdi ekki, að þessi væri ætlun stj., en taldi hins vegar a. m. k. mjög hæpið, að stj. gæti staðið við þessa yfirlýsingu sína. Þetta gaf honum tilefni til almennra hugleiðinga um fjármálaástandið og þá stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, um niðurgreiðslu dýrtíðarinnar í

landinu. Ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til að taka upp almennar umr. um það atriði. Það er búið að margræða það áður á þessu þingi. En ég get ekki stillt mig um að láta þess getið, að í þessum aths. hv. þm. Str. kom fram mikið ósamræmi. Annað veifið sagði hann, að ómögulegt væri að halda óbreyttri þeirri fjármálastefnu, sem fylgt hefði verið í þessum efnum að undanförnu, og ég er honum alveg sammála um það. Ég fyrir mitt leyti skil ekki, að orðið geti um það mikill ágreiningur, að jafnskjótt og eitthvað hallar undan fæti á einhverju sviði atvinnu- eða viðskiptalífsins, muni reynast ókleift að halda uppi þeim uppbótagreiðslum til framleiðslunnar, sem greiddar hafa verið síðustu ár, og reynslan er raunar búin að sýna okkur þetta alveg áþreifanlega. Þrátt fyrir hið góða fjárhagsástand, sem enn er í landinu, og góða afkomu atvinnuveganna, sýnir reynslan, að mjög erfitt reynist að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna til að standa við gerða samninga um uppbótagreiðslurnar.

Ég hef bent á það áður og skal endurtaka það nú, að mér finnst fullkomin ósanngirni að ásaka núv. ríkisstj. í þessum efnum. Þetta var þannig útbúið í hendurnar á henni, að hún átti einskis annars úrkosta en halda áfram á þeirri braut, sem áður hafði verið lögð. Það hafði verið samið um uppbætur á þær afurðir s. l. árs, sem ekki voru fluttar úr landi, og stj. gat ekki með nokkru móti annað en staðið við þær skuldbindingar. Það eru því gamlar, en ekki nýjar, syndir, sem stjórnin líður fyrir í þessum efnum.

En annað veifið segir svo þessi hv. þm., að hann sjái enga möguleika til að sleppa við að greiða uppbæturnar. Nú er vitanlega með öllu óhugsandi, að þetta tvennt geti farið saman, — annars vegar að hverfa frá þeirri fjármálastefnu, sem ríkt hefur undanfarin ár, og hins vegar að halda uppi þeim greiðslum, sem marka línu fjármálastefnunnar. Annaðhvort verður því að víkja frá fjármálastefnunni eða uppbótagreiðslunum.

Nú er ég vitanlega ekki undir það búinn að svara því, á hvern hátt verður komizt hjá uppbótagreiðslunum eða framhaldi þeirra. Hv. þm. vita allir, að þessa þrjá mánuði, sem stj. hefur setið, hefur hún haft margt að sýsla, og hygg ég því, að enginn geti lagt henni það út til ámælis, þótt hún sé ekki búin að gera sér ljóst, hvernig leysa beri þetta mikla vandamál. En mér er ljóst, að þessi ráð verður að finna, því að það er rétt, sem hv. þm. Str. sagði, að þeirri fjármálastefnu, sem ríkt hefur á undanförnum árum, verður ekki haldið áfram, hvort sem menn vilja eða vilja ekki. Ég er auk þess ekki fyrir fram sannfærður um, að erfiðleikarnir muni reynast eins miklir og margir virðast halda á því að sleppa frá uppbótagreiðslunum.

Bændur hafa ekki síður en aðrir siðferðilega kröfu til að fá sinn hluta af stríðsgróðanum. Bændur hafa sem betur fer komizt fram úr þeim erfiðleikum, sem þeir lentu í á kreppuárunum. Þeir eru skuldlausir og hafa safnað álitlegum sjóðum, eins og bezt sést á sparisjóðsinnstæðum úti um land. Viðhorfið fyrir bændur er því allt annað nú en það var í stríðsbyrjun, þegar byrjað var að greiða uppbæturnar. Ég efast ekki heldur um fyrir mitt leyti, að hvenær, sem þyngir að, muni bændur ekki síður en aðrar stéttir sýna það, að þeir séu tilbúnir til að taka sinn þátt af erfiðleikunum. En sé þessi skoðun rétt, sem kemur fram hjá hv. þm. Str. og ég hef verið að halda fram, að ekki muni reynast kleift að halda áfram með uppbótatilhögunina, þá er þar með fallinn grundvöllurinn undan þeim véfengingum, sem hann bar fram um, að stj. mundi standa við þá skuldbindingu að fara ekki fram á framlengingu á skattinum. Og þessi skattur, sem margt má að finna, horfir allt öðruvísi við, ef treysta má, að hann verði lagður á í eitt skipti fyrir öll og hann sé nokkurs konar viðbótarstríðsgróðaskattur, en ekki skattur, sem standa eigi um ótiltekinn, langan tíma.

Ég hygg, að það hafi aðallega verið þessi tvö atriði almenns efnis, sem hv. þm. Str. gerði aths. um viðvíkjandi þessu frv. Svo bar hann fram nokkrar aths. út af tilhögun skattsins að öðru leyti. Ég skal ekki á þessu stigi fjölyrða mikið um þær aths., það verður sennilega tækifæri til þess að ræða það nánar við 2. umr. frv. Hann lét í ljós þá skoðun, að skatturinn mundi raunverulega lenda á almenningi, á neytendum vörunnar. Ég get ekki séð, að hann hafi fært fram nein frambærileg rök fyrir þessu. Þegar litið er á skattinn í því ljósi, sem til er ætlazt, sem sé að hann sé viðbótarstríðsgróðaskattur, þá er engin ástæða til að ætla, að tilhneiging verði hjá verðlagsyfirvöldunum til að velta honum yfir á vöruna. Í frv. er skýrt tekið fram, að tilætlunin sé, að skatturinn megi engin áhrif hafa við verðlagningu vara, og það er líka tekið fram, sem ég álít, að orki miklu meira tvímælis, að hann sé ekki frádráttarhæfur við álagningu tekjuskatts. Það er að mínu viti miklu erfiðara að verja það ákvæði, af því að mér dettur ekki í hug að neita því, að þessi skattur er í raun og veru óhjákvæmileg rekstrarútgjöld, sem þessi fyrirtæki hafa, en sýnilega gegnir sama máli um ýmsa aðra skatta, eins og sveitarútsvar. Það er fyrst og fremst að talsverðu leyti ekkert annað en veltuskattur, og auk þess er það óhjákvæmileg rekstrarútgjöld, sem atvinnurekendur verða að hafa. Það er þess vegna alveg sama sanngirni, sem mælir með að gera það frádráttarhæft eins og þennan skatt. Ef hv. þm. Str. skyldi vilja taka upp aths. um að gera báða þessa skatta frádráttarhæfa, þá er ég tilbúinn að tala um það, en ég hef þó enga heimild til að gefa yfirlýsingu f. h. stj. í því efni.

Hv. þm. lagði sérstaka áherzlu á, að þessi skattur hlyti að lenda á þeim, sem verzluðu við samvinnufélögin. Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt, af því að hann hafi ekki hugsað þetta mál nægilega vel. Ef skattinum er á annað borð haldið fyrir utan verðlagninguna, þá lendir hann sem neyzluskattur ekki fremur á þeim, sem verzla við samvinnufélögin, en þeim, sem verzla við kaupmenn, — vöruverðið verður í báðum tilfellunum það sama. Hitt er annað mál, að verzlunarhagnaðurinn, sem kaupfélagamenn kunna að fá, verður að sjálfsögðu minni fyrir það, að skatturinn er lagður á, en þar er um tvennt ólíkt að ræða, hvort hann kemur sem hækkað vöruverð eða sem minnkandi ágóði. Annars er það svo, að þótt þetta lenti á þeim verzlunarhagnaði, sem félagsmenn í kaupfélögunum kunna að hafa, þá er þetta svo lítið, að þess gætir alls ekki. Maður, sem hefur 10 þús. kr. úttekt í kaupfélagi, og ég

hygg, að það megi teljast nokkuð mikil úttekt, fær 100 kr. minni arð, og eins og peningagildið er nú, sér þetta ákaflega lítið á fyrir allan þorrann. Ég held því, að ekki sé ástæða til, sérstaklega þegar á það er litið, hvernig skattalöggjöf okkar er hagað, og litið er á þau skattafríðindi, sem kaupfélögin hafa, fyrir þennan hv. þm. sem talsmann kaupfélaganna að gera mikið uppistand úr þessu. Ég held, að það mundi ekki mælast vel fyrir og ekki þykja mikill þegnskapur, ef mikið veður væri úr þessu gert.

Þá lét hann líka þess getið, sem ég hafði líka ymprað á, þegar ég lagði frv. fyrir d., að skatturinn mundi geta komið misjafnt niður, þ. e. a. s. hann kæmi þyngra á þau fyrirtæki, sem hefðu mikla veltu, en tiltölulega litla álagningu, en þau, sem hefðu litla veltu, en tiltölulega mikla álagningu. Þetta er rétt, en það verður óhjákvæmilega eitthvert ósamræmi að koma fram í þessu, en þegar litið er á heildina, þá ætla ég, að það skipti ekki mjög miklu máli. Reynslan er sú, að um verulegan gróða er ekki að ræða annars staðar en þar, sem veltan er mikil. Víðast er það þó svo með þau fyrirtæki, sem verzlun reka, að þau verzla sumpart með mikilli og sumpart með lítilli álagningu. Þetta er það algenga í kaupmannaverzlun. Af þessu leiðir aftur það, að í það heila tekið verður ekki um verulegt ranglæti að ræða í þessu efni, en eins og ég gat um í gær, er svo um þennan skatt eins og nálega alla aðra skatta, sem á eru lagðir, að þeir koma eitthvað misjafnt niður. Mér þætti gaman, að hv. þm. Str. vildi benda okkur á einhvern skatt, sem ekki gæti í neinu tilfelli komið ranglátlega niður.

Þá ætla ég, að ég hafi minnzt á öll þau atriði, sem verulegu máli skiptu í ræðu hv. þm. Str.

Þá skal ég að síðustu víkja örfáum orðum að því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um þetta mál. Hann gerði fyrst fyrirspurn til mín, hvers vegna ég gerði till. um að vísa málinu til n. Hann lét þau orð falla, að stjórnarflokkarnir hefðu verið svo óvægnir og sýnt svo mikla harðleikni í viðskiptum við andstæðingana og ekkert tekið til greina, sem þeir segðu, og taldi því óþarft að vísa málinu til n. Ég verð að segja, að þessi hv. þm. er ekki eins minnugur í þessu efni sem mörgum öðrum, því að ég hef tekið eftir, að hann hefur sterkt minni um marga hluti. Hann virðist vera búinn að gleyma árunum 1934—1935, þegar hann var í stjórnarflokki og aðrir í stjórnarandstöðu. Hann virðist vera búinn að gleyma, að þeirri reglu var þá fylgt undantekningarlaust, að hver einasta till. stjórnarandstæðinga var drepin, þó að ekki væri nema sjálfsagðar leiðréttingar á lagafrv. Ég held, að það sé óhætt fyrir hann að ganga í gegnum þingtíðindin frá 1934, a. m. k. í Ed., ég held, að hann finni þar eina eða enga till. frá stjórnarandstæðingum, sem náði fram að ganga. Hér er hins vegar daglega verið að samþ. frv. og till. frá stjórnarandstæðingum alveg eins og frá þeim, sem stj. fylgja að málum. Ég hef ekki látið mér detta í hug, að nokkur viðleitni væri í þá átt að beita stjórnarandstæðinga nokkurri harðleikni. Ég hef aldrei heyrt ymprað á því af einum einasta fylgismanni stj., enda getur slíkt siðleysi í þingmálum, sem átti sér stað á þeim árum, ekki orðið til annars en tjóns. Fyrir mér vakir ekki annað, þegar ég fer fram á, að málinu sé vísað til n., en að það fái þar þá athugun, sem er ætlazt til, að hvert þingmál eigi að fá. Að vísu er búið að athuga það talsvert frá ýmsum hliðum, en mér er þó fullljóst, að þar eru ýmis atriði, sem vel getur komið til greina, að þyrfti að breyta, og tel ég sjálfsagt, að þeir, sem stj. fylgja, og alveg eins þeir, sem eru í stjórnarandstöðu, leggi það til, sem þeir álíta bezt.

Þá minntist hv. þm. á, að þessi skattur mundi verða allþungbær fyrir þá, sem hefðu verzlun með höndum. Hann lét þess getið, að hann mundi verða þungur á nauðsynjavörum, sem hann nefndi svo, af því að svo lítil álagning væri á þær. Þegar talað er um nauðsynjavörur, er venjulega fyrst og fremst átti við kornvöru. Ég hef haft opin augun fyrir þessu hvað kornvöru snertir. Sannleikurinn er sá, að álagning á kornvöru hér á landi er alls ekki lítil. Hún hefur verið í heildsölu 10% og í smásölu 30%, og um heildsöluálagninguna verður að geta þess, að um leið og hún var færð upp í þetta, var heildsölum gert að skyldu að liggja með heils árs birgðir, og því verða þeir nokkuð fyrir vaxtatapi og rýrnun á vörunni. Ég get þessa til þess, að það komi fram, að hér er ekki um óhæfilega álagningu að ræða. Samt er þetta svo rif álagning, að ég ætla, að þeir, sem með þessa vöru verzla, hafi á undanförnum árum haft það góða afkomu, að ekki sé hægt að segja, að það sé stórkostlegt misrétti, þó að nú sé lagður á þá veltuskattur, ekki hærri en hér er farið fram á. Um aðrar nauðsynjavörur er það að segja, að álagningin á þær er mismunandi. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, er heildsöluálagningin á sumar þeirra svo lág, að hún mundi ekki þola þennan veltuskatt, en það er tiltölulega lítið af þeim vörum, sem seldar hafa verið í heildsölu. En jafnvel þótt gera yrði undantekningar með þá vöru, mundi það ekki skipta miklu máli fjárhagslega, þó að það væri allmikill ágalli fyrir þá, sem l. ættu að framkvæma, að verða að gera þær.

Þá endurtók hv. 1. þm. Eyf. það, sem hv. þm. Str. hafði sagt, að skatturinn mundi raunverulega lenda á almenningi, og lét þess getið, að eins vel hefði mátt lækka verð á vörum. Þetta mætti til sanns vegar færa á árinu 1945, en ef hann tekur það trúanlegt á annað borð og getur fallizt á, að afkoma þessara atvinnugreina hafi á undanförnum árum verið það góð, að þeim stéttum, sem skatturinn lendir á, mundi ekki vera hættulega íþyngt með honum, þá er þessi röksemdafærsla oltin um sjálfa sig, og ef maður miðar skattgreiðsluna fyrst og fremst við undanfarin ár, þá þýðir ekki að svara því til, að eins vel hefði mátt lækka vörur í verði. Þar að auki er það, að ef þessum skatti verður að ná í ríkissjóð, þó að það gæti haft einhver áhrif á vöruverðið, þá er erfitt að benda á aðra leið skynsamlegri en hér er farið fram á.

Þá lét hv. þm. þess getið, að bent hefði verið á aðra leið til að ná tekjum í ríkissjóð og það miklu meiri en hér er um að ræða, en það er með því frv., sem borið hefur verið fram þing eftir þing, um eignaraukaskatt. Ég get ekki neitað því, að mér þykir undarlegt, að þeir hv. þm., sem eru að bera sig svo illa út af þeirri tiltölulega lágu skattaálagningu, sem hér er um að ræða, skuli treysta sér til í sömu andránni að verja þær skattaálögur, sem fólust í eignaraukaskattsfrv.,

þar sem gert var ráð fyrir að taka allt að 30% af hreinni eign og gat undir vissum kringumstæðum komizt hærra. Nú veit hv. þm. vel, að eignaraukaskatturinn mundi að miklu leyti lenda á þeim sömu stéttum, sem lagt er til, að skattlagðar verði með þessum frv., sem lögð hafa verið fram í þessari d. Hann mundi nálega einvörðungu, með örfáum undantekningum að vísu, lenda á stórútgerðinni, kaupmönnum og iðnrekendum, en það eru þeir sömu menn og ætlazt er til, að skattlagðir verði með þessu frv. Hins vegar er ljóst, að skatturinn hefði lent á allt öðruvísi. Sá skattur hefði lent einvörðungu á þeim, sem hefðu gert framtöl sín þannig, að eign þeirra hefði komið í ljós, en þessi skattur lendir jafnt á þeim, sem haga framtölum sínum þannig, að eign þeirra kemur ekki fram. Ég er ekki að fullyrða neitt, hve mikil brögð eru að því, að eign manna komi ekki fram í framtölum þeirra, en ég hygg, að erfitt sé fyrir þessa hv. þm. Framsfl. að halda fram við umr. hér á þingi, að eignaraukaskatturinn sé stórum betri en sá skattur, sem hér er um að ræða, svo mikið hefur verið um það talað af þeim sjálfum í blöðum þeirra, að framtölum hafi verið ábótavant, og nú síðast hér á þingi ekki fyrir löngu, að ég hygg, að erfitt sé fyrir þá að snúa nú við blaðinu og halda fram, að eignaraukaskatturinn hefði komið öllu réttlátlegar niður að þessu leyti.

Ég hygg, að það sé sama, frá hvaða sjónarmiði litið er á eignaraukaskattinn, — hann kemur ekki á neinn hátt réttlátlegar niður, auk þess sem hann er frá þjóðhagslegu sjónarmiði svo varhugaverður, að ekki má fara inn á hann. Það má aldrei í kapitalistisku þjóðfélagi taka af mönnum alla hvöt til að eiga eignir. Þá er betra að fara inn á ríkisrekstur. (**BSt:** Er ekki verið að því nú?) Mér skilst, að hann hafi ekki verið að því síðustu þrjá mánuðina. (**BSt:** Ég hef aldrei verið með því.) Það hefur nú verið svona upp og ofan.

Þá benti hv. þm. á, að það hefði mátt fara aðra leið til að ná þessum tekjum, en það var með því að afnema þau fríðindi, sem hlutafélög njóta viðvíkjandi varasjóðum, sem þeim er heimilt að leggja í án skattlagningar. Þessu hefur verið margsinnis hreyft áður og fengið misjafnar undirtektir. Fyrst er þess að gæta, að þótt þessi leið hefði verið farin, þá hefðu þær tekjur, sem ríkissjóði hefðu áskotnazt þannig, verið hverfandi litlar samanborið við það, sem ráðgert er með þessu frv., eins og það er nú. Þar af leiðandi hefði ekki verið unnt að láta slíka löggjöf koma í staðinn fyrir þá, sem hér er um að ræða, en auk þess skal ég gjarnan gefa þá yfirlýsingu, að ég hefði aldrei getað fallizt á þá lausn málsins, þó að hún hefði verið fullnægjandi. Það eru ekki nema fá ár, síðan þingið komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að breyta stóratvinnurekstri yfir í hlutafélagsform en láta hann áfram vera einkarekstur, eins og hann var í flestum tilfellum þangað til. Þetta er gert með það fyrir augum, að meiri trygging sé fyrir, að fé festist í félögunum, ef þau eru í hlutafélagaformi, og ýmsar skorður eru reistar við, að fé, sem lendir í varasjóðum, fari þaðan. Fæst því meira öryggi fyrir festu og „soliditeti" með hlutafélagaforminu heldur en ef látið er skeika að sköpuðu með það, hve mikið fjármagn stendur fast í atvinnurekstrinum. Það verður að ganga út frá því, að ef þingið samþykkir þessi fríðindi hlutafélögunum til handa, þá hafi það vitað, hvað það hefur verið að gera, og hafi þá verið búið að gera upp það dæmi, að heppilegt væri að breyta til á þennan hátt. Eðlileg afleiðing af því varð sú, að nálega allur stóratvinnurekstur með ærnum kostnaði færðist yfir í hlutafélagaform, og virðist mér, að þá væri ekki gætt nægilegs velsæmis í opinberu lífi, ef eftir 2—3 ár væri aftur horfið frá þessari stefnu og hlutafélögin svipt þeim fríðindum, sem skattal. gefa þeim, og þar með svipt burt öllum grundvelli, sem lagður var fyrir því að breyta atvinnurekstrinum í þetta horf, því að vitanlegt er það, að atvinnurekandinn vill í langflestum tilfellum fremur vera sjálfráður með þennan afgang, sem hann kann að hafa af atvinnurekstri sínum, en að láta hann verða að meira og minna leyti bundinn. Það getur náttúrlega verið freistandi, þegar ríkissjóður þarfnast peninga, að grípa til úrræða eins og þessara og hringla til með jafnveigamikið atriði í löggjöf og þetta er. En þó að freistingin sé mikil í þessu efni, verða þeir, sem ráða, að standast hana. Það eru takmörk fyrir því, hve langt má ganga í því að hringla með þessa löggjöf. Það eru takmörk fyrir því, hve langt má ganga í að svipta atvinnuvegina öllu öryggi. Og það eru takmörk fyrir því, hvernig leika má borgarana í þessu efni. Ef hverfa á frá þessu örfáum árum eftir að þessi tilhögun er komin á, þá er það ekkert annað en svik við atvinnureksturinn í landinu. Ég get ekki undir neinum kringumstæðum samþ., að horfið verði frá þessu aftur, nema að mjög vel athuguðu ráði og komizt væri að þeirri niðurstöðu, að stóratvinnurekstrinn ætti heldur að vera í höndum einstaklinga í stað hlutafélaga. En hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Þetta er bara tækifærisstefna, sem er kastað fram án nánari yfirvegunar. Ég er þeirrar skoðunar, að þótt þetta geti gefið einhverjar tekjur í ríkissjóð, muni þetta illa borga sig og hefna sín síðar. Þá spurði hv. þm., hvort það mundi þýða að koma fram með nokkrar till. til breytingar á þessu frv. Ég get ekki svarað öðru en því, að ég tel sjálfsagt, að hver skynsamleg till., sem fram kemur, verði athuguð gaumgæfilega, og fer það svo eftir því, hvort hún er talin horfa til bóta eða ekki, hvort hún nær fram að ganga eða verður felld.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Þessar umr., sem hér hafa farið fram, þau svör, sem hæstv. fjmrh. hefur veitt viðvíkjandi skattafrv., hafa snúizt að miklu leyti um atriði, sem hann talaði um upphaflega. Þess vegna er hægt að takmarka umr. mikið. Fyrst vil ég geta þess, að það var ekki í orðum mínum, sem ég sagði hér í gær og hæstv. ráðh. minntist á, að nær hefði verið að taka þau réttindi af hlutafélögum að leggja 20% í varasjóð heldur en leggja fram þetta skattafrv. Þau ummæli komu frá hv. 1. þm. Eyf. En ég get ekki stillt mig að minnast á það hér, að mér þótti ummæli hæstv. ráðh. um þetta mjög einkennileg. Hæstv. ráðh. talaði um siðleysi í sambandi við það, að þessi hlunnindi væru afnumin. En það hygg ég þó, að legið hafi við borð hjá ríkisstj., að sú stefna yrði ofan á, þótt annað yrði seinast upp á teningnum. Og mig undrar þetta hjal um siðleysi í opinberu lífi, þegar

það er einnig vitað, að um leið og frv. um veltuskatt er lagt fram, er skýrt frá því, að mikill hluti ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að leggja beri á veltu ársins 1944. En nú hafa allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, bundið sig við verðlagsákvæði og rekið iðnað sinn eða verzlun árið 1944 undir eftirliti og miðað rekstur fyrirtækjanna við það skattakerfi, sem ríkti árið 1944. En svo fá þeir ekkert líkt því, að tekinn sé af þeim réttur til að leggja gróða í varasjóð eða skattar séu hækkaðir. Nei, þeir fá veltuskatt, hvort sem þeir hafa grætt eða tapað. Það er verið að tala um siðleysi, ef hlutafélög væru svipt varasjóðsfríðindum, en ef tala á um siðleysi, — það eru ekki mín orð, — þá er þessi skattur siðlaus, einkum ef hann verður nú lagður á veltu ársins 1944.

En hvað er svo að segja um þessi hlutafélög, sem hæstv. ráðh. var að tala um? Það er vitað mál, eins og kom fram í umr. í gær, að munurinn á einstaklingsrekstri og hlutafélagsrekstri er hér á landi ekki svipaður því, sem hann er annars staðar og hann ætti að vera. Það er hægt að benda á fjölda manna, sem hafa rekið iðnað og verzlun án þess að njóta nokkurra fríðinda, en hafa nú breytt fyrirtækjum sínum í hlutafélög, þar sem konan og tengdasonur eða börn eiganda eru gerð að hluthöfum. Og þar með hafa þessi fyrirtæki öðlazt hlutafélagsréttindi, þótt um ekkert hlutafélag sé að ræða, nema að nafninu til. Eins og bent var á hér í umr., er hægt að halda marga hlutafélagafundi í hjónarúminu eða a. m. k. í hjónaherberginu. Þannig eru nú mörg þessi hlutafélög. Og svo rýkur hæstv. ráðherra upp og telur það ákaflegt hneyksli, ef þessi forréttindi séu afnumin. Með tilliti til þessa er löggjöfin um sérréttindi hlutafélaga mjög ranglát, enda voru þau sett með allt öðrum forsendum en þau verka nú. Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessi hlutafélög, sem eru raunverulega einstaklingsrekstur.

Hæstv. ráðh. sagði, að fyrst og fremst yrði að vinna að því, að skattarnir lentu á stríðsgróðanum. Það er alveg óþarfi að deila um það, að með þessu skattafrv. er síður en svo nokkur trygging fyrir því, að svo verði. Hann sagði, að þar, sem mikil umsetning væri, væri einnig mikill gróði. Þetta er síður en svo rétt. Þetta þarf ekki að fara saman og fer alls ekki saman. Það eru til fyrirtæki og það mörg í þessum bæ, sem eiga mjög erfitt með að þola þennan skatt ofan á allt annað. Hins vegar er það vitað, að ýmsir menn, sem hafa litla umsetningu, hafa rakað saman fé. Hugsum okkur einstaka menn hér í bænum og úti á landi, sem reka heildsöluverzlun. Þeir þurfa ekki að vinna nema stuttan tíma á dag. Þeir þurfa ekki annað en taka vöruna upp, verðleggja hana á 2—3 dögum og selja hana. Þetta er þeirra fyrirhöfn. Þetta frv. kemur létt niður á þeim, af því að þeir reka verzlun með lítilli fyrirhöfn, en stórkostlegri álagningu. En þeir, sem reka verzlun eða iðnað, sem er ákaflega umfangsmikill, en hafa litla álagningu, eins og kaupfélögin og Sambandið, þeir fá sama skatt. En þó mun þetta koma þyngst niður á þeim, sem verzla með matvöru. Þeir verða að liggja með miklar birgðir og takmarkaða álagningu. En fyrirhöfn við þessa vöru er mikil, hún rýrnar mikið og útheimtir mikinn lager og margt fleira. Þeir, sem þessa vöru selja, verða að sæta sama skatti og þeir, sem selja postulín og silki með stórkostlegri álagningu, en lítilli umsetningu. Það er því fjarri því, að nokkur trygging sé fyrir því, að skatturinn lendi á stríðsgróðanum. Það eru mestar líkur til, að hann lendi þar alls ekki. Veltuskatturinn er refsiskattur á þá, sem leitast við að reka heilbrigða verzlun, því að þar, sem gróðinn er minnstur, en umsetningin mest, kemur skatturinn harðast niður. En þar, sem álagningin er mikil, gróðinn mikill, en umsetningin lítil, kemur hann létt niður. Það er því fjarri því, að skatturinn komi niður á stríðsgróðanum, og það m. a. s. samkv. rökum hæstv. ráðh. sjálfs. Það getur vel verið, að það sé tilhlökkunarefni sumra, hvernig skatturinn hittir samvinnufélögin og S. Í. S., vegna þess að þau fyrirtæki hafa mikla umsetningu, en litla álagningu. Sem dæmi má taka kaupfélagið á Ísafirði, sem alltaf hefur haldið sér fyrir neðan verð á vörum þar á staðnum, það fær 39 þús. kr. skatt samkv. veltu 1943. En margfalt auðugri verzlanir þar, sem leggja meira á, en hafa minni veltu, fá miklu lægri skatt. Svo spyr hæstv. ráðh., hvort nokkur vilji benda á skatt, sem komi alveg réttlátlega niður. Vitanlega dettur mér ekki í hug að halda því fram, að nokkur skattur komi algerlega réttlátlega niður fyrir alla. Eins og við báðir vitum sem lögfræðingar, er ómögulegt að setja þau lög, sem eru algerlega réttlát fyrir alla, sem undir þeim búa. En það er þó reynt að ganga þannig frá skattalöggjöf, að hún komi réttlátlega niður, og í allflestum tilfellum kemur hún það. T. d. er eignarskattur lagður þar á, sem miklar eignir eru fyrir, og tekjuskattur þar, sem miklar tekjur eru. Og sömu reglu hefur verið fylgt með útsvar, nema hjá þeim sveitarfél., sem eru algerlega að fara á hausinn. Þá hafa þau orðið að grípa til veltuskatts. Og það er einmitt það sama, sem ríkið er að gera nú. En það er svo langt frá því, að reynt sé að láta þennan skatt koma þar niður, sem hann ætti helzt að hitta. Aftur á móti eru mestar líkur til, að hann hitti þar, sem ranglátast er, að hann hitti. Að því leyti fylgir hann öfugum reglum samanborið við aðrar skattalöggjafir. Þessi lög útiloka það, sem heilbrigt fjármálalíf stefnir að, að reka fyrirtæki með mikilli umsetningu, en lítilli þénustu. En það er mikið lagt upp úr því í öðrum löndum, þó að við Íslendingar eigum mikið ólært í þeim efnum. Þessi lög verka sem refsing á slíka stefnu. Og það er áreiðanlega ekki ofsagt, sem einn fylgismaður stj., hv. 3. landsk., sagði, að þetta væri aðeins neyðarúrræði, því að raunverulega er þetta ekkert úrræði. Flest önnur neyðarúrræði væru skárri, t. d. að leggja á beinan eignaraukaskatt. (**Fjmrh.**: Er eignaraukaskattur neyðarúrræði?) Ég hef alltaf álitið það, nema jafnhliða væri tekið til athugunar, hvernig fjárhagskerfi ríkisins á að vera í næstu ár. En eins og nú er komið, veit enginn, hvernig það reynist. Ég hygg, að hæstv. fjmrh. kannist við það. Það væri miklu betra að grípa til eignaraukaskatts sem neyðarúrræðis eða fella niður rétt hlutafélaga, sem leggja gróða í varasjóð, nema þeirra, sem fást við útgerð, eins og ríkisstj. var að hugsa um að gera um tíma.

Hæstv. ráðh. minntist á þá fjármálastefnu, sem hér er ríkjandi, og reyndi að færa rök að því, að hún væri undirrót þessa skattafrv. Enda má öllum þm. vera það ljóst, að þetta skattafrv. er

eftirtektarverð aðvörun um það, hvernig fjármálum ríkisins er nú komið. Þau eru komin á heljarþrömina. En á þessa fjármálastefnu minntist fjmrh. lítið, en gat þess, að það væri ekki þessari stj. að kenna, hvernig komið væri. Og ég skal viðurkenna það, að það er ekki þessari stj. að kenna, hvernig fortíðin í fjármálunum hefur verið, nema sumum mönnum, sem eiga sæti í stj. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í gær. Ef við erum hér til þess að hugsa um fjármál þessarar þjóðar, þá er kominn tími til þess að skilja það, að fjármál ríkisins eru komin á heljarþrömina. Þetta skattafrv. sýnir, að ekki er hægt að halda þessari stefnu lengur áfram. Það verða engin rök færð fram fyrir því. Og þau orð mín mega gjarnan standa í Alþt., að það eru engar líkur fyrir því, að ríkið þurfi að halda á minni tekjum á næsta ári en nú. Það eru allar líkur fyrir því, að það þurfi meiri tekjur. Það þýðir ekki annað en horfast í augu við þá staðreynd, ef hugsa á alvarlega um fjármál ríkisins. Hæstv. fjmrh. svaraði þessu lítið, en minntist á það, að ekki væri hægt að halda áfram greiðslum til lækkunar á vöruverði landbúnaðarvara á innl. markaði og uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir. Ég hef sýnt fram á það, að með því að halda áfram þessari fjármálastefnu væri ómögulegt að komast hjá því að borga niður landbúnaðarvöruna, þótt lögin féllu úr gildi. Því að samkv. samkomulagi sex manna n. eiga bændur að fá verð í vissu hlutfalli við kaupgjald á hverjum tíma. Og það verð, að álitu verkamannaforkólfanna, sem sátu í sex manna n., er hvorki meira né minna en 12 kr. hvert kg af kjöti. Ef hætt er að borga niður landbúnaðarvörurnar, svo sem nú er gert fyrir landsmenn alla, svo að dýrtíðin komi ekki í ljós, er fyrirsjáanlegt að hér kemur slík dýrtíð, að ekki er hægt að reka neinn atvinnurekstur, sem styðst við að selja vörur til útlanda. Það eru nú ekki nema 9 til 10 mánuðir þar til við þurfum að horfast í augu við þessar staðreyndir. Af þessum ástæðum er það alveg fyrirsjáanlegt, að áframhald á þessu fjármálaskipulagi, sem þetta skattafrv. er hluti af, er að sigla þjóðarskútunni í strand fjárhagslega.

Það er fyrirsjáanlegt nú í dag, að ekki verður hjá því komizt að greiða niður landbúnaðarvörurnar, til þess að önnur framleiðsla geti staðizt, og eins og ég sýndi fram á í gær eru fjárlögin hærri vegna dýrtíðarinnar, og nú er verið að eyða sjóðum til framkvæmda, sem við verðum að afla fjár til að hausti. Við hljótum að kannast við það, að með þessu áframhaldi stefnum við þjóðarskútunni fjárhagslega í strand. Það getur vel verið, að það eigi eftir að koma í ljós, að eina úrræði þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, verði að lækka kaupgjaldið og þá náttúrlega verðlagið líka. Þetta kemur líka fram í blöðum stjórnarfl., sérstaklega í blöðum Sjálfstfl.

Ég skal viðurkenna það fyllilega, að út frá því sjónarmiði, að einhver trygging sé fyrir því, að verkamannaflokkarnir geri þetta seinni hluta ársins, er gerlegt að halda þeirri stefnu, sem nú er haldið. Ef þeir neita því að lækka kaupið móti verðlækkun, þá er það auðvitað, að ekki er hægt að semja fjárlög fyrir næsta ár. Ég er satt að segja undrandi yfir því, þegar slíkt sem þetta er fyrirsjáanlegt, að þeir, sem að stjórninni standa, skuli ekki byrja á því að færa niður verðlag og kaupgjald nú þegar. Það þýðir ekkert að færa fram þau falsrök, að Framsfl. berjist fyrir því að lækka kaupið, en ekki verðbólguna. Hann hefur aldrei haldið öðru fram en að lækka allt samtímis og jafnframt að stuðla að auknu verðgildi peninga með því að skattleggja óhóflegan gróða af völdum verðbólgunnar.

Ég er undrandi á því, að þeir skyldu ekki strax grípa til þessara ráða, því að eins og ég benti á í gær, er fyrirsjáanlegt, að ástandið, þegar til þess kemur að færa niður dýrtíðina, hvort sem það verður gert að hausti eða eftir áramót, verður verra en það er núna. Annars talaði ég svo mikið um það í gær, að ég vil ekki endurtaka það meira en ég hef þegar gert.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki meira, þótt þessi skattur væri ekki frádráttarhæfur en t. d. útsvar. Ég benti á það í gær, hver munur er á því. Útsvar er lagt á tekjur og lítils háttar á eignir, en næstum allt á tekjur. Það er þess vegna tvímælalaust, að þeir, sem útsvar er lagt á, hafa tekjur á árinu og það meira að segja nokkurn afgang. Það er því auðvelt fyrir þá að draga útsvar og tekjuskatt frá þeim raunverulegu tekjum, sem þeir hafa og reikna þannig út fjárhag sinn fyrir árið. En eins og ég sýndi fram á hér í gær, getur hæglega farið þannig, að fyrirtæki, sem borgar veltuskatt á árinu 1945 og hefur haft t. d. 200 þús. kr. tekjur, verði að greiða allar tekjurnar í veltuskatt og ætti þess vegna hvorki að greiða skatt né útsvar, en þegar þessi l. koma í gildi, greiðir það tekjuskatt af þessum 200 þúsund kr. á næsta ári, þó að fyrirtækið hafi raunverulega engar tekjur. Ég veit um fyrirtæki hér í bæ, sem heldur er farið að halla undan fæti með. Það getur vel svo farið, að það greiði svo háan veltuskatt árið 1945, að það hafi raunverulega engar tekjur og verði þó árið eftir að greiða ½ millj. kr. í tekjuskatt af veltuskattinum samkv. þessum l., því að veltuskatturinn er tekjur samkv. þessu frv.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að það væri ekki stórt, þó að þeir, sem hafa 10 þús. kr. úttekt í kaupfélögum, greiði 100 kr. Þetta er ekki rétt, því að sá, sem hefur 10 þús. kr. úttekt í kaupfélögum, greiðir 250 kr., því að hann greiðir 1% gegnum veltu kaupfélagsins og 150 kr. gegnum veltu S. Í. S., þannig að það verður samtals 250 kr., sem hann verður að greiða, og það er ekki nein smávægileg upphæð. Hæstv. ráðh. sagði svona í öðru orðinu, að þessi skattur lenti ekki á neytendum, en í hinu orðinu sagði hann, að það væri að vísu svo, að þetta kynni að koma niður á þeim, sem í samvinnufélögum eru. Náttúrlega þarf ekki neinum blöðum um þetta að fletta, og við mann eins og hæstv. fjmrh. ræði ég það ekki frekar. Það er vitað mál, að kaupfélögin greiða þeim, sem við þau skipta, arð eftir því, hve ágóðinn er mikill eftir árið. Þau áætla vöruverðið og greiða síðan ágóðann til viðskiptamanna sinna. Nú er það vitað mál, að heildsala kaupfélaganna, S. Í. S., sem verður að greiða þennan veltuskatt, greiðir félögunum þeim mun minni ágóðahluta, og þess vegna dregst það frá þeim arði, sem kaupfélögin greiða meðlimum sínum í uppbætur. Í annan stað greiðist veltuskattur af veltu kaupfélaganna sjálfra, og það dregst líka frá. Því er nefnilega þannig

farið, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði í gær, að kaupfélögin og meðlimir þeirra eru eitt og hið sama, vegna þess að kaupfélögin eru verzlun fólksins sjálfs, sem meðlimir þess eru. Þetta er því beinn neytendaskattur á meðlimi kaupfélaganna og verður neytendaskattur á þeim, sem við kaupmenn verzla, svo framarlega sem kaupmönnum tekst að velta þessum skatti af sér, sem ég skal ekki dæma um, því að það fer mjög eftir atvikum, hvort það verður eða ekki.

Um stjórn og stjórnarandstöðu skal ég ekki vera langorður. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast á það, að ég hygg, að flest af þeim frv., sem hér er verið að samþ., séu sameiginleg frv. stjórnar og stjórnarandstöðu, sem hafa komið fram, áður en þessi stjórn var mynduð. Annars hef ég ekkert verið að deila á ríkisstj. fyrir það, þó að hún komi sér saman um þau frv., sem fyrir þ. eru lögð, í aðalatriðum, og ég get ekki séð neitt við það að athuga, þótt spurt sé, hvort samkomulagið sé svo fullkomið um eitthvert frv., að þýðingarlaust sé að rannsaka það í n., til þess að fá því breytt að einhverju leyti. Það hefur verið svo um ýmis frv., sem ríkisstj. hefur borið fram, að ekki hefur þýtt að eyða neinni vinnu í það. Þetta var svo einnig í tíð þeirrar ríkisstj., sem ég veitti forstöðu, og er ekkert við því að segja, en hins vegar eðlilegt, að um þetta sé spurt, því að þá er rannsókn í n. aðeins eyðsla á tíma og einber skollaleikur. Ég ætla ekki að fara að metast um það, hvor stj. hafi beitt meiri hörku gagnvart minni hlutanum. Við munum náttúrlega eftir andstöðunni í ýmsum málum, sem mætti rifja hér upp. Andstaðan, þegar við höfðum hér í d. aðeins eins atkv. meiri hluta, var með þeim hætti, að ekki er rétt að leiða það inn í umr., svo að hægt væri að dæma um, hvort stjórnarandstaðan var með meiri hæversku þá en nú. Samt er ég reiðubúinn að ræða þetta, sé óskað eftir því, og ég skal koma þar með nóg af dæmum, en ég held, að það sé óþarft að bera okkur á brýn, að stjórnarandstaðan sé eitthvað lakari en þá var, svo að ekki sé meira sagt. Þótt samþ. séu frv., sem einstakir þm. hafa verið búnir að vinna að, þá er það ekki slík nýlunda, að umtalsvert sé, rétt eins og aldrei hafi verið samþ. frv. frá stjórnarandstöðunni áður. Hvaða stj., sem er, samþ. þær till., sem hún álítur þarflegar. Ef samþ. eru einhverjar till. frá okkur núna, eru þær svo sjálfsagðar, að ekki er hægt að standa á móti þeim. Þannig hagar hver stj. sér, en fellir það, sem hún álítur óvarlegt að samþ., svo að það, hvort samþ. er eitthvað frá stjórnarandstæðingum eða ekki, er ekki nokkur minnsti dómur á það, hvort stj. er tillitssöm, heldur miklu frekar um það, hvort stjórnarandstaðan ber fram skynsamlegar till. eða ekki, því að það er ekki hægt að fella till. fyrir stjórnarandstöðunni, sem er skynsamleg, það hlyti fyrr eða síðar að leiða til falls.

Ég hef nú farið yfir þau atriði, sem hæstv. ráðh. sá ástæðu til að finna að. Hæstv. ráðh. mun sjálfum ekki vera vel við þetta frv. Svo mikið er víst, að hann var næstum ófáanlegur til þess að bera það fram. Ég býst við, að skoðun hans á þessu frv. sé eitthvað svipuð skoðun hans á launal., hún er alls ekki sú, að samþ. þau, eins og hann gerir. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. hefur velzt hér áfram í þ. Þó að enginn vilji við það kannast og ýmsir séu á móti því, þá heldur það samt áfram. Það verður sennilega þannig, þar til ekki verður hægt að velta því áfram lengur.

Magnús Jónsson: Ég skal nú ekki lengja mikið þetta mál og get nú byrjað dálítið svipað og hv. þm. Str. endaði og sýna með því, hve samvinna er nú góð milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga, að ég býst við, að það sé hvorki stjórnarandstæðingum né flm. til sérstakrar ánægju að fást við þetta skattafrv. Það auðveldar þeim, sem gagnrýna þetta frv., að þeir munu finna mikinn hljómgrunn, einnig hjá þeim, sem nú veita því fylgi, og það er augljóst, að þegar fara verður svona djúpt í vasa skattþegnanna, er það ekki gert af neinni gleði, heldur af því, að nauðsyn krefur. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. um það, að þessi stj. muni ekki endurnýja veltuskattinn, er vottur þess, að hér er um að ræða l. aðeins til bráðabirgða. Hv. þm. Str. sagði t. d. um eignaraukaskattinn, að hann hefði verið með honum aðeins með því skilyrði, að þá yrði um leið komið á breytingum á stjórnarháttum eða fjármálum landsins. Ég hygg, að bæði ríkisstj., flm. og stuðningsmenn hennar séu með þessu frv. hér, með það fyrir augum að veita ríkisstj. og þeim flokkum, sem að henni standa, nokkurn frest og eðlilegan frest til þess að taka þetta vandamál til íhugunar. Ég held varla, að nokkur hv. þm. eða nokkur maður geti vænzt þess, að hæstv. ríkisstjórn, sem nýtekin er við völdum, sé búin að gera áætlun um þá endurskipun, sem gera þarf í ótal efnum. Til þess að stj. geti staðið við fyrri skuldbindingar, þarf að innheimta mikið fé.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér hefur komið þetta frv. nokkuð undarlega fyrir sjónir, og ég get á margan hátt undirskrifað þá annmarka, sem að sjálfsögðu verða á framkvæmd þess, en það, sem gerir það að verkum, að erfitt er um sanngjarna gagnrýni, er að verða að reyna að ná marki, sem erfitt er að finna aðrar leiðir að. Það er það að innheimta þetta mikla fé, án þess að það komi fram í aukinni dýrtíð. Það væri einfalt að taka þessar 10 til 20 millj. kr. með hækkun á innflutningsgjöldum. Það væri auðvelt. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefði varla séð, að um annað væri að ræða en taka þetta fé með hækkun innflutningsgjalda, sem þannig væri hagað, að mest gjald væri af þeim vörum, sem síður eru nauðsynlegar, en sá kostnaður mundi festast í verðlaginu þegar í stað. (**HermJ:** Það mætti ákveða að taka ekki tillit til hans frekar en þessa.) Ég held, að það gæti verið erfitt að halda því aðgreindu. Ég geri ráð fyrir, að það verði erfitt í framkvæmdinni að fara þessa leið.

Í sambandi við leið til tekjuöflunar minntist hv. þm. Str. á leið, er hann taldi vel færa, sem sé afnám varasjóðshlunninda. Hæstv. fjmrh. sagði, að slíkt mundi ekki nema þeirri upphæð, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. ef þetta frv. verður samþ. Ég hef ekki séð neina rannsókn á þessu, en býst við, að hæstv. fjmrh. byggi á einhverju athuganir sínar um, að þetta mundi nema miklu lægri upphæð, — og af þeim ástæðum væri leið hv. þm. Str. ófullnægjandi til þess að koma í stað þeirra skatta, er hér um ræðir. Ég býst við, að erfitt sé að reikna þetta út, en álít þó, að unnt sé að fá nokkurn veginn yfirlit um það, til þess

að sjá, hvort nema mundi verulega miklu minni upphæð, en hins vegar vil ég taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er alveg óhæfilegt, ef löggjafinn vildi breyta svo og svo miklu í þjóðfélaginu, ef hann sneri svo við eftir örstutta stund eða leyfði, að farið væri að breyta til aftur.

Hv. þm. Str. sagði, að hlutafélagafyrirkomulagið hér á landi væri þýðingarlítið. Það getur verið, að það ætti að vera strangara en það er nú, en þegar hann var að tala um, að sú breyt. hefði verið gerð á hlutafélögum, að konur og börn gætu keypt hluti og gerzt hluthafar, þá hygg ég, að það séu undantekningar, að hægt sé að halda hluthafafundi í svefnherberginu, og veit ekki til, að slík hlutafélög séu til, og yfirleitt er hlutafélagafyrirkomulagið á allt annan hátt heldur en það. Því verður aldrei neitað, að skattfríðindi þau, sem hlutafélögin hafa fengið, eru engin gjöf frá löggjöfinni, sem næði heldur engri átt. Það er alveg óhugsandi, að hv. Alþ. hafi veitt þessi skattfríðindi, ef löggjöfin teldi sig ekki hafa einhvern hag í því, að hlutafélögin söfnuðu ríflegum varasjóðum. Það þarf ekki að fara langt til þess að sjá, hvílíkur kostur þessu fylgir, t. d. hvílík trygging það er fyrir þá, sem atvinnu hafa við fyrirtækin, að þau hafi svo ríflega varasjóði, að þau fari ekki um koll strax og krepputímar koma, og einnig er auðséð, hvílíkur kostur það er fyrir þjóðfélagið, að fyrirtækin lendi ekki undir þeim kringumstæðum á sínum lánardrottnum, bönkunum, og yfirleitt voru þessi skattfríðindi veitt til þess að forðast þá ógæfu fyrir þjóðfélagið, að atvinnurekstur stöðvist og fyrirtæki fari um koll. Í þeim tilgangi einum hafa þessi félög verið látin fá þessi skattfríðindi fyrir það að leggja fé til hliðar til tryggingar rekstrinum. Þessu hefur því miður ekki verið komið við með einstaklingum, og hef ég leitað mjög mikið eftir aðferð til þess og spurt marga menn, sem eru vel að sér á því sviði, hvort ekki væri unnt að koma því svo fyrir, að einstaklingar söfnuðu einnig fé í varasjóði og gætu fengið fríðindi, en þeir töldu ekki hægt að finna fyrirkomulag til þess. Það er því sama, hvort fjölskylduhlutafélag getur haldið hluthafafundi í svefnherberginu, ef fyrirkomulagið hefur það af verkum, að betur er tryggð atvinna þeirra, sem við það vinna, og lánardrottnar eru betur tryggðir, og því er ekki rétt að hætta þeirri stefnu, og það var ekki röng stefna, þegar hv. Alþ. veitti hlutafélögunum þessi fríðindi. Það yrði því að skoða það mjög vandlega og miklu vandlegar heldur en með því að slá því fram í þingræðu, áður en horfið er frá þessari stefnu, — ekki vegna þeirra, sem eiga í hlutafélögunum heldur sökum þess, að það er heppilegra, að félögin tryggi hag sinn á þennan hátt. Þegar svo þar að auki mundi ekki nást nálægt eins mikið fé úr ríkissjóði með þessum hætti, er augljóst, að þessi leið er ekki fær í staðinn fyrir það tekjuaukafrv., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. Str. hafði það eftir hæstv. fjmrh., að það væri venjan, þegar mikil umsetning væri, væri gróðinn mikill; ég tók svo eftir orðum hæstv. fjmrh., að það þyrfti venjulega mikla umsetningu til þess, að gróðinn yrði mikill, þannig að stórgróðafyrirtæki hefðu mikla umsetningu. Hv. þm. Str. sagði, að þetta væri ekki rétt, því að það væru til heildsalar, sem hefðu lítil herbergi og ynnu lítið, en græddu mikið á lúxusvöru. Ég er ekki kunnugur þessu, en gæti trúað því, að það kæmi einhvern tíma upp úr dúrnum, hvort allir þessir mörgu heildsalar hefðu í rauninni grætt svo mikið. Það eru sumar þjóðsögur, sem koma á gang og menn fara að trúa. Það er a. m. k. hér til verðlagseftirlit, sem aukið er ár frá ári og er nú svo orðið, að verðlagseftirlit er með öllum vörum, og fer þá að minnka um gróðann, a. m. k. þeirra, sem vinna lítið. En ég hygg, að margir þessara heildsala vinni mikið, og sumir hverjir græða sjálfsagt mikla peninga, en það er enn ekki kominn sá prófsteinn í ljós, hvort raunverulegur auður hefur safnazt hjá þeim. Ég held, að sú regla sé yfirleitt rétt, að það þurfi mikla umsetningu til þess að safna miklum gróða.

Hv. þm. Str. sagði, að þessi umsetningarskattur kæmi sem refsivöndur á þá, sem reka heilbrigða verzlun. Ég skal ekki segja um það, hversu rétt þessi setning er, en þó að svo væri, þá væri það ekkert einsdæmi í íslenzkri skattalöggjöf, þótt eitthvað svipað kæmi út. Hvernig er með allan tekjuskatt? Kemur hann ekki harðast niður á þeim, sem telja samvizkusamlegast fram? Það er nú gallinn á þeim handhægu tekjustofnum, og það er svo erfitt að tryggja framtölin, að þeir, sem óheiðarlegast telja fram, eru verðlaunaðir, en hinum refsað, sem verða að telja samvizkusamlega fram. Þetta er rétt, eins og það, að sá hestur er mest notaður, sem hagspakastur er; honum er refsað fyrir það, hversu auðsveipur hann er. Og svona er það með marga skatta, að þeir lenda harðast á þeim, sem á heilbrigðastan hátt færa bækur sínar og reka starfsemi sína, þannig að það er út af fyrir sig ekkert sérstakt við þennan skatt, þótt hann komi illa niður á hinum heiðarlegu.

Annars kom það í ljós hjá hv. þm. Str., þótt að vísu ekki eins greinilega og við umr. hér í gær, að höfuðgremja hans og Framsfl., stjórnarandstæðinga, stafar af því, að þeir halda, að S. Í. S. og kaupfélögin verði fyrir verulegum útgjöldum í sambandi við þennan skatt. Ég verð að segja það, að þegar svo nærri verður að ganga með skatta og nú er nauðsynlegt, þá er ekkert óeðlilegt, þótt ekki sé hægt að hlífa neinum sérstökum, en að vísu verður þessi skattur tilfinnanlegri fyrir þá, sem hefur verið hlíft; þeir finna eðlilega mest til þess. Við höfum oft lesið í blöðunum um það, að einmitt þessi fyrirtæki hafi grætt mjög mikla peninga og safnað stórfé í sjóði sína. Þetta er mikið gleðiefni, og það er að vísu ekkert tilhlökkunarefni að verða nú að láta þau fyrirtæki, sem þannig hafa safnað stórfé, taka þátt í gjöldum ríkisins á fullkominn hátt eins og alla aðra, en það er hins vegar ekkert ósanngjarnt, að þau taki nú jafnan þátt í þessum útgjöldum. Þetta er rétt eins og þegar við á sínum tíma vorum að ná undir skatt þeim stéttum, sem höfðu verið skattfrjálsar áður, að þá kveinuðu þær náttúrlega mjög undan þessu, en það er ekki nema eðlilegt, að þau fyrirtæki, sem mest hafa notið af sérréttindum, finnist nú þessi skattur harðastur, sem á að koma jafnt niður á þeim eins og öllum öðrum.

Það kom hér til umr., hvort ekki væri ástæða til þess að vísa þessu frv. aftur til n., og var það hv. 1. þm. Eyf., sem spurði, hvort það mundi ekki verða beitt svo mikilli hörku af stjórnar-

liðinu, að slíkt mundi ekkert þýða. Ef stjórnarliðið vill skoða frv. betur í n., ættu að vera nægar ástæður til þess. Mér finnst alveg fullkomin nauðsyn á, að svona frv. verði aftur vísað til n.; það er borið fram af hv. meiri hl. fjhn. að tilmælum hæstv. fjmrh., alveg óskoðað af nm., og eru þeir óbundnir um frv., eins og grg. þess ber með sér. Það er því alls ekki athugað af n., og ber því fyrst að taka það til umr. og vísa því síðan til n. Kemur þar fyrst til greina eitt atriði, sem mér virðist ágreiningur um. Er um það að ræða, hvort þessi l. eigi að vera óbreytt að því leyti, að veltuskatturinn verði lagður á tekjur þessara fyrirtækja, sem hér um ræðir, á árið, sem fer í hönd, eða á veltu þeirra árið, sem leið. Það kom þegar fram í n., nokkur ágreiningur um þetta, og er þetta eitt af þeim atriðum, sem verður mjög vandlega að skoða. Ég verð að játa það, að ég hef ekki gert þetta mál fullkomlega upp í huga mér. Ég hef hlustað á rök manna, og finnst mér sú uppástunga eðlilegust, eins og frv. mælir fyrir um, að láta skattinn koma á veltu þess tíma, sem í hönd fer, heldur en að seilast til þess, sem liðið er. Hins vegar er ég fullkomlega opinn fyrir öllum rökum, sem um það kunna að koma að láta skattinn gilda fyrir liðna árið, en hef ekki enn heyrt svo sterk rök fyrir því, að þau hafi getað snúið mér að svo komnu máli frá því að fylgja till. hæstv. fjmrh. um að láta skattinn koma á veltu ársins 1945, sem í hönd fer. Ég verð að játa, að mér finnst nauðsynlegt að athuga þetta mál nánar, en efast um, að þessi fyrirtæki hafi þannig bókhald, að hægt væri að leggja skattinn rétt á fyrir árið 1944, en hins vegar væri auðveldara að leggja skattinn rétt á fyrir árið, sem í hönd fer, ef fyrirtækin gætu hagað bókhaldi sínu með það í huga, að þennan skatt eigi að leggja á.

Ég tók eftir því við umr. hér, að talað var um, að kaupfélagið á Ísafirði hefði ekki notað sér hámarksálagningu, sem það hafði rétt til, og þess vegna væri hart að leggja þennan veltuskatt á það. Ég tel, að þannig sé ástatt um fleiri slík félög, og tel þetta sönnun fyrir því, að ekki eigi að leggja þennan skatt á liðna tímann. Þessi félög myndu sjálfsagt nota hámarksálagningu sína út í yztu æsar, ef þau ættu að greiða veltuskattinn af veltu liðna ársins. Félögin hafa komizt af og verið rekin þannig, að hagur félagsmanna er sæmilegur og álagning þannig, að ekki hefur verið lagt á fullkomlega það, sem leyfilegt var. Mér finnst því ósanngjarnt að leggja skattinn á eftir á, en slíkar ráðstafanir ættu menn þó að gera, sem eiga að bera þennan skatt, að þeir a. m. k. notuðu þá hámarksheimild, sem verðlagseftirlitið lætur þeim í té, og yfirleitt er ómögulegt að neita því, að það er miklu réttara, að atvinnurekendur viti fyrir fram um, að slíkur skattur eigi að koma, til þess að þeir geti tekið ákvarðanir um það, hvort þeir vilja halda fyrirtækjum sínum áfram eða ekki, eftir að þeir hafa fengið að vita um, að slíkan skatt á að leggja á. Mér finnst því þau rök ekki mjög veigamikil, sem ef til vill má færa fyrir því, að auðveldara sé að leggja þennan skatt á fyrir árið, sem leið, heldur en það, sem fer í hönd. Það má að sjálfsögðu deila um það, hvort veltuskattur, sem lagður er á veltu ársins, sem fer í hönd, mundi þrátt fyrir allt koma fram í verði á vörum, og ég gæti vel trúað því, að þegar svona skattur er lagður á í aðeins eitt skipti, þá yrði eftirlit með því erfitt, að það kæmi ekki á neinn hátt þannig fram. Ég er hins vegar sannfærður um það, að enginn skattur, sem lagður er á slík viðskipti, mundi komast nær því en slíkur skattur sem þessi. Ég held t. d., að hækkuð aðflutningsgjöld, sem ekki ættu að koma fram á verði, verði erfiðara að eiga við en þennan veltuskatt.

Ég skal svo ekki ræða miklu meira um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en vildi gjarnan minnast á það, er hv. þm. Str. var að tala um, að þessi veltuskattur yrði neytendaskattur fyrir þá, sem eru í kaupfélögum, þar sem þeir og kaupfélögin væru eitt og hið sama, og af því að hann telur hættu á, að meðlimir kaupfélaganna myndu ef til vill ekki fá neinn arð útborgaðan. Ég verð að segja það, að þetta er afleiðingin af því að vera ekki bara bóndi, heldur einnig kaupmaður; kaupfélögin eru verzlun, sem félagsmenn reka í sameign til þess að græða á henni með hagstæðu vöruverði eða beinlínis með verzlunarágóða, og það er þessi ágóði hjá þeim, sem er hjá þeim eins og hjá hverjum öðrum kaupmanni, sem þarna fer í þennan skatt. Það má vel unna þessum mönnum, sem eru í þessum félögum, að þeir fái einhvern gróða, en þegar skattur er lagður á slíkan gróða, er eðlilegt, að hann komi niður á þeim eins og öllum öðrum kaupmönnum, en neytendaskattur er það ekki, fyrr en hann kemur jafnt niður á þeim, sem eru í kaupfélögum, og þeim, sem eru utan við þau, — í vöruverðinu. Ég býst líka við, að ríkissjóði fyndist skattstofnar hafa horfið, ef allir landsmenn væru gengnir í kaupfélögin og ekki mætti skoða kaupfélögin eins og kaupmenn, sem eru skyldugir til þess að bera þær byrðar, sem verzlun og umsetning yfirleitt ber.

Hv. þm. Str. spilaði hér sína gömlu plötu: það yrði að breyta um, — það yrði að lækka dýrtíðina, — það yrði að skipta um stefnu í fjármálum. Um þetta eru allir sammála, og það er beinlínis meginorsök þess, að núv. ríkisstj. hefur verið mynduð, að það þarf að breyta um. Við höfum heyrt yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem er maður, sem vanalega talar varlega, hann talaði með óvanalegum þunga um það, að það yrði að finna ráð til þess að lækka dýrtíðina, hér var ekki um það að ræða, hversu erfitt það væri, — það yrði að finna ráð til þess. Og um þetta eru allir á einu máli. Þetta frv. er einmitt um það að veita hæstv. ríkisstj. nokkurn frest til þess að gera það, sem hv. þm. Str. sagði, að yrði að gera nú strax, og þykir mér skjóta nokkuð skökku við, þar sem það virtist vera skoðun hans, þegar stjórnarmyndunin varð, að það yrði að bíða með hana til þess að lofa öllu að fara í strand, áður en stjórn yrði sett á laggirnar, og að það ætti að bíða með að breyta um kerfi, þangað til allt væri komið í strand. Ég álít aftur á móti, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið sett á laggirnar sem tilraun til þess að komast að raun um, hvort ekki væri hægt að bjarga fjárhag landsmanna án þess að allt ræki í strand, — hvort ekki væri hægt að koma skipinu fram hjá skerjunum til þess að forða því frá strandi. Þessi tilraun er því gerð í von um það, að hið óvátryggða skip, sem hér um ræðir, reki ekki í strand, og er þess að vænta, að hv. þm. Str., þótt hann hafi ekki getað fellt sig við

stjórnarmyndun, að hann leiði stjórnarandstöðuna þannig, að samvinna verði um að koma þessum málum áfram, þótt stundum virðist kveða við annan tón í málgögnum flokks hans.

Ég vil svo að lokum aðeins minnast á eitt atriði í sambandi við ræðu hv. þm. Str., er hann var að tala um, hvað gerðist hér á hv. Alþ. 1934—1935. Ég man svo langt, að þegar ég var í stjórnarandstöðu árin 1927—1930, hjó stjórnarlið Framsfl. svo að okkur í stjórnarandstöðu, að þegar einn vel metinn hv. þm. bar fram brtt. um það að telja upp þau l., sem ættu að vera numin úr gildi, felldi stjórnarliðið till., af því að hún kom frá stjórnarandstöðunni, þótt það að vísu kannaðist við, að till. hefði rétt á sér, en á þessum tíma var hv. þm. Str. ekki kominn á þing.

Og það er mjög gott að hafa sanngjarna stjórnarandstöðu. Hv. þm. Str. taldi, að með þessu gæti svo farið, að menn yrðu að greiða skatt af gróða, sem enginn væri. Það er oft svo. Það er vitað mál, að mörg fyrirtæki verða að greiða skatt, þótt þau svo verði í „undirballance", svo að það er engin undantekning með þennan skatt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég skal stytta mál mitt, því að ég geri ráð fyrir, að mér gefist síðar kostur á að gera grein fyrir afstöðu minni. Hæstv. fjmrh. sagði, að þessi skattur kæmi á stríðsgróðamennina.

Ég hygg, að við hv. þm. Str. höfum sýnt ljóslega fram á það, að það verður almenningur, en ekki stríðsgróðamenn, sem ber þennan skatt.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að ásaka núv. stj. um þetta ástand. Það er að vísu rétt, því að hún er búin að vera svo skamman tíma við völd. En hæstv. ráðh. og stuðningsmenn stj. hafa tekið þátt í stjórnmálum landsins fyrr en nú, og má ásaka þessa ráðh. sem þm.

Það keyrði fyrst um þverbak, þegar stj. var mynduð 1942, og við súpum nú seyðið af því, sem sú stj. gerði.

Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að stjórnmálastefnu s. l. tveggja ára yrði ekki haldið áfram lengur. En mér virðist af athöfnum núv. stj., að hún sé sett til þess að viðhalda sömu stjórnmálastefnu og verið hefur undanfarið, en tímans vegna fer ég ekki lengra út í það. Fyrsta verk stj. var að stuðla að því, að kaupgjaldið hækkaði frekar en þörf var á, og nú stuðlar hún að því að hækka laun opinberra starfsmanna.

Hæstv. ráðh. hélt, að ég hefði gleymt því, hvernig stjórnin 1934—1937 hefði komið fram.

Það vill nú þannig til, að sama ár og sú stjórn var mynduð kom ég í þessa deild og sat í fjhn. Og ég minnist þess ekki, að n. klofnaði nokkurn tíma þá, og virðist það ekki bera vott um, að við höfum verið ósanngjarnir í garð stjórnarandstæðinga.

Það var að vísu gleðilegt, að hæstv. ráðh. vildi, að fjhn. athugaði þetta mál, en það var líka gert við frv. um nýbyggingarráð. Ég gerði aths. við það frv., sem stj. féllst á, að væri að nokkru leyti rétt, en þá mátti bara alls ekki breyta frv., þegar til kom.

Hæstv. ráðh. kvað þennan skatt mundu koma á tekjur fyrirtækja frá liðnum árum, en eigi á almenning. En mér skilst, að þessi skattur komi á verzlunarveltuna á þessu ári, og jafnvel þótt hann kæmi á veltuna 1944, þá kæmi hann samt á almenning. Og ef heildsalar þola þennan skatt, þá mundu þeir alveg eins þola, að Viðskiptaráð lækkaði vöruna um það, sem því næmi. Hæstv. ráðh. lagði annan skilning í ummæli mín um eignaraukaskattinn en þau gáfu tilefni til.

Ég spurðist einungis fyrir um, hvers vegna tveir stuðningsflokkar stj., Sósfl. og Alþfl., hefðu ekki lagt með eignaraukaskattinum, sem þeir hafa þó áður haldið fram, að væri sáluhjálparlegt atriði. Og þykist ég hafa fullan rétt til að spyrja um stefnubreytingu sem þessa hjá stjórnarflokkunum, þótt ég sé eigi sömu skoðunar.

Hæstv. ráðh. taldi, að veltuskatturinn kæmi niður á sömu aðilum og eignaraukaskatturinn. Það má vera, en hann kemur öðruvísi niður. En það, sem ég taldi, að ætti að koma á undan örþrifaráðum sem þessum, var ekki eignaraukaskattur, heldur afnám varasjóðshlunninda hjá einstökum hlutafélögum. Hæstv. ráðh. taldi það ekki nóg, þótt þessi varasjóðshlunnindi yrðu afnumin. En ég álít, að þetta, ásamt öðru, sem við leggjum til, mundi nægja til þess að mæta þeim halla, sem verður á næsta ári.

Hæstv. ráðh. sagði, að hver till., sem fram kæmi, yrði nákvæmlega athuguð. Ég tel nauðsynlegt að afnema þessi hlunnindi sumra hlutafélaga, og ætla ég að gera till. um það í fjhn. og vita, hversu þessi orð hæstv. ráðh. standa. Ég álít, að ýmis hlutafélög hér í Reykjavík standi ekki til neinna þjóðþrifa, svo að það kæmi eigi að sök, þótt varasjóðshlunnindin yrðu afnumin.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þessi skattur yrði ekki endurnýjaður. En hvað á þá að koma í staðinn fyrir þennan skatt að ári liðnu? Ég spurði um þetta í gær, en því var ekki svarað.

Hæstv. ráðh. kvað stj. ekki vera búna að vera svo lengi við völd, að hún væri búin að gera áætlun fyrir framtíðina. En svo lengi er hún búin að sitja og ráðh. hennar að fást við stjórnmál, að þeir ættu að gera sér þetta ljóst, — nema þá, að stj. hugsi sér, að hún verði eigi langlíf, og ætli þá þeirri næstu að ráða fram úr þessu.

Ég minnist í þessu sambandi orða konungs nokkurs í Frakklandi, sem sagði: „Þetta flýtur á meðan ég er við völd, en eftirmaður minn fær að vita af því." Þannig hugsar núv. stj. Það hafa komið fram hér frómar óskir um það, að skútan fari ekki í strand, en nú virðist þó sem henni sé stefnt á skerið, en stj. hugsar ef til vill eins og Staðarhóls-Páll kvað: „Skipið er nýtt, en skerið fornt, skal því undan láta."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 853, n. 1108 og 1109, 1111, 1113).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 1111 og 1113. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það má sjá af þskj., að fjhn. hefur ekki orðið á einu máli um afgreiðslu frv. Raunar var vitað um hv. 1. þm. Eyf., sem sá sér ekki fært að flytja frv., að hann

mundi leggja til, að það yrði ekki samþ. Hefur hann, sem er minni hl. n., gefið út nál. í þá átt.

Eins og nál. meiri hl. ber með sér, hafa tveir af nm. borið fram brtt. á sérstöku þskj., og eru þær um atriði, sem gert hefur verið að nokkuð miklu stefnumáli, hvort skatturinn skuli lagður á veltu ársins 1944 eða ársins 1945. Engu að síður höfum við 4 nm. gefið út sameiginlegt álit, þar sem við mælum með samþ. frv. Þau meðmæli eru veitt með álíka mikilli ánægju og fjmrh. hafði af að flytja frv. Allra dómur er, að þessi skattur sé ekki annað en neyðarúrræði. Augljóst er, að afla þarf tekna, til bráðabirgða a. m. k., og það án þess, að það leiði til verðhækkana í landinu. Frv. er tilraun til þessa.

Það má sjá af nál. hv. minni hl., að hann efast um, að unnt sé að leggja á þennan skatt, án þess að leiði til verðhækkana. En til þess verður reynt, hvort sem lagt verður á veltu ársins 1944 eða 1945.

Ég held annars, að þau vinnubrögð verði bezt, að ég ræði ekki fleira um deiluefnin, fyrr en menn hafa gert grein fyrir brtt. sínum, það forðar við tvítekningum. Frv. var rætt mjög ýtarlega við 1. umr.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Ég gerði grein fyrir meginskoðun minni við 1. umr. þessa máls og sé ekki ástæðu til að endurtaka mikið af því. Auk þess get ég vísað til nál. á þskj. 1109, þar sem ég geri grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég hef ekki getað orðið meðnm. mínum sammála um að mæla með frv. Ég verð að ráða d. til að fella það. Ástæðurnar eru teknar fram í nál. Í fyrsta lagi tel ég þennan skatt ákaflega ranglátan. Eins og menn vita, fer hann eftir veltunni einni, en ekki eftir arði af starfseminni eða efnahag gjaldanda. Það getur farið svo, þó að ég fullyrði það ekki, að þessi skattur taki allan arð og meira til hjá fyrirtækjum, sem hafa þrönga möguleika til að auðgast og stefna meir að öðru, en hafa mikla veltu.

Í öðru lagi sé ég ekki betur en skatturinn verði til þess að auka dýrtíð í landinu, að svo miklu leyti sem þær upphæðir, sem þarna er um að ræða, geta haft áhrif. Í 7. gr. frv. er að vísu bannað að taka tillit til skattsins við ákvörðun söluverðs. En það liggur í augum uppi, að ef verzlanir og fyrirtæki geta greitt þetta án þess að hækka álagningu, þá væri eins hægt að lækka álagningu, sem þessu nemur, og þar með lækka dýrtíðina í landinu. Ég held því, að þegar þetta er athugað, sé ekki hægt að neita því, að þessi skattur komi niður á almenningi í landinu sem neyzluskattur. Ég benti á það við 1. umr., að þetta sést svo greinilega, að ekki er hægt um að deila, þegar um verzlun samvinnufélaga er að ræða. Ein sama niðurstaða verður um alla verzlun og þjónustu í landinu, sem skatturinn nær til, að af almenningi verður fé tekið á einhvern hátt. Um samvinnufélögin ræður það engu, þótt þeim sé bannað að leggja meira á vöruna, það kemur niður á arðinum, sem félagsmönnum er greiddur.

Ég skal ekki að þessu sinni ræða um brtt. á þskj. 1113. Ég ætla, að það geri sáraliftinn eða engan mun, hvort veltuskattur greiðist af veltu ársins 1944 eða 1945. Að því er samvinnufélögin snertir, verður niðurstaðan nákvæmlega hin sama, og líkt á við fjölmargar aðrar verzlanir. En það er auðvitað óheiðarlegra að koma aftan að mönnum með skatt af veltu ársins 1944.

Í þriðja lagi fæ ég ekki betur séð en veltuskatturinn verki alveg eins og e. k. verðtollur, sem væri jafnhár á öllum vörutegundum og miðaðist ekkert við það, hvort vara er almenningi nauðsynleg eða hún er óhófsvara. Að vísu verður veltuskatturinn þeim mun léttari á ódýrum vörum en dýrum sem verðhlutfallinu nemur, en það er lítill mælikvarði á gagnsemina og réttlætir ekki skattinn. Ég sé ekki, hvaða ávinningur er að þessu fremur en hækka blátt áfram verðtollinn, en veltuskatturinn hefur ýmsa meiri ókosti en verðtollurinn. Ég vil ekkert fullyrða um það, sem ég óttast mjög, að veltuskatturinn komi þyngst niður á þá, sem telja réttast fram, og erfitt verði að hafa eftirlit með ýmsum, sem vilja svíkja undan.

Ég skal láta þessi fáu orð nægja. Því er miður, að ég geri ekki ráð fyrir, að eftir till. minni verði farið, að fella frv. Það er talið samningsmál flokka, sem styðja ríkisstj., að frv. gangi fram. Mér er einnig ljóst, að afla verður ríkissjóði tekna, og ekki eru nema fáar mínútur síðan ég rétti upp hönd til að samþ. frv. í því skyni (230. mál). Ef þetta frv. félli, mundi ég verða viðmælandi um aðrar tekjuöflunarleiðir, sem ég tel heppilegri. En um hitt hef ég meiri von, að nauðsynlegar brtt. fáist e. t. v. samþ. Þess vegna ber ég fram brtt. á þskj. 1111. Hún er um tvö atriði. Hið fyrra er, að skattur leggist ekki á innlendar matvörur, þótt aðrir en framleiðendur selji vöruna. Ég legg til, að orðin í 3. gr.: „þegar vörur þessar eru seldar af framleiðendum þeirra eða í heildsölu“, — falli burt.

Mér er t. d. tjáð, að hér á verðlagssvæði Reykjavíkur séu allmargir, sem selja mjólk í umboðssölu og fá 3% af andvirði mjólkurinnar fyrir starfið. Ef frv. yrði samþ. óbreytt, mundi takast ⅓ af þeirra launum í skatt, og er það há skattlagning að taka þriðjung kaups í þennan eina skatt, — eða þótt aðeins yrði ¼, þar sem þetta mun yfirleitt vera umboðssala. Mér finnst þar hart að gengið, enda hlyti það að leiða til þess, að brauðsölubúðir og aðrir hættu þeirri umboðssölu — almenningi mjög til óþæginda. Þetta hlyti að koma niður á neytendum eða þá á framleiðendum með hækkun sölulauna. Brtt. mín miðar að lagfæringu á þessu.

Í öðru lagi legg ég til að undanþiggja nokkrar brýnustu nauðsynjar almennings þessum skatti, þ. e. kjöt og mjólkurvörur á innanlandsmarkaði, kornvörur allar og byggingarefni. Almenningi er tilfinnanlegra, að þær vörur hækki en flestar aðrar. Verzlanir munu hafa lagt minna á þær vörur en flestar aðrar og standa því illa að vígi að gjalda háan skatt af þeirri veltu. Enginn vafi er á því hins vegar, að þörfin á byggingarefni verður ákaflega mikil nú í stríðslokin. Undanfarin ár hefur verið skortur á efni og það, sem fékkst, verið mjög dýrt. Það er von manna, að þegar, er úr því rætist, verði hafnar stórfelldar framkvæmdir og margar þær framkvæmdir munu njóta styrks úr ríkissjóði. Með því að leggja skatt á veltu þeirra nauðsynja er verið að taka úr einum vasa ríkisins til að láta í hinn, svo að ekki sé kveðið harðar að orði.

Þó að ég viti, að meiri hl. d. er andstæður megin-

skoðun minni, geri ég mér von um, að d. geti fallizt á brtt. mína, sem gerir þessa skattlagningu nokkru mildari en annars mundi, og mundi ég þá láta niður falla frekari andmæli gegn málinu sjálfu.

Haraldur Guðmundsson: Ég lét þess getið við 1. umr., að ég teldi tvo sérstaka galla á þessu frv. Annars vegar er það, að skatturinn kemur ekki réttilega niður á hina einstöku gjaldendur, sem hann leggst á, miðað við aðstöðu þeirra til að hagnast. Hitt atriðið er það, að skatturinn á að miðast við veltu ársins 1945, en ekki 1944, og þar með er að minni hyggju þessum málum svo skipað, að engin fullnægjandi trygging er fyrir því, að skatturinn komi ekki fram í verðlaginu eins og venjulegur neyzluskattur, — þrátt fyrir ákvæði 7. gr. frv. og góðan vilja ríkisstj. Með tilliti til yfirlýsingar hæstv. ráðh., að hér sé aðeins að ræða um skattlagning í eitt skipti, og þar sem ætlazt er til, að byrðin lendi á stéttum, sem vitað er, að hafa haft góðar tekjur undanfarin stríðsár, tel ég skattinn í eðli sínu allt annað en skatt af tekjum eins tiltekins árs, heldur sé þetta eignarskattur á eignir þær, sem myndaðar voru í árslok 1944. Þetta kemur einnig fram í orðalagi frv. Hvorki er heimilt að taka tillit til þessa skatts við ákvörðun vöruálagningar né útreikning skatts og útsvars. Þó að frv. ætlist til, að veltuskattur reiknist eftir veltunni 1945, miðast hann ekki við tekjur þess árs, heldur verður að greiðast af núverandi eignum. — Ég skal játa, að ég hefði heldur kosið aðrar leiðir til að taka þann eignarskatt, sem hér um ræðir, en ég hef fallizt á röksemdir hæstv. ráðh. um það, að almennt falli þessi skattur á þær stéttir, sem hafa haft aðstöðu til að hagnast á stríðsárunum umfram flestar aðrar stéttir.

Mér virðist það hins vegar ekki sanngirnismál, að sá, sem hefur mikla veltu og lítið álag, skuli greiða meiri skatt en hinn, sem leggur kannske miklu meira á, en hefur minni veltu.

Afleiðing þess, að ég lít á þennan skatt sem eignarskatt, en ekki skatt á tekjur, er sú, að mér virðist í alla staði eðlilegt, að skatturinn sé lagður á umsetningu ársins 1944 og sé greiddur af þeim eignum, sem til eru í lok þess árs. Ég veit það vel, og var því mjög hreyft hér við umr., að eftirskattur er mjög varhugaverður, og skal ég ekki andmæla því. Æskilegast væri, að skattgreiðendur gætu vitað á hverju ári, hvaða skattar ættu að greiðast, en hinu er ekki til neins að loka augunum fyrir, að við höfum hin síðari ár mjög breytt frá þessari reglu í skattamálum og gerum enn. Við erum nýbúnir að afgr. hér í þessari hv. d. frv. til l. um söluskatt af andvirði ísfisks, sem seldur var erlendis á liðnu ári, og enginn af þeim gjaldendum, sem þar er um að ræða, gat vitað, að þetta gjald yrði lagt á eftir á. Tekjuskattsl. hefur verið breytt hér á undanförnum árum, oft ekki fyrr en í apríl þ. á., sem skatturinn er á lagður, og loks eru svo útsvörin í Reykjavík, sem nema fast að 30 millj. kr. Þau eru hreinn eftirskattur að því leyti, að enginn veit, eftir hvaða mælikvarða þau eru á lögð, fyrr en næstum hálfu ári eftir að teknanna var aflað. Það er því fjarri lagi að segja, að það sé nokkuð ósambærilegt um að ræða, þó að skatturinn af veltu ársins 1944 sé ekki ákveðinn fyrr en að loknu því ári. Þetta er þó ekki nema nokkur hluti þeirra ástæðna, sem ég tel mæla með því, að skatturinn sé miðaður við veltu ársins 1944, og ekki þær veigamestu.

Það, sem mestu ræður um, hversu mikla áherzlu ég legg á þetta, er það, að ég hygg, að það sé ómögulegt að tryggja það, að skattinum sé ekki velt af sér af þeim, sem eiga að greiða hann, á þá, sem vörurnar kaupa, þrátt fyrir góðan vilja ríkisstj. og skýlaus ákvæði l. Ég er alveg sammála því, sem kemur fram í nál. hv. minni hl. n. á þskj. 1109: „En öllum er auðsætt, að ef fyrirtækin geta greitt skattinn með þessu móti, þá gætu þau alveg eins lækkað vöruna jafnmikið og skattinum nemur, og hefur verðlagseftirlitið vald til að þvinga þau til þess.“ Ég hygg, að þetta sé alveg rétt. Ég hygg, að verðlagseftirlitið mundi trauðla beita valdi sínu svo, að fyrirsjáanlegt væri, að fyrirtæki hafi halla af því að verzla með vörur, sem skattinum næmi, en þann veg er það tryggt, að skatturinn kæmi ekki fram í vöruverðinu. Fyrir mér liggur þannig í málinu: Það, hvort skatturinn verður í eðli sínu eignarskattur á þessa stétt, þennan hóp gjaldenda, sem hann lendir á, eða hvort hætta er á, að það verði neytendaskattur, sem kemur fram í vöruverðinu, þar um ræður, við hvort árið er miðað, og ég tel svo mikinn eðlismun á skattinum í þessum tveimur tilfellum, eftir því hvort ofan á verður, að það gerbreytir stefnu minni til frv., hvort ofan á verður í þessu efni. Ég hef því leyft mér, ásamt hv. 7. landsk. þm., að bera fram brtt. á þskj. 1113, sem lúta að því að tryggja það, að skatturinn verði það, sem mér skilst honum sé ætlað að vera: Sérstakur skattur á hagnað þeirra stétta eða hópa, sem skatturinn tekur til.

Fyrsta brtt. er við 1. gr., um að í staðinn fyrir árið 1945 komi árið 1944, og það er að sjálfsögðu meginefni till. Hitt er afleiðing af henni.

Þá er önnur brtt. þess efnis, að 4. og 5. gr., sem fjalla um álag skatta og innheimtu miðað við árið 1945, falli niður, en í þess stað komi ný gr., sem verði 4. gr., og er þar gert ráð fyrir því, að skattstjórum eða skattanefndum séu sendar skýrslur um veltu ársins 1944 innan þess tíma, sem ráðh. tilskilur, og síðan sé miðað við þær skýrslur, þegar skatturinn er lagður á, nema ástæða sé til að ætla, að þær þurfi betur að athuga, og er þá farið eftir venjulegum reglum í þeim efnum. Ég hygg, að sú gr. þurfi ekki skýringa við. Hún er eins og tíðkast almennt í þeim efnum.

Þá er lagt til, að 7. gr., sem fjallar um það, að veltuskatt samkv. l. þessum sé óheimilt að telja í kostnaðarverði vörunnar, falli niður. Þar sem við miðum við, að veltuskatturinn sé lagður á veltu liðna ársins, er gr. óþörf. Ef einhver kynni að telja æskilegt, að gr. þessi haldist, til þess að undirstrika enn frekar efni till., þá mætti bæta henni aftan við 9. gr. frv., og hef ég skriflega brtt. um það efni, sem ég ef til vill legg fram, ef mér finnst ástæða til eftir umr.

4. brtt. er við 8. gr. Samkv. 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að létt sé af samvinnufél. og samvinnusamb. þeirri lagaskyldu að leggja 1% af veltu sinni í varasjóð á því ári, sem veltuskatturinn er miðaður við. Mér sýnist, að þó að þetta út af fyrir sig sé eðlilegt ákvæði, sé það ekki fullnægj-

andi til þess, að þeim tilgangi sé náð, sem ég hygg vaki fyrir þeim, sem frv. hafa samið. Sannleikurinn er sá, að eins og viðskiptum kaupfélaga og S. Í. S. er háttað, gæti, að þessari gr. óbreyttri, vel farið svo, að í raun og veru greiddu einstök kaupfélög skatt bæði af heildsölu og smásölu. Það er því lagt til í brtt. okkar, að ef ágóði samsvarar því, sem var næsta ár á undan, þá skuli leggja í sambandsstofnsjóð hinna einstöku kaupfél. jafna upphæð og þau áður fengu, og við ákvörðun ágóða, sem kaupfél. greiða út, skuli ekki mega taka tillit til veltuskattsins. Ég tel, að þetta sé í sjálfu sér eðlilegt, því að að öðrum kosti gætu hin einstöku kaupfél., sem skipta við S. Í. S., þurft að greiða í raun og veru skatt af heildsöluumsetningu og smásöluumsetningu sinni.

Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. drap á það við 1. umr., að aðalörðugleikarnir við að miða veltuskattinn við árið 1944 væru þeir, að það væri þá ómögulegt eða mjög erfitt að sýna fulla sanngirni í meðferð beiðna, sem hlytu að koma fram um undanþágu, vegna þess, að sérstaklega stæði á hjá hinum einstöku skattþegnum.

Ég hygg, að það verði ekki auðveldara, þótt miðað sé við árið 1945, þótt segja megi að vísu, að það gefi hinum einstöku fyrirtækjum kost á að breyta til um rekstrarhátt, sem betur henti, er skatturinn er á lagður, svo að hann komi léttar niður en ella.

Þetta hefur tvær hliðar að minni hyggju. Ég álít, að það sé ekki ástæða til þess almennt, að þeim, sem greiða eiga þennan skatt, sé gefinn kostur á að breyta um verzlunarhætti og búa í haginn fyrir sig sjálfa, þannig að skatturinn komi sem minnst við þá. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að mjög erfitt mun að koma í veg fyrir það, en það hlýtur einnig að verða til þess, að skatturinn nær síður tilgangi sínum og verður erfiðari í framkvæmd.

Hæstv. ráðh. drap á eitt sérstaklega, og það var heildsöluverð á kolum. Verði brtt. á þskj. 1113 samþ., þá er ég reiðubúinn að athuga það sérstaklega fyrir 3. umr., og ég hygg, að engir erfiðleikar séu við að sneiða fyrir það, með því að gera örlitla orðabreytingu á 10. gr., þar sem fjallað er um undanþáguheimildir, sem hæstv. ráðh. hefur samkv. lögunum.

Ég skal svo ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um þetta, en vil aðeins endurtaka það, sem ég fyrr sagði í ræðu minni, að ég tel, að hvert eðli skattsins verður, sé að ákaflega miklu leyti undir því komið, við hvort árið, 1944 eða 1945, skatturinn sé miðaður, og ég legg svo mikið upp úr þessu, að afstaða mín til frv. mótast af því, hvort verður í þessu efni.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Þau rök, sem komið hafa fram frá hv. minni hl. fjhn. gegn frv. í heild og frá hv. 3. landsk. þm. sem meðmæli með brtt. hans og hv. 7. landsk. þm., eru í raun og veru þau sömu og komu hér fram við 1. umr., og ég hef ekki tekið eftir því, að eiginlega hafi komið neitt nýtt fram. Þau rök voru rædd þá, og ég held þess vegna, að í raun og veru séu mjög langar umr. um málið frekar gagnslitlar, vegna þess að það er auðsjáanlegt, hvað það er, sem menn hafa með og hvað á móti hverju um sig af þessu.

Hv. minni hl. n., hv. 1. þm. Eyf., færði aðallega tvær ástæður, skildist mér, á móti þessari skattaaðferð, því að mér skildist, að hann í raun og veru væri ekki á móti því, að það þyrfti að ná tilsvarandi tekjum í ríkissjóð. Það, sem mér virtist hann aðallega hafa á móti frv., var í fyrsta lagi það, að þessi skattur væri alveg óvenjulega ranglátur, og svo í öðru lagi, að hann mundi óhjákvæmilega lenda á vöruverðinu og þar af leiðandi á neytendum í landinu.

Um fyrsta atriðið, að þessi skattur sé ranglátur, þá er náttúrlega erfitt að neita því, að hann komi ranglátlega niður, þar sem hann kemur niður á mikinn og lítinn gróða og jafnvel á engan gróða sumra þeirra fyrirtækja, sem starfa í landinu eða hafa starfað, ef það yrði ofan á að miða hann við árið 1944, en ég held, að það megi nokkuð lengi elta ólar við það, hvaða skattar séu í raun og sannleika að fullu réttlátir. Ég vil taka jafnþaulprófaða löggjöf eins og sjálfan tekju- og eignarskattinn. Það má vel vera, að þ. finni svo réttlátan skattstiga, að við það megi una, en enn þá hefur ekki fundizt nein aðferð til þess að fá framtalið og þar af leiðandi grundvöllinn undir skattaálagið þannig, að ekki kenni hins mesta ranglætis á ýmsan hátt. Við skulum taka t. d. embættismann, sem hefur föst laun um árið, ef til vill aukatekjur, sem eru líka opinberar, þannig að skattstofan þarf ekki að spyrja um tekjur hans, heldur fær hún upplýsingar um þær hjá viðkomandi stofnun. Svo skulum við á hinn bóginn taka kaupsýslumann, sem hefur, eins og það er kallað á vondu máli, „lausaforretningu". Ég gæti trúað, að það væri nokkuð erfitt að bera saman raunverulegar tekjur þessara manna, enda vitað af öllum, að alltaf fer fram hjá tekjuskatti ákaflega mikið af tekjum, og má sjá það, þótt ekki væri af öðru en því, að þrátt fyrir þau skattalög, sem við höfum búið við, hefur þó ýmsum mönnum safnazt æðimikið fé. Eða þá útsvörin. Hvað getur verið ranglátara en það, þegar verið er að leggja svo og svo mikið útsvar á fyrirtæki, sem allir vita, að hafa ekkert gefið af sér. Það hefur orðið að ná peningum, og það hefur orðið að gera það á þennan hátt. Þetta er því ekki eins nýtt og menn vilja vera láta. Bæjar- og sveitarfélögin verða að láta sér það lynda að leggja meira eða minna á veltuna. Ég vil ekki segja, að það sé eins ákaflega ranglátt að leggja á veltuna og stundum er haldið fram. Þessi umfangsmiklu fyrirtæki, sem hafa mikla veltu, hafa þann teygjanleika, að þau geta bjargazt yfir „dauða" punkta, þar sem aftur á móti þeir, sem minni hafa veltuna eða kannske enga, geta ekki af neinu séð í skattagreiðslur. Það er þessi teygjanleiki í þessari miklu veltu, sem gerir það að verkum, að oft og einatt verður að hlaupa í að láta þau hjálpa yfir erfið tímabil. Þessi stóru fyrirtæki eru annaðhvort rekin í von um gróða eða engin skynsemd er í að reka þau.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil ekki vera að verja þennan skatt, nema kannske að sumu leyti, með því að það er yfirlýst, að hann skuli ekki verða nema einu sinni tekinn, en ég vil mótmæla því, að hann sé einu rangindin, sem hafi komið fram í skattamálum okkar, því að margir skattar koma ákaflega ranglátlega niður. Þessu sama hefur líka verið haldið fram gegn aðflutningsgjöld-

unum yfirleitt, að fátækir og ríkir verða að borga þau, sérstaklega þegar um er að ræða þungatoll og toll á algengustu nauðsynjavörum, þá komi þeir að því leyti ranglátlega niður, að margir verða að greiða þá, sem í raun og veru hafa ekki efni á því. Þetta er skattastofn, sem er til frambúðar og verður að greiða ár eftir ár, en hér er þó um að ræða bráðabirgðafyrirbæri, sem ekki er ætlazt til að standi nema 1 ár, og er það mjög til bóta, þó að hér sé að ýmsu leyti um skatt að ræða, sem mun koma niður allranglátlega.

Hin ástæðan var svo um það, að þessi skattur mundi koma niður á neytendum, og var það í raun og veru langveigamesta atriðið, einnig í ræðu hv. 3. landsk. þm. Meðmæli hans með því, að skatturinn sé miðaður við árið 1944, en ekki 1945, mun stafa af því, að mér skilst, að hv. 1. þm. Eyf. gerði þar engan mun á, og er ég honum sammála um, að það muni ekki skipta öllu máli. Þar er, eins og ég gat um í hinni stuttu framsöguræðu minni, tilgangurinn sá að reyna að ná þessum tekjuauka án þess að skatturinn komi ranglátlega niður, og ég sagði þá og segi enn, að ég þori litlu að spá um, hvernig þetta takist, en ég sé ekki heldur neitt á móti því að reyna það, og leiðin, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, þar sem hann segir, að eins gott sé að taka þennan skatt með hækkuðum aðflutningsgjöldum, þá er sama sem að gefa upp þessa tilraun og láta skattinn koma niður á almenning og þar með á verðlagið í landinu og vísitöluna og annað slíkt. Mér skilst, að hér greini ekki á um annað en mismunandi trú á, hvernig takist að ná þessari upphæð, án þess að hún festist í verðlaginu. Ég verð að játa, að ég skil ekki fullkomlega, hvað fyrir hv. þm. vakir, þar sem hann segir, að þetta liggi sérstaklega í augum uppi, þegar til kaupfél. komi, vegna þess að þar lækki arðurinn af viðskiptunum og skatturinn lendi því á viðskiptamönnunum, sem séu í rauninni eigendur kaupfél.

Þetta sýnir bara, hve einkennilega lengi menn eru að átta sig á því, að með því að verzla eru þessir menn í raun og veru orðnir kaupmenn. Ef ég er í kaupfélagi, þá má ég ekki rugla saman fjárhag mínum og fjárhag kaupfélagsins. Það er auðséð, að arður þessara kaupmanna minnkar og á að minnka við þennan skatt, eins og arður annarra kaupmanna. Þetta er engin sönnun fyrir því, að þetta komi sem neytendaskattur. Hann kemur niður á þeim neytendum, sem jafnframt eru kaupmenn og eiga þess vegna að greiða skattinn.

Ég held, að ég segi svo ekki fleira um þetta, en sný mér þá að brtt. hv. 1. þm. Eyf. Ég er honum alveg sammála um það, að mjólkurverzlunin eigi að vera undanþegin skattinum, og ég hygg, að það sé að nokkru leyti missmíði á frv. að miða við sölu beint frá neytendum, því að í raun og veru er tilgangurinn sá, að mjólkin verði alveg undanþegin þessum skatti, og tel ég, að það muni litlu breyta um skattinn í sjálfu sér. Ég verð að segja, að um kjötið er ég ekki jafnviss í þessu efni, hvort það er jafnsjálfsagt, að þeir, sem verzla með kjöt, geti ekki borið þennan veltuskatt. Mig vantar nægilegar upplýsingar um það, hvort kjötverzlanir hafa staðið verr að vígi en aðrar verzlanir og hafi minni ágóða, en mjög mikill munur er á mjólkur- og kjötverzlun að því leyti, að þetta er miklu meiri kaupsýsla, sem þar fer fram. En það, sem ég er fyrst og fremst á móti, er það að undanþiggja kornmat. Þá mætti alveg eins undanþiggja fatnað. En það mun venja, að fæði og klæði fari saman.

Ég álít, að hér sé um ráðstöfun að ræða, sem allir verða að taka þátt í, og það næst helzt með því, að nokkur hluti komi á nauðsynjavörur. Þá er það till. hv. 3. landsk. um, að þetta verði miðað við árið 1944. Ég hef hallazt að því að samþ. frv. óbreytt. Skattar eftir á eru yfirleitt siðleysi, og þótt Alþingi hafi stundum gert þetta, þá er það lítil bót, enda mun það varla hafa verið gert á sama hátt, nema þá um fisksöluna.

Áður hafa menn að nokkru getað búizt við slíkum sköttum. En hér er alveg um nýjan skatt að ræða.

Ég skal játa það, að mér verður fátt um svör, ef ég er spurður, af hverju ég hefði verið með því að skattleggja fisksöluna. En þó er þar nokkuð öðru máli að gegna. Þar eru færri gjaldendur og yfirleitt vel stæðir.

En samt hefur sá skattur ef til vill hvað bezt opnað augu mín fyrir því, hvert siðleysi þetta er. Ég fékk t. d. að athuga eitt fyrirtæki, þar sem útkoman var sú, að ágóðinn og skatturinn stóðust á svo að segja upp á krónu.

Slíkar aðfarir stefna í rauninni ekki til annars en fullkominnar þjóðnýtingar. Ef skatturinn er lagður á ókomna tímann, er þó sá munur, að atvinnurekandinn getur hagað rekstrinum nokkuð eftir því, t. d. með því að hætta, ef sýnt væri, að reksturinn þyldi ekki skattana. Það er í öllu falli sómasamlegra, að menn viti, að hverju þeir ganga. Þetta virðist mér grundvallarmunurinn á því að leggja skattinn á 1945, en ekki 1944.

Ég skal svo ekki telja hér upp aftur þær ástæður, sem voru færðar fram við 1. umr.

Það verður ekki framhjá því gengið, að þessi skattur er mikil byrði, en það er þó á valdi þingsins síðar meir að íþyngja mönnum ekki enn meir, ef það telur veltuskattinn hafa orðið of þungan, og leggja þá ekki á tekjuskattsauka.

Ég vil svo aðeins minnast á það, sem hv. 3. landsk. taldi meginatriði að sínum dómi, og það er, hvort leggja skal skattinn á neytendur eða ekki. Hann telur, að sé skatturinn lagður á árið 1944, þá komi hann ekki niður á neytendum, en það geri hann aftur á móti, sé hann lagður á árið 1945. Þetta eru mikilvægar forsendur, ef þær gætu staðizt, en það hygg ég þær geri ekki. Reynslan yrði sú, að þótt lagt yrði á árið 1944, þá yrði skatturinn greiddur af rekstri ársins 1945, og ef verðlagsráð kemur til með að taka tillit til þessa, þá mundi það alveg eins gera það, þótt þannig væri farið að.

Varðandi það, að eins megi lækka vöruverðið og leggja á slíkan veltuskatt, þá er því til að svara, að ég get ekki hugsað mér, að verðlagsákvæði geti verið svo nákvæm eða rétt sé, að þau séu svo nákvæm, að þau taki fyrir allan arð af rekstrinum.

Að öllu athuguðu held ég, að ekki verði hjá því komizt, að þessi skattur lendi að nokkru á neytendum, hvort sem hann er lagður á 1944 eða 1945.

Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt, og læt þetta nægja frá minni hendi.

Gísli Jónsson: Það hafa komið hér fram tvær athyglisverðar yfirlýsingar. Önnur frá hæstv. fjmrh., þegar hann segir, að ekki sé gert ráð fyrir, að þessi skattur verði framlengdur, og hin frá hv. 3. landsk. um, að atkvæði hans um þetta frv. fari eftir því, hvort skatturinn verði miðaður við 1944 eða 1945. Mér skilst, að yfirlýsing hæstv. fjmrh. hljóti að byggjast á því, að annaðhvort búist hann við, að afkoma ríkissjóðs batni, eða þá, að honum muni takast betur að semja fjárlög, nema hvort tveggja sé. Ég ber svo mikið traust til hæstv. ráðh., að ég vona, að honum takist að finna hér færar leiðir.

En þess ber nú að gæta að fara ekki inn á þær leiðir, að taka verði upp ríkisrekstur, en það frv., sem hér liggur fyrir, mun stappa þar nærri.

Ég segi þetta ekki sem ásökun í garð núv. ríkisstj. Þetta er afleiðing þess ástands, sem skapazt hefur síðustu ár.

Í sambandi við yfirlýsingu hv. 3. landsk. vil ég minna hann á, að þegar rætt var hér um launal. fyrir skemmstu, var hann undrandi yfir afstöðu minni og taldi, að ég væri að svíkja ríkisstj., þegar ég vildi einungis samþ. þau l. innan þeirra takmarka, sem um var samið. En nú lætur hann skína í, að hann verði ekki með þessu frv. nema því verði breytt eftir hans vilja, jafnvel þótt samþ. þess velti á hans atkv. og þar með fall ríkisstj.

En svo að ég víki að því, hvaða atriði mæla með því, að þessi skattur sé lagður á árið 1945, þá er það fyrst, sem bent hefur verið á, að óhæfa er að leggja skatta á eftir á, þótt það sé nú orðið alltítt hér á Alþingi og skipti hv. 3. landsk. ekki miklu. Annað er það, sem skiptir miklu máli, en það er, að menn geta hagað bókhaldi sínu þannig, að þeir geti greint sundur smásölu og heildverzlun, sem ekki er unnt, sé skatturinn lagður á 1944.

Enn fremur er það mikilsvert atriði, að menn séu fyrir fram viðbúnir slíkum álögum. Hugsum okkur t. d., að fyrirtæki, sem veltir 1 millj. kr., þurfi ekki að spara nema 10 þús. kr. í mannahaldi til þess, að reksturinn beri sig. En ef þetta er gert ári síðar, koma þessar tekjur til skatts. Og það, sem ef til vill er þó mikilsverðast, er það, að með því að leggja þetta á árið 1945, fá menn tækifæri til að hætta rekstri, sem sýnilegt er, að ekki mun bera sig.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. gat um, að það er á valdi Alþingis að samþykkja ekki tekjuskattsauka, ef sýnilegt er, að hér er of langt gengið.

Ég skal ekki ræða frekar um þessi atriði, en vil minnast á það, sem kom fram hér við 1. umr. viðvíkjandi samvinnufélögunum.

Það er vitað, að afstaða þessa hv. þm. til þessa frv. og afstaða Framsfl. í heild, og það kom einnig fram í ræðu hv. þm. Str., markast aðeins af því, að hér er verið að leggja skatt á samvinnufélögin, sem alveg gagnstætt því, sem hv. 1. þm. Eyf. hélt fram, hafa haft ýmiss konar skattfríðindi. Hv. þm. segir, að þau hafi engin fríðindi haft í sköttum. Ég vil benda hv. þm. á, að samkvæmt skattal. skulu samvinnufélög og kaupfélög ekki greiða nema 8% tekjuskatt, en tekjuskattur annarra félaga og einstaklinga takmarkast við 22%. Þetta er mikill munur, auk þess sem ekkert verzlunarfyrirtæki fær að draga frá meira en 20%, sem er skattfrjálst, en samvinnufélögin fá 33%. Þetta eru stór hlunnindi, og það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn um það. En þetta er ekki nema partur af fríðindum félaganna, því að hlutafélögum, sem fá að leggja til hliðar nokkuð af tekjum sínum, áður en skattur er af þeim reiknaður, er markaður svo þröngur bás, að það er ekki hægt að taka þetta fé úr þessum fyrirtækjum til hluthafanna, heldur má aðeins nota það til nýbygginga, eins og hv. þm. er kunnugt, eða til rekstrartapa, en þetta er ekki þannig með samvinnufélögin. Þau eiga að vísu að leggja fé í sérstakan sjóð, en það er hvergi bannað á erfiðum tímum, að þeir, sem eiga þessi fyrirtæki og mest eru bændur, megi ekki lækka vöruverð, svo að félögin komist í rekstrartap og greiða hluthöfum sínum svo og svo mikinn hlut út án þess að greiða arð eða byggja nokkur skip eða önnur framleiðslutæki. Þetta eru kannske langstærstu fríðindin.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að þar sem eingöngu er samvinnufélagarekstur í bæjar- og sveitarfélögum og ekkert annað til að bera uppi gjöldin, þar verður að leggja á gróða samvinnufélaganna gagnstætt ákvæðum l., því að annars hafa sveitarfélögin engar tekjur til að standa undir þörfum sínum. Mér er m. a. kunnugt um einn hrepp, þar sem enginn atvinnurekstur er, hann hefur allur verið lagður í rústir af ákveðnu samvinnufélagi, sem ekki hefur uppfyllt á sama tíma skyldu sína um að halda uppi atvinnurekstri á þessum stað. Þarfir hreppsins eru aðeins 15 þús., og þar af borgar kaupfélagið 10 þús., af því að það er hvergi hægt annars staðar að taka þetta fé, þó að það sé langt fram yfir það, sem heimilt er samkvæmt skattal. En þegar það tók að sér það hlutverk að keppa undir fríðindum skattfrelsisins við kaupmenn, sem þar voru á staðnum, og á sama tíma hafði þær skyldur að halda uppi atvinnurekstri, þá hurfu allir tekjustofnarnir, og þá varð að setja þessa byrði á það. Það mun líka svo fara, að þegar allur rekstur er kominn undir samvinnufélögin, þá verður að breyta skattal., ef bæjar- og sveitarfélög eiga að fá nauðsynlegar tekjur til að standa undir rekstri sínum. Það getur vel verið, að hv. 1. þm. Eyf. haldi því fram, að samvinnufélögin hafi engin skattfríðindi. En hvers vegna var þá samflokksmaður hans, hv. 1. þm. S.-M., að bera fram nýlega hér á þingi till. um breyt. á l. um olíusamlög til að fá þau undir sömu skattfríðindi og samvinnufélög, þó að þau væru í rauninni hlutafélög. Það var eingöngu af því, að samvinnufélögin hafa allt önnur og meiri skattfríðindi en nokkur annar rekstur hér á landi, því að ef það væri ekki, þá væri engin ástæða að bera fram till. um, að olíusamlög fengju sömu skattfríðindi og samvinnufélög.

Hv. 1. þm. Eyf. hefur einnig minnzt á það í nál. sínu og sömuleiðis í ræðu sinni áðan, að það mætti einnig fyrirskipa að lækka vöruverð í landinu og halda þannig dýrtíðinni niðri eins og að leggja á þennan skatt. Það má að sjálfsögðu fyrirskipa að lækka ágóðahlutann, en ég hygg, að það sé jafnskýrt mál, að þótt verðlagsvísitalan lækkaði eitthvað, þá kæmi það fé ekki allt í ríkissjóð, og þá yrði að afla teknanna á einhvern annan hátt.

Að síðustu vil ég leyfa mér að benda hv. 1. þm. Eyf. á það, að nú er um það bil búið að samþ. annan mjög þungan skatt út úr þessari d., og þá kom þessi hv. þm. ekki til að mótmæla þeim skatti. Ég vil leyfa mér að upplýsa, hvernig þessi skattur verkar. Það eru þrjú fyrirtæki, sem ég hef rannsakað. Hvert þeirra hafði um 4 millj. kr. ísfiskssölu á s. l. ári. Eitt þeirra hefur grætt 750 þús. kr., en fær að leggja 250 þús. kr. í varasjóð, og af þessu er helmingurinn frystur í nýbyggingasjóði til þess að liggja þar án þess að gefa arð um langan tíma. Samkvæmt skattal. fær þetta fyrirtæki í skatt 495 þús. kr. M. ö. o., það hefur 5 þús. kr. til frjálsra umráða. Annað fyrirtæki hefur grætt 550 þús. kr., en hafði sömu umsetningu. Það leggur 184 þús. kr. í nýbyggingasjóð, en það fær 380 þús. kr. í skatt, eða 14 þús. kr. meira en það skattskylda fé. Ég skal hvenær sem er sýna þessum hv. þm., að þetta er rétt. Þriðja útkoman er þannig, og hún er verst, að þar hefur félagið grætt aðeins 250 þús. kr., og hefur 166 þús. kr. skattskylt, en fær 200380 kr. í skatt, eða nærri því 35 þús. kr. meira en það skattskylda fé. Svona er útkoman þarna. Það er sannarlega ekki af því, að útgerðarmenn hafi ekki séð, hvert stefnir. Þeir hafa séð þörfina á að bæta úr því öngþveiti, sem m. a. þessi hv. þm. hefur verið að halda við hér á þingi með því að styðja beinlínis og óbeinlínis fyrrv. ríkisstj., sem skapaði þetta öngþveiti. (**BSt:** Studdi ég hana?) Já, það gerði hann, hann vildi ekki verða af með hana. (**BSt:** Ég held, að við höfum báðir stutt hana jafnt.)

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Mér þótti rétt að taka þetta fram að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Eyf., þar sem hann fór hér alveg ranglega með, að samvinnufélögin hefðu ekki notið sérréttinda í skattfrelsi, og út af öðru, sem hér hefur komið fram í sambandi við þessar umr.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Mér þótti dálítið einkennilegt sumt af því, sem hv. 3. landsk. sagði. Hann hélt því fram, að þessi skattur kæmi niður á þeim stéttum, sem hefðu haft mestan hagnað undanfarið. Ég þóttist hafa sýnt fram á, að í raun og veru kæmi þessi skattur niður á almenningi, og hv. þm. játaði, að eins og frv. liggur fyrir, þá kæmi skatturinn þannig niður. Hann játaði það líka, sem ég hafði sagt, að þetta væri raunverulega neyzluskattur, eins og frv. liggur fyrir, og það er einnig að nokkru leyti eignarskattur, sem leggst m. a. á alla viðskiptamenn samvinnufélaga landsins, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir.

Hv. þm. sagði, og hv. þm. Barð. vék einnig að því, að það væri ekkert nýtt að leggja skatt á eftir á. Hann segir það út frá sinni till. um að leggja á veltu ársins 1944. Ég mótmæli þeim orðum bæði hjá hv. 3. landsk. og hv. þm. Barð., að skattur, sem á nokkurn hátt sé sambærilegur við þennan skatt, hafi verið lagður á eftir á. Þeir skattar, sem hingað til hafa verið lögleiddir, hafa verið lagðir á arð af atvinnu eða eign, en það er talsvert annað að leggja á afgang tekna liðins árs eða leggja á veltu liðins árs. Það hugsa ég, að allir skilji.

Hv. 3. landsk. segir, að það, hvort þessi skattur verði neyzluskattur eða ekki, fari eftir því, hvort hans till. um að miða við veltu ársins 1944 verður samþ. eða ekki. Ég sýndi fram á það í fyrri ræðu minni og vakti athygli á því við 1. umr. þessa máls, að þetta er nákvæmlega það sama, a. m. k. að því er snertir þá, sem verzla við samvinnufélögin, en það er um helmingur landsmanna. Það getur vel verið, að hv. þm. álíti það engu máli skipta um þann helming landsmanna, heldur aðeins hinn, en þótt svo væri, þá er grunur minn sá, að þetta yrði einnig útkoman með aðrar verzlanir en verzlanir samvinnumanna, og eins og ég sagði áðan, leggst skatturinn með einhverjum hætti á almenning, hvernig sem að er farið. (**Fjmrh.:** Er hann þá líka eignarskattur?) Hann er a. m. k. eignarskattur á samvinnumenn.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um það, sem hann sagði, en aðeins minnast á síðustu brtt. hans á þskj. 1113. Ég verð að segja, að ég sé ekki betur en með þessari till. sé gerð einhver sú svæsnasta árás á samvinnufélög landsins, sem gerð hefur verið á Alþingi. Með brtt. við 8. gr. er nú, eins og allir sjá, lagt beinlínis til, að samvinnufélög landsins séu svipt ákvörðunarrétti um eiginn fjárhag sinn og fjármál. Það hefur ekki verið lagt til áður, svo að ég viti til, í jafnríkum mæli. Í niðurlagi þessarar till. stendur, að ekki megi draga greiddan veltuskatt frá tekjum við ákvörðun ágóða samkvæmt ofansögðu, og er þar átt aðallega við Sambandið. En reynist tekjurnar ekki nægar til að framfylgja þessu ákvæði, á þá að stofna skuldir til að fullnægja þessu ákvæði, eða hvernig hugsar hv. þm. og meðflm. hans sér framkvæmdina á þessu? Hvað sem öðru líður og hvað sem líður öðrum brtt. á þessu þskj., þá vil ég þó alveg sérstaklega vænta þess, að d. felli þessa síðustu till. á þskj. og hrindi þar með þeirri árás, sem þar er gerð á samvinnufélög landsins.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að umr. um þetta mál mundu vera gagnslitlar. Ég get alveg fallizt á það, enda mun ég stytta mál mitt. Örlög þessa máls munu vera ákveðin fyrirfram, svo að það má segja, að gagnslítið sé að ræða það. Hann vék að því, sem ég hafði sagt, að þessi skattur væri ranglátur, og hann viðurkenndi fyllilega, að svo væri, en hann varði sig með því, að það væru allir skattar ranglátir, t. d. tekju- og eignarskattur o. s. frv. Afstaða hans flokks var hér áður sú yfirleitt að vera á móti öllum sköttum, en í seinni tíð þó með öllum útgjöldum ríkissjóðs, og þess vegna býst ég við, að þetta sé hans sannfæring, að allir skattar séu ranglátir. Það væri náttúrlega á ýmsan hátt bezt, að ríkið hefði einhverja tekjulind til að ausa úr, sem ekki kæmi við neinn þegn þjóðfélagsins. En ég verð að halda fram, að þótt svo kunni að vera, að allir skattar séu ranglátir, eins og hv. þm. hélt fram, þá sé þessi skattur a. m. k. ranglátastur þeirra skatta, sem enn þá hefur verið stungið upp á að leggja á, og það af þeirri ástæðu, sem ég nefndi í frumræðu minni, að þessi skattur fer ekkert eftir gjaldþoli skattgreiðenda, en allir aðrir skattar, sem lagðir hafa verið á hingað til, a. m. k. fram að þessu þingi, fara þó að einhverju leyti eftir því. Sem dæmi upp á það, hve skattar væru ranglátir, nefndi hv. þm. það, ef embættismaður og forretningsmaður hefðu sömu tekjur á pappírnum, þá greiddu þeir sama tekjuskatt, en það mundi í raun og veru vera

ólíkur skattur, sem þeir greiddu, sem auðvitað væri þá af því, að annar þessara aðila sviki skattinn, en hinn ekki, annar gæti það, en hinn ekki. Þetta getur verið ré t, en löggjafinn reynir að koma í veg fyrir skattsvik og sjálfsagt að halda áfram á þeirri braut, því að auðvitað er það, að skattur til ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga ætti að ganga jafnt yfir þegnana eftir þeirra *gjaldþoli, tekjum og eignum.*

Hv. þm. segir, að útsvör í Reykjavík séu lögð á veltu. Það kann að vera rétt, að Reykjavík geri það, en ég álít, að það sé rangt af bænum að gera það, og þó að það eigi sér stað hér, þá er það jafnrangt fyrir því, því að skattar eiga vitanlega að fara eftir gjaldþoli, en ekki öðru, og ég sé enga skyldu hjá mér til að fara að verja það, þótt Reykjavíkurbær leggi á ranga skatta.

Hv. þm. segist ekki vilja verja þennan skatt, og lái ég honum það ekki, nema þá í einu atriði, að hann yrði ekki lagður á nema einu sinni. Hann segir það, og hæstv. stj. segir það. En ég verð nokkuð að draga í efa, að þessi skattur eða annar honum líkur verði ekki lagður á nema einu sinni. Ég sýndi fram á við 1. umr., og ég hygg, að öllum, sem gera sér grein fyrir fjármálaástandinu, sé ljóst, að annaðhvort verður að ári liðnu að framlengja þennan skatt eða setja einhvern annan skatt eða toll í hans stað. Ég spurði um það við 1. umr., hvað ætti að koma í staðinn að ári liðnu og hvers vegna mætti ekki einu sinni stinga upp á því nú, sem ætti að koma í staðinn þá. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri verið að gera tilraun með, hvort skatturinn komi niður á neytendum. Mér virðist, að hv. frsm. meiri hl. hafi þá játað með ummælum sínum, að svo mundi fara, að skatturinn kæmi niður á neytendunum, enda er það fyrirfram víst, að svo verður, a. m. k. að einhverju leyti, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Viðvíkjandi því, sem ég hafði minnzt á, sem enginn getur hrakið, að þetta kæmi alveg beint niður á þeim helmingi landsmanna, sem verzlaði við samvinnufélögin, þá sagði hann, að það væri vegna þess, að í því efni væru samvinnumenn orðnir kaupmenn, það kæmi niður á þeim sem kaupmönnum, en ekki neytendum. Þetta er dálítið hæpið. Tilgangur kaupfélaganna er að selja raunverulega vörur með sannvirði og hafa engan ágóða af, nema það, sem þarf að leggja í sameiginlega sjóði. En vegna þess að vöruverð getur verið breytilegt, þá þykir hentugt að hafa útsöluverð svipað og hjá kaupmönnum á staðnum, venjulega þó ívið lægra, og úthluta síðan af þessum ágóða til viðskiptamanna. Mér finnst nú, að það sé varla hægt að kalla það kaupmennsku, þegar *gætt er að öllu eðli samvinnufélaganna og* rekstri, þó að þessum arði sé úthlutað, og þess vegna finnst mér, að þar sem það er játað, að skatturinn komi niður á þessum hluta landsmanna, þá komi hann niður á þeim sem neytendum, það er svo lítil kaupmennska í þessu sambandi hjá hverjum einstakling.

Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að till. mín væri rétt að því er snerti mjólkursöluna, og geri ég þá ráð fyrir, að hann beri fram brtt. um að kljúfa hana, þannig að hv. dm. eigi þess kost að greiða atkv. um það atriði sérstaklega. En svo þótti honum það galli á till. minni, að ég blandaði inn í fleiri vörutegundum, og spurði, hvers vegna ég hefði ekki tekið klæðnað með. Það var vegna þess, að ég áleit, að till. væri því ólíklegri til framgangs sem fleira væri tekið með, en ég hefði verið fús til að taka klæðnað með og fleiri nauðsynjavörur almennings. Mér skildist á honum, að það mundi verða erfitt og kannske ekki hægt í framkvæmd að skilja þetta undan í verzluninni, að hve miklu leyti veltan stafaði af sölu þessarar vöru og að hvaða leyti af sölu á öðrum vörum. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta, en ég hygg þó, að öll bókhaldsskyld fyrirtæki gætu gert grein fyrir þessu. Það hlýtur að vera hægt að ganga úr skugga um það í bókum fyrirtækjanna, hvað þar er selt af þessari eða annarri vöru.

Mér fannst hv. þm. telja það aðalkost þessa skatts, að það taka svo margir þátt í að bera hann. Þetta kann að vera kostur, og það kann að vera ókostur. En áreiðanlegt er, að í þessu er fengin full viðurkenning á því, sem ég sagði, að þessi skattur lenti raunverulega á almenningi í landinu og hefur ákaflega svipuð áhrif og nýr tollur.

Hv. þm. Barð. var að tala um það, að skatturinn myndi ekki verða framlengdur, ef tekjur landsmanna ykjust eða það færi fram niðurskurður á ríkisútgjöldunum, sem mér fannst hann hafa góðar vonir með að yrði, og byggir hann það vitanlega á trausti til núv. ríkisstj. Ég hef nú ekki séð miklar horfur á því enn, að það sé mikill niðurskurður á ríkisútgjöldunum síðan núv. ríkisstjórn tók við völdum.

Ég man ekki, hvað það eru mörg embætti, sem stofnuð hafa verið með l. síðan ríkisstj. tók við völdum, en þau eru orðin nokkuð mörg. Að nýjar framkv. og öflun nýrra atvinnutækja skapi auknar tekjur í ríkissjóð, eins og hann var að spá, og þar af leiðandi væri ekki þörf á að endurnýja skattinn, þá er vonandi, að þær vonir, sem hann og aðrir bera í brjósti um það, rætist. En ekki sér maður bóla á slíkum framkvæmdum enn. Það eina, sem í þessu efni hefur skeð og nú er verið að framkv., eru ráðstafanir, sem fyrrv. stj. gerði, þó að hún þætti ekki góð og ekki þætti rétt að *hafa hana áfram. En misskilningur er það, sem* hv. þm. Barð. sagði að ég hafi verið stuðningsmaður þeirrar stj. Ég veit ekki til þess, að ég hafi verið meiri stuðningsmaður þeirrar stjórnar en hann. (GJ: Jú áreiðanlega.) Það vildi nú samt svo til, að í þeim málum, sem sú stj. bar sérstaklega fyrir brjósti og hefði gert að fráfararatriði, ef þau hefðu ekki náð fram að ganga, vorum við samherjar í að fylgja á þingi 1943, ekki til að styðja stj., heldur af því, að við álitum þau nauðsynjamál.

Þá sagði hv. þm., að þetta frv. væri borið fram af nauðsyn vegna ástandsins, en ekki vegna stefnu ríkisstj. Ég er nú ekki alveg sammála um þetta. Ég veit, að það hefði þurft að afla nokkurra tekna í ríkissjóð, hvað sem öðru leið, vegna þess, sem á undan var gengið. En ég er ekki alveg viss um, að það hefði þurft að afla allra þeirra tekna, sem nú er farið fram á, ef stefna ríkisstj. hefði ekki komið til og hennar flokka. Það er ekki nema 10 millj. kr., sem áætlað er, að þessi skattur gefi í ríkissjóð. En t. d. samþ. launal. mun kosta a. m. k. 7 millj. kr. árlega miðað við, að

núverandi dýrtíð haldist. Það er afleiðing af stjórnarsamningnum, að þessi l. verða samþ. Ég er því alveg viðbúinn, að mér sé svarað, að ég sé einn af flm. frv. — Í fyrsta lagi er það, að ég bar fram lækkunartill. við frv. og ég ber enga ábyrgð á þeim hækkunum, sem síðan hafa verið samþ. Og svo er annað, það er sú hækkun, sem hefur orðið á vísitölunni í staðinn fyrir lækkun, sem hefði átt að vera. Er það ekki bein afleiðing af stefnu stj.? Ég ætla ekki að fara út í það, það yrði langt mál. En ég hygg, að hægt sé að færa býsna góð rök fyrir því, að það sé afleiðing af henni.

Ummæli hv. þm. Barð. um það, að mín afstaða markist af því, að verið er að leggja á samvinnufélögin, eru vitanlega ekki svaraverð. Enda hafa orð mín ekki gefið neitt tilefni til þess að segja slíkt. Þegar ég minntist á samvinnufélögin, tók ég það aðeins sem dæmi, af því að það er öllum skiljanlegt, að í þeim tilfellum hlýtur skatturinn að koma niður á almenningi. Ég var ekki sérstaklega að mæla samvinnufélögin að öðru leyti undan þessum skatti fremur en aðra. Ég ætla ekki tímans vegna að fara út í þessi margumtöluðu hlunnindi samvinnufélaganna, sem hv. þm. var að tala um. Ég veit ekki um önnur hlunnindi samvinnufélaganna, að því er skatta ríkisins snertir, en þau, sem ýmis félög og fyrirtæki í landinu hafa. Að því er snertir gjöld til bæjar- og sveitarfélaga er það að segja, að hvað, sem samvinnulögin segja, er það praktiserað þannig, að því er mér virðist, að það er lagt á samvinnufélögin eins og hverja aðra verzlun. A. m. k. er það svo um það félag, sem ég er kunnugastur, að mér virðist það borga útsvar til hlutaðeigandi bæjar eins og hver önnur verzlun. Vitanlega er það stærsta verzlun í bænum, en borgar líka margfalt útsvar á við nokkra verzlun.

Það, sem hann nefndi olíusamlögin, þá er því auðsvarað, að þessi félög gátu tæpast komizt undir nokkur önnur ákvæði um tilslökun heldur en samvinnul., þau eru nefnilega ekki hlutafélög. Þá minnti hann mig á það, að ég hefði verið með frv. um veltuskatt á togarana, sem væri að nokkru leyti hliðstætt þessu frv. Þetta er dálítið hæpið hjá hv. þm. Ég gerði ekki svo mikinn ágreining um það mál, að ég skrifaði fjhn. út af því og gæfi út sérstakt nál. En ég skrifaði undir nál. fjhn. um málið með fyrirvara. Ég greiddi ekki atkv. með því í hv. d. Ég man satt að segja ekki, hvort hv. þm. greiddi atkv. með þessu frv. En hitt veit ég, að hann styður nú og sjálfsagt áfram þá stjórn, sem bar þetta frv. fram, og þess vegna finnst mér hann eigi ekki að gera mikið veður út af því máli.

Forseti (StgrA): Það er ætlunin að ljúka 2. umr. í dag, og æskilegast væri, ef hægt væri að gera það áður en þessum fundi lýkur. Nú eru tveir hv. þm. á mælendaskrá enn, og sennilega geta þeir ekki stytt mál sitt svo, að það takist, og verður þá að halda fundi áfram í kvöld.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get orðið við tilmælum hæstv. forseta að falla frá orðinu. En ég tel rétt að taka brtt. mína aftur til 3. umr. Ég get geymt mér að segja það, sem ég ætlaði að segja nú, þangað til.

ATKVGR.

Brtt. 1113 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv.

2. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Brtt. 1111 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HermJ, JJ, PHerm.

nei: PM, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, StgrA.

2 þm. (ÞÞ, IngP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Bæði af því, að till. er óaðgengileg í því formi, sem hún er í, og ekki verður skilið í sundur það, sem aðgengilegt er, og það, sem er óaðgengilegt, og með því, að ég tel undanþáguatriði 10. gr. geta náð til þess, sem er nauðsynlegt að framkvæma, segi ég nei.

3. gr. samþ. með 11:4 atkv.

4.—12. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 129. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 853, 1113, 1129).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég gerði grein fyrir brtt. mínum og hv. 7. landsk. við 2. umr. málsins og hef í raun og veru litlu við það að bæta, sem ég sagði þá þeim til stuðnings, öðru en því, sem ummæli einstakra hv. þm. hafa gefið mér tilefni til.

Höfuðröksemd mín fyrir brtt. var sú, að ég tel, að ef skattgjaldið er miðað við veltu ársins 1944, þá megi telja fulltryggt, að skatturinn lendi raunverulega á þeim, sem greiða hann, en geti ekki komið fram í verði eða lent á neytendum og þeir eiginlegu gjaldendur komi honum þannig af sér. Verði frv. hins vegar samþ. óbreytt og skattgjaldið miðað við árið 1945, þá tel ég engan veginn tryggt, að skatturinn geti ekki komið fram í verði og lent á neytendum og þeir, sem greiða hann, komið honum þannig af sér.

Ég verð að segja, að þau mótmæli, sem fram hafa komið við umr. gegn þessari brtt., hafa engan veginn orðið til þess að draga úr efasemdum mínum í þessu efni, heldur þvert á móti. Hv. frsm. meiri hl. hins vegar heldur því fram, að í raun og veru muni vera nokkuð lítill munur á því, hvað þetta snertir, hvort skatturinn er miðaður við 1944 eða 1945, því að verðlagseftirlitið hafi bæði töglin og hagldirnar í verðlagsmálunum og geti séð um, að þótt miðað verði við veltuna á þessu ári, þá hafi það engin áhrif á verðlagið. Ég hygg, að það sé ekki hægt að fullyrða þetta, þó að ég vilji ekki fullyrða, að verðlagseftirlitinu geti ekki orðið eitthvað ágengt í þessu efni. En það er augljóst mál, að ef skattgjaldið er miðað við árið 1944, þá er hættan að mínum dómi engin. Verðlagningu þess árs er lokið og sú velta upp gerð. Það eru því engar minnstu líkur til, að skatturinn hafi áhrif á verðlagningu, ef hann er miðaður við veltuna 1944. Hins vegar virðist mér liggja í augum uppi,

að ef hann er miðaður við 1945 og verðlagseftirlitið beitir sínu valdi þannig, að aðeins verður leyfð nauðsynlegasta álagning til að reka verzlunina, þá getur orðið í sumum tilfellum um tvennt að ræða, annaðhvort að fjárhagslegur halli geti orðið á rekstrinum eða þá að leyfa meiri álagningu en annars væri gert. Ég vil ekki leyna því, að mér er ljóst, að þrátt fyrir góðan vilja, þá er hætta ríkjandi í þessu efni, en engin, ef miðað er við veltu ársins 1944.

Auk þess vil ég leyfa mér að minna á, að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er það beinlínis tekið fram, að hún muni gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að halda niðri verðlagi í landinu og beita heimildum löggjafarinnar um verðlagseftirlit eins og fært sé í þessu skyni. Ég sé því ekki annað en hæstv. stjórn mæti vera það frekar kærkomið, að skattgjaldið væri miðað við árið 1944, svo að engin hætta væri á, að tekið yrði tillit til þess við verðlagningu á vörum 1945.

Auk þess er þess að gæta, að það mun almennt viðurkennt, að árið 1944 hafi verið mjög hagstætt verzluninni, svo að hún hafi skilað góðum hagnaði. Hins vegar er því haldið fram af mörgum, og er það ekki ólíklegt eftir yfirlýsingum hæstv. stj. um, að verðlagi verði haldið niðri, svo sem kostur er, að ekki muni vera eins mikils ágóða að vænta af verzluninni á þessu ári. Er þar einnig á það að minnast, að á síðasta ári voru ekki allar vörur undir verðlagseftirliti, en nú fyrir áramótin var hvert einasta tangur og tetur sett undir verðlagseftirlit, og flestar innlendar vörur eru undir verðlagsákvörðunum. Þá er ekki heldur hægt að ganga fram hjá því með öllu, þó að það sé óskylt mál, að sterkar líkur benda til, að talsvert margir heildsalar hafi lagt meira á vörurnar á s. l. ári en heimilt var samkvæmt l. og fengið þar með verulegan arð. Ég segi þetta ekki af því, að ég ætlist til, að þær sakir séu gerðar upp með þessum skatti, en ég bendi á það, til þess að menn geri sér ljóst, að þetta bendir til, að jafnvel hafi verið meiri gróði á árinu en fram kemur í opinberum skýrslum.

Loks get ég ekki komizt hjá því að óttast, ef skattgjaldið er miðað við árið 1945, að svo geti farið, að vonir hæstv. fjmrh. um tekjur af skattinum geti nokkuð brugðizt. Hv. þm. Barð. tók glögglega fram í ræðu sinni við 2. umr., að eitt af því, sem sterkast mælir með að miða við árið 1945, en ekki 1944, væri það, að þá gætu þeir einstaklingar, sem það vildu, hagað sínu rekstrarfyrirkomulagi til samræmis við það, sem hentugast væri undir þessari skattalöggjöf, og dregið úr eða breytt í annað horf þeim rekstri, sem útlit væri fyrir, að ekki borgaði sig. Er ekki hæstv. fjmrh. hræddur um, að slíkt gæti haft einhver áhrif á skattinn? Ég fæ ekki skilið ummæli hv. þm. Barð. á annan veg en að ætla mætti, að svo yrði. Ég sé ekki neitt auðveldara fyrir ýmis fyrirtæki en að breyta á þann veg til í eitt ár, að í staðinn fyrir að nefna verzlun sína heildverzlun, gætu þeir nefnt hana umboðsverzlun fyrir lágar prósentur í umboðslaun, og þá væri skatturinn ekki nema 25% af þeim umboðslaunum. Mér þykir ákaflega sennilegt, að ýmis fyrirtæki mundu reyna þetta. En hvaða áhrif það hefur á skattinn, er augljóst.

Ég er því ekki einasta jafnsannfærður, heldur enn sannfærðari um það nú en við 2. umr., að ef skatturinn á að koma þann veg niður, sem til er ætlazt, þ. e. a. s. að lenda óyfirfæranlega á þeim, sem greiða hann í fyrstu, og að þeir geti ekki velt honum yfir á aðra, þá sé sjálfsagt að miða við veltu ársins 1944, en ekki 1945, hvort sem litið er til þess, hverjar líkur eru til, að skatturinn gefi þær tekjur, sem gert er ráð fyrir, eða hins, sem er ekki þýðingarminna, að hann lendi raunverulega á þeim, sem er ætlað að bera hann.

Hv. þm. Barð. lét ýmis orð falla í sambandi við ummæli mín um skattinn. Ég læt þeim ósvarað að öðru leyti en því að minna á það, sem ég áður hef sagt. En vegna þeirra ummæla þykir mér rétt að bera fram skrifl. brtt. við 9. gr. frv., ekki af því að mér þyki út af fyrir sig þörf á því, heldur vegna þeirra ummæla, sem hér hafa fallið, til að taka af öll tvímæli. (**Fjmrh.**: Hefur hv. þm. athugað ákvæði 7. gr.?) Ég legg til á þskj. 1113, að hún falli niður, en legg til, að þetta komi í staðinn.

Hv. 1. þm. Eyf., frsm. minni hl., kvaðst vera algerlega andvígur þessu frv. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það, sem hann sagði. Ég get þar verið honum sammála í sumum atriðum, en sumt af ummælum hans kom mér einkennilega fyrir eyru.

Hv. 1. þm. Eyf. mótmælti því eindregið og lagði fast við, að hann hefði nokkurn tíma verið með því að samþ. sambærilegan skatt og þennan, sem hefði einnig verið lagður á eftir á. Ég hefði ekki haldið, að jafnminnugur maður og þessi hv. þm. myndi jafnskammt í þessu efni. Það eru aðeins örfáir dagar, síðan þessi hv. d. afgr. frv. um skatt á fiski, sem seldur hefur verið á erlendum markaði, og þessi skattur er nákvæmlega hliðstæður því gjaldi, sem lagt er til með þessu frv., að lagt verði á, að öðru leyti en því, að sá skattur á að leggjast á veltu ársins 1944, en ekki 1945. Og með þessum skatti á dögunum greiddi hv. 1. þm. Eyf. atkv., bæði í fjhn. og einnig hér í þessari hv. deild.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði enn fremur, að með brtt. nr. 4, ætla ég, á þskj. 1113 væru samvinnufélög svipt öllu sjálfsforræði um sín eigin málefni. Ég skal ekki togast á um orð við þennan hv. þm. En efni gr. er einfaldlega það, að ekki sé hægt að láta hin einstöku kaupfélög greiða bæði heildsöluskattinn og smásöluskattinn, heldur verði heildsöluveltuskatturinn að greiðast af sameiginlegum sjóði Sambandsins, en eigi ekki að koma sem útgjöld hjá hverju einstöku kaupfélagi eða samvinnufélagi, en það mundi verða að óbreyttum ákvæðum frv. — Að vissu leyti er það rétt, að skatturinn lendi á samvinnufélögum og þess vegna á neytendum, hvort árið sem tekið er, að því leyti til, að eignir kaupfélaganna og Sambandsins eru sameignir allra samvinnumanna í landinu. Að því leyti getur það talizt rétt, en ekki að neinu öðru leyti.

En annars get ég sagt það um þetta atriði, að yfirleitt virðist mér reynslan hafa verið sú undanfarin ár, að Sambandið og kaupfélög flest hafi notað sér verðálagningarheimildir verðlagseftirlitsins nokkurn veginn til jafns við kaupmenn, þó með nokkrum undantekningum, og þar með að minni hyggju vanrækt mikils verðan þátt í starfi sínu og ætlunarverki, sem sé að reyna að

hafa hemil á verðlaginu, segjandi sem svo: Það er ekki hægt að ætlast til þess af okkur, eftir að löggjafinn skipar þessum málum með sérstakri lagasetningu. Og ég skal játa, að það er nokkuð til í þessu. Ég þekki þó nokkur kaupfélög, sem eru undantekning frá þessari reglu, sem ekki nota til fulls þær álagningarheimildir, sem verðlagseftirlitið hefur gefið. En einmitt vegna þess, að það má segja, að það sé sú almenna regla, að þau noti þessar heimildir, þá finnst mér eðlilegt, að þetta skattgjald komi niður á kaupfélögum og samvinnufélögum og samböndum þeirra eins og öðrum verzlunum á landinu.

Ýmislegt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um agnúa á frv., get ég að vísu tekið undir. En mér fannst hann þó ekki sanna fullkomlega það, sem hann hélt fram í ræðu sinni, að ekki einasta væri þetta ranglátur eignarskattur, heldur líka, að áreiðanlega yrði hann neytendaskattur og því eins og hver annar tollur. Þetta getur ekki farið saman, að skatturinn geti verið eignarskattur og ranglega á lagður og hins vegar, að hann verði yfirfærður af greiðendum á neytendur og verki sem tollur. Sannleikurinn er sá, að ef skattgjöldin eftir þessum skatti eru miðuð við árið 1944, er það tvímælalaust, að skattinum í eðli sínu svipar til eignarskatts, því að hann hefur sömu verkanir og verður óyfirfærður af greiðendum á neytendur. En sé miðað við árið 1945, óttast ég, að helmingur af röksemdum hv. 1. þm. Eyf. standist, þannig að skatturinn verði yfirfærður á neytendur og kannske nái ekki tilgangi sínum. Ég vil ekki segja, að svo verði, en ég álít ekki hægt að tryggja, að svo verði ekki. Og af þessu mótast afstaða mín til málsins.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk. þm. við 9. gr. frv., um að aftan við gr. bætist: „og er óheimilt að taka nokkurt tillit til hans við verðákvarðanir."

Það þarf tvenn afbrigði fyrir þessari brtt. Hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1144) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Áður en 2. umr. var lokið, hafði ég kvatt mér hljóðs og ætlaði að víkja nokkuð að aths. hv. 1. þm. Eyf. Hann er ekki mættur hér í hv. þd. nú, svo að ég ætla að láta hjá líða að svara þessum aths., því að ég kann ekki við að rökræða við hann fjarverandi, enda verður væntanlega tilefni til þess að minnast á þau atriði síðar.

Ég ætla því nú aðeins að víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 3. landsk. og þeim röksemdum, sem hann hefur fært fyrir brtt. sínum. Hann leggur til, að veltuskatturinn verði miðaður við veltu ársins 1944, í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir, að hann verði miðaður við veltu ársins 1945. Aðalröksemdin, sem hann færir fyrir þessu, er sú, að sé skatturinn miðaður við veltu ársins 1944, þá muni hann lenda einvörðungu á kaupsýslumönnum og iðnaðarmönnum, sem gert er ráð fyrir, að skatturinn verði lagður á. En verði skatturinn miðaður við veltu ársins 1945, sé hætta á, að hann lendi á neytendum og komi fram sem hækkað vöruverð.

Ég held, að hér kenni nokkurs misskilnings hjá hv. þm. í þessu efni. Hann veit það nú, að í frv. sjálfu er berum orðum fram tekið, að það sé óheimilt að telja skattinn með í kostnaðarverði vöru eða að taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun. Skýrar verður þetta varla sagt en gert er í frv. En þessi ótti hv. þm. við, að ekki verði farið eftir þessum ákvæðum frv., stafar, að ég ætla, af því, að hann hafi einhvern veginn ekki áttað sig á því, að þessi skattur er algerlega persónulegur skattur. Það er í honum aðeins viðmiðun við umsetningu hlutaðeigandi gjaldanda, sem ræður því, hve hár skatturinn verður. Ef hv. þm. á annað borð óttast, að verðlagsyfirvöldin, sennilega á móti vilja sínum, fari ekki eftir þessum ákvæðum frv., þau sem sagt geti gleymt því, þegar þau eiga að ákveða verðið, að þessar greiðslur eru útgjöld, sem ekki eiga að koma fram á kostnaðarverði vörunnar, — ef hv. þm. er hræddur um það, þá er ég jafnsannfærður um það, að það er jafnerfitt fyrir þá, sem verðlagið eiga að ákveða, eins og að gleyma því, að skatturinn, sem á að greiðast á árinu 1945, hefur verið lagður á þannig, að miðað hefur verið við veltu ársins 1944, ef hans brtt. væri samþ. Það kemur þess vegna að því leyti algerlega í sama stað niður, hvort miðað er við veltu ársins 1944 eða 1945, að skatturinn í báðum tilfellunum á að greiðast á árinu 1945, annaðhvort af tekjum þess árs, ef þær leyfa það, eða í versta tilfelli, ef tekjurnar leyfa það ekki, verður það í framkvæmdinni að takast af eign hlutaðeigandi greiðanda. Og ég á ákaflega erfitt með að setja mig inn í röksemdafærslu hv. 3. landsk. þm. Ég veit ekki, hvers konar sálrænt fyrirbrigði það ætti að vera hjá verðlagsyfirvöldunum, ef þau gætu gleymt þessu, sem hv. þm. virðist gera ráð fyrir. Ég sé sem sagt ekki, að fyrir fram sé nokkur ástæða til að gera ráð fyrir, að verðlagsyfirvöldin fari ekki eftir þessum skýru og alveg ótvíræðu lagafyrirmælum. Mér finnst því, að þessi ástæða, sem hv. 3. landsk. þm. ber fram fyrir 1. brtt. sinni, sé á engan hátt á rökum reist.

Hin aðalástæðan, sem hv. 3. landsk. þm. færir fram, er sú, að hætta geti verið á því, að skatturinn gefi minni tekjur, ef miðað er við árið 1945 en ef miðað er við fyrra árið. Það má vera, að þessi röksemd hans sé á meiri rökum reist en mér finnst hin röksemdin vera. Hann bendir sérstaklega á það, að hætta geti verið á, að fleiri eða færri af þeim, sem verzlun reka, mundu breyta verzlun sinni úr heildsölu yfir í umboðsverzlun. Það er ekki óhugsanlegt kannske, að í einstökum tilfellum gæti þetta komið fyrir. En þó verð ég að segja, að einkennilega er sá kaupmaður hugsandi, sem sleppir heimild um að leggja 10% á vörurnar, til þess að komast hjá að greiða 1½% söluverðs í skatt til ríkissjóðs. Til þess að kaupmaður geri þetta, þarf honum að vera meir annt um að gera ríkissjóði óleik með því að hindra, að fé fáist í ríkissjóð, heldur en að afla fjár í sinn eigin vasa. Það er kannske nokkuð til í því, að mörgum sé ekki annt um hag ríkissjóðs, en hins vegar er flestum annt um sína eigin buddu. Og ég held, að af öllum þorra manna sé hugsað meira um hana heldur en þó um hitt að svipta

ríkissjóð tekjum. Hins vegar skal ég játa, að aðstaðan getur verið þannig undir einstökum örfáum kringumstæðum, í undantekningartilfellum, að menn kunni að taka þann síðari kostinn. Og þó að svo færi, að ríkissjóður missti segjum 200—400 þús. kr. á þennan hátt, þá er það ekkert aðalatriði í sambandi við þessa skattálagningu. Því að óhugsandi er, að þetta yrði gert í svo stórum stíl, að verulegu máli skipti. En sá möguleiki er til, að verzlunarvelta yrði til muna minni árið 1945 en árið 1944. Hún getur orðið minni 1945, en hugsanlegt er, að hún yrði meiri þá en 1944. Og það getur hvorugur okkar, hv. 3. landsk. þm. eða ég, sagt um það á þessum tíma, hvort þær breyt., sem á veltunni kynnu að verða, yrðu til hagnaðar eða taps fyrir ríkissjóð.

Ég hef nú áður gert grein fyrir því hér í hv. d., á hverju ég hef byggt þá ákvörðun að miða skattinn við árið 1945 í staðinn fyrir árið áður, enda þótt ég verði að játa, að að vissu leyti væri hið síðarnefnda einfaldara í framkvæmd. Ég skal ekki fara að endurtaka þetta, heldur aðeins rifja upp í örfáum orðum þær höfuðröksemdir, sem ég tel mig hafa fyrir því að haga þessu á þann hátt, sem ég hef lagt til. Eru þær fyrst og fremst það, að ég álít, að skattlagning tekna eftir á eigi ekki að fara fram að óþörfu undir neinum kringumstæðum. Ástæðurnar hafa reynzt þannig, að ekki hefur verið hægt að komast hjá eftirsköttun tekna, en slíkt er neyðarúrræði. Og slíkt er því óafsakanlegra, sem það er framkvæmt í stærri stíl. Það er búið að leggja á tekjuskattsauka. Og ef nú væri lagður á jafnhár skattur og hér er um að ræða, þá er orðið um svo gífurlega eftirsköttun að ræða, að ég a. m. k. treysti mér ekki til að verja hana. Enn fremur hef ég á það bent, að menn eigi rétt á því að fá að vita fyrir fram, að hverju þeir ganga, þegar um háar skattaálagningar er að ræða, því að það eru til þeir möguleikar, að menn vilji fremur hætta við atvinnurekstur sinn en borga af honum mjög háa skatta. Ég segi ekki, að mikil brögð yrðu að því. En það er hugsanlegt, að menn vilji heldur þannig breyta til en gjalda þá skatta, sem hér er um að ræða. Og það er ekki meiningin, hvorki með þessum skatti né neinum skattaálögum, að ganga svo nærri mönnum, að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Og þess verður að gæta við allar skattaálagningar. Og ef menn vita fyrir fram, að hverju þeir eiga að ganga í þessum efnum, þá er erfitt fyrir þá að koma á eftir og segja: Mér hefur verið gert ókleift að standa við skuldbindingar mínar, vegna skattaálagningar, sem ómögulegt var fyrir mig að vita um á þeim tíma, sem atvinnureksturinn fór fram. — Þetta er í raun og veru aðalatriðið, sem gerir það að verkum, að ég vil miða við árið 1945, en ekki 1944, þessa skattaálagningu.

Svo skal ég benda á það til viðbótar, sem ég mun ekki hafa gert áður og ég veit ekki, hvort hv. 3. landsk. þm. hefur veitt athygli, að vafalaust yrðu ýmsir tekniskir erfiðleikar á því að miða skatt þennan við tekjur ársins 1944, sem stafa af því, að sumir af þeim mönnum, sem rekið hafa fyrirtæki það ár, sem yrðu skattskyldir, ef við það ár væri miðað, hafa dáið á árinu 1944 og búum þeirra er e. t. v. búið að skipta, og yrði þá að fara að eltast við að ná skattinum hjá erfingjunum. Sumir, sem hafa rekið fyrirtæki á árinu 1944, hafa enn fremur farið yfir í aðra atvinnu og eru kannske farnir af landi burt. Og yfirleitt geta ýmsir erfiðleikar komið fram við skattheimtuna, ef miða á skattinn við árið 1944. Loks er svo það, að einstöku vörutegundir hafa á árinu 1944 verið seldar í heildsölu með þess konar álagningu, að engum manni gæti dottið í hug að leggja þennan skatt á þá álagningu. Ég benti á það hér við 1. umr. málsins viðkomandi heildsölu á kolum (og enda sementi), að álagningin á kolum a. m. k. er ekki nema ⅓ partur af þessum skatti. Það yrði því, ef leggja ætti þennan skatt á veltu ársins 1944, óhjákvæmilegt að hafa allvíðtækar undanþáguheimildir í l. um þennan skatt. Og ég hygg, að engin ríkisstj. yrði öfundsverð af framkvæmd slíkra l., þar sem um mjög víðtækar undanþáguheimildir væri að ræða.

Að þessu öllu athuguðu verð ég að halda fast við ákvæði frv. eins og þau eru og leggja á móti því, að brtt. hv. 3. landsk. þm. verði samþ. Og mér er, satt að segja, alveg óskiljanlegt, ef hv. 3. landsk. að vel yfirveguðu máli leggur svo mikið kapp á þessa breyt., að hann geri samþykkt hennar að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv.

2. og 3. brtt. hv. 3. landsk. þm. eru afleiðing af 1. brtt., og þær hljóta að fylgja henni, og þess vegna er ekki ástæða að gera þær að umtalsefni. En um 4. brtt. vil ég aðeins segja það, að ég get ekki betur séð en það væri að ganga allt of nærri sjálfsákvörðunarrétti samvinnufélaganna, ef ætti með lagaákvæðum að bjóða þeim að úthluta arði á vissan hátt. Mér sýnist, að ákvarðanir um arðsúthlutun séu eitt af því, sem erfiðast er að taka úr höndum atvinnurekandans. Og ég hygg, að engin fordæmi séu í l. fyrir því, að það hafi verið gert. Það hefur að vísu með l. í einstökum tilfellum verið gert að skilyrði fyrir öðrum réttindum, að arðsúthlutun fari ekki fram úr vissu hámarki. En að nokkru fyrirtæki hafi verið fyrirskipað nokkuð um úthlutun arðs, sem sé undir vissu lágmarki, hefur ekki þekkzt.

Ég get þess vegna ekki annað en greitt atkv. á móti brtt. hv. 3. landsk. þm.

Mér hefur ekki getað skilizt það, þótt því hafi verið haldið fram af hv. 1. þm. Eyf., og hv. 3. landsk. þm. komst a. n. l. inn á sömu hugsun, að enda þótt svo færi, sem vel má vera, að arðsúthlutun yrði minni vegna veltuskattsins, — það verður hún sjálfsagt —, að þá sé þar í raun og veru um verðhækkun að ræða. Ég benti á það við 1. umr., að það er ákaflega eðlilegt, að þeir menn, sem verzla í samvinnufélögum, taki á sig, að svo miklu leyti sem þeir fást við verzlun, sömu byrðar og kaupmenn verða að gera. Ég get ekki fundið neitt ranglátt í því. Hagnaður kaupmannsins minnkar um það, sem skattinum nemur. Og það er ekki nema eðlilegt, að hagnaður þeirra, sem verzla í samvinnufélögum, minnki í sömu hlutföllum. Um annað er vitanlega ekki að ræða. Vöruverðið á að haldast óbreytt, þó að skatturinn sé lagður á, þ. e. a. s. skatturinn á ekki að hafa nein áhrif á vöruverðið. Og þeir, sem verzla við kaupmenn, eiga að fá vörur nákvæmlega á sama verði og þeir ella hefðu gert, þótt skatturinn hefði ekki verið á lagður. Það eina, sem breytist, er, að arðsúthlutun minnkar. Og ég get ekki fundið, að það sé ranglæti í því, að það sama

gangi yfir alla í því efni, sem hagnað hafa af verzlun.

Ég skal svo ekki, án frekara tilefnis, tefja umr. um þetta mál meira. Það væri mjög æskilegt, að hægt væri að koma því út úr hv. d. nú, áður en fundur byrjar í Sþ. Og till. mín er, að það verði samþ. óbreytt út úr þessari hv. d.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Þetta er nokkuð stórt mál og hefur ekki enn verið rætt frá öllum hliðum. Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Barð., þar sem hann út frá þeim skattaálögum, sem hér er um að ræða, fór orðum um það, að samvinnufélögin hefðu haft óþarfa hlunnindi í skattaálögum áður og gætu þess vegna ekki kvartað út af þeim skatti, sem hér kemur. Ég vil aðeins benda á það, að ástæðan til þess, að hér á landi eins og í öðrum frjálsum löndum er gerður munur á skatti á samvinnufélögum og hlutafélögum, er eftir eðli málsins ekki af greiðasemi, heldur af því, að ekki verður hjá því komizt. Ég ætla að taka dæmi. Segjum t. d., að hv. þm. væri stór og ríkur atvinnurekandi á einhverjum stað og þar væri kaupfélag með þúsund félagsmenn og þessar verzlanir gætu haft á einhverju ári eða mörgum árum svipaða veltu, þá finnst mörgum, að þær ættu að borga sama útsvar, tekjuskatt og veltuskatt. Margir kaupmenn hafa haldið því fram, að svona hlyti þetta að vera. En þegar hv. þm. athugar það, að munurinn er þessi, að ef hann hefur fengið af sinni forretningu við skulum segja 200 þús. kr. í gróða og kaupfélagið með þúsund meðlimi hefur fengið 200 þús. kr. tekjuafgang, þá eru eftir skipulaginu þessar 200 þús. kr. eign þúsund meðlima, eins og þeir hefðu lagt það í sparisjóð. Þetta er ekki eign, sem kaupfélagið á, heldur er það lagt til hliðar. Aftur á móti hinn atvinnurekandinn á þessar 200 þús. kr., — hefur grætt þær. Það eru tiltölulega miklar tekjur, og því er líka réttmætt, að hann beri nokkuð mikinn skatt, móts við það, að hinar 200 þús. kr. eru lánsfé, ef til vill manna, sem eru búsettir utan héraðsins, og af því leiðir, að þessar smáeignir þúsund manna koma í ranglátan skala, eins og það væri talin eign eins manns, sem það ekki er, heldur skiptist það í þúsund parta.

Ég þykist vita, að hv. þm. Barð. muni vita þetta. Og þetta dæmi er táknrænt yfir baráttu þá, er snertir skattamál kaupfélaganna um það, hvort eigi að nota sér það, að t. d. þús. menn geyma part úr ári innstæður, sem þeir eiga, og leggja á það eins og það væri eins manns eign. Það er meira að segja, að þessir þúsund menn eiga ekki eftir eðlilegum skattareglum að borga af þessu tekjuskatt tvisvar. Kaupfélagsmaður, sem hefur 5 þús. kr. í tekjur og verzlar í sínu kaupfélagi fyrir 3 þús. kr., fær borgaðar aftur um áramótin 300 kr. Það er ekki rétt hugsun í því að telja þær sem hækkun á grundvellinum til skatts. Hann er búinn að telja þær fram áður, hann hefur lánað eða geymt þessar 300 kr. part úr ári í ákveðinni stofnun, og þess vegna er rangt að skatta þær bæði í kaupfélaginu og heima hjá honum. Það er aðeins rétt í fyrsta sinn, þegar það er talið fram sem hreinar tekjur.

Ef menn átta sig á þessum einföldu sannindum, mun ekki vera hægt að deila um, að þetta sé rétt, og ætti þá að detta niður allur órói af því, að réttmætt sé að leggja á tekjuafgang samvinnufélaganna eins og einstaklingsgróða.

Nú vil ég enn fremur spyrja hv. þm. Barð., hvort hann standi í þeirri trú, að kaupfélögin borgi engan skatt. Það er öðru nær. T. d. borgaði S. Í. S. 400 þús. kr. skatt árið, sem leið, og eitt kaupfélag á Akureyri borgaði 270 þús. kr. skatt til ríkis og bæjar.

Nú vil ég enn fremur skýra fyrir hv. þm., að fyrir nokkrum árum urðu tveir mjög merkir flokksbræður okkar beggja til þess að koma á stríðsgróðaskatti, annar fyrir hönd kaupfélaganna og hinn fyrir hönd auðmannanna. Þeir komu sér saman um, að rétt væri að leggja þennan skatt á, en ég held, að þeir hafi báðir farið rangt að í þessu efni. Ég ætla, að hv. þm. Barð. hafi passað hlut auðmannanna, en ég ætla ekki að fara út í það, en svo mikið er víst, að þessi skattur hefur raunverulega orðið til eyðileggingar fyrir samvinnufélögin og hefur valdið því, að með þeim takmörkunum á verðálagningu, sem samvinnufélögin temja sér alltaf, og vegna verðlagseftirlitsins, sem er í landinu, hafa ekki verið rúmir möguleikar fyrir samvinnufélögin að græða á þessum árum. Allar tekjur, sem samvinnufélögin hafa fengið, eru að langmestu leyti frá félagsmönnum, þannig að þegar verðfallið kemur, eru kaupfélögin og samböndin ákaflega illa undir það búin að mæta því, þar sem ekki er leyft að leggja til hliðar af eignum félagsmanna til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem eru fram undan. Það er ákaflega lítið talað um þetta. Þegar ofan á þetta bætist það, sem mér skildist, að hv. 3. landsk. vildi leggja höfuðáherzlu á, að leggja þennan eignarskatt eða eignaraukaskatt þannig á, að hann verkaði aftur fyrir sig, þá er nú skörin farin að færast upp í bekkinn. Í venjulegum evrópiskum löggjöfum í frjálsum löndum er það ekki siður að skatta tekjuafgang, sem félagsmenn eiga í félagi sínu. En þegar við það bætist, að þetta er skattlagt stórkostlega, að strangt eftirlit er um verð á nauðsynjavörum og þessi fyrirtæki verzla með þær vörur fyrst og fremst, hafa þau litla möguleika til þess að safna fé á þann hátt. Þessi veltuskattur kemur tilfinnanlegast niður á verzlunum, sem hafa mikla umsetningu.

Svo kemur að þessu, sem er svo undarlegt, að manni, sem þekkir ákaflega vel afstöðu kaupfélaganna, hefur verið kaupfélagsstjóri, skuli detta í hug að gera þennan skatt enn erfiðari og kannske ranglátari með því að vilja láta hann verka aftur fyrir sig, þannig að telja þetta harðan skatt eins og eign. Ég tel, að ég hafi fært rök fyrir því, að að því er kaupfélögin snertir er þessi skattur út af fyrir sig ranglátur og hálfu ranglátari, þegar lagt er á eftir á.

Ég vil þá næst snúa mér að hv. 3. landsk., sem er stuðningsmaður þessarar ríkisstj. Þó að ég sé á móti stj., get ég sem þm. litið óhlutdrægt á það, hvernig búið er að ráða fram úr þessu vandamáli. Fyrst kem ég að því, sem hefur verið mikið umdeilt, — tilefni þessa skatts. Það hafa margir verið í þeirri meiningu, að það hafi þurft að leggja þennan skatt á til þess að borga bændum landsins tekjur, sem þeir kannske ekki fá. Ef ég skil hæstv. fjmrh. rétt, þá hafði hann orð um það, að þennan skatt eigi ekki að leggja á aftur, og sér enginn eftir því. Og yfirleitt væri það ekki meiningin að

fylgja þeirri stefnu að borga niður dýrtíðina. Hv. 3. landsk. er einn af fulltrúum verkamannaflokksins, og sá flokkur hefur haldið því fram, að hann væri óánægður með, að dýrtíðin væri borguð niður, og þeir og nokkur hluti Sjálfstfl. hafa haldið því fram, að það væri gjöf til sveitafólksins. Ég get ekki komizt hjá því, þegar rætt er um þennan skatt, sem enginn vill borga og fáir leggja á, að benda á, að ástæðan til þess, að talað var um að leggja þennan skatt á, er sú, að sumarið 1942 beittu bæði Alþfl. og Sósfl. sér fyrir því að hækka verkamannskaupið, og er sú saga svo kunn, að ekki þarf um það að ræða. Og þetta gerðu þeir, þó að þeir hafi vitað það fyrir víst, að það mundi hækka dýrtíðina. Dýrtíðin hækkaði svo mikið þetta sumar, að ef haldið yrði áfram sömu stefnu, var ekki annað sýnilegt en þjóðfélagið mundi stranda fjárhagslega innan skamms, ef ekki yrði gripið í taumana. Þá var það, að millibilsstjórnin, utanþingsstjórnin, tók upp það ráð, sem margir hafa fordæmt og hæstv. fjmrh. hefur líka fordæmt, að reyna að halda dýrtíðinni í skefjum með því að færa til frá þeim, sem voru meiri máttar, til þeirra, sem voru minni máttar. Því hefur aldrei verið svarað, og ég vona, að hæstv. ráðh. segi nokkur orð um það, hvernig hann og stjórnin ætla að ráða við dýrtíðina, ef þessi skattur verður ekki framlengdur.

Nú vil ég segja við hv. 3. landsk. og óska skýringar hans á því, af því að sérstaklega af þeim flokki, sem hann er í, hefur verið um það talað, að þessi tilfærsla hafi verið gerð fyrir bændur. Það var ekki gert fyrir bændur 1942 að hækka kaupið. Bændur voru óánægðir yfir því, að það var gert, en þeir réðu ekki við það. Þess vegna er það, að þessi dýrtíð og það, sem hefur verið gert til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem voru gerðir 1942, er sérstaklega verk verkamannaflokksins og nokkurs hluta Sjálfstfl., sem var allánægður með þetta. Það ráð, sem tekið var upp haustið 1942, um að færa til milli stétta til að halda niðri dýrtíðinni, hafa þær þjóðir, sem við eigum mest skipti við, Bretar og Bandaríkin, gert í stórum stíl, til þess að atvinnulíf þeirra hrynji ekki í rúst, þegar stríðið er búið. Þess vegna er það, að allir, sem fordæma það að borga niður dýrtíðina, eiga eftir að sýna, hvaða spaklegu úrræði þeir hafa fram yfir Breta og Bandaríkin, sem borga niður dýrtíðina.

Það er nokkuð undarlegt, að fulltrúi verkamannaflokksins hér, hv. 3. landsk., og einn af flokki sósíalista hafa borið fram till. um það, að höfuðáherzla skuli lögð á það, að þessi skattur skuli lagður á fyrir árið 1944, en ekki 1945. Að þessu atriði ætla ég að víkja nokkrum orðum. Ég skal ekki segja, hvað þessir hv. þm. hafa haft mikinn hug á að mynda þá stj., sem nú situr. Það er eins og þegar menn ganga í hjónaband, að þeir menn, sem það gera, verða að taka afleiðingunum af því. Eitt af því, sem þeir urðu að koma sér saman um, um leið og stjórnin var mynduð, var að borga niður dýrtíðina og afla til þess fjár. Og nú kemur að því, sem mér finnst vera ádeiluefni fulltrúa verkamannaflokksins. Ég ætla þá að snúa mér að hv. 3. landsk. Það, sem þeim þá mátti vera ljóst, var það, að stj. var nauðsynlegt að geta fengið þessa peninga. Það er vitað, að ef ekki hefði tekizt að komast að samkomulagi í sambandi við hækkun landbúnaðarvörunnar, þá hefði ekki tekizt að mynda þessa stjórn, sem nú situr.

Nú hefur hæstv. forsrh. gefið verkamannaflokknum undir fótinn um það, að hægt sé að vera þeim að skapi, sem sé með því að láta breiðu bökin fá að bera skattinn. Og hæstv. ráðh. hefur mjög skáldlega lýst því, að til væru rottuholur, sem hægt væri að seilast inn í, og hann gerði ráð fyrir því, að það væri eitthvað annað, sem finna mætti til bjargar í þessu efni. Þetta var alveg rétt hjá hæstv. ráðh., eins og við var að búast hjá svo mætum manni. Hér á landi er verulega mikið fjármagn, sem ekki er gefið upp til skatts. Það er í fárra manna höndum, og raunverulega er það ekki nema mannsverk fyrir þá, sem styðja þá fátæku, eins og fulltrúa verkalýðsflokksins, að reyna að hjálpa höfuðmönnum stj. við að ná í eitthvað, sem um munaði, af þessum stórgróðamönnum. Það er öllum kunnugt, að það er verulega mikið af verðbréfum, sem ganga nafnlaus manna á milli, og þó að það sé ekki beinlínis hægt að sanna það um hvert einasta bréf, þá er vitað, að þe ta fé er að mestu leyti ekki talið fram. Megnið af þessu fé er eign tiltölulega ríkra manna, og þar sem það er ekki talið fram fyrir þessa vöntun á góðu formi, þá er þetta einhver sá eðlilegasti gjaldstofn. Þessar rottuholur hefði hv. 3. landsk. og félagar hans átt að stinga hendinni í. Og veit ég, að ekki þarf að skýra fyrir manni eins og hv. 3. landsk., hvernig það má gerast að knýja þessi nafnlausu bréf fram, að ekki þurfi að greiða af þeim vexti, nema þau komi fram, og leggja á þau nokkurn skatt. Og það vil ég segja við hæstv. fjmrh., að ef þarna er beitt réttmætum skatti, er sennilegt, að fá mætti menn til þess að telja fram sparisjóðsfé. Það er ekki hægt að gera það nema leggja á það vaxtaskatt og undanþiggja það öðrum skatti. Þessi vaxtaskattur getur verið í hlutfalli við það, sem menn mundu borga, ef þeir teldu það fram, ef hægt væri að fá það undan skattal. Það var eitthvað annað en farið væri inn í þessar holur, heldur er niðurstaðan sú, að það er komið að mjóu bökunum og þeim breiðu sleppt. Þegar óskað er eftir að leggja á kaupfélögin, þá er ekkert annað sýnna en það, að þau verði að taka af stofnsjóðum félagsmanna, og þá er sannarlega komið að öðru en til var ætlazt af forsvarsmönnum ríkisstj.

Þá er það eitt, sem ég álít ekki óviðeigandi að beina til fulltrúa verkamannaflokksins, sem hér er eins konar staðgengill hæstv. forsrh., og það er, að mér finnst það ótrúlegt í framferði verkamannaflokksins gagnvart ríkisstj., að þeir hafa tiltölulega fleiri ráðh. en stærsti flokkurinn. Það er eins og í vinnufólksleysinu, að það gengur út yfir húsbændurna, sem verða að fara á fætur kl. 5 og sofna ekki fyrr en kl. 12, en fólkið, sem hefur minni ábyrgð, fær fullan svefn, og eins finnst mér það vera í ríkisstj.

Það, sem fulltrúum verkamannaflokksins átti að vera ljóst, var það, að þennan skatt urðu þeir að borga vegna dýrtíðarinnar, sem þeir hafa skapað. Þá er það sýnt, að þessum flokksleiðtogum hlaut að þykja eðlilegt, að þeir tækju á sig einhverja ábyrgð. Sá skattur, sem illu heilli á að leggja á, var til sameiginlegra þarfa ríkisstj. til að inna af hendi skyldur hennar við mann-

félagið. Ég get aðeins bætt við, að þegar nú hæstv. fjmrh. kemur hér fram og segir: „Ég verð að leggja á þennan skatt, annað er ekki betra. Skatturinn er svo vondur, að ég vil ekki leggja hann á nema einstaka menn," þá átti að vera sýnilegt fyrir stuðningsflokkana, að nógu mikið er lagt á bak ríkisstj. að fá svona skatt.

Nú er mála sannast, að skattur í þessari mynd, sem verkalýðsflokkarnir vilja leggja á, eykur stórkostlega óvinsældar stj., og þó að okkur stjórnarandstæðingum út af fyrir sig sé það ekki á móti skapi, þá finnst mér samt rétt, úr því að rætt er um þetta, að benda fulltrúum verkalýðsflokkanna á, að með þessu frv. sínu eru þeir að grafa undan þeirri stj., sem þeir hafa sett á laggirnar. Stj. á nógu erfitt samt, þó að það sé ekki gert.

Forseti (StgrA): Hæstv. ríkisstj. óskar eftir að afgreiða þetta mál ekki síðar en fyrir hádegi á morgun. Nú kynni að vera, að sá fundur, sem boðaður hefur verið í Sþ., yrði ekki mjög langur, þannig að hægt væri að halda þessum fundi áfram að honum loknum í kvöld, til þess að sleppa við fund í fyrramálið. Ég mun því sjá, hverju fram vindur um það, og fresta nú þessum fundi að sinni, þangað til að loknum fundi í Sþ. — [Fundarhlé.]

Haraldur Guðmundsson: Ég skal reyna að stytta mál mitt svo sem verða má, og neyðist ég því til að verða fáorðari en ella um hina hóflegu og skemmtilegu ræðu, sem hv. þm. S.-Þ. flutti hér, áður en fundi var frestað. Ég verð að segja, að ég tel mér til vegsauka, að þessi hv. þm. skyldi finna tilefni til að gera á mig sérstaklega eldhúsdag sem stuðningsmann hæstv. stj. í stað þess að snúa sér að ríkisstj. sjálfri, því að vænt-anlega er hlýhugur hans til hæstv. stj. ekki svo mikill, að hann vilji ekki tala við hana í eldhúsdagstón. Aðalinnihaldið í ræðu hans var að kenna mér, hvernig stuðningsmönnum stj. væri tilbærilegt að haga sér, og innihald þeirrar kenningar skildist mér vera á þá leið, að þeim bæri að segja já og amen við því, sem einhverjum ráðh. þóknaðist fram að bera, og greiða atkv. samkvæmt því. Að sjálfsögðu kemur mér þessi kenning hv. þm. ekki sérstaklega á óvart. Hv. þm. var um nokkurt árabil í ríkisstj., og mér er ekki grunlaust með öllu, að hann hafi viljað praktisera þessa siðspeki í sinni ráðherratíð nokkuð bókstaflega. Ég hygg, að þetta hafi gengið vel hjá hv. þm., og árangurinn virðist mér hafa orðið sá, eins og öllum er kunnugt, hv. þm. ekki síður en öðrum, að hann geti varla vænzt þess, að aðrir fari að taka upp þessa siðspeki, og a. m. k. mun ég ekki gera það, og þó að þetta frv. sé fram komið að tilhlutun hæstv. stj., þá mun ég ekki greiða um það atkv. öðruvísi en mér þykir rétt vera.

Önnur atriði í ræðu hans gætu gefið tilefni til aths., en ég skal láta mér nægja að minna á eitt, sem er alkunnugt, og það er það, að í því dýrtíðarkapphlaupi, sem að undanförnu hefur verið háð, hefur einn aðili, ein stétt, alltaf verið fremst í flokki, en það eru þeir, sem hafa verðlagt landbúnaðarafurðir, en það, sem á eftir hefur komið, hefur ýmist beinlínis eða óbeinlínis verið afleiðing af því. Að öðru leyti hirði ég ekki að fara frekar út í að svara hv. þm. S.-Þ.

Hæstv. fjmrh. taldi, að ég hefði ekki enn áttað mig á því, að það að leggja þennan skatt á sem ákveðinn hundraðshluta af allri umsetningu væri eingöngu til að finna eitthvað viðmiðanlegt. Það er fullkominn óþarfi af hæstv. ráðh. að halda, að ég hafi ekki áttað mig á þessu, og það er af því, að ég lít á þetta sem persónulegan skatt óyfirfæranlegan af þeim, sem greiða hann, að ég legg svo mikla áherzlu á þá brtt., sem ég hef borið hér fram. Hún er bein undirstrikun á því, að þeim, sem greiða hann í fyrsta sinn, sé ætlað að greiða hann, en það fæst fullkomlega, ef hann er lagður á veltuna 1944, en ekki 1945. Hæstv. ráðh. segir, að það sé hægt að halda þessu fram, en það styðjist ekki við nein rök, en ég styðst við þau rök, að verðlagið fyrir 1944 er búið, en verðlagið fyrir 1945 er ógert. Ég veit ekki, hvað eru veigamikil rök, ef ekki þetta. Það er ekki hægt að komast inn í verðlagið 1944, og það er ekki hægt að taka tillit til þess á árinu 1945, því að það er ekki um að ræða þar. Hér er ekki um tekjuskatt að ræða í venjulegri merkingu. Hann er miðaður við veltu, ekki einu sinni tekjur. Annars þykist ég sjá, að það sé þýðingarlaust að deila um þetta, því að ég býst ekki við, að rök hvors bíti á hinn. Annars viðurkenndi hæstv. ráðh., að skatturinn yrði nokkru minni, ef hann væri miðaður við 1945 en 1944, en hann taldi, að það munaði ekki nema nokkrum hundruðum þúsunda, sem skipti ekki máli í þessu sambandi. Það getur auðvitað hvor gert sínar ásætlanir um það, en ég hygg, að ef skatturinn á að ná tilgangi sínum, þá sé miklu örðugra að framkvæma hann, ef miðað er við veltuna 1945.

Hæstv. ráðh. lagði á það mikla áherzlu, að eftirsköttun væri óeðlileg. Um það skal ég ekki dæma. Hann taldi, að á henni væru sérstakir tekniskir örðugleikar, t. d. ef menn væru dánir, fluttir af landi burt, komnir í annan atvinnurekstur o. s. frv. En mér er óskiljanlegt, að það valdi frekar erfiðleikum í þessu efni en við hvern annan skatt. Hæstv. ráðh. spurði, hvernig ætti að fara að, ef skatturinn væri lagður á veltuna 1944 og lenti þar á vörutegundum, sem hefðu verið seldar með svo lítilli álagningu, að ekki væri hægt að greiða skattinn af hagnaðinum. Hvernig á að fara að, ef slíkt kemur fyrir á árinu 1945? Annaðhvort verður þá að leyfa meiri álagningu eða veita undanþágu, sem ekki er að finna í 1. Í 10. gr. er gert ráð fyrir vissum undanþágum, en þær eiga fullt svo vel við 1944 eins og 1945. Hæstv. ráðh. nefndi í þessu tilfelli kol, álagningin á þeim væri svo lítil, að þar væri varla hægt að leggja neinn skatt á. Ég bauðst til þess við 2. umr., að ég skyldi vera með að gera breyt. við 10. gr., ef þess þyrfti með, sem ætti við 1944. Ég hygg, að það mætti taka til fleira en kol, t. d. sement o. fl., ef miðað er við 1945. Ég vil því að öllu samanlögðu vænta þess, að áður en frv. verður afgr. úr þinginu, verði tekið til athugunar af hæstv. ráðh. að gera á frv. þá breyt., sem flutt er í megintill. á þskj. 1113, frá mér og hv. 7. landsk.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. þm. S.-Þ. notaði mikið af sínum ræðutíma til að reyna að sanna, að það, sem ég hef haldið fram um skatt-

frelsi samvinnufélaganna, væri ekki á rökum reist. En ef hann hefði hlustað á þau rök, sem ég færði fram, þegar ég flutti ræðu mína, hefði hann getað sparað sér þessa ræðu. Öll rök mín standa enn óhögguð, og þetta vita líka allir, sem þekkja skattal., að það er enginn aðili á Íslandi, sem hefur jafnmikið skattfrelsi og þessi félagsskapur. En þegar samvinnufélögin eru farin að verzla alveg á sama hátt og kaupmenn og úthluta arði, þá er fallinn burt allur grundvöllur fyrir að veita þeim nokkur fríðindi fram yfir aðra, sem verzla á alveg sama hátt. Nú er verið að safna í stórkostlegan sjóð og verðlagið sett þannig, að þessi tvö félög, sem hann tiltók áðan, Sambandið og KEA, hafa þrátt fyrir þessi skattfríðindi grætt á síðasta ári annað 200, en hitt 400 þús. kr. Og þegar hv. þm. er að benda á breiðu bökin, þá eru hér breiðustu bökin, þær stofnanir, sem hafa brugðizt þeim skyldum að lækka vöruverð til neytenda og þar með að lækka dýrtíðina. Það eru þau, sem eiga að taka á sig sinn hluta af því, sem það kostar að greiða niður dýrtíðina, ekki sízt eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir.

Um hina nýju till. viðvíkjandi sparifjáreigendum skal ég ekki mikið segja, en vil þó aðeins benda á það, að ég er hræddur um, að þeir hafi ekki borið mikið frá borði af stríðsgróðanum, a. m. k. ekki þeir, sem hafa þurft að lifa af þessum eignum.

Ég skal svo ekki tefja meira þessar umr. Ég vil aðeins segja hv. 3. landsk. það, að ef hægt er að koma þessum skatti yfir á vöruverðið, ef lagt er á veltuna 1945, þá er það alveg eins hægt, þó að miðað sé við 1944. Álagningin frá verðlagseftirlitinu getur aldrei orðið þannig, að fyrirtækin verði í tapi, heldur verður að miða við það, að þau fái ekki óhæfilega mikinn gróða, og ef hægt er nokkurs staðar að leggja á meira en verðlagseftirlitið leyfir, þá fer það ekki eftir því, hvert fé á að renna. Það getur þá alveg eins runnið í vasa þess, sem rekur fyrirtækið, eins og til ríkissjóðs. Þetta er því engin ástæða fyrir hv. 3. landsk. að halda svo fast sem hann gerir við þá kröfu, að skatturinn sé miðaður við 1944, en ekki 1945. Það hljóta að vera einhverjar ástæður, sem hann hefur aldrei getað komið með í öllum þessum umr.

Jónas Jónsson: Ég vil út af ummælum í ræðu hv. 3. landsk. um atriði, sem er sögulegt, minna hann á atriði, sem ég held, að hafi ekki verið nógu vel minnzt á áður. Hann segir, að það, sem hafi komið dýrtíðarflóðinu af stað, hafi verið verðlagning landbúnaðarafurðanna, sem ég ætla, að hafi verið um áramótin 1939—1940. Ég held, að ef hv. 3. landsk. hefði athugað, hvað gerðist fyrstu dagana í september 1939, og um það liggja fyrir glöggar skýrslur, þá gæti hann séð, hvar byrjunin var. Þá var gerð gífurleg kauphækkun, sem var byrjunin að þeirri kauphækkun, sem komst það langt, að kolamokarar komust upp í 70 þús. kr. á ári. Ég býst við, að hv. 3. landsk. hafi ekki borið ábyrgðina af því sérstaklega. því að það má segja, að þeir, sem þá voru í ríkisstj., beri ábyrgðina, en það virðist þó hafa verið í krafti forráðamanna sjómannanna, að allar þessar kröfur voru gerðar um hækkað kaup og fjölda manna á skipunum, t. d. að heimta, að þau hefðu ætíð allt þjónustufólk farþega, þó að engir farþegar væru á skipunum. Við getum líka borið saman íslenzku skipin annars vegar og ensku og færeysku skipin hins vegar. Hvers vegna eru ensku skipin eftirsóknarverð? Og hvers vegna kom gróðinn til Eimskipafélagsins? Það var af því, að félagið fékk á leigu útlend skip, og á þeim græddi það allar þessar milljónir, um leið og tap var á íslenzku skipunum. (**Menntmrh.**: Hafa þeir lægra kaup í Ameríku en hér?) Hæstv. ráðh. getur, ef hann vill, athugað gróða Eimskipafélagsins, ef hann veit þetta ekki. (**Menntmrh.**: Ég veit það ekki.) Hæstv. ráðh. hefur aldrei vitað neitt með vissu, þó að allir aðrir viti það. Það, sem hefði átt að vera upplýst fyrir löngu og var deilt um í Nd. í gær, er það, að Eimskipafélagið hefur rekið sín skip með tapi, meðan milljónagróði var fyrir útlendu skipin, af því að þau voru rekin öðruvísi. (**BBen**: Hver fékk þann gróða?) Það er annað mál. Hann fengum við. En þeir, sem þykjast bera hag sjómanna fyrir brjósti, þeir voru þarna búnir að spenna bogann svo hátt, að ekki varð við neitt ráðið, jafnvel ekki með stríðsfarmgjöldum. (**Menntmrh.**: Heldur hv. þm., að kaupið hafi gert þetta að verkum?) Vill hæstv. forseti gera svo vel að halda þessum manni í skefjum?

Ég get vel skilið, að það komi sér illa fyrir þá, sem búnir eru að halda því fram í mörg ár, að bændur hafi valdið mestu um dýrtíðarhækkunina. En þeir, sem mestu hafa valdið, voru leiðtogar sjómanna, sem fengu strax í stríðsbyrjun sprengt upp kaup, og ríkisstj., sem hélt áfram að leyfa hækkanir, svo að hásetar gátu komizt upp í 75 þús. kr. árstekjur í millilandasiglingum, og margt var eftir þessu. Nú er með nýjum launal. og öðru, sem hv. 3. landsk. styður með fleiri ágætum mönnum, lögð sú byrði á ríkissjóð, sem tvísýnt er, að hann fái lengi borið.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um kaupfélögin, vildi ég nefna til dæmis KEA með full 3 þúsund félagsmanna. Setjum svo, að þessi hv. þm. væri kaupmaður á Akureyri og hefði jafnmikla veltu og kaupfélagið. Þá mundi sá virðulegi kaupmaður hafa svipaðan arð og félagið, en munur er sá, að hans arður væri hans eign, en arður kaupfélagsins væri eign 3 þús. félagsmanna. Væri jafnréttmætt að taka þungan skatt af þessum 3 þús., sem eiga brot í arði félags, eins og af kaupmanninum, sem á allan hagnaðinn einn? — Ég held ekki. En þannig er veltuskatturinn.

Þá segir hv. þm. Barð., að þar, sem hægt sé að leggja á 270 þús. kr. skatt, hljóti að vera af miklum hagnaði að taka og óhætt að taka hann. En þar sést aðeins árangurinn af samningi, sem gerður var 1942 af mönnum í tveim stærstu stjórnmálaflokkunum. Þess vegna þurfa kaupfélögin að borga stríðsgróðaskatt af sínum viðskiptum. Það er engin sönnun þess, að réttlátt sé, að þau borgi hann, þótt þau séu búin að því nú nokkur missiri vegna ranglátrar skattalöggjafar. Til þess að greiða slíka skatta verða kaupfélög annaðhvort að taka af varasjóðum sínum, og það væri lagabrot, eða leggja því meira á viðskipti félagsmanna, og er það beinn neyzluskattur. Svipað má segja um ýmsa matvörukaupmenn o. fl., sem haft hafa lága álagningu, að þeir verða ákaflega hart leiknir af veltuskattinum.

Ég hefði viljað heyra á hæstv. fjmrh., á hverju

hann byggir það, að þessi skattur verði ekki framlengdur. Eg óska þess innilega, að sú von hans rætist. En hættan á því, að annan veg fari, er ein ástæðan til þess, sem mér finnst þm. verkalýðsflokkanna eiga vel að athuga, að sé búið að leggja á tekjur ársins 1945, er ekki hægt að leggja á þær öðru sinni, en hætt við, að aftur verði á þær lagt, ef skatturinn verður nú miðaður við 1944. Þess vegna ættu þeir að vera með því að miða við 1945.

ATKVGR.

Brtt. 1113,1 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, BrB, GÍG, HG, StgrA.

nei: IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, BSt, BBen, EE, GJ, HermJ.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Brtt. 1113,2—4 og 1144 teknar aftur.

Brtt. 1129 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

nei: GJ, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, StgrA. GÍG, HG, KA, ÞÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Ég sé ekki ástæðu til að biðja um nafnakall, en tek fram, að þar sem brtt. mínar eru felldar, get ég ekki fylgt frv., — vil hins vegar ekki koma í veg fyrir, að umbætur verði gerðar á því í Nd., og mun því sitja hjá við atkvgr.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 131. fundi í Nd., 17. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta er eitt af þeim tekjuaukafrv., sem ríkisstj. hefur hlutazt til um, að borin yrðu fram á Alþ. Það var flutt af hv. fjhn. Ed. og hefur gengið í gegnum þá d. og kemur óbreytt til Nd.

Frv. þetta hefur verið rætt svo mikið, bæði á Alþ. og utan þings, að ég tel ástæðulaust að þreyta hv. þm. með langri framsöguræðu.

Ég skal aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir höfuðefni frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að á árinu 1945 verði lagður skattur á veltu þess árs hjá verzlunar- og iðnfyrirtækjum. Skatturinn er mismunandi hár, eftir því hverrar tegundar atvinnureksturinn er. Samkv. 3. gr. frv. er ætlazt til, að á heildsölu og umboðssölu verði skatturinn 1½% af veltunni, með þeirri takmörkun þó, að hann fari aldrei yfir 25% af umboðslaunum.

Af smásölunni verður veltuskatturinn 1% og eins af iðnfyrirtækjum, 1%.

Nokkrar vörur eru undanþegnar skattinum. Það eru allar vörur, sem seldar eru úr landi, andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að síld meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðendum þeirra eða í heildsölu. Ég vil aðeins láta þess getið, að ástæðan fyrir því, að hærri skattur er lagður á heildsölu, þrátt fyrir yfirleitt lægra álag, er sú fyrst og fremst, að talið hefur verið, að heildsalan hafi gefið meiri arð á undanförnum árum en smásalan og þar af leiðandi sé gjaldþolið meira hjá þeim fyrirtækjum, sem heildsölu hafa rekið. Enn fremur er þess að gæta, að heildsalan er yfirleitt, þó að undanteknir séu frá því, rekin í hlutafélagsformi, og njóta því heildsölufyrirtæki, að svo miklu leyti, sem þau eru rekin sem hlutafélög, þeirra skattafríðinda, sem hlutafélög njóta samkv. gildandi skattal. Þeim er heimilt að leggja 20 af hundraði í varasjóð, án þess að skattur sé á lagður.

Samkv. 7. gr. frv. er ákveði þess efnis, að óheimilt sé að telja skattinn í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun.

Í 8. gr. er ákveði um, að samvinnufél. og samvinnusamböndum sé eigi skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1945, eins og þeim ber að gera samkv. l. frá 1937. Þetta þótti rétt í varúðarskyni, að leysa samvinnufél. frá þessari skattgreiðslu, þar sem hér er um óvenjulegt skattaálag að ræða.

Loks er í 9. gr. ákveði um, að skattur þessi sé ekki frádráttarbær við ákvörðun skatts á tekjur.

Því hefur verið hreyft, bæði innan þ. og utan, að þessi skattur væri ranglátur og hann kæmi mjög misjafnt niður á þau fyrirtæki, sem hann er lagður á. Út af þessari aths. vildi ég aðeins segja það, að það hefur þráfaldlega verið á það minnzt á undanförnum árum, að stríðsgróðinn hafi eigi verið nægilega skattlagður. Þau fyrirtæki í landinu, sem aðallega munu vera talin stríðsgróðafyrirtæki, eru annars vegar stórútgerðarfélög og svo ýmis af þeim fyrirtækjum, sem reka verzlun og iðnað.

Fram hefur komið frv. um að leggja skatt á stórútgerðina, og hefur það gengið gegnum hv. Ed. Þessu frv. er ætlað á sama hátt, eins og frv. um veltuskatt á útgerðina, að ná til annarra þeirra fyrirtækja, sem hægt er að tala um stríðsgróða hjá, þ. e. a. s. verzlunar- og iðnaðarfyrirtækja. Það má vel vera, að þessi skattur komi ekki alls kostar réttlátlega niður að því leyti, að afkoma þeirra fyrirtækja, sem skatturinn verður lagður á, hefur vitanlega verið æðimisjöfn. En þetta er ekkert séreinkenni á þeim skatti, sem hér um ræðir, því að það má vafalaust segja um alla skatta, að þeir komi misjafnlega niður, og það jafnvel þeir skattar, sem minnstri gagnrýni hafa sætt. Skal ég ekki fara nánar út í þetta nú, því að síðar mun gefast tækifæri til þess.

Eins og segir í grg. fyrir frv. er gert ráð fyrir því, að skatturinn muni gefa í tekjur árið 1945 ca. 9—10 millj. kr. Þetta er sjálfsagt miklu fremur ágizkun en áætlun, þótt að vísu hafi verið gerð tilraun til þess að athuga þetta af mönnum, sem góð skilyrði hafa til þess að gera sér grein fyrir þessu, en þeir létu þess getið, að mjög erfitt væri að gera nokkra áætlun um þetta. Vildi ég samt vænta þess, að þessi áætlun eða ágizkun sé ekki mjög óvarleg. Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta frv. nú og vil leyfa mér að vænta þess, að frv. gangi til 2. umr. og hv. fjhn.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara að ræða almennt

um þennan skatt, sem hér er til umr., því að vafalaust mun síðar gefast tækifæri til þess, þegar málið kemur frá hv. fjhn. — Ég vil þó aðeins á þessu stigi bera fram eina fyrirspurn til hæstv. fjmrh., og gæti svar við henni einnig komið til athugunar í sambandi við meðferð þessa máls í nefnd.

Eins og hæstv. fjmrh. gat um, er í 3. gr. frv. gerð undantekning að því er þennan veltuskatt snertir. Þar er ákveðið, að undanþegið veltuskattinum skuli fyrst og fremst vera andvirði vöru, sem seld er úr landi, og auk þess andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reykts og saltaðs, og fisks, sem verkaður er með sama hætti, en þessar vörur eru aðeins undanþegnar veltuskatti, þegar þær eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu. Það er einmitt í sambandi við það, sem þarna segir, að þessar vörur séu því aðeins undanþegnar veltuskatti, að þær séu seldar af framleiðanda þeirra, sem ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvort þetta bæri að skilja innan svo þröngra takmarkana, að það væri eingöngu sá maður, sem sjálfur framleiðir vöruna, og hann verði einnig sjálfur að hafa á hendi sölu á henni, sem verði undanþeginn veltuskattinum, eða hvort mætti leggja þann skilning í þetta, að þetta undanþáguákvæði taki einnig til þeirrar vöru, sem þau félög selja, sem bændur hafa komið sér upp til þess að selja vöru sína, og á ég þar við félög, sem eingöngu hafa það verkefni með höndum fyrir bændur að koma vöru þeirra í verð. Til þess að gera þetta gleggra vildi ég benda á Sláturfélag Suðurlands, sem er félagsskapur, sem eingöngu hefur haft það verkefni með höndum að verka og selja kjöt fyrir þá bændur, sem eru í þessum félagsskap. Ég vildi vænta þess, að það mætti leggja þann skilning í þetta undanþáguákvæði, að það tæki til þeirrar vöru, sem þannig er ástatt um, því að það er vissulega framleiðandinn sjálfur, sem stendur að sölunni í þessu tilfelli. Og því fremur finnst mér ástæða til þess að leggja þennan skilning í þetta atriði, þar sem segir enn fremur í 3. gr. frv., að þetta undanþáguákvæði nái einnig til þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir. Skilst mér þetta vera í sambandi við það, að erfitt mundi verða að innheimta skattinn undir þeim kringumstæðum, en það er vissulega þannig ástatt um hvern einstakan bónda, sem framleiðir vöru sína og selur frá búi sínu gegnum félagsskap bænda, að hann er ekki bókhaldsskyldur og ætti með þessu ákvæði að vera undanþeginn veltuskatti, ef ég skil þetta rétt.

Ég vildi aðeins leggja þessa fyrirspurn hér fram. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um málið á þessu stigi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. minntist á, að þetta mál hefði verið talsvert mikið rætt í hv. Ed. og eins utan þ., og er það að vísu rétt. Eigi að síður er full þörf á því, að þetta mál verði einnig ýtarlega rætt hér í þessari hv. d., en ég hef hugsað mér að geyma umr. af minni hendi, þangað til það kemur aftur úr n., og ræða þá annaðhvort við 2. eða 3. umr. Ég geri þetta af þeim ástæðum, að ég sé, að það muni verða notadrýgra fyrir þinghaldið, að málið komist í n. í dag og að umr. fari frekar fram, er málið kemur úr n., og er þetta gert í trausti þess, að hæstv. forseti verði ekki á móti því, þótt málið verði rætt almennt við 2. umr., en slíkt verður betra fyrir þingstörfin. — Það leiðir af sjálfu sér, þótt Framsfl. sé mótfallinn þessu máli, þá vill hann ekki láta þá afstöðu sína verða til þess að tefja þinghaldið, og þess vegna er þessi málsmeðferð við höfð.

Ég vil aðeins segja það út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ég fyrir mitt leyti lít á þetta mál sem þrotabúsyfirlýsingu um þá stefnu, sem nú er við höfð í fjármálum landsins, og það hlýtur að liggja í augum uppi, að það er meira en lítið bogið við það, að á þessum mestu gróðaárstímum skuli þurfa að grípa til skattaaðferðar, sem allir munu sammála um, að sé neyðarráðstöfun, og þarf hér áreiðanlega endurskoðunar við.

Út af því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að hér væri sérstaklega lagt á stríðsgróðann, þá er auðvitað ekki hægt að hugsa sér öllu undarlegri aðferð á því en með þeirri, sem hér er hugsuð, því að þannig gæti vel farið samkvæmt þeim reglum, sem hér eru fyrirhugaðar, að menn greiði gjöld til ríkisins í engu hlutfalli við þann gróða, sem þeim hefur áskotnazt, hvað þá heldur í hlutfalli við þann stríðsgróða, sem þeim hefur áskotnazt á undanförnum árum. En eins og ég hef áður sagt, læt ég umr. um þetta bíða, þangað til málið kemur úr n.

Forseti (JörB): Ég get á það fallizt af minni hálfu, að það kunni að reynast hyggilegri vinnubrögð, ef menn geta látið sér lynda, að aðalumr. fari fram við 2. umr., og býst við, að slíkt muni reynast hagkvæmara hvað snertir afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég er hv. 2. þm. S.-M. þakklátur fyrir það að vilja greiða fyrir málinu til n. — Að öðru leyti gefur ræða hans ekki mikið tilefni til andsvara.

Mér sýnist hins vegar ástæðulaust fyrir hv. þm. að tala um þrotabúsyfirlýsingu af hálfu ríkisstj., því að í raun og veru hefur hún fylgt ráðum flokks þessa hv. þm., hvað efni þessa frv. snertir, þar sem hvergi hefur verið hrópað hærra um skattaálagningu á stríðsgróðann heldur en í blaði hans flokks, og það, sem ríkisstj. er nú að gera, er einmitt að leggja veltuskatt á þennan gróða.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki trygging fyrir því, að þessi skattur á stríðsgróðann kæmi í hlutfalli við veltuna. Þótt nokkuð sé til í þessu í einstökum tilfellum, þá er það samt svo, að ekki er um stórkostlegan stríðsgróða að ræða nema þar, sem veltan hefur verið mjög mikil, og þess vegna kemur þessi skattur á stríðsgróðann í flestum tilfellum í nokkuð svipuðu hlutfalli og sá gróði hefur verið.

Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. vildi ég segja það, að eins og 3. gr. frv. ber með sér, verða þær landbúnaðar- og fiskafurðir, sem þar eru greindar, ekki skattskyldar, þegar þessar vörur eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu. Hann spurðist fyrir um, hvernig viðhorfið yrði hjá sumum félögum bænda, eins og t. d. Sláturfélagi Suðurlands. Eins og frv. er nú, verður fyrst og fremst undanþegin veltuskattinum sala bænda til þess konar félagsskapar og sala hans

í heildsölu. Aftur á móti mun útsala kjötbúða í bæjum verða að greiða veltuskatt af sölu sinni og jafnframt af kjöti eins og öðru, sem þar er selt, en nú er í mörgum búðum selt meira af öðrum vörum en óunnu kjöti. Ég skal geta þess, að hugsun stj. var upphaflega sú, að kjöt væri algerlega undanþegið veltuskatti, af því að stj. leit svo á, að búið væri að semja um það við bændur, að þeir fengju tiltekið verð fyrir afurðir sínar á árinu 1945, og vildi stj. að sjálfsögðu ekki ganga á gerða samninga hvað það snertir. Hins vegar var talið, þegar farið var að athuga þetta nánar, að í framkvæmdinni mundi það verða algerlega óframkvæmanlegt að undanþiggja kjöt undan veltuskatti, þegar það er selt í smásölu, því að verzlanirnar þyrftu að hafa alveg sundurliðað bókhald til þess að þær gætu gefið upp, hvað þær hefðu selt mikið af kjöti og öðrum vörum, og býst ég varla við, að verzlanirnar vildu vinna þetta til. En þó að veltuskatturinn sé lagður á vörur í smásölu, á hann ekki að hafa nein áhrif á verð vörunnar í útsölu, en hins vegar má gera ráð fyrir því, að hagnaðurinn af útsölunni verði minni en ella mundi verða. Það sama gildir um kaupfélögin, að þar verður að gera ráð fyrir því, að þau geti ekki úthlutað eins miklum arði til félagsmanna og þau mundu gera, ef skatturinn væri ekki lagður á. — Um mjólkina er það að segja, að ég geri ráð fyrir því, að eftir frv. sé öll útsala mjólkur undanþegin skattinum, en síðan hefur verið upplýst, að einhver mjólk væri seld í umboðssölu, en hins vegar má gera ráð fyrir því, að notað verði ákvæði 10. gr. frv. til þess að undanþiggja þá mjólk veltuskattinum, af því að upplýst er, að þau umboðslaun, sem tekin eru fyrir þessa mjólkursölu, eru svo lág, að hætta yrði á, ef veltuskatturinn yrði lagður þar á, að það kæmi til frádráttar mjólkurverðinu, og kæmi þannig yfir á ríkissjóð aftur að greiða það, því að stj. yrði að greiða kr. 1,23 fyrir hvern mjólkurlítra, svo að ég tel víst, að umboðssala mjólkur yrði undanþegin samkv. ákvæði 10. gr.

Ætla ég nú, að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. Borgf. beindi til mín.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi leyfa mér að segja örfá orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, sem annars gæti gefið tilefni til margra orða, en mun ræða það síðar.

Hæstv. fjmrh. var ekki ánægður með það, sem ég sagði varðandi það, að þetta mál væri þrotabúsyfirlýsing um fjármálastefnu hæstv. ríkisstj., sem ég mun rökstyðja nánar við síðari umr. — Hæstv. ráðh. sagði, að hér væri ráðgerður skattur á stríðsgróðann. Ég vildi benda hæstv. ráðh. á, að það fer ekki alls kostar vel saman af hans hendi, þegar hann kallar þetta skatt á stríðsgróðann, en lýsir því yfir hitt veifið, að sé neyðarúrræði til þess að afla ríkissjóði tekna, en gæti komið ranglátlega niður með því móti, sem hér er ráðgert, og þar sem þessi skattur gæti jafnvel orðið að eignarskatti, sem yrði lagður á í hlutfalli við eignir manna. Það mun sönnu nær, að vart mun hægt að komast lengra á rangri braut en að halda því fram, að skattur, sem lagður er á almenna vöruumsetningu og jafnhátt á alla vöru, sé skattaálagning á stríðsgróðann. Það er tæplega hægt að komast lengra í öfugmælum en að halda slíku fram. — Hæstv. fjmrh. minntist á það, að ég ætti ekki að vera svo viðkvæmur fyrir þessari skattaálagningu, því að í rauninni væri hér farið eftir ráðum flokksblaðs míns. Ég veit ekki, hvort það er meining hæstv. ráðh., ef hann vill bæta því ofan á allt annað, að það sé eftir ráðleggingum flokks míns, að þessi veltuskattur verði lagður á. (**Fjmrh.**: Þetta er skattur á stríðsgróðann.) Ef þetta er meining hæstv. ráðh., þá þykir mér of lítið leggjast fyrir hann að gefa slíkt til kynna, því að ekki má blanda því saman, að skattur á stríðsgróðann er allt annað en sá skattur, sem hér er til meðferðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. hefur nú gert till. um, að þetta frv. fari til n., sem ég á sæti í, svo að ég skal ekki segja margt um það á þessu stigi málsins. Ég hafði þó hugsað mér að gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það sama atriði, sem hv. þm. Borgf. gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Hæstv. ráðh. hefur nú svarað fyrirspurn hans, en mér fannst í því svari koma fram nokkur misskilningur hjá hæstv. ráðh. Hann var að tala um — t. d. að því er snertir Sláturfélag Suðurlands, sem hv. þm. Borgf. minntist á í þessu sambandi, — að bændur mundu ekki þurfa að greiða veltuskatt af verðmæti þeirrar vöru, sem þeir seldu félaginu, en aftur á móti mundi félagið þurfa að borga skatt af andvirði þeirrar vöru, sem seld er í búðum þess í smásölu. — Ég hef nú staðið í þeirri meiningu, og ég held, að hún sé rétt, að þetta félag kaupi ekki vörur af félagsmönnum sínum, heldur starfi sem umboðsverzlun fyrir þá, og þannig er þetta um samvinnufélögin, þau kaupa ekki vöruna af sínum félagsmönnum, heldur taka hana til sölu fyrir þeirra reikning. Það er því þarna um að ræða sölu frá framleiðendum. Hins vegar skildist mér á hæstv. fjmrh., að t. d. mjólkursamsalan mundi verða undanþegin þessum skatti, vegna þess að þar væri um að ræða umboðsverzlun, sem tæki mjólk í umboðssölu fyrir framleiðendur. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að hér er alveg nákvæmlega um hið sama að ræða hvað snertir Sláturfélagið, samvinnufélögin og kaupfélögin, að þau taka vöruna, t. d. kjötið, eingöngu í umboðssölu frá sínum félagsmönnum. Hins vegar skildist mér á hæstv. fjmrh., að það væri ekki ætlun hæstv. ríkisstj., að þetta gjald yrði á neinn hátt til þess að lækka það verð, sem framleiðendur ættu að fá fyrir framleiðsluvörur sínar, samkvæmt því samkomulagi, sem gert var í haust, en samt finnst mér réttara að taka það fram í frv., að sölufélög framleiðenda verði undanþegin skattinum, að því er snertir þessar vörur. Ef það er ekki gert, mun afleiðingin verða sú, að ríkissjóður verður að greiða þeim mun meira til þeirra til þess að þau geti borgað út hið tiltekna verð fyrir framleiðsluvörurnar. Mér finnst ástæða til þess að taka þetta til meðferðar í n., þegar málið verður þar til athugunar í heild, og væri gott að fá nánari skýringar á þessu frá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, skal ég aðeins láta þess getið, að ég er mjög fús til þess að taka það til athugunar með hv. fjhn., hvort hægt væri að koma þessu fyrir á annan hátt en gert er í frv. — Það

er rétt, sem hann sagði, að svo er til ætlazt, að þessi skattur hafi ekki áhrif á það verð, sem bændur eiga að fá borgað fyrir vöru sína. Ég hef látið þess getið áður, að ríkisstj. ætlar sér að standa fullkomlega við það samkomulag, sem gert var á síðastliðnu hausti, þótt mjög erfitt sé í framkvæmdinni að skilja kjöt í smásölu frá öðrum vörum, en eins og ég hef sagt áður, er ég reiðubúinn til samvinnu við hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 136. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 853, n. 1190 og 1197, 1191, 1192, 1193, 1200).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Þess gerist ekki þörf að hafa langa framsögu um þetta mál. Það er orðið svo kunnugt hv. þm., að það þarf ekki mikilla skýringa við, en ég læt mér aðallega nægja að vísa til grg., sem upphaflega fylgdi frv., og svo framsögu hæstv. fjmrh. hér við 1. umr. málsins.

Ég skal fúslega játa, að sú skattlagningaraðferð, sem hér er gripið til, er óvenjuleg, og má segja, að hún réttlætist ekki af öðru en því, að það er yfirleitt skoðun manna, að þeir gjaldendur, sem þessi skattur er lagður á, hafi haft nokkra sérstöðu til að auðgast á sínum atvinnurekstri á undanförnum árum. Það er í raun og veru ekki um það að ræða fyrst og fremst að leggja skatt á afkomu þeirra á því ári, sem skatturinn gildir fyrir, heldur sé hann eins konar eignarskattur, sem sé miðaður við veltu þessa árs. Það komast því ekki að í sjálfu sér aths. um það, hvort hagnaður verði á atvinnurekstrinum það ár, sem skatturinn er lagður á, og ekki heldur sérstaklega á síðasta ári, því að grundvallarhugsunin á bak við þennan skatt er sú, að á þessum árum hafi þeir gjaldendur, sem skattinn eiga að greiða, yfirleitt haft aðstöðu til að hagnast á sínum atvinnurekstri.

Eins og fram kemur í þeim skjölum, sem hér liggja fyrir í sambandi við málið og brtt. frá fjhnm., er augljóst, að ég hef lítið um málið að segja fyrir n. hönd, því að telja má, að hún sé að ýmsu leyti margklofin, þó að fjórir nm. skrifi undir sameiginlegt nál. og vilji láta samþ. frv., því að þessa nm. greinir nokkuð á um, hvernig eigi frá því að ganga. Við erum sammála um, að þinginu beri að gera ríkisstj. kleift að afla fjár til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóður óhjákvæmilega þarf að standa undir á þessu ári, m. a. til þess að greiða þær uppbætur á landbúnaðarafurðir, sem samþ. hefur verið að greiða. Það er því óhjákvæmileg nauðsyn alþjóðar, að tekjur séu til að standa undir þeim útgjöldum. Og með því að ekki liggja fyrir aðrar till. til þessarar fjáröflunar, teljum við nm. óverjandi að leggjast á móti þessum skatti.

Um einstakar brtt., sem fram hafa verið bornar, get ég í rauninni ekki talað neitt nema frá mínu sjónarmiði. Ég er mótfallinn öllum brtt. nema þeirri einu, sem mitt nafn er sérstaklega bundið við, á þskj. 1193. Um þá till. má segja, að það má telja hana frá n. allri að því leyti, að hún snýr eingöngu að framkvæmd l. Er þar lagt til, að skatturinn verði innheimtur fyrir tvo fyrstu ársfjórðungana saman vegna anna skattstofunnar, sem á að leggja skattinn á. Till. er borin fram eftir sameiginlegri ósk skattstjóra og fjmrh., og hygg ég, að allir nm. áliti, að ef frv. nær fram að ganga, sé þetta nauðsynleg brtt.

Um brtt. á þskj. 1200 frá hv. þm. Borgf. og þremur öðrum hv. þm. og brtt. á þskj. 1192 frá hv. þm. A.-Húnv. hygg ég, að ég geti sagt fyrir hönd okkar þriggja nm., hv. 8. þm. Reykv. og hv. 5. landsk., að við teljum, að þær séu ekki á þeim rökum reistar, að við getum mælt með samþ. þeirra. Okkur skilst, að þær hnígi að því að mismuna þeim, sem hér eiga hlut að máli, án þess að nægileg rök séu fyrir hendi til þess að sú mismunun sé leyfileg. Um till. þeirra hv. 8. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. á þskj. 1191 get ég sagt f. h. okkar hv. þm. A.-Húnv., að við getum ekki fallizt á þá till. Það má að vísu mjög um það deila, hvort heppilegra sé að leggja skattinn á veltuna 1944 eða 1945, en eins og nú er háttað um þetta hér á þingi og nú er líka komið að þinglokum, þá getum við ekki annað en mælt á móti þeirri till.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja, en ég vænti, að d. geti afgr. málið fljótlega.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég hef ekki getað orðið sammála hv. meðnm. mínum í fjhn. um afgr. þessa máls, og ég hef skilað sérstöku nál. á þskj. 1197, þar sem ég legg til, að frv. verði fellt.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um málið nú við þessa umr., en ef til vill verður það rætt frekar við 3. umr. Ég vil þó í stuttu máli gera grein fyrir því, hvernig mér lízt á þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Mér sýnist ljóst, að hér er um að ræða nýjung í skattamálum. Það hefur verið venja við álagningu beinna skatta, að þar hefur verið miðað við tekjur og eignir þeirra, sem hafa átt að greiða þá, og hafa skattarnir farið stighækkandi eftir eignum manna og tekjum, þannig að skattur hefur verið hlutfallslega meiri af miklum tekjum og eignum en litlum. Hér er hins vegar tekin upp alveg ný aðferð við álagningu þessa skatts. Þar er ekkert litið á rekstrarafkomu fyrirtækjanna, sem eiga að borga skattinn, og ekki heldur til efnahags þeirra, og skatturinn er jafnt lagður á verzlanir, sem verzla með brýnustu lífsnauðsynjar, og hinar, sem aðallega verzla með óþarfan varning. Fyrirtæki, sem hafa litla umsetningu, en tiltölulega mikinn ágóða miðað við veltu, sleppa sæmilega vel frá þessu skattgjaldi, en þau, sem hafa mikla veltu, en lítinn ágóða og mikla áhættu, sem oftast fylgir mikilli umsetningu, verða að borga mikinn skatt. Þetta finnst mér svo ranglát aðferð við skattaálagningu, að ég get ekki léð því mitt samþykki. Mér sýnist alveg ljóst, að þessi skattur, ef hann verður tekinn í l., geti lent með miklum þunga á fyrirtækjum, sem hafa engan nettóágóða af atvinnurekstri sínum, og hann getur lent á fyrirtækjum, sem hvorki hafa tekjuafgang af starfsemi sinni né eignir til að nota til skattgjaldsins.

Það er tekið fram í 7. gr. þessa frv., að þennan veltuskatt sé óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða taka tillit til hans við verðákvörðun. Ég held, að þrátt fyrir þessi ákvæði verði ekki komizt hjá því, að þessi skattur lendi að töluverðu leyti á almenningi og komi þá fram í raun og veru sem viðbótarskattur á vörurnar. Það má t. d. benda á það í þessu sambandi, að ef þau fyrirtæki, sem við verzlun fást og eiga að borga þennan veltuskatt, eru fær um að greiða hann af sínum tekjum, þá hefði verið hægt fyrir verðlagsyfirvöldin að minnka ágóða þeirra með því að draga úr álagningunni, og hefði sú ráðstöfun orðið til þess að lækka vöruverðið. Sérstaklega er það ljóst, að þessi skattur hlýtur að lenda á þeim mönnum, sem hafa viðskipti sín við samvinnufélögin og eru félagsmenn þeirra. Skatturinn hlýtur óumflýjanlega að verða til þess að lækka þær upphæðir, sem kaupfélögin geta skilað aftur til félagsmanna sinna, og kemur þá fram sem hækkun á verði þeirrar vöru, sem þessir menn kaupa.

Það var á það minnzt af hv. frsm. meiri hl., að ekki væri hægt annað en að samþ. að leggja á þennan skatt, af því að ríkissjóð skorti fé. Rétt mun það vera, að ríkissjóður hafi þörf fyrir þessar tekjur. En ég tel, að þegar farið er að grípa til slíkra ráðstafana, til þess að ná tekjum í ríkissjóð, eins og hér eru á ferð, sé það bezta sönnun þess, að eitthvað sé meira en lítið bogið við ríkjandi fjármálastefnu, sönnun þess, að hún er röng og ekki hægt að halda áfram á þessari braut. Ég tel því, að í stað þess að leggja á þennan skatt, hefði nú þegar átt að breyta um stefnu í fjármálum, þannig að útgjöld ríkissjóðs færu lækkandi og tekjuþörf hans þá um leið.

Ég ætla nú ekki að sinni, nema tilefni gefist til, að segja meira um málið almennt. Það hafa þegar komið fram nokkrar brtt. við frv., og minntist hv. frsm. meiri hl. á nokkrar þeirra. Það eru þ. á m. till., sem full ástæða er til að gera að umtalsefni. En þannig er ástatt, að hv. flm. einnar brtt., sem eru tveir, hv. 5. landsk. og hv. 8. þm. Reykv., eru ekki viðstaddir hér á fundi, þegar málið er tekið til umr., þótt þeir hafi leyft sér að flytja þessa brtt. Ég veit ekki, hvernig hæstv. forseti fer með afgreiðslu málsins, hvort hann gerir ráð fyrir, þegar til atkv. kemur, að láta þessa till. koma undir atkv., þó að hvorugur hv. flm. hafi svo mikið við að láta sjá sig í hv. d. til að gera grein fyrir till. sinni. Mun ekki vera venja að taka brtt. til meðferðar, fyrr en flm. hafa gert grein fyrir þeim, og ætla ég ekki að gera það nú, ef meðferð málsins yrði þannig, að till. yrði ekki látin ganga undir atkv., fyrr en hv. flm. hafa sýnt sig og látið eitthvað frá sér heyra varðandi þessa till. En verði hún hins vegar tekin til afgreiðslu, án þess að gerð sé grein fyrir henni, vil ég áskilja mér rétt til að víkja að efni hennar.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. skal ég láta þess getið, að þess hefur verið óskað af hálfu hæstv. ríkisstj., að afgreiðslu þessa máls verði hraðað, sem er heldur ekkert tiltökumál, og á ég ekki annars kost en að láta ganga til atkv. um þessa till., þó að svo fari, að ekki verði mælt fyrir henni, nema hún verði tekin aftur.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Það er nú máske tilgangslaust að tala hér fyrir brtt., þar sem ekki er mættur nema ⅓ hv. þdm. Ég vil þó láta nokkur orð fylgja þeirri brtt., sem ég ásamt þremur öðrum hv. þm. á á þskj. 1200.

Við 1. umr. þessa máls bar ég hér fram fyrirspurn, sem ég beindi til hæstv. fjmrh., um skilning á vissum atriðum í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þær skýringar, sem hæstv. fjmrh. gaf, féllu á þá lund, að skatturinn mundi ná til innlendra framleiðsluvara, bæði mjólkur og kjöts og fisks, í öllum öðrum tilfellum en þeim, þegar varan er seld í heildsölu, og í öðru lagi þegar það eru sjálfir framleiðendur varanna, sem selja þær. Þannig mundu samkv. þessum skilningi þessar vörur koma undir ákvæði þessara skattalaga, þó að þær væru seldar af félagssamtökum framleiðenda sjálfra.

Nú er það svo, að því er snertir sölu á mjólk og kjöti, að því leyti sem þessi sala fer fram á vegum þessa félagsskapar, sem bændur hafa nú falið að hafa það verkefni á hendi, að þá mundi þetta, að því er mér skilst, ekki hafa nein áhrif fyrir ríkissjóð til né frá, vegna þess að ákveðið er í sex manna nefndar álitinu eða þeirri löggjöf, sem við það styðst, það verð, sem bændur eiga að fá fyrir þessar vörur, og mér skilst, að það sé ekki hægt að skerða það verð með slíkum skatti sem þessum. Því er alveg tilgangslaust að þessu leyti að láta þennan veltuskatt ná til þessara vara að því leyti, sem sala þeirra er í höndum þeirra félaga, er framleiðendur sjálfir hafa falið að annast sölu á þessum vörum. Eða svo er þessu háttað, meðan sú löggjöf gildir um þetta efni, sem nú er.

Nú er vitað, að nokkuð af þessum vörum, t. d. mjólkurvörur og kjöt, er selt af öðrum en þessum félagsskap bænda, sölufélögum bænda. Þau fela öðrum sölu þessara vara fyrir ákveðin umboðslaun. Nú er það svo, að álagning á þessar vörur í smásölu er háð verðlagseftirliti, og eftir því sem mér er sagt af mönnum, sem mjög eru kunnugir þessari sölu, þá er þessi álagning svo naumt skorin, bæði að því er snertir kjöt og mjólk, að ef slíkur skattur sem þessi eigi að koma niður á þessari sölu, séu engar líkur til þess, að hægt verði að koma út þessum vörum með þessari álagningu. Afleiðing af því, að skatturinn lendir á þessum vörum, þegar þær eru seldar út af kaupmönnum, gæti því hæglega orðið sú, að kaupmenn hættu að selja þessar vörur jafnskjótt og l. gengju í gildi, en það mundi aftur leiða til þess, að framleiðendur, sem þessar vörur eiga, yrðu að haga útsölunni á annan hátt eða koma sjálfir upp útsölustöðvum fyrir þessar vörur, og þá ber að því sama, að þetta hefði engin áhrif fyrir ríkissjóð, meðan núgildandi löggjöf í þessum efnum heldur gildi.

Við flm. lítum því svo á, að eðlilegt væri að ákveða í þessum l., að þessar framleiðsluvörur á mismunandi framleiðslustigi séu, eins og tekið er fram í þessu frv., undanþegnar þessum skatti.

Hv. þm. A.-Húnv. hefur flutt um það brtt., að vörurnar skuli undanþegnar þessum skatti að því leyti, sem framleiðendur sjálfir eða félagsskapur þeirra hafi söluna á hendi. Okkar till. gengur að því leyti lengra en hans till., að hún tekur til þessara framleiðsluvara með hvaða hætti sem sala þeirra fer fram.

Ég held, að það sé svo ekki meira, sem ég þarf að segja um þessa till. að svo komnu.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Það stendur svo á, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. og hv. 8. þm. Reykv., sem á sæti í n., eru bundnir á öðrum fundi og geta ekki losnað. En eigi að síður skilst mér, að meiningin sé, að þessu geti orðið lokið í kvöld og atkvgr. frestað. Þótt hv. frsm. sé fjarverandi, þykir mér ástæða til að víkja nokkuð að þessu máli frá mínu sjónarmiði og þeim brtt., sem fram hafa verið lagðar við þetta frv.

Það hefur verið um það talað af andstæðingum þessa máls, að hér væri á ferð ný stefna í skattamálum, fullkomin neyð o. s. frv. Ég er dálítið hissa á því, hve fast er að orði kveðið í þessum efnum, því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þeir, sem eru andstæðir þessu frv., hafa engu síður en við rætt um það, hve mikil nauðsyn væri á því að afla ríkissjóði meiri tekna en fram að þessu hefur verið gert. Frá þeim hefur þó ekki komið nein till. eða frv. á þessu þingi um það að afla þess fjár, sem afla þarf, á annan veg.

Ég fyrir mitt leyti er nú ekki líkt því eins svartsýnn á þennan skatt og jafnvel margir aðrir, sem eru þó fylgjandi þessu frv., því að ég er sannfærður um það, sem hefur ekki heldur verið talið neinum tvímælum bundið á undanförnum árum, að nú, síðan stríðið hófst, hafa þeir aðilar, hvort heldur eru félög eða einstaklingar, sem fengizt hafa við verzlun, haft betri aðstöðu til að hagnast á atvinnurekstri sínum en aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi. Þetta byggist á því, að sú regla hefur verið upp tekin varðandi verðlagningu á innfluttum vörum, að eftir því, sem þær eru keyptar inn hærra verði, verður hagnaður verzlunarrekandans meiri, þegar álagningin er öll miðuð við prósentugjald. Þess vegna er það, að þegar afla á fjár til þess að viðhalda atvinnuvegunum í landinu og koma í veg fyrir, að dýrtíðin vaxi meira en orðið er, þá er það engan veginn á ósanngirni byggt, að þeir, sem með viðskiptamálin fara, láti nokkuð af hendi rakna með sérstökum hætti. Það er líka víst, að af því að vísitölunni hefur verið haldið niðri, sem hefur verið gert með þeirri ráðstöfun að borga niður verð á innlendum markaði, hefur viðskiptalíf okkar verið betra á allan hátt síðustu ár en ella, og það hefur tvímælalaust verið hagnaður fyrir alla þá, sem með verzlun fara.

Hitt er rétt, að það er ósanngjarnt varðandi álagningu þessa skatts, sem hér um ræðir, að hann komi jafnt á „umsetningu“ án tillits til þess, hvaða vörutegundir það eru, sem einstök fyrirtæki verzla með. Ef réttilega hefði verið að farið, þá hefði til þess, að þetta væri sanngjarnlega á lagt, að mínu áliti þurft að vita, hvaða vörutegundir er um að ræða. En vegna þess, að hér er gert ráð fyrir því, að þetta verði á lagt í eitt skipti og þessi skattur er ekki sérstaklega hár miðað við það, sem verzlunargróðinn hefur verið á undanförnum árum, og þar sem það enn fremur hefði kostað mikil fjárútlát að flokka niður verzlanirnar eftir því, hvaða vörutegundir þær verzla með, þá hefur verið hjá því sneitt og tekin sú einfalda leið, sem gert er með þessu frv. Það er að láta skattinn ná yfir „umsetningu“ án tillits til þess, hvaða vörutegundir það eru, sem viðskiptaeinstaklingar verzla með.

Það, sem fram kemur í nál. hv. þm. V.-Húnv., sem hér liggur fyrir á þskj. 1197, er raunar ekki annað en það, sem fram kemur hjá mörgum, sem móti þessum skatti hafa mælt, sem sé það, að þetta hljóti að vera álagning á almenning, en ekki þá, sem með verzlun fara, vegna þess að því verði jafnað niður á neytendur í landinu. Það er nú skýrt kveðið á um það í þessu frv., að þetta á ekki að gera, og ef þetta yrði gert, þá byggðust þau mistök eingöngu á því, að verðlagsyfirvöldin fullnægðu ekki þeirri skyldu, sem á þeirra herðar væri lögð, svo sem vera ætti.

Hv. frsm. gat þess áðan, að hann liti á þennan skatt sem raunverulegt eignargjald, sem miðaðist við „umsetningu“ viðskiptaaðila á þessu ári, sem eins konar framlag frá þeirra hálfu, sökum þeirrar aðstoðar, sem þjóðfélagið hefði veitt þeim á þeim veltutímum, sem nú hafa verið undanfarin ár.

Til sönnunar því, að ekki hafi þótt óarðvænlegt að stunda verzlun síðustu ár, má geta þess, að það hafa streymt í þá atvinnu allir þeir menn, sem með nokkrum ráðum hafa þótzt geta komizt í þá aðstöðu. Og ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að þegar um það er að ræða, hvort þjóðfélagið á að haga sínum fjármálaafskiptum þannig, að það eigi að hafa áhrif á það, hvort það eru framleiðsluatvinnuvegirnir, sem komið er upp, eða hinir, sem eru byggðir á vöruskiptaviðskiptum eða félagsviðskiptum, hvernig sem þeir eru, er ég ekki í vafa, að fremur beri að miða við uppgang þeirra atvinnuvega, sem okkar þjóðfélag byggist á, þ. e. fiskflutninga, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar.

Ég er nú ekki svartsýnni á þennan skatt en það, að ég tel hann miklu sanngjarnari en þann skatt, sem við vorum að samþ. í dag, skatt á söluverð á útfluttan fisk. Því að þar er um að ræða atvinnurekstur, sem okkur ber fyrst og fremst að efla. Að vísu ber ekki svo að skilja þessi ummæli mín, að ég ætlist til, að gengið sé svo á hlut þeirra, sem viðskipti stunda, að þeir verði að hætta þeim rekstri. Ég tel, að hér sé um að ræða fjáröflun til dýrtíðarráðstafana, sem viðskiptin séu fær um að standa undir.

Nú er það vitað, að það orkar tvímælis hjá þeim, sem um þessi mál fjalla, hvort heldur skuli leggja skattinn á veltu ársins 1944 eða 1945. Sannleikurinn er nú sá, að það væri á ýmsan hátt einfaldara og þægilegra í meðförum að leggja skattinn á veltu ársins 1944. En hins vegar ber á það að líta, að það er alltaf leiðinlegt að láta skatta verka aftur fyrir sig. Þess vegna leggur hæstv. fjmrh., sem hefur samið frv., mikla áherzlu á það, að skatturinn verði miðaður við árið 1945. Þetta skiptir sennilega ekki miklu máli, því að engin líkindi eru til þess að dragi úr viðskiptum á þessu ári miðað við árið, sem leið. Skatturinn mun því sennilega verða svipaður, á hvort árið sem hann kann að verða lagður.

Ég skal svo minnast á þá brtt., sem ég er flm. að á þskj. 1192, og einnig þá brtt., sem hv. þm. Borgf. hefur flutt ásamt 3 öðrum þm. Till. mín er byggð á þeim grundvelli, sem umr. fóru fram um hér við fyrstu umr. þessa máls, þ. e. að framleiðendur, sem selja vöruna, eða félög þeirra

skuli vera skattfrjáls. Hins vegar skal ég játa það, að lengra er gengið í till. hv. þm. Borgf. á þskj. 1200. Fyrir mitt leyti get ég vel sætt mig við það, að sú till. verði samþ. Get ég því tekið mína till. aftur til 3. umr., þar til séð verður, hvernig fer fyrir till. á þskj. 1200. Raunverulega álít ég, að þær vörur, sem taldar eru upp í frv., séu undanþegnar þessu skattgjaldi, þar sem meðfram er verið að afla fjár til að bæta upp verð á nokkrum þeirra. En þeir, sem sömdu frv., vildu ekki undanskilja smásöluverðið, vegna þess að svo margar verzlanir verzla með blandaðar vörutegundir, og því mjög erfitt að framkvæma þessa undanþágu. Þegar verzlanir verzla með blandaðar vörutegundir, er ýmsum erfiðleikum bundið að flokka það, hvað eru vörur, sem eru undanþegnar skattinum, og hverjar ekki. Þess vegna valdi ég millileiðina og undanskildi aðeins þá framleiðendur og félög þeirra, sem verzla sjálf með vöruna, sem hér er um að ræða. Ég hef svo ekki meira um þetta að segja. Það hefur ekki fleira komið enn fram frá þm., sem ég tel mig þurfa að víkja að. En ég vil geta þess aftur, að til samkomulags get ég vel fallizt á, að till. á þskj. 1200 verði samþ., og mun mín till. því bíða til 3. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég get vel verið stuttorður, þar sem hv. þm. Borgf. hefur talað fyrir brtt. á þskj. 1200, sem ég og nokkrir fleiri þm. flytjum.

Það hefur nú verið þannig, að það hefur verið óvinsælt verk að leggja á skatta, því að allir vilja reyna að komast hjá að greiða þá, þótt flestir geri kröfur um greiðslur úr ríkissjóðnum. Ég mun ekki fara út í að ræða, hvort hægt hefði verið að komast hjá þessum skatti, ef önnur fjármálastefna ríkti en nú er. En ég heyrði, að hv. þm. V.-Húnv. var að tala í þá átt. En ég sé ástæðu til að minnast á það, að ef launal. nýju, sem hækka munu greiðslur ríkissjóðs um 8 millj. kr., yrðu ekki samþ., mundi kannske hafa verið hægt að komast hjá þessum skatti. Eins og nú er komið, verður ekki siglt fram hjá þessu skeri. Launal. verða samþ., og það er staðreynd, að enginn eyrir er á fjárl. til að greiða niður vöruverð, eins og ákveðið hefur verið að gera. Og enginn eyrir er til á fjárl. til þess að tryggja vöruverð útfluttra landbúnaðarafurða, eins og ákveðið er að gera. Ef þessar greiðslur eiga að verða inntar af hendi, þá verður að afla tekna til þess.

Ég er sammála þeim mönnum, sem talað hafa hér og talið veltuskattinn ósanngjarnan, sérstaklega vegna þess, að gert er ráð fyrir, að þeir, sem verzla með álagningarlága vöru, greiði jafnháan skatt og þeir, sem verzla með álagningarháa vöru. En það er mjög erfitt að flokka þessar vörur í sundur, svo að það komi sanngjarnlega niður, einkum þar sem margar verzlanir verzla jöfnum höndum með álagningarlágar vörur og álagningarháar vörur. Veltuskatturinn er ósanngjarn, því verður ekki neitað. En eins og ég sagði áðan, verður ekki hjá því komizt að afla ríkissjóði tekna á einhvern hátt. Og þar sem enginn hefur komið með till. um annað en veltuskatt, þá skilst mér það sé eina úrræðið, þótt slæmt sé.

Eins og frv. kom frá Ed. og liggur nú fyrir, er það svo stórgallað, að ég get ekki fylgt því, nema það hljóti endurbætur. Ef till. á þskj. 1200 verður samþ., þá ætla ég að greiða atkv. með frv., þótt ég mæli skattinum ekki bót. Ég á þá við, að það verði ekki hjá því komizt að fá fé í ríkissjóðinn, eins og komið er. Hver er þá þessi stóri galli á frv., sem ég tel nauðsyn að fá leiðréttan? Gallinn er sá, að gert er ráð fyrir, að borgaður sé veltuskattur af innlendu framleiðsluvörunum, mjólk og kjöti. Það er ákveðið í dýrtíðarl., að bændur eigi að fá 1,23 kr. fyrir mjólkurlítrann kostnaðarlaust og kr. 6,87 fyrir kjötkg kostnaðarlaust. Ef á nú að greiða 1% af þessum vörum, þá verður útkoman sú, að ríkissjóður fær þar að vísu nokkrar tekjur, en verður að endurgreiða þær. Ég sé ekki, hvað svona nokkuð ætti að þýða. Ef ríkissjóður endurgreiddi ekki þetta eina prósent, þá er líka meiningin að halda ekki dýrtíðarl., og þá er það meiningin, að bændur beri ekki það úr býtum, sem ákveðið hefur verið. Nú er 13% álagning á kjötinu, en fyrir tveimur árum var 15% álagning á því. Kaupmenn lækkuðu álagninguna um 2% og sýndu með því þegnskap og slökuðu til í baráttunni við dýrtíðina. Kjötkaupmenn hafa verið að nauða á kjötverðlagsn. og viljað fá álagninguna hækkaða, því að hún er lítil miðað við álagningu á annarri nauðsynjavöru, en hún er um 25%. Ef kjötkaupmenn eiga svo að borga veltuskatt af þessum 13%, þá leiðir af sjálfu sér, að það verður að hækka álagninguna. Og þá kem ég að því, sem ég hef áður sagt: Það er verið að láta í vasann með annarri hendinni og taka úr honum með hinni. Sama máli gegnir um mjólkina og kjötið. Þeir, sem selja hana, fá 4% í umboðslaun. Ef þeir eiga að borga 1% í veltuskatt, þá verður óhjákvæmilega að hækka umboðssölulaunin sem því nemur. Afleiðingin verður svo sú sama, ríkissjóður verður að borga til baka það, sem nemur þessu eina prósenti. Þess vegna er það ekki nema skrípaleikur að halda þessu ákvæði í frv. Nú er það ekki svo, að hér sé um að ræða stóra upphæð, ekki einu sinni frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að ríkissjóður gæti komizt hjá því að endurgreiða þetta eina prósent.

Með því að miða við það verð, sem nú er á kjötinu, mun andvirði kjötsins vera alls um 40 millj. kr. Nú má gera ráð fyrir því, að einn fjórði kjötsins seljist í heildsölu, en ¾ hlutar þess í smásölu, eða fyrir 30 millj. kr. 1% af því í veltuskatt gerir 300000 kr. Ég gizka á, að andvirði seldrar mjólkur muni vera um 30 millj. kr., skatturinn af henni mun því nema líka 300000 kr. Veltuskatturinn mundi því lækka um 600000 kr., ef till. okkar á þskj. 1200 yrði samþ. Ríkissjóður fengi sem sagt 600000 kr., ef frv. verður samþ. óbreytt, en yrði að endurgjalda þá upphæð til framleiðenda aftur.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það væri erfitt, þegar verzlanir verzluðu með blandaðar vörur, að flokka vöruna og þess vegna hefði hann flutt till. sína á þskj. 1192. Sú till. miðar vitanlega til stórra bóta, en hún nær ekki nógu langt, þess vegna er okkar till. fram komin. En að halda því fram, að það sé erfitt að flokka blandaðar vörur, það er misskilningur. Þeir, sem verzla með kjöt og fleira, geta ósköp vel greint kjötið frá hinum vörunum. Þeir kaupa kjötið frá Sambandinu og fleirum, og reikningarnir liggja fyrir, og nú er

vitað, að álagningin er 13%; þá er ljóst, hversu mikið magn hefur selzt af kjöti yfir mánuðinn. Sú upphæð dregst frá sölu búðarinnar. Sama máli gegnir með mjólkina. Það liggur ljóst fyrir eftir hvern mánuð, hve margir lítrar hafa verið keyptir af Samsölunni. Þegar maður veit, að 6 aurar leggjast á hvern lítra, þá sjá allir, að það er engum erfiðleikum bundið að skilgreina þessa vöru frá öðrum vörum. Sú viðbára, að þetta sé erfitt í framkvæmd, er því ekki tekin til greina.

Það hefur verið talað um það, hvort eðlilegra væri að leggja þennan skatt á veltu ársins 1944 eða 1945. Ég tel, að bezt væri illu aflokið fyrir verzlunarfyrirtækin. Það er þegar ljóst, að árið 1944 var sæmilegt fyrir verzlunina, en í dag er óljóst, hvernig útkoman verður árið 1945. Hins vegar geri ég það ekki að neinu kappsmáli, á hvort árið skatturinn er lagður.

Ég hef nú lýst því, hversu ósanngjarnt er að samþ. frv. eins og það er. Og það er augljóst, að till. okkar er að öllu leyti réttmæt og mun ekki valda neinum erfiðleikum í framkvæmd, eins og sumir halda, sem ekki hafa næga þekkingu á verzlun. Ef till. verður felld, greiði ég atkv. á móti frv., enda þótt ekkert fé sé til staðar í greiðslur til bænda. Ef till. er felld, er það ekki annað en slá því föstu, að bændur eigi ekki að fá 1,23 fyrir mjólkina og 6,87 fyrir kjötkílóið. Ég legg því mikið kapp á, að till. verði samþ. Og mun ég greiða atkv. á móti frv., ef hún nær ekki fram að ganga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Mér þykir rétt að sjá, hverja meðferð málið hlýtur nú við atkvgr. 2. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa mér ekki tilefni til að segja margt. Frsm. minni hl. var mjög hógvær í gagnrýni sinni við frv. Þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, hefur að mestu verið svarað af hv. þm. A.-Húnv.

Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, er sú, að ég vildi minnast með örfáum orðum á brtt. á þskj. 1200. Þar er lagt til, að orðin „þegar vörur þessar eru seldar af framleiðendum þeirra eða í heildsölu“ falli burt. Við fyrstu umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því, hvaða ástæður lægju til þess, að lagt er til í frv., að skattur greiðist af innlendri framleiðslu, þegar hún er seld í smásölu. Ástæðan var ekki sú að auka tekjur af vörusölu, heldur hitt, að þeir skattamenn, sem um málið fjölluðu, töldu það mjög erfitt í framkvæmdinni að skilja þessar vörur frá öðrum vörum, sem verzlanir hefðu á boðstólum og skattur ætti að falla á. Það verður að játa, að á því eru talsverð vandkvæði. Þetta er ekki eins einfalt mál og hv. 2. þm. Rang. hefur látið í veðri vaka. Við nánari athugun málsins hef ég þó komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi agnúi væri þó ekki svo mikill, að það sé ekki tilvinnandi að fella gjaldið niður. Ég mæli því með því, að brtt. á þskj. 1200 nái fram að ganga. Þetta hefur enga teljandi fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð, jafnvel þótt fullur veltuskattur kæmi á alla innlenda framleiðslu. En það vantar mikið á, að skatturinn komi á hana alla, eins og frv. er nú. Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang. að halda þetta. Það er áreiðanlega mikill minni hluti af vörusölunni, sem kæmi til þess að hafa áhrif á það verð, sem framleiðendur fá. Mér er það ljóst, að álagningin á kjötið er mjög lág og það skapaði mikla óánægju og erfiðleika að halda henni óbreyttri. Ég held því, að betra sé að taka þá erfiðleika, sem því eru samfara að skilgreina vöruna, heldur en standa í því stímabraki, sem leiða mundi af því, ef skatturinn félli á vöruna. Og margs konar erfiðleikar mundu skapast við það, ef skatturinn hefði áhrif á það verð, sem fyrir er.

Þá vildi ég aðeins minnast á brtt. á þskj. 1193, sem er flutt af hv. 3. þm. Reykv., eftir tilmælum mínum. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að gjalddagarnir verði 4 á skattinum, en við nánari athugun þótti óheppilegt að láta skattinn falla í gjalddaga eftir fyrsta ársfjórðung. Stafaði það af því, að skattstofan í Reykjavík er svo önnum hlaðin um þann tíma, að það þótti heppilegra að hafa gjalddagana 3 og miða fyrsta gjalddaga við 30. júní. Ég vil vænta þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt.

Um brtt. á þskj. 1191 þarf ég ekki heldur að fjölyrða. Það hafa nú að vísu orðið allharðar deilur um, hvort miða ætti við árið 1944 eða 1945, og ég verð að játa, að ég á dálítið erfitt með að skilja, hve mikið kapp er lagt á þetta. Ástæðurnar fyrir því, að ég kaus heldur árið 1945, eru fyrst og fremst þær, að ég álít, að eftirsköttun sé í raun og veru alltaf óréttmæt og það eigi a. m. k. ekki undir neinum kringumstæðum að láta hana fram fara nema alveg óhjákvæmilegt sé. Því má auðvitað svara til, að ég hafi samt sem áður borið fram frv. um eftirsköttun á þessu ári, en þau frv. voru borin fram af nauðsyn og voru bæði þess eðlis, að það gat ekki verið um annað að ræða, ef skattarnir væru lagðir á, en skatta eftir á. Hér stendur aftur á móti allt öðruvísi á. Að vísu verður fyrir fram ekki sagt, hvort gefa mundi meiri tekjur í ríkissjóð 1944 eða 1945, og stafar það af því, að velta ársins 1945 er ekki kunn enn þá, en ef ekkert ófyrirsjáanlegt gerist, þá ætla ég, að erfitt sé að leiða rök að því, að skattarnir þurfi að vera miklum mun minni, þó að miðað væri við 1945, en ekki 1944. Þetta eru sem sagt aðalástæðurnar fyrir því, að ég kaus heldur að miða við 1945. Auk þess má geta þess, að ef svo stæði á fyrir einhverjum þeirra gjaldenda, sem þessa skatta á að greiða, að hann teldi sér ekki fært að greiða skattinn, hvort heldur er af tekjum eða eignum, þá á hann þess kost, ef miðað er við 1945, að snúa sér að annarri atvinnugrein. Í ýmsum tilfellum getur hann a. m. k. gert það.

Loks er svo það, og kannske raunverulega ekki þýðingarminnst, að ef skatturinn er miðaður við veltu ársins 1944, þá er óhjákvæmilegt að hafa nokkuð víðtækari undanþáguheimild í l. heldur en ef viðmiðunin er gerð við 1945. Ég man ekki, hvort ég hef áður bent á það hér, en gerði það a. m. k. í hv. Ed., að það eru til þeir vöruflokkar, sem verðlagi hefur verið hagað þannig á, að ekki gæti komið til greina að leggja svo hátt veltugjald á sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Ég skal benda aðeins á vörutegundir eins og kol, sem hafa verið seld í heildsölu á árinu 1944 með lægri álagningu en ætlazt er til, að skatturinn verði. Þetta væri auðvitað óhugsanlegt, og er þá ekki um annað að ræða en undanþiggja þessa vörutegund. Aftur á móti mundi vera kleift að halda þessu fyrirkomulagi á árinu

1945, að álagningin yrði ekki meiri en hún er, en tilhöguninni yrði þá að breyta þannig, að slík vörutegund yrði seld í umboðssölu í stað þess að seljast í heildsölu. Það er mjög auðvelt að breyta til, og þá yrðu auðvitað skattarnir miðaðir við sömu álagningu. Ég verð því að halda fast við það, að viðmiðunin sé gerð fyrir árið 1945, og vil leggja eindregið á móti, að brtt. á þskj. 1191 nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég sé ástæðu til að segja hér nokkur orð út af ræðu hv. þm. A.-Húnv., en hann gerði einmitt að umtalsefni m. a. mitt nál. og mína framsöguræðu. Hv. þm. sagði, að andstæðingar hæstv. stj. væru ekkert síður en stjórnarstuðningsmenn samþykkir þeim útgjöldum, sem ætti að nota fé til. Þessu vil ég mótmæla af hálfu okkar framsóknarmanna. Er þess þó í rauninni ekki þörf, því að þetta er öllum kunnugt og hv. þm. A.-Húnv. vitanlega eins og öðrum, vegna þess að mótmæli okkar gegn þeirri stefnu, sem nú er fylgt í dýrtíðar- og fjárhagsmálum, hafa komið greinilega fram bæði í ræðu og riti nú að undanförnu. Þegar þessi hæstv. stjórn var mynduð, átti að fara inn á þá leið, sem við höfðum bent á. Í stað þess að auka dýrtíðina með því að hækka kaupgjald ýmissa stétta, sem leiðir af sér aukna dýrtíð og svo áframhaldandi aukið kaupgjald og vöruverð sitt á hvað, hefði vitanlega átt að snúa við og halda til baka, eins og till. hafa m. a. komið um frá bændum landsins og samtökum þeirra. Þetta hefðu stjórnarflokkarnir getað gert, ef þeir hefðu viljað og verið um það samtaka. Þetta hefði vitanlega haft í för með sér lækkun á dýrtíðarvísitölunni og um leið lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, og þá hefði verið hægt að komast hjá því að leggja á þjóðina verulegan hluta af þeim nýju sköttum, sem nú er stofnað til. Þessu hefur verið margyfirlýst af hendi okkar framsóknarmanna, og var því óþarft fyrir hv. þm. A.-Húnv. að viðhafa þessi orð.

Hv. þm. segir, að það geti ekki talizt nein ósanngirni að leggja á slíkan skatt, vegna þess að þau fyrirtæki, sem fyrst og fremst eiga að borga hann, hefðu yfirleitt góða afkomu nú, en í næstu setningu á eftir viðurkenndi hv. þm. sjálfur, að skatturinn væri ósanngjarn, vegna þess að hann lenti jafnt á þeim, sem verzluðu með lífsnauðsynjar og þarfan varning, og hinum, sem verzluðu með óþarfa varning, og eins og ég hef tekið fram áður, miðast hann hvorki við tekjur né eignir þegnanna.

Þá sagði hv. þm., að það væri þó bót í máli, að skattur þessi yrði aðeins á lagður í eitt skipti. Mér finnst ástæða til að beina til hv. þm. spurningu í sambandi við þetta. Dettur honum í hug, að tekjuþörf ríkissjóðs verði minni á næsta ári en nú, ef svo fer fram sem nú horfir? Ég held, að enginn geti látið sér detta slíkt í hug, m. a. fyrir það, að hæstv. núv. stj. hefur gefið fyrirheit um nýja lagasetningu, sem hlýtur að hafa í för með sér enn aukin útgjöld fyrir ríkissjóð til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Það stendur enn óhrakið, sem ég hef áður sagt, að því er snertir félagsmenn í kaupfélögum, sem hafa þar sín viðskipti, að það verður ekki fram hjá því komizt, að þessi skattur lendi á þeim. Hann hlýtur að koma fram í minnkandi tekjuafgangi, sem úthlutað er til manna, og þar með hækkandi vöruverði, og jafnvel þótt einstaka samvinnufélög tækju þann kostinn að taka fé úr sínum sameiginlega sjóði að einhverju leyti til að borga þennan skatt, er niðurstaðan raunverulega sú sama, því að ekki er um annað fé að ræða en það, sem er sameign þessara manna, og verður til þess, að þeir þurfa þá í staðinn síðar að leggja fé í sinn sjóð í skarðið. Í sambandi við þá fullyrðingu hv. þm., að skattarnir séu ekki lagðir á nema í eitt skipti, má vitanlega benda á það, að ef stuðningsmenn stj. vita um aðra sanngjarnari tekjuöflunaraðferð, sem þeir hugsa sér að nota á næsta ári, til þess að sleppa við að leggja á þennan skatt, var þeim auðvitað skylt að koma með þá aðferð nú þegar. Ef hins vegar hv. stjórn og stuðningsmenn hennar ætla að bjarga sér frá því að leggja á þennan skatt oftar með því að breyta um stefnu innan skamms í fjármálum, þá var þeim auðvitað skylt að gera það strax, áður en þyngri byrðar væru lagðar á þjóðina, vegna þeirra útgjalda, sem þeir hafa nú stofnað til.

Mér skildist á ræðu hv. 2. þm. Rang., að hann teldi, að sérstaklega vantaði fé í ríkissjóð til þess að standa undir dýrtíðarráðstöfunum. Ég vil bara benda á í þessu sambandi, að þessi skattur á náttúrlega ekkert frekar að ganga til þeirra útgjalda en annarra útgjalda, sem hvíla á ríkissjóði. Þá má alveg eins segja, að tekjur af þessum skatti fari til þess að borga þá fúlgu, sem launahækkunin hefur í för með sér.

Ég sé ekki ástæðu til að segja mikið út af ræðu hæstv. fjmrh., en út af því, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. um, að það mundi vera erfitt að skilja í sundur hjá fyrirtækjum, sem verzluðu með innlendar vörur og aðrar, hve mikil sala þeirra væri á innlendum afurðum og hve mikil á öðrum vörum, þá held ég, að þetta sé ekkert erfitt hjá þeim fyrirtækjum, þar sem bókhaldið á annað borð er í sæmilegu lagi. Því miður mun vera svo um ýmis fyrirtæki hér á landi, sem eru bókhaldsskyld samkv. l., að bókhald þeirra er ekki í svo fullkomnu lagi sem vera ætti, og hjá þeim fyrirtækjum geta vitanlega verið erfiðleikar á að finna út hið rétta, en ég vil benda á, að vitanlega gildir það þá jafnt um alla umsetningu þeirra.

Þá vil ég að síðustu víkja nokkuð að þeim brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 1119 og ég minntist á í fyrri ræðu minni. Það er nú það sama að segja og þá, að hvorugur þessara hv. þm., sem flytja þessa till., hafa látið sjá sig hér í d., og þess vegna hefur enginn sagt neitt þeim til stuðnings. Eins og lýst var hér úr forsetastóli í byrjun fundarins, voru í dag lögð fram á lestrarsal mótmæli frá S. Í. S. gegn síðustu brtt. á þessu þskj. En þessi till. er um það að ákveða með l., að S. Í. S., — því að um annað samvinnusamband er ekki að ræða hér á landi, — skuli úthluta til sambandsfélaga sinna hlutfallslega jafnmiklum ágóða eða tekjuafgangi árið 1945 eins og árið áður. S. Í. S. hefur lagt fram mótmæli gegn þessari till., og þó að reyndar megi gera ráð fyrir, að till. á þessu þskj. verði ekki samþykktar, þar sem hvorugur flm. hefur haft svo mikið við að mæta í d. og tala nokkuð fyrir þeim, þegar málið er til umr., vil ég þó, áður en umr. verður slitið, skýra hér frá því, á hverju þessi mótmæli S. Í. S. eru byggð í aðalatriðum. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp kafla úr bréfi Sambandsins, sem um þetta fjallar.

Þar er fyrst, í bréfinu, vikið að þessari síðustu málsgr., sem mótmælin beinast gegn, og síðan segir um þetta: „Hér á landi er aðeins eitt samvinnusamband, sem þetta getur átt við, og það er Samband íslenzkra samvinnufélaga. Beinast því þessi fyrirhuguðu lagaákvæði beinlínis að því og að því einu, þótt reynt sé að orða þetta á almennan hátt. Með þessu fyrirhugaða lagaákvæði er tekinn af aðalfundi S. Í. S. allur ráðstöfunarréttur á tekjuafgangi sambandsins, og er því tekinn umráðaréttur af félaginu yfir fé sínu að þessu leyti. Sýnist eins mega taka út einstöku hlutafélög, sem við verzlun fást, og þau megi greiða á sama hátt, án tillits til veltuskatts, ef þannig á að vera hægt með venjulegum l. að skylda eitt ákveðið fyrirtæki og svipta það ráðstöfunarrétti á tekjuafgangi sínum."

Og síðan segir: „Stjórn S. Í. S. leyfir sér að skora eindregið á hið háa Alþ. að fella framkomna till."

Ég held, að þarna séu færð svo skýr rök fyrir því, að það væri rangt að samþykkja þessa till., að ég þurfi engu þar við að bæta. Till. um þetta sama efni kom fram í hv. Ed. í meðferð málsins þar, en var felld, en þessir 2 hv. þm. í þessari hv. d. hafa nú tekið till. upp. Það má aðeins taka það fram, eins og hv. þdm. er væntanlega öllum kunnugt, að samkv. samvinnul. og l. Sambandsins er tekjuafgangi þess ráðstafað á hverjum aðalfundi, þar sem eru samankomnir kjörnir fulltrúar allra kaupfélaga, sem í Sambandinu eru, og það ætti öllum að vera ljóst, að það getur ekki náð nokkurri átt að taka þennan rétt af þeim. Það getur vel staðið þannig á, bæði hjá Sambandinu og einstökum samvinnufélögum, að varið sé t. d. meira fé í einn tíma en annan til ýmissa nýrra framkvæmda, og sjá þá væntanlega allir, hve fráleitt er að ætla að fara að skylda félagið með l. til að verja tekjuafgangi sínum á annan hátt, en meina þeim sjálfum að taka ákvörðun um það. Ég vil því vænta þess, að þessi till. verði felld.

Jón Pálmason: Það er þegar komið að því, að fundartími er að verða búinn. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara að hefja þrætur við hv. þm. V.-Húnv. um fjármálastefnu og annað slíkt, sem ræða hans hefði getað gefið tilefni til. Ég ákvað að svara þeim hlutum, sem fram hjá honum komu, á öðrum vettvangi, þar sem fleiri geta eftir þeim svörum tekið, og læt það því liggja á milli hluta.

Ég gat þess hér áðan, að verzlunarfyrirtæki hefðu yfirleitt haft góða afkomu á undanförnum árum og það væri þess vegna síður en svo ástæða til að leggja fremur á önnur fyrirtæki í landinu heldur en þau. Og þótt það sé að vísu satt, að það komi nokkuð misjafnt niður, eftir því með hvaða vörur verzlað er, þá er hér gert ráð fyrir, að um eitt tiltekið ár sé að ræða og þessi skattur sé ekki endurnýjaður, en það var sérstaklega sú spurning, sem hv. þm. V.-Húnv. var með, hvernig ég gæti hugsað mér, að þessi skattur yrði ekki endurnýjaður, og hvernig hagað yrði fjármálum ríkisins næst, þegar fjárl. yrðu afgreidd. Ég lít svo á, að það sé ekki fært að framlengja þennan skatt í annað sinn í þeirri mynd, sem hann er, þannig að hann sé ekki álagningarfær á vörur og ekki frádráttarbær til skattaframtals. Þar með er auðvitað ekki sagt, að ekki þurfi eins mikið fé í ríkissjóð á næstu árum og nú, og þar með er ekki sagt, að ekki þurfi að leggja á eitthvað vörugjald á næstu árum, því að ríkisvaldið hefur, eins og hv. þm. V.-Húnv. og öðrum er kunnugt um, ekki haft nema um það tvennt að velja, annaðhvort að leggja á tollgjald, sem kemur á vöruflokka eða færri vörutegundir, eða beina skatta, og annað hvort verður að gera, ef fé vantar í ríkissjóðinn, eða í þriðja lagi að draga saman gjöldin frá því, sem nú er. Það gæti því auðveldlega komið fyrir, að þetta gjald yrði framlengt í þeirri mynd, að það kæmi niður á öllum almenningi, eða þá að yrði hækkað vörugjald, verðtollur eða eitthvað, sem því svaraði, en ég geri ráð fyrir, að það komi ekki til, að þessi skattur verði framlengdur í þeirri mynd, sem hann er í nú.

Hins vegar er vert að minnast á og rétt að taka fram í þessu sambandi út af deilum, sem um það hafa orðið, hvort rétt sé að miða skattinn við 1944 eða 1945. Þeir, sem mæla með að leggja hann á líðna árið, telja það helzt til andmæla að leggja hann á 1945, að með því sé frekar tækifæri fyrir fyrirtækin til að svíkjast undan l., annaðhvort með því að leggja þetta á almenning eða á einhvern annan hátt að komast undan þessum skatti. Ef það kemur í ljós, að mikil brögð verða að slíku, þá tel ég sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafi það í huga og taki til athugunar, þegar næst verða samin skattaákvæði, ef einhverjir aðilar hafa svikizt undan þessum l. á beinan eða óbeinan hátt.

Varðandi það, að ekki hafi verið komið betra fyrirkomulagi á innheimtu ríkisins en þetta, þarf ég ekki að svara, því að ég gerði það áður, og ég tel fullforsvaranlegt, þegar verið er að innheimta fé til dýrtíðarráðstafana, sem verzlanirnar hafa ekki sízt þýðingarmikinn hagnað af, að það sé innheimt á þennan hátt, sem hér er lagt til með þessu frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 137. fundi í Nd., 23. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 1191,1 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GÞ, SigfS, SG, STh, ÞG, BG.

nei: BÁ, EystJ, GTh, HarJ, HelgJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, JörB.

PZ greiddi ekki atkv.

8 þm. (EOl, FJ, GG, GSv, LJós, SÁÓ, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Ég hefði að sönnu talið, að það mundi vera auðveldara að innheimta þennan skatt miðað við árið 1944, og ég býst við, að ég hefði verið með því, ef frv. hefði fyrst komið fram í þessari d., en ég sé, að úrslit málsins eru þannig í Ed., að þar er stórkostlegur meiri hl. með frv. eins og það er, og ég sé ekki fært að stofna til þrætu milli d. að ástæðulausu og segi því nei.

Brtt. 1191,2—4 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GTh, JakM, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG.

nei: EystJ, HelgJ, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JörB.

EmJ, IngJ, HarG, PO, BG greiddu ekki atkv.

7 þm. (FJ, GG, GSv, SÁÓ, ÁkJ, ÁÁ, EOl) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Ég mun ekki taka þátt í atkvgr. um frv., fyrr en ég sé, hvernig fer um brtt. á þskj. 1200.

2. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Brtt. 1200 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HarJ, HelgJ, IngJ, JPálm, PZ, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, JörB.

nei: GTh, JakM, JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, STh, SÁÓ, ÞG, BG, EmJ, GÞ.

6 þm. (ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GG, GSv) fjarstaddir.

Brtt. 1192 felld með 15:13 atkv.

3. gr. samþ. með 15:4 atkv.

Brtt. 1193 samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15:5 atkv.

5.—12. gr. samþ. með 15:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:9 atkv.

Á 138. og 139. fundi í Nd., 26. og 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 140. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 1224, 1225, 1231).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Ég flyt brtt. við þetta frv. á þskj. 1231. Með þessari till. minni vil ég gera tilraun til þess að fá brýnustu nauðsynjar undanþegnar þessum skatti, svo sem mjólk og mjólkurafurðir, kjöt, fisk, kornvörur og byggingarefni alls konar. Veltuskattur, sem leggst á þessar vörur, ef frv. verður samþ. óbreytt, kemur fram nákvæmlega eins og tollhækkun. Og ef þessar vörur væru undanþegnar gjaldinu, þá mætti vitanlega ákveða útsöluverð þeirra þeim mun lægra.

Það hefði nú mátt vænta þess, að a. m. k. sumir af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hefðu ekki flutt hér till. um tollhækkun á helztu nauðsynjavörum, ef draga má ályktanir af fyrri till. þeirra og ummælum um tolla. Ég minnist þess í því sambandi, að það liggur hér fyrir Sþ. till. til þál. frá einum af þm. Sósfl., hv. 2. landsk. Till. þessa flutti hann fyrir hér um bil einu ári, og er hún á þskj. 21. Till. hans er um afnám og lækkun tolla á nauðsynjavörum. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um till. sérstaklega, en það virðist svo, sem áhuginn fyrir tollalækkun hafi skyndilega horfið hjá þessum hv. þm. og flokksbræðrum hans, þegar þeir komust í stjórnaraðstöðu. Og ekki nóg með það, að nú er hætt að tala um afnám og lækkun tolla, heldur flytur nú hæstv. ríkisstj. — og þ. á m. ráðh. þess flokks — till. um tollahækkun. Þar hafa því hv. þm. Sósfl. orðið að strika vandlega yfir fyrri ummæli sín og till. um tolla.

En það er raunar ekki þetta eitt, sem þeir hafa orðið að taka aftur af fyrri ummælum sínum eftir að þeir urðu þátttakendur í stjórn og stjórnarstuðningsmenn. Annað átakanlegt dæmi var nýlega rifjað upp í sambandi **við annað mál.**

Það er líka fleira en stefnuyfirlýsingar Sósfl. og Alþfl., sem hefur verið strikað út í sambandi við þetta mál. Ég sé ekki betur en stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj., sem hæstv. forsrh. flutti, þegar stjórnin settist að völdum, hafi einnig orðið hér fyrir tilfinnanlegu áfalli. Þessi yfirlýsing var, eins og kunnugt er, tekin á talplötu og gefin út fjölrituð. Þar segir m. a., að stjórnin muni nú vera tilneydd að leggja á allháa nýja skatta, þar sem hún telji sér skylt að gera það, sem unnt er, til að afgreiða hallalaus fjárlög. Verði leitazt við að leggja skatta á þá, sem bezt fái undir þeim risið og fyrst og fremst á stríðsgróðamennina. Skattar á lágtekjumönnum verði ekki hækkaðir. Eftirlit með framtölum verði skerpt.

Það má segja, að þessi veltuskattur lendi að einhverju leyti á stríðsgróðamönnunum. En eitt er víst, að hann lendir líka á lágtekjumönnunum. Það er ómögulegt að komast hjá því, ef nauðsynjavörur almennings verða skattlagðar eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Með því er rofið það fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. gaf, er hún settist að völdum.

Þá hefur þess ekki orðið vart, að nein tilraun hafi verið gerð til þess að skerpa eftirlit með framtölum. Er þó talið, að það muni vera allmikil brögð að því, að t. d. handhafaverðbréf, sem gefin hafa verið út í stórum stíl, séu ekki talin fram. En enn þá hafa ekki sézt neinir tilburðir hjá hæstv. ríkisstj. að koma þessum framtölum í betra horf, þrátt fyrir stefnuyfirlýsingu hennar um það.

Með þessari brtt. minni er þeim gefið tækifæri, sem horfið hafa frá fyrri stefnu í skatta- og tollamálum, að taka upp sína fyrri afstöðu.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði nokkuð um þetta mál síðast við 2. umr. Ég vildi þá ekki lengja þingfund með því að svara þeirri ræðu hans, en vil nú fara um hana nokkrum orðum.

Hann kvaðst ekki telja fært að framlengja þennan skatt næsta ár. Þó mátti skilja á honum, að hann taldi líklegt, að ríkissjóður kæmist ekki af með minni tekjur á næsta ári en nú, og hann sagði, að það gæti orðið nauðsynlegt að leggja skattinn á í nýrri mynd, og talaði í því sambandi t. d. um vörugjöld. Ég tel nú, að það mundi vera skárra en þetta, þótt illt væri að auka verðtollana. Bæði er það, að innheimta slíkra gjalda mundi verða öruggari og fyrirhafnarminni, og þá einnig hægt að leggja meira á óþarfavarning en nauðsynjavörur. Og þó að ég mæli ekki með þeirri leið, tel ég hana skárri en þá leið, sem valin hefur verið. En vitanlega ætti að byrja á því að afla tekna á annan hátt, t. d. með auknu eftirliti með skattaframtölum. En ef hæstv. ríkisstj. telur sig geta fundið aðra skárri leið en þessa, sem hér er farin, eins og mér skilst á hv. þm. A.-Húnv., að hún muni geta, þar sem hann lýsir því yfir, að ekki sé hægt að framlengja þennan skatt, þá finnst mér vanta skýringu á því, hvers vegna ekki er strax gripið til þeirra ráða. Nema því sé þannig farið, að hæstv. ríkisstj. ætli að losa sig frá því að leggja fram nokkrar skattatill. á næsta þingi, með því að hlaupa fyrir borð af skútunni, áður en til þess kemur, og komast þannig frá þeim fjármálavandræðum, sem nú er stýrt út í. Má vera að það vaki fyrir þeim einhverjum að sleppa þannig frá þessu. En ef svo er, þá held ég, að réttast væri fyrir hæstv. ríkisstj. að gera þetta nú fyrir vorið,

heldur en að draga það til haustsins, því að alltaf fer ástandið versnandi, því lengur sem haldið er áfram þeirri fjármálastefnu, sem nú hefur verið upp tekin. Fylgjur hæstv. ríkisstj. eru vaxandi dýrtíð og þar með vaxandi eyðsla og skattaálögur. Og ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir alla, að hæstv. ríkisstj. færi frá, áður en þessar fylgjur hennar verða svo magnaðar, að við ekkert verður ráðið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Til þess að greiða fyrir störfum þingsins hef ég ekkert rætt þetta mál. En áður en það fer úr hv. d. og verður endanlega afgreitt, vildi ég segja nokkur orð.

Þó að þetta frv. sé sannarlega ljótt, er það þó merkilegt að einu leyti. Það er merkilegur vottur þess, hvernig komið er fjármálum landsins og hvert horfir í þeim efnum augljóslega, ef ekki verður þegar snúið við á þeirri braut, sem hæstv. ríkisstj. nú heldur, og yfir á allt aðrar leiðir. Jafnframt því, að ég vil minnast nokkuð á efni sjálfs frv., skal ég skjóta rökum undir þessa staðhæfingu.

Það er þá fyrst varðandi frv. sjálft og það, sem því er ætlað að vinna. Það er á það bent, að nauðsynlegt sé að afla þeirra tekna, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að vinna gegn dýrtíðinni. Þegar þetta er athugað, verður fáránlegt í augum flestra, að sú leið, sem hér er stungið upp á, að farin skuli, skuli eiga að verða til þess að vinna gegn dýrtíðinni. Hér er nefnilega ráðgert að leggja allsherjar verðtoll á allar vörur, sem verzlað er með í landinu, til þess að nota svo aftur þá peninga, sem þannig er skrapað saman, til þess að borga niður verðlag á öðrum vörum í landinu. Þetta eru sömu vinnubrögð og þeim er ætlað að vinna sér til afþreyingar, sem eru bilaðir á heilsu með vissum hætti, eins og kunnugt er.

Þó að því sé haldið fram, að þetta sé hægt að gera með árangri, þar sem ekki sé leyfilegt að hækka vöruverð í landinu sem svarar álögðum tollum, þá er augljóst mál, að þetta eru haldlaus rök. Því að ef þessu væri þannig háttað nú, væri hægt að lækka dýrtíðina með því að lækka vöruverðið með fyrirskipunum, sem svaraði þeim nýja skatti, sem hér á að innheimta, og þá mætti sleppa við þau vinnubrögð, sem hér eru fyrirhuguð, að draga saman nýjan verðtoll til að borga hann aftur í ríkissjóð. Og þá mætti jafnframt spara heilan her af starfsmönnum, sem þarf til að innheimta þetta gjald, en það eru ekki lítil útgjöld fyrir ríkissjóð út af fyrir sig.

Því hefur verið haldið fram, að þetta verki ekki sem neyzluskattur á almenning. Hér sé verið að skattleggja striðsgróðann. Ég hef að nokkru svarað þeirri röksemd, en vil benda á það, sem áður hefur komið fram, að mjög mikill hluti landsmanna hefur sína verzlun í eigin höndum. Allir þeir, sem verzla í samvinnufélögunum, fá til sín sem tekjuafgang eftir hvert ár það, sem afgangs er verzlunarkostnaðinum og þeir ekki ákveða að leggja í sjóði. Það er augljóst, að þessi skattur verkar þegar sem neyzluskattur á alla, sem hafa verzlun sjálfir í sínum höndum. Þeirra tekjuafgangur eftir árið minnkar auðvitað sem skattinum nemur eða því fé, sem þeir ákveða að leggja til hliðar til þess að standa undir framtíðarverkefnum sínum. Það er ekki hægt að komast fram hjá því, að gagnvart fjöldanum í landinu verkar þetta sem hreinn tollur og er því brot á yfirlýsingu þeirra flokka, sem standa að hæstv. ríkisstj.

Þá er að víkja að hinum, sem verzla við kaupmannaverzlanir. Mætti e. t. v. svo virðast sem þetta kæmi ekki hart niður á þeim stofnunum. En ef betur er að gáð, liggur í augum uppi, að ef halda ætti þessu áfram um lengri tíma, mundi þessi skattur auðvitað koma inn í vöruverðið. Er með öllu óhugsandi, að öðruvísi geti farið.

Skatti þessum er þannig hagað, að hann er jafnt gjald á alla vöruumsetningu. Það er alveg sama, hvort álagning vörunnar er mikil eða lítil, sama, hvort kostnaðurinn er mikill eða lítill, gjaldið er alveg jafnt fyrir því. Þetta verður skattur á þeim, sem hafa með höndum verzlun í landinu, ekki eftir efnum og ástæðum, heldur kemur hann harðast niður á þeim, sem verzla með nauðsynjavörur með lítilli álagningu, en létt niður á þeim, sem verzla með óþarfar eða lítt þarfar vörur með litlum tilkostnaði. Hér hefur verið fundin upp svo dásamleg skattlagningaraðferð, að niðurstaðan getur orðið sú, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, greiði skattinn í öfugu hlutfalli við afkomu sína.

Það hefur verið viðurkennt af hæstv. fjmrh. í þeim tveimur umr., sem átt hafa sér stað hér um þetta mál, að það geti vel farið svo, að tekjur þeirra kaupmanna, sem verzla með álagningarlitla vöru og hafa mikla umsetningu, hrökkvi ekki fyrir kostnaði og þeir verði að borga hann af eigum sínum. En í því sambandi hefur hæstv. fjmrh. sagt sem svo: Þetta er náttúrlega ekki réttlátt. En hafa ekki verið uppi bollaleggingar um það að leggja á eignarskatt yfirleitt, og er þá nokkuð meira, þó að eignarskattur sé lagður á með þessum hætti?

Mundi nú samt ekki mörgum finnast, ef ætti að leggja skatt á eignir manna sérstaklega, að þá væri lágmarkssanngirni, að sá skattur yrði lagður á í hlutfalli við eignirnar, eftir því hvað þær eru miklar eða hvað þær hafa vaxið? Og það mundi margur segja, að það væri ekki aðeins stigmunur, heldur eðlismunur, á því og hinu, sem hæstv. fjmrh. fyrirhugar, að gera mönnum að greiða eignarskatt með veltugjaldi á vöruumsetningu, þannig að þeir, sem mest hafa grætt, þurfa ekkert að taka nærri sér þetta gjald, en hinir þurfa að láta hluta af eignum sínum upp í það.

Það er augljóst, að ekki er hægt að hugsa sér meira neyðarúrræði en þessa aðferð, sem upp hefur verið tekin, og það hefði verið fróðlegt að sjá framan í suma af þeim mönnum, sem nú eru að reyna að verja þessa skattlagningaraðferð, ef einhverjum öðrum en þeim sjálfum hefði dottið í hug að bera fram frv. um að leggja á skatt sem þennan.

Það er máske bezta lýsingin á þessum skatti, að það er aðeins einn maður, sem ég hef heyrt lýsa ánægju sinni yfir þessari skattlagningaraðferð, og það er hv. þm. A.-Húnv. Það er máske bezta lýsingin á því, hvernig komið er, að þessi hv. þm. skuli vera sá eini, sem er ánægður.

Upphaflega, þegar þetta frv. kom fram, var því lýst með misjöfnum hætti í málgögnum stjórnarliðsins. Morgunblaðið byrjaði strax að syngja þann söng, sem sunginn hefur verið síðan: Þetta er ekki réttlátur skattur, en allir skattar eru meira og minna vondir, og það er ill neyð að leggja á þennan skatt. En í öðrum herbúðum, Sósfl., hefur ekk-

ert verið sagt um þennan skatt og því ekki vonlaust um, að þeir geti skammazt sín. En í herbúðum Alþfl. var fyrst fagnað yfir þessari tekjuöflunarleið, sem fundin hafði verið, og var vikið að því, að hér hefði verið fundin upp góð leið til að skattleggja stríðsgróðann. En eftir því sem lengra líður frá því, að þetta frv. kom fram, eftir því verður erfiðara fyrir fylgismenn skattsins að taka sér fyrir hendur að verja þessa tekjuöflunarleið. Og nú hefur Alþýðublaðið orðið að beygja sig svo mikið fyrir almenningsálitinu, að það er farið að kveða við nokkuð annan tón um skattinn en þegar málið kom fram. Ekki alls fyrir löngu skrifaði blaðið á þessa leið:

„Um þetta er það að segja, að enginn hefur neitað því, að veltuskatturinn hlýtur yfirleitt að verða óréttlátur, enda er aðeins fyrirhugað að leggja hann á í eitt sinn, — af illri nauðsyn."

Í framhaldi af þessu segir svo m. a.: „En sé skatturinn lagður á veltu ársins 1945, eru ekki aðeins sterkar líkur til þess, að hann gefi miklu minna af sér, heldur einnig hætta á því, að honum verði á einn eða annan hátt velt yfir á neytendur í landinu, og væri eðli skattsins, ef það skyldi takast, orðið algerlega breytt; hann yrði þá ekki greiddur af þeim, sem safnað hafa stríðsgróða undanfarið, heldur af öllum almenningi þvert ofan í yfirlýsta skattastefnu stjórnarinnar."

Það þarf því ekki að velta því lengi fyrir sér til að sjá þá meinbugi, sem eru á að fara þessa skattöflunarleið. Þeir, sem standa að þessu frv., eru, að undanskildum hv. þm. A.-Húnv., farnir að blygðast sín fyrir að hafa beitt sér fyrir þessari skattöflunarleið. En þá er mér spurn: Hvað er það, sem rekur menn nauðuga, að því er virðist, til að afla ríkissjóði tekna með þeim hætti, sem hér er ráðgert? Ríkisstj. vill verja þetta óvenjulega skattgjald með því, að tekjuþörf ríkissjóðs sé svo stórkostleg, að það ríki slíkt neyðarástand, að það verði að taka upp þessa óréttlátu skattaaðferð. En hefur þessum mönnum, sem leyfa sér að verja skattinn með þessu móti, aldrei dottið í hug, að það hljóti að vera eitthvað meira en lítið bogið við þá fjármálastefnu, sem neyðir menn til að fara tekjuöflunarleiðir af þessu tagi, ekki á krepputímum, heldur á þeim mesta góðæristíma, sem nokkru sinni hefur komið yfir landið? Hefur þeim, sem reka upp þessi neyðaróp, aldrei dottið í hug, að þessar upphrópanir eru þeirra eiginn vitnisburður um, að þeir séu á rangri leið, að þeir haldi uppi fjármálastefnu, sem er óframkvæmanleg til frambúðar og hlýtur að enda með skelfingu? Þeirra eiginn vitnisburður um þennan skatt er gleggsti vitnisburðurinn um það, að svo er. Það er ekki hægt að afsaka sig með því, þegar ástandið er eins og það er nú á Íslandi, að það sé nauðsyn, sem reki menn til að framkvæma slíkt, vegna þess að ef rétt er á fjármálum landsins haldið, á ekki að þurfa að grípa til slíkrar leiðar, þegar það mesta peningaflóð er í landinu, sem nokkru sinni hefur átt sér stað. Það segja margir, að það væri sök sér, að gripið væri til slíkra neyðarúrræða, ef Íslendingar væru sem þjóð í heild sinni hættulega staddir fjárhagslega eða hefðu mikinn styrjaldarkostnað og aðrar slíkar álögur á undanförnum árum. Þá væri kannske hægt að sýna fram á, að nauðsyn væri að grípa til slíkra neyðarúrræða. En það er ekki hægt að sannfæra nokkurn mann um, að minnsta vitglóra sé í þeirri fjármálastefnu, sem neyðir menn til úrræða af þessu tagi, þegar ástandið hér á landi er eins og það er nú.

Þá er annað, sem fram hefur komið í sambandi við þetta furðulega skattafrv., en það eru upphrópanir þeirra, sem að frv. standa, að þeir ætli aldrei að gera þetta aftur, mönnum sé óhætt að trúa því, að þetta verði ekki endurtekið. Lítum þá á, hvað fram undan er í þessu efni, og á möguleika þeirra, sem standa fyrir þessari fjármálastefnu, til að sjá fjárhag ríkisins borgið framvegis á þeim grundvelli, sem þeir standa á. Það er upplýst, að stórkostlegur halli verður á fjárl., þó að þessi skattur verði nú samþ. til viðbótar. Einnig er vitað, að dýrtíð í landinu fer vaxandi, það mætti nærri því segja með hverjum degi, sem líður, það er a. m. k. óhætt að segja með hverjum mánuði, sem líður. Það eru sífellt að gerast atburðir í sambandi við kaupgjald, sem sumpart koma fram, áður en langt um líður, og sumpart munu koma fram á næsta sumri, þegar ákveða á verðlag á framleiðslu landsmanna, og verða til að hækka dýrtíðina, að líkindum mjög verulega, vegna þeirrar stefnu, sem hæstv. stj. hefur tekið upp varðandi kaupgjald og allt annað, sem varðar framleiðslukostnað.

Þá er það einnig vitað mál, að í þeim fjárl., sem afgr. hafa verið og eru raunverulega með stórfelldum halla, þá eru engar fjárveitingar til neinnar verulegrar nýsköpunar í landinu eða óvenjulegra framfara. Það er vitað mál, að öllum þeim málum, sem hér hafa verið lögð fyrir þingið og stefna í framfaraátt, hefur því nær undantekningarlaust verið komið fyrir kattarnef af þeim þingmeirihluta, sem stendur að núv. hæstv. stj., með margs konar móti, sem of langt yrði upp að telja. Nú hefur hæstv. stj. viljað láta menn álíta, að hún ætlaði að beita sér fyrir stórfelldum framförum í landinu, og hefur gortað af því og látið það boð út ganga, að ef einstaklingarnir tækju sig ekki til að koma á þessum stórfelldu framkvæmdum, þá ætlaði hún að gera það. Það er því augljóst, að ef á að taka minnsta mark á því, sem kemur frá hæstv. stj. varðandi áform um framfarir og nýsköpun í landinu, þá verður ríkissjóður sjálfur að inna af hendi stórkostleg framlög, en fyrir þeim er ekkert ráð gert í fjárl. ríkisins fyrir árið 1945, þó að þar sé fyrir stórfelldur tekjuhalli, og þessir peningar, sem verið er að skrapa saman með þessu móti, eru því alls ekki ætlaðir til slíkrar nýsköpunar og framfara, heldur er þeim ætlað að hverfa í dýrtíðarhít hæstv. ríkisstj., eins og ég gat um í upphafi máls míns.

En þar með er ekki allt búið. Hér við bætist það, að hæstv. stj. hefur gefið landsmönnum það loforð, að hún skuli beita sér fyrir fullkominni alþýðutryggingalöggjöf, jafnfullkominni og þær tíðkast beztar í nálægum löndum. Það er augljóst, að ef á að efna það loforð, þá hlýzt af því verulegur kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, því að illa þekkja menn þá, sem standa að hæstv. ríkisstj., ef ekki verður ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram stórkostlegar fjárhæðir til þeirra hluta, milljónatugi vafalaust, ef á að taka nokkurt mark á þeim loforðum, sem hæstv. stj. hefur gefið í þessu efni. Þegar menn athuga þessar staðreyndir, sem hér hefur verið drepið á, þá geta menn nokkuð ímyndað sér, hvernig komið er fyrir hæstv. stj. og þeim,

sem fylgja þeirri fjármálastefnu, sem hún hefur tekið að sér að framkvæma. Og hvernig halda menn, að hæstv. stj. muni takast að afsala sér nýjum tekjustofnum næsta haust, þegar hallinn frá þessu ári verður kominn fram, þegar dýrtíðin hefur vaxið stórlega frá því, sem nú er, þegar að því kemur, að hæstv. stj. ætlar að efna, þótt ekki væri nema eitthvert brot af því, sem hún hefur lofað í sambandi við nýsköpunina, og þegar hæstv. stj. ætlar að setja ný l. um alþýðutryggingar? Það er því augljóst mál, að hæstv. stj. stendur með þessi mál í fullkominni sjálfheldu og því fer svo alls fjarri, að þessi rangláti og óheppilegi veltuskattur verði að nokkru liði til að leiðrétta þau vandræði, sem og nú eru orðin um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, en hverfur vafalaust í þá hít, sem ríkissjóður er orðinn með þessari stefnu í dýrtíðarmálunum, og því verður ástandið næsta haust hálfu erfiðara og verra en nokkru sinni fyrr. Það er því alveg augljóst öllum, sem hugsa um þessi málefni af nokkurri alvöru, að fjármálastefna hæstv. ríkisstj. er að leiða til sífellt stórkostlegri halla fyrir ríkið, sem verður að vega upp með síauknum sköttum og tollum, svo að grípa verður til áður óþekktra úrræða, sem þetta frv. gefur okkur nokkurt sýnishorn af. Jafnframt því hlýtur þessi fjármálastefna að leiða til þess, að framleiðslukostnaður í landinu fer sífellt hækkandi og ósamræmið verður meira og meira milli framleiðslukostnaðar og verðlags á framleiðsluvörum landsmanna. Niðurstaðan verður því sú, að menn kippa að sér hendinni um það að leggja í nýjar framkvæmdir, leggja í þá nýsköpun, sem nauðsynleg er og mikið hefur verið talað um.

Þá er það einnig alveg augljóst, að þessi fjármálastefna hlýtur að leiða til þess, að ríkissjóður verður gersamlega vanmegnugur að leggja nokkuð verulega af mörkum til verklegra framkvæmda, og nú þegar er farið að bóla á því, svo að ekki verður um villzt. Nú í þessu mikla peningaæri hafa verið þeir erfiðleikar um afgr. fjárl., að það er fyrirhugað að éta upp sjóði eins og hafnarbótasjóð og framkvæmdasjóð ríkisins að mestu leyti í venjulegar framkvæmdir ríkisins, sem að réttu lagi hefði átt að greiða af tekjum hvers árs. Það er því augljóst, að þessi stefna hlýtur að leiða til sívaxandi halla á fjárl. ríkisins og síaukinna skatta og tolla af margs konar tegundum, sem hlýtur að leiða til stöðvunar á verklegum framkvæmdum. Jafnframt hefur þetta það í för með sér, að menn leggja ekki í þá stórkostlegu nýsköpun, sem menn þyrftu að leggja út í, af því að menn sjá sífellt meiri og meiri erfiðleika á rekstri atvinnutækjanna, svo að þau svari sæmilegum arði. Það er því alveg augljóst mál, að fjármálastefna hæstv. ríkisstj. vinnur beinlínis og markvisst að því, að í stað þeirrar nýsköpunar, sem þarf að eiga sér stað, er leitt fyrst til kyrrstöðu á þeim tímum, sem miklar framfarir þyrftu að eiga sér stað, og síðan leiðir hún af sér atvinnuleysi í landinu, enda er það líka svo, að hæstv. stj. er sjálf byrjuð að viðurkenna þetta. Í síðustu eldhúsumræðum var hæstv. stj. bent á þessi atriði, sem ég hef nú bent á, með hógværum orðum, en þá fylltist hún ofurmóði og mótmælti, að þessi stefna væri nokkuð varasöm eða nokkrir erfiðleikar á að framkvæma hana. En nú eru menn byrjaðir að reka sig á staðreyndirnar og byrjaðar að koma fram viðurkenningar af hendi hæstv. stj., að þeir, sem bentu á þessar staðreyndir, hafi haft rétt fyrir sér, þannig að sú fjármálastefna, sem nú væri fylgt, væri óframkvæmanleg og hlyti að leiða til stöðvunar, áður en langt um liði, og þyrfti að breyta til.

En þá vil ég benda á það í þessu sambandi, að það er ekki nóg að viðurkenna þetta í orði, þó að það sé nokkurt spor í áttina frá því, sem var, meðan þeir voru taldir óalandi og óferjandi, sem bentu á þetta. Menn verða að hafa samtök um að breyta um stefnu í þessu efni. Það hefur engin stj. leyfi til að vera við völd vitandi það, að sú meginstefna, sem hún fylgir í fjármálum, sé röng, en gerir samt enga tilraun til að breyta um. Hæstv. stj. virðist ætla að hafa þá aðferð að láta reka á reiðanum, þrátt fyrir það að a. m. k. sumir í hæstv. stj. hafa séð þetta allt þetta ár fram á haust. Slík vinnubrögð eru ekki leyfileg. Það eina, sem viðeigandi var í samræmi við þá ábyrgð, sem menn taka á sig við myndun ríkisstj., var, að hæstv. stj. hefði lagt fram till. sínar um stefnubreytingu í fjármálum og dýrtíðarmálum í vor, og hefði þá orðið úr því skorið, hvort samkomulag hefði getað orðið um að breyta um stefnu þá þegar. Þetta voru þau einu viðeigandi vinnubrögð, en gersamlega óviðunandi að láta þessi mál standa eins og þau eru nú, því að það verður margfalt erfiðara að leysa þau næsta haust, og þetta frv. um veltuskatt sýnir bezt, hve ástandið og horfurnar eru alvarlegar, og ég held, að það sé gott, að menn geri sér það sérstaklega ljóst, áður en gengið er endanlega til atkv. um þetta frv., að það er ekki hægt til lengdar að halda áfram á þessari braut, og það er sú eina eðlilega ályktun út frá því, að hér þurfi að breyta um stefnu sem allra fyrst og að undir engum kringumstæðum sé hægt að verja, að það sé látið bíða svo að segja allt þetta ár með þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa fyrir fjárhag ríkisins og möguleikana til að ráða fram úr þeim málum.

Því hefur verið haldið fram, að andstaða Framsfl. gegn veltuskattinum væri óeðlileg að því leyti til, að flokkurinn hefði samþ., sumir segja öll, en aðrir segja mest af þeim útgjöldum, sem fyrirhugað er að greiða úr ríkissjóði, og þess vegna beri flokknum, ef hann sé ekki ánægður með veltuskattinn, að leggja fram eða greina frá, hvaða tekjuöflunarleiðir hann vilji fara í staðinn. Þessi gagnrýni á engan rétt á sér af þeirri einföldu ástæðu, að Framsfl. hefur að undanförnu haldið því fram og sýnt fram á, að það sé ekki hægt að ráða við fjárhagsmál ríkisins að óbreyttri dýrtíðinni í landinu og undirstaða þess, að hægt sé að ráða við þau mál, sé að grípa á aðalkýlinu, sem sé dýrtíðinni sjálfri, og byrjað með því að færa hana niður hlutfallslega, þannig að bæði þeir, sem framleiða vörur til sölu í landinu, og eins þeir, sem selja vinnu í landinu, leggi nokkuð af mörkum hlutfallslega til að byrja nú þegar á lækkun dýrtíðarinnar, til þess að fjárl. verði viðráðanleg miðað við þá fjárhagsmöguleika, sem nú eru í landinu, en slíkt mundi koma af sjálfu sér, ef samtök fengjust um að fara þessa leið. Þetta bentum við á, þegar rætt var um stjórnarmyndunina við hina flokkana í haust. Þá vildum við ekki taka þátt í stj., vegna þess að ekki varð sem lágmark samkomulag um að stöðva dýrtíðina og ekki fékkst rætt til hlítar um, hvernig ætti að sjá

fjárhagsmálum landsins borgið, bæði fjármálum ríkisins og öðrum þáttum þess.

Loks er hægt að benda á það í þessu sambandi, að því fer fjarri, að Framsfl. hafi léð samþykki sitt til allra gjalda, sem nú eru í fjárl. Flokkurinn er t. d. ósamþykkur afgr. þeirra launal., sem nú eru sett. Framsfl. hefði einnig, ef hann hefði ráðið, afgr. fjárlög á marga lund öðruvísi en sá stjórnarmeirihluti, sem nú hefur tekið ábyrgð á þeim. Það er því út í bláinn að reyna að draga úr gagnrýni Framsfl. í sambandi við þetta mál og fjármálastefnuna yfirleitt með því að benda á, að hann hafi ekki „móralskan" rétt til að beita sér á móti máli eins og þessu, af því að hann hefði verið með þeim gjöldum, sem tekjunum er ætlað að standa undir.

Ég get sparað mér að fara út í þann þátt málsins, sem lýtur að afstöðu þeirra flokka, sem standa að ríkisstj., þar sem það var gert af hv. þm. V.-Húnv., en það er ákaflega skemmtilegur vottur um það, hversu mikið er að marka fleipur þeirra manna, sem á undanförnum árum hafa staðið sem málsvarar fyrir sósíalista, að bera saman það, sem þeir hafa sagt um dýrtíðina og hvernig ætti að standa á móti vexti hennar, og svo hins vegar þær till., sem þeir flytja nú í dýrtíðarmálunum. Þeir hafa haldið fram, og ég býst við, að þar hafi einhverjir trúað þeim, að menn gætu hækkað kaup ótakmarkað og haldið uppi verðlagi á afurðum, það væri engin hætta á ferðum í sambandi við dýrtíðarmálin þrátt fyrir það, því að það væri hægt að vega það upp með því að lækka tolla. Heill flokkur hefur haft þessa afstöðu í dýrtíðarmálunum. Ég býst við, að ýmsir menn hafi tekið þennan flokk alvarlega. En hvað segja þessir sömu menn, þegar þeir eru komnir í stj.? Þá er svo fjarri því, að þeir fari þessa leið að afnema tolla, sem aldrei voru stór liður í dýrtíðinni, það er svo fjarri því, að þeir fari þessa leið, að þeir bæta nýjum tollum við þá, sem fyrir eru, að því er virðist til að lækka dýrtíðina. Nú er um það rætt að lækka dýrtíðina og bæta við nýjum tollum. Áður var um það rætt að hækka afurðir og kaup, án þess að nokkur hækkun á dýrtíðinni ætti af því að leiða, af því að það væri hægt að afnema tolla. Það er varla hægt að hugsa sér, að hægt sé að gera sig ómerkari en forkólfar sósíalista hafa gert sig með þessu. Ég tala ekki um önnur baráttumál, sem þeir og alþýðuflokksmenn hafa verið með á undanförnum árum, t. d. að afnema varasjóðshlunnindi og ákvæðið um, að ekki mætti leggja skatt á tekjur yfir 200 þús. kr. Það voru miklar árásir á framsóknarmenn fyrir, að ekki mætti leggja á tekjur yfir 200 þús. kr., af því að 90% af þeim fóru til bæjar- og sveitarfélaga. En það hefur ekki bólað á neinu slíku, eftir að núv. hæstv. stj. kom til valda. Þá hafa þessir flokkar lengi haldið fram — og það með réttu —, að þörf væri á að gera ráðstafanir til að herða stórkostlega eftirlit með framtölum í landinu. Um Sjálfstfl. hef ég áður rætt í þessu sambandi og því ekki ástæða til að ræða mikið afstöðu hans í þetta skipti. Hann hafði, eins og kunnugt er, gagnrýnt allra flokka mest þær skattaálögur, sem fyrir voru, og gert það að aðalstarfi flokksins árum saman. Sérstaklega var það núverandi fjmrh., sem gekk fram fyrir skjöldu í þeim efnum, í gagnrýni varðandi þá skatta, sem fyrir voru. Eftir að þessi flokkur hefur haft fjmrh. úr sínum hópi í 5 ár, liggur það fyrir honum að bæta allverulega á þá skatta, sem fyrir voru. Og þetta er ekki gert á neinum erfiðleika- og krepputímum, heldur á tímum, sem a. m. k. ættu að vera tímar hinnar mestu velgengni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Ég vildi aðeins nota tækifærið til þess að víkja með nokkrum orðum að málinu sjálfu og geta þess, að mér finnst þetta mál glöggt tákn þess, hvernig komið er í þessum málum.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Ég hef nú hlustað á ræður þeirra þm., sem hér voru að tala, og mér finnst ræður þeirra lofa mjög góðu fyrir framtíðina, þegar þeir komast aftur til valda í þessu landi. (**SigfS:** Það verður aldrei.) Það væri afar mikil bót, ef þeir meina það, sem þeir segja, og ætla að hverfa nú frá villu síns vegar. Mikið hneykslar þá a. m. k. það tolla- og skattafargan, sem nú er að þeirra sögn að sliga þjóðina. En ég minnist þess, að fyrsta verk Framsfl. 1927, þegar hann komst til valda, var að hækka alla tolla í landinu. Ég ætla, að það hafi verið á þingi 1928. Og þá voru veltiár. Og með tilliti til þess, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um ástandið í landinu nú, vil ég segja það, að óhætt er um það, að ástand og horfur eru engan veginn sambærilegar nú við það, sem þá var. Framsfl. var þá við stjórn, og þrátt fyrir þessi veltiár var barizt svo fyrir hækkun tolla, sem hið marghrjáða íhald hafði unnið að að lækka, að ekki einungis var farið upp í það, sem þeir höfðu hæstir verið áður, heldur var farið upp fyrir það. Nú, og svo liðu tímar, og menn minnast þess, að ekki var látið sitja við tollana eina, heldur var tekið allföstum tökum á beinu sköttunum og þeir hækkaðir ár frá ári, svo lengi sem Framsfl. entist aldur til. Það er ekki undarlegt, þótt þessir menn finni, hver skaðræðisstefna hefur nú verið upp tekin af ríkisstj. og þeim flokkum, sem styðja hana. Ég hef hlustað á þessi ræðuhöld framsóknarmanna, en mér hafa sýnzt heldur þunnskipaðir bekkir hér í d. Það er eins og öðrum hafi þótt minna til um þessi fyrirheit heldur en ég hef lýst af minni hálfu, og má vera, að þeir hafi meira fyrir sér. Það er sennilega ekki mjög mikið upp úr þessum fyrirheitum að leggja, efndirnar kynnu að verða aðrar en ég hef viljað vera láta.

Nú hafa þessir hv. þm. keppzt um að telja frv., sem hér liggur fyrir, tollafrv. og segja, að verið sé að skattleggja lífsnauðsynjar og þar fram eftir götunum. Þeir eru óneitanlega í vanda staddir að finna frv. nokkuð til foráttu, þegar þeir grípa til þess að segja, að þetta sé skattur á lífsnauðsynjar fólksins. Það stendur einmitt í 7. gr. frv., að til veltuskatts þessa megi á engan hátt taka tillit við verðákvörðun. Ganga þessir hv. þm. út frá því, að þetta ákvæði verði virt að vettugi og skatturinn komi fram í verðlagi vörunnar? Í sambandi við það vil ég minna hv. þm. á, að við 2. umr. málsins kom fram till. um að leggja skattinn á veltu ársins 1944, sem er liðið. Með því móti hefði verið fyrir það girt, að skatturinn kæmi fram í vöruverðinu. En allir þessir hv. þm. greiddu samt atkv. á móti þessari till. Það lítur því þannig út sem þeir hafi viljað láta skattinn koma niður á vöruverðinu. Nei, þessi skattur er ekki tollur. Það er misskilningur. Eins og ég greindi frá hér í

framsöguræðu minni, ef svo mætti nefna þau fáu orð, sem ég flutti hér við 2. umr. málsins, þá er hér ekki um neinn tekjuskatt eða toll að ræða. Þetta er hreinn eignarskattur, sem fullkomlega er látinn í ljós. Og hann er lagður á þá stétt manna, sem talið er, að haft hafi einna bezta aðstöðu til að græða fé á ófriðarárunum. Það er mikils um vert, eins og vitað er, að þegar skattur er lagður á heilar stéttir, komi hann sem jafnast niður. En ég veit ekki, hvernig á að ná því marki, að slíkt hljóti ekki að koma fyrir, að saklaus líði fyrir sekan. Og það er augljóst, að það, sem framsóknarmenn bera fyrir brjósti, er, að skatturinn hlýtur að lenda á samvinnuverzlunarfél. En þegar það er athugað, að þeir, sem hafa rekið samvinnuverzlanir í landinu, hafa nákvæmlega sömu aðstöðu og aðrir, sem við viðskipti fást, til að græða fé, þá er ekkert réttlæti í því, að þeir menn sleppi undan skattinum. Þetta sýnir aðeins, að viðleitni er höfð til þess að láta skattinn ganga jafnt yfir alla, sem aðstöðu hafa haft til gróðamöguleika á þessu sviði.

Ég skal svo ekki þreyta menn á því að fara fleiri orðum um þetta efni. En viðkomandi brtt., sem komið hafa fram, vil ég lýsa yfir því, að þar sem þær till. eru mjög svipaðs efnis og till., sem fram komu innan fjhn., en meiri hl. n. lagði á móti, liggur í hlutarins eðli, að meiri hl. n. leggi á móti þeim till.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég mun ekki eyða tíma í orðakast við hina konunglegu stjórnarandstöðu. En ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að mér þótti hv. 2. þm. S.-M. segjast mjög vel í upphafi máls síns. Hann hóf ræðu sína með því að geta þess, að til þess að greiða fyrir þingstörfum hefði hann ekki talað í málinu til þessa. Bara þessi hv. konunglega stjórnarandstaða vildi gera sér það ljóst, að hún gerði bæði þingi og þjóð mikið gagn með því einfalda ráði að þegja. **(EystJ:** Ég veit það væri gott fyrir Sósfl.) Það væri greiði við þjóðina.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að við sósíalistar hefðum strikað yfir stóru orðin o. s. frv., þá vil ég minna hv. þm. á, að einmitt á þeim tímum, þegar hann telur, að sósíalistar hafi viðhaft stór orð, þá þótti honum og hans mönnum sósíalistar á engan hátt viðmælanlegir. Nú telur hann, að við höfum breytt um stefnu, og þá skilst mér það hafa brugðið til þess, sem honum þykir hálfu verra. Ég sé ekki, að ástæða sé til að ræða þetta frekar við hv. þm. En ég vil benda framsóknarmönnum á það, að við sósíalistar höfum ætíð haft það að engu, sem þeir hafa sagt, og gefizt það vel. Svo að það er þýðingarlaust fyrir þá að reyna að hafa áhrif á stefnu okkar, hversu lengi sem þeir þreyta málþóf í þessari hv. d.

Önnur ástæðan til þess, að mér þótti rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál nú, er sú, að við 2. umr. málsins var ég meðflm. að nokkrum brtt., sem fram voru lagðar á þskj. 1191. Ég gat ekki tekið þátt í umr. um málið þá, vegna þess að ég var þá að sinna öðrum störfum. Meginatriði þessara brtt. var að miða skattinn við veltu 1944, en ekki 1945. Þessi till. var felld. Mér finnst ástæða til þess nú, áður en endanlega eru greidd atkv. um málið, að gera endanlega grein fyrir afstöðu minni til málsins að brtt. felldum.

Hvers vegna voru þessar brtt. fram bornar? Hvers vegna óskuðum við heldur, að skatturinn væri miðaður við árið 1944 í stað 1945. Því er auðsvarað. Það hefði gert málið auðveldara í framkvæmd, gert innheimtuna öruggari og tryggt með öllu, að ekki væri hægt að láta skattinn auka dýrtíðina á þessu ári. Það er augljóst, að með því að miða við árið 1945 skapast ekki lítið erfiði og umstang skattinnheimtumönnum og þeim einstaklingum, sem eiga að inna skattinn af hendi. Það er augljóst, að innheimtan verður einnig mun óöruggari og torveldari. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að segja, að ýmsar leiðir eru notaðar til að hagræða framtölum, og ekki er ósennilegt, að unnið verði dyggilegar að því á þessu ári en því, sem var að líða. Það er líka kunnugt, að með því að miða við árið 1945 kunna að skapast möguleikar, þrátt fyrir ákvæði l., til þess á einn eða annan hátt að láta skattinn verka til verðhækkunar á ýmsa vöru í landinu. Það er að vísu gegn l., en við skulum gera okkur ljóst, að það verður reynt. Það rétta í þessu máli er að miða við árið 1944. Þeir menn, sem skattinn eiga að greiða, hafa fengið það ríflega í sinn hlut, að þeir geta skilað nokkru til baka, og stefna að því að lækka dýrtíðina sem því nemur. Nú skyldi maður ætla, eftir að hafa hlustað á framsögumenn stjórnarandstöðunnar, að þetta væri þeirra stefna. Þetta voru þeir að boða í ræðum sínum áðan. En hvað gerðu þeir við atkvæði sín? Allir sem einn greiddu þeir atkvæði með því, að skatturinn væri lagður á veltu ársins 1945, til þess að auka á þá galla, sem þeir telja vera á skattinum.

Nú vil ég lýsa yfir því, að þrátt fyrir það að ég álít stjórnarandstöðuna hafa stórlega unnið að því að halda þessum skatti í óeðlilegu horfi með því að hjálpa til við að viðhalda þessu atriði í frv., mun ég eigi að síður og minn flokkur greiða atkvæði með frv. Þó virðist mér illt fyrir stuðningsflokka stj. að þurfa að sæta því, að Framsfl. skuli eiginlega ráða því, í hvaða formi frv. fer frá hv. Alþ. Sósfl. og Alþfl. stóðu eindregið með því að miða við veltu ársins 1944, en Framsfl. og vænn hluti Sjálfstfl. hafa viljað miða við árið 1945. Á ábyrgð þessara flokka fer nú frv. með þessum ummerkjum út úr d.

Ég get lýst yfir, að ég mun ekki taka frekari þátt í umr. um málið. Minn flokkur mun greiða atkv. með frv. eins og það er, þótt við teljum það stórum verra en það hefði verið, ef brtt. okkar og Alþfl. um að miða við veltu ársins 1944, hefði verið samþ.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég get vísað til þess, sem ég sagði um brtt., er ég flutti ásamt öðrum við 2. umr. þessa máls. Hún gekk í sömu átt og sú, sem ég flyt nú með hv. 7. þm. Reykv. Hún er um það, að landbúnaðarvörur verði undanskildar veltuskatti. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir því, að landbúnaðarvörur ættu að vera undanþegnar þessum skatti, og ætti að nægja að vísa til þess, sem ég sagði þá. En ég tel þó rétt að rifja með fáum orðum upp það, sem ég sagði þá.

Það er kunnugt, að bændur eða fulltrúar þeirra hafa gert samkomulag við ríkið um verðlag á þessum vörum. Það er ákveðið, hvað bændur eiga að fá fyrir kg af kjötinu og lítrann af mjólkinni. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir því, að landbúnaðarvörurnar séu aðeins undanþegnar skattinum, ef

þær eru seldar í heildsölu. En landbúnaðarvörur verður líka að selja í smásölu. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að skattur greiðist af því verði. Það hefur verið minnzt á það, hvaða álagning er leyfð á kjötið í smásölu. Hún var 15% fyrir 2 árum, en var lækkuð niður í 13% til þess að reyna að vinna gegn dýrtíðinni. En það voru kjötkaupmenn, sem lækkuðu álagninguna, en aðrir ekki. Ef kaupmenn eiga að borga veltuskatt af þessum 13%, þá verður ekki hægt að komast hjá því að hækka álagninguna hjá kjötverzlununum eins og hann nemur. Og þá er komið að því, að það, sem ríkissjóður fær í veltuskatt fyrir sölu kjöts í smásölu, verður ríkissjóður að greiða aftur til baka, meðan það fyrirkomulag ríkir, að greitt er niður verðlag á innlendum markaði og bændur hafa samningsbundið verð við ríkið. Sama máli gegnir um mjólkina, nema hvað álagningin á henni er minni. Þegar Mjólkursamsalan kemur mjólk til sölu í smásölu, þá er það nokkurs konar umboðssala, ákveðnar prósentur eru borgaðar fyrir. Eins og nú er, er það 6 aurar á hvern lítra, en það mun vera um 4%. Ef borga á veltuskatt af þeirri álagningu, verður sýnilega að hækka hana a. m. k. upp í 5%. Nú greiðir ríkissjóður með mjólkinni, og bændur eiga að fá ákveðið verð fyrir mjólkina, þá leiðir af sjálfu sér, að það, sem ríkissjóður kynni að fá innheimt frá þeim, sem selja mjólk í smásölu, verður hann að greiða aftur samkv. gildandi l. Þótt þessi till. á þskj. 1225 verði samþ., þá verður það ekki til þess að draga svo að nokkru nemi úr þeim tekjum, sem ríkissjóður kann að fá af veltuskattinum. Hæstv. landbrh. virðist líta svipuðum augum á þetta mál. Hann lýsti yfir því við 2. umr., að hann fyrir sitt leyti vildi mæla með till., sem við 4 þm. fluttum og gekk í sömu átt og sú, er hér liggur fyrir. Og ég verð að segja það, að mér þykir það anzi hart, ef stuðningsmenn ríkisstj. taka ekki meira til greina það, sem landbrh. segir í þessu efni, að þeir geti ekki stutt það, sem hann eindregið leggur til í málinu. Ég geri ráð fyrir því, að þeir stuðningsmenn ríkisstj., sem yfirleitt taka mikið tillit til þess, sem þessi ráðh. segir, hafi margir ekki verið viðstaddir, þegar þessi yfirlýsing var gefin af hæstv. ráðh. Og ég geri ráð fyrir því, að einmitt vegna þess, hve fáir þm. heyrðu þessa yfirlýsingu, að það sé ástæðan fyrir því, að brtt. okkar fjórmenninganna var felld við 2. umr.

Ég ætla, að hv. stuðningsmenn ráðh. og ríkisstj. viti nú vilja ráðh. í þessu efni, og vona, að till., sem hér um ræðir, verði samþ., þegar menn eru búnir að gera sér grein fyrir því, hvernig í málinu liggur.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Út af tveim brtt., sem fyrir liggja, vildi ég segja nokkur orð. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að ég mælti með brtt. um þetta efni við 2. umr. málsins. Nú hefur hann ásamt 7. þm. Reykv. flutt aðra brtt., sem að efni til er ákaflega lík og sú till., sem þá lá fyrir. Það er náttúrlega á valdi hæstv. forseta að skera úr því, hvort brtt. getur komið til atkvgr. Það getur orkað tvímælis. En ég lýsi yfir því, enda orðið var við, að það var ástæðan til þess, að ýmsir greiddu a.kv. móti brtt. við 2. umr., að ef þessi brtt. nær ekki fram að ganga, tel ég mér heimilt að beita undanþáguákvæði 10. gr. frv., svo framarlega sem það kemur í ljós, að skatturinn hefur áhrif á verðið, sem ákveðið er að greiða til bænda. Ég tel það ekki vera í ósamræmi við þingvilja, þótt ég geri það.

Um brtt. á þskj. 1221, sem flutt er af hv. þm. V.-Húnv., er aftur það að segja, að ef hún verður samþ., hefur það veruleg áhrif á þá fjárhæð, sem skatturinn á að gefa. Og ég get ekki lagt til, að hún verði samþ.

Um athugasemdir, sem komið hafa fram varðandi þetta frv. við þessa umr., þarf ég ekki að vera langorður, enda hefur frsm. meiri hl. n. svarað ýmsum athugasemdum. Nokkur atriði eru þó þess eðlis, að ekki er hægt að komast hjá að drepa á þau. Hv. 2. þm. S.-M. talaði hér alllangt mál um frv. og sagði, að það væri árangur af fjármálastefnu núv. ríkisstj. Ég verð að segja það, að mér fannst þessi kafli ræðunnar furðulegur. Það mætti freistast til að halda það, að hann hefði í þrjú undanfarin ár verið eins og Robinson Crusoe í gamla daga, dvalizt á eyðiey og ekki haft samband við umheiminn og ekki fylgzt neitt með því, hvað gerzt hefur hér á Alþ. eða á fjármálasviðinu. Ég held nú samt, að hv. þm. hljóti að vera það ljóst, að þessi skattal. eru ekki árangur af stefnu núv. stj. Eða treystir hv. þm. sér til að halda því fram, að það sé núv. stj., sem hafi komið því til leiðar, að farið hefur verið út á þessa stórkostlegu uppbótaleið, sem við erum nú að súpa seyðið af? Treystir hv. þm. sér til að halda því fram?

Hv. þm. veit það vel, að ástæðan fyrir því, að nú er verið að leggja þungar skattaálögur á þjóðina, er sú, að þ. hefur skuldbundið sig til þess að greiða ekki minna en 20 millj. kr. og allt upp í 30 millj. kr. fyrir verðuppbætur á landbúnaðarafurðir á þessu ári. Þýðir ekki að deila um, hvort þessar greiðslur eru vegna neytenda eða framleiðenda. Hitt er staðreynd, að svo framarlega sem Alþ. vill ekki verða svikari, verða uppbæturnar að greiðast. Hv. 2. þm. S.-M. verður því að játa, að þessar skattaálögur eru brýn nauðsyn, ef þ. á ekki að svíkja loforð, sem gefin hafa verið um uppbótagreiðslur landbúnaðarafurða. Hv. þm. veit einnig, að það er algerlega rangt að ásaka núv. ríkisstj. um, hvernig komið er í þessum málum, þar eð ekki er hægt að ásaka hana fyrir frumástæðurnar, sem sé það kapphlaup, sem átt hefur sér stað í atvinnumálum þjóðarinnar. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, var málum komið eins og hv. þm. veit, og stj. varð því að horfast í augu við staðreyndirnar. Hún varð annaðhvort að standa við gerðar samþ. og leggja á skatta eða að svíkja gefnar skuldbindingar. Og hræddur er ég um, að ekki hefði kveðið lægra í hv. þm., ef stj. hefði lagt hitt til að hlaupa frá öllu saman og að svíkjast skyldi undan skuldbindingum þeim, sem Alþ. hefur undirgengizt gagnvart bændastétt landsins. Í þessu sambandi er rétt að minnast á þær véfengingar, sem hv. þm. hefur borið hér fram um það, að staðið yrði við gefin loforð um það, að þessi skattur verði ekki framlengdur. En af hverju staf ar það, að hv. þm. telur ómögulegt, að þetta loforð verði haldið? Það er af því, að hann telur það óhugsanlegt, að hætt verði við þetta uppbótafyrirkomulag. Maður getur hugsað sér, hvernig framhaldið yrði, ef þessi hv. þm. ætti að hafa fjármálin á hendi eftirleiðis. — En ég get endurtekið það, sem ég hef sagt hér áður, að ég tel með öllu óhugsandi að halda áfram á sömu braut og farin

hefur verið að undanförnu. Hins vegar er ég ekki við því búinn að svara því, hvernig verði fundin fær leið til þess að hverfa frá þeirri tilhögun, sem hér hefur ríkt að undanförnu, en ég veit, að hana verður að finna, ef allt á ekki að lenda í ófæru hér á landi.

Þá hefur verið lögð á það mikil áherzla, hversu ranglátur þessi skattur væri, og er verið að skipa honum sér í flokk hvað það snertir. Í nál. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 1197 kemst hann svo að orði:

„Hingað til hefur verið miðað við eignir og tekjur, en hér er vikið frá þeirri reglu.“

Það er eins og þetta sé fyrsta dæmið í íslenzkri skattalöggjöf fyrir því, að skattur komi ekki jafnt niður á öllum. Ég vil minna hv. þm. á stærsta tekjustofn ríkissjóðs og þann skattinn, sem ef til vill hefur sætt minnstu gagnrýninni, en það er verðtollurinn. En hversu réttlátlega kemur hann niður! Það hefur verið athugað, að t. d. á vefnaðarvöru, sem að jafnaði er talin nauðsynjavara, hvílir yfirleitt 30—70% verðtollur, og er verðtollurinn í ýmsum vöruflokkum, sem eru þýðingarmiklir fyrir afkomu manna, um 50—60%. Álítur hv. þm., að þessi tollur komi nákvæmlega eins niður á einhleypum manni eða hjónum, sem ekkert barn eiga, eða hjónum með 5—10 börn? Vill hv. þm. ekki svara þessu og sýna fram á, að hverju leyti þessi skattur, sem hér um ræðir, er frábrugðinn t. d. verðtollinum? Þannig mætti telja upp flesta tekjustofna ríkissjóðs, að undanteknum þeim tolli, sem lagður er á hreina munaðarvöru, því að jafnvel tekjuskatturinn kemur misjafnt niður á skattþegnunum. Það er ekki jafnauðvelt fyrir alla að borga tekjuskattinn, þótt hann sé hlutfallslega lagður á eftir tekjum, en ég mun ekki færa frekari rök fyrir því, því að þetta þekkja allir. — Mér er það fullljóst, að þetta verður eins með þennan skatt — veltuskattinn — og svo marga aðra, að menn finna misjafnlega til hans. Sumum veitist létt að greiða hann, en aðrir verða að taka það mjög nærri sér.

Skilyrði fyrir miklum gróða er mikil umsetning, þótt vitanlega sé hægt að finna undantekningar, og ég verð að segja það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar Framsfl. gagnrýnir jafnóvægilega og hann hefur gert ákvæði, sem miða að því að hækka skattaálagningu á þeirri stétt, sem hér um ræðir, — skattaálagningu, sem kemur mest niður á heildsölunni. Ég veit ekki betur en blað Framsfl. hafi látlaust gert háværar kröfur um, að hækkaðir skattar væru lagðir á þessa atvinnugrein. Þannig má í gær sjá í blaði Framsfl., Tímanum, komizt svo að orði, að heildsalastéttin sé mesta stórgróðastétt landsins. Skal ég ekki leggja neinn dóm á, hvort þetta séu sönn orð eða ekki. Þau þurfa vitanlega ekki að vera sannleikanum samkvæm, þótt þau standi í þessu blaði. En hitt efast enginn um, að þessi atvinnugrein hefur haft mjög góða afkomu síðustu árin, og ef framsóknarmönnum er á annað borð nokkur alvara um það að vilja leggja hækkaða skatta á þennan atvinnurekstur, hvernig ætla þeir þá að gera það á annan hátt en þann, sem hér er farið fram á? Ef þeir svara þessu ekki skýrt og skorinort, verða gagnrýni þeirra og kröfur þeirra um hækkaða skatta skoðaðar sem munnfleipur og marklaus áróður. Þeir geta kannske klórað sig út úr þessu með því að segja, að þetta mætti leggja á sem eignarskatt, en ef þeir ætla að gera það, er ég hræddur um, að þeir verði að taka nokkuð margt aftur, sem flokksbræður þeirra hafa sagt í þessum efnum.

Þá hefur því verið haldið mjög á loft, að hér sé um alveg nýja aðferð í skattaálagningu að ræða. Það hefur verið talið leyfilegt að taka sums staðar allmikinn hluta af útsvörum sem veltuskatt, og ég veit ekki til þess, að hv. þm. hafi hingað til haft neitt sérstakt við það að athuga. Mér er kunnugt um það, að í stjórnartíð hv. 2. þm. S.-M. komst þessi skattur í einum kaupstað landsins upp í 6% og það jafnvel á nauðsynjavöru, en hér er þó ekki talað um hærri skatt en sem nemi 1% — fyrir utan það, að hann á ekki að lenda á vörunni. — Þá er og þess að gæta, að á þessu þ. hefur þessi hv. þm. beitt sér fyrir því, að veltuskattur yrði lagður á landbúnaðarvörur. Álítur hann, að sá skattur, sem lagður yrði á landbúnaðarafurðir, þótt hann væri lægri en þessi, að hann kæmi jafnlétt niður á alla bændur landsins, eða álítur hann, að allir bændur landsins finni jafnmikið fyrir að greiða þennan skatt? Ef hann treystir sér til þess að játa þessu, þá er hugsanagangur hans í þessum efnum næsta undarlegur. Ef svo væri, sé ég ekki annað en að þessa röksemdafærslu mætti eins færa yfir á veltuskattinn að því leyti, að maður með mikla umsetningu borgar mikinn skatt, en maður með litla umsetningu borgar lítinn skatt.

Þá er eitt einkennilegt ósamræmi, sem komið hefur fram hjá sumum hv. þm., sem um þetta mál hafa hér rætt — og raunar eins við umr. í hv. Ed. — Þeir segja í öðru orðinu, að þetta verði eignarskattur, — að þetta verði skattur, sem menn geti ekki borgað nema með því að skerða eignir sínar. Þetta er að því leyti rétt, að slíkt getur komið fyrir, að það verði að taka veltuskattinn af eignum, en það er hins vegar ekkert séreinkenni við þennan skatt, eins og lýst hefur verið yfir, því að það getur komið fyrir með alla skatta, að þá verði að taka af eignum. Út af fyrir sig er ég ekki að mæla þessu bót, en það má ekki blása það meira út í sambandi við þennan skatt en svo marga aðra. — En þótt sagt sé í öðru orðinu, að skatturinn verði eignarskattur, þá er hitt veifið sagt, að skatturinn lendi óhjákvæmilega á vörunni — verði neyzluskattur. Hvernig er hægt að samræma þetta? Ekki getur skatturinn samtímis verið eignarskattur hjá kaupmanninum, en samt sem áður verið neytendaskattur. Sannleikurinn er sá, að þetta er skattur, sem miðaður er við umsetningu, til þess að finna einhvern frambærilegan grundvöll fyrir skattaálagningu, en hann er alger persónuskattur á þær stéttir, sem talið er, að hafi haft mestan gróða undanfarin ár, og getur ekki komið vöruverði neytenda við. Það á að mega treysta því, meðan verðlagseftirliti er haldið uppi hér á landi, að skatturinn geti ekki komið á vöruna. Er þá að þessu leyti einnig svarað þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram frá hv. 8. þm. Reykv.

Hv. þm. V.-Húnv. lagði á það mikla áherzlu, er málið var til 2. umr., að þessi skattur kæmi sérstaklega niður á samvinnufélögunum. Á það hefur verið bent áður við umr. um þetta mál hér, að þessi skattur kæmi á engan hátt þyngra niður á samvinnufélögunum en öðrum þeim, sem eiga að greiða þennan skatt. Það er rétt, að svo miklu leyti sem félagar í samvinnufélögum eru atvinnurekendur, — að svo miklu leyti sem þeir reka verzlun,

— að hagnaður þeirra af verzluninni verður minni eins og annarra þeirra, sem reka verzlun. En þetta á ekki að vera erfiðara fyrir samvinnufélögin en aðrar verzlanir. Hitt er annað mál, að samvinnufélögin hafa haft sérstöðu, og er ég hræddur um, að það sé það, sem hv. þm. og flokksbræður hans séu óánægðir með. Samvinnufélögin hafa fengið sérstöðu, og þeir eru orðnir vanir því fyrirkomulagi og kunna betur við það, en það getur vel verið, að þeir verði að venja sig við þá hugsun, að samvinnufélögunum verði gert eins undir höfði og öðrum, sem sambærilegan atvinnurekstur reka.

Ég álít, að ég hafi nú svarað þeim athugasemdum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál og ég tel máli skipta, að svo miklu leyti sem því hefur ekki verið svarað áður. Ég hef að sjálfsögðu fullkomlega opin augu fyrir því, að þessi skattaálagning er ekki án ágalla fremur en ýmsar aðrar, og þykir mér rétt að taka það fram, áður en frv. fer héðan út úr hv. d., að sú gagnrýni, sem réttlátust væri gegn þessu frv., en hefur ekki komið fram áður, er sú, að ekki skuli vera leyft að telja þennan skatt með rekstrarútgjöldum, það er ekki gerlegt, því að vitanlega mundi slíkt hafa mikil áhrif á tekjuskattinn árið 1946, og svo er hitt atriðið, að það er litið á þennan skatt sem nokkurs konar viðbótarstríðsgróðaskatt, og er ætlazt til, að hann lendi á þeim stéttum einum, sem hafa búið við góð kjör undanfarin ár og eiga þess vegna að geta borið hann án þess að bíða við það hnekki.

Mér er ljóst, að ekki getur orðið framhald á slíkri skattaálagningu sem þessari; það er ekki hægt að taka viðbótarstríðsgróðaskatt ár eftir ár. — Að lokum vil ég svo taka það fram, sem komið hefur fram í gagnrýni ýmissa stjórnarandstæðinga, að það verður að gerast breyting á þeirri fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, og er mér fullkomlega ljóst, að á því, hvernig tekst að breyta um stefnu í þessum málum, veltur mjög, hvort núv. ríkisstj. tekst að ná því markmiði, sem hún hefur sett sér.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég sé ástæðu til þess að gera nokkrar athugasemdir við þau svör, sem hér hafa komið fram, sumpart af hendi hæstv. fjmrh. og sumpart frá öðrum hv. þm., út af þessu máli, án þess þó, að ég vilji þreyta um það mjög langar umr.

Mun ég fyrst víkja að nokkrum atriðum varðandi sjálfan skattinn. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri einkennilegt að vera að gagnrýna þennan skatt, en heldur því fram, að heildsölufyrirtæki hafi haft gróða, og þess vegna væri eðlilegt að skattleggja þau. Hann sagði enn fremur, að þeir, sem gagnrýndu skattinn, yrðu þá að skýra frá, hvernig þeir vildu láta skattleggja þennan mikla heildsölugróða. Ég get sagt hæstv. ráðh. alveg hreinskilnislega, hvað ég álít í þessum efnum. Ég álít, að yfirleitt eigi að skattleggja fyrirtækin og miða við nettóafkomu þeirra, en ekki miða við einhverja aðra liði, t. d. faktúrur, þannig að það verður tilviljun ein, sem ræður, hvernig skattgreiðslurnar koma niður. Ég hefði álitið það miklu heppilegri leið að afnema t. d. þau varasjóðshlunnindi, sem verið hafa undanfarið, heldur en að viðhafa þá handahófsaðferð, sem hér er stungið upp á. Það á að þyngja gjöldin á nettóafkomu fyrirtækjanna og fella niður varasjóðshlunnindin, og hygg ég, að skattaálagningin kæmi þar með niður í hlutfalli við afkomu fyrirtækjanna, en yrði ekki af handahófi. (**Fjmrh.**: Hvað hefði þetta gefið ríkissjóði miklar tekjur?) Það hefði gefið nokkuð miklar tekjur, ef mismunurinn væri tekinn sem eignarskattur af þeim, sem þar eiga hlut að máli.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það væri að ófyrirsynju sagt, að þessi skattaálagning sé einsdæmi í löggjöfinni. Það er einsdæmi í löggjöfinni að leggja skatt á veltuna eftir á og banna að draga frá, þótt niðurjöfnunarn. hafi að vísu leyft sér þessa aðferð út úr neyð í ýmsum tilfellum, en það er hvergi í löggjöfinni og hafa ekki verið sett ákvæði um þetta fyrr en nú um leið og veltuskatturinn verður lögboðinn. Það er því einmitt þetta ákvæði, sem gerir veltuskattinn svo óskynsamlega skattaálagningaraðferð gagnvart þeim fyrirtækjum, sem hér um ræðir, — ef menn ætla að skattleggja fyrirtækin og gera það með slíkri handahófsaðferð, eins og hæstv. fjmrh. gerir hér, heldur en að hafa þá aðferð að miða við, hvað fyrirtækin hafa grætt og safnað miklum eignum.

Hæstv. fjmrh. spurði, hvernig ætti að samræma þá gagnrýni, sem komið hefði fram um þennan skatt, að hann komi niður á neytendunum, en komi samt þungt niður á þeim, sem verzlunina hafa með höndum. Ég ætlast til þess, að hæstv. fjmrh. hafi heyrt það, sem ég hef áður sagt um þetta efni, en ég held því fram, að sá hluti skattsins, sem samvinnufélögunum er ætlað að greiða, komi niður á neytendunum í minnkuðum tekjuafgangi og hækkuðu vöruverði, en hinn hlutinn skilst mér komi niður á þeim, sem verzlunina reka, og að þessu leyti verkar skatturinn á ólíkan hátt eftir því, hvort verzlunin er í höndum neytenda sjálfra eða kaupmanna. Það er og alger misskilningur hjá hæstv. fjmrh., er hann heldur því fram, að þessi skattaálagning komi vöruverðinu ekkert við, því að hún kemur strax fram sem hækkað vöruverð hjá þeim, sem verzla við samvinnufélög landsins, og kemur einnig í veg fyrir það, að unnt verði að lækka vöruverðið hjá hinum. Það er þess vegna alveg út í hött að halda því fram, að þessi skattur sé óviðkomandi vöruverðinu í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að tollarnir væru einnig ranglátir og þess vegna væri ekkert meira að bæta við einum ranglátum skatti í viðbót. Þykir mér þetta mjög undarleg röksemdafærsla, og hefði mér fundizt eðlilegra, að þetta hefði frekar átt að hvetja hæstv. ráðh. til þess að reyna að finna réttlátari leið í skattaálagningu en þá, sem hér um ræðir, þar eð svo mikið var af ranglætinu fyrir, en ekki að setja sér það mark að fara eftir því, sem hann fann ranglátast í skattalöggjöfinni.

Í upphafi ræðu sinnar vék hæstv. fjmrh. að því, sem væri aðalatriðið í því máli, sem hér um ræðir. Hæstv. ráðh. færði fram svo einkennileg rök í því sambandi, að ég varð alveg undrandi. Hann hélt því sem sé fram alveg ákveðið, — til þess að reyna að koma sér undan ámæli —, að það væri ekki fjármálastefna núv. ríkisstj., sem orsakaði þessar skattaálögur, sem hér um ræðir, heldur önnur fjármálastefna henni alveg óviðkomandi. Það er hins vegar alveg óhugsandi, að menn geti verið í ríkisstj. án þess að verða að viðurkenna, að sú stefna, sem rekin er, sé stefna þeirrar stj., meðan hún ber ábyrgðina á því, hvað gert er. Hann færði fyrir þessu þau rök, sem maður að vísu hefur heyrt

hér áður, að dýrtíðin hefði verið til í landinu, þegar þessi ríkisstj. tók við völdum, og þess vegna sé henni alveg óviðkomandi það, sem gert er, og miðar við þetta ástæður sínar fyrir þessari skattaálagningu. Nú veit hæstv. fjmrh. það vel, að mikil dýrtíð var í landinu, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, en það var hins vegar hægt að fara mismunandi leiðir þrátt fyrir þetta. Það var hægt að fara þá leið að stöðva dýrtíðina, — það var hægt að fara þá leið að lækka dýrtíðina, — og það var hægt að fara þá leið að auka dýrtíðina. Þessar þrjár leiðir átti hæstv. ríkisstj. um að velja, þegar hún tók við völdum. Ef hæstv. ríkisstj. hefði farið þá leið að lækka dýrtíðina, væri hún ekki í eins miklum vandræðum með sína fjármálastefnu og hún er nú.

Ef stj. hefði tekið þá leið að stöðva dýrtíðina, mundu vandræðin vera minni nú en þau eru, en af því að farin var sú leið að láta hana vaxa, er hún nú að verða óviðráðanleg. Það er ekki hægt að skjóta sér undan þessari staðreynd með því að segja, að þessi stefna hafi ríkt, þegar núv. stj. tók við völdum. Stefna núv. stj. er hennar eigin stefna eða stefnuleysi, en ekki annarra. Núv. stj. ber ábyrgð á, að dýrtíðin var ekki stöðvuð. Fram hjá þeirri staðreynd er ekki hægt að komast.

Það er til sú leið að lækka dýrtíðina, en hún var ekki farin.

Framsóknarmenn bentu á í sambandi við stjórnarmyndunina, að þeir vildu ekki hlaupa til stjórnarmyndunar án þess að vita, hvernig ætti að sjá fjármálum landsins borgið. Fyrir um það bil tveimur mánuðum vorum við framsóknarmenn dæmdir óalandi og óferjandi, af því að við bentum á, að nýsköpun væri óframkvæmanleg, nema breytt væri um fjármálastefnu. En nú hefur hæstv. fjmrh. játað þetta sama úr ráðherrastóli. Hvers vegna mátti ekki segja þjóðinni frá þessu strax? Það er ekki hægt að komast hjá þessu meginatriði.

Meginatriðið er, að fjmrh. skuli láta það dragast að beita sér fyrir þeirri stefnubreytingu, sem hann játar, að þurfi að eiga sér stað. Það þarf að snúa við strax, en í stað þess slær stj. öllu slíku frá sér, og hljóta afleiðingarnar að verða öllum auðsæjar.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði véfengt, að stj. hafi ætlað að fella þennan skatt niður. Það er ekki rétt hermt. Ég sagði, að ríkisstj. gæti ekki lækkað skattana í haust, ef hún héldi áfram á sömu braut. Stefna núv. stj. hlýtur að leiða af sér síhækkandi skatta, framkvæmdir ríkisins dragast saman, og engin nýsköpun á sér stað. Samt á að halda sömu braut, láta grafast undan þeim grunni, sem menn verða að standa á.

Hv. 8. þm. Reykv. hafði orð fyrir sósíalistum, ef svo virðulega má komast að orði um málflutning hans. Aðalinnihald ræðu hans var, að réttast væri fyrir stjórnarandstæðinga að gera stj. þann greiða að þegja. Þessi málflutningur lýsir honum og flokki hans vel. Þegar stj. mætir gagnrýni, kveður þessi tónn við frá herbúðum hennar: Ykkur væri sæmst að þegja.

Hv. 8. þm. Reykv. er vanastur því að flýja, þegar mest á reynir. Það er vani hans, þegar minnzt er á það, sem flokkur hans hefur lagt til málanna, þá lætur hann ekki sjá sig. Hann er málpípa sósíalista, það er talað inn á hann eins og plötu, og síðan er hann látinn fara víðs vegar um landið og tala það, sem talað hefur verið inn á hann. Þessi maður er látinn vera á þönum um allt land, í útvarpi og annars staðar, og látinn prédika, að dýrtíðin sé ekki böl, það sé hægt að mæla henni bót, það eigi að afnema og lækka tollana. Þetta hefur verið talað inn á hv. 8. þm. Reykv., og þetta er hann látinn spila.

En það er von, að hann sé gramur nú. Nú hefur honum verið skipað að éta ofan í sig allt, sem hann hefur verið látinn segja að undanförnu. Nú er hann látinn boða nýja stefnu, alveg gagnstæða þeirri, sem hann hefur áður boðað. Nú á að leggja nýja tolla ofan á þá gömlu.

Hv. 8. þm. Reykv. ætti að láta gremju sína koma niður á einhverjum öðrum en framsóknarmönnum. Framsóknarmenn hafa lítinn þátt átt í þeirri meðferð, sem hann hefur átt að sæta innan Sósfl.

Hv. 8. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. töldu eðlilegt, að þeir hefðu fylgt því, að skattur þessi yrði lagður á árið 1944, en ekki 1945.

Þótt skatturinn sé lagður á veltu ársins 1944, hlýtur hann að koma fram sem hækkað vöruverð. Eigi sízt hefur þetta áhrif á samvinnuverzlun. Tekjuafgangur eða arður þeirra manna, sem að samvinnuverzlun standa, verður þeim mun minni sem svarar þessari álagningu.

Sú leið, sem hv. 8. þm. Reykv. — og einkum hv. 3. þm. Reykv. — harmaði, að ekki var farin, var naumast eins svívirðileg og sú, sem hér er farin. Ef menn hefðu vitað um þennan skatt fyrir fram, hefðu menn getað lagt niður þær greinar, sem þeir hefðu neyðzt til að reka með tapi. Það er því bæði réttara og geðfelldara að fá að vita um slíkar álögur fyrir fram. Nú verða menn að reka þau fyrirtæki, sem þeir héldu sig reka sér til lífsframfæris, með tapi.

Röksemdafærsla hv. 3. þm. Reykv. er mjög undarleg. Framsfl. hefur verið með í að leggja rangláta skatta á að undanförnu. Það er því undarlegt, að þeir skuli finna að því, þó að við gerum það. Af því að framsóknarmenn hafa lagt skatta og tolla á og við, þ. e. Sjálfstfl., bárum á móti því, þá er okkur heimilt að gera það sama. Eða ef ég gerði manni að borga 10 krónur, væri ekkert athugavert, þótt annar kæmi og gerði honum að borga 100 krónur! Slík er röksemdafærsla þessa hv. þm. En það er ekki svo auðvelt að klóra yfir sín gömlu spor, og það mun hv. 3. þm. Reykv. ekki geta.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Það er aðeins örstutt athugasemd, sem ég ætla að gera út af orðum hæstv. fjmrh. um nál. mitt á þskj. 1197. Hann talaði um tolla, en í nál. mínu er bent á, að hér sé tekin upp ný aðferð við innheimtu skatta. En það er kunnugt, að í lagamáli okkar er gerður greinarmunur á sköttum og tollum.

Það, sem ég sagði, var, að þessi skattur verkaði sem tollur, og fékk ég það staðfest betur í ræðu hæstv. ráðh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 141. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Vegna þess að hæstv. forseti hefur tilkynnt, að vafasamt væri,

að brtt. á þskj. 1225 komist að, vegna þess, hve hún er lík að efni brtt., sem borin var upp við 2. umr. og þá felld, — en hæstv. forseti hefur ekki kveðið upp úrskurð um þetta enn þá, en hefur látið þess getið, að mjög mikill vafi væri á því, að þessi brtt. komist að við atkvgr., — og þar sem hæstv. landbrh. hefur lýst því yfir við umr. um þetta mál, að hann muni nota þá heimild, sem gefin er samkvæmt 10. gr. frv., og undanskilja landbúnaðarvörur frá veltuskatti í smásölu og heildsölu, ef það kemur í ljós, að skatturinn hefur áhrif á útborgað verð til bænda, þykir flm. brtt. á þskj. 1225, en hún miðar að því að gera landbúnaðarvörur undanþegnar veltuskatti, ekki ástæða til að láta hana koma til atkvæða og taka því brtt. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 1225 tekin aftur.
— 1231 felld með 19:13 atkv.
Frv. samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, GÞ, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ.
nei: EystJ, GSv, HelgJ, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JörB.
EmJ, FJ, HarJ, SÁÓ, BG greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, ÁÁ) fjarstaddir.
Við nafnakallið mælti

Ingólfur Jónsson: Þar sem fyrir liggur yfirlýsing frá hæstv. landbrh. um það, að veltuskatturinn verði þannig tekinn, að hann hafi engin áhrif á útborgað verð landbúnaðarvara til bænda, þykir mér mikilvæg leiðrétting fengin á skattinum og tel því rétt að samþ. frv., enda liggja ekki fyrir aðrar heppilegri till. um tekjuöflun ríkissjóði til handa.

Frv. endursent Ed.

Á 139. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 1224).

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég verð að biðja um, að atkvgr. um málið verði frestað til morguns. Það vantar nú hér þrjá hv. þm. af Sjálfstfl., og ég efast um, að líkur séu til þess, að þeir verði við á þessum fundi. Hæstv. fjmrh. er veikur, og vitað er um forföll hjá hv. 2. þm. Árn. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1277).

---

113. Fasteignamat.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat** (þmfrv., A. 849).

Á 107. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Hv. fjhn. þessarar d. hefur flutt þetta frv. samkv. tilmælum mínum. Frv. er flutt í því skyni að spara ríkissjóði útgjöld. Breyt., sem lagt er til að gera á fasteignamatsl., er fyrst og fremst sú, að ekki skuli framkvæma aðalmat á 10 ára, heldur á 25 ára fresti, enn fremur, að yfirmatsnefnd starfi aðeins, meðan mat fer fram, en að öðru leyti falli störf hennar undir fjmrn., þau sem henni voru falin samkv. l. frá 1938. Ég hef verið í samráði við hv. þm. Mýr., formann n., um þetta mál. Hefur hann gefið mér ýmsar bendingar, og hygg ég, að hann sé samþykkur till. þeim, sem hér koma fram.

Ég sé ekki ástæðu til langrar framsögu. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að kostnaður við það að framkvæma mat á fárra ára fresti er óeðlilega hár í samanburði við fasteignaskatt, sem skilað hefur einum 650 þús. kr. árlega. Matskostnaðurinn árin 1938—1944 hefur orðið kringum eina milljón, og er þó ekki talinn þar allur kostnaður, t. d. ekki prentunarkostnaður, sem ætlazt er til, að vinnist upp með sölu fasteignabókar. Ekki er hægt að búast við öðru en kostnaður við að meta allar jarðeignir, húseignir, lóðir og lendur verði jafnan gífurlega hár. Lenging tímans, sem matið á að gilda, virðist ekki þurfa að koma mjög að sök.

Í 6. gr. eru ákvæði um millimat á húsum og jarðeignum. Skal leggja brunabótavirðingu til grundvallar við ákvörðun nýs mats á húsi, en jarðabótaskýrslur o. fl. við nýtt mat jarðar. Með þeim hætti, sem hafa skal á millimati, er hægt að spara verulegan kostnað, en satt að segja hefur vantað mikið á, að millimöt hafi borgað sig. Ríkinu hefði verið hagur að sleppa þeim heldur alveg og þeim skattauka, sem með þeim fékkst.

Ég geri ráð fyrir, að fjhn. hafi haft svo lítinn tíma til að athuga frv., áður en hún flutti það, að rétt sé að vísa því til hennar aftur, og tel ég sum atriði þurfa þar athugunar. Ég vildi þó mælast til, að n. hraðaði afgreiðslu frv., því að æskilegt er, að það verði afgreitt fyrir þinglok og þá raunar sem allra fyrst, m. a. af því, að ríkinu er nauðsynlegt að fá það húsnæði, sem yfirmatsn. hefur, til annarrar notkunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 849, n. 916, 917).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 917.— Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Eins og fram var tekið af hæstv. fjmrh., þegar þetta frv. var lagt fram, er aðaltilgangur þess að spara útgjöld. N. leggur til, að tímabilið, sem fasteignamat fer fram, lengist úr 10 árum upp í 25 ár. Eiginlega eru allar breytingar á þessum l. bundnar við þessa aðalbreytingu. Það er ætlazt til, að fasteignamatið fari fram með svipuðum hætti og áður, með skipun undir- og yfirmatsn. En varðandi millimatið er gert ráð fyrir, að það sé í höndum fjmrn. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við l. og mælir með því, að það sé samþ. með fáeinum breytingum, sem mest eru orðabreytingar.

Í fyrsta lagi er það breyt. við 4. gr. Lagt er til, að orðin „og til jafnlangs tíma" falli burt. Er gert ráð fyrir því, að skipaðar séu undirfasteignamatsn. og þær starfi, meðan aðalfasteignamat fer fram. Önnur brtt. er við 5. gr. um, að orðið „svo" í annarri málsgr. falli burt. Þriðja brtt. er orðabreyting við 6. gr. N. leggur til, að fyrir orðin „matsmönnum brunabótavirðinga" komi: sem meta fasteignir til brunabóta. Næsta breyting er, að ætlazt er til, að 8. gr. falli niður, en 14. gr. l. standi eins og hún er. Síðasta brtt. er við 9. gr. Aftan við gr. bætist: Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá stjórnartíðindi án endurgjalds. — Með þessum breyt. er n. sammála, að málið nái fram að ganga. Einn nm., hv. þm. V.-Húnv., skrifaði undir með fyrirvara og gerir sennilega grein fyrir, í hverju það liggi. Þykir mér svo ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 917,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 917,2 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 917,3 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 917,4 (8. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 917,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

10.—13. gr. (verða 9.—12. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 932, 934).

Skúli Guðmundsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér þá aðalbreytingu á l. um fasteignamat, að mat skuli verða framkvæmt á 25 ára fresti framvegis, í stað þess, að samkvæmt núgildandi l. á það að gerast tíunda hvert ár. Um þetta aðalatriði frv. var ekki ágreiningur í fjhn., sem hafði það til athugunar. Þykir sýnt, að af þessu muni verða töluverður fjársparnaður fyrir ríkissjóð. Ég skrifaði hins vegar undir nál. fjhn. með fyrirvara, vegna þess að ég tel, að gera þurfi nokkrar smábreytingar á frv. auk þeirra, sem samþ. voru hér við 2. umr., og sú breyting, sem ég tel, að gera þurfi frá því, sem nú er, snertir millimatið, sem svo er kallað, þ. e. matsgerðir, sem fram fara á milli þess, sem aðalmat fer fram.

Samkv. gildandi l. eru úttektarmenn í hverri sveit, sem eiga að framkvæma þessi aukamöt. En samkv. 6. gr. þessa frv. er ætlazt til þess, að úttektarmenn í sveitum meti aðeins eftirleiðis á 5 ára fresti þær húseignir, sem ekki eru brunatryggðar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í þessari 6. gr., að fjmrn. ákveði mat húsa og annarra mannvirkja milli þess, að aðalmat fer fram. Það er sjálfsagt, að sú breyting, sem hér er lagt til, að gerð verði, að úttektarmenn meti ekki þau hús, sem eru brunatryggð, mun eiga að hafa í för með sér allmikinn sparnað. En ég tel, að ákvæði 6. gr. frv. um aukamat séu ekki viðunandi eins og þau nú eru. Fjmrn. á að ákveða þetta mat, en í 9. gr. frv., upphafi hennar, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati." Það er því, eins og frv. er nú, aðeins um eitt stig að ræða, fjármálaráðuneytið, sem á að framkvæma mat, og sami aðili, sem á að úrskurða um kærur út af aukamati. Ég býst ekki við, að það sé hægt að finna nokkurt hliðstætt ákvæði í íslenzkum l., þar sem á annað borð er gert ráð fyrir, að hægt sé að áfrýja úrskurði, að áfrýjað sé til sama aðila, er fyrst úrskurðar. Ég hugsa, að þetta sé algert nýmæli í íslenzkri löggjöf, og mér finnst það ákaflega hæpið að hafa þetta þannig.

Ég hef því leyft mér að leggja til í brtt. á þskj. 934, að það verði nokkur breyting gerð á þessari 6. gr. og hún færð í það horf, að það verði yfirfasteignamatsn., sem framkvæmi matið, þ. e. þessi aukamöt. Þótt talað sé þar um yfirfasteignamatsn., gæti ég vel hugsað mér, að n. þyrfti ekki ætíð öll að starfa að þessu, heldur væri fullnægjandi, að það væri formaður n., sem gerði þetta, en jafnvel þótt þurfi að kalla yfirfasteignamatsn. til funda nokkrum sinnum út af þessum aukamötum, geri ég ekki ráð fyrir, að það þyrfti að vera kostnaðarsamara fyrir ríkissjóð en að hafa fastan starfsmann í stjórnarráðinu til þess að annast um þetta. Ég vil vekja athygli á því, viðvíkjandi launum yfirfasteignamatsn., að í núgildandi l. er gert ráð fyrir því, að form. hennar hafi föst laun, en hinir nm. fái aðeins þóknun fyrir starfið eftir því, hve miklum tíma þeir eyða til þess, en í þessu frv., eins og það nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að enginn þessara manna, ekki formaður frekar en hinir, verði á föstum launum, heldur fái þeir aðeins þóknun, sem ráðh. ákveði, og þá væntanlega miðað við, hve löngum tíma þeir þurfa að verja til þessa starfs. Ég tel því, að þarna geti ekki verið um neitt fjárhagsmál að ræða. Það verður aldrei neitt, sem neinu nemur, og ef til vill engu dýrara með því fyrirkomulagi, sem ég sting upp á, en í frv., eins og það er nú. Hins vegar tel ég, að í þessu sé miklu meiri trygging fyrir því, að þessi millimöt verði í samræmi við aðalmat, og það er það, sem vitanlega er stórt atriði, einmitt fyrir það, að nú á ekki að fara fram aðalmat á fasteignum nema á 25 ára fresti í stað þess, að það hefur verið tíunda hvert ár, þá er það meira áríðandi en áður, að þessi aukamöt verði þannig framkvæmd, að þau séu í eðlilegu samræmi við aðalmatið.

Í 9. gr. frv., þar sem talað er um kærur út af aukamati, segir, að slíkar kærur skuli komnar í hendur ráðuneytisins áður en 2 mán. eru liðnir frá dagsetningu matsgerðar. Hins vegar er ekkert um það í frv., að það skuli tilkynna eigendum fasteigna þessar matsgerðir. Það er því mjög óvíst, að menn geti yfirleitt notað sér þetta ákvæði, þótt þeir séu óánægðir með úrskurð ráðuneytisins. Engin vissa er fyrir því, að þeir fái vitneskju um það, fyrr en löngu síðar, hvernig matið var framkvæmt. Þess vegna er ein brtt. mín, undir d-lið, um það, að niðurstöður matsgerða, sem framkvæmdar eru samkv. 6. gr., skuli þegar í stað tilkynna eigendum fasteigna.

Það er mjög auðvelt að gera þetta, en verði það gert, þá hafa þessir menn, sem hlut eiga að máli, möguleika til að koma kærum á framfæri, ef þeir eru óánægðir með úrskurð eða matið, sem framkvæmt hefur verið.

Önnur brtt. mín, við 10. gr., er í framhaldi af þessari. **(Forseti:** Hún mun eiga við 9. gr.) Já, það er rétt. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka það til leiðréttingar. Það var ein gr. felld úr við 2. umr., og hafði ég ekki athugað það, þegar ég samdi brtt. Vænti ég, að það geti orðið leiðrétt án sérstakrar brtt. **(Forseti:** Já, já.) Þannig á að miða við það, hvenær mat er tilkynnt eigendum fasteignanna, en ekki miða við dagsetningu matsins. Er þá víst, að eigendum fasteignar munu kunnar niðurstöður matsins.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég hef því miður ekki haft tíma til að kynna mér nógu ýtarlega þessar till. hv. þm. V.-Húnv., og má vel vera, og ég hygg, að svo sé, að sumar till. séu til bóta á frv. Sérstaklega held ég, að svo sé um síðustu brtt., því að það er alveg rétt hjá honum, að eðlilegra sé að miða við þann tíma, sem mat er tilkynnt eigendum fasteigna, a. m. k. verður að setja skýr ákvæði um, hvað tilkynna skuli. En mér skilst nú, að aðalatriðið í brtt. hv. þm. sé að halda yfirfasteignamatsn. sem fasta stofnun. Er það ekki rétt skilið hjá mér? **(SkG:** Hún mun ekki þurfa að starfa að staðaldri.) Ekki öll n., en a. m. k. formaður n. á að verða fastur embættismaður skilst mér á till. Það mundi hafa í för með sér, að form. þyrfti að hafa sína skrifstofu og væntanlega einhverja á skrifstofunni, því að það er varla hægt að ætlast til þess, að hann sé þar að staðaldri, að hann gæti verið viðbúinn að láta afrita matsgerðir og annað nauðsynlegt í sambandi við mat, og ef þessi tilhögun verður áfram, væri í raun og veru komið í veg fyrir þann aðaltilgang, sem vakti fyrir stj. með því að láta þetta frv. koma hér fram, sem sé að spara sem mest kostnaðinn við fasteignamatið. Stjórnin hugsaði sér, að yfirfasteignamatsn. þyrfti ekki að starfa nema aðeins meðan mat færi fram, en með því að fela fjmrn. framkvæmd þessara mála milli aðalmata, þá var litið svo á, að hægt væri að spara að mjög miklu leyti kostnaðinn við millimatið. Ég hygg, að með skynsamlegu fyrirkomulagi á þessu þyrfti mjög lítill aukakostnaður að verða við það, þótt ráðuneytið tæki að sér að sjá um millimatið. Aðalatriðið er kannske ekki það að borga form. yfirfasteignamatsn. einhver laun á milli mata, heldur hitt, að hægt sé að losna við skrifstofuhaldið, sem óhjákvæmilega fylgir, ef yfirfasteignamatsn. á að starfa á milli aðalmata. Ég get þess vegna ekki fallizt á þá brtt. hv. þm., sem miðar að þessu, því að ef hún á að ná fram að ganga, er stoðunum í raun og veru algerlega kippt undan þessari löggjöf, sem hér er um að ræða. Hitt skal aftur á móti játað, að þær athugasemdir, sem hann gerði í sambandi við áfrýjun matsgerðar, virðist mér vera á talsverðum rökum reistar. Það væri því að mínu viti ástæða til að fresta umr. núna, ef hv. fjhn. vildi nú athuga á milli umr., hvort ekki væri hægt að koma þessu fyrir á annan hátt en lagt er til í frv. Það er vitanlega algerlega rétt, að það er mjög óeðlilegt, að sama stofnun, sem hefur lagt fyrsta úrskurð á þetta, eigi einnig að hafa vald til að úrskurða um kærur varðandi fyrsta úrskurð, og mætti væntanlega finna leið út úr þessu, án þess að ég vilji freista þess nú að algerlega óathuguðu máli að bera fram aðrar brtt.

Mér sýnist samt sem áður, að með því að fela ákveðnum starfsmanni í fjmrn. að annast um millimatið væri ekki fjarri lagi að áfrýja til fjmrh. Það horfir a. m. k. öðruvísi við en ef það er allt í hendi ráðuneytisins. Vildi ég þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta að fresta umr. núna og mælist til þess við hv. fjhn., að hún athugi þetta nánar.

Forseti (JörB): Samkvæmt ósk hæstv. fjmrh. verður umr. um málið frestað og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 114. og 120. fundi í Nd., 29. jan. og 2. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 932, 934, 1016).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Fyrir nokkrum dögum var umr. um þetta mál frestað og óskað eftir því, að fjhn. athugaði brtt. á þskj. 934, frá hv. þm. V.-Húnv. — Meiri hl. n. hefur ekki orðið sammála um þessar brtt., en gengur inn á d-lið 1. brtt. og 2. brtt.

Þá hefur meiri hl. n., í samráði við hæstv. fjmrh., flutt brtt. á þskj. 1016 um, að fyrri aðalmálsgr. 10. gr. skuli orða svo: „Fjármálaráðuneytið getur að fengnum nýjum upplýsingum breytt aukamati innan hálfs árs, frá því að það hefur verið tilkynnt eiganda.“

Ég get ekki verið hv. þm. V.-Húnv. sammála um fyrstu brtt. hans varðandi ýmis mannvirki, sem þar koma til greina, svo sem íbúðarhús, og gegnir þar allt öðru máli en með útihús o. fl. Ég get ekki fallizt á, þegar um slík mannvirki er að ræða, að byggt verði á brunabótamati, sem má áfrýja. Og álít ég, að það sé aðeins í verkaumdæmi fjmrn. að ákveða fasteignamat húsa samkvæmt lýsingu matsmanna í samræmi við gildandi fasteignamat sams konar bygginga. — Ég tel svo ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., að hann taldi aðfinnslur mínar hafa við rök að styðjast um, að hvort tveggja matið skuli framkvæmt af sömu mönnum. Ég tel ástæður meiri hl. ekki hafa við rök að styðjast, því að ég efast um, að aukamatið verði

dýrara, þar sem enginn af aðalmatsmönnunum er á föstum launum, heldur á ráðh. að ákveða laun þeirra eftir því, hve löngum tíma þeir eyða til matsstarfanna.

ATKVGR.
Brtt. 934,1.a—c felld með 12:10 atkv.
— 934,1.d samþ. með 19 shlj. atkv.
— 934,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 1016 samþ. með 15:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1036).

Á 119. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta frv. er flutt í hv. Nd. af fjhn. þeirrar hv. d., eftir beiðni ríkisstj. Það miðar að því að lækka kostnað við fasteignamat, sem verið hefur allmikill á undanförnum árum.

Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 132. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1036, n. 1157).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hefur athugað þetta mál, sem er komið frá Nd. og var þar upphaflega flutt af fjhn. þeirrar d. eftir tilmælum hæstv. fjmrh. N. hefur borið frv. saman við l. og fellst á þá meginhugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frv., sem er sú, að eins og fasteignamati er nú háttað, þá sé það langsamlega óþarflega kostnaðarsamt og á hinn bóginn verði ekki séð, að svo mikið sé lagt upp úr fasteignamatinu, að ástæða sé til að kosta svo miklu til þess. Eins og kunnugt er, er vanalega látið fara fram sérstakt mat bæði til brunabóta og til lántöku. Fasteignamatið er því meira skýrslugerð, sem sjálfsagt er mikilsverð heimild um fasteignir, ef samræmi næst sæmilega um land allt.

Meginbreyt., sem þetta frv. felur í sér frá núgildandi l., er sú, að aðalmat skuli ekki fara fram nema á 25 ára fresti í stað 10, og einnig um millimat, sem fer fram milli aðalmata, sem er miklu einfaldara. Er þar lagt til grundvallar brunabótamat, þar sem það fer fram, en annars falið þeim aðilum, sem hvort sem er eru til staðar, og á fjmrn. að annast þetta mat. N. fellst á þennan aðaltilgang frv., en ber þó fram eina brtt. við 6. gr. frv., og er hún um, að ný gr. skuli koma inn í frv. með sérákvæði um fasteignir í Reykjavík. Er það aðeins vegna þess, að það er augljóst, að hér í Reykjavík muni það verða svo umsvifamikið milli þess, sem aðalmat fer fram, að fjmrn. mundi alls ekki anna því öðruvísi en taka sér sennilega 1—2 aðstoðarmenn til að hafa þetta með höndum. Virðist þá eðlilegt, að beinlínis sé svo fyrir mælt í l., að tveir menn starfi að þessu. Þó að brtt. þessi sé löng, þá er hún ekki annað en það, sem er í a-lið brtt., en b-liður er svo að segja orðrétt tekinn upp úr frv., en er þó betra að orða hann þannig, úr því að þessi nýi liður kom inn.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en aðeins mælast til, að d. samþ. þessa brtt. Einn nm. hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1157 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1170).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 134. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 1170).

Á 135. og 137. fundi í Nd., 22. og 23. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 138. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 1170, 1208, 1209, 1210).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Frv. þetta er komið hingað aftur frá hv. Ed. Þar í d. hafa verið gerðar á því breyt. á 6. gr. þess. En 6. gr. frv. er um breyt. á 12. gr. gildandi l., sem snertir mat á fasteignum, sem fer fram á milli þess, sem aðalmat fer fram. Í hv. Ed. hefur verið sett þarna inn ákvæði, sem ég tel óviðunandi með öllu. Það hefur sem sagt verið samþ. í þeirri hv. d., að þessu mati skuli haga á allt annan veg í Reykjavík heldur en annars staðar á landinu. Samkv. frv., eins og það nú er, á þetta millimat, sem kallað er, að framkvæmast þannig í Reykjavík, að þar séu tveir menn til þess valdir að annast það, annar sé kosinn af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn skipaður af fjmrh. Aftur á móti á að haga matinu utan Reykjavíkur þannig, samkv. frv. eins og það er nú, að það verði fjmrn., sem ákveður fasteignamat á húsum, sem metin eru til brunabóta. Og er gert ráð fyrir, að ráðuneytið hafi til hliðsjónar matsgerðir þeirra, sem virða húseignir til brunatrygginga. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að úttektarmenn í hverjum hreppi meti þau hús, sem brunamat hefur ekki farið fram á, og er þetta eins og ákveðið var í frv., þegar það fór héðan til hv. Ed.

Ég tel, að það geti ekki komið til mála að láta

aðrar reglur gilda í þessu efni um Reykjavík en aðra staði á landinu. Við síðustu umr. málsins hér í hv. þd. á dögunum bar ég fram brtt. um það, að yfirfasteignamatsnefndin skyldi annast þessi millimöt, en síðan væri hægt að áfrýja úrskurði hennar til ráðuneytisins. Þessi brtt. mín var felld. Ég hef því leyft mér að leggja nú til í brtt., sem prentuð er á þskj. 1209, að sá háttur verði á þessu hafður, að fjmrh. skipi einn mann, matsmann fasteigna, sem framkvæmi þessi möt milli þess, sem aðalmat fer fram, og þá vitanlega meti hann fasteignir alls staðar á landinu. Þá er gert ráð fyrir, að fjmrh. leggi úrskurð á kærur út af aukamati, svo að hægt verður að áfrýja úrskurði matsmanns. Ég vænti þess, að d. geti á þetta fallizt, þótt hún gæti ekki fallizt á, að yfirfasteignamatsn. væri þarna öll að verki. Það er ekki líklegt, að kostnaður verði meiri með þessu móti en eftir frv. Þar er gert ráð fyrir tveim matsmönnum í Reykjavík og að þeir starfi jafnan að þessu. Hv. þm. A.-Húnv. vill ganga skemmra í breytingum en ég og flytur brtt. á þskj. 1208. En sameiginlega flytjum við brtt. á þskj. 1210 um viðbót við 6. gr. Þessi sama till. var samþ. hér við síðustu umr., en fyrir vangá hefur hún ekki komizt í frv., eins og það var síðan lagt fyrir Ed. Þetta er ákvæði um tilkynningarskyldu, og þarf ekki að rekja það nánar. Ég tel víst, að d. samþ. sína fyrri breytingu og frv. verði síðan sent Ed. aftur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, nema tilefni gefist. Ég vænti þess, að fleiri mönnum en mér sé ljóst, að óviðfelldið er, og raunar alveg óhæft, að láta aðrar reglur gilda um millimat í einum landshluta en öðrum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal ekki blanda mér neitt verulega í þetta mál, aðeins vekja athygli á tveim atriðum. Í 8. gr. er endurtekið það ákvæði, sem nú er í gildi í l., að fasteignamatsbók skuli send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem stjórnartíðindi eiga að fá án endurgjalds, en það eru m. a. oddvitar og hreppstjórar. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðh., ef hér hefði verið, til hvers þetta eigi að vera í l., ef það er ákveðið af fjmrn. nú, eins og vera mun, að bókin skuli ekki send þessum mönnum um sveitir landsins, kostnaðar vegna. Úr því að stjórnarráðið sjálft brýtur þetta lagaákvæði nú og telur það ekki framkvæmanlegt, hví lætur ráðh. þá óátalið, að það haldist í l.? Ef ekki er hægt að framfylgja því nú, þá er það sjálfsagt ekki hægt seinna, og er þá meiningin að setja ráðuneytið í framtíðinni í sama gapastokkinn og það er í nú, — neyða það til að brjóta lög? Hér sést enginn ráðh. fremur en endranær, en ég vildi biðja hæstv. forseta að athuga, hvort ekki er rétt að fresta umr., þangað til fjmrh. verður við.

Um 2. brtt. á þskj. 1209, þar sem tekið er fram, að kærur, sem berast, eigi að vera komnar í hendur ráðuneytinu, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, að matið var tilkynnt eiganda fasteignarinnar, vildi ég fá skýringu. Sams konar orðalag er í ýmsum l. Kærur eiga að vera komnar til yfirskattan., t. d., vissum tíma eftir að skattaúrskurðir eru tilkynntir, en spurningin er: Hvenær eru t. d. matsúrskurðir tilkynntir? Er það, þegar tilkynning er gefin út eða þegar hún berst viðkomanda í hendur? Ef hann býr í Dýrafirði eða Önundarfirði eða í nyrztu sveitum Norður-Múlasýslu, geta liðið 2 mánuðir frá því að úrskurður er gefinn út í Reykjavík þangað til hann berst manninum. Auk þess eru dæmi til, að úrskurðir tefjist af öðru en slæmum póstflutningum. Einu sinni lá úrskurður í skrifstofu hjá sýslumanni h. u. b. 5 vikur eftir að hann var dagsettur. Ég held, að þarna þyrfti að taka skýrar til orða í lögunum.

Forseti (JörB): Hæstv. fjmrh. getur ekki tekið þátt í umr., vegna þess að hann er bundinn við óhjákvæmileg störf, en ég tel eðlilegt að ljúka eigi umr., fyrr en hann getur látið álit sitt í ljós.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég er undrandi yfir aths. hv. 2. þm. N.-M. Eins og frv. var lagt fram af stjórnarráði, var fellt burt að láta þá alla, er þm. nefndi, hafa fasteignamatsbókina ókeypis, heldur var gert ráð fyrir, að t. d. oddvitar keyptu hana. Ekki er að saka fjmrn., þótt það sendi ekki bókina þeim, sem ekki bar að senda hana samkv. frv., eins og ráðuneytið gerði það úr garði og bjóst við, að samþ. yrði. En þessu var breytt hér í meðferð málsins, og af því leiðir að sjálfsögðu, að þessir menn eiga ekki að þurfa að kaupa bókina. Virðist mér allt hnútukast út af þessu óþarft hjá þm.

Í samræmi við það, sem meiri hl. fjhn. lagði til, þegar málið var hér til meðferðar, hef ég nú lagt til að fella burt A-lið 6. gr. og fyrirsögn B-liðar, svo að þetta verði eins og Nd. gekk frá því um daginn. Mér finnst óeðlilegt, að farið sé að setja tvo embættismenn, sem starfi stöðugt einungis við millimöt í Reykjavík. Ég fæ ekki séð annað en brunabótamat megi vel leggja til grundvallar þar sem annars staðar á landinu. Um kærur er það að segja, að fjmrn. getur breytt fyrri úrskurðum við nánari upplýsingar. En brunabótamat er góður grundvöllur að því leyti, að það má kæra, ef vill. Reiknað er með því, að þegar þessi lög eru gengin í gildi, sé fundinn út sá munur, sem verið hefur á brunabótamati og fasteignamati, og ef munurinn reyndist t. d. 50% að meðaltali, væri fundinn þar „skali" til að umreikna brunabótamatið yfir í fasteignamat, sem gildi um þau hús, er meta þarf milli mata. En um jarðabætur, lóðir, útihús o. fl. gilda sérákvæði, og getur fjmrn. úrskurðað sérstaklega þar, sem sérstaklega stendur á. Mat á jarðabótum og húsum, sem eru ekki brunatryggingarskyld, ætti að nægja að gera á 5 ára fresti.

Ég get ekki fallizt á brtt. hv. þm. V.-Húnv. að hafa sérstakan matsmann í þessu starfi. Einhver fulltrúi fjmrn. getur haft það á hendi með öðrum störfum. Ég er mótfallinn því að búa til nýtt embætti til þess.

Ég flyt með hv. þm. V.-Húnv. brtt. um að taka upp aftur breyt., sem var samþ. hér um daginn, en hefur fallið niður af vangá.

Gunnar Thoroddsen: Þessu frv. var breytt í Ed., m. a. í 6. gr. Tveir hv. þm., þm. Húnv., hafa talað gegn breyt. og ráðizt á það atriði, að sérregla eigi að gilda um millimöt í Reykjavík. Taldi annar þeirra slíkt með öllu óhæft. En ég vil benda á, að það er ekkert nýtt, að sérregla gildi fyrir Reykjavík. Í l. frá 1938 er skýrt tekið fram, að svo sé, þar sem það eru 2 menn, kjörnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, sem framkvæma millimöt ásamt formanni yfirskattan. Er þetta eiginlega hið sama, sem

lagt er til í frv. nú. Ég vildi eindregið mæla móti því, að till. hv. þm. A.-Húnv. yrði samþ., enda er hún á misskilningi byggð að því leyti, að þarna er alls ekki um embættisstofnun að ræða. Þessir matsmenn hafa ekki föst laun, heldur þóknun fyrir störf sín samkv. l. um laun hreppstjóra og aukatekjur. Það er einnig misskilningur, að samþ. brtt. yrði til sparnaðar. Ef starfinu yrði dembt á fjmrn., yrði að auka starfskrafta þar að sama skapi.

Sá gífurlegi kostnaður, sem orðið hefur af fasteignamatinu, stafar aðeins að mjög litlu leyti af millimötum, eða um 30 þús. kr. á ári síðus u 2 árin, lægra annað árið. Þar af er aðeins nokkur hluti fyrir möt í Reykjavík, svo að hér er ekki nema um fáar þúsundir að ræða. Líklega yrði það engu kostnaðarminna að fela fjmrn. þetta.

Umr. frestað.

Á 139. og 140. fundi í Nd., 27. og 28. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 141. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 1170, 1208, 1209, 1210, 1255).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Það var rétt í þessu verið að útbýta nýrri brtt. frá fjhn. Það er sáttatill. flutt að tilhlutun hæstv. fjmrh. og er um að koma á samræmi milli aðalmata. Þessi till. fullnægir báðum þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið, og verða því brtt. okkar hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 1208 og 1209 teknar til baka, verði þessi till. samþ. Hins vegar er ekki tekin til baka brtt. á þskj. 1210, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hún komi til atkv., hversu sem atkv. falla um hina till.

Ég vænti svo, að hv. þdm. hafi áttað sig á þessu, og vona, að þeir láti málið fá fljóta afgreiðslu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég vil aðeins geta þess, að þótt þessi brtt. sé talin frá fjhn., þá er ég henni ekki sammála. Ég er samþykkur till. hv. þm. A.-Húnv. og vil leyfa mér að taka hana upp, en ég mun greiða atkv. gegn þessari till.

Ég álít, að málið hafi verið í góðu horfi, þegar það fór frá hv. deild, og því óþarft að gera þessa breytingu.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég skal ekki vera margorður um þetta. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé formlegt, en ég vil óska þess, að forseti beri fyrst upp till. frá fjhn.

Pétur Ottesen: Ég vil leggja fram brtt. við þá till., sem nú var útbýtt hér í d. viðvíkjandi kostnaði við aukamat.

Ríkissjóður hefur hingað til greitt þennan kostnað, enda hans hagur. — Reyndar mun það vera svo í bæjum, að þar er lagður á skattur, sem er hliðstæður, en tekjur af þessu eru engar fyrir sveitarfélögin. Þess vegna er ekki rétt, að þau beri þennan kostnað.

Ég vil leyfa mér að bera fram um þetta skriflega brtt. og afhendi hana hér með hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1258) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. var hér ekki viðstaddur, þegar ég talaði um 8. gr. þessa frv., en hún hljóðar svo:

„Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu.

Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá stjórnartíðindi án endurgjalds.“

Þetta benti ég á, að hefði ekki verið gert. Og ég spurði, hvort ráðuneytið vildi halda við ákvæði, sem það sér sér ekki fært að uppfylla. Nú er hæstv. ráðh. viðstaddur, og vil ég spyrja hann að þessu og fá upplýst, hvers vegna þeim er ekki send bókin, sem hana eiga að fá samkvæmt gildandi lögum og hafa krafizt hennar sumir hverjir, en verið synjað.

Frsm. (Jón Pálmason): Það voru einungis fáein orð út af hinni skrifl. brtt. Ég vil taka það fram í fyrsta lagi, að þessi brtt. fjhn. er fullkomlega réttlát varðandi Reykjavík, og í öðru lagi mun það vera svo í bæjunum, að þar fá bæirnir nokkuð, og í sýslunum er það svo, að sýslusjóðsgjöldin fara eftir þessu.

Þá hygg ég, að skrifl. brtt. sé naumast formleg eins og hún er, — þyrfti að orðast á þá lund, að viðeigandi ákvæði í okkar brtt. félli niður. Annars held ég, að till. sé óþörf.

Forseti (JörB): Hv. þm. A.-Húnv. vakti athygli á því, að till. er óþörf.

Pétur Ottesen: Ég sé, að þetta er rétt, og get tekið till. aftur.

ATKVGR.

Brtt. 1209 og 1258 teknar aftur.
— 1255,1 samþ. með 15:7 atkv.
— 1208 kom ekki til atkv.
— 1210 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 1255,2 samþ. með 14:12 atkv.
— 1255,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv. og endursent Ed.

Á 140. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 1259).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og hv. þdm. minnast, þá var þessu frv. breytt dálítið í þessari d. frá því, sem það var borið fram upphaflega, en sú breyt. gekk út á að hafa nokkur sérákvæði um fasteignamat í Reykjavík milli þess, sem aðalmat fer fram, þar sem Reykjavík er svo umfangsmikil, og þegar almennt mat á ekki að fara fram nema á 25 ára fresti, þá er ofviða fjmrn. að sjá um matið nema taka til þess matsmenn, sem að því ynnu. Það er því eðlilegt, að þeir séu til þess skipaðir og annar ákveðinn af fjmrn., en hinum skyldi bærinn ráða. Nú hefur Nd. að vísu haldið þessu aðalatriði, en aukið þó nokkru við, þannig að þetta skal svo vera í fleiri bæjum. Það

er þannig ákveðið, að úttektarmenn skuli framkvæma matið í sínum hreppum, en í kaupstöðum skuli sérstakir menn sjá um það. Ég hef ekki haft tækifæri til að bera mig saman við hæstv. fjmrh. um þetta atriði, af því að hann er veikur og þessu frv. var útbýtt hér fyrst nú í dag, en mér sýnist, að hér sé aðeins um óverulega breyt. að ræða, og þó að mér sýnist hún óþörf, þá sé ég ekkert athugavert við, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir nú.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. hefur tekið þeim breyt. í Nd., að ég treysti mér ekki til að fylgja því eins og það er. Nd. hefur gert þá breyt. á frv., að kostnaður við matið skuli greiðast að hálfu leyti af bæjar- og sveitarsjóðum, og það, sem merkilegast er, er það, að þessi breyt. kemur frá fjhn. þeirrar d., sem upphaflega bar frv. fram, en hafði þá ekki þetta ákvæði í frv. Nú er öllum kunnugt, að það er sífellt verið að ganga á rétt sveitarsjóða um alla tekjustofna. Það er nýbúið að samþ. hér þrjú skattafrv., sem öll þrengja kosti sveitarsjóða, en á sama tíma er verið að bæta nýjum skyldum á þessa sífellt rýrnandi sveitarsjóði, og ríkið er þar með að þoka af sér skyldum á fátæka sveitarsjóði. Það er einnig ljóst, og hafa komið um það margar raddir, að nauðsyn sé að breyta svo þessum málum að flytja alla framfærsluskyldu yfir á ríkið, vegna þess að sveitarsjóðirnir eru algerlega að sligast undir þeirri byrði. Það skýtur skökku við, að á sama tíma skuli sveitarsjóðunum vera þyngt með því að ýta yfir á þá útgjöldum, sem ríkissjóði beinlínis ber að greiða, en heyra ekki að neinu leyti til undir sveitarsjóðina. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. um, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt frá hv. þm. Barð. brtt. við 7. gr., svo hljóðandi: „Kostnaður við millimat greiðist úr ríkissjóði.“ — Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1275) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég vil aðeins benda á, að brtt. samhljóða þessari skrifl. brtt. var borin fram í Nd. og felld þar, og ég veit þess ekki von, að n. hafi snúizt hugur í því máli. Frv. fer í Sþ., ef því er breytt hér, og þá er málinu að sjálfsögðu hætta búin, af því að þá þarf frv. aukinn meiri hl., og þá er óséð um, hvernig um málið fer. Mér þætti mjög hæpið að hleypa málinu þangað, því að hér er um að ræða mál, sem miklu skiptir og verulegur sparnaður er að.

Út af brtt. hv. þm. Barð. vil ég annars segja það, að hér getur naumast verið um verulegan kostnað að ræða nema þar, sem þessir sérstöku matsmenn eru skipaðir, og það kemur þó á þau bök, sem eru breiðust til að bera það, nefnilega Reykjavík og aðra kaupstaði, og ekki er það óeðlilegt, úr því að bæjarstjórn á að skipa annan manninn, að bærinn beri kostnaðinn. Ég skal annars ekki segja mikið efnislega um þessa till., en ég mun taka afstöðu móti brtt., af því að hún gæti stefnt málinu í hættu, ef hún væri samþ.

Gísli Jónsson: Ég get ekki fallizt á þau rök, sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram. Ég hef ekki kynnt mér, hvort allir hafa verið viðstaddir í Nd. eða hvernig sú atkvgr. var. Ég trúi því ekki, ef d. lætur málið fara þannig frá sér, að hún hefur breytt því til réttlátara horfs, að það stefni frv. í hættu, ég trúi ekki, að Sþ. gangi á móti því. Ég veit, að það eru möguleikar til að bera fram brtt. við það á næsta þingi, og það mun ég gera, ef brtt. mín verður ekki samþ. nú, því að það er algerlega rangt að fara inn á þessa stefnu, því að eins og ég gat um, þá er sífellt verið að rýra möguleika sveitarsjóðanna til tekjuöflunar og jafnframt verið að leggja á þá aukabyrðar, sem þeir engan veginn að eðlilegum hætti eiga að bera, og þó að hv. þm. talaði um hin breiðu bök, þá vil ég minna á það, að Reykjavík hefur ekkert breiðara bak en sveitirnar, og þeir tímar geta aftur komið, að þar verði gengið inn í merg og blóð þegnanna til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Ég þekki ákaflega vel þá óskaplegu erfiðleika, sem margir sveitarsjóðir eiga við að stríða, ekki sízt vegna þess, að margt vinnufærra manna þaðan stundar atvinnu annars staðar og greiðir þar útsvar, t. d. í Reykjavík, sem fær þá langsamlega mest af tekjum sveitarsjóðanna, en aðrir staðir eru öllu sviptir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þessi breyting Nd. var gerð með samkomulagi þar í deild að tilstuðlan hæstv. fjmrh. Hann getur ekki verið hér í kvöld, en ég tel fullar ástæður til að leggja ekki í keppni við Nd. um þetta atriði, sem ekki skiptir öllu máli. Ég mælist til þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 1275 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, PHerm, BSt, BBen, GJ, StgrA.
nei: KA, LJóh, MJ, BrB, GÍG, HG.
4 þm. (JJ, PM, EE, HermJ) fjarstaddir.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Ég vil ekki stofna frv. í hættu með því að láta það fara í Sþ. og segi nei.

Bernharð Stefánsson: Mér er ekkert sárt um frv. og segi já.

Bjarni Benediktsson: Ég tel það í raun og veru rangindi, að frv. skuli vera þannig breytt án þess að leita nokkurs samkomulags milli deildanna, og falli frv., eins og það er nú úr garði gert, er það á þeirra ábyrgð, sem þannig fóru að breytingunum. Nú virðist tilgangur frv. aðallega sá að velta kostnaði yfir á sveitarsjóðina. Segi ég því já.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1278).

114. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 137. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 1201).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var til 1. umr., fór það umræðulaust til 2. umr., og ég ætla, að ekki sé ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta.

Frv. þetta er afleiðing af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. En þegar frv. hafði farið til 2. umr., kom fram athugasemd við störf okkar í sjútvn. út af bráðabirgðaákvæðum 11. gr., en þar er gert ráð fyrir, að námskeið skuli halda til undirbúnings undir nám í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík. Nú hefur orðið að samkomulagi að taka b-lið bráðabirgðaákvæðanna upp í frv. sjálft, þannig að í stað þess, að heimilt sé að hafa námskeiðin, skuli það fyrirskipað, ef næg þátttaka fæst.

En höfuðbreytingin er þó sú, að próf frá þessum námskeiðum skuli veita réttindi til II. bekkjar stýrimannaskólans. Og má telja, að samkomulag sé um þetta við skólastjóra stýrimannaskólans og aðra þá, sem láta sig þetta skipta að einhverju leyti, enda er þetta raunverulega ekki stórvægileg breyting. Ég ætla, að ekki sé þörf á að ræða þetta frekar, en leyfi mér að leggja fram þessar skriflegu brtt. frá sjútvn.: [Sjá þskj. 1233.]

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1233) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessar umr., en vil lýsa því yfir, að ég er ánægður með þessar brtt. frá sjútvn. Ég var óánægður með bráðabirgðaákvæðin að því leyti, að með þeim var sú fræðsla, sem haldið hefur verið uppi úti um land, gerð að bráðabirgðafræðslu.

Hins vegar stóð í 4. gr. l. nr. 104 frá 1936 ákvæði um, að halda skyldi námskeið á 4 stöðum, Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og Vestmannaeyjum, sem gerðu mönnum mögulegt að taka hið minna fiskimannapróf. Bráðabirgðaákvæðin voru í ósamræmi við þetta. En nú hefur sjútvn. breytt þessu þannig, að próf frá námskeiðum þessum skuli veita mönnum réttindi til að komast í II. bekk fiskideildar stýrimannaskólans. Ég get eftir atvikum sætt mig við það fyrirkomulag, fyrst búið er að gera breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem Alþ. hefur nú þegar samþ. — Ég gat hins vegar alls ekki sætt mig við, að fræðsla sú, sem veitt var skipstjóraefnum úti á landi og verið hefur notadrjúg, yrði gerð að bráðabirgðaákvæði og væntanlega þá lögð niður að fimm árum liðnum. En með brtt., sem sjútvn. hefur flutt, tel ég, að séð sé fyrir þessu, svo að viðunanlegt sé, einnig fyrir okkur, sem erum úti á landsbyggðinni. Og get ég því mælt með brtt. hv. sjútvn.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. — Ég þakka hæstv. dóms- og félmrh. fyrir undirtektir hans undir þessar brtt. Þær eru bornar fram til þess að taka ákveðnar fram það, sem í frv. er hú þegar. En svo mun til hafa verið ætlazt, að þessum námskeiðum yrði haldið áfram fyrir þá menn, sem eiga að öðlast réttindi til að fara með skip yfir 30 rúmlestir að stærð. Og um það held ég, að ágreiningur hafi ekki verið við skólastjóra stýrimannaskólans. Hann taldi það rétt og skylt, þó að í sumum tilfellum gæti kennsla einstakra manna komið þar til greina. En það er skoðun sjútvn., að þessir menn skyldu ganga á námskeið. Og þess vegna leggur n. til, að þetta verði bundið í l., eins og það hefur verið í l. frá 1936 um kennslu handa mönnum, sem höfðu réttindi til þess að stjórna skipum, er voru allt að 75 rúmlestir, en var nú ætlazt til, samkv. frv., að félli niður, þar sem það próf er úr sögunni.

Viðvíkjandi því, að þetta gæti verið tilsvarandi fyrri vetrar námi á stýrimannaskóla í Reykjavík, skal ég taka fram, að ég hef ekki náð í skólastjórann til þess að tala um það við hann. En vel undirbúnir piltar hafa að sjálfsögðu getað stytt sér nám við stýrimannaskólann með þeirri undirbúningsmenntun, sem þeir hafa hlotið með því að vera á námskeiðum. Hins vegar, ef þessi menntun, sem þeir fá á námskeiðunum, er ekki svo mikil, að þeir komist fyrir hana gegnum skólann á einum vetri, er ekkert um það að segja. En þetta hvetur menn til þess að búa sig betur undir námið en ella. Og það er skoðun sjútvn., að þessi aðferð þýði það, að fleiri menn leggi sig fram um það að taka stærra fiskimannapróf heldur en áður. Og efnislega er enginn ágreiningur á milli n. og skólastjóra stýrimannaskólans um þetta mál, svo að ég hygg, að hv. þdm. geti með góðri samvizku veitt fylgi sitt þessari brtt., sem n. er sammála um að gera, en hún er um efni, sem ekki vannst tími til að taka nógu nákvæmlega fram, þegar málið var flutt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 1233,1 (ný 10. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 1233,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Á 139. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1234, 1236).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 1236. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég vil mega vænta þess, að umr. þurfi ekki að verða um málið, því að ef það sýnir sig, verður að fresta meðferð þess.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Það er rétt að leiðrétta smámistök, er orðið hafa. Í 10. gr. frv. segir: „Í reglugerð verður ákveðið", en það átti að vera: „Í reglugerð skal ákveðið." Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti sér sér fært að leiðrétta þetta. **(Forseti:** Jú, jú.) Svo er önnur villa, sem þarf alveg leiðréttingar við, því að það er töluvilla. **(PZ:** Brtt. er komin, og er verið að útbýta henni.)

Forseti (JörB): Fyrri brtt. má skoða sem leiðréttingu, því að það leiðir af sjálfu sér, að um misritun er að ræða, en öðru máli gegnir um seinni till., og verður hún borin upp.

ATKVGR.
Brtt. 1236,1 samþ. án atkvgr.
— 1236,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 137. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 1238).
Á 138. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1238, n. 1257).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta mál á þskj. 1238 og borið saman við gildandi l. nr. 100 frá 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og orðið þess áskynja, að það sé ekki gerlegt að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, meðal annars vegna þess, að í 6. gr. l. er ákvæði, sem ekki er tekið upp í þetta frv. og fellur því alveg burt, ef frv. er samþ. óbreytt. Það er því nauðsynlegt að gera breyt. við 3. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir, þannig að þetta ákvæði um staðarákvarðanir með radíómiðunum komi aftur inn í frv.

Það er einnig nauðsynlegt að gera breytingar á 5. gr. frv., sem eru fólgnar í því að gera þar ýmsar leiðréttingar. T. d. er ætlazt til þess, að orðið „meira" í upphafi gr. falli niður, eins og stendur í frv., en þetta orð kemur fyrir 4 sinnum annars staðar í þessari sömu gr. Svo að þótt orðið „meira" sé fellt niður í upphafi gr., þá stendur þetta orð enn í l., og þarf því að fella í burt það orð alls staðar á þeim stöðum, þar sem það á ekki lengur heima, eftir að búið er að breyta frv. Þessa leiðréttingu er að finna á þskj. 1257 undir a-lið, 2. tölulið.

B-liðurinn er ekki um annað en að færa þarna til til samræmis við þá breyt., sem búið var að gera.

Þá er c-liðurinn um það, að í stað orðsins „segulskekkjumælinum" komi: stefnumagnsmælinum, en ekki stefnumagnsmælirinn; þetta kemur af því, að þess hefur ekki verið gætt, í hvaða falli það ætti að standa, þegar það kæmi saman við meginmál frumvarpsins.

Þá kemur d-liðurinn. Þar er nokkuð breytt orðalagi, þannig að aftan við kaflann komi ný málsgr., svo hljóðandi: Þekking í stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug, í staðinn fyrir, að í frv. er: „Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort."

Að síðustu er e-liðurinn, að aftan við gr. komi ný málsgr., sem hljóðar þannig, og er tekin upp málsgr. alveg eins og hún er í frv. á þskj. 1238: „Ráðherra er heimilt, að fengnum till. skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs." Þetta er nokkuð skýrara hér, hvar það eigi að koma í l., svo að ekki verði villzt á því, að það á að koma á eftir þeim kafla l., sem ákveður, hve mörg tungumál á að kenna til þessa prófs.

Flestar þessar breytingar eru í raun og veru ekki nema orðalagsbreytingar og leiðréttingar á því, sem af vangá hefur fallið niður, þegar frv. var samið.

En þetta hefur allt verið borið undir skólastjóra stýrimannaskólans og einnig borið saman við gildandi lög.

Nm. eru sammála um, að þessar breyt. séu nauðsynlegar, til þess að frv. geti náð því, sem því var ætlað.

Leggur n. einróma til, að þær verði samþ., eins og þær liggja fyrir á þskj. 1257.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1257,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1257,2 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 1264).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 1264).
Á 142. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1281).

Önnur mál.

I. Gildistaka lýðveldisstjórnarskrár og forsetakjör.

Á 33. fundi í Sþ., 16. júní, að samþykktri þál. um gildistöku stjórnarskrárinnar, mælti

forseti (GSv): Dagskrá fundarins er lokið, en hæstv. forsrh. tekur til máls og les ríkisstjórabréf.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Sem afleiðing af þeirri þingsályktun, sem gerð hefur verið, hefur ríkisstjóri gefið út svo hljóðandi bréf:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt: Að ég hef ákveðið samkv. 32. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum laugardaginn 17. júní 1944.

Ritað í Reykjavík 14. júní 1944.

Sveinn Björnsson."

Samkv. þessu bréfi lýsi ég því yfir, að næsti fundur í sameinuðu þingi verður haldinn á Þingvöllum.

Forseti (GSv): Þá er verkefni þessa fundar lokið. En næsti fundur í sameinuðu Alþingi verður haldinn laugardaginn 17. júní 1944 að Lögbergi á Þingvöllum og hefst kl. 1,55 miðdegis. Verður tekið á dagskrá:

1. Yfirlýsing forseta um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.
2. Kosning forseta Íslands fyrir tímabilið frá 17. júní 1944 til 31. júlí 1945.

Á 34. fundi í Sþ., að Lögbergi á Þingvöllum, laugardaginn 17. júní, mælti

forseti (GSv): Þá er fundur settur í sameinuðu Alþingi að Lögbergi á Þingvöllum við Öxará.

Vegna þeirra merkilegu mála, er hér eiga að sæta fullnaðarmeðferð, hefur Alþingi í dag með stjórnskipulegum hætti verið flutt af sínum venjulega samkomustað í höfuðstað landsins til þessa fornhelga staðar, þar sem einatt áður dró til úrslita í tilverumálum hinnar íslenzku þjóðar.

Verkefni þessa þingfundar er tvíþætt, í samræmi við það, sem þegar hefur fullgert verið og lög standa nú til, og er samkvæmt dagskrá fundarins ákvarðað þannig:

1. Lýst gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands ásamt öðru, er þeim þætti heyrir.
2. Kjörinn forseti Íslands, er síðan vinnur eið að stjórnarskránni.

Tveir hv. þm. hafa tilkynnt forföll sakir sjúkleika, þm. V.-Húnv. (SkG) og þm. N.-Þ. (GG), og senda jafnframt þinginu og málefnum þess beztu árnaðaróskir.

Yfirlýsing um gildistöku stjórnarskrárinnar.

Síðan mælti

forseti (GSv): Verður þá gengið til dagskrár og tekið fyrir fyrra málið, sem er:

Yfirlýsing forseta um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Þingsályktun, afgreidd af Alþingi þann 16. júní þ. á., hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, með tilvísun til 81. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og þar sem skilyrðum sömu greinar um atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna í landinu er fullnægt, að stjórnarskráin gangi í gildi laugardaginn 17. júní 1944, þegar forseti sameinaðs Alþingis lýsir yfir því á fundi í Alþingi."

Nú verður hlé í nokkrar mínútur.

[Kl. 2 hringdi forseti bjöllu, og þingheimur reis úr sætum.]

Samkvæmt því, sem nú hefur greint verið, lýsi ég yfir því, að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er gengin í gildi.

[Forseti hringdi bjöllu. Þjóðfáni Íslendinga var dreginn að hún. Kirkjuklukkum hringt í 2 mínútur. Síðan almenn þögn eina mínútu. Að því loknu var þjóðsöngurinn leikinn og sunginn. Því næst hringdi forseti, og þingheimur settist.]

Forseti (GSv): Háttvirtu alþingismenn. Herra ríkisstjóri. Hæstvirt ríkisstjórn. Virðulegir gestir. Íslendingar. — Hinu langþráða marki í baráttu þessarar þjóðar fyrir stjórnmálafrelsi er náð. Þjóðin er nú loks komin heim með allt sitt, fullvalda og óháð. Stjórnmálaskilnaður við erlent ríki er fullkomnaður. Íslenzkt lýðveldi er sett á stofn. Endurheimt hið forna frelsi.

Ættfeður vorir, þeir er hér námu land, helguðu það sér og sínum niðjum til eilífrar eignar. Og frelsi sitt innsigluðu þeir hér með stofnun þjóðþings fyrir meira en þúsund árum.

„Hátt á eldhrauni upp,
þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almannagjá,
Alþingi feðranna stóð."

Þá varð Alþingi frjálsra Íslendinga til og dafnaði, og það lifir enn í dag sem öldungur þjóðþinga allrar veraldar, sem þó ávallt yngist upp og á fyrir sér að þroskast og blómgast á ný með lýðfrjálsri þjóð,

er velur sjálf sína foringja. Þessi nú frjálsa þjóð, sem þolað hefur þrengingar margra liðinna alda og stundum undir erlendri kúgun, gleymdi þó aldrei sjálfri sér né afrækti sitt dásamlega land, sem henni var í öndverðu af Guði útvalið, land, sem „hart var aðeins sem móðir við barn" — hún hefur nú með áþreifanlegum hætti sýnt, að hún þekkti sinn vitjunartíma, kunni að höndla hnossið, þegar það átti að falla henni í skaut.

Sérhvað hefur sína tíð. Fulltrúar þjóðarinnar völdu hinn rétta tíma, sem fyrir fram mátti kalla ákvarðaður af eðlilegri rás viðburðanna, en einnig vegna aðgerða Íslendinga sjálfra. Þetta hafa aðrar þjóðir nú einnig viðurkennt, góðu heilli. Það, sem nú er orðið, á ekki skylt við neina bylting, og með réttu hefur ekkert umhverfis það á sér óróleikans blæ. Það er ávöxtur langrar þróunar, sem engum gat tjóað að spyrna í gegn. Og líkt má segja um eðlilega og réttmæta frelsisþrá allra þjóða, sem aldrei verður kæfð. Slíkt er eins og straumþung elfan, sem ómótstæðileg fellur um langan veg í hafið. Og „hver vill banna fjalli frá fljóti rás til sjávar hvetja"?

Vissulega megum vér líta í anda liðna tíð. Það, sem er, og það, sem verður, á rót sína í því, sem á undan er gengið, með margvíslegum hætti. Vér höfum árla þessa dags heiðrað minningu eins ágætasta sonar þjóðarinnar, Jóns Sigurðssonar forseta. En að verki loknu gefst ávallt betra og sannara yfirlit ýmissa liðinna viðhorfa. Sagan mun hér eftir á óvéfengjanlegan hátt skrá á spjöld sín orsakir og afleiðingar atburða í lífi Íslendinga eins og annarra, frá upphafi vega, og bíður fullnaðardómur þess. Allt mannlíf er í heild órjúfanlegum lögmálum háð. Vér bindum nú vora bagga sjálfir.

Á þessari stundu hlýðir, að ég í nafni löggjafarþings þjóðarinnar færi þeim, er síðast og síðastur hefur konungur verið yfir Íslandi, Kristjáni X. Danakonungi, þakkir fyrir velvilja hans í garð landsmanna á undanförnum árum, og árna ég honum, fjölskyldu hans og hinni dönsku þjóð allra heilla. Það er viss von vor, að haldast megi vináttubönd vor við nágranna- og frændþjóðir vorar allar á Norðurlöndum, sem vér einlæglega óskum friðar, frelsis og farsældar, jafnframt og vér treystum því, að oss auðnist að lifa í fullri vinsemd og góðri kynningu við voldugar nágrannaþjóðir vorar og aðrar, er oss vilja samúð og skilning veita og frelsi vort virða, svo sem einnig greinilega hefur komið í ljós á þessum örlagaríku tímum. Munum vér minnast þess með þakklæti og fögnuði. Og það er ósk vor til allra þjóða, að sem fyrst megi linna þeim hörmungum styrjaldar, sem nú þjaka mannkynið, um leið og vér viðurkennum bljúgum huga, að við því böli hefur forsjónin hlíft oss að þessu.

Hver siðmenntuð þjóð skal sínum stjórnarháttum ráða. Um það ber eigi lengur að efast. Íslendingar hafa nú að sjálfráðu og trúir frumeðli þjóðar sinnar valið einum rómi það stjórnarform, er þeir telja bezt hæfa frjálsri þjóð í frjálsu landi, — lýðveldið. Nú er að gæta þess vel, sem réttilega er aflað. Ábyrgðin er vor, og störfin kalla, störf, sem oss ber að vinna sameinaðir og með það eitt fyrir augum, sem í sannleika veit til vegs og gengis og blessunar landi og lýð. Í dag heitstrengir hin íslenzka þjóð að varðveita frelsi og heiður ættjarðarinnar með árvekni og dyggð, og á þessum stað votta fulltrúar hennar hinu unga lýðveldi fullkomna hollustu.

Til þess hjálpi oss Guð Drottinn.

Kosning forseta Íslands.

Síðan mælti

forseti (GSv): Verður þá tekið fyrir síðara málið á dagskránni, sem er:

Kosning forseta Íslands fyrir tímabilið frá 17. júní 1944 til 31. júlí 1945.

Verður nú gengið til forsetakjörs, en samkvæmt ákvæði um stundarsakir í stjórnarskránni fer það fram eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis. Verður útbýtt seðlum meðal þingmanna. [Þingskrifarar útbýttu alls 50 seðlum, eða til allra viðstaddra þm., og skiluðu þeim aftur í hendur forseta.]

Atkvæði verða lesin, þar eð seðlum hefur verið skilað réttri tölu. [Forseti las upp atkvæðin.]

Atkvæði hafa fallið þannig, að Sveinn Björnsson ríkisstjóri hefur hlotið 30 atkv., Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi 5 atkv., en 15 seðlar auðir.

Kosning er gild, — og lýsist yfir því, að

Sveinn Björnsson

er rétt kjörinn forseti Íslands tilskilið tímabil.

Herra forseti Íslands, Sveinn Björnsson! Þér hafið nú verið kjörinn fyrsti forseti hins íslenzka lýðveldis. Ber yður að fullnægja 10. gr. stjórnarskrárinnar, er hljóðar þannig:

„Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt."

Eiðstafur þessi er svo hljóðandi:

„Ég undirritaður, sem kosinn er forseti Íslands, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá ríkisins."

[Hinn nýkjörni forseti, Sveinn Björnsson, gekk fram og tók sæti það, sem ætlað var forseta Íslands. Lagði skrifstofustjóri Alþingis fyrir hann til undirskriftar drengskaparheitið í tveim eintökum. Forseti undirritaði bæði eintökin, en þingmenn risu úr sætum og stóðu á meðan. Að því loknu afhenti skrifstofustjóri forseta sameinaðs Alþingis bæði hin undirrituðu eintök.]

Heitvinningu forseta er lokið.

Ingvar Pálmason, aldursforseti þingsins, gekk þá fram og mælti:

Ég bið þingheim allan að árna Íslandi og forseta þess allra heilla með ferföldu húrra. Lifi Ísland! Lifi forsetinn! [Þingheimur stóð upp og tók undir með ferföldu húrrahrópi.]

Forseti (GSv): Forseti Íslands tekur til máls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Herra alþingisforseti. Háttvirtir alþingismenn. — Ég þakka fyrir það traust, sem mér hefur verið sýnt með því að kjósa mig fyrsta forseta Íslands nú.

Er ég var kjörinn ríkisstjóri í fyrsta skipti fyrir réttum 3 árum, lýsti ég því, að ég liti á það starf mitt framar öllu sem þjónustu við heill og hag íslenzku þjóðarinnar, og það Guð að gefa mér kærleika og auðmýkt, svo að þjónusta mín mætti verða Íslandi og íslenzku þjóðinni til góðs. Síðan

eru liðin 3 ár, sem hafa verið erfið á ýmsan hátt. En hugur minn er óbreyttur. Ég tek nú við þessu starfi með sama þjónustuhug og sömu bæn.

Á þessum fornhelga stað, sem svo ótal minningar eru bundnar við um atburði, sem markað hafa sögu og heill þjóðarinnar, vil ég minnast atburðar, sem skeði hér fyrir 944 árum. Þá voru viðsjár með mönnum sennilega meiri en nokkru sinni fyrr þau 70 ár, sem þjóðveldið hafði starfað þá. Og ágreiningsefnið var nokkuð, sem er öllum efnum viðkvæmara og hefur komið á ótal styrjöldum í heiminum. Það voru trúarskoðanir manna. Forfeður vorir höfðu haldið fast við hina fornu trú, Ásatrúna, sem flutzt hafði með þeim til landsins. Nú var boðaður annar átrúnaður, kristindómurinn. Lá við fullkominni innanlandsstyrjöld milli heiðinna manna og kristinna.

Alþingi tókst að leysa þetta mikla vandamál hér á Lögbergi. — Um þetta segir svo í Njálu:

„Um daginn eftir gengu hvárirtveggju til Lögbergs, ok nefndu hvárir vátta, kristnir menn ok heiðnir, ok sögðust hvárir ór lögum annarra. Ok varð þá svá mikit óhljóð at Lögbergi, að engi nam annars mál. Síðan gengu menn í braut, ok þótti öllum horfa til inna mestu óefna."

Forustumaður kristinna manna fól nú andstæðingi sínum, hinum heiðna höfðingja Þorgeiri Ljósvetningagoða, að ráða fram úr vandræðunum. Hann gerhugsaði málið. — Um málalok segir meðal annars svo í Njálu:

„En annan dag gengu menn til Lögbergs. Þá beiddi Þorgeir sér hljóðs ok mælti: Svá lízt mér sem málum várum sé komit í ónýtt efni, ef eigi hafa ein lög allir. En ef sundr skipt er lögunum, þá mun sundr skipt friðinum, ok mun eigi við þat mega búa."

Heiðinginn Þorgeir Ljósvetningagoði segir því næst svo: „Þat er upphaf laga várra, at menn skulu allir kristnir vera hér á landi."

Undu allir þessum málalokum með þeim árangri, að af leiddi blómaöld Íslands, unz sundurþykkið varð þjóðveldinu að fjörtjóni.

Nú á þessum fornhelga stað og á þessari hátíðarstundu bið ég þann sama eilífa Guð, sem þá hélt verndarhendi yfir íslenzku þjóðinni, að halda sömu verndarhendi sinni yfir Íslandi og þjóð þess á þeim tímum, sem vér nú eigum fram undan.

Forseti (GSv): Forsetinn hefur lokið máli sínu. Störfum þessa þingfundar er lokið. Þingheimur heldur þó um sinn kyrru fyrir á Lögbergi. Þegar að afloknum fundi munu fulltrúar erlendra ríkja flytja kveðjur.

Þingfundi er slitið.

II. Kveðja frá Bandaríkjaþingi.

Á 35. fundi í Sþ., 20. júní, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GSv): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá utanríkisráðuneytinu, undirritað af utanríkisráðherra:

„Utanríkisráðuneytið vill hér með tilkynna yður, herra alþingisforseti, að sendiráð Bandaríkjanna hér hefur skýrt ráðuneytinu frá því, að öldungadeild þjóðþings Bandaríkjanna hafi samþykkt svo hljóðandi ályktun einróma, er fulltrúadeild þjóðþingsins var áður búin að samþykkja í einu hljóði:

„Whereas the people of Iceland in a free plebiscite on May 20 to 23, 1944, overwhelmingly approved the constitutional bill passed by the Althing providing for the establishment of a republican form of government, and, whereas the Republic of Iceland will be formally established on June 17, 1944, now, therefore, be it resolved by the Senate, The House of Representatives concurring that the Congress hereby expresses to the Icelandic Althing, the oldest Parliamentary body in the world, its congratulations on the establishment of the Republic of Iceland and its welcome to the Republic of Iceland as the newest Republic in the family of free nations."

Vilhjálmur Þór.
Forseti Sameinaðs Alþings, Reykjavík."

Bréfinu fylgdi íslenzk þýðing, svo hljóðandi:

„Með því að íslenzka þjóðin hefur með frjálsu þjóðaratkvæði dagana 20. til 23. maí 1944 samþykkt með yfirgnæfandi atkvæðamun stjórnarskrárfrumvarp, sem Alþingi hafði afgreitt og ráð gerir fyrir stofnun lýðveldisstjórnarforms, og með því að lýðveldið Ísland verður formlega stofnað 17. júní, ályktar öldungaráðið, að fengnu samþykki fulltrúadeildar, að Bandaríkjaþing flytji hér með Alþingi Íslendinga, elzta þjóðþingi veraldar, hamingjuóskir í tilefni af stofnun lýðveldisins Íslands og bjóði velkomið lýðveldið Ísland, yngsta lýðveldið í flokki frjálsra þjóða."

Ég leyfi mér að taka það fram, að Bandaríkin, æðsta stjórn þeirra, forsetinn og ríkisstjórnin, voru fyrst þeirra velda — og þau eru nú eitt mesta stórveldi heims —, sem hét því fyrirfram að leggja blessun sína yfir það, að gengið yrði til fullnustu frá sjálfstæðismáli Íslendinga á þessu ári. Í annan stað varð þetta stórveldi til þess að senda hingað með hæstan veg sérstakan fulltrúa forsetans og Bandaríkjastjórnar, til þess að vera viðstaddan og flytja sínar árnaðaróskir á hátíðardegi Íslendinga við gildistöku lýðveldisstjórnarskrárinnar 17. júní s. l. Og nú loks bætast við kveðjur, árnaðaróskir og blessun, sem systurþing Alþingis, Bandaríkjaþing, sendir því viðvíkjandi þessum atburði, sem berst oss að honum afstöðnum og hátíðahöldum, sem vér höfum haft um hönd. Þetta er oss öllum ósegjanlegt fagnaðarefni. Og íslenzka þjóðin mun verða þess minnug, eins og um framkomu þessa stórveldis fyrr og síðar nú þessi ár, sem vér höfum haft saman við það að sælda meir en nokkurt annað ríki.

Ég mun í nafni Alþingis leyfa mér að flytja á tilhlýðilegan hátt kveðju Alþingis til Bandaríkjaþings, árnaðaróskir og sérs.akt þakklæti. Því til samþykkis óska ég, að hv. alþingismenn rísi úr sætum.

[Allur þorri alþingismanna reis úr sætum.]

Garðar Þorsteinsson: Ég bið hæstv. forseta að athuga, að það eru ekki allir þingmenn, sem rísa úr sætum. Sósíalistaflokkurinn situr hjá.

III. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., utan dagskrár, mælti

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Þingheimur hefur vafalaust veitt því athygli, að miklar umræður hafa orðið í blöðum í sambandi við hin hörmulegu sjóslys, er hér hafa orðið nú að undanförnu. Um það hefur verið rætt meðal annars, að nokkur hætta væri á því, að ekki væri gætt nægilegrar varfærni með hleðslu skipa, bæði hér við land og eins þeirra, er sigla til erlendra hafna. Það hefur verið talað um, að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á fiskiskipunum, hafi orðið til þess að minnka öryggi þeirra og jafnvel gert það að verkum, að þau hafi verið ofhlaðin. Ég ætla nú, að öllum sé það ljóst, hversu mikið afhroð íslenzka þjóðin verður að gjalda, ef mörg sjóslys verða hér jafnægileg og undanfarið, og það er alvöruefni, þegar við íhugum, hve mikla þýðingu skipin hafa fyrir okkur.

Mér finnst full þörf á, að þessi mál séu athuguð. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh. og ríkisstjórnar, hvort hún hafi ekki séð ástæðu til að láta rannsókn fara fram um þessi efni. Ég vil þó ekki leggja neinn dóm á þessi ummæli að svo komnu máli. Það mundi þó sennilega koma í ljós við slíka rannsókn, hvort það er rétt, sem sumir sjómenn halda fram, að ofhleðsla gæti orsakað slík stórslys.

Ég vænti að heyra frá hæstv. atvmrh., hvort ríkisstj. hafi nokkuð látið rannsaka þessi mál.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Í tíð núverandi ríkisstj. hefur sá háttur verið hafður, þegar sjóslys hafa orðið eða skip farizt, að atvmrn. hefur lagt fyrir sjódóm að rannsaka málin, eftir því sem kostur væri á. Þetta hefur verið gert, til þess að reyna að komast eftir því, hvað valdið hafi slysunum, og til þess að reyna að læra að fyrirbyggja, að sams konar slys komi aftur fyrir.

Samkvæmt þessari venju hefur atvmrh., með bréfi 21. þ. m. til sjódómsins í Reykjavík, gert ráðstafanir til þess, að sjópróf fari fram í tilefni af hvarfi b/v Max Pemberton, til þess að leitast við að finna orsakir að hvarfi skipsins. Þess var einnig óskað, að í sambandi við þetta próf væri aflað skýrslna um það, hvort breyt. hafi verið gerð á fiskirúmum þess, sem ætla mætti, að leitt hefðu til þess, að skipið væri ofhlaðið. Það mun og verða rannsakað, hvort loftvarna- og björgunarútbúnaður skipsins hafi verið þannig, að ætla megi, að hann hafi gefið skipinu óeðlilega yfirvigt, og mun sjódómur láta fara fram próf á síðustu höfn, er skipið kom til, til þess að fá upplýst um hleðslu þess þá og annað, sem máli mætti skipta. Jafnframt og í þessu sambandi hefur ráðuneytið óskað, að sjódómurinn í Reykjavík athugi og leiti skýrslna um, hvernig ástatt er með togara og önnur fiskiskip, sem sigla milli landa, um það, hvaða breyt. hafi verið á þeim gerðar, sem gætu verið óheppilegar eða rýrt gildi þeirra sem sjóskipa.

Ráðuneytið hefur lagt mikla áherzlu á, að athugun þessi fari fram sem allra fyrst, og til þess að svo geti orðið og sem beztur árangur náist, hefur það talið sjálfsagt, að sjódómurinn fái sér til aðstoðar sérfræðinga og kunnáttumenn, svo sem þurfa þykir.

Að lokinni rannsókn verður ráðuneytinu gefin skýrsla um niðurstöður rannsóknarinnar, og verða þá gerðar þær ráðstafanir, sem hún kann að gefa tilefni til.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir upplýsingarnar. Mér þykir það mikils virði, að hæstv. ríkisstjórn hefur nú hafizt handa í þessum málum. En ég vil bæta því við, að áður en þessari athugun lýkur og niðurstöður hennar koma fram, þá verður að hafa sem bezt auga með því, að eftirlit allt sé í sem beztu lagi. Ég vil fastlega vænta þess, að svo verði.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég vil í sambandi við þetta mál benda á þá nauðsyn, sem á því er, þegar gerðar eru breytingar á fiskiskipunum, að athuga ekki einasta stöðugleika þeirra undir venjulegum kringumstæðum, heldur líka, hvort þau geti rétt sig við, þegar þau eru lögzt á hliðina í sjónum. Mér finnst einnig rétt að benda á það, að eini lærði skipaverkfræðingurinn hér á landi er Bárður G. Tómasson og á heima í Ísafirði. Mér þætti æskilegt, að hæstv. ríkisstjórn tryggði sér aðstoð hans í þessu máli. Mér virðist alls ekki úr vegi, að við notum í þessu efni þá krafta, sem við eigum til í landinu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Eins og hæstv. ríkisstjórn er kunnugt, þá var hér skipuð nefnd manna til að endurskoða launalögin. Það mun hafa verið lagt fyrir þessa n. að ljúka störfum fyrir síðasta framhaldsþing, sem lauk störfum sínum rétt fyrir jólin. En einhverra orsaka vegna gat þetta nú ekki orðið þá. Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstjórn, hvað líði störfum þessarar n., og hvort hún hyggist ekki að leggja álit hennar fyrir þetta þing.

Á 11. fundi í Sþ., 1. febr., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Fyrir nokkrum dögum bar ég fram í Nd. fyrirspurn til ríkisstj., sem þá var ekki unnt að fá svarað, vegna fjarveru þess ráðherra, sem það mál heyrði undir. Ég vil nú leyfa mér að endurtaka þá fyrirspurn, en hún var á þá leið, hvort n. sú, sem átti að rannsaka launalögin, hefði ekki lokið störfum sínum, og ef svo væri, hvort ríkisstj. teldi ekki hyggilegt að leggja ályktanir hennar fyrir hæstv. Alþingi.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil svara þessari fyrirspurn á þá leið, að álit þeirrar n., sem hér er um að ræða, er ekki enn þá komið fram. En hins vegar höfum við fengið frá n. skrá á launaflokkum og hvernig hún hugsar sér það. Þess vegna get ég ekki farið nánar inn á þetta að svo stöddu eða hvenær þetta verður lagt fyrir þingið. En þegar þetta álit kemur, mun ríkisstj. að sjálfsögðu taka það til athugunar. Um það, hvort álit n. verður lagt fram strax, get ég ekkert sagt, fyrr en ríkisstj. hefur haft tíma til að athuga það og hvort hún geti fallizt á allar þær till., sem þar koma fram.

Á 12. fundi í Nd., 14. febr., utan dagskrár, mælti

Finnur Jónsson: Það hefur komið í ljós, að allmikill veiðarfæraskortur er í landinu, nú þegar í byrjun vertíðar. Það hafa borizt kvartanir um, að nokkur skip muni verða að hætta veiðum eða muni ekki geta tekið þátt í vertíðinni sökum veiðarfæraskorts.

Nú er vitað, að það, sem Ísland á að láta viðreisnar- og hjálparstofnuninni í té, er fiskur. Það mun vera talsverður áhugi fyrir því, að sú fiskframleiðsla geti orðið sem mest. Nú er séð, að ef ástandið er þannig í byrjun vertíðar, að veiðarfæri vantar, þá er hvorki hægt að hafa þá atvinnu í landinu, sem æskilegt er, né framleiða þann fisk, sem viðreisnar- og hjálparstofnunin óskar að fá.

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh., hverju þetta sætir. Það hefur verið venja að sjá um, að það væri til nægilegt efni til veiðarfæragerðar. Það virðist ekki hafa verið hugsað fyrir því. Enn fremur vil ég spyrja, hvaða ráð hann vill hafa til að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í þessum málum.

Skriflegar spurningar hafa borizt mþn. í sjávarútvegsmálum um þetta, en þar sem nauðsynlegt er að hefjast handa til bóta á þessu ástandi nú þegar, vildi ég ekki láta hjá líða að spyrja, hvað gert verður.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég skal, eftir því sem tök eru á, verða við tilmælum hv. þm. Ísaf. og segja það, sem ég man um gang málsins, þó að ég hafi ekki þau gögn í hendi, sem geri mér kleift að gefa ýtarlegt svar.

Þegar í byrjun þessa stríðs fór að bera á skorti á hampi. Sá hampur, sem notaður er til veiðarfæragerðar, er þrenns konar: 1) ítalskur hampur, sem ekki hefur verið fáanlegur, síðan Ítalía fór í stríðið, 2) Manila-hampur, og 3) Sísalhampur. Strax og Filippseyjar voru herteknar, hvarf Manila-hampurinn af markaðnum. En hann er sterkari en Sísalhampur, sem er næstur þeim ítalska. Englendingar notuðu hann til að blanda með Sísal, svo hann yrði styrkari. Þegar komið var þannig, að Manilahampur var ófáanlegur, þá varð samkomulag milli Bandaríkjanna og Englands um, að Englendingar skyldu skaffa okkur vissan skammt til fiskveiða. Þetta magn, sem úthlutað var fyrir ári síðan, var 8—10 þús. tonn. Þetta gekk sæmilega árið sem leið, af því að nokkrar birgðir voru til í landinu, sérstaklega af köðlum. Nú hefur tvennt orðið til að gera ástandið ískyggilegt. Bretar þóttust neyddir til að minnka skammtinn í 6000 tonn, og birgðir hafa smágengið til þurrðar. Ráðuneytinu var ljóst, hver alvara var á ferðum. Það hefur gert það, sem unnt hefur verið, til að ráða bót á ástandinu. En allt, sem reynt hefur verið, hefur komið fyrir ekki. Engin aukning hefur fengizt á úthlutun á tilbúnum veiðarfærum né efni, og þegar það er enn minnkað, þá er séð, að hér stefnir til vandræða.

Þetta mál hefur því verið tekið upp stjórnmálaleiðina. Ríkisstjórnin hefur tekið það upp við stjórn Bandaríkjanna og Ísland farið fram á, að það fengi vöruna, en svar er ókomið. Það hefur verið ýtt á eftir, svo sem unnt er, af okkar hálfu, því að okkur er ljóst, að það horfir til vandræða, ef ekki er við gert.

Ég vil einnig geta þess, að þetta mál verður tekið upp af þeim, sem hér eru nú komnir til að semja um kaup og sölu íslenzkra afurða. Það segir sig sjálft, að það er óþarfi að semja um sölu á fiski, ef ekki er hægt að veiða hann.

Finnur Jónsson: Það er gott að fá þessar upplýsingar. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því, að það skuli nú, í byrjun vertíðar, vera verið að taka upp samninga, ef fyrir löngu hefur verið sýnilegt, að það mundi verða veiðarfæraskortur. Ég held, að þetta sé eindæma rekstur á þessu ári á þessu máli.

Það er sagt, að það skorti bæði lóðaefni og fiskinet, en nú á vertíð að vera komin á sitt hæsta stig. Það er undarlegt, að ríkisstjórnin skuli ekki hafa fylgzt með þessu og séð um að kippa þessu í lag. Það sýnist vera sama seinlætið með þetta og hitt, að láta Bandaríkin og Breta standa við þá samninga, sem þeir hafa gert um að útvega mótorvélar. Bandaríkin mundu ekki eiga erfitt með það. Það er eins og það vanti annaðhvort vilja Bandaríkjanna eða nægan eftirrekstur af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það, sem liggur út yfir, er, að Bandaríkjamenn hafa sent vélar í byrjun stríðsins, en neita nú að selja varahluti til þeirra. Það liggur við borð, að þeir, sem hafa keypt vélarnar, verði að kaupa aðrar nýjar, ef þær bila. Það sýnist þurfa að sýna Bandaríkjunum fram á, að til þess að taka þátt í starfi viðreisnar- og hjálparstofnunarinnar, verður að hafa veiðarfæri. Það getur ekki verið hagsýni, jafnvel ekki fyrir Bandaríkjamenn, að það skuli vanta bæði veiðarfæri og vélahluti í vélar, sem þeir hafa selt.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið farið allar venjulegar leiðir. En hvað er langt síðan farið var inn á óvenjulegar leiðir, þ. e. a. s. stjórnmálalegar leiðir, til að fá bætt úr þessu ástandi?

Ég hygg, að reynslan sýni, að annaðhvort er erfitt að ná eyrum þeirra, sem stjórna, eða að stjórnin hefur ekki gert sér ljóst, hvað gera ber.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það er auðvelt fyrir hv. þm. að halda fram, að allt reki á reiðanum fyrir ríkisstjórninni, af því að allir hlutir fást ekki. En ég vil benda á, að við lifum á stríðstímum, og það er stundum þungt fyrir um að útvega nauðsynjavörur, svo ég ekki tali um þær, sem stríðsaðilar sjálfir þurfa mjög mikið að nota til stríðsþarfa. Þess vegna er það hæpið af honum að slá því fram, að hér sé um sleifarlag að ræða, þegar vantar einhverja vöru. Ég vil a. m. k. ekki viðurkenna, að hér hafi verið um nokkurt sleifarlag að ræða, hvorki hvað snertir veiðarfæri né efni.

Það var ekki byrjað á því að fara diplomatisku leiðina. Það er ekki gert, fyrr en í síðustu lög, ef allt annað bregzt.

Hv. þm. spurði, hvers vegna ríkisstjórnin hefði tekið það svona seint í höfuðið að kippa þessu í lag. Þar er því til að svara, að það er ekki nema stuttur tími síðan veiðarfæraskammturinn var skorinn niður um ¼, og strax og það átti sér stað, sneri stjórnin sér diplomatisku leiðina. Englendingar höfðu ekki gefið okkur afsvar um, að kvótinn gæti hækkað, en fram á það höfðum við farið. En þegar svo við fáum svar, þá er það ekki bara, að kvótinn geti ekki hækkað, heldur er það niðurskurður. Þegar sendiherrann talar við þá, þá segja þeir, að þeir hafi ekki veiðarfærin til. Þeim er það ljóst, eins og okkur, að ef þeir geta ekki látið

okkur fá veiðarfæri og hampvörur, þá getum við ekki látið þá fá fisk. Þetta er einhver hin vandfengnasta vara, af því að löndin, sem framleiða hana, eru í höndum óvinanna. Ég get skilið, að takmörk eru fyrir því, hvernig hægt er að skipta henni. Hins vegar er ekki um það að deila, að það verða farnar þær leiðir, sem unnt er að fara, til að kippa þessu í lag.

Finnur Jónsson: Það er ljóst, að stjórnin á í erfiðleikum, sem ófriðurinn leiðir af sér, en meðan ekki upplýsist annað, held ég fast við það, að ganga mun erfiðlega að skýra fyrir viðskiptamönnum okkar þá nauðsyn, sem við höfum fyrir vöruna, eða að ekki hefur verið lögð nægileg áherzla á það. Eftir að heyra ræðu hæstv. ráðh., hallast ég að því síðara. Ég held, að aðalatriðið sé ekki að skýra fyrir þeim, hve nauðsynlegt okkur sé að fá vöruna, heldur hver lífsnauðsyn þeim er að fá okkar vöru. Ég held, að stjórnin hafi farið of seint inn á þá diplomatisku leið. Það bar ekki á neinum veiðarfæraskorti framan af stríðinu, og Bretum virtist vera ljóst, hver lífsnauðsyn þeim var, að við fengjum vöruna. Ég vil benda hæstv. viðskmrh. á, hvort ekki muni vera leið að taka upp snemma í viðskiptasamningunum, að hér verði nægilegar birgðir fyrir síldveiðarnar og varahlutir í síldveiðiskipin. Það er óviðunandi að geta ekki lagt fullan kraft í framkvæmdirnar vegna vöntunar á vörum, sem til þeirra þarf.

Það má óhætt fullyrða, að menn kaupa ekki meira af veiðarfærum en þeir nauðsynlega þurfa á að halda og liggja ekki með birgðir.

Ég hygg, að það hljóti að vera hægt að koma Bandamönnum í skilning um nauðsyn okkar á því að fá vörur til framleiðslunnar, ef nægileg áherzla er lögð á það, hvað það er mikilsvert fyrir okkur að fá þær og að það er þeirra hagur ekki síður.

Pétur Ottesen: Það er vafalaust ekki ofsögum sagt, hvaða vá er fyrir dyrum, ef sjávarútveginn færi að skorta veiðarfæri.

Nú er ekki liðinn nema 1½ mánuður af vertíðinni hér við Faxaflóa. En á þessum tíma hefur flotinn orðið fyrir hinum mesta skaða á veiðarfærum, í sumum róðrunum hafa bátar misst öll veiðarfæri, er þeir lögðu í sjó. Má af þessu ráða, hvílíku tjóni við höfum orðið fyrir, og er ljóst, að hin mesta vá er fyrir dyrum, ef ekki tekst að afla veiðarfæra í skyndi. Takist það ekki, verður ekki hægt að nota þann tíma, sem eftir er af venjulegri vertíð. Þessi óhöpp hafa bætzt við verulega örðugleika á að afla veiðarfæraefnis, eins og hæstv. viðskmrh. hefur lýst yfir. Veit ég, að hann mun reyna eftir öllum hugsanlegum leiðum að afla veiðarfæra eða efnis í þau, og sé þá lagt kapp á að hraða veiðarfæragerð innanlands, meðal annars með því að skipta vöktum í veiðarfæragerðinni. Ef það tekst ekki, er nokkurn veginn víst, að við verðum að hætta veiðum á yfirstandandi vertíð 1—2 mánuðum fyrr en venjulega. Sá tími, sem af er vertíðinni, hefur notazt illa sökum þess, hve ógæftasamt hefur verið. Frátök mikil og sjóveður vond, þá róið hefur verið. Vil ég lýsa ánægju minni yfir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um, að leitað verði ýtrustu ráða til að ráða bót á þessum vandræðum. En eins og ég tók fram áðan, verður það að gerast á örskömmum tíma, eða á meðan bátarnir eru að slíta þeim veiðarfærum, sem þeir nú eiga eftir. Beztu veiðarfærin hafa nú tapazt, því að bátarnir geyma þau lakari, þar til líða tekur á og veður fara að stillast. Nýi hluti veiðarfæranna er tapaður; fór mikið af honum í áhlaupaveðri því, sem gerði síðastliðinn laugardag, bæði við Vestmannaeyjar og í Faxaflóa og eins á Vesturlandi. Veit ég, að hæstv. viðskmrh. skilur vel nauðsyn þá, sem er fyrir hendi, og mun neyta allra ráða til þess að fá bætt sem skjótast úr þessum vandræðum, og á skjótri úrlausn í þessu efni byggist það, hversu mönnum reiðir af með aflabrögðin á þessari vertíð.

Eysteinn Jónsson: Það hefur verið á það bent, hve mikill voði er fyrir dyrum, ef ekki verður skjótlega bætt úr veiðarfæraskortinum. Í því sambandi hefur verið rætt um fyrirhyggju eða ekki fyrirhyggju, en ég skal ekki fara út í það. Þó virðist mér augljóst, að langt sé síðan þeir atburðir gerðust, sem gáfu til kynna, að alvarleg hætta væri á ferðum.

Normalt á veiðarfæragerðin að eiga birgðir af efni í veiðarfæri, en fyrir nokkru mun stjórnin hafa neitað um innflutning á nauðsynlegu efni til þessarar framleiðslu. Þetta er stórkostlegur galli, og þyrfti að koma í veg fyrir slíkt með löggjöf.

Þá vildi ég spyrja, hvort ekki hafa verið settar einhverjar reglur um afhendingu þeirra veiðarfæra, sem til eru í landinu, því að ég geng ekki út frá því, að um algeran skort sé að ræða þegar, og ættu þeir, sem verst eru settir, að geta fengið einhverja úrlausn. Nú má búast við, að fyrirhyggjumenn hafi reynt að birgja sig upp, ef þess hefur verið kostur, og er ég ekki að lasta slíkt.

Mér er ekki kunnugt, hvort miðlun á veiðarfærum hefur verið tekin upp, en það hefði verið nauðsynlegt, þegar útlit fór að verða á skorti á þeim. Hefði ekki átt að leyfa neinum að kaupa nema fyrir næstu mánuði. Má vera, að nú sé þetta um seinan og öll veiðarfæri uppseikt. En ég vildi láta þetta koma fram hér.

Ég trúi ekki öðru en Bandamenn geti gert sér það ljóst, að ef þeir vilja fá fisk frá okkur, verði þeir að láta okkur fá efni í veiðarfæri.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um miðlun á þessari vöru, vil ég taka það fram, að ekki hefur borið á skorti á henni fyrr en nú fyrir skömmu. Þá fyrst var ljóst, að það mundi leiða til öngþveitis. Hygg ég, að ekki sé miklu að miðla hvað snertir veiðarfæri, sem liggja í verzlunum. Ég hygg, að mestar birgðirnar séu hjá útgerðinni sjálfri. Veiðarfæragerðin á engar birgðir, hún vinnur úr því efni, sem hún fær, eftir hendinni og lætur vörurnar frá sér jafnóðum.

Það ætti að vera ljóst samkvæmt því, sem hv. þm. Borgf. sagði um veiðarfæratöp bátanna undanfarna daga, að slíkt getur breytt afstöðunni mikið. Eftir slík óhöpp getur orðið um skort að ræða, þótt ekki væri hann áður.

Það hefur komið fram í umr., að ýmsir útgerðarmenn hafi máske reynt að birgja sig að veiðarfærum til vertíðarinnar, og má vera, að sumir hafi gert það.

Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um samninga-

menn þá, sem hingað eru komnir, vil ég taka það fram, að þeir eru búnir að vera hér aðeins nokkra daga. Er því ekki að vænta úrlausnar um samninga eftir svo stuttan tíma. Þó vil ég geta þess, að fyrsta daginn, sem þeir voru hér, var þetta mál tekið upp við þá. Vænti ég þess, að ekki líði margir dagar, þar til ljóst er, hvaða tillögur þeir hafa í huga að gera fyrir hönd stjórnar sinnar.

Lúðvík Jósefsson: Hér hefur það enn einu sinni verið dregið inn í umr., hvílíkt vandamál veiðarfæraskortur útgerðarinnar er.

Ég hef áður lýst því, hvernig komið er vegna vöntunar ýmissa útgerðarnauðsynja. En mér virðist, að þær umr., sem fram hafa farið hér um þessi mál, hafi borið harla lítinn árangur. Veit ég því ekki, hvort þessar umr. hafa ýkja mikið að segja. En ég vildi þó rifja örlítið upp þessi mál, ef verða mætti til þess, að hæstv. ríkisstjórn reyndi meira en hún hefur gert fram að þessu til að ráða fram úr þessum vandræðum. Þrátt fyrir það, að hér hefur verið lýst yfir, að allt, sem unnt er, hafi verið gert, geta útgerðarmenn ekki sætt sig við það, og er það ekki að ástæðulausu.

Í byrjun stríðsins var svo ástatt, að vantaði króka, og var því ekki hægt að beita. Gekk svo um tíma, að bátarnir gátu ekki stundað veiðar. Alllangan tíma var notazt við nálega ónýta króka. Loks kom í ljós, að hér var um sinnuleysi að ræða frá hendi þeirra, sem áttu að útvega þetta efni.

Nú er svo ástatt, að í byrjun vertíðar er kominn skortur á veiðarfærum. Nú strax í vertíðarbyrjun eru svörin, sem útgerðarmenn fá, á þessa leið: Veiðarfærin eru ekki til, en allt, sem unnt er, verður gert til að útvega þau. Útgerðin er nú aðeins stunduð af hálfum krafti vegna veiðarfæraskorts. Það hefur verið horft á það árið 1943, að útgerðin er að ganga saman, og nú loks, þegar í óefni er komið, á að grípa til svo kallaðrar diplomatiskrar leiðar til úrbóta. Ég verð að líta svo á, að hér sé um hreint sleifarlag að ræða. Nú um nokkur ár hefur verið frá því skýrt, að í verstöðvum landsins liggi skip óhreyfð vegna þess, að þau vantar vélar. Ár eftir ár hafa útgerðarmenn beðið eftir því að fá þær vélar, sem þeir þegar hafa fest kaup á, látnar af hendi. En þegar á þetta er minnzt, er svarað, að allt sé gert, sem unnt sé til að ráða bót á þessu. En á sama tíma og þessi svör eru gefin, gerist það undarlega, að þær sömu þjóðir, sem hér eiga hlut að máli, senda beiðni um meiri fisk. Þetta gerist á sama tíma og við fáum ekki nauðsynlegar vélar og veiðarfæri til framleiðslunnar og getum ekki flutt afurðirnar á erlendan markað.

Ég vil vænta þess, að þessar umr. verði til þess, að ríkisstjórnin sjái, í hvílíkt óefni við erum komnir og höfum verið í og að hún geri frekari ráðstafanir til þess að fá úr þessu bætt.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Út af því, sem ég hef heyrt sagt hér, einkum af hv. tveimur síðustu ræðumönnum, þykir mér ástæða til að segja nokkur orð, sérstaklega út af ræðu síðasta ræðumanns. Hann sagði, að sleifarlagi væri um það að kenna, að við höfum ekki fengið nægan hamp. Ég ætla ekki að fara að karpa við hann um það, hvort ástæða sé til þess fyrir hann að nota það orð, en vil taka það fram, að lagt hefur verið fyrir sendiherra okkar í London og Bandaríkjunum að láta í ljós við stjórnir viðkomandi ríkja, hve alvarlega horfir. Það hefur einnig verið gerð fullkomin grein fyrir því við sendiherra Bretlands og Bandaríkjanna hér, hve ástandið er alvarlegt. En árangur hefur enginn fengizt enn þá.

En hvað snertir hamp til veiðarfæragerðar, þá hafa þeir, sem yfir okkur eru, ráð á honum, en við getum ekki tekið hann. Bandamenn telja sig ekki geta látið okkur hafa meiri hamp en þeir gera, telja sig hafa meiri þörf fyrir hann annars staðar, til hernaðarþarfa. Ég vil aðeins upplýsa, að allt hefur verið gert af hálfu stjórnarinnar á undanförnum mánuðum, sem hægt hefur verið, til þess að leysa þessi vandkvæði, en við getum ekki tekið það, sem þeir vilja ekki láta okkur hafa.

Á 18. fundi í Sþ., 18. febr., utan dagskrár, mælti

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að bera fram þrjár fyrirspurnir til ríkisstjórnarinnar. Sú fyrsta er til atvmrh., þá til dómsmrh. og sú síðasta til forsrh.

Ég vil þá fyrst spyrja hæstv. atvmrh., hvaða breytingar hafi orðið um skipun sáttasemjara í vinnudeilum, frá því sem áður var, eða þá aðstoð, sem hann fær. Árið 1942 störfuðu með sáttasemjara þrír sáttamenn eða fjórir, tilnefndir af þingflokkunum eða miðstjórnum þeirra, og þá var þar maður frá Framsfl. eftir sérstakri ósk frá Ólafi Thors, þáverandi forsrh.

Nú sé ég í blöðum, að búið er að tilnefna menn frá þrem flokkum í sáttanefnd, og er Framsfl. þar undanskilinn. Vildi ég leyfa mér að óska eftir skýringu á þessu.

Til dómsmrh. vil ég beina þeirri fyrirspurn, hvernig hann og lögreglustjóri ætla að svara því tilboði, sem kom frá félagsskap hér í bænum, að setja hér upp sérstakan her, til þess að aðstoða lögregluna við að halda uppi vissri stjórn hér í bænum.

Eftir því, sem kom fram í blöðunum, þá skildist mér, að lögreglustjóra og ríkisstjórn hafi verið boðin aðstoð, ég man ekki frá hvað mörgum hundruðum manna, sem ætla að aðstoða lögregluna í væntanlegri kaupdeilu hér í bænum. Þessi aðstoð á að koma frá Alþýðusambandinu, að því er manni skilst í tvennu lagi, annars vegar að það verður hindrað, að nokkur vinna gerist við höfnina, og í öðru lagi að koma fram eins og „Gestapo" í Þýzkalandi, til þess að hræða þá verkamenn, sem vildu vinna. Þetta tvennt er algerlega nýstárlegt í okkar sögu hér á Íslandi, svo það er naumast hægt fyrir dómsmrh., sem er yfirmaður réttarmála, annað en gera grein fyrir því, hvernig hann og lögreglustj. ætla að svara þessu og hvernig hann ætlar að koma fram í þessu máli, ef stofnaður verður sérstakur her af öðrum aðila í vinnudeilum hér í þessum bæ.

Til forsrh. vil ég beina þeirri spurningu, hvernig hann líti á það deilumál, sem nú vofir yfir viðvíkjandi því, hvað séu eðlileg takmörk í vinnudeilu eins og þeirri, er hér um ræðir, hvaða takmörk hún eiginlega hafi. Það er hægt að hugsa sér, að forráðamenn Dagsbrúnar hugsi sér, að verkfallið eigi ekki aðeins að ná til framleiðslunnar, heldur einnig til daglegra starfa, sem ekki koma framleiðslunni við. Til þess að gera þetta mál stutt, þá vil ég benda á það, sem hefur töluvert mikið að

segja, að Stauning forsrh. Dana hann leit þannig á og hans flokkur, að verkföll og verkbönn ættu að koma við sjálfa framleiðslustarfsemina, en ekki lífæð þjóðfélagsins. Þess vegna hindraði hann, að lagður væri niður útflutningur á vörum til Englands, til þess að þjóðfélagið gæti staðið. Hér í bænum ætti að afgreiða þetta á svipaðan hátt.

Það er vitanlega fjarstæða að hugsa sér, að deila þessi komi því ekkert við, hvort hér streymir rafmagn, vatn eða gas um þennan bæ, því ef skorið er á rafleiðslu og vatnsæð, þá er komið út fyrir skiptingu þess arðs, sem hér um ræðir. Þess vegna vil ég beina athygli manna að því, ef hér kemur til slíkrar vinnudeilu, sem hér er boðuð, að það er talið, að hér komi innan skamms skip frá Ameríku með vélar til Sogsvirkjunarinnar, og er búið að vinna að því í tvö ár að fá þær og mikil nauðsyn á að fá þær. Ef langvinn vinnustöðvun verður, mun skipið væntanlega fara með þessar vörur aftur til Ameríku, og er þá óvíst, hvenær þær kæmu aftur úr þeirri ferð.

Ég vil vænta, að ráðherrar gefi skýringu á þessu og hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í þessu máli, og hvort hún verði ekki alvarlega að kveðja Alþ. til styrktar við sig, ef verkfallsaðilar hugsa sér að beita ofbeldi og uppreisn og virða ekki grundvallarreglur og atriði, sem talið er ólíklegt, að þeir geri.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Þeirri fyrirspurn, sem beint var til mín, vil ég svara á þessa leið: Samkvæmt þeim lögum, sem gilda hér á landi um sáttaumleitanir, þá er gert ráð fyrir því, að stundum geti verið hagkvæmt að setja upp sáttanefnd til sáttaumleitana.

Í því máli, sem hér liggur fyrir, gekk það þannig til, að sáttasemjari átti tal við mig og taldi æskilegt í þessu tilfelli, að komið yrði upp sáttanefnd, og spurði ég hann til um það, hvaða menn hann teldi æskilegt að fá í þá nefnd. Þetta gerði hann og tilnefndi þrjá menn. Ég ræddi síðan við þessa þrjá tilgreindu menn og fékk þá til þess að takast á hendur að fara í sáttanefndina. Að því búnu var svo nefndin skipuð eftir tilmælum sáttasemjara.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Fyrirspyrjandi beindi tveim fyrirspurnum til mín, og skal ég leyfa mér að svara þeim, eftir því sem efni standa til.

Fyrirspyrjandi orðaði þannig fyrirspurn sína, hvernig ég eða lögreglustjóri ætluðum að svara tilboði Alþýðusambandsins um stofnun sérstaks hers til aðstoðar lögreglunni.

Ég ætla, að hér gæti nokkurs misskilnings í þessari fyrirspurn, ef ég hef þetta rétt eftir, sem ég held, að ég geri. Dagsbrún hefur í fyrradag sent lögreglustjóra bréf, sem kom til hans í gærmorgun, þar sem félagið tilkynnir honum, að það hafi tilnefnt hundrað menn úr hópi félagsmanna sinna, sem eftirlit eigi að hafa með eftirfarandi verkefnum:

1) Hafa vinsamlega samvinnu við lögreglu Reykjavíkurbæjar um eftirlit með framkvæmd ákvæða vinnulöggjafarinnar og ákvarðana félags vors varðandi væntanlegt verkfall.
2) Skrásetja nöfn þeirra manna, er gerast kynnu brotlegir við ákvarðanir félags vors eða vinnulöggjöfina.
3) Sjá um, að verkfallið fari fram skipulega og á friðsamlegan hátt.

Það er að vísu, eftir því sem ég bezt veit, í fyrsta skipti, sem stjórn þessa félags beinlínis tilkynnir lögreglustjóra, að það ætli sér að setja eftirlitsmenn, eða ég minnist ekki, að það hafi verið gert áður, en hins minnumst við allir, að bæði hér og annars staðar útnefna þau félög, sem ætla að koma á verkfalli, menn til þess að halda vörð, bæði á vinnustað og annars staðar, til þess að afstýra því, að vinna, sem brýtur í bága við verkfallið, verði framkvæmd. Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að fara nánar út í þetta, því það er alkunnugt, að stéttarfélög, sem framkvæma verkföll, reyna að hafa hemil og gætur á mönnum, sem reyna að brjóta verkfallið, svokölluðum verkfallsbrjótum eða „skrúfubrjótum". Mér virðist þess vegna, að hingað til hafi ekki verið gert hér neitt fram yfir það, sem venja er, annað en það, að lögreglustjóri var látinn vita, hvað gert hefur verið. Mér virðist ekki ástæða til að kalla þetta lið her, eins og málið horfir nú við, ég lít ekki svo á það, heldur verð ég að taka bréfið eins og efni þess segir til um, að félagið hafi sett upp eftirlitsmenn, til þess að hafa samvinnu við lögregluna og eftirlit með því, að verkfallið fari skipulega fram og á formlegan hátt.

Eftir viðtal við lögreglustjóra, hefur okkur ekki sýnzt ástæða til að gera neitt sérstakt út af þessu. Eins og kunnugt er, þá eru fyrirmæli í lögum um það, að lögreglumenn skuli ekki hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda uppi friði, eins og það er orðað í 4. gr. l. frá 1940.

Ég skal endurtaka það, að stjórnin sér ekki ástæðu, að svo komnu máli, til að gera neinar sérstakar ráðstafanir eða að hefjast handa út af þessu atriði. En það vill svo vel til, að Alþ. situr nú, og þá getur það, ef því sýnist, sett stjórninni einhver fyrirmæli, ef svo til heyrir.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Hv. þm. S.-Þ. beindi þriðja lið fyrirspurnar sinnar til mín, og var sá liður fyrirspurnarinnar á þá leið, hvaða takmörk stjórnin hugsaði sér, að vinnudeila sú, sem nú er hafin eða kann að hefjast, ætti að hafa.

Stjórnin hefur nú ekki enn þá myndað sér skoðanir um það, sem fyrirspyrjandi vildi fá að vita, af þeim ástæðum, að það er ekki enn þá komið á daginn, hversu víðtæk þessi deila kann að verða. En það er ekki nema eðlilegt, að fyrirhyggjusamur maður, eins og hv. þm. S.-Þ., hugsi um það, hvort vinnudeila sú, sem kann að brjótast út, komi aðeins til með að taka til hagsmuna vinnuveitenda og verkalýðs, eða hvort hún einnig kemur til með að fara inn á lífæð þjóðfélagsins, eins og hann orðaði það.

Ég býst við, að hver og ein ríkisstjórn mundi vilja hamla því í lengstu lög, að vinnudeilur nái til að grípa inn á lífæð þjóðarinnar, en hvaða aðgerðir eigi að hafa til þess að hamla því, verður að ákveða, þegar það hefur sýnt sig, hversu mikla útbreiðslu þessi vinnudeila kann að hafa.

Ef nú kemur til þess, að vinnudeila verður og hún tekur svo djúpt í þjóðlífið, eins og hv. fyrirspyrjandi gat gert sér hugmynd um, þá mun ríkisstj. ljúft að leita styrktar Alþ., ef þess þarf, til þess að skipa málunum svo, að þjóðfélagið bíði sem minnst tjón af.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Út af þessum umr., sem hér hafa orðið, vil ég segja, að ég álít, að þjóðfélaginu stafi engin hætta af þeim kröfum, sem fram eru komnar af hálfu stærsta verkalýðsfélags landsins um, að verkamenn í því hafi sambærileg kjör við það, sem hæstv. Alþ. hefur ákveðið bændum landsins. — Hins vegar getur þjóðfélaginu stafað hætta af því, að atvinnufyrirtæki, sem hæstv. Alþ. hefur stutt með skattfrelsi, stöðvi atvinnuvegi þjóðarinnar, þegar ráðamenn þeirra langar til að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur og vilja ekki, þegar menn yfirleitt græða mest í landinu, veita verkalýðnum viðunandi kjör. Og þjóðfélagið hefur ráð til þess að verja sig gegn þessum mönnum. Það getur rekið þessi fyrirtæki sjálft. Það þarf því ekki að leita langt til þess, að þjóðfélagið geti komið í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna. — En hitt er erfiðara fyrir þjóðfélagið að standast, ef þær áskoranir til vinnandi fólksins í landinu, sem hv. þm. S.-Þ. hefur verið að gera nú upp á síðkastið, kynnu að hafa áhrif á bændur landsins. Sá hv. þm. hefur verið að reyna að æsa bændur til að gera mjólkurverkfall, þ. e. a. s. hætta að flytja mjólk hingað til Reykjavíkur. Þjóðfélaginu mundi stafa hætta af því, ef svo ágæt stétt yrði fyrir aðgerðir einstakra æsingaseggja leidd út á villigötur. Og gagnvart þess háttar aðgerðum er eðlilegt, að þjóðfélagið reyni að gera einhverjar alvarlegar ráðstafanir, m. a. með því að tryggja vel hag þessara bænda, svo að þeir hafi ekki ástæðu til að fara eftir því, sem einstakir æsingaseggir vilja leiða þá til. — Ég ætla ekki að spyrja hæstv. ríkisstjórn, hvað hún ætli að gera út af hættu vegna mjólkurverkfalls. Ég veit, að ef hætta væri á slíku verkfalli, mundi hæstv. ríkisstjórn grípa til viðeigandi ráða til þess að afstýra vandræðum. — Ég minntist aðeins á þetta af því, að mér virtist hv. þm. S.-Þ. tala mikið um það, að einhverjir menn í landinu ætli að gera uppreisn.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Út af fyrirspurn hv. þm. S.-Þ. langar mig til að taka fram viðvíkjandi þessu liði, sem talað hefur verið um hér hjá Dagsbrún, að það er alveg rétt skilið hjá hæstv. dómsmrh., hvernig því er farið, að undantekningarlaust í hvert skipti, þegar búizt er við því að heyja verkfall, þá hefur viðkomandi verkalýðsfélag menn til þess að gæta að því, að verkfallið, ef til þess kemur, fari vel fram. Og ekki síður nú, þegar vinnulöggjöfin er komin, má búast við lögbrotum í sambandi við það, að atvinnurekendur vilji láta halda áfram vinnu, sem bannað er af verkalýðsfélagi að láta vinna, þó að verkfall sé komið, ef til slíks þarf að draga. Og þó að vinnulöggjöfin hafi nú verið svo lengi við lýði, þá hafa lögreglumenn alls ekki gert það, þó að þeir hafi verið beðnir, að taka verkfallsbrjóta, sem unnið hafa þvert ofan í löggjöfina, þegar verkbann hefur verið sett á. Og þess vegna þarf þetta Dagsbrúnarlið lögreglunni til aðstoðar. Og ég veit, að hv. þm. S.-Þ. veit, að öll þau ár, sem hann hefur verið í Rvík, hafa alltaf verið verkfallsverðir. Og það eina nýja í þessu efni nú er það, að lögreglustjóra er skrifað það, að þessir menn séu ábyrgir gagnvart verkalýðsfélaginu, þannig að það hafi falið þeim að starfa að þessu, en ekki eigi að láta Pétur og Pál starfa að þessu, sem koma hlaupandi einhvers staðar að. En okkur hefur alls ekki dottið í hug, að þetta lið gangi um bæinn og vinni þá skemmdarstarfsemi að skera á rafleiðslur eða gas- eða vatnsæðar bæjarins, heldur er því ætlað að halda á okkar rétti um okkar kröfur. Við ætlum ekki að ganga á rétt annarra og sízt með eyðileggingarstarfsemi, en við ætlum að reyna að halda svo á okkar rétti, að ekki verði brotin á okkur lög, þ. e. reyna að sjá um, að vinnulöggjöfin verði ekki brotin. Þó að hún hafi ekki verið okkur til ánægju, ætlum við að fara eftir henni. En við höfum ekki lagt svona ágreiningsmál eða deilur inn í þingið fyrr en við megum til, því að við verkamenn finnum það, að hæstv. Alþ. hefur enn þá ekki tekið jafnmikið tillit til okkar og okkar krafna eins og annarra stétta þjóðfélagsins. Og við verkamenn munum ekki leggja kröfur okkar fyrir hæstv. Alþ. fyrr en við erum orðnir þar jafnréttháir og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Því að hér á Alþ. hefur öðrum stéttum þjóðfélagsins verið tryggt, að þær fái viðunanlegan lífeyri.

Jónas Jónsson: Ég vildi, út af ræðu hæstv. atvmrh., óska eftir frekari skýringum, þar sem hér er um að ræða — þó að það sé ekki af hans hálfu — nokkuð breytt viðhorf hjá sáttasemjara frá því, er var 1942, og að því er ég álít mjög óhæfilegt viðhorf skapað, sem sé að gera ráð fyrir, að svo eða svo verulegum hluta þjóðarinnar, sem tilheyrir Framsfl., komi ekkert við vinnudeila eins og sú, sem hér er hafin og, eftir því sem tilkynnt er um kröfur, mundi gera það að verkum, að bæði mundu atvinnuvegir stoppast, ríkissjóður verða gjaldþrota og bæjarsjóður Reykjavíkur mundi komast í mjög svipaðar kringumstæður. Það er sem sé vitað, að þessi vinnudeila, ef henni verður haldið til streitu, getur ekki leitt til annars en þess, ef sigur á að verða í kaupdeilunni til handa verkamönnum, að ríkisstjórnin hafi veikari aðstöðu til þess að hamla á móti dýrtíðinni heldur en hún hefur haft nú um skeið til þess að hindra dýrtíðaraukningu vegna kapphlaups á milli verkkaups og verðlags í landinu. Því að, eins og menn vita, hefur það á stundum verið svo hjá okkur, að annan mánuðinn hefur kaupgjaldið hækkað, en hinn mánuðinn vöruverðið. Og ef á að greiða fyrir því kapphlaupi, endar það ekki fyrr en allt fjármálalíf þjóðarinnar er komið í rústir. — Þess vegna álít ég það mjög óvitlegt, ef því er svo farið, að sáttasemjari telji nú, einmitt í einu af hinum alvarlegustu málum, sem hafa komið fyrir hann, að Framsfl. muni spilla friði, ef hann taki þátt með fulltrúa frá sér í sáttaumleitunum í þessari deilu. Virðist mér, að hæstv. ráðh. ætti að fá skýrslur um það frá sáttasemjara, hvort Framsfl. hefur brotið svo af sér, að ekki sé ástæða til að óska eftir fulltrúa frá honum til sáttaumleitana.

Ég hygg, að hæstv. dómsmrh. eigi eftir að svara nokkru af því, sem hann var um spurður. Hann játaði að vísu, að það hafi ekki komið fyrir áður, að partur af þegnum landsins hafi tilkynnt, að þeir ætli að vera ríki í ríkinu með sinni eigin löggæzlu. Mig furðar á því, að einn af þekktustu lögfræðingum landsins skuli ekki veita því eftirtekt, að þetta er merkileg nýjung, ef einu félagi á að haldast uppi að skrifa lögreglustjóra og segja: Við ætlum að setja upp okkar varalið til þess að gæta laga og réttar. Ef slíkt ætti að haldast uppi, þá gætu þeir orðið margir hóparnir, sem slíkt krefðust að gera, líkt og á 13. öld, svo að mörg gæti spurn-

ingin orðið alvarleg. Og þess verður að krefjast af hæstv. ríkisstjórn, að hún athugi afleiðingarnar af því, að hér er komið upp varaliði eins og þessu. Þetta er í raun og veru ögrun til ríkisvaldsins. Og ég get ekki séð, að þjóðfélagið geti haldizt við, ef þessi aðferð er leyfð, eins og hér hefur komið fram, að aðilar, sem deila, geti komið til ríkisvaldsins og sagt: Nú ætla ég að leggja fram lögreglulið til aðstoðar í deilunni, og það kemur mín megin, — þið getið haft lögreglu ykkar megin. Og það veit hæstv. dómsmrh., að það er algerlega brot á allri löggjöf um lögreglu í landinu, sem hér er farið af stað með, að einstakir hópar deiluaðila geti komið með lögregluvald við hliðina á lögreglunni, sem skipuð er af því opinbera. Þetta gerðist í Þýzkalandi, þegar þýzka ríkið var að liðast í sundur.

Ég vildi spyrja formann Dagsbrúnar, hvort það sé rétt, að Dagsbrún hafi þjálfað menn til þess undanfarið að taka þátt í þessari „aðstoð við lögregluna". Það hefur frétzt frá þessu félagi, að það hafi þjálfað menn til þessa starfs, — eins og eðlilegt er, að það gerði, eftir fyrirmyndum frá Þýzkalandi. Og ég sé ekki annað en að það hefði verið forsjálni af formanni Dagsbrúnar, ef hann hefði undirbúið þetta lið á þann hátt.

Út af ræðu hæstv. forsrh. vil ég endurtaka það, að það er mjög nauðsynlegt, að maður í hans stöðu átti sig á þeirri hættu, sem hér steðjar að, vegna þess að ég sé ekki, að það sé kannske alveg eðlilegt, að hann bíði eftir því, að það sé komið hér á allsherjarverkfall, eins og nú eru horfur á, og að beðið sé eftir því, að komið sé ástand eins og var 1942, þegar Dagsbrún neitaði að skipa upp vörum og gerði ekki nægilegan greinarmun á því, sem átti að vera framleiðsluverkfall, og hinu, að skera á lífæðar þjóðarinnar. Og því fyrr, sem hæstv. ríkisstjórn athugar sinn gang í þessu efni, því betra. Því að eftir að annar aðilinn í þessari deilu hefur skipað sínar varðsveitir, og eftir að sami aðili hefur komið fram með fullkomnu ofbeldi, eins og 1942, og með svo mikilli óbilgirni, að þetta land fékk mjög alvarlegar áminningar frá því landi, sem lagði til meiri hlutann af okkar flutningaskipastól til að flytja nauðsynjavörur til landsins, þannig að við gátum jafnvel búizt við því, að öll skipin yrðu tekin af okkur, sem við leigðum, vegna þessarar framkomu annars aðilans þá, — þar sem þetta hefur komið fyrir áður, þá álít ég óheppilegt, ef hæstv. ríkisstjórn gerir ekki ráðstafanir til þess, að þjóðin átti sig á, að svo framarlega sem á að draga inn í þessa deilu þá hluti, að t. d. efni til rafmagnsveitu fyrir Reykjavík verði ekki skipað upp hér, nema kaup verði bætt upp um 30%, — þá er það illa farið.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Aðeins nokkur orð um þetta Dagsbrúnarlið. Ég get alveg upplýst það, að enginn af þessum mönnum hefur þjálfað sig neitt, nema við þá vinnu, sem hann er að vinna, og hefur aldrei tekið neina aukatíma til undirbúnings eftirliti í verkfalli. Ég hef nú ekki verið svo forsjáll að koma á þessari þjálfun á mönnunum. En menn, sem starfa í lögregluliðinu, hafa verið sendir út til þess að þjálfa sig, bæði í Þýzkalandi og víðar. Þetta er alveg nýtt, sem hv. þm. S.-Þ. kom hér með, og athyglisvert, þegar maður fær svona góðar leiðbeiningar. Verkamenn eru stundum nokkuð sljóir og seinir að hugsa sér eitthvað nýtt, en þegar manni er bent á kannske góð ráð, þá er athugandi fyrir verkamenn, hvort þeir eigi ekki að fara að þessum ráðum hv. þm. S.-Þ.

Hinu er hv. þm. S.-Þ. búinn að gleyma, að þegar ég var smástrákur í Grindavík 1916, þá var verkfall hér í Reykjavík. Þá var maður á Öskjuhlíðinni, Jón H. Þorbergsson, nú bóndi á Laxamýri, sem sat fyrir okkur og sagði, að það væri verkfall í Reykjavík og bað okkur fyrir að ráða okkur ekki í skip. (**SigfS:** Og Jónas Jónsson). Var það að skera á lífæðar þjóðarinnar? Og hvað er það að skera á lífæðar þjóðarinnar sérstaklega? Ég held, að þegar vinna er stöðvuð um lengri tíma, hvaða vinna sem það er, þá sé það kallað að skera á lífæðar þjóðarinnar. Mennirnir, sem lenda í kaupdeilu, hætta að jafnaði að vinna alla þá stund, sem deilan stendur yfir. Ég get hugsað mér, að það yrði nokkuð margt, sem kallað væri lífæð þjóðarinnar í þessum skilningi. Og þegar hafið er verkfall, þá er náttúrlega hægðarleikur að segja, að það sé verið að skera á lífæð þjóðarinnar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það var aðeins að gefnu tilefni í sambandi við skipun sáttasemjara í vinnudeilum, sem ég vildi segja örfá orð.

Ég vil láta það í ljós sem mína skoðun, að ég tel ekki heppilegt, að fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum eigi að koma á sættum í vinnudeilum. Og mér vitanlega hefur það ekki verið haft þannig undanfarið, að það hafi verið fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum, sem hafi átt að leita sátta í þeim deilum, heldur hafa verið menn úr ýmsum flokkum þar að starfi.

Annað tel ég mér líka skylt að láta í ljós nú, sem er, að hæstv. atvmrh. var kunnugt um þessa skoðun mína, kannske um svipað leyti og sáttanefnd var sett á laggirnar að þessu sinni. Þetta tel ég rétt, að komi hér fram. Mér finnst, að ríkisstjórn og sáttasemjari eigi saman að velja menn í sáttatilraunir, en ekki stjórnmálaflokkarnir. Ég teldi það óheppilegt, ef sú venja væri innleidd, að stjórnmálaflokkarnir tækju að sér deilumál eða fulltrúar þeirra, þegar sáttaumleitanir fara fram.

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja neitt um þá deilu, sem nú á sér stað og rætt hefur verið hér um.

Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins, út af ræðu hv. 1. landsk. þm. (SG), formanns Dagsbrúnar, að óska eftir því fyrir hönd Jóns á Laxamýri, að hann fái að bera af sér sakir í einhverju af þeim málgögnum, sem hv. þm. ræður yfir. Því að mér þykir sennilegt, að Jón muni lýsa því yfir, að hann hafi aldrei aðstoðað við nokkurt verkfall. Mér er kunnugt um, að hann hefur haft öðrum hnöppum að hneppa og aðra lífsskoðun um þau mál heldur en æsingamenn, sem stofna til verkfalla.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði svo sem hann væri hræddur um, að ég væri að gerast æsingamaður á gamals aldri og ætlaði að hvetja bændur til þess að gera verkfall. (**SigfS:** 1916). Ég get ekki skilið, að kommúnistaflokkurinn haldi því fram, þar sem verkföll eru hans eina framkvæmd hér á landi og hans eina áhugamál hér að nota verkföll til þess að buga framleiðsluna, að hann þá geti verið hissa á því, að það eigi að gera verkföll af öðrum mönnum en kommúnistum, þó að það sé, því miður, svo með bændur landsins, að þeir eru ekki undir það búnir að gera verkföll, og mun líða nokkuð þangað

til þeir kynnu að verða það. En bændur munu ekki telja sér óheimilt, ef þeim býður svo við að horfa, að gera verkfall, úr því að kommúnistar álíta, að þeir geti framkvæmt verkföll hvenær sem þeir vilja og sett upp sjálfstæðan her.

Þóroddur Guðmundsson: Aðeins nokkur orð út af þessu væntanlega Dagsbrúnarverkfalli.

Hv. þm. S.-Þ. er mjög hneykslaður yfir því, að það hafi ekki verið skipaður maður frá Framsfl. af sáttasemjara til þess að gera sáttaumleitanir í vinnudeilu þeirri, sem nú er hafin af Dagsbrún. Ég hafði ekki litið svo á, að þarna væru skipaðir menn af pólitískum flokkum, heldur að skipaðir væru menn, sem líklegir væru til þess að geta aðstoðað til þess að leysa þessa deilu. Hins vegar virðist hv. þm. S.-Þ. líta svo á, að hér sé verið fyrst og fremst að skipa einn fulltrúa í þessa sáttanefnd frá hverjum pólitísku flokkanna, og þá sé Framsfl. settur hjá við skipun í þessa nefnd. Ég veit ekki fyrir víst, hvað hefur vakað fyrir hæstv. ráðh., þegar þessi ákvörðun var tekin um n. En ég vil leyfa mér að benda á, að ef átt hefði að skipa einn mann frá hverjum pólitísku flokkanna í þessa n., þá hefði verið laukrétt að skipa ekki mann í n. frá Framsfl., því að hann er líklegastur af öllum flokkum í landinu til þess að reyna að hafa pólitíska hagsmuni af því, að ekkert samkomulag náist um þessa deilu. Hann hefur enga stjórnmálastefnu, en er milliflokkur, sem leitast við að hafa pólitíska hagsmuni af því að fjarlægja flokkana til hægri og vinstri. Hans pólitísku hagsmunir byggjast á því, að deilur séu á milli flokkanna til vinstri og hægri og að þær deilur geti risið sem hæst. Og með tilliti til þessa væri óhyggilegt að skipa fulltrúa frá Framsfl. í þessa sáttanefnd.

Þá var það, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að ef ætti að leyfa verkalýðsfélaginu Dagsbrún að skipa svona lögreglulið, þá væri það nýmæli, og sagði, að þjóðfélagið gæti ekki haldizt við, ef leyft væri annað eins og þetta. Ég get ekki séð, að hæstv. Alþ. geti gert neinar ráðstafanir í þessu efni. Og það er ekki hægt að benda á með rökum, að hér sé um hættulegt athæfi að ræða af hálfu Dagsbrúnar. Eftir því, sem Dagsbrún segir, þá er skipað þarna lið til þess að aðstoða lögregluna við að halda uppi lögum og rétti, meðan á verkfalli stendur, ef til verkfalls kemur. Og að hér sé nokkur sú hætta á ferðum, að ástæða sé til þess að taka málið upp á Alþ., get ég ekki með bezta vilja séð. Það væri þá fyrst, ef það kæmi upp, að eitthvað annað væri á ferð en látið er í veðri vaka. En eins og stendur, virðist mér ómögulegt að líta svo á, að nein hætta sé hér á ferðum. Það hefur verið regla um áratugi, að þegar verkfall hefur verið í aðsigi hjá verkalýðsfélögum, þá hafa þau skipað sérstaka menn til þess að undirbúa reglur, sem fara skuli eftir í verkföllunum, og til þess að sjá um, að settum reglum sé framfylgt. Nú er eftir lögum vinnuveitendum óheimilt að láta einstaka menn úr félögum, sem þeir deila við og hafa gert verkfall, vinna. En hins vegar er vitanlegt, að atvinnurekendur eru mjög ólöghlýðnir menn í verkföllum. Og þó að í þeim tilfellum verklýðsfélögin séu sökuð um að hirða ekkert um lög og rétt, þá sýnir saga verkfallanna á Íslandi það, að atvinnurekendur hafi fyrst og fremst brotið lög í þessum efnum. Ég þori að leggja það undir dóm óhlutdrægra manna, að það eru atvinnurekendurnir, sem sífellt hafa brotið lög og reglur í slíkum tilfellum, en verklýðsfélögin hafa mjög sjaldan gert það. Er skemmst að minnast þeirra verkfalla, sem harðastar deilur hafa orðið í, sem voru Novuverkfallið á Akureyri og Borðeyrardeilan, sem slagsmál urðu út af á báðum stöðum. Og bæði á Akureyri og á Siglufirði var það Framsfl., sem stóð fyrir því, að koma af stað slagsmálum þessum, þar sem tilviljun var, að ekki hlauzt verra af en raun bar vitni.

Ég vil endurtaka það, að ég álít, að hér sé engin sérstök hætta á ferðum, þannig að ástæða væri fyrir hæstv. Alþ. að gera neinar sérstakar samþykktir eða aðgerðir í þessu verkfallsmáli, ef verkfall verður hjá Dagsbrún nú. Sú eina hætta, sem ég álít, að gæti orðið á ferðum í sambandi við þetta verkfall, ef til þess kemur, er sú, að viss hópur manna reyndi að spekúlera í að nota verkfallið sér til framdráttar.

Atvinnurekendur gengu ekki að því gruflandi, að það var aðeins tímaspursmál, hvenær Dagsbrún krefðist þess að fá a. m. k. sama kaup og greitt er annars staðar. Þetta kemur því ekki flatt upp á atvinnurekendur. Og ef þeir leggja nú út í harðar deilur, þá er það ekki vegna þessa kaupgjalds, heldur er það af öðrum ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að nefna hér nú.

Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins, út af því, sem talað hefur verið um afstöðu Framsfl., að mótmæla því, sem hv. síðasti ræðumaður setti fram í spaugi, að milliflokkur hefði sérstaka ástæðu til að spilla milli hinna flokkanna, enda er það reynsla, að Framsfl. hefur unnið í gagnstæða átt. Vil ég þar nefna til, að hann hefur barizt fyrir, að vinnulöggjöf væri sett. Hann hefur barizt fyrir, að sett væri lögregla, sem væri óháð og sterk, og hann hefur barizt á móti því, að sett væri upp lögregla, sem mátti líta svo á, að notuð yrði ranglátlega í skiptum vinnuveitenda og vinnukaupenda.

Ég vil einnig leyfa mér að endurtaka þá ósk til hæstv. atvmrh., að hann spyrjist fyrir hjá sáttasemjara um það, hvort hann hafi nú vikið frá þeirri stefnu, sem fylgt var 1942, þegar fenginn var einn maður úr hverjum flokki til að miðla málum, og hvort fulltrúi Framsfl. hafi brotið svo sérstaklega af sér þá, að þess vegna hafi ekki verið leitað til flokksins nú.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta, og ég ætla ekki að skipta mér af þessum umr. Hins vegar þykir mér ekki hlýða að láta með öllu ósvarað þeirri fullyrðingu, að í kaupdeilum hafi atvinnurekendur alla jafnan beitt ofbeldi og ólögum, en alls ekki verkamenn eða þeirra forkólfar. Þessu vil ég eindregið mótmæla. En svo langt sem mín reynsla nær til þess, þá hafa það alls ekki verið verkamennirnir sjálfir, heldur þeirra forkólfar, sem hafa staðið fyrir ofbeldinu. Það hefur verið skipulagt af þeim og þeir notað til þess verkalýðinn. Og í samræmi við það hafa þessir sömu forkólfar ætíð beitt sér móti eflingu lögreglu, sem gæti verið til styrktar ríkisvaldinu. Ef hv. þm. ætlar að færa sönnur á sitt mál, þá verður hann að vitna í sanna viðburði, sem sanna þetta, en það hygg ég, að honum veitist örðugt, því að sannleikurinn er sá, að þeir,

sem hafa staðið fyrir ofbeldi í þessum málum, eru þeir menn, sem lifa á að æsa verkalýðinn upp.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Eins og öllum er kunnugt, hefur orðið slys með Ölfusárbrú, og vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar, hvaða ráðstafanir hún hefur gert til þess að koma í veg fyrir, að flutningar stöðvist á þessari mikilvægu leið. Það er vitað mál, að t. d. mjólkurflutningur og margs konar annar nauðsynlegur flutningur, í náinni framtíð fjárrekstrar, kjötflutningur og dagleg umferð fer fram þessa leið. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi gert ráðstafanir til þess að bæta úr þessu í bili, og hvort ekki mundi vera hægt að vinda að því mjög bráðan bug að koma upp framtíðarbrú, svo að þetta verði ekki til lengdar tilfinnanlegur farartálmi.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Það er ekki nema eðlilegt, að hv. 6. þm. Reykv. og borgarstjórinn í Reykjavík spyrji svona spurninga. En svo er mál með vexti, að ég hef ekki náð tali af atvmrh. síðustu tvær klukkustundir, og ég get vel trúað því, að hann hafi nú átt samræður við þá hv. þm., sem nú munu vera á leið austur að Ölfusá. Ég veit, að hann mun með þingmönnum athuga, hvaða aðgerðir muni tiltækilegastar og framkvæmanlegastar hið fyrsta. En að öðru leyti skal ég svara því, að ríkisstjórnin hefur ekki tekið neinar ákvarðanir í málinu. Það eru ekki nema tvær klukkustundir síðan ég frétti þetta, og ber mér skylda til að flytja það atvinnu- og samgöngumálaráðherra.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Svo sem hv. þm. er kunnugt, voru þann 26. apríl gefin út brbl. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi. Það kann að hafa farið fram hjá mér, en ég hef ekki fengið upplýsingar um, að frv. hafi verið lagt fyrir Alþ. um staðfestingu á þessum l., en samkv. stjórnarskrá lýðveldisins er skylt að leggja bráðabirgðal. fyrir næsta Alþ. eftir að þau eru gefin út. Í raun og veru hefði átt að leggja þau fyrir þingið í júní. Það var ekki gert, af skiljanlegum ástæðum, en það undrar bæði mig og fleiri, ef þetta frv. á ekki að koma fyrir þetta þing. Þetta kynni þó að hafa farið fram hjá mér og skrifstofustjóra þingsins, og væri það þó merkilegt.

Þetta er þeim mun lakara sem þess var berum orðum getið, þegar rætt var við þingflokkana um þetta frv. í vor, að það mundu verða bornar fram brtt. um skipun n., sem um þessi mál fjallar. Það er hægt að komast fram hjá rétti þingsins með því að leggja frv. ekki fyrir þ., þó að þá sé það brot á stjórnarskránni, enda væri salan þá ólögleg.

Sennilega er hér um misgáning að ræða, en ég vil beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort frv. hefði verið lagt fram eða hvaða orsakir væru til þess, að það hefði ekki komið fram.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, að þetta frv. hefur ekki komið fram, en það er ekki af því að stj. hafi ekki ætlað að leggja það fyrir þingið, heldur bara af athugunarleysi í ráðuneytinu. Ég varð fyrir nokkru var við þetta og lagði svo fyrir, að þetta yrði undirbúið, svo að frv. verður lagt fram nú næstu daga.

Bjarni Benediktsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. og tel svar hans fullnægjandi.

Á 80. fundi Sþ., 4. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það eru hér á döfinni ýmis mál, sem ástæða væri til að spyrja hæstv. ríkisstjórn um. Þó er það einkum eitt mál, sem ég óska að fá upplýsingar um, en það eru fisksölumálin. Langar mig að spyrja hæstv. atvmrh. um eftirfarandi. Í fyrsta lagi: Hvenær er fyrirhugað, að nefnd verði send til Englands til að taka upp samninga að nýju um sölu á fiski, en eldri samningar eru nú senn útrunnir? Í öðru lagi vil ég spyrja, af hverju sá dráttur stafar, sem orðið hefur á, að þessi nefnd væri send. Nú er á þriðja mánuð síðan við vissum, að samningunum yrði sagt upp, og því eðlilegt, að þegar væri búið að senda þessa nefnd. Þó er vitað, að þeir samningar, sem nú verða teknir upp við Englendinga um þessi mál, munu valda okkur nokkrum erfiðleikum viðvíkjandi frosna fiskinum. Ég vil nú fá upplýst, hvort frystihúsin halda áfram að kaupa fiskinn við sama verði og verið hefur. Mér er kunnugt um áhyggjur manna út af þessu í ýmsum kjördæmum, og svo er ástatt um mitt kjördæmi. Við þingmenn getum ekki svarað fyrirspurnum hér um, þar eð okkur er ókunnugt um, hvað gert hefur verið.

Enn fremur vil ég spyrja, hvað ríkisstjórnin hefur gert til að útvega skip til fiskflutninga, þar sem vitað er, að við höfum ekki sjálfir nægan skipakost. Og ætlar hún að setja hámarksverð á leigu þeirra skipa, er fiskinn flytja? Að lokum vil ég segja nokkur orð viðvíkjandi tilkynningu frá fiskimálanefnd til útvegsmanna við Faxaflóa. Vil ég þá fyrst spyrja um það, hvort þau boð, sem fiskimálanefnd gerir útvegsmönnum, eru gerð í umboði ríkisstjórnarinnar. Ég hefði talið viðeigandi, að þetta væri borið undir þingið, áður en nokkuð var ákveðið. Að vísu eru þessi tilboð bundin því skilyrði, að verð á fiski í Englandi haldist óbreytt. En þó að fiskverðið verði óbreytt, er þó alls fjarri, að hér sé ekki um áhættu að ræða, þar sem salan hlýtur að nokkru að fara eftir því, hve mikið framboð er. Nú skal ég ekkert um það segja, hversu mikil þörf er fyrir slíka ábyrgð sem hér um ræðir, en það eru ný vinnubrögð, ef slík mál skulu afgr. án samþykkis þingsins.

Ég vænti einnig, að ríkisstjórnin geri sér það ljóst, að ef hún veitir slíka ábyrgð, þá verður að gilda hið sama um frystihús og saltfisk, ella verður áhætta um afkomu þeirra, er þar eiga hlut að máli. Ég hef heyrt, að í ráði sé að stofna til samtaka á Austurlandi og Vesturlandi til að flytja út fisk af þeim svæðum. Nú vænti ég, að hæstv. ríkisstjórn geri sér ljóst, að ef hún ábyrgist nokkuð til fiskimanna hér við Faxaflóa, þá hlýtur hún einnig að láta fiskimenn í öðrum landshlutum njóta hins sama, þótt þeir séu lengra á veg komnir félagslega.

Þá vildi ég í þriðja lagi spyrja um eitt í sambandi við þetta bréf. Nú vita allir hv. þm., að til eru ýmsir landshlutar, sem ekki hafa samlög til að annast flutninga fyrir sig, og ýmsir fiskframleiðendur, sem ekki eru svo heppnir að geta verið þátttakendur í þeim samlögum vegna þess, hvernig aðstöðu þeirra er háttað. Ég vil spyrja, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstjórn hefur gert gagnvart fiskframleiðendum á þessum afskekktu stöðum og hvort komizt verður hjá því að taka að einhverju leyti ábyrgð á fiskverði þeirra, sem liggja utan við samlögin. Ég fullvissa hæstv. ríkisstjórn um það, að fyrir þessu er mjög mikill áhugi, sem ég veit, að hún gerir sér ljóst.

Í þessu, sem ég hef borið hér fram, felst að sjálfsögðu engin bein aðfinnsla eða árás á hæstv. ríkisstjórn. Þetta eru aðeins atriði, sem ég tel nauðsynlegt fyrir mig að vita sem þingmann. Og ég hygg, að ég mæli fyrir munn margra þm., er ég viðurkenni, að mér finnst það dálítið einkennilegt, að eftir að fisksölusamningurinn er genginn úr gildi, skuli nefndin fyrst vera að leggja á stað eða jafnvel ekki lögð á stað, þó að allt sé á huldu í þessu máli.

Vænti ég svo, að hæstv. ríkisstjórn sjái sér fært að svara þessum fyrirspurnum.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Út af tveim fyrstu fyrirspurnunum, sem hv. þm. Str. bar fram, hvenær nefnd færi til Englands og af hverju stafaði þessi dráttur á, að sú nefnd yrði send, vil ég benda honum á, að það er mál, sem heyrir undir hæstv. utanrrh., sem ég vænti að hann muni svara. Ég get þó sagt honum í sambandi við þessa spurningu, að það, sem gerzt hefur í þeim málum, hefur verið rætt í utanríkismálanefnd og að ástæður fyrir því, að ekki hefur verið hægt að koma út mönnum, eru kunnar þeirri nefnd. Ég sé ekki ástæðu til að skýra frá því nú, af hverju það var, en tel ekki ósennilegt, að haldinn verði lokaður fundur þm. um þessar samningagerðir o. fl. mál áður en langt um líður. En hv. þm. hefur aðstöðu til að fylgjast þarna með, því að hann mun eiga sæti í utanríkismálanefnd.

Þá eru það þær spurningar, sem er beint til mín sérstaklega. Í fyrsta lagi, hvort frystihúsin muni halda áfram að kaupa fisk fyrir sama verð og áður. Að svo komnu máli er ekki hægt að segja ákveðið um þetta. Liggur fyrir útdráttur úr samningum, a. m. k. frá sendiherra Íslands í London, sem gefur til kynna kröfur brezka matvælaráðuneytisins um kaup á fiski með töluverðri lækkun frá því, sem áður var. Og ég veit ekki, hvort nokkur tök eru á því að taka upp þá samninga, fyrr en sendinefnd er komin út til viðræðna, þar sem erfitt er að fá sendimann frá Englandi til að koma hingað. Hins vegar er vitað, að fiskverðið er það lágt, að það má helzt ekkert lækka, svo að við eigum ekki á hættu, að útvegurinn dragist saman eða jafnvel stöðvist með öllu. Hann er það illa settur, að það væri vafalaust lítil lausn, þótt verðið til hraðfrystihúsanna yrði lækkað, því að þá fengjum við vandamál á þann hátt, að meira eða minna stöðvaðist eða drægist saman fiskframleiðslan. Eins og nú standa sakir, er ekki hægt að segja um þetta fyrir víst. Ég hef þó heyrt í sölumiðstöð frystihúsanna, að ekkert frystihús fari á stað fyrir 12. þ. m. Fram að þeim tíma skilst mér, að ekki verði frá þeirra hendi neitt gert til að setja húsin á stað, nema það opinbera á einhvern hátt skerist í það mál, sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um. Mér er og kunnugt um, að þau hafa spurzt fyrir um það hjá bönkunum, hvort þeir lánuðu sömu upphæð á tonn og þeir höfðu gert áður, en munu hafa fengið heldur daufar undirtektir, eftir því sem ég hef heyrt. Um þetta hafa að vísu ekki verið gerðir neinir skriflegir samningar, heldur hafa þetta aðeins verið munnleg samtöl, en það, sem bankarnir bjóða nú, er það lítið, að frystihúsin munu telja sér ófært að leggja á stað eða byrja vinnslu með þeim fjármunum.

Hvað snertir 3. liðinn, hvort ríkisstjórnin hafi gert ráðstafanir til að útvega skip, þá er það að segja, að þetta mál er í athugun. Hefur það verið rætt við Englendinga, hvort þau fisktökuskip, sem hér hafa verið á undanförnum árum, verði fáanleg til fiskflutninga, en fengið heldur dræmar undirtektir.

Um færeyska þingið er það að segja, að lögþingið hefur gripið inn í þessi mál. Mér skilst af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá sendimanni Færeyinga hér, að tilgangurinn sé sá að tryggja sem flestum færeyskum skipum atvinnu hér við Ísland við veiðar eða flutninga, til þess að sitja ekki við það atvinnuleysi, sem þeir hafa orðið að búa við á undanförnum árum. Er ekki gott að vita, hvað Færeyingar hugsa sér með þessu. Í einni leigustöð er búið að gera samninga um 8 færeysk skip, en ekki ljóst, hvaða kröfur þeir gera til að staðfesta samningana.

Enn fremur hefur verið athugað, hvaða íslenzk skip gæti komið til mála, að tækju að sér ísfiskútflutning. Hefur það verið á döfinni þessa dagana, en ekki hægt að nefna neitt með vissu.

Ákvæði var í fisksölusamningnum um það, að Englendingar skyldu hafa einkarétt til að kaupa fisk hér við Faxaflóa, og lengi vel var Ísafjörður eða Vestfirðir undir sama númeri og jafnvel Vestmannaeyjar um tíma. Þetta var ákvæði, sem þvingað var upp á Íslendinga, því að þeir vildu gjarnan annast sjálfir fiskútflutning frá þessum höfnum, en fengust þó ekki um, því að það var liður í heildarsamningnum. Þetta hafði orðið til þess, að Íslendingar hafa ekki þurft að hafa neinar sérstakar áhyggjur af fiskflutningi frá þessum svæðum. Við sunnanverðan Faxaflóa eru einhverjar stærstu verstöðvar landsins á vetrarvertíðinni og þannig háttað, að ekki er hægt að flytja fisk frá þessum höfnum án þess að það sé gert af sama aðila. Þarf náið samstarf milli þessara hafna, svo að ekki lendi í hreinum vandræðum. Það var þess vegna fyrirsjáanlegt, að ef ekki yrði úr því, að fisksölusamningurinn yrði framlengdur, mundi það verða eitt vandamálið að halda uppi fiskflutningi frá Faxaflóa. Og af þessum ástæðum var það, að fiskimálanefnd gerði í samráði við mig þá uppástungu, að hún tæki að sér þessa flutninga, þar sem ekki var sennilegt, að samtök útvegsmanna sjálfra gætu yfirleitt tekið þetta í sínar hendur.

Um ábyrgðina á fiskverðinu er það að segja, að þessir 45 aurar eru það minnsta, sem hægt er að bjóða, og hefur það sýnt sig, að hentug skip hefðu getað grætt stórar upphæðir á því að kaupa fiskinn á þessu verði hér heima og selja hann á

erlendum markaði. Það hefur að vísu orðið drátt-ur á þessu, því að skipin hafa þurft að bíða. En hefði þess ekki þurft, hefði þetta orðið stór gróða-vegur, svo að því að borga 45 aura hér við Faxa-flóa er ekki samfara nein áhætta, þar sem svo mikið berst að af fiski. — Þetta gildir nú ekki um alla hluta landsins, þannig að ef flytja ætti fisk frá öllum verstöðvum landsins, yrði að taka tillit til staðhátta og veðurfars, því að þá yrði áhættan vitanlega meiri og yrði þá að athuga sér-staklega í sambandi við aðrar verstöðvar, hvað fært þætti að ábyrgjast, ef út í það væri farið.

Þessi uppástunga fiskimálanefndar er miðuð við þetta stóra vandamál, að koma skipulagi á fisk-flutninginn við Faxaflóa, ef til þess kæmi, að Bretar önnuðust ekki þessa flutninga, sem allt virðist benda til, að ekki muni verða.

Þó að hér sé miðað við Faxaflóa, getur vel komið til mála, að farið verði inn á þá braut að aðstoða aðrar fiskstöðvar á svipuðum grundvelli, og vitan-lega er æskilegt, að allir fiskimenn landsins geti flutt fisk sinn á erlendan markað og fengið fyrir hann endanlegt verð sitt. Ég efast ekki um, að það sé einmitt þetta, sem geri togaraútgerðinni kleift að þola það, sem nú er orðið, að hún er laus við alla milliliði og getur sjálf flutt sinn fisk á er-lendan markað. Yrði það því stórbót fyrir útveg-inn, ef hægt reyndist að koma þessu skipulagi á, enda er nú þegar nokkur reynsla fengin fyrir því, t. d. á einum stað á Austurlandi, Neskaupstað. Þar tóku útvegsmenn fiskflutninginn í eigin hend-ur, og núna um áramótin fengu þeir 30% hærra verð fyrir þann fisk, sem þeir gátu flutt út. Sést af þessum tölum, að einskis má láta ófreistað til að reyna þessa leið, að bjarga einmitt þeim hluta af sjávarútveginum, sem er í mestri kreppu.

Þá minntist hv. þm. Str. á nauðsyn þess að festa ábyrgðarverð á ísfiski og saltfiski. Þar horfir allt öðruvísi við, því að þar erum við komnir út í aðra hluti, sem geta verið miklu áhættumeiri eða a. m. k. erfiðara að sjá fyrir, hvenær hæ.tan getur orðið mest, ef ætti að ábyrgjast hraðfrystan fisk og saltfisk. Þar að auki getum við ekki vitað, hvenær við getum selt saltfiskinn og á hvaða verði. Mun hafa komið verðtilboð um saltfisk á s. l. hausti, sem var alls ekki fráleitt og mundi hafa verið gengið að þessu. En þar skárust erlend ríki í leikinn, því að þeir vildu ekki koma okkur að. En þetta getur breytzt. Fyrir liggur tilboð um hraðfrystan fisk, sem er töluvert lægra en verð-lag var í fyrra á þessum fiski. Við getum ekki vit-að, hvað þeir, sem gera þetta tilboð, standa fast við það. En ég fyrir mitt leyti tel ekki viðunandi að ganga að því eins og það er. Þar að auki er það miðað við England. En mér finnst ekki of mikil bjartsýni að gera sér vonir um, að við getum kom-izt á markað í Evrópu á því ári, sem er að byrja, og þá vafalaust fengið betra verð en nú.

Sem sagt, ég tel, að ekkert það sé fram komið, að ástæða sé til að slá því föstu, að við getum ekki selt okkar hraðfrysta fisk á því verði, að frysti-húsin geti tekið hann fyrir sama verð og samkvæmt enska samningnum í fyrra. Ég hef orðið þess var, að á þeim stöðum austanlands, þar sem gildir sú regla, að fiskframleiðendur sjálfir flytja út sinn fisk, telja þeir ekkert athuga, þó að þeim væri ábyrgzt 45 aurar, því að þeir telja sig örugga með að fá hærra verð en það.

Öll þessi mál eru í athugun, og er mikils um vert, að undinn verði sem bráðastur bugur að þeim, til þess að á einhverju verði að byggja fyrir þá menn, sem koma með fiskinn að landi.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir þau svör, sem hann veitti í þessu máli. Í sambandi við fyrstu spurninguna vil ég taka fram, að utanríkismálanefnd hefur mjög lítið um það mál fjallað, en hann minntist á, að ég hefði aðstöðu til að fylgjast með því, þar sem ég ætti sæti í þessari nefnd. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, að ég hef ekki mætt á tveim síðustu fundum nefndarinnar um þetta mál. Varamaður minn í nefndinni mætti, og við höfum rætt jafnóðum um það, sem þar hefur gerzt. Var aðeins örlítið skýrt frá þessu á einum fundi ré t eftir að fisksölusamningnum var sagt upp og önnur vandkvæði komu í sambandi við uppsögn annarra samninga, sem ég vil, að rædd séu hér á þinginu, — en ekki hvað gera ætti í málinu annað en það að senda skeyti, sem munu hafa verið send. Væri sennilega full ástæða til að birta þau skeyti og það, sem gert hefur verið í sambandi við þetta mál. Ekki af því, að ég sé að segja, að það sé óeðlileg afgreiðsla á þeim skeytum, heldur af því, að það er máske algengari ósiður hjá okkur en meðal annarra þjóða, að við ræðum ekki fyrir opnum dyrum viðskiptin fyrir okkar eigin þjóð. T. d. ræða flestar þjóðir stöðu Íslands eftir styrjöldina nema við sjálfir. Það er engin ástæða til að dylja, hvað það er, sem Englendingar hafa farið fram á, og ber að skýra frá því opinberlega. A. m. k. er það mál, sem kemur mjög til athugunar.

Ég er þó með þessu engan veginn að álasa þessari hæstv. ríkisstjórn, því að þetta hefur verið síður og það meðan ég átti sæti í ríkisstjórn. En þetta er atriði, sem ég kemst ekki hjá að minnast á í sambandi við þetta mál.

Ég efast um, að margir hv. þm. viti um þann samning, sem sagt var upp fyrir næstum tveim mánuðum, um eina af nauðsynjavörum okkar, og þeir fylgist með því, hvernig því máli reiðir af. Eins er um þennan fisksölusamning. Það er ekki á vitund margra hv. þm., hvernig gangurinn hefur verið í þeim málum, og ég efast um, að öllum sé það kunnugt, hvað Englendingar hafa farið fram á í sambandi við þau mál. Á seinasta fundinum um þetta mál, í desember, var lögð á það sérstök áherzla, að ekki væri látið dragast að senda nefnd til Englands, þar sem mjög reið á að komast að samningum við Englendinga áður en samnings-tíminn væri útrunninn. Nú eru þessi mál, eins og hæstv. atvmrh. benti á, komin í nokkurn ein-daga. T. d. vitum við ekkert um, hvernig fer með rekstur frystihúsanna eða yfirleitt hvernig þessi mál standa. Ég get upplýst hér, að það hefur bein-línis verið ákveðið að lækka og það verulega þá upp-hæð, sem lánuð er út á frosinn fisk, að mér er sagt í bönkunum.

Eftir því, sem hæstv. atvmrh. upplýsti, er ekki útlit fyrir, að frystihúsin treysti sér til að hafa rekstur í gangi að svo stöddu. Viðvíkjandi skipum kvað ráðh. þetta í athugun. En ég hygg, að komið hafi til orða að taka skip leigunámi til flutninga, og vitanlega gildir sú regla jafnt gagnvart línu-veiðurum og togurum að mínu áliti. En ég sé ástæðu til að minnast á, að ég tel mjög varhugavert leigu-

nám í þessu sambandi. En ég álít eðlilega leið hjá ríkisstj. að setja l. um hámarksleigu. Gróði hefur verið mikill á flutningum á fiski undanfarið, og það gæti haft sínar afleiðingar á þetta mat, sem færi fram á leigunni. Gæti svo farið, að það mat væri þannig, að skipin hirtu mikið af gróðanum, sem mundi e. t. v. verða talinn eðlilegur í samræmi við þá reynslu, sem var á fiskflutningum undanfarin ár, og það yrði lagt sem skattur á útvegsmenn og fiskimenn. Þó að deila megi um, hvaða hámarksleiga sé réttlát, er ég ekki í vafa um, að slík l. fá staðizt, því að þetta er eins og hver annar skattur, sem lagður er á til að jafna aðstöðu milli þessara framleiðenda, og hefur slíkt verið gert í mörgum tilfellum.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, sem hæstv. atvmrh. sagði um ábyrgðina. Ég vil vona, að þessi ábyrgð verði ekki mikil áhætta. Það má benda á, að erfiðleikar í flutningum geta orðið nokkuð miklir, vegna þess að um leið og tekin er ábyrgð á ísfiskinum, má alveg gera ráð fyrir, meðan samningar nást ekki viðvíkjandi sölu frosna fisksins, að ekki verði fryst, en allur fiskur einmitt settur í ís, til þess að ná því að fá ábyrgð á verðið. En það kom fram hjá hæstv. ráðh., að fiskimálan. hefur ekki gert þetta í samráði við hann. Og það kemur beinlínis fram í umr., að þessi ábyrgð getur skipt milljónum eða tugum milljóna, ef illa fer. Og ákvörðunin er tekin af fiskimálan. í samráði við atvmrh., en ekki stj. í heild eða fjmrh. einu sinni. Þannig skildi ég orð hans, því að það var tvítekið, að það væri í samráði við hann.

Eftir að samlögin höfðu frétt, að fiskimálan. tæki ábyrgð á þessu fiskverði við Faxaflóa, þá fóru þau fram á það sama af eðlilegum ástæðum. Það var ekki nema mannlegt. En mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa gert sér ljóst, að rök hans fyrir því, að rétt sé að taka á sig ábyrgð fyrir Faxaflóaverstöðvar, en ekki annars staðar á landinu, nefnilega að það væri engin hætta að taka ábyrgðina fyrir Faxaflóa, — að þessi rök verka alveg öfugt við það, sem þau áttu að gera samkv. hans ályktun. Hvers vegna á þá að taka ábyrgðina við Faxaflóa, ef fiskútflutningur þaðan er áhættuminnstur? Þá ætti að afhenda fiskimálan. þetta án ábyrgðar. En á öðrum stöðum eru erfiðleikarnir meiri og þess vegna áhættan meiri og því athugandi mál, hvort ábyrgð skuli tekin þar. Ef þarf að taka ábyrgð til þess að fá útgerðarmenn til að gera út, þá er ástæðan meiri þar, sem erfiðleikarnir eru meiri. Og ef við Faxaflóa fæst ábyrgð, þar sem talin er bezt aðstaðan vegna fiskimiðanna og vegna þess, hve magnið er mikið, þá býst ég við, að það verði fleiri, sem álykta þannig úti um landið: Fyrst þeir fá þetta við Faxaflóa, þá er enn þá ríkari ástæða fyrir okkur að óska eftir því. Ég skal ekki segja meira um þetta að svo komnu. En auðsætt mál er það, að enn þá er óákveðið, hvernig rætist úr málum fyrir afskekkta staði viðvíkjandi saltfiskinum og fyrir frystihúsunum úti um landið. Hér fer fiskurinn fyrst og fremst í ís, og frystihúsin stöðvast að svo komnu, meðan samningar nást ekki og meðan þessi ábyrgð gildir. En það vil ég endurtaka að lokum, að ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. athugi, að með þeim ábyrgðum, sem teknar eru við Faxaflóa, er ekki hægt að komast hjá því að taka ábyrgð annars staðar. Það verður að útiloka, að hægt sé að taka ábyrgð fyrir aðeins lítinn hluta landsins. Menn mundu þola ströng ákvæði viðvíkjandi verðjöfnun á útfluttum fiski, en misrétti þolir enginn. Ég trúi ekki, að ríkisstj. geri sér ekki fljótt ljóst, að það verður að taka þessa ábyrgð um allt landið, a. m. k. fyrir fisk sömu tegundar.

Ég þakka hæstv. ráðh. svo fyrir þessi svör. Þó að ekki hafi margt upplýstst í þessu máli, hygg ég, að hv. þm. sjái af ræðu hæstv. ráðh., að það var ekki ástæðulaust að bera fram þessa fyrirspurn og taka þetta mál til athugunar á Alþ., annaðhvort á lokuðum eða opnum fundi. Því að það eru og fleiri atriði, sem ég hef ekki minnzt á í sambandi við fisksölumálin, sem þarf að ræða og spyrjast fyrir um, hvar á vegi eru stödd.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er eitt atriði í ræðu hv. þm. Str. Ég ætla ekki að færa rök að því, að ekki skuli ábyrgzt fyrir aðra fiskútflytjendur en þá við Faxaflóa. En ég skýrði frá þeirri staðreynd, að fiskimálan. hefur bundið sig við Faxaflóa. Og þegar hún tekur þessa ákvörðun í samráði við mig, þá er hún að meta áhættuna við Faxaflóa. Það var það, sem ég tók fram. Ég sagði, að úti um landið væri áhættan víða öðruvísi og miklu meiri en hér við Faxaflóa, og þess vegna annað mál og miklu stærra, ef ætti að taka ábyrgð á fiskverði úti um allt landið. Ég var ekki að hafa á móti því, það getur vel verið rétt. Því að alls staðar á landinu er jafnmikil nauðsyn á því, að fiskverð lækki ekki og helzt hækki; það er öllum ljóst, að nauðsynlegt er að gera til þess einhverjar opinberar ráðstafanir. En ég sem sagt skýrði frá staðreynd, að þegar fiskimálanefnd telur sig geta borgað 45 au. verð við Faxaflóa, hefur hún gert sér mynd af þeirri áhættu, sem er hugsanleg, og á grundvelli þeirrar myndar gerir hún þessa uppástungu. Ég fyrir mitt leyti tel ákaflega æskilegt, ef hægt er að koma því sama við annars staðar á landinu. Þá verður náttúrlega að taka fyrir annað atriði. Ég veit, að fiskimönnum við Faxaflóa þætti hart að gengið að reka í einu lagi fiskútflutning um allt landið, ef t. d. gróðinn frá Faxaflóa yrði segjum 30%, en tap 30% af fiski annars staðar. Og svo væru þessir menn látnir borga fiskflutninga fyrir aðra. Það þyrfti þá að gera sérstakar ráðstafanir til að afmarka ákveðin svæði, til þess að fiskimenn fái eðlilegt verð.

En það, hvort farið skuli inn á þá braut að tryggja fiskverð annars staðar og hjálpa útvegsmönnum til að skipuleggja útflutning á sínum fiski, að hið opinbera taki það í sínar hendur í samráði við fiskimenn, í hvaða formi sem það yrði rekið, það er allt annað og mjög ólíkt mál því, sem hér liggur fyrir.

Hermann Jónasson: Ég heyrði á hæstv. ráðh., að hann vill ekki mótmæla því að stíga þetta skref annars staðar. Það, sem ég vildi benda á, er það, að eftir að þetta skref er stigið við Faxaflóa, er það í raun og veru stigið um allt landið. Það verður ekki komizt hjá því. Ég segi jafnframt og vil taka það skýrt fram, að ég er hvorki að hvetja til þess á þessu stigi málsins né letja að stíga slíkt skref. Ég sagði, að ekki verði hjá því komizt að stíga það, eins og málum er komið. Það þarf ekki að rekja fyrir þm., hvaða skref þetta er í raun og veru, ef stigið er um allt landið. Það má nærri geta, hvernig

gengur að afnema þetta, ef hámarksverði í Englandi verður breytt. Í raun og veru er að mínu áliti, eins og oft hefur komið fram áður, alls ekki hægt að reka atvinnuvegina með þessu móti.

Ég vil svo enn á ný þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans við spurningu minni. Vænti ég þess, að einmitt þetta atriði, sem við höfum síðast rætt, liggi nú sæmilega ljóst fyrir öllum hv. þm., og að með bréfinu, sem ég las upp, sé stigið æði stórt skref í atvinnumálum okkar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér skilst, að því sé slegið alveg föstu af hv. þm. Str., að þetta spor sé þegar stigið. Það getur verið, að aðrir samþm. mínir hafi skilið þetta öðruvísi. En eftir því, sem ég veit bezt, er það ekki stigið. Ég veit ekki betur en að Landssamband útvegsmanna sitji á fundum um það, hvort það eigi ekki að taka allan útflutning við Faxaflóa í sínar hendur, líkt og Norðfjörður gerir. Er ákaflega einkennilegt, ef búið er að binda allan útflutning við Faxaflóa við fiskimálan. Ég held það sé alger misskilningur. Vildi ég heyra álit hæstv. ráðh. um þetta, því að ég veit ekki betur en rætt hafi verið um það í dag á fundi Landssambands útvegsmanna, hvort það sjái sér ekki fært að mynda sérstök samtök um útflutning við Faxaflóa í líku formi og á Austurlandi. Það er engin áhætta fyrir ríkissjóð. Og ef þeir, sem sjálfir eiga fiskinn, vilja það, þá dettur mér ekki í hug, að hæstv. atvmrh. fari að þrengja neinu öðru í gegn, á móti vilja mannanna, sem veiðina eiga, og skapa með því ósamræmi kringum allt landið.

Hins vegar get ég bent hv. þm. Str. á það, að útilokað er að láta sama kostnað verða við útflutning á fiski per smálest frá hinum mismunandi stöðum á landinu. Það kostar upp undir 50% meira fyrir fisk frá Norðurlandi en Faxaflóa, meira frá Vesturlandi en Austurlandi. Þess vegna er svo mikill ágóðinn af sölu frá Norðfirði, að niðurstaðan hefur hvergi verið eins góð. Það er stutt að fara og smáskip notuð, sem eru ódýr í leigu. Þetta er allt annað en flutningur frá Ísafirði og Vestfjörðum yfirleitt. Og ef á að fara að taka málið upp á þeim grundvelli, að ríkissjóður tryggi öllum sama verð, kemur vitanlega að því, sem hæstv. ráðh. benti á, að þeir við beztu verstöðvarnar mundu neita þeim skatti, að gróði þeirra væri tekinn til þess að jafna tapið á óhagkvæmu stöðunum. Hins vegar sé ég ekkert á móti því, að farið sé inn á þá braut, sem langeðlilegust er, að ákveðin svæði komi sér saman um að flytja fisk út, eins og menn hafa þegar komið sér saman um á Austurlandi og er verið að reyna að koma í kring við Faxaflóa. Og svo langt er komið, að Akranesingar telja sig ekki þurfa neina aðstoð til að koma sínum fiski á erlendan markað á þessari komandi vertíð.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að ekkert er endanlega ákveðið, enda hef ég ekki látið í það skína. Ég tók þetta skýrt fram í minni fyrstu svarræðu. En ég vil aðeins benda honum á það, að ég hef rætt nokkuð ýtarlega við Landssamband útvegsmanna og sjómenn þeirra. Ég mun ekki geta sætt mig við, að fyrst og fremst sé hugsað um hagsmuni kaupaskipanna. Þetta virðist fyrst og fremst samtök kaupaskipa, að þau þyrftu hvergi að bíða, keyptu á föstu verði, t. d. 45 aura verði. Þeir gáfu aldrei upp verðið. Hef ég heyrt því fleygt, en hef ekki rök fyrir því, að þeir hafi jafnvel látið sér detta í hug að lækka verðið frá 45 au. Ég fullyrði þetta því ekki. En mér er kunnugt, að ríkisstj. er sammála um að veita ekki Landssambandi útvegsmanna leyfi til að ráðstafa þessu máli eitt út af fyrir sig á þessum grundvelli, að kaupa fiskinn fyrir fast verð, en taka gróðann sjálfir. Þetta er vitanlega það, sem smáútvegsmenn geta ekki sætt sig við. Þeir vilja fá hærra verð og þurfa þess. Það er stór hætta á, að útgerðin dragist saman. Ef hugsanlegt er, að hraðfrystihúsin gætu ekki borgað 45 aura verð, sem ég vil alls ekki fullyrða, að sé útilokað, þá er þeim mun meiri nauðsyn á, að smáútvegurinn fái sem mest fyrir sinn ísaða fisk. Þessi fiskur hefur verið metinn mest. Og verðið hefur verið gott. Allur slíkur fiskur, sem hefur verið boðinn á hinum enska markaði, hefur selzt á hámarksverði, ef hann var óskemmdur. Þetta höfum við haft fast undir fótum. En að veita Landssambandinu að skipuleggja fiskkaupin, og smáútvegurinn hafi bara visst verð og ekki von um hækkun, þó að stórgróði verði á kaupunum, það er hlutur, sem ríkisstj. getur ekki gengið inn á. Hitt er annað mál, að það er ekki endanlega ráðið, hvað til bragðs verður tekið til að leysa þetta mál. Og það eru ekki hvað sízt vandamál í sambandi við hraðfrystihúsin og að tryggja rekstur þeirra, sem valda erfiðleikum.

Þessi uppástunga fiskimálan. er í raun og veru ekki annað en að n. segir við sjávarútvegsmenn við Faxaflóa: Við hjálpum ykkur til að skipuleggja sjálfir söluna á erlendum markaði á ykkar eigin fiski. Að vísu er tekið fram, að borgaðir séu 45 aurar. Áhættan er dálítil, en við nánari athugun er hún sáralítil. Það er þess vegna eingöngu að ræða um rétt smáútvegsins til að ráða sjálfur yfir veiði sinni. Það hefur aldrei verið uppi í fiskimálan. að þvinga einu eða neinu upp á fiskeigendur. En að n. gerði þessa uppástungu við útgerðina í Faxaflóa, var af því, að svo miklu meiri erfiðleikar eru á að koma þessu saman við Faxaflóa, verstöðvarnar eru margar, en þurfa að starfa saman að fiskútflutningnum, ef vel á að fara. Og Faxaflói er eitthvert allra þýðingarmesta fiskveiðasvæði landsins, en þar liggur allt í skipulagsleysi, til stórhnekkis fyrir þjóðina í heild sinni. En það var aldrei tilgangurinn að taka á nokkurn hátt fram fyrir hendur útvegsmanna við Faxaflóa, enda yrði allt, sem framkvæmt kynni að verða í þessu máli, gert í samráði við smáútveginn sjálfan, bátaeigendur og fiskimenn, sem fiskinn eiga. Og ef þetta ráð yrði upp tekið, sem fiskimálan. hefur stungið upp á við Faxaflóa, vona ég, að það verði aðeins í bili. Síðan taki þeir málið í sínar hendur, skipuleggi sjálfir og sjái um sölu á sínum fiski á erlendum markaði.

Hermann Jónasson: Ég vil vekja athygli á því, sem ekki kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., en ég lagði sérstaka áherzlu á, að þetta er í raun og veru tilboð í þremur liðum til framleiðenda við Faxaflóa, gert af atvmrh. í nafni fiskimálan. Því er lýst hér yfir, að þetta er gert í nafni ráðh. og þess vegna bindandi tilboð, „vilji útvegsmenn sinna þessu boði.“ Og ég hef sérstaklega leitt athygli að því, að ef þeir taka þessu boði, munu fleiri fara fram á, að þeim sé gert sams konar tilboð. Enda er bersýnilegt, að ráðh. lítur þannig á málið.

En til þess að teygja ekki umr. meir en nauðsyn krefur, hef ég ekki farið inn á ýmis atriði, t. d. hvernig eigi að koma fyrir fisksölumálunum. Hv. þm. Barð. minntist á það og felldi þar sinn dóm, sem ég segi ekkert um. Mér er kunnugt um þær tilraunir til samtaka, sem hann minntist á hjá þessum aðilum, enda byrjun hafin á þeim fyrir talsvert löngu. Mér finnst eðlilegt, að þegar stefna verður mörkuð í þessu máli, verði það gert af þinginu. Það er auðsætt mál, að þarna er um tvær leiðir að ræða. Önnur sú, að ríkið taki að sér meiri og minni verðjöfnun, eða þá að samlögin hvert á sínum stað verði styrkt með aðstoð ríkisvaldsins. En með þessu bréfi virðist mér mörkuð stefna, án þess að þingið hafi haft þar nokkuð um að segja, og jafnvel án þess að ríkisstj. hafi haft nokkuð um að segja, nema viðkomandi ráðh.

Náttúrlega getur verið á takmörkunum, hvort þessi ábyrgð er heimil eða ekki, en inn á það fer ég ekki frekar.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins gefa hv. þm. Str. þá skýringu út af því, að þetta tilboð er bundið þessu skilyrði, „vilji samtök útvegsmanna sinna þessu boði", þá verður því ekki sinnt, því að önnur samtök eru ekki til en Landssamband útgerðarmanna, og það mun ekki taka því, þegar það getur rekið þessa sölu með miklu meiri hagsmuni fyrir smáútgerðarmenn innan þessa sambands. Mér er kunnugt um, að þar hefur verið rætt um annað en það, sem kom fram hjá hæstv. atvmrh., það hefur verið rætt um að tryggja þessum mönnum hærra verð. Ég skil ekki, þegar hann er að tala um, að eigi að tryggja leiguskipaeigendur. Ég veit ekki, hvort hann veit, hvernig þetta fyrirkomulag er byggt upp. Ef sambandið græðir, þá skiptist það upp, ekki til leiguskipaeigenda, heldur til fiskimannanna sjálfra. Þess vegna er það, að með því að láta landssambandið hafa með þessi mál að gera eru langbezt tryggðir afkomumöguleikar smábátaútvegsins við Faxaflóa, og hvernig geta þá þeir, sem eiga leiguskipin, ákveðið, að gróðinn fari í þeirra vasa? Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki kynnt sér þessi mál, og væri æskilegt, að hann kynnti sér þau nákvæmlega, áður en nokkuð er gert, sem þvingar menn inn á annað en það, sem gefur sem hagkvæmasta afkomu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Mér þykir ástæða til að segja nokkur orð, einkum í tilefni af ræðu hv. þm. Str. um það örlagaríka spor, sem á að vera stigið með þessari víðtæku ábyrgð, sem fiskimálan. á að hafa heitið fiskimönnum varðandi útflutning á fiski. Mér fannst kenna verulegs misskilnings hjá honum, því að sú ábyrgð, sem hér er hægt að tala um, er verulega takmörkuð. Ég skil varla, ef menn athuga þessa ábyrgð vel, þá þurfi menn að óttast, að hún geti orðið útlátamikil fyrir þann, sem tekur hana að sér. Að því leyti sem hægt er að tala um ábyrgð, þá er hún eingöngu í sambandi við það, að fiskimálan. gengur inn á að greiða samsvarandi fast verð eins og hefur verið fram til þessa, meðan markaðsverð í Englandi helzt eins og það var á síðasta ári, fyrir þann fisk, sem n. kann að flytja út með leiguskipum, sem hún tekur. Fiskimálan. er ljóst, að þetta þýðir ekki, að tekin sé ábyrgð á verði fyrir þann fisk, sem fluttur er undir öðru skipulagsformi, heldur aðeins fyrir þann fisk, sem n. flytur með sínum leiguskipum, sem er 45 aurar fyrir kílógrammið, miðað við þorsk slægðan með haus. Hvernig hefur þessari ábyrgð verið fyrir komið til þessa? Allir, sem hafa keypt fisk að undanförnu, hafa tekið þetta á sínar herðar. Þeir hafa greitt 45 aura út og síðan sætt markaðsverði, haft þessa margumtöluðu ábyrgð og vitanlega allir stórgrætt á þessu, og ef fiskimálan. hefur sæmilegan skipakost til að flytja fiskinn út, þá má telja, að engin áhætta sé því samfara að taka á sig þessa ábyrgð og flytja fiskinn út undir þessu fyrirkomulagi. Hins vegar er það gefið mál, að búast má við, að talsvert verði flutt út af fiski undir öðru fyrirkomulagi, þar sem útgerðarmenn hafa haft ábyrgðina og annað útflutningsfyrirkomulag, þar sem þeir hafa alla tíma greitt út þetta samningsverð, 45 aura, fyrir fiskinn og síðan jafnað fiskimönnunum upp hagnaðinn, sem út hefur komið að lokum. Sem sagt, það, sem fiskimálan. býður, er það sama og það, sem fiskimenn t. d. á Norðfirði hafa gert heima hjá sér, og reynslan er sú, að áhættan er ekki kostnaðarsöm, því að þar hefur verið verulegur hagnaður.

Nú er hugsanlegt, að ýmsir aðrir útgerðarstaðir óski eftir sams konar samningum og hér er um að ræða. Vitanlega mundi þá fiskimálan. hafa með ráðstöfun slíkra skipa að gera, en ekki útgerðarmenn sjálfir, en þar, sem ég þekki bezt til, dreg ég í efa, að útgerðarmenn mundu vilja vinna til að fá þessa tryggingu fyrir verðinu gegn því, að þeir ættu að falla frá sínu útflutningsfyrirkomulagi og afhenda það fiskimálanefnd. Þeir hafa þegar reynt, að áhættan er engin, og ég hygg, að þeir muni treysta sér betur til þess en óviðkomandi aðilum og að þeir fari því alls ekki fram á, að óviðkomandi aðilar taki þar við. Fiskimálan. hefur líka tekið fram, að æskilegast sé, að þeir taki þetta upp sjálfir að öllu leyti án íhlutunar annarra, og hefur n. þá enga ábyrgð í þessu efni. Hins vegar er það, að vegna þess, hvað tíminn er naumur fyrir þá til að skipuleggja sig og þeir hafa ekki þannig samtök, að þeir eigi gott með að taka útflutninginn í sínar hendur, þá virðist ekki óeðlilegt að bjóða þeim upp á þetta, að fiskimálan. aðstoði þá við að koma slíku skipulagi á, en ef þeir treysta sér til að hafa sjálfir þessi mál með höndum, þá stendur þeim það til boða á hverjum tíma.

Hv. þm. Barð. segir, að ekki sé mikil hætta á, að samtök útgerðarmanna vilji líta við þessu tilboði. Þó er það svo, að allir útgerðarmenn við Faxaflóa, sem hafa fengið þetta bréf, hafa svarað játandi. Það er því komið endanlegt svar frá þeim um, að þeir óska eftir, að þetta form verði upp tekið hjá þeim. Það er auðvitað mikill misskilningur, að Landssamband útgerðarmanna, sem ekki svipað því allir útgerðarmenn eru í, sé aðili, sem geti á nokkurn hátt tekið fram fyrir hendurnar á eigendum þessa fisks, ef þeir vilja gera tilraun til að fá meira fyrir fiskinn en þeir hafa getað fengið til þessa. Hitt er rétt, að það hefur komið greinilega fram, að þeir, sem eiga það stór skip, að þeir geta flutt á þeim fisk á erlendan markað, þeir óska eftir að fá fiskinn keyptan föstu verði til að ge a notið þess hagnaðar, sem af því er að verzla með hann á frjálsum markaði, en það rekst á hagsmuni fiskframleiðendanna. Ef bátaútvegsmenn við sunnanverðan Faxaflóa ættu að taka á leigu 10—20 skip til að flytja fisk, þá geta þeir ekki sætt

sig við, að svo og svo mörg færeysk og íslenzk skip komi og heimti að fá að kaupa fisk í þeirri röð, sem þau komu til hafnar, en útgerðarmenn yrðu að liggja með flota af fiskflutningaskipum, heldur fara þeir fram á að fá að flytja sinn fisk sjálfir, en séu ekki skyldugir til að selja fiskinn föstu verði. Það, sem fyrst og fremst verður að krefjast, er, að útgerðarmenn séu frjálsir að að flytja sjálfir sinn eiginn fisk. Hitt getur komið fyrir, að þeir séu ekki einfærir um það, svo að nauðsyn sé, að hið opinbera aðstoði þá með að afla skipa til útflutningsins.

Ég vil, að það komi skýrt fram, að það tilboð, sem fiskimálan. hefur gert og ábyrgð um lágmarksverð, er eingöngu miðað við þann afla, sem n. kynni að flytja í samráði við fiskeigendurna sjálfa. En hvaða verð átti þá að greiða fyrir fiskinn í upphafi? Átti að greiða 35 eða 45 aura? Treysti n. sér til að greiða 45 aura og skylda þá sjómenn til að skila aftur, ef heildarútkoman sýndi ekki 45 aura? Það taldi fiskimálan. óframkvæmanlegt, en einhvers staðar varð að setja markið. Þá var ákveðið það verð, sem um langt skeið hefur verið hægt að fá fyrir fiskinn, og því var það mark sett, að borga skyldi 45 aura á kíló, sem væri óafturkræf greiðsla. Vitanlega þýðir þetta ekki það, að ríkið ábyrgist öllum mönnum lágmarksverð fyrir allan afla, hvernig sem hann er fluttur út. Hér er aðeins um þann hlu ann að ræða, sem fiskimálan. kann að sjá um útflutning á, og enn fremur er það bundið því skilyrði, að verð í Englandi haldist eins og það var s. l. ár.

Gísli Jónsson: Hv. síðasta ræðumanni þykir einkennilegt það svar, sem ég sagði, að Landssamband útgerðarmanna mundi gefa við því tilboði, sem hér er um að ræða. Hann virðist hafa einkennilega hugmynd um þetta samband. Við höfum samtök, sem heitir Landssamband útgerðarmanna og nær um allt land, og hins vegar eru til samtök útgerðarmanna á ýmsum stöðum, eins og t. d. í Keflavík og víðar, sem ráða ekki yfir nema mjög litlu fiskmagni, og ég veit, að málið hefur verið til rækilegrar athugunar hjá landssambandinu og útgerðarmannafélögum.

Ég skil ekki annað en að það sé einhver misskilningur, að landssambandið sé að tryggja þeim, sem eiga fiskflutningaskipin, sem mestan ágóða. Það eru ekki nema örfáir menn, sem eiga þessi skip, og hvernig ætti sambandið að tryggja þeim hagsmuni á móti hagsmunum sinna eigin manna? En út af því, sem hv. síðasti ræðumaður og hv. þm. Str. voru að fullyrða, að þessi skip hafi haft mikinn gróða af fiskflutningunum, mætti spyrja: Hvers vegna koma þessi skip ekki inn á hin svæðin til að fá þar keyptan fisk til útflutnings, ef það gefur svo mikinn gróða? Þetta eru falsrök, sem hér eru færð fram. Sannleikurinn er sá, að útflutningslínubátar hafa á s. l. ári barizt í bökkum, og skýrasta sönnunin fyrir því er sú, að eigendurnir hafa farið úr þessum flutningum hver af öðrum og ráðið skipin í strandflutninga hjá Ríkisskip, hvenær sem tækifæri gafst. T. d. má nefna Rifsnesið, sem er 150 smálesta skip og ágætlega fallið til slíkra flutninga. Það er leigt Skipaútgerð ríkisins allt árið, vegna þess að það var ekki talið borga sig að taka fisk til útflutnings. Það er leiðinlegt, þegar menn eru að bera slíkar fjarstæður fram. Ég veit, að ég hef leigt ákveðnum útgerðarmanni fiskiskip, sem gat borið 150 tonn, og þó að það væri leigt með 60 þúsund króna tapi, þá þénuðu þeir samt ekki nema 20 þús. á sínum útflutningi. Ég vil aðeins upplýsa þetta, af því að ég þekki þessi mál nokkuð.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er eitt atriði í næstsíðustu ræðu hv. þm. Barð., sem ég vil svara nokkrum orðum.

Hann segir, að ég hafi ekki kynnt mér, hvað Landssamband útgerðarmanna ætlist fyrir í þessum efnum, en það hefur átt tvisvar sinnum tal við mig og skrifað mér bréf nokkrum dögum fyrir jól. Þá var það þeirra hugmynd, að skipulagið væri þannig, að öll skip keyptu föstu verði og tækju „törn" eftir ábendingu sambandsstjórnarinnar, sem þeir fóru fram á, að fengi vald til að kommandera skipunum á einstakar hafnir og eingöngu tekin útlend skip að svo miklu leyti sem íslenzk skip kæmu ekki til. Þetta fyrirkomulag var eingöngu miðað við hagsmuni flutningaskipa í landinu. Hitt er annað mál, að eftir að fiskimálanefnd gerði uppástungu sína til fiskimanna við Faxaflóa, hefur sambandið tekið málið til umr. á nýjan leik, þegar því var ljóst, að stj. mundi aldrei fá þetta vald, sem þeir létu sér detta fyrst í hug, en mér er ekki kunnugt um, hvað þar hefur skeð þessa dagana. Það er því ekki rangt, sem ég hef fram tekið, þó að þeir hafi nú breytt til og athugað málið á nýjan leik, sem vel getur verið rétt, og kemur það þá væntanlega fram síðar.

Hermann Jónasson: Eins og ég sagði í upphafi þessa máls, þá er síður en svo, að ég finni að því, heldur þvert á móti ber að þakka, að allt sé gert, sem hægt er, af hálfu hæstv. stj. til að koma málum svo fyrir, að fiskimenn og útgerðarmenn geti fengið rétt verð fyrir fiskinn. Hitt er annað mál, hvernig þessum málum verður fyrir komið.

Eins og ég tók fram í upphafi, þá ætlaði ég ekki að ræða þetta mál í heild, heldur gera fyrirspurn til hæstv. stj. um, hvernig þessi mál stæðu. Ég get þó látið þá skoðun mína í ljós án þess að fara inn á umr. um það eða gefa tilefni til umr., að ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. stj. ætti fyrir milligöngu fiskimálan. eða á annan hátt að styðja samlögin fyrst og fremst. Þarf að sjálfsögðu til þess löggjöf. Aðili frá stj. gæti síðan skipt skipunum milli samlaganna og annazt annað, sem þeim er nauðsyn að fá frá ríkisvaldinu til að vera örugg með rekstur sinn. Þetta er mín skoðun á málinu.

Annars stóð ég nú sérstaklega upp til að leiðrétta hv. 6. landsk. Hann taldi, að staðhæfing mín um ábyrgð á fiskverðinu væri misskilningur, og gaf þá skýringu, sem hæstv. atvmrh. sá ekki ástæðu til að gefa, enda er það auðsætt mál, að tilboðið verður að skýrast frá því, sem fyrir liggur í bréfinu, en ekki hugmyndum þeirra, sem skrifa tilboðið. Tilboð fiskimálanefndar er um, að hún annist ísfiskflutninga fyrir fiskframleiðendur við Faxaflóa á komandi vertíð með eftirfarandi hætti. Í 1. liðnum segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin afli með aðstoð ríkisvaldsins nægilega margra skipa til fiskflutninganna og ráðstafi þeim milli útflutningshafna eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa." Þó að hér sé sagt „eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa," þá getur það ekki, eftir því hvernig tilboð eru skýrð, dregið úr því, að hér

er ákveðið loforð. Og í ofanálag á þetta lofar n. í 2. lið að greiða sama verð fyrir fiskinn og greitt var á síðasta ári og sama heildarverð. Það er einkennilegt tilboð að segjast ábyrgjast 45 aura verð á fiskinum og segja sem svo: Ég skal taka þetta brot af fiskinum, en hann verður að flytjast út undir öðru formi. Hvers virði er þá ábyrgðin, ef fiskurinn er ekki flutt ur út, heldur frystur eða saltaður og seldur lágu verði? Hvar er þá ábyrgðin? Hvar eru þá skip eftir þörfum til að flytja fiskinn ísaðan?

En svo er annað. Með því að lofa að greiða allan hagnað, sem af því kann að verða að flytja fiskinn út ísaðan, þá er stigið skref, sem er varhugavert fyrir aðrar sakir, því að með því er komið í veg fyrir, að hægt sé að reka frystihúsin. Það hefði getað verið skynsamleg ráðstöfun að lofa ekki öllum ágóðanum, heldur jafna á milli útflutta fisksins og þess fisks, sem þarf til að geta rekið frystihúsin, en með þessu tilboði er ekki eingöngu lofað að hafa nægileg skip til að flytja fiskinn út, heldur líka að greiða allan hagnaðinn, svo að þá er ómögulegt að gera það, sem eðlilegt var að gera, en það var að nota hagnaðinn af ísfiskinum til að jafna verðið á frosna fiskinum. Fiskframleiðendur eiga kröfu á að fá allan fiskinn fluttan út og allan hagnaðinn af honum, svo að þá yrði að loka ishúsunum. Öðruvísi verður það ekki skilið, því að það er ekki nóg að segja eftir á, að meiningin hafi verið þessi og þessi og svona og svona hafi átt að skilja tilboðið. Kannske verður ekkert af þessu samþ., og þá kemur það ekki til framkvæmda, en þetta, sem ég hef nú lýst, er það, sem tilboðið fjallar um, og ég vænti, að hv. þm. sjái, að svona ábyrgð getur hvorki fiskimálan. né aðrir tekið, nema með því að skuldbinda sig til að flytja allan fiskinn, nema með því móti að borga verðmuninn á frysta fiskinum úr ríkissjóði, annars er tilboðið ekkert tilboð og ábyrgðin engin ábyrgð.

Lúðvík Jósefsson: Það er augljóst, að hv. þm. Str. leggur sig í framkróka til að fá það út úr þessu tilboði, sem alls ekki stendur í því. Í bréfi því, sem fiskimálan. skrifaði fiskframleiðendum við Faxaflóa, segist hún vilja stinga upp á því við fiskframleiðendur við Faxaflóa, að hún annist ísfisksflutningana fyrir þá á komandi vertíð með eftirfarandi hætti: 1. nefndin afli með aðstoð ríkisvaldsins nægilega margra skipa til fiskflutninganna og ráðstafi þeim til útflutningshafna, eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa.

Þetta vill hv. þm. skýra svo, að með þessu lofi n. að hafa til nægilega mikið af skipum til að flytja fisk, ekki aðeins eins mikið og á s. l. ári, heldur líka hraðfrystihúsafiskinn, ef eigendurnir krefjist þess. Þetta er mistúlkun. Fiskimálan. hefur ekki lofað að skaffa skip, heldur stingur hún upp á þessu, og það er tekið fram í bréfinu, að með velviljaðri aðstoð ríkisins muni vera hægt að afla nægilegs skipakosts, og ég hef skilið það svo, að hún hafi það ekki fyrirfram á sinni vitund, hvort skipin fengjust. (**HermJ:** Bréfið er skrifað í samráði við ráðh.) Mér er fullkunnugt um, að bréfið er sent í samráði við ráðh. Þeim, sem mest eiga undir þessu máli, datt ekki í hug að skilja bréfið á sama veg og hv. þm. Str. Þeir gerðu sér þegar fullljóst, að ekki var víst, að skipakostur fengist til að flytja nema hluta af aflanum, en fyrir það, sem hægt er að flytja, vilja þeir fá eins hátt verð og hægt er að fá. Verðuppbætur áttu að geta komið á allan þann fisk, sem n. flytti út, en ekki annan fisk. Ef ekki reyndist kleift að fá nægan skipakost, ná engar uppbætur til þess fisks, sem n. getur ekki flutt, svo að hv. þm. Str. gerir sér alrangar hugmyndir um áhættuna af þeim. Gert er ráð fyrir, og um það er fullt samkomulag, að hraðfrystihúsin fái álíka mikið af fiski og í fyrra, að jöfnum afla, og með óbreyttu 45 aura verði. Þó að einn bátur leggi meira en annar í hraðfrystihúsin, á verðjöfnun að koma í veg fyrir, að það valdi misrétti.

Ef hv. þm. Str. skyldi sjálfur trúa þeim skilningi sínum á orðum bréfsins, að boðið sé að greiða uppbætur jafnt á fisk, sem út er fluttur eða aldrei fluttur, ætti hann að losna við þann ótta með því að ganga úr skugga um, að skilningur fiskeigenda og fiskimálan. er nákvæmlega eins og allt annar en hans. Þetta þarf hann að kynna sér.

Okkur hefur verið það alveg ljóst, að gera þarf miklu ýtarlegri samning en ymprað er á í þessu bréfi um fiskflutningana, og eru samningsumr. þegar hafnar, rætt um einstök atriði. Það er með öllu rangt, að þetta útflutningsform yrði til þess, að hraðfrystihúsin stöðvuðust, heldur mundi það aðstoða þau verulega. Sízt sakar það hraðfrystihúsin, þótt betra verð fáist fyrir það, sem út er flutt á vegum n., og síðan gerð verðjöfnun. Þau munu þar ekkert þurfa að óttast.

Þó að allur íslenzki flotinn væri tekinn til fiskflutninga og sá færeyski í viðbót, mundum við þurfa á miklu meiri skipastóli að halda og eigum þá til erlendra aðila að sækja. Þess vegna er það, að n. getur ekki veitt ákveðin loforð um næg skip og ríkisstj. ekki heldur, en reynt verður það, sem hægt er. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Str. að reyna að snúa út úr þessu.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það má vel vera, að einhver nauðsyn hafi verið fyrir hv. þm. Str. að spyrja nú þessara spurninga á opnum þingfundi. En þær umr., sem síðan hafa farið fram um málið, hafa að mestu verið óþarfar. Við vitum, að allmikil vandamál eru fram undan. Hv. þm. Str. er kunnugt, að Bretar hafa neitað að kaupa ísaðan fisk föstu verði frá næstliðnum áramótum, og mikil vandkvæði eru á að tryggja fiskflutningana. Við höfum ekki hálfan þann skipakost, sem til þeirra þarf um vertíðina, 2—2½ mánuð. Til þess þarf 10—12 þús. smál. skiprúm a. m. k., en fiskiskipafloti okkar er ekki nema 5 þús. smál. Hvaða skip við getum fengið í viðbót, vitum við ekki enn.

Verð á ísfiski er ekki fast í Bretlandi, heldur uppboðsverð. Þótt það muni ekki taka breytingum fyrr en í marz, höfum við enga trygging lengur fyrir því, hvað við fáum fyrir ísaðan fisk. Ef stríð helzt, mun verð halda áfram að vera nokkuð hátt. Hv. þm. Str. veit það gegnum fulltrúa Framsfl. í utanrmn., að Bretar hafa ekki viljað semja um að kaupa hraðfrystan fisk sama verði og síðasta ár. Það hefur ekki verið enn á valdi íslenzku stjórnarinnar að senda menn til samninga, því að þeir, sem semja eiga af Breta hálfu, hafa ekki talið sig tilbúna að taka móti samningamönnum. Þetta mun þessum hv. þm. vel kunnugt, þótt hann spyrji, hvers vegna ekki væri enn búið að senda menn til samninganna.

Þegar hv. þm. Str. er kunnugt, að örðugir samningar eru fyrir dyrum, furðar mig á aðferð hans að kasta nú fram þeirri fullyrðingu, að möguleikar séu á því, hvernig sem fer, að verðjafna hraðfrysta fiskinn og ísaða fiskinn. Mér fannst mjög óvarlegt að segja þetta.

Það má vel vera, að rétt hefði verið að gera þetta mál kunnugt nokkru fyrr. En þó mun enginn maður í utanrmn. hafa haft hug á því á þeim 2 fundum, sem ég hef setið þar. Það er ekki gott verk að draga svo viðkvæmt mál inn í pólitíska deilu. (**HermJ**: Að hverju leyti hefur þetta verið dregið inn í pólitíska deilu?) Ég vil ekki nefna atriðin, en ætlast til, að hv. þm. Str. viti, hvað hann var að segja. Þetta mun verða gert að umræðuefni á lokuðum fundi innan skamms.

Ríkisstj. er að athuga, hvað unnt er að gera í málunum. Hún mun leggja aðaláherzluna á að leysa flutningavandkvæðin og reyna að tryggja, að fiskimenn fái það verð, sem fáanlegt er, og þau kjör, sem bezt verða fengin.

Hermann Jónasson: Ég hafði ekki ætlað mér að ráðast sérstaklega á ríkisstj. fyrir þetta mál. En þegar einn ráðherra gerir slíkt tilboð, að því er virðist án þess að fá samþykki hinna ráðherranna, er nauðsyn, að þm. fái að vita, hvað í því felst. Í umboði ráðh. segir n., að eftir þessar athuganir telji hún, „að með velviljaðri aðstoð ríkisvaldsins verði hægt að afla nægilegra skipa til flutninga," ef ráðstafanir séu gerðar í tæka tíð. Einnig er upplýst, að velviljinn hjá ríkisstj. er tryggður, þar sem vitað er, að bréfið er að nokkru leyti samið af ráðh. Því er lofað að afla nógra skipa og hafa þau í flutningum eftir þörfum og borga sama verð og í fyrra. Og svo kemur það fyrir, að þm. stendur upp og skýrir þetta svo, að ábyrgðin sé ekki nein. Hvers virði eru þá loforðin, ef engin ábyrgð er tekin á því, að unnt verði að flytja fiskinn? Rökræður um þetta þarf vitanlega ekki að lengja í þeim hóp, sem hér hlustar.

Ég mun þegar leita mér upplýsinga um þann vináttugreiða brezku stjórnarinnar, sem hæstv. ráðh. (FJ) gaf í skyn, að hún hefði enn neitað að taka móti samningamönnum til að endurnýja samning, sem fallinn er úr gildi, svo að allt er í öngþveiti. Svo mikið er víst, að mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram í utanrmn. Þessi orð ráðh. eru vissulega eftirtektarverð, þó að seint komi fram, og þess verð, að Alþingi sé ekki dulið slíks. Sami hæstv. ráðh. hefur ekki skilið það, sem ég sagði um verðjöfnun, og fór þess vegna rangt með það, en ég sagði, að slæmt væri, að þetta tilboð hefði verið gert, ef síðan þyrfti að grípa til þeirra verðjöfnunarúrræða, sem ég nefndi.

Það er náttúrlega óviðunandi, að samningamenn okkar skuli ekki vera komnir út til samninga, þegar samningstími er útrunninn. Stór afsökun er vitanlega í upplýsingum ráðh., ef þær styðjast við rök. Ég neita því, að pólitísk afstaða hafi ráðið nokkru um fyrirspurn mína. Og ég hef farið að henni með meiri varygð en raunar er nauðsynlegt. Það er eiginlega alls ekki hættulegt að ræða utanríkismál á opnum þingfundum, ef það er gert á réttan hátt. Við verðum að venja okkur á að gera það eins og allar menningarþjóðir gera, fyrir opnum tjöldum.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Á öndverðum fundi ætlaði ég að beina fyrirspurnum til atvinnumálaráðherra. Hann var þá ekki viðstaddur, en nú sé ég, að forsætisráðherra er viðstaddur, og mun það gilda hið sama.

Þessar fyrirspurnir eru viðvíkjandi fisksölumálunum og þeim yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið út þeim viðvíkjandi.

Ég hafði gert ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. mundi gera annaðhvort, að gefa þingmönnum skýrslu um, hvað hefði verið gert í þessum málum, eða flytja þá sérstakt frv. hér að lútandi.

Í auglýsingum er nú sagt, að fiskverð skuli hækka, en sú upphæð, er það hækkar um, skuli lögð í sérstakan verðjöfnunarsjóð til að verðjafna síðan með fisk á hinum ýmsu svæðum. Enn fremur skal Landssamband útvegsmanna ráða, hvar skipin kaupa fisk.

Enn fremur vildi ég spyrja um, hvort þetta verðjöfnunargjald eigi ekki einnig að heimta af þeim fiski, sem togararnir selja úr landi. Sagt er, að verja skuli þessu verðjöfnunargjaldi til að tryggja sama verð á hverju svæði. Nú langar mig til að fá upplýst, hvað hér er átt við með svæði.

Það er og tekið fram, að frystihúsin kaupi fisk við sama verði. En ég vil þá spyrja, hvort ríkisstjórnin veit til þess, að frystihúsin ætli að kaupa, eða hefur hún gert nokkuð til að tryggja það, að þau kaupi fisk?

Það sjá allir, að þegar að því kemur að ákveða afstöðu hraðfrystihúsanna til verðjöfnunarsjóðs, kemur upp sú spurning, hvað mikið hraðfrystihúsin megi taka af andvirði fisksins til sjálfra sín. Verður það mjög viðkvæmt atriði, sem þarf að athugast gaumgæfilega. Þess vegna spyr ég, hvort nokkuð hafi enn sem komið er verið ákveðið um þetta. Þá er það öllum kunnugt, að fyrir skömmu lét ríkisstj. fiskimálan. rita útvegsmönnum við Faxaflóa, og lét n. bjóða þeim upp á að taka þeirra fisk til flutnings með þeim kostum að greiða út 45 aura fast, meðan lágmarksákvæði í Bretlandi væri ekki breytt, og með þeim frekari skilmálum, að ekki væri neitt verðjöfnunargjald. Nú vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. ætli að láta fiskimálan. taka að sér fiskútflutning í landinu yfirleitt og þá með hvaða skilmálum, — hvort eigi að tryggja lágmarksverð, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, og hvort verðjöfnunargjald skuli þá innheimt af þeim fiski, sem þannig er fluttur; enn fremur hvort þau nýju ákvæði um það, að kaupverð skuli ekki vera lægra en til er tekið, gildi um fisk, sem fiskimálan. tekur af útvegsmönnum.

Þá vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar sér ekki að hafa nein afskipti af leigumála flutningaskipa, sem kunna að verða leigð til sölusamlaga útvegsmanna, né heldur að gefa samlögum útvegsmanna kost á, að ríkisstj. hafi milligöngu um leigunám, ef þyrfti að útvega slík skip fyrir sanngjarna leigu.

Þá vil ég í síðasta lagi spyrjast fyrir um það, hvernig ríkisstj., sem telur sig hafa vald á öllum þessum málum vegna l. um innflutningsverzlun landsmanna frá 1939, hugsar sér að ráðstafa því skiprúmi, sem Bretar kunna að láta í té í brezkum skipum, hvort og hvernig samtök útvegsmanna eiga að njóta þar af. — Það eru nú komin sex atriði, sem ég hef minnzt á, og öll þýðingarmikil. Vænti ég, að hæstv. ríkisstj. telji engan veginn eftir sér

að láta þm. í té upplýsingar um þau, að svo miklu leyti sem teknar hafa verið ákvarðanir um þessi efni.

Að lokum vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. sérstakt frv. um útflutning á fiski, eins og nú er komið málum. Við höfum l. frá 1939 um útflutning á íslenzkum afurðum. Í þeim l. mun standa, að heimilt sé stj. eða þeim, sem hún gefur umboð til þess, að áskilja, að menn hafi sérstakt útflutningsleyfi fyrir öllum afurðum, og að setja þau skilyrði fyrir þessum leyfum, sem talin eru nauðsynleg. Hér er því talsvert rúm heimild. Hins vegar vil ég benda hæstv. ríkisstj. og öllum á, að það hefur samt aldrei verið tilgangur löggjafans, að hægt væri að framkvæma samkvæmt þessum ákvæðum stórkostlegar fjármálalegar ráðstafanir í landinu sjálfu, svo sem stórfellda verðjöfnun á fiski og þess háttar. Í sambandi við það koma svo mörg viðkvæm vandamál, að mér finnst ekki geta komið til mála annað en að það verði að fjalla um þau í sérstakri löggjöf frá Alþ. Það sjá allir, hvílík gífurleg vandamál munu koma upp, ef nauðsyn rekur til að innheimta jafnvel milljónatugi af sumum útflytjendum í landinu og ráðstafa þeim yfir til annarra, sem mönnum finnst vera miður settir. Enn fremur þegar ætti að gera sér grein fyrir því, hvort þessi verðjöfnun skyldi vera alger eða eftir einstökum svæðum, sem landið skiptist í, þá sjá allir, að hér er svo stórkostlegt mál til meðferðar, að það hefur aldrei verið tilgangur Alþ., að nokkur ríkisstj. eða nokkurt opinbert vald gæti gert slíkar ráðstafanir í skjóli þessara l., sem nú gilda. Ég vænti þess því, að hæstv. ríkisstj. sjái svo um, að gert verði upp á Alþ. nú, hvernig því þyki heppilegast að ráða þessum vandamálum innanlands. Ég get í sjálfu sér skilið, að stj. hafi þótt nauðsynlegt að gera í skyndi bráðabirgðaráðstafanir og styðjast þá kannske nokkuð djarft við l. um útflutning frá 1939. En það er alveg augljóst mál, að þessum verðjöfnunarmálum og öðrum stórfelldum fjárhagsmálum í sambandi við þau verður ekki ráðið til lykta á réttan hátt með því að setja öll ákvæði um þau sem „klausulu“ við önnur ákvæði um útflutningsleyfi. Vildi ég því gjarnan vita, hvort ekki væri von á frv. um þetta efni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hefði talið viðeigandi, að atvmrh. hefði svarað þessu, að svo miklu leyti sem hægt er á þessu stigi. En þar sem hann er ekki við, vil ég segja nokkur orð.

Það er rétt, að ríkisstj. hefur talið sig hafa heimild í þessum l. til að gera það, sem gert hefur verið hingað til. Hafa þau l. áður verið notuð til mikilvægra ráðstafana, m. a. meðan hv. 2. þm. S.-M. átti sæti í stj. Þessi l. voru sett sem bráðabirgðal. haustið 1939, ef ég man rétt. Að öðru leyti er það að segja, að ég get ekki gefið ýtarleg svör við fyrirspurnum hv. þm. Það er ekki heldur tími, vegna annarra anna þdm. í dag, að ræða þetta mál almennt, enda fáir þm. viðstaddir, svo að slíkt næði ekki tilgangi sínum að því leyti, að ríkisstj. gæti hvorki komið skýrslu um áform sín rétta boðleið til nægilega margra, né heldur gæti komið fram sú gagnrýni, sem kynni að þykja réttmæt í þeim efnum.

Ég veit ekki, að hve miklu leyti muni þurfa að grípa til nýrrar löggjafar um þessi efni. Það kemur betur í ljós, þegar einhver reynsla fæst á þessar framkvæmdir. Ríkisstj. mun leita til Alþ. um nýjar heimildir, ef þurfa þykir. En í sjálfu sér er hér ekkert launungarmál á ferðinni, og eru réttmætar ástæður fyrir því að vilja vita, hvað fyrir ríkisstj. vakir.

Það er talsverður vandi á höndum um að koma nýrri skipun á, þegar allt í einu fellur niður það, sem gilt hefur undanfarin ár. Það er næstum broslegt, þegar allt Alþ., ríkisstj. og ég held Íslendingar almennt hafa borið eindregið þá ósk upp, að Bretar héldu samningum óbreyttum frá 1944, en samningar falla niður af því að Bretar neita að framlengja þá, þá skuli það virðast vera eitt hið mesta vandamál að deila réttlátlega þeim ágóða, sem af því hlýzt, að Bretar vilja ekki framlengja samningana. Þetta er dálítið mótsagnakennt, en þó ekki undarlegt, þegar skyggnzt er í rætur málsins, a. m. k. hvað varðar sölu á nýjum fiski. Eins og kunnugt er, óskuðu Bretar að kaupa nýjan fisk á skip sín með verði, sem samið var um, á þeim stöðum á landinu, sem bezt lágu við slíkum útflutningi. Þegar þeir svo hættu að kaupa og markaðsverð á fiski á Bretlandi var óbreytt, skapaðist þarna gróðavegur. Ég er ekki í neinum vafa um, að þeir, sem eiga flutningaskip, hefðu óskað að mega búa einir að þessum kaupum. Hins vegar er það öllum kunnugt, að smáútvegurinn hefur staðið höllum fæti. Þess vegna er það eðlileg viðleitni hjá stjórninni að reyna að tryggja það, að þetta nýja viðhorf gæti orðið smáútveginum til framdráttar, án þess þó að beita þvingunarráðstöfunum gegn þeim mönnum, sem eiga flutningaskipin. Í heildardráttunum hefur það vakað fyrir ríkisstj. að hafa í þessum efnum svo mikið frelsi sem auðið er, en jafnframt að miða ráðstafanir ríkisstj. við það að tryggja smáútveginn eftir því, sem kostur reynist á. Nú má deila um það, hverjar leiðir liggi að þessu marki. En okkur hefur sýnzt, að nokkuð rannsökuðu máli, að það, sem mestu varðaði, væri tvennt. Annars vegar að koma á stað frystihúsunum, sem þó er ótryggt enn þá. Hins vegar að gera ráðstafanir til að tryggja smáútveginum, eftir því sem auðið þykir, arð af útflutningi á nýjum fiski, án þess að ganga í þeim efnum svo langt, að hætta þætti á, að skipaeigendur falli af þeim ástæðum frá viðleitni til að flytja út fisk. Og í bili verður að hníga að því ráði, eins og kunnugt er, að hækka söluverð á fiski til flutningaskipanna um 15%. Síðan er það hlutverk ætlað fiskimálan. að aðstoða útveginn við að fá skip leigð. Jafnframt skal Landssamband íslenzkra útvegsmanna segja til um í hverju tilfelli, hvar hvert skip taki fisk. Er vænzt, að sá aðili standi vel að vígi að gera þetta réttlátlega sem umboðsmaður fyrir eigendur minni fiskibáta og flutningaskip. Og það eru þeir aðilar, sem koma til greina. Það hefur ekki verið rætt um að leggja skatt á neina aðra í þessu efni en þá, sem eiga hlut að máli, þann útveg, sem hefur framleitt, en hvorki heildsala á Íslandi né smásala, síldarverksmiðjur eða togaraveiði. En ríkisstj. hefur ekki getað gert sér fullkomlega grein fyrir, hvaða frekari ráðstafanir eigi að gera. En það er ég viss um, að þegar til framkvæmdanna kemur, rekum við okkur á marga örðugleika í því að hafa réttlæti gagnvart öllum, sem okkur eru ekki enn fyllilega ljósir. Og m. a. af þeim ástæðum þykir ekki vera tilefni til að bera fram ákveðið frv. fyrir fram-

kvæmdaheimild, þar sem við teljum okkur standa á lagalegum grundvelli í því, sem við framkvæmum.

Ég held það stafi af misskilningi, að hv. fyrirspyrjandi spurði, hvort samið væri um flutning á fiski frá einstökum samlögum án þess að taka verðjöfnunarskatt. Við hugsum okkur verðjöfnunina í samlögunum sjálfum. Er svo álitamál, hvort eigi að nota eitthvað af verðjöfnunargjaldinu til annarra þarfa útvegsins en beinnar greiðslu fyrir nýjan fisk. En eins og sakir standa nú, tel ég ekki hægt að ræða þetta til hlítar. Okkur ber að gera okkur vonir um, að við fáum sem mest fyrir frysta fiskinn, og getum ekki gert ráð fyrir því, að mikil vanhöld verði, meðan ekki er búið að semja um hann. En það er játað af útvegsmönnum, að það sé þeirra hagsmunamál, að frystihúsin geti hafið starfsemi sína. Enda veit ég, að í mörgum verstöðvum, t. d. suður með sjó, hefur um helmingur af þeim fiski, sem í land kom, farið í frystihúsin. Mundi skapast mikið öngþveiti, ef ekki tekst því giftusamlegar um öflun skipakosts til að flytja fiskinn, — sem ég geri mér út af fyrir sig ekki miklar vonir um, a. m. k. ekki fram yfir það, sem var í fyrra. Mundi þá horfa til mikilla vandræða, ef ekki yrði hægt að starfrækja frystihúsin. Hvernig frysti fiskurinn muni seljast, er ekki hægt á þessu stigi málsins að gera sér næga grein fyrir. Það er ekki heldur búið að gera sér fullkomlega grein fyrir innan ríkisstj., hvernig skipta skal í verðjöfnunarsvæði. Efast ég um, að heppilegt sé að hafa á því meiri hraða en svo, að ekki sé einhver reynsla á fallin. Þó þolir það ekki mikla bið.

Hv. fyrirspyrjandi spurði, hvort frystihúsin mundu kaupa. Rétt er að svara, að það er ekki tryggt. Fulltrúar hraðfrystihúsanna munu koma saman 12. þ. m., og þá munu þau bera saman bækurnar. Það má segja, að enn sem komið er komi það ekki að sök, a. m. k. verulega, þó að þau hafi ekki hafið sína starfsemi, enda nokkuð undir því komið, hvernig tekst um sölu á hraðfrysta fiskinum, hvað rétt er að reka hart á eftir í þeim efnum. Það má segja, að eins og verð er á fiski í Englandi nú, muni vera hagkvæmara fyrir Íslendinga að flytja fiskinn nýjan, meðan skipakostur endist, heldur en að frysta hann, jafnvel þó að prýðilega tækist til um söluna. Auk þess er einnig ástæða til að gera ráð fyrir, að frystur fiskur kynni að vera óútfluttur um hávetur, þ. e. a. s. þegar fiskverðið er mest og aflabrögðin bezt, í marz og apríl, og væri einnig af þeim ástæðum illa ráðið að hafa notað upp rúmið í frystihúsunum, þegar lítið berst að og kannske er ekki hægt að flytja allan aflann.

Ég hafði svarað því, að fiskimálan. væri ætlað að reyna að starfa að því, að við gætum fengið sem flest erlend skip og að hjálpa smáútveginum um framlenging á leigu eða að starfrækja þetta að einhverju leyti sjálfir. Frekari upplýsingar að öðru leyti get ég ekki gefið á þessu stigi málsins. En ég skal endurtaka, að ekki er meiningin, að hér sé nein launung á ferð. Og það er mjög eðlilegt, að fram komi fyrirspurnir um það, hvað ríkisstj. hefur í hyggju í þessum málum.

Eysteinn Jónsson: Aðeins örfá orð, enda tæplega hægt að fara út í langar umræður á þessu stigi málsins. En þó verð ég að láta í ljós óánægju og vonbrigði yfir svörum hæstv. forsrh., og má þó vera, að hann sé ekki jafnkunnugur þessum málum og atvmrh., sem þau heyra undir. En sjálfsagt getur mikill misskilningur um þetta mál rúmazt enn, þrátt fyrir þær umræður, sem orðið hafa milli mín og hæstv. forsrh. Mun ég þá nota tækifærið á morgun, ef atvmrh. verður við, til að grennslast ofurlítið nánar um einstök atriði, sem þýðingarmikið er, að allir viti nú þegar. Ég spurðist fyrir um það, hvort samlögum útvegsmanna væri ætlað að borga þetta verðjöfnunargjald, m. ö. o. hvort þetta gjald ætti aðeins að leggja á keyptan fisk, eins og orðalag auglýsingarinnar segir, eða hvort bæri að skoða orðalagið svo, að einnig væri átt við þann fisk, sem tekinn er til útflutnings fyrir reikning eiganda. Þessu svaraði ráðh. ekki neitandi, en lét þó falla orð í þá átt, að verðjöfnunarskatturinn ætti að falla til samlaganna sjálfra. En það er náttúrlega óskiljanlegt með öllu, hvað hæstv. ráðh. meinar með þessu, nema hann kannske meini það, að hvert samlag eigi að vera verðjöfnunarsvæði. En ég geri ekki ráð fyrir, að þetta verði nánar upplýst að sinni, og má þá spyrjast fyrir síðar.

Ég spurði um það, hvort verðjöfnunargjald ætti ekki að ná einnig til togarafisks. Svaraði hæstv. ráðh. því alveg afdráttarlaust, að ekki væri meiningin að blanda inn í þetta neinu óviðkomandi og þetta gjald ætti ekki að ná til þess fisks, sem aflað ist á togara og fluttur væri á erlendan markað. Ég verð að segja, að þarna er ég á alveg gagnstæðri skoðun. Ef ætlunin er að fara út í verðjöfnun á fiski, þá er sjálfsagt, að togarafiskurinn verði tekinn með. Þetta liggur alveg í hlutarins eðli. Það er sem sé gert ráð fyrir að fara inn á þá braut með verðjöfnuninni, að sá fiskur, sem selst bezt, skuli bera nokkuð af verði þess fisks, sem selst lakar. Og þegar gengið er inn á þessa braut á annað borð, þá er ekki minnsti eðlismunur á fiski, sem seldur er vel af togurum eða seldur vel af flutningsskipum, sem kaupa fiskinn af smábátaeigendum annars vegar, og hins vegar þeim fiski, sem tekinn er af smábátaeigendum og seldur fyrir þeirra reikning. Hér hlýtur því að vera um misskilning að ræða, sem verður að sjálfsögðu leiðrétt, þegar menn athuga málið nánar, því að slík markalína sem þessi er ekki til að því er fiskinn snertir. En það er varla viðeigandi að ræða þetta mál til þrautar í sambandi við þessa fyrirspurn.

Ég spurði, hvernig verðjöfnunarsvæðin væru hugsuð. Hæstv. ráðh. upplýsti, að þetta væri óákveðið. Þar með er upplýst, að stj. hefur ekki enn þá tekið stefnu í verðjöfnunarmálinu, þó að hún hafi ákveðið að láta innheimta verðjöfnunargjald. Því að vitanlega getur orðið grundvallarmismunur á verðjöfnun eftir því, hvaða reglur eru um verðjöfnunarsvæðin og verðjöfnun á milli einstakra tegunda.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta mál nú, en ég lýsi aftur þeirri skoðun minni, að það er ómögulegt að túlka l. um útflutningsverzlun frá 1939 svo frjálst, að með „klausulu“ um útflutningsvörur megi framkvæma ótakmarkaða verðjöfnun innan lands með hvaða hætti sem manni sýnist. Því að það vita allir, að ekki er ætlazt til þess, að svo víðtækt vald væri fengið í hendur stjórnum eða einstökum n. með þessari löggjöf. Og auðvitað var það meiningin með útflutningsl., að ríkisstj. gæti haft fullt eftirlit með útflutningsverzluninni, ekki sízt þar sem l. voru sett með það fyrir augum, að menn seldu ekki óeðlilega lágt vörur sínar úr landi.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að settar hafa verið þýðingarmiklar skerðingar í sambandi við útflutning vara. Um það vísaði hann til þessara laga. En mig rekur ekki minni til, að nokkurn tíma hafi verið framkvæmdar samkv. þessum l. svo víðtækar ráðstafanir sem þessi verðjöfnun á fiski hlýtur að verða. Hlýtur þá að koma til athugunar, hvort fordæmi er fyrir slíku. En mér virðist, að við ættum allir að geta orðið sammála um að setja alveg sérstaka löggjöf um svo þýðingarmikið mál sem fiskútflutningurinn er, og þá ekki sízt um þennan nýja þátt, verðjöfnun á fiski. Vil ég þess vegna gera ráð fyrir, að sá háttur verði upp tekinn.

Þá er eitt atriði, sem ég beindi til hæstv. ráðh., hvort fiskimálan. ætli að flytja frystan fisk fyrir útgerðarmenn, hvort hún hafi fundið lágmarksverð á hann og hvort hann mundi koma undir verðjöfnunargjald. Hann svaraði því ekki, og mun ég því beina því til þess ráðh., sem málið heyrir undir.

Þá þóttist ég heyra það á hæstv. ráðh., að ekki væri meiningin að hafa afskipti af leigumálunum eða leiguskipunum til samlaganna, og tel ég það miður farið.

Að öðru leyti skal ég ekki fara frekar út í þetta mál, þar sem það er líka svo vaxið, að ekki er ástæða til að ræða það frekar nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins taka fram, að ég vísaði þessu máli til hæstv. atvmrh., af því að ég taldi eðlilegast, að hann svaraði því, þó að þetta sé mál allrar stj. En með því að ég hef gefið þær upplýsingar, sem ég hef gefið, tel ég tilgangslaust að beina nýjum fyrirspurnum til hæstv. atvmrh. Stj. mun ráðfæra sig við þingið og gefa upplýsingar, þegar ástæða er til þess, en ég tel, að nú sé ekki hægt að gefa frekari upplýsingar en þegar hafa verið gefnar.

IV. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Ég ætlaði að beina fyrirspurn til hæstv. atvmrh., sem ekki er nú viðstaddur, og vildi ég biðja hæstv. forseta að spyrja eftir, hvort hann mundi ekki vera svo nærri, að þetta mætti takast.

Forseti (JörB): Mér er tjáð, að hæstv. ráðh. sé ekki kominn inn í þinghúsið. Veit ég ekki með vissu, hvort hans er von.

Eysteinn Jónsson: Ég mun þá taka annað atriði, sem ég ætlaði að spyrja um. Ég hef tekið eftir, að liðið er æði langt síðan tekið var á dagskrá mál, sem búnar eru um tvær umr. og fjallar um gerð flugvalla. Vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé von á, að það komi fljótlega á dagskrá.

Forseti (JörB): Af minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að mál þetta komi á dagskrá. (**EystJ:** Er það af einhvers hálfu?) Ekki veit ég til þess.

Gísli Sveinsson: Ég get sparað frekari umr. um þetta, því að ég get sem formaður samgmn. Nd. veitt þá vitneskju, að málið er að koma til 3. umr. Við 2. umr. komu fram nokkrar aths. og það frá fleirum en einum, og óskuðu sérstaklega samgmrh. og félmrh., að tekið yrði tillit í brtt. formi til nokkurs af því, sem þá var fært fram. Það er nú samkomulag, — ef fyrirspyrjandi vill gefa sér tíma frá tali við aðra þm. til að hlusta á, sé honum áhugamál að vita eitthvað um þetta. (**EystJ:** Ég heyri, að málið er í góðum höndum.) En það er að skýra frá rökum fyrir því, hvers vegna þetta hefur dregizt. N. hefur gengið frá þessu í morgun. Brtt. eru lítilfjörlegar og komnar í prentun. Eru mestmegnis að ósk félmrh. En við samgmrh. hefur orðið samkomulag um það, að málið gangi fram íhlutunarlaust af hans hálfu. Vænti ég, að þessi verði raunin á nú alveg næstu daga.

Pétur Ottesen: Ég ætla að það væri 17. nóv. s. l., sem frv., sem ég flutti í Nd. um breyt. á l. um fiskimálan. viðvíkjandi útflutningi og hagnýtingu markaða, var vísað í sjútvn. Það er þess vegna æði langt um liðið síðan þetta mál fór til n., og enn hefur ekkert á því bólað, að n. hafi afgr. málið. Mér er kunnugt um það, að það er almennur áhugi fyrir þessu máli, og til sannindamerkis vil ég taka fram, að komnar eru til Alþ. áskoranir, sem sendar hafa verið viðkomandi þm. frá 15 útgerðarstöðum, um það að samþ. þetta frv. Með leyfi hæstv. forseta skal ég telja upp, hverjir staðirnir eru. Þeir eru: Sandgerði, Keflavík, Garður, Ólafsvík, Ísafjörður, Dalvík, Bíldudalur, Ólafsfjörður, Stykkishólmur, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður, Hornafjörður, Eskifjörður. Og það er vitað, að fleiri áskoranir í þessa átt eru einnig á ferð. Ég vil þess vegna skora mjög á sjútvn. að afgr. þetta mál, en það má ekki dragast lengi, ef það á að geta gengið fram á þessu þingi. Jafnframt vil ég biðja hæstv. forseta um að veita þessum tilmælum mínum brautargengi við hv. n. til frekari áherzlu um það, að hún inni af hendi skyldu sína.

Forseti (JörB): Ég skal minnast á það við hv. sjútvn., hvað liði afgreiðslu þessa máls, og tjá henni, að óskir hafi komið fram um, að hún afgr. það frá sér til d. Vil ég vænta, að afgreiðslan þurfi ekki að dragast úr þessu.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég hef leitað eftir því við hæstv. forseta, hvort ekki væri unnt að fresta að taka svo mörg mál á dagskrá sem hér liggja fyrir. Ég viðurkenni fúslega, að þörf er á að ræða þessi mál, en hins vegar eru mörg mál, sem ræða þarf í deildum, áður en hægt er að slíta þingi. Ég hygg því, að heppilegast sé að halda nú deildarfundi fyrst, en síðan langa fundi í Sþ. að þeim loknum. Alþ. hefur nú staðið óhóflega lengi, og þar eð ég veit vilja forseta og alls þingsheims í þessum efnum, tel ég þetta eðlilegasta lausn þessa máls.

Forseti (GSv): Ég vil taka það fram, að það er sameiginlegur áhugi allra að ljúka þessu þingi sem fyrst, en nú hefur svo skipazt, að eigi hefur tekizt

að ljúka málum, sem þó hljóta að fá afgreiðslu, eins og hæstv. forsrh. gat um.

Nú hef ég litið til, hversu háttar í deildum, og þar sem ýmis mál voru ekki nægilega undirbúin þar, vænti ég að geta lokið fleiri málum í Sþ. Mun nú þó ráðlegra, að næstu daga verði haldnir fundir í deildum. Það, sem nú er eftir á dagskrá, er á þá lund, að flestu verður eigi lokið, en þó er hér eitt mál, sem lengi hefur þvælzt á dagskrá, en það er 6. mál, og teldi ég æskilegt að koma því frá, ef eigi verða langar umr. — Ég tek þó fyrst fyrir 11. mál, en að því loknu 6. mál.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (GSv): Áður en gengið er til annarra mála á dagskránni, sem eru mörg, skal ég geta þess, að að vissu leyti skiptist dagskráin í tvennt. Er ætlazt til, að þessi dagur fari sem mest í að koma sem flestum af þessum málum þangað, sem þau eiga að fara. Tuttugu og tvö mál voru á dagskránni, nú er eftir tuttugu og eitt. Fyrstu málin allt að fjórtánda máli eru mál, sem væntanlega eiga að fara að meira og minna leyti til frekari aðgerða í n. Þau eru þar fyrir tekin fremst á dagskrána, að ætlunin var að koma þeim svo langt áleiðis, að þau færu sjálfkrafa af dagskránni til þeirra aðila, sem um þau eiga að fjalla. Svo koma málin frá fjórtán og út, sem eru meira og minna áríðandi. Þau hafa verið í n. og bíða nú frekari meðferðar, og munu sum taka umræðutíma. — Um fyrri hlutann er það að segja, að þess er mjög óskað, að hv. þm. vildu ræða þau sem minnst, svo að takast megi að koma þeim til þeirra n., sem við þeim eiga að taka, og ræðst það þá síðar, hvort hver n. getur skilað þessum málum. Loks vil ég geta þess, að hv. þm. geta varla vænzt þess, að öll mál, sem koma á síðustu stund, geti hlotið afgreiðslu til fulls og alls. Þingi er nú senn lokið, sem kunnugt er, og hv. þm. geta ekki búizt við, að mál, sem fram eru borin, þegar liðið er ár eða meira frá því, að þing var sett, nái afgreiðslu, nema mikil nauðsyn sé á framgangi þeirra.

Ég mun nú taka fyrir nokkur mál til reynslu úr fyrri hlutanum, sem ekki er líklegt, að þurfi svo mjög að ræða, og sjá, hvernig fer um þau.

Á 110. fundi í Ed., 25. jan., utan dagskrár, mælti

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Ég vildi gjarnan vekja athygli hæstv. forseta á því, að fyrir þrem vikum, eða 4. jan., var útbýtt nál. frá minni hl. landbn. um frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins. Sömuleiðis var 18. jan. útbýtt nál. minni hl. sömu n. um frv. til l. um breyt á jarðræktarl. Álit hefur ekki komið frá meiri hl. Nú vildi ég mælast til þess, að hæstv. forseti taki þessi mál á dagskrá hið fyrsta. Þetta eru hvort tveggja merk mál og hafa fengið afgreiðslu í Nd. og í n. Vona ég, að hæstv. forseti láti ekki dragast, að þessi mál verði tekin á dagskrá innan skamms, jafnvel þótt ekki komi prentað álit frá meiri hl. Það fer að líða að þingslitum, og þess vegna fer að verða hver síðastur, að málin fái afgreiðslu á þessu þingi.

Eiríkur Einarsson: Ég er meðal þeirra manna í landbn., sem er ekki skrifaður undir það nál., sem fram er komið og hv. fyrri þm. N.-M. minntist á. Mér finnst ekki nema eðlilegt, að hann hafi orð á þessu. Það hefur hver áhuga fyrir sínum málstað, og skal ég láta þess getið við hæstv. forseta, að ég hef ekkert á móti því, að málið sé sett á dagskrá og tekið til umr. Við erum 3 í meiri hl. og getum ekki fallizt á þá till., sem minni hl. ber fram. Og það verður alveg að ráðast, hvort prentað nál. verður komið frá meiri hl., þegar málið verður tekið fyrir. Ég fyrir mitt leyti geri það ekki að neinu skilyrði, mun þá alveg eins svara í umr. eða með rökst. dagskrá, eftir því sem mér þætti hentugra. Svo að frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þessi mál séu tekin á dagskrá.

Forseti (StgrA): Ég skal í tilefni af ræðu hv. fyrri þm. N.-M. athuga þetta mál og láta málin koma á dagskrá innan skamms.

Á 127. fundi í Nd., 12. febr., utan dagskrár, mælti

forseti (BG) 2. og 3. mál verða tekin út af dagskrá samkv. beiðni. (**JPálm**: Samkv. beiðni hvers?). Hv. 2. þm. N.-M. hefur boðað forföll, og ég sé ekki ástæðu til annars en verða við beiðni hans um að fresta málinu, nema þm. leggi sérstaklega gegn því.

Jón Pálmason: Ég mótmæli því, að þessi mál séu tekin út af dagskrá, þá loks þau koma til umr. aftur. Það er búið að draga þessi mál á langinn vikum og mánuðum saman, og ég sé því enga ástæðu til að taka þau út af dagskrá, þegar þau eiga að fá afgreiðslu, þótt einn þm. sé fjarverandi.

Sveinbjörn Högnason: Það má vel vera, að hægt sé að ljúka umr. um þessi mál nú. En vegna þess að margir þm. hafa fjarvistarleyfi úr bænum, auk hv. 2. þm. N.-M. eru fjarverandi þm. Borgf., fyrri þm. Árn. o. fl. og sumir hverjir við þetta mál riðnir, finnst mér ástæðulaust að afgreiða málið í dag. Ég tek því undir ósk þess manns, sem bað um frestun, ekki sízt, þar sem hann mun sjaldnast vera fjarverandi úr þinginu.

Jón Pálmason: Ég skal sætta mig við, að atkvgr. sé frestað um þessi mál, þar sem svo margir eru fjarverandi. En ég sé ekki ástæðu til að fresta umr.

Forseti (BG): Ég tel rétt, að d. skeri úr, hvort umr. verði frestað eða ekki.

ATKVGR.
Samþ. með 11:6 atkv. að taka málin til umr.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (GSv): Ég tel rétt að geta þess, að þinglausnir hafa verið ákveðnar á morgun, en til þess að svo geti orðið, er a. m. k. eftir einn

starfsfundur í Sþ. Það verður látið skeika að sköpuðu um þau mál, sem ekki hafa verið tekin á dagskrá, og eins með 7. og 8. mál á dagskrá (till. um framkvæmd 1. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa og till. um endurskoðun húsaleiguvísitölu).

Sigurður Kristjánsson: Hæstv. forseti sagði, að um 7. og 8. mál á dagskrá yrði látið skeika að sköpuðu, hvort þau dagaði uppi, en ég vil benda hæstv. forseta á, að um 8. dagskrármálið er ekki nema ein umr. Vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort sú meðferð, sem þessi mál eiga að sæta, sé eftir ósk hæstv. stj. eða ekki. Sé svo ekki, vildi ég vænta þess, að hæstv. forseti vildi unna þessum málum sama réttar og öðrum málum.

Gísli Jónsson: Viðvíkjandi 8. dagskrármálinu vil ég taka það fram, að það var fyrir mín orð, að þetta mál hefur ekki verið tekið á dagskrá, og var það vegna vöntunar á upplýsingum frá viðkomandi aðilum. Hins vegar er n. tilbúin að ræða málið og afgr. það hvenær sem vera skal.

Forseti (GSv): Það er í rauninni ein umr. eftir af þessu máli, og getur það því komið fyrir á hvaða fundi sem er og eins þó að ekki sé nema einn fundur eftir, sérstaklega ef menn vildu stilla ræðum sínum í hóf.

V. Landbúnaðarvísitala og kjötverð.

Á 41. fundi í Sþ., 14. sept., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Björn Ólafsson): Vegna þess að á morgun á hin nýja landbúnaðarvísitala að koma til framkvæmdar, vill ríkisstj. ekki láta undir höfuð leggjast að vekja athygli hv. Alþ. á því, að svo getur ekki orðið án aðgerða þingsins. Ég vil benda á, að verðlag hlýtur að hækka í samræmi við hina nýju vísitölu, og þessi verðhækkun hlýtur að hafa áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar, þannig að hann hlýtur að hækka mjög á næstu mánuðum. Undanfarið hefur framfærsluvísitölunni verið haldið niðri um nálega 14 stig með framlagi úr ríkissjóði. Ríkisstj. telur gagnslítið, eins og nú horfir, að halda þessum greiðslum áfram og mun því láta þær niður falla frá deginum í dag að telja, nema Alþ. geri aðrar ráðstafanir.

Ásgeir Ásgeirsson: Þó að þetta sé fundur Sþ., en það sé fjhn. Nd., sem hefur frv. hæstv. ríkisstj. um dýrtíðarmál til meðferðar, þykir mér rétt að geta þess, að n. hefur ekki talið sér fært að afgreiða málið fyrir 15. sept. N. fékk málið til meðferðar fyrir þrem dögum, og munu í n. hafa komið fram tvær till. um bráðabirgðaafgreiðslu, önnur að heimila ríkisstj. að greiða uppbætur vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur samkvæmt útreikningi hagstofunnar, en hin að framlengja óbreytt til bráðabirgða það ástand, sem ríkir um verðlagsuppbót. Á fundi í morgun voru ekki allir nm. við því búnir að taka ákvörðun um, hvorri leiðinni skyldi fylgt, en að loknum þessum fundi verður haldinn fundur aftur í n., og fer þá fram atkvgr. um báðar þessar till. Síðan kemur til kasta þ. að halda fleiri fundi síðar í dag, ef einhver afgreiðsla á að fást á þessum málum.

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. Ég tel eftir atvikum nauðsynlegt að gera Alþ. grein fyrir, hvernig komið er málum um sölumöguleika og verðlagningu á nýju kindakjöti. Það er almennt í dag byrjuð slátrun á Norðurlandi og Austur- og Vesturlandi. Og það er öllum ljósara en frá þurfi að greina, að það er gott að búa að sínu og borða sem mest af eigin framleiðslu. Það er því mjög óhagstætt, ef ekki er hægt að hefja sölu kjöts um leið og slátrun byrjar.

Ég hef því þann 15. september skrifað kjötverðlagsn. og beint því til hennar, að nauðsynlegt sé að ákveða kjötverð strax. Mér barst rétt í þessu svo hljóðandi bréf frá henni:

„Kjötverðlagsnefndin

Reykjavík, 18. september 1944.

Vér höfum móttekið bréf ráðuneytisins, dags. 15. þ. m., þar sem því er beint til nefndarinnar, að henni beri að verðleggja kindakjötið nú þegar, eins og lög standa til.

Út af því skal það tekið fram, að Kjötverðlagsnefndin hefur sent álit sitt um verð á kindakjöti. Önnur uppástungan byggist á því, að útflutningsverð sláturfjárafurða verði tryggt eins og s. l. ár. Með hinni uppástungunni er gert ráð fyrir, að innanlandsverðið beri uppi þann halla, sem kann að verða á útfluttum sláturfjárafurðum. Nefndin vill taka það fram, að hún telur síðari uppástungunna með öllu ófæra, meðal annars vegna þess, að lagaheimild vantar til slíkrar verðjöfnunar, og álítur því, að rétt sé að byggja verðlagið á fyrri uppástungunni, enda sé útflutningurinn tryggður eins og áður.

Meðan slík trygging liggur ekki fyrir, getur nefndin undir engum kringumstæðum tekið á sig ábyrgðina um verðákvörðunina.

Virðingarfyllst
Kjötverðlagsnefndin
Ingólfur Jónsson

Til landbúnaðarráðuneytisins."

Það, sem vísað er til, eru áætlanir kjötverðlagsn. frá 14. sept., en samkv. því telur hún, að ef ríkissjóður greiðir áfram uppbætur á kjöt, sem selt er á erlendum markaði, þurfi útsöluverð á innlendum markaði að vera í smásölu kr. 11,07 á kg., til þess að bændur geti fengið það verð, sem þeim er reiknað samkv. áliti 6 manna n. Ef slík trygging væri ekki fyrir hendi og engar uppbætur yrðu greiddar á útflutta kjötið, þyrfti útsöluverðið innanlands að vera kr. 18,87 pr. kg.

Eins og hv. þm. hafa heyrt af bréfi n., telur hún sig ekki geta ákveðið verðið, meðan engin ákvörðun er tekin á Alþ. um það, hvort tryggt sé, að bændur fái það verð fyrir útflutt kjöt, sem gert er ráð fyrir í áliti 6 manna nefndarinnar.

Varðandi nauðsyn þess, að sala kjöts geti byrjað strax, er líka þess að gæta, að frystihúsin eru öll minni en þyrfti að vera, og geta orðið vandræði af þeim orsökum, ef neytendum er

ekki gefinn kostur á að kaupa kjöt nú þegar. Slíkt gæti leitt til alvarlegra árekstra, sem sé til stöðvunar á slátrun í miðri sláturstíð.

Af þessu tvennu virðist ófært að draga það nokkuð, að verð sé sett á kjötið til neytenda, og með hliðsjón af þáltill., sem samþ. var fyrir nokkrum kvöldum til þess að halda óbreyttu verðlagi til loka þessarar viku, mun ég, ef Alþ. gerir ekki aðrar ákvarðanir í dag, láta boð út ganga um, að dilkakjöt megi selja fyrir kr. 6,50 á kg. eins og hingað til.

Samkv. þeim tölum, sem ég las upp áðan, gætu kr. 6,50 verið röskum 12 kr. lægri en úrskurðað yrði bændum. Þetta vildi ég upplýsa í hv. Alþ.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Í sambandi við þetta mál langar mig til þess að bera fram fyrirspurn vegna tilrauna, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft með höndum um sölu hrossakjöts á erlendum markaði. Það fóru fram bréfaskriftir á milli Búnaðarfél. og ríkisstj. síðastl. ár, og í sumar áréttaði Búnaðarfél. nauðsynina á sölu hrossakjöts erlendis. Vil ég nú biðja hæstv. atvmrh. að upplýsa, hvernig komið er því máli.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af fyrirspurn hv. þm. Mýr. er mér ljúft að upplýsa, að á síðastl. ári og fram á þetta ár var reynt mjög til þess að finna markað hjá hinum sameinuðu þjóðum fyrir hrossakjöt í einhverri mynd. Fyrsta tilraunin strandaði, því að viðkomandi stofnanir í Bretlandi og Bandaríkjunum svöruðu því, að þær hefðu enga „interessu" af að kaupa þetta kjöt, en eftir frekari tilraunir vildu þær taka til athugunar að kaupa allmikið af niðursoðnu hrossakjöti. Var þá rannsakað, hvað það mundi kosta að meðhöndla kjötið á þann hátt, sem óskað var eftir, en það kom í ljós, að kostnaðurinn varð svo mikill, að allt strandaði. Það verð, sem talið var líklegt, að mætti fá, hrökk ekki einu sinni fyrir tilkostnaði. Það er verið að gera enn eina tilraun til að komast að samningum, en henni er ekki lokið enn þá, og af reynslunni tel ég vonlaust, að kaupandi fáist að niðursoðnu hrossakjöti. — Því miður er þetta svo.

VI. Stjórnarskipti.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Í ríkisráði í morgun var dr. juris Einar Arnórsson samkv. beiðni sinni leystur frá störfum sem starfandi dóms- og menntmrh. Sömuleiðis var ég skipaður til þess að hafa með höndum störf dóms- og menntmrh., þar til önnur skipan verður á gerð.

Á 60. fundi í Sþ., 21. okt., var samkv. dagskrá tekin til meðferðar **tilkynning frá ríkisstjórninni.**

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti, háttvirtu alþingismenn. Ég skal leyfa mér að birta háttv. Alþingi svo hljóðandi forsetaúrskurð um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

„Forseti Íslands hefur í dag skipað þessa ríkisstjórn:

I. Forsætisráðherra, Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytis, skipting starfa ráðherranna, mál, sem snerta stjórnarráðið í heild. Utanríkismál.

II. Ráðherra Áki Jakobsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), Fiskimálanefnd, Landssmiðjan, Atvinnudeild Háskólans, Rannsóknaráð ríkisins, flugmál.

III. Ráðherra Brynjólfur Bjarnason. Undir hann heyra kennslumál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, menntamálaráð, leikhúsa- og kvikmyndamál. Ríkisprentsmiðjan.

IV. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra kirkjumál, samgöngumál, þar undir vegamál, skipagöngur, póst- og símamál, loftskeytamál, vitamál, hafnarmál, mælitækja- og vogarmál, rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur ríkisins, iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnfélög. Einkaréttarleyfi. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar.

V. Ráðherra Finnur Jónsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, þar undir framkvæmd hegningardóma, hegningarhús og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þar undir gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sifjarréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón um framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Félagsmál, þar undir styrktarstarfsemi til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingarsjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingarfélög. Heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherra, þar undir verzlunarskólar, verzlunarfélög, kaupfélög og samvinnufélög.

VI. Ráðherra Pétur Magnússon. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollmál og önnur mál, er snerta tekjur ríkissjóð, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa. Fjárlög, fjáraukalög og reikningsskil ríkissjóðs. Hin umboðslega endurskoðun. Embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins. Laun embættismanna. Eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra. Peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er snerta fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofa Íslands. Mæling og skrásetning skipa. Enn fremur viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, bankamál og sparisjóðir, gjaldeyrismál, verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir). Landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar

á meðal skógræktar- og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar, dýralækningamál, þjóðjarðamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi fallinn konungsúrskurður frá 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., með áorðnum breytingum.

Gjört í Reykjavík, 21. okt. 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.“

Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um málefnagrundvöll, er felst í þeirri stefnuskrá, er ég nú skal leyfa mér að lesa upp.

I.

A. Stjórnin vill vinna að því að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands, með því m. a.

. Að athuga, hvernig sjálfstæði þess verði bezt tryggt með alþjóðlegum samningum.

2. Að hlutast til um, að Íslendingar taki þátt í því alþjóðasamstarfi, sem hinar sameinuðu þjóðir beita sér nú fyrir.

3. Að undirbúa og tryggja svo vel sem unnt er þátttöku Íslands í ráðstefnum, sem haldnar kunna að verða í sambandi við friðarfundinn og Íslendingar eiga kost á að taka þátt í.

4. Að hafa náið samstarf í menningar- og félagsmálum við hin Norðurlandaríkin.

B. Að taka nú þegar upp samningatilraunir við önnur ríki í því skyni að tryggja Íslendingum þátttöku í ráðstefnum, er fjalla um framleiðslu, verzlun og viðskipti í framtíðinni, til þess þannig að leitast við:

1. Að ná sem beztum samningum um sölu á framleiðsluvörum þjóðarinnar og sem hagkvæmustum innkaupum.

2. Að fá viðurkenndan rétt Íslands til sölu á öllum útflutningsafurðum landsins, með tilliti til alþjóðlegrar verkaskiptingar á sviði framleiðslu.

3. Að vinna að rýmkun fiskveiðalandhelginnar og friðun á þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fisks, svo sem Faxaflóa.

Samninganefndir verði svo skipaðar, að stéttum þeim, sem mest eiga í húfi, verði tryggt, að hagsmuna þeirra sé vel gætt.

II.

A. Það er meginstefna stjórnarinnar að tryggja það, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.

Þessu markmiði leitast stjórnin við að ná m. a. með þessu:

1. Af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum sé jafnvirði eigi minna en 300 millj. ísl. kr. sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þeim gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtöldum framleiðslutækjum:

1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. **200 milljónir kr.**
2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmíða o. fl. — um **50 millj. kr.**
3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða og jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl. — um **50 milljónir kr.**

Fært skal milli flokka, ef ríkisstjórnin telur ráðlegt, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. lið hér á eftir. Nefnd sú geri sem fyrst tillögur um frekari hagnýtingu erlendra innistæðna, svo sem um efniskaup til bygginga. Almennt byggingarefni, svo sem sement og þess háttar, telst með venjulegum innflutningi. Efni til skipa, véla og þess háttar, sem smíðað er innanlands, telst með innflutningi framleiðslutækja.

2. Ríkisvaldið hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er.

3. Tæki þessi skulu seld einstaklingum eða félögum, og slík félög m. a. stofnuð af opinberri tilhlutan, ef þörf gerist.

Framleiðslutæki, sem keypt kunna að verða fyrir framlag hins opinbera að nokkru eða öllu leyti, skulu ekki seld með tapi, nema öll ríkisstjórnin samþykki eða Alþingi ákveði.

4. Ríkisstjórnin skipar nefnd, er geri áætlanir um, hver atvinnutæki þurfi að útvega landsmönnum til sjávar og sveita, til að forðast, að atvinnuleysi skapist í landinu.

5. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og vald hennar. Skal það m. a. ákveðið, að nefndin skuli leita fyrir sér um kaup framangreindra framleiðslutækja erlendis og smíði þeirra innanlands og hafa milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Komi í ljós, að vegna viðskiptareglna annarra þjóða verði talið hagkvæmt eða nauðsynlegt, að einungis einn aðili fjalli um kaup ofangreindra tækja, svipað og nú er um sölu á flestri útflutningsvöru landsmanna, skal ríkisvaldið hafa alla milligöngu í þessum efnum.

6. Við nýsköpun þá á atvinnulífi þjóðarinnar, er hér hefur verið getið, skal hafa sérstaka hliðsjón af þeim sölumöguleikum, sem tekst að tryggja Íslandi í heimsviðskiptunum.

Framkvæmdum innanlands í sambandi við öflun þessara framleiðslutækja skal haga með hliðsjón af atvinnuástandi í landinu, í því skyni, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi, meðan verið er að útvega hin nýju framleiðslutæki.

Ríkisstjórnin mun taka til athugunar, hverjum öðrum framkvæmdum ríkisvaldið skuli beita sér fyrir í því skyni að forðast atvinnuleysi.

Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e. t. v. skyldulánum. Athugað skal, hvort til greina komi skylduhluttaka í atvinnutækjum eftir fjáreign.

B. Ríkisstjórnin leggur áherzlu á að tryggja vinnufriðinn í landinu, og hefur í því skyni aflað sér yfirlýsinga frá stjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdanefnd Vinnuveitendafélags Íslands um þetta.

C. Ríkisstjórnin hefur, með samþykki nægilegs meiri hluta Alþingis, ákveðið:

1. Að sett verði á þessu þingi launalög, í meginatriðum í samræmi við frumvarp það, er 4 alþingismenn, einn úr hverjum þingflokki, nú hafa lagt fyrir efri deild Alþingis, með breytingum til móts við óskir B. S. R. B.

2. Að samþykkt verði frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi um breytingu á dýrtíðarlögunum.

3. Með því að fjárlagafrumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, er raunverulega með stórkostlegum tekjuhalla og er auk þess þannig úr garði gert, að ekki verður með nokkru móti hjá því komizt að hækka útgjöld til verklegra framkvæmda verulega frá því, sem þar er áætlað, mun stjórnin til neydd að leggja á allháa nýja skatta, þar eð hún telur sér skylt að gera það, sem unnt er, til að afgreiða hallalaus fjárlög. Verður leitazt við að leggja skattana á þá, er helzt fá undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á stríðsgróðann. Skattar á lágtekjumenn verða ekki hækkaðir.

Eftirlit með framtölum verður skerpt.

D. Ríkisstjórnin hefur með samþykki þeirra þingmanna, er að henni standa, ákveðið, að komið verði á á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna. Mun frumvarp um slíkar almannatryggingar lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda hafi sérfræðingar þeir, er um undirbúning málsins munu fjalla, lagt fram tillögur sínar í tæka tíð.

E. 1. Ríkisstjórnin hefur ákveðið og tryggt, að samþykkt verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þátttakandi í I. L. O., eða í þeirri stofnun, er við hennar störfum kann að taka.

2. Ríkisstjórnin vill gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hindra, að tekjur hlutarsjómanna rýrni, enda verði leitazt við að bæta lífskjör þeirra og skapa þeim meira öryggi.

3. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að hafa sem öruggastan hemil á verðlagi og mun vinna að því, að sem minnstur kostnaður falli á vörurnar við sölu þeirra og dreifingu. Verður tekið til ýtarlegrar athugunar, á hvern hátt þessu marki bezt verði náð.

4. Loks hefur ríkisstjórnin ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar, með það m. a. fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, eða þess framfæris, sem tryggingarlöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningaréttar.

Auk þess verði sett þar skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því. Endurskoðun þessari verði lokið svo fljótt, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi áður en kosningar fara fram og eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar, og leggur stjórnin og flokkar þeir, er að henni standa, kapp á, að frumvarp þetta verði endursamþykkt á Alþingi að afloknum kosningum.

Stjórnin beitir sér fyrir, að sett verði nefnd, skipuð fulltrúum frá ýmsum almennum samtökum, stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar.

Eins og menn sjá, hefur stjórnin sett sér þau tvö höfuðmarkmið að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands út á við og að hefja stórvirka nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar.

Stefna stjórnarinnar út á við er ljós og þarfnast engra skýringa. Vona ég, að hún fagni óskiptu fylgi þjóðarinnar.

Um stefnumarkið inn á við skal ég leyfa mér að fara örfáum orðum til skýringar.

Svo sem kunnugt er, hafa allir þingflokkarnir staðið í nær óslitnum samningaumleitunum um málefnagrundvöll og myndun fjögurra flokka stjórnar allt frá því í byrjun júní s. l. og þar til mánudaginn 2. þ. m., að Framsóknarflokkurinn lýsti yfir, að hann myndi eigi lengur, að óbreyttum kringumstæðum, taka þátt í þeim viðræðum. Í öllum þessum umræðum hefur frá öndverðu ríkt fullkomið samkomulag um, að kappkosta bæri að tryggja, að þeim fjármunum, er Íslendingum hafa áskotnazt, yrði varið til þess að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar til sjávar og sveita og koma því í nýtízku horf, en yrðu ekki að eyðslueyri.

Þetta meginatriði hefur nú stjórnin tekið upp í stefnuskrá sína. Ákveðið er, að fyrst um sinn skuli bundnar 300 millj. kr. af erlendum innstæðum þjóðarinnar, er eigi megi gera að eyðslueyri og eigi verja til annars en nýsköpunar atvinnulífsins. Þessi gjaldeyrir er til sölu hverjum þeim, sem hann vill kaupa til einhverra þeirra framkvæmda, er falla inn í nýsköpunina, og mun stjórnin eftir megni greiða götu þeirra, er hefjast vilja handa í því skyni, jafnt til sjávar sem sveita. Því til tryggingar, að ekki lendi við orðin ein, mun ríkisstjórnin láta leita fyrir sér um kaup slíkra tækja erlendis og smíði þeirra hérlendis. Er það ætlað, að einstaklingar og félög, þar með talin bæjar- og sveitarfélög, kaupi þessi tæki, og gert ráð fyrir, að ef þess gerist þörf, muni ríkisstjórnin hlutast til um stofnun félaga í því skyni. Jafnframt verður að gera ráð fyrir, að ríkið sjálft geti orðið eigandi einhverra tækja. Fari svo, er ákveðið, að þau tæki megi ekki selja með tapi, nema öll stjórnin sé sammála, eða Alþingi ákveði. Er slíkt til öryggis.

Um öflun þessara tækja er öllum gert jafnhátt undir höfði, og er ætlað, að í þessum efnum ríki fullt frelsi. Fari hins vegar svo, að viðskiptareglur annarra þjóða verði með þeim hætti, að Íslendingum sé farsælast eða jafnvel að eigi verði hjá komizt, að einn aðili fjalli um málið af Íslendinga hálfu, mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu hníga að því ráði. Þarf mönnum ekki að bregða við slíkt hér á landi. Hér hefur í nær áratug innflutningur flestrar vöru verið bannaður, án sérstaks leyfis hins opinbera, og nú um skeið nær öll útflutningsvaran verið seld af umboðsmönnum ríkisvaldsins.

Komi til verulegra útgjalda ríkisins af þessum efnum, er ætlað að gera það með lántökum. Kemur þá til mála að skylda menn að taka þátt í þeim lánum, eða jafnvel til þátttöku í þeim fyrirtækjum, er ríkið stofnar til. Er fullkomlega réttmætt, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því, að skjótfenginn auður sé þannig látinn þjóna því hlutverki að auka velsæld almennings í landinu.

Að þessari stjórn standa menn, sem hafa í grundvallaratriðum sundurleitar skoðanir á, hvaða þjóðskipulag henti Íslendingum bezt. Þeir hafa nú komið sér saman um að láta ekki þann ágreining aftra sér frá að taka höndum saman um þá ný-

sköpun atvinnulífs þjóðarinnar, sem ég hef lýst og er kjarni málefnasamningsins og byggð á því þjóðskipulagi, sem Íslendingar nú búa við. Það er svo ráð fyrir gert, að áfram haldist sú skipan, sem nú er á starfrækslu atvinnutækja í landinu. Rekstur einstaklinga, félaga, bæjar- og sveitarsjóða og ríkisins haldist. Í hve ríkum mæli hverju úrræði fyrir sig verður beitt, veltur að sjálfsögðu nú sem fyrr ýmist á framtaki hvers aðilans um sig eða þingviljanum, eins og hann hverju sinni er. Það er öllum þessum flokkum til lofs að hafa sýnt þann stjórnmálaþroska að láta eigi deilur um stefnur standa í vegi fyrir því mikilvæga höfuðhlutverki: nýsköpun atvinnulífs þjóðarinnar.

Ég hef þá lýst meginstefnu stjórnarinnar. Hún hnígur að því að leitast við að forðast, að hinn skjótfengni auður renni út í sandinn. Hún hnígur að því að leitast við að úthýsa því böli — atvinnuleysinu —, er oft og í vaxandi mæli hefur þjáð fjölda íslenzkra heimila og spillt líðan, heilsu og lífi sorglega margra.

Það hlutverk er stórbrotið og göfugt. Enginn mun dirfast að mæla því í gegn. Hitt er annað mál, hversu bjartsýnir menn eru á sigurhorfurnar.

Vík ég þá að öðrum viðfangsefnum stjórnar og þings og fyrirheitum, er ríkisstjórnin gefur.

Varðandi setningu nýrra launalaga vill stjórnin segja það, að henni eru að vísu ljósir annmarkar á því, að slík löggjöf sé sett einmitt á þessum tímum. Hins vegar verður líka að viðurkenna, að tæplega verður lengur við unað það ástand, er nú ríkir í þessum efnum. Ár frá ári eru gerðar handahófsbreytingar á kjörum einstakra starfsmanna ríkisins, án þess að nokkurs samræmis sé gætt um kjör þeirra, er sömu eða svipuð störf inna af hendi. Afleiðing þessa er, að skapazt hefur áberandi misræmi, sem veldur réttmætri og stöðugt vaxandi óánægju. Verður eigi til lengdar staðið gegn því að færa þessi mál í heildarkerfi, og hefur stjórnin nú ákveðið að setja ný launalög, enda þótt því fylgi nokkur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð.

Um breytingu á dýrtíðarlögunum er óþarft að ræða. Það mál hefur verið skýrt í blöðum og útvarpi og liggur því alveg ljóst fyrir.

Varðandi álagningu nýrra skatta er það eitt að segja, að óumflýjanleg nauðsyn knýr til þess. Mun innan skamms upplýst fyrir Alþingi öllu og almenningi í landinu, hversu þeir reikningar standa, og verður það enginn fagnaðarboðskapur.

Skattarnir verða lagðir á þá, sem mest hafa gjaldþolið. Jafnframt verður reynt að auka tekjur ríkissjóðs með því að skerpa eftirlit með skattaframtölum.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið og tryggt því þingfylgi, að lögfest verði fullkomið kerfi almannatrygginga. Má vera, að sá ásetningur sæti gagnrýni einhverra, og skal ekki að þessu sinni langt út í það farið. Vafalaust neitar því enginn, að æskilegt sé, að Íslendingar fylgist með nágrannaþjóðunum í þessum efnum. Um hitt verður spurt, hvort við séum bærir að standa undir kostnaði af slíkri löggjöf. Úr því verður að sjálfsögðu reynslan að skera, og skal um það eitt sagt, að ef nýsköpun atvinnulífsins nær settu marki, verður hér á landi um lítið eða ekkert atvinnuleysi að ræða. Sá, sem því þorir að treysta, þarf ekki að óttast hina væntanlegu tryggingalöggjöf, því þá mun hvort tveggja, að hún kalli aðeins á hóflegan útgjaldaauka og að jafnframt verði þá fyrir hendi mikið gjaldþol skattþegnanna.

Varðandi aðrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar skal látið nægja að vísa til málefnasamningsins.

Menn eru misjafnlega trúaðir á, að þetta samstarf blessist. Ég skil það vel. Ríkisstjórnin hefur sjálf sínar efasemdir. Einnig og ekki sízt vegna þess, að margt mun verða á okkar vegi, sem við nú eigum á enga von, og mundi þó ærinn vandi við það að ráða, sem við þykjumst sjá, að í vændum er.

En hverjum augum sem á þetta er litið, verða þeir vafalaust fáir, sem ekki viðurkenna, að nú var ekki margra góðra kosta völ. Í nær tvö ár hafði landið mátt heita stjórnlítið, vegna þess að samstarf var ekki milli stjórnar og þings. Hafði þegar af hlotizt mikið tjón, og verður þó eigi með tölum talið.

Framundan eru örlagaríkir tímar, sem kalla á snöggar ákvarðanir og samstillt átök. Friðarsamningarnir geta haft mikla þýðingu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Efnahagsafkoman mun að mjög miklu leyti fara eftir þeim alþjóðasamningum, sem gerðir verða um verzlun og viðskipti þjóða á milli, og hverjum samningum Ísland kemst að við önnur ríki. Það ríður því á miklu, að svo verði um búið, að þessir samningar fari sem bezt úr hendi.

Jafnframt er höfuðnauðsyn að stöðva hinn áleitna vöxt dýrtíðarinnar í landinu.

Stjórn, sem ekki naut stuðnings Alþingis, en sat aðeins í skjóli flokkadeilna, var að sjálfsögðu hvorki fær um að sjá þessum nauðsynjum þjóðarinnar borgið né heldur að hefja þá nýsköpun, sem stjórn, er nýtur öruggs stuðnings þingmeirihlutans, ætti að reynast bær um að framkvæma.

Það er því alveg víst, að aldrei hefur Íslendingum verið meiri nauðsyn en einmitt nú að eyða, a. m. k. í bili, flokkarígnum og stéttabaráttunni og sameina kraftana til lausnar stærstu viðfangsefna.

Að lokum vil ég aðeins segja örfá orð, er ekki snerta stjórnina sem heild.

Í marga mánuði hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft forustu um tilraunir til myndunar 4 flokka stjórnar. Held ég, að enginn neiti, að flokkurinn hefur innt það verk af hendi með þolinmæði og þrautseigju. Ég harma, að það bar ekki ávöxt.

Eftir að forseti Íslands hafði falið mér að mynda stjórn, og ég, með samþykki flokks míns, tekizt á hendur að gera tilraun til þess, sneri ég mér fyrst til Framsóknarflokksins, enda höfðu nokkrum sinnum, að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins, farið fram samtöl milli samninganefnda þessara flokka um myndun stjórnar þessara tveggja flokka, ef ómögulegt reyndist að ná viðtækara samstarfi. Framsóknarflokkurinn neitaði að ganga í stjórn, er Sjálfstæðisflokkurinn myndaði, en bar í þess stað fram tillögu, sem Sjálfstæðisflokkurinn gat ekki fallizt á.

Ég sneri mér því til Alþýðuflokksins og Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins, og hafa þær samningaumleitanir nú leitt til stjórnarmyndunar.

Það var ég, sem strax í öndverðu bauð fram, að hver þeirra þriggja flokka, er saman starfa nú, hefði tvo ráðherra, alveg án hliðsjónar af þingmannafjölda hvers flokks fyrir sig. Það, sem fyrir mér vakir, er að slá því föstu að formi og efni, að hér starfi saman þrír aðilar, jafnir að rétti, skyldum og ábyrgð.

Það hafa gengið miklar sögur af þessum samningum og ekki allar trúlegar. Er ekki laust við, að þess hafi verið freistað að ófrægja alla, sem að þeim hafa staðið. Sjálfstæðisflokkurinn átti ýmist að hafa gleypt hina flokkana eða þeir hann. Reynt hefur og verið að dreifa út, að Alþýðuflokkurinn hafi látið hlut sinn fyrir Sameiningarflokki alþýðu — Sósialistaflokknum, eða öfugt, alveg sitt á hvað eftir því, sem bezt hefur verið talið henta.

Nú hefur blæjunni verið svipt frá. Nú sjá menn framan í staðreyndir. Í okkar augum, sem að þessu stöndum, er hér á ferð alvarlegur ásetningur. Við slíðrum flokkssverðin. Við semjum vopnahlé um hríð. Við höfum ákveðið að sameina kraftana, í því skyni að freista þess að tryggja, að hinn óvænti gróði reynist eigi aðeins stundar víma, heldur grundvöllur nýrra athafna, nýrra afkomuskilyrða, nýs menningarlífs, breyttrar og bættrar afkomu fyrir þá þjóð, sem lengst af hefur búið ófrjáls og efnalega snauð í landi sínu, en nú hefur öðlazt frelsi og sæmileg skilyrði til góðrar efnahagsafkomu.

Herra forseti, — háttvirtu alþingismenn.

Á þessu ári höfum við Íslendingar endurreist lýðveldi á Íslandi. Þar með hefst nýtt tímabil í stjórnmálasögu þjóðarinnar.

Þeir, sem að ríkisstjórninni standa, vona einlæglega, að sú nýsköpun atvinnulífsins, sem nú á að hefjast, megi verða upphaf nýs velmegunartímabils í atvinnusögu þjóðarinnar.

Megi þær vonir rætast, svo að fjárhagsleg velgengni og öryggi festi og treysti hið endurheimta þjóðfrelsi.

Ríkisstjórnin væntir góðs samstarfs við alla háttvirta alþingismenn og biður um skilning þjóðarinnar og velvilja.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Með leyfi hæstv. forseta og í tilefni af þeim boðskap, sem nú hefur verið gerður heyrum kunnur, leyfi ég mér að birta eftirfarandi yfirlýsingu:

„Undirritaðir þingmenn Sjálfstfl. lýsa hér með yfir því, að þeir eru ekki stuðningsmenn ríkisstjórnar þeirrar, sem nú hefur verið mynduð, og eru óbundnir af þeim samningum, sem um það hafa verið gerðir.

Alþingi, 21. okt. 1944.
Gísli Sveinsson, Ingólfur Jónsson,
Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen,
Þorst. Þorsteinsson."

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Í sambandi við stjórnarmyndun þá, sem hér hefur verið tilkynnt, óska ég að taka fram eftirfarandi af hálfu þingflokks framsóknarmanna:

Framsfl. hefur allt frá því að kosningar fóru fram síðast gert það, sem hann hefur talið á sínu valdi, til þess að þingræðisstjórn gæti starfað í landinu.

Hann átti þátt í tilraunum til þess að mynda þjóðstjórn eftir kosningarnar 1942 og síðan tilraun til myndunar stjórnar með Alþýðuflokknum og Sósialistaflokknum veturinn 1942—1943. Þær tilraunir leiddu ekki til stjórnarmyndunar af ástæðum, sem alkunnar eru.

Í júnímánuði s. l. voru gerðar tilraunir til myndunar fjögurra flokka ríkisstjórnar. Framsóknarflokkurinn var reiðubúinn til þess að taka þátt í slíkri stjórn, sem tæki við störfum að lokinni stofnun lýðveldisins, og setti ekki af sinni hálfu nein skilyrði, sem því urðu valdandi, að eigi varð af þeirri stjórnarmyndun.

Í ágústmánuði í sumar hófust aftur viðræður um myndun fjögurra flokka ríkisstjórnar og um málefnagrundvöll fyrir slíku samstarfi. Þessar viðræður stóðu yfir á annan mánuð eða lítið eitt fram í októbermánuð og stóðu þá þannig að dómi Framsfl., að engu var nær en í öndverðu um niðurstöðu í sumum þeirra mála, sem mestu varða og frá upphafi var ráðgert, að úrlausn þyrftu að fá. Átti þetta ekki hvað síst við um vissa þætti dýrtíðarmálanna, einkum kaupgjaldsmálin og fjárhagsmálin.

Framsóknarflokkurinn lýsti þá yfir því, að hann teldi þýðingarlaust að halda áfram viðræðum þessum, nema eitthvað nýtt kæmi fram í samninganefnd flokkanna, sem gerði líklegra en áður, að samningar tækjust. Ekkert nýtt kom hins vegar fram, en samningum í þess stað hætt. Gáfu formenn þingflokkanna forseta Íslands skýrslu um málið.

Þegar Framsfl. þóttist sjá, að ekki yrði úr myndun fjögurra flokka stjórnar, var af hans hálfu rætt við formann þingflokks Alþýðuflokksins og formann Alþýðuflokksins og spurzt fyrir um það, hvort Alþfl. vildi taka upp samninga um myndun stjórnar þriggja flokka, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Töldu þeir þýðingarlaust að hefja slíkar viðræður, en ákveðið var, að þeir tilkynntu Framsfl., ef þeir vildu taka þær upp.

Eftir þetta gerði Framsfl. Sjálfstfl. tilboð um, að þessir tveir flokkar stæðu saman að ríkisstjórn, sem þannig væri mynduð, að hlutlaus maður hefði forsæti, en flokkarnir tilnefndu hvor um sig tvo menn í stjórnina. Þá var lagt til, að stjórnin og flokkarnir beittu sér m. a. fyrir framgangi mála, sem til voru tekin í tilboðinu.

Þetta tilboð var lagt fram um þær mundir, sem formanni Sjálfstfl. var falið að leitast fyrir um stjórnarmyndun, og var það rætt við Sjálfstfl. á einum fundi. Þeim fundi lauk þannig, að mönnum frá báðum flokkunum var falið að athuga tiltekin málefni og búa þau undir næsta viðtal um málefnagrundvöll og skipan ríkisstjórnar. Til þessa fundar skyldi að sjálfsögðu boðað af Sjálfstfl., þar sem formanni þess flokks hafði verið falið af forseta Íslands að hafa forgöngu um myndun meirihlutastjórnar á Alþingi.

Til þessa ráðgerða fundar var eigi boðað og ekki rætt síðan við Framsfl. um stjórnarmyndun. — Þá skal þess getið, að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh., að Framsfl. hefur ekki móttekið á þessu Alþingi neitt tilboð frá Sjálfstfl. né formanni hans um málefnasamning að stjórnarmyndun þessara tveggja flokka, og því engu slíku boði hafnað.

Það er ekki vert að segja margt í dag um þá hæstv. ríkisstjórn, sem nú tekur við völdum, en þó er rétt að geta þess nú þegar, að Framsfl. vantreystir því, að henni takist að leysa þannig þau verkefni, sem nú eru mest aðkallandi, að þjóðin megi vel við una, en reynslan mun þó skera bezt úr í þessum efnum.

Jakob Möller: Herra forseti. — Það er nú ekki venju samkvæmt, að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar sé tekin til umr. jafnskjótt og hún er flutt af ríkisstjórninni. En með því að hér hefur verið hafið

máls um afstöðu flokka og einstakra þingmannahópa til hæstv. ríkisstjórnar, þá vildi ég mega hafa heimild til þess sem elztur í hópi þeirra hv. þm., sem ég hygg að megi segja að séu 30 talsins, sem standa að myndun þessarar stjórnar, að bjóða hana velkomna og óska henni velfarnaðar í sínu mikilvæga starfi, sem framundan er. Okkur er öllum ljóst, að það er mikið og vandasamt verkefni, sem þessi stjórn tekst á hendur. En okkur er líka jafnljóst, að þau verkefni verða ekki leyst svo sæmilega sé, nema með samvinnu milli þingmanna og þingflokka; og ég tel, að þetta stjórnarsamstarf lofi miklu og góðu um, að slíkt samstarf geti tekizt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Hv. 2. þm. S.-M. skýrði rétt frá því, að hann hefði átt tal við form. þingflokks Alþfl. og mig um það, hvort við teldum líklegt, að takast mundi að mynda stjórn milli Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Við ræddum við þennan hv. þm. hvor í sínu dagi, hv. 3. landsk. þm. og ég, og sögðum það sama báðir, að við teldum ekki miklar líkur til, að það tækist. Við skýrðum aðeins frá þessu í þingflokki Alþfl., en litum svo á, að hér væri um skoðanakönnun að ræða hjá okkur tveimur þm. og fannst því ekki rétt að bera þetta formlega undir okkar flokk, enda komu um það engin tilmæli eða óskir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Það var einstaka ónákvæmni í skýrslu formanns Framsfl., sem ég tel ekki ástæðu til að gera frekar að umræðuefni á þessum fundi, heldur vil ég vísa til þess, sem segir í skýrslu minni. Þó er það tvennt, sem ég verð að minnast á. Annað er það, að samningan. flokksins neitaði þann 3. okt. á milli kl. 6 og 7 á fundi með Jakob Möller, Bjarna Benediktssyni og mér að ganga í stjórn, sem Sjálfstfl. myndaði, og bar fram till. um stjórn undir forustu utanþingsmanns, og frá Framsfl. kom aldrei nein till. um forustu neins annars utanþingsmanns en þessa eina, sem Sjálfstfl. hafði með öllum atkv. fellt að ganga til stjórnarmyndunar með, því að hann hafði haft forustu ríkisstj., sem Sjálfstfl. gat ekki stutt.

Ég læt þetta nægja, en vil leyfa mér að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð hans í garð ríkisstj. Hún veit, að hún á eðlilegri andstöðu að mæta á Alþ., en vonar, að sú andstaða verði málefnaleg. Hún veit líka, að hún á að fagna skilningi a. m. k. þrjátíu og tveggja beinna stuðningsmanna, og út frá þeirra huga hefur hinn mæti 3. þm. Reykv. mælt. Ríkisstj. þakkar það hugarfar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, þegar hann flutti ríkisstj. heillaóskir, að það væri ekki venja að ræða stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, enda hefur það ekki verið gert, heldur bara bornar fram athugasemdir um hina langdrægu stjórnarmyndunarsamninga.

Það, sem hv. 4. landsk. þm. (StJSt) sagði um viðtal okkar við hann um hugsanlega stjórnarmyndun, var rétt, nema að því leyti, að viðtölin voru tvö. Í annað skiptið var ég einn, en í hitt skiptið vorum við tveir, hv. þm. Str. og ég, og var þá gengið frá málinu nákvæmlega á sama hátt og ég sagði frá.

Hæstv. forsrh. vildi álíta, að nokkurrar ónákvæmni gætti í frásögn minni. Það er náttúrlega ekki í fáum orðum hægt að segja frá öllu því, sem gerzt hefur, en ég fullyrði þó, að mín ummæli gefa rétta mynd af því, sem Framsfl. aðhafðist. Aðstöðuna að öðru leyti ræddi ég ekki.

Hæstv. forsrh. sagði í fyrri ræðu sinni, að við framsóknarmenn hefðum neitað samstarfstilboði frá Sjálfstfl. Ég upplýsti áðan, að slíkt tilboð hefði Framsfl. aldrei fengið. Það var aðeins um lausleg viðtöl að ræða, en samstarfstilboð kom aldrei, svo að engu tilboði hefur verið hafnað. Hitt er rétt, að hann átti tal við n. frá Framsfl. rétt eftir að honum var falið að gangast fyrir stjórnarmyndun. Í því var stungið upp á ákveðnum manni til að fara með forsæti stjórnarinnar, en það var fullljóst af tilboðinu sjálfu og eins því, sem á eftir fór, að sú uppástunga framsóknarmanna var ekki úrslitakostir. Uppástungan er rökstudd í bréfi framsóknarmanna á þessa lund: [Vantar í hndr.]

Það er því greinilegt, að till. er sett fram af því, að Framsfl. áleit heppilegast, að hlutlaus maður færi með forsætið. Hæstv. forsrh. og mörgum öðrum þm. var það vel kunnugt, að það var ekki ætlunin að binda sig endilega við þennan eina mann, heldur var gert ráð fyrir gagntill. frá Sjálfstfl., enda þarf ekki að fara í neinar grafgötur með þetta, þar sem þeim eina fundi, sem um þetta tilboð var haldinn, var slitið þannig, að sérstakir menn voru settir til þess að athuga um málefnagrundvöll og undirbúning að næsta fundi, sem aldrei var haldinn. Slíkt náði engri átt, ef þetta hefðu verið úrslitakostir, sem um var að ræða.

VII. 40 ára afmæli innlendrar ráðherrastjórnar.

Á 11. fundi í Sþ., 1. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GSv): Háttvirtu alþingismenn! Í dag teljast liðin 40 ár frá því er innlend ráðherrastjórn var stofnsett á Íslandi, sem sé 1. febrúar 1904, og þar með komið skipan á eðlilegt þingræði í framkvæmd. Mun þessa atburðar að tilhlutun ríkisstjórnarinnar verða minnzt fyrir alþjóð með útvarpserindi í kvöld.

Það mun nú engum dulið, að með þessari breytingu var stigið hið mikilsverðasta spor í áttina til raunverulegs sjálfsforræðis Íslendinga, þótt um hitt væri deilt, svo sem vonlegt var, hvort lengra hefði mátt komast í það sinn eður eigi. En síðan hefur það ekki orkað tvímælis, að í stjórnarfari þessa lands var þingræði — parlamentarismi — ríkjandi regla.

En í sambandi við þennan merkisatburð í sögu landsins, Alþingis og ríkisstjórnar ber að minnast þess manns, er hér átti þá einna mestan hlut að máli, þess manns, sem um langa hríð var á ýmsa lund sjálfkjörinn foringi á þingi og í stjórn, eins hins allra glæsilegasta manns, sem Ísland hefur alið, með andlegum og líkamlegum yfirburðum fram yfir flesta aðra Íslendinga á síðari tímum, Hannesar Hafsteins. Hann varð fyrstur ráðherra á Íslandi. Er saga hans enn að miklu leyti óskrifuð, og þau fjölmörgu og mikilsverðu

mál, er hann beitti sér fyrir og kom í framkvæmd, eigi nærri til hlítar rakin eða þýðing þeirra fyrir þjóðlíf vort. Bíður þetta verkefni söguritaranna, eins og raunar fjölmargt annað mikilvægt og afdrifaríkt í þróunarsögu þessarar þjóðar.

Til minningar um þessa atburði og þennan forustumann bið ég hv. þingmenn að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

VIII. Sextugsafmæli tveggja þingmanna.

Á 15. fundi í Nd., 21. febr., utan dagskrár, mælti

Gísli Sveinsson: Eins og hv. þm. er kunnugt, á okkar mæti forseti í Nd., Jörundur Brynjólfsson, 60 ára afmæli í dag. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að færa honum fyrir hönd alþm. alúðarþakkir fyrir góð störf og gegn og ekki síst fyrir hans ágætu framkomu í forsetasæti bæði fyrr og síðar. Vil ég biðja hv. þm. rísa úr sætum til þess að votta hinum sextuga forseta, þó enn ungum, virðingu sína og beztu framtíðaróskir. — [Deildarmenn stóðu upp.]

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil þakka hæstv. forseta Sþ. fyrir hin hlýlegu og óverðskulduðu orð í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. þm. fyrir þá virðingu, sem þeir hafa sýnt mér, og fyrir þá velvild, sem ég hef alltaf notið hér í hv. deild. Það, sem kann að hafa farið sæmilega úr hendi af mínum störfum hér á Alþingi, er miklu fremur að þakka þeirra velvild og skilningi og sívakandi áhuga á, að þingstörfin yrðu vel af hendi leyst. — Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. forseta Sþ. og hv. þm.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (StgrA): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég leyfa mér að minnast á, að í dag á einn af hv. þm. þessarar d., hv. 2. þm. Árn., sextugsafmæli. Ég vil leyfa mér að óska honum til hamingju á þessum tímamótum ævi hans og óska honum langra lífdaga. Ég vænti þess, að hv. þdm. taki undir þessa ósk mína með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Eiríkur Einarsson: Ég þakka kærlega fyrir.

IX. Minning látinna manna.

Á 22. fundi í Sþ., 24. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GSv): Háttvirtu alþingismenn. Einn af merkustu klerkum íslenzku kirkjunnar, séra Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur, sem nýlega lézt í hárri elli, er til moldar borinn í dag, á þeirri stundu, er fundur Alþingis nú stendur yfir. Án nokkurra frekari ummæla, sem eru óþörf, bið ég hv. þingmenn að rísa úr sætum til þess að votta þessum mæta klerki virðingu sína og í hluttekningarskyni við útför hans. — [Þingheimur reis úr sætum.]

Á 45. fundi í Nd., 6. sept., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Áður en fundarstörf hefjast að þessu sinni vil ég minnast fyrrv. þingmanns, sem lengst af átti sæti í neðri deild, Þórarins Jónssonar, bónda á Hjaltabakka. Hann andaðist að heimili sínu í gær, 74 ára að aldri. Hann var konungkjörinn þingmaður 1905—1907, þingmaður Húnvetninga 1911—1914 og 1916—1923 og Vestur-Húnvetninga, eftir að sýslunni var skipt í tvö kjördæmi, 1923—1927.

Þórarinn Jónsson fæddist 6. febr. 1870 í Geitagerði í Skagafirði, og voru foreldrar hans Jón Þórarinsson, bóndi þar, og kona hans Margrét Jóhannsdóttir bónda á Kjartansstöðum Guðmundssonar. Hann stundaði nám í búnaðarskólanum á Hólum og útskrifaðist þaðan 1890. Síðar varð hann kennari við þann skóla og hafði þá kennslu á hendi árin 1893—1896. Hann reisti bú á Hjaltabakka 1896 og bjó þar til dauðadags. Hreppstjóri var hann í sveit sinni frá 1906 og hreppsnefndaroddviti frá því um aldamót til 1920. Fjöldamörg önnur trúnaðarstörf voru honum og falin í þarfir lands og héraðs. Má þar nefna, að hann var um síðastliðin 30 ár í stjórn Kvennaskólans á Blönduósi og formaður hennar frá 1920. Þá átti hann og um langt skeið sæti í fræðslunefnd og sáttanefnd. 1927 var hann skipaður í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, og undirbjó sú nefnd m. a. ábúðarlögin nýju, er sett voru 1933 og verið hafa að mestu óbreytt síðan.

Þórarinn Jónsson var atkvæðamaður á þingi, mælskur og mikilhæfur, skapstór og lét ekki hlut sinn við hvern sem var að eiga. Hann átti lengi sæti í fjárveitinganefnd neðri deildar og var framsögumaður hennar á mörgum þingum. Hann var og framsögumaður launamálanefndarinnar 1919, og var þar við brugðið skörungsskap hans og víðsýni. Einnig má nefna, að hann hafði framsögu af hendi landbúnaðarnefndar neðri deildar um jarðræktarlögin, þegar þau voru fyrst sett, 1923. Hann lét og mörg önnur þjóðmál til sín taka, einkum landbúnaðarmál, fjármál og samgöngumál.

Með Þórarni Jónssyni er til moldar hniginn einn hinna merkustu manna í íslenzkri bændastétt, og vil ég biðja háttvirta þingdeildarmenn að votta minningu hans virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

X. Slysfarir á sjó, — minning.

Á 5. fundi í Sþ., 17. jan., mælti

forseti (GSv): Háttvirtir alþingismenn. — Áður en Alþingi gengur til starfa í deildum á þessum degi, þykir mér hlýða að minnast hér í sameinuðu þingi hins ógurlega sjóslyss, sem nú er bert, að orðið hefur við að togarinn Max Pemberton hefur

farizt með allri áhöfn, 29 manns, að líkindum nálægt Snæfellsnesi.

Á þessu nýbyrjaða ári hefur margt það gerzt í heiminum, sem sársauka veldur mönnum og seint bætanlegum missi. Vér Íslendingar höfum eigi farið varhluta af voveiflegum slysum, er sumpart hafa beinlínis verið af völdum hins æðisgengna ófriðarbáls, er enn geisar, en sumpart að sjálfsögðu því óviðkomandi. Verðmætir farkostir og fiskiskip hafa sokkið í sjó, en framar öllu dýrmæt mannslíf farið forgörðum, og er þar með ærið skarð höggvið í afkomumöguleika hinnar litlu og fámennu íslenzku þjóðar. Þótt eigi verði sagt eða sannað, að hið síðasta þungbæra sjóslys, er orðið hefur hér við land síðustu daga, er b/v Max Pemberton fórst, standi í nokkru sambandi við styrjöldina, þá er þetta þó allt skylt, ógnir og eyðing, sem eigi virðist verða við ráðið. Ber oss að taka því öllu með þeirri rósemi hugans, er einkenna á góða menn og staðfasta, þjóð, sem eigi lætur bugast, en heldur áfram göngu sinni og gagnlegum störfum í fullu trausti til handleiðslu hinnar eilífu forsjónar alls mannskyns.

Minnumst þess, að á öllum öldum hefur íslenzk byggð verið undirorpin áföllum og íslenzkur sær hættulegur þeim, er hann hafa stundað. En hvort um sig ber þó í skauti gróður og aflafönga til vöggugjafar börnum þessa lands. Af því öllu hefur þjóðinni átt að hlotnast þrek og þor og þrautseigja, en einnig örlög um dýrar fórnir. „Stríðsmenn hafsins," sjómennirnir, hafa verið þar í fararbroddi. Og allt, sem þurft hefur til fullnægingar lögmáli lífsins í þessu landi, hefur íslenzka þjóðin staðizt fram á þennan dag, og eiga þar einnig þakkir skildar hinar hugprúðu hetjur heimilanna. Svo mun og enn verða um ókominn aldur, ef enginn æðrast, þótt á dynji stormar og hregg. Uppbirta fylgir öllum éljum og skin skúrum.

Nú á hér margt um sárt að binda vegna þessara síðustu slysfara, eins og oft áður og ætíð, er slíkt ber að höndum. Því að missirinn er stórkostlegur. Hann er næsta tilfinnanlegur þjóð vorri allri, sem þarf á að halda öllu sínu, er til nytsemdar og vegs horfir, ekki sízt dugandi mönnum og gegnum, í hvaða stétt sem eru. En sér í lagi er missirinn mikill í hinni ötulu sjómannastétt vorri, er segja sá um hvort tveggja, að getið hafi sér glæsilegan orðstír með öllum, er til þekkja og bærir eru um að dæma, og eins, að hún hefur unnið og vinnur dyggilega, í erfiðri og hættulegri stöðu að þeim lífsnauðsynlegu störfum fyrir þjóðarheildina, sem óneitanlega færa einna áhrifamesta björg í bú, eins og nú er háttað. En mestur er þó missirinn og sárastur söknuðurinn „heima", þar sem eru aðstandendur og ástvinir, og eru orð vart nægjanleg til huggunar þeim.

Vér þökkum fyrir unnin afrek hinna ötulu sona þjóðarinnar, sem nú eru fallnir í val með sviplegum hætti.

Vér skulum láta gott fordæmi þeirra verða oss til örvunar á braut frama og starfs.

Vér biðjum Guð almáttugan um styrk oss öllum til handa.

Hann blessi minningu hinna látnu og líkni þeim, sem syrgja.

Ég bið þingheim að rísa úr sætum.

Á 64. fundi í Sþ., 13. nóv., mælti

forseti (GSv): Háttv. alþingismenn. — Síðan fundur var haldinn seinast í Alþingi, hefur þau sorgartíðindi borið að höndum, sem alþjóð eru nú kunn orðin: Hið góða eimskip „Goðafoss" var skotið í kaf hér inni við land og nærri höfn, og margt manna beið bráðan bana. Þetta mikla slys er vafalaust, þegar á allt er litið, meðal þeirra hörmulegustu í þessari æðisgengnu styrjöld, er engu þyrmir, og á ýmsa lund átakanlegast af þeim, sem íslenzku þjóðina hefur hent á þessum ógnartímum. Þess er að vísu eigi að vænta, að oss Íslendingum sé ætlað að „baða í rósum" alls kostar, meðan öðrum „blæðir út," enda verðleikar vorir eigi slíkir. Efnamissir og þess kyns verðmæta eru nú daglegir viðburðir í heiminum, er menn sýta lítt yfir; en dýrmætasta eignin hverri þjóð eru mannslífin, og þá einkum hinum fáu og smáu, — dýrmætust þjóðarheildinni og öllum einstaklingum, þótt þeim sé nú fórnað gegndarlaust. Það er von allra góðra manna á slíkum stundum, að íslenzku þjóðinni aukist styrkur, andlegt og siðferðislegt þrek við hverja raun.

Svo margir eiga nú hér um sárt að binda, að sjaldan hefur meira verið í einni svipan. Skörðin verða ekki fyllt. Hið blíða og stríða skiptist á í mannlífinu, og verður því eigi raskað. Hinn mikli söknuður er rétmætur, þótt huggunin sé vís, sú, að „lífið lifir," ekki aðeins áfram með oss, heldur út yfir það, sem vér greinum.

Vér hörmum allir hinn mikla missi. Með sorglegum hætti og ægilegum hafa á ný íslenzkir menn verið burtu hrifnir. Í nafni Alþingis votta ég aðstandendum, vinum og venzlamönnum þeirra fyllstu samúð og bið þeim öllum líknar Drottins.

Ég bið háttv. þingmenn, í hluttekningar skyni, að rísa úr sætum. — [Þingmenn stóðu upp.]

Fundars örf falla niður, og eru öll dagskrármál tekin af dagskrá. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Sakir þess sorglega atburðar, sem vikið var að í Sþ., fellur fundur þessarar deildar niður, og eru málin tekin út af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., s. d., lét forseti hinu sama yfir lýst.

Á 96. fundi í Sþ., 24. febr., mælti

forseti (BÁ): Íslenzku þjóðinni hefur nú borizt ein harmafregnin enn. Eitt bezta skip hins litla íslenzka siglingaflota, gufuskipið Dettifoss, hefur nú farizt af hernaðarvöldum, er það var á heimleið frá erlendum höfnum með farm og farþega. Þrír farþegar — íslenzkar konur — og tólf vaskir fardrengir hafa týnzt þar, til viðbótar öllum þeim, er áður voru frá okkur horfnir af sömu sökum.

Það er ekki lengra en röskir þrír mánuðir síðan við Íslendingar urðum að sjá af öðru skipi flotans, Goðafossi, er fórst með sama hætti, ásamt mörgum íslenzkum mönnum, bæði farmönnum og farþegum, og er því nú skammt látið stórra höggva á

milli í garð okkar fámennu þjóðar og stórt skarð höggvið í okkar litla skipastól. Má nú fullyrða, að manntjón íslenzku þjóðarinnar á styrjaldarárunum sé sambærilegt orðið við manntjón margra þeirra þjóða, er heimsstyrjöldina heyja, í hlutfalli við þjóðarstærð. Áfall það; sem hér hefur að höndum borið, er þjóðaráfall, og harmur sá, er hér er kveðinn að vandamönnum og vinum hinna látnu landa okkar, er harmur alþjóðar.

Ég vil því biðja þingheim að votta virðingu sína og þakklæti þeim vösku drengjum, sem á styrjaldarárunum hafa hætt lífi sínu til þess að flytja björg í bú okkar, sem heima sátum, og nú hafa fórnað því fyrir þjóð sína — og þeim dætrum þjóðarinnar, sem hér hafa horfið henni, og að votta vandamönnum þeirra innilega samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum.]

XI. Þormóðsslysið.

Á 10. fundi í Sþ., 27. jan., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Fyrir tæpu ári skeði hér eitt hið hörmulegasta slys, sem komið hefur fyrir íslenzku þjóðina, hið svo kallaða Þormóðsslys. Rétt á eftir óskuðu eigendur skipsins eftir því, að sjódómur gengi um það mál. Og síðar var gerð fyrirspurn hér á Alþ. út af slysinu, og lýsti þá hæstv. atvmrh. yfir, að málið væri afhent sjódómnum til rannsóknar. Og nokkru síðar var enn fremur borin fram till. til þál. hér á hæstv. Alþ. um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd í þetta mál.

Nú er liðið nærri heilt ár, án þess að nokkuð hafi heyrzt um málið, þrátt fyrir það, þótt gerðar hafi verið fyrirspurnir um það á hæstv. Alþ., og þrátt fyrir það, þótt eigendur skipsins hafi persónulega snúið sér til ráðuneytisins, og þrátt fyrir það, að blöðin hafi margoft spurt um þetta mál. En það eina, sem vitað er um málið, er, að sjódómurinn mun hafa skilað gögnum sínum til ráðuneytisins í byrjun september s. l., og þeim mun hafa verið haldið þar án frekari aðgerða um 5 mánaða skeið.

Nú hefur það skeð, að í dagblaðinu Vísi, í því eina blaði, sem hefur tekið að sér að verja hæstv. ríkisstjórn, — og er ég út af fyrir sig ekkert að gera aths. við það, — birtist löng grein um þetta mál með upplýsingum, sem almenningi er ekki kunnugt um, að hafi þekkzt áður. Og þar er sveigt að þeim, sem hafa látið umbyggja þetta skip, Þormóð, þannig, að þær aðgerðir og breyt., sem gerðar hafi verið á skipinu, standi í beinu sambandi við hið hörmulega slys.

Í tilefni af þessu vil ég gera fyrirspurnir til hæstv. atvmrh. Í fyrsta lagi, hvort þessar yfirlýsingar hafi verið gefnar úr rannsóknarskjölum frá sjálfu ráðuneytinu eða frá sjódómnum. Og í öðru lagi, ef svo er ekki, hvort ekki sé ástæða til þess að láta kalla þetta vitni sérstaklega fyrir sjódóminn, sem svo mjög þykist vita um þessi mál, að það þykist hafa rétt til þess að birta sterkar ádeilur á ákveðna aðila, áður en nokkuð er birt um sjálft málið.

Ég vil í tilefni af þessu geta þess hér, að öll rannsókn þessa máls hefur farið fram með leynd, og það svo mikilli, að beinum aðilum, svo sem aðstandendum og eigendum, hefur verið bannað að vera við réttarhöldin. Ég tel, að þetta hafi verið mjög óheppilegt og aðeins til þess að skapa þá skoðun á málinu, að hér sé verið að leyna einhverju, sem almenningur má ekki vita. En enn óheppilegra er þó það, að rannsóknarskjölunum hefur verið haldið leyndum mánuðum saman hjá ríkisstjórninni án þess að þau væru birt almenningi, svo að mönnum væri kunnugt hið raunverulega í málinu. Sem dæmi um það, hve mikil leynd hefur verið yfir rannsókninni, vil ég upplýsa, að mér er kunnugt um, að þegar vitað var, hvar flakið af skipinu var niður komið og mótorskipið Ægir var sent á vettvang til þess að reyna að ná því upp, var eigendum skipsins neitað um leyfi til að vera með í þeirri ferð, svo þeir mættu fullvissa sig um, ef kostur væri á að vita, hvort flak það, sem hér um ræðir, væri af því skipi eða einhverju öðru skipi. Það hefur ekki heldur heyrzt frá ríkisstjórninni síðan, hvar þetta flak væri niður komið, hvort það hefur þekkzt, eða neitt annað, er bent gæti á eða gefið upplýsingar um, hver tildrögin hefðu verið að hinu sorglega slysi.

Ég vildi leyfa mér að benda á, að í sambandi við önnur slys og óhöpp, sem skeð hafa hér við land á síðasta ári, hafa verið harðskeyttar deilur og ásakanir, bæði í dagblöðum og einkum og sér í lagi hafa komið tvær slíkar ádeilugreinar fram í Vísi, eina stuðningsblaði hæstv. ríkisstjórnar. Fyrir skömmu var ákaflega sterk ádeilugrein í Alþýðublaðinu út af óhappi, sem kom fyrir á botnvörpungnum Rán. Var málið sett í rannsókn. Að þeirri rannsókn lokinni var kveðinn upp sá úrskurður af þeim mönnum, sem rannsóknina höfðu með höndum, að engir þeir aðilar, sem sakaðir voru í Alþbl., hefðu átt nokkra sök á því óhappi. En af því opinbera hefur engin tilraun verið gerð til þess að láta þá aðila sæta fullri ábyrgð, sem komu þeim ásökunum af stað, sem hér um ræðir. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort þess sé að vænta, þegar slíkt kemur fyrir, að stórar og þungar ásakanir eru bornar á aðila og þeir svo sýknaðir með dómi af þeim ásökunum, að hæstv. ríkisstjórn láti einnig höfða mál á þá menn, sem vísvitandi og í einhverjum beinum tilgangi leyfa sér að bera fram slíkar ásakanir á saklausa aðila.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að það eru mjög þungar ásakanir bornar á útgerðarmenn í heild, á sjómenn og skipstjóra og ýmsa aðra aðila í sambandi við þau slys, sem urðu, er Max Pemberton og Hilmir fórust. Maður sá, sem skrifar um þetta í stjórnarblaðið, þykist vita miklu meira um orsakirnar til skipskaðans, er Hilmir fórst, heldur en nokkur annar maður hefur þótzt bær að dæma um hér á landi, og er ekkert myrkur í máli um alls konar getsakir og ásakanir. Ég ætla ekki að fara hér út í þau atriði, hvernig hrekja má ýmislegt, sem þar er sagt, og hversu fráleitar þær upplýsingar eru, sem birzt hafa í blaðinu um þetta atriði, en vil hins vegar benda á, hve hættulegt það er fyrir þjóðina, að þannig sé verið að veikja það traust, sem almenningur verður að bera til skipaskoðunar ríkisins. Einkum er það óheppilegt, að verið sé að koma fram með alls konar ágizkanir um orsakir til slysanna, á meðan verið er að athuga,

hvort unnt sé að tryggja eftirlifandi erfingjum bætur frá stríðsslysatryggingunni fyrir skipshafnirnar. Ég vil því vænta þess, að hæstv. ríkisstjórn hlutist til um það, að sú n., sem nú verður skipuð til þess að rannsaka þessi ákveðnu slys, sem hafa orðið hér, verði einnig látin um leið rannsaka þessi atriði öll, þ. e. á hverju byggðar eru þær þungu ásakanir, sem stjórnarblaðið hefur í 17. og 20. tölublaði þ. á. borið á þessa aðila, sem ég hér hef minnzt á.

Enn fremur vildi ég mega spyrja, hvort þess væri að vænta, í fyrsta lagi: að sú rannsókn, sem fram á að fara út af þessum síðari slysum, verði látin fara fram fyrir opnum dyrum, — því að til þess ætlast þjóðin áreiðanlega, — í öðru lagi, að ef þeir aðilar, sem deilt er á, verða fundnir sekir, hvort þeir verði látnir sæta ábyrgð fyrir það, sem vítavert hefur verið í framkomu þeirra, og í þriðja lagi, ef allir aðilar, sem bornir eru sökum, verða sýknaðir, hvort þá megi vænta þess, að hæstv. ríkisstjórn láti þá menn sæta ábyrgð, sem svo þungar ásakanir hafa borið á aðra að ósekju í sambandi við þessi slys.

Ég vil einnig leyfa mér í sambandi við þetta mál að benda á, að það munu vera eins dæmi, að blað, sem telur sig stuðningsblað ríkisstjórnar, skuli ráðast svo hatramlega á ríkisstofnun eins og gert er í þessum tveimur greinum í Vísi, þ. e. skipaskoðun ríkisins, sem hæstv. atvmrh. er yfirmaður yfir og á hverjum tíma getur fyrirskipað og á að fyrirskipa að rækja starf sitt eins og vera ber. En skeytunum í Vísi er beint langsamlega hvatvíslegast að skipaskoðuninni og þar með persónulega að hæstv. atvmrh., sem ber fulla ábyrgð á þeirri stofnun.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég hef áður, að gefnu tilefni, gert nokkra grein fyrir því, hvernig stóð þá með rannsókn þá, sem ég fyrirskipaði út af Þormóðsslysinu. Um leið og ég minni á það, vil ég leyfa mér hér við þetta tækifæri að endurtaka það, sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum, að núverandi ríkisstjórn hefur haft það fyrir reglu, og svo mun verða gert meðan ég veiti atvmrn. forstöðu, að það eigi að ganga eftir því, að sjódómur hafi rannsókn í hvert skipti í sambandi við það, þegar skipstapar verða, til þess, eins og ég sagði þá, að leita eftir því, hvort hægt er að finna orsakir til slyssins og hvort hægt er, með því að finna slíkar orsakir, að fyrirbyggja, að slík hörmuleg slys þurfi að endurtaka sig.

Um Þormóðsslysið er það að segja, að af þessari ástæðu m. a. var fyrirskipuð sjódómsrannsókn út af því. Og í sameinuðu þingi við umr. um fjárl., þegar hv. þm. Barð. (GJ) gerði fyrirspurn út af þessu máli, þá skýrði ég frá því, að rannsókn sjódómsins væri fyrir nokkru lokið, og þegar henni hefði verið lokið, þá hefði ég sem atvmrh. afgreitt málið til dómsmálaráðuneytisins til þess að það gæti athugað rannsóknina og niðurstöðu sjódómsins, með það fyrir augum að taka ákvörðun um, hvort höfða skyldi mál á móti einhverjum aðilum og þá hverjum. Síðan ég gaf þessar upplýsingar, hef ég ekkert haft með málið að gera, því að það er enn í dómsmálaráðuneytinu til athugunar. En, eins og ég tók fram þá, þá var mér kunnugt um það, að það ráðuneyti og dómsmrh. höfðu unnið að athugun sinni á málinu. Hæstv. dómsmrh. er, því miður, ekki hér við í dag, svo að það er ekki hægt að skýra frá, hvað þeirri athugun er langt komið. En ég tel víst, að hann sé fús til þess að skýra hv. þingheimi frá því, þegar hann kemur hingað næst. Ég vísa því algerlega frá mér og atvinnumálaráðuneytinu, að þetta mál hafi á nokkurn hátt verið hjá okkur tafið, og getur hv. þm. Barð. sjálfsagt fengið tækifæri til þess að kynna sér það, að það er ástæðulaust að vera með nokkrar bendingar í þá átt.

Ég hef hins vegar talið það vera rétt og æskilegast fyrir málið, að það væri ekki verið að gefa neinar upplýsingar út frá atvinnumálaráðuneytinu, fyrr en dómsmálaráðuneytið hefur lokið sinni athugun á málinu. — Er þá svarað þeirri fyrirspurn, sem fram var borin, þannig að ekkert blað hefur fengið upplýsingar um þetta mál frá atvinnumálaráðuneytinu.

Um hitt atriðið, hvort þessi hv. þm. (GJ) eða einhverjir aðrir telji sig þurfa að fara í málarekstur við eitthvert blað út af einhverju, sem það blað hefur sagt, og hvort einhvern tíma hafi einhver blöð eitthvað hallað á ríkisstofnanir, þá heyrir það undir dómsmálaráðuneytið, en ekki mitt ráðuneyti, og hef ég ekki ástæðu til að svara þar neinu til.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir svör hans í þessu máli, þó að þau séu engan veginn tæmandi, og skýtur hann sér einkum undir meðráðh. sinn, hæstv. dómsmrh. En mínum fyrirspurnum er beint til hæstv. ríkisstjórnar allrar. Og vænti ég, að hann sem atvmrh., sem beinlínis hefur haft þetta mál með höndum, láti málið ekki tefjast hjá öðrum ráðh. lengur en þörf er á. Það eitt er ekki frambærileg afsökun, að málið sé búið að liggja hjá ráðuneytinu í 5 mánuði. Þessi rannsókn var látin fram fara til þess að upplýsa tvennt, ef hægt væri. Í fyrsta lagi, hvers vegna slysið hefði skeð, og í öðru lagi, hvort nokkuð væri hægt að læra af því fyrir framtíðina. Það á ekki að þurfa 5 mánuði, eftir að búið er að rannsaka mál, til þess að komast að niðurstöðum um þetta. — Mér virðist hæstv. atvmrh. leggja mest upp úr því, hvort hægt sé að höfða mál gegn einhverjum aðila. En það, sem fólk vill vita, er: Hefur nokkuð skeð í sambandi við þetta, sem hægt sé að setja í beint samband við slysið sjálft, og ef hægt er að vita nokkuð um þetta, hvað þá er hægt að læra af þessu. Ég vil því, að út séu gefin til þjóðarinnar, ef ekki öll þessi skjöl, þá a. m. k. útdráttur úr rannsókninni og niðurstöður dómsins. Mér er persónulega kunnugt um það, að sjódómurinn sjálfur er undrandi yfir þeirri afgreiðslu, sem málið hefur fengið í ráðuneytinu, þ. e. a. s. þeim töfum, sem það hefur orðið fyrir þar, því hér hefur því verið lýst yfir af hálfu hæstv. atvmrh., að þessi skjöl séu ekki komin frá dómsmrn. enn.

Hitt er vitað, að ekki neinn aðili, sem stendur að þessu máli út á við, getur kallað fyrir þetta vitni, sem hefur skrifað í blöðin, til þess að vita, hvaðan hann hefur þessar upplýsingar. Það er þó eðlilegt, að þessi maður sé látinn koma fram, ef hann veit eitthvað meira í málinu en fram hefur komið enn þá, til þess að það verði vitað, hvort hann telur, að þessar upplýsingar, sem hann setur fram í stjórnarblaðinu, standi í sambandi við slysið. Og ég á eftir að fá svarað þeirri fyrirspurn minni, hvort hæstv. atvmrh. ætlast til þess, að sjódómurinn ætli að halda áfram þeirri skyldu sinni að rann-

saka allt, sem kemur málinu við, einnig að kalla þetta vitni fyrir, sem þykist mæla af mikilli þekkingu og vissu um þetta mál.

Ég á einnig eftir að heyra svar eða ástæður hæstv. atvmrh. um það, hvers vegna hann yfirleitt hefur leyft, að jafnþungar ásakanir séu bornar á stofnun, sem hann er yfirmaður yfir, og það í sjálfu stjórnarblaðinu, eins og ég benti á í fyrirspurn minni.

Það er ekki lítið atriði, að sjálft ráðuneytið, sjálfur atvmrh. leyfi ekki óábyrgum mönnum að rýra þá tiltrú, sem þjóðin þarf að bera til skipaeftirlitsins, með því dag eftir dag að halda fram þungum, ósómasamlegum og óviðkunnanlegum ásökunum á þessa stofnun.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Ég vil aðeins bæta því við það, sem ég sagði áður, að sjódómur ræður því, hvaða vitni hann kallar, en ekki ég. Það er á valdi sjódóms að kalla fyrir sig ný vitni, ef einhver hafa fram komið og hann telur þess þörf.

Um hitt, að ég sem atvmrh. og þar með yfirmaður skipaskoðunarinnar hafi ekki gert ráðstafanir gegn þeim sérstöku ásökunum, sem nýlega hafa komið fram í hennar garð, er það að segja, að það er nýbúið að leggja fyrir sjódóm Rvíkur að athuga þetta atriði, að ekki sé nægilegt eftirlit með hleðslu skipa. Þar til þeirri rannsókn er lokið, mun ég halda að mér höndum.

Viðvíkjandi rannsókninni út af Þormóðsslysinu, þá vil ég taka fram, að þegar ráðuneytið hefur athugað sjódómsskýrsluna, þá verða niðurstöður rannsóknarinnar birtar, en ekki fyrr.

Gísli Jónsson: Sjódómurinn hefur fyrir 5 mánuðum skilað skjölum sínum út af rannsókninni á Þormóðsslysinu. Ég vil benda á, að ráðuneytið getur hvenær sem er skipað framhaldsrannsókn, og það er það, sem ég fór fram á, vegna þess nýja vitnis, sem komið hefur fram. Það er ekki nóg að segja, að skýrslan verði birt, þegar búið sé að athuga hana í ráðuneytinu. Hún er nú þegar búin að vera þar í 5 mánuði. Ég á kröfu á því, að þetta sé ekki dregið, bæði sem þm. og sem aðili í málinu.

Ég vil enn fremur, í sambandi við ásakanir í garð skipaeftirlitsins, benda á, að það voru bornar á það þungar sakir út af atviki, sem kom fyrir á Rán, þegar ráðuneytið hafði gefið almenningi yfirlýsingu um, að engin ástæða hafi verið fyrir hendi til slíkra saka á hendur neinum aðila, — hvers vegna var þá ekki um leið fyrirskipuð málshöfðun af ráðuneytinu út af svo veigamiklum og þungum ásökunum og þeim, sem komið hafa fram í Vísi, án þess að höfundur væri fær um að sanna þær eða yfirleitt að bera fram nokkuð sér til málsbóta? En nú er mér sagt, að greinin í Vísi hafi verið birt með vitund og vilja hæstv. fjmrh. Ég veit ekki, hvort það er satt, en það væri gott, að hann upplýsti það. Það verður ekki hikað við að kafa til botns í þessu máli. Hér er um svo alvarlegar ásakanir að ræða í garð skipaskoðunarinnar, útgerðarmanna og jafnvel sjálfra sjómannanna, að þess verður að krefjast, að rannsókn fari fram opinberlega og niðurstöðurnar verði birtar, hvort sem sökin er hjá þeim ásökuðu eða þeim, sem ásaka.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Mér finnst ekki viðeigandi af hv. þm. að blanda mér inn í þetta mál. Og auk þess er það ekki rétt. En ég vil segja út af því, sem hann sagði, að þessar áminnztu greinar hafa ekki verið bornar undir mig, sem ekki var heldur við að búast. Þess vegna hef ég hvorki gefið samþykki mitt né synjun um birtingu þeirra. Hitt er annað mál, hvort ég er sammála því, sem í þeim stendur, og þykist ég ekki þurfa að standa hv. þm. Barð. skil á því.

Bjarni Benediktsson: Ég hjó í það áðan, að atvmrh. hefði lýst yfir, að réttarrannsóknin yrði birt, þegar rannsókn væri lokið. Ég spyr því: 1) Hvers vegna fór rannsóknin fram fyrir luktum dyrum? og 2) Hvers vegna eru ekki niðurstöður hennar birtar?

Við hvaða lagastaf styðst það, að rannsókn er látin fara fram fyrir luktum dyrum? Hvort er það samkvæmt ákvörðun dómsins sjálfs, sem sú leynd hefur verið við höfð, eða hvort er fyrirskipunin komin frá dómsmrn., eða er það atvmrh., sem farinn er að skipa fyrir um, hvaða háttur er hafður á réttarhöldum hér á landi, og að almenningur skuli ekki geta fylgzt með því, sem gerist fyrir dómstólunum? Og hvort er það atvmrh., sem farinn er að segja fyrir um það, hvort réttarrannsókn, sem lokið er fyrir fimm mánuðum, skuli birt? Það gat átt sér stað, ef grunur var um glæpsamlegt athæfi, að rétt væri að láta réttarrannsókn vera dulda, á meðan á henni stóð, en hitt væri óheyrt, að láta það, sem fram kom, liggja sem leyniskjöl í marga mánuði. Og að atvmrh. standi á fætur og segi, að hann ráði því, hvenær slík skjöl eru birt, það hefur ekki áður heyrzt. En hann hefur þarna gamlan forseta sjódómsins sér við hægri hönd, sem gæti hvíslað að honum, hverjar reglur gilda um leynd dómsmála.

Þar að auki, telji atvmrh., að óréttlátum ásökunum sé beitt gegn sjódóminum, þá hefur hann talið sig hafa slíkt vald, að hann mætti mælast til þess við dómsmrh., að höfðað væri mál gegn þeim, sem þannig fara að ráði sínu. En hér dugar ekki tæpitunga eða leynd um þessi mál lengur. Það sýnist svo, að atvik bendi á, að eitthvað sé áfátt um íslenzka flotann. Við værum allir sökudólgar, ef við lokuðum augunum fyrir þeirri staðreynd. Það hvílir vissulega á ráðuneytinu skylda til að komast til botns í því, í hverju þetta er fólgið. Stjórnin ein hefur aðstöðuna til þess, en almenningur á tvímælalausan rétt á að fá upplýsingar um slíkt stórvægilegt slys sem Þormóðsslysið. Ég vil fullyrða, að hvar annars staðar sem er, mundi sú rannsókn hafa farið fram fyrir opnum dyrum, og slík hneyksli verður ekki þolað, að ráðuneytin hendi málinu á milli sín, e. t. v. í leit að manni, sem hægt sé að klína sökinni á.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Ég undrast ræðu hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann spurði, hvort atvmrn. hefði fyrirskipað rannsókn fyrir luktum dyrum. Honum ætti að vera kunnugt, að dómurinn sjálfur ákveður, hvernig háttað skuli um rannsóknina.

Um hitt, að ráðuneyti mitt leyfi sér að ákveða, hvenær niðurstöður sjódómsins skuli birtar, er líka undarlegt, að hann skuli spyrja. Það hefur verið venja að birta ekki slík gögn, fyrr en ráðuneytið hefur athugað þau. Um það, að ráðuneytin séu að velkja málinu á milli sín, þá vísa ég því frá, því að atvmrn. afgreiddi það til dómsmrn., þegar sjó-

dómurinn taldi sig ekki geta lengur haldið rannsókn málsins áfram.

Viðvíkjandi því, að aðgerðir þurfi til bóta skipaflotanum, þá er það rétt. En fyrst þarf málið athugunar við og rannsóknar. Það eru nú þrír dagar síðan ég fól sjódóminum að athuga, hvort öryggi skipa væri teflt í hættu vegna breytinga á þeim og ofhleðslu. Þetta er nú í rannsókn. Þegar niðurstöður sjódómsins eru fyrir hendi, mun ráðuneytið fyrirskipa þær aðgerðir, sem niðurstöður rannsóknarinnar gefa tilefni til.

Bjarni Benediktsson: Ég vil einungis upplýsa, að viðvíkjandi fyrirspurn minni um það, hvaða rétt hann hefði til að liggja á skjölum frá sjódóminum, — hefur hæstv. ráðh. nú lýst því yfir, að hann hafi til þess enga heimild, og hefur hann þá borið sig saman við fyrrv. forseta sjódómsins. Það er ljóst samkvæmt hans eigin yfirlýsingu, að hann telur sig ekki hafa heimild til að varpa leynd á málið. Um hitt umræðuefnið, hvort það, að rannsókn var fyrir luktum dyrum, var runnið frá sjódóminum sjálfum eða ekki, hygg ég, að upplýstst hafi, að það var runnið frá hæstv. ráðh. Þá hefur hann upplýst, að hann hafi nú skipað rannsókn á nýju slysi, en samkvæmt lagalegri skyldu á sjódómurinn að láta slíka rannsókn fara fram, án þess að hana þurfi sérstaklega að fyrirskipa.

Hitt er rétt, sem hann sagði, að fyrr en rannsóknum er lokið, verður ekki dreginn lærdómur af þeim slysum, sem orðið hafa. En hitt mun þingheimur sammála um, að ef lærdóm ætti að draga af Þormóðsrannsókninni, þá væri ekki líklegasta leiðin til þess sú, sem tekin hefur verið, að hæstv. atvmrh. lætur hana frá sér fara án þess að gera nokkrar ráðstafanir þar um, og lætur hana liggja hjá dómsmrn. í því skyni að athuga, hvort ekki sé hægt að höfða mál gegn einum eða fleiri mönnum. Mér dettur ekki í hug að ásaka hann um illvilja eða, eins og komizt er að orði í einu blaði höfuðstaðarins, að „myrða íslenzka sjómenn í fjárgróðaskyni.“ Slík ummæli eiga ekki við og eru vítaverð, og sýnist ástæða til, að ábyrgð sé komið fram gegn slíkum orðhákum. Hitt er ljóst, að sú aðferð, sem ráðuneytið hefur haft, þarfnast endurbóta við frá því, sem verið hefur.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Það er ekki tilgangur minn að lengja þessar umræður, en mér finnst satt að segja hv. 6. þm. Reykv. hafa notað nokkuð stór orð, þar sem hann hefur ásakað atvmrh. um að „hafa legið á leyniskjölum.“

Annars stend ég upp vegna þess, að ég sem fyrrv. formaður sjódóms Reykjavíkur kann skil á því, hvernig þar er með mál farið. Svoleiðis hefur gangurinn verið, að það, sem ekki hefur verið beinlínis lögskipað, að sjódómurinn tæki til meðferðar, hefur atvmrh. lagt fyrir hann að fara með. Um Þormóðsslysið var álitamál, hvort sjódómurinn færi með það. Það þótti heppilegast að fela það sjódómi Rvíkur. Hann lauk aðalrannsókninni í sep embermánuði, að ég hygg. Þá býst ég við, að atvmrh. hafi hegðað sér alveg á venjulegan hátt, með því að vísa málinu til dómsmrn., ef hann hafði hugmynd um, að sá opinberi ákærandi í þessu landi, dómsmrh., kynni að telja ástæðu til að fyrirskipa málshöfðun gegn einum eða öðrum.

Það var fyrirhugað af sjódómnum að gera einhverjar frekari rannsóknir (ég hef heyrt það utan að), og dómsmrh. hefur því ekki tekið sínar ákvarðanir eins fljótt og hann hefði annars gert. En þessi staðhæfing, að ráðh. „liggi á leyniskjölum,“ finnst mér ekki eiga við, á meðan dómsmrh. er ekki búinn að ákveða, hvað gera skuli í málinu. En ég veit ekki til, að slík rannsóknarskjöl geti talizt opinber eða geti verið til opinberunar, fyrr en annaðhvort hefur verið ákvörðuð málsókn eða ákveðið að láta hana falla niður. En því verður dómsmrh. að svara, hvort rannsókn málsins í ráðuneyti hans hefur dregizt lengur en þurfti.

En þó að Þormóðsrannsóknin sé ekki að fullu lokið, finnst mér það mál ekki koma við málinu um togarana. Þormóður var flutningaskip. Að minni hyggju er ekki hægt að setja rannsókn um togarana í samband við Þormóðsslysið, því þar er fjallað um hleðslurúm togaranna. Annars er ég ekki fagmaður í þeim sökum og skal því ekkert um það mál segja, að því órannsökuðu. En mér þótti rétt að taka fram það, sem ég hef sagt, vegna þess að dómsmrh. er ekki viðstaddur.

Brynjólfur Bjarnason: Það var út af ummælum hv. 6. þm. Reykv., sem ég vildi segja fáein orð. Mér þykir það furðulegt, þegar tugir manna fara í sjóinn og talið er mögulegt, að það sé af orsökum, sem við getum ráðið við. Þá er það hið fyrsta, sem menn láta sér detta í hug, að þá eigi að sækja að lögum, sem gagnrýna skipaeftirlitið. Það er almælt, að slík breyting hafi verið gerð á togurunum og öðrum skipum, að þau séu ósjófær, ef nokkuð ber út af, og þegar slíkt er orðið almæli, þá er það allalvarlegt mál. Og það eru fleiri en Halldór Kiljan Laxness, sem tala um skipulögð morð. Mikill hluti sjómannastéttarinnar talar um hið sama í þessu sambandi. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að við fáum aldrei fullkomið skipaeftirlit, fyrr en sjómennirnir sjálfir taka það í sínar hendur og það verður framkvæmt af fulltrúum, sem þeir treysta. Og það er þetta, sem ég tel, að nú eigi að gera, að bæta eftirlitið og gera þegar þær breytingar á skipunum, sem þörf krefur, en ekki hitt, að lögsækja menn fyrir að gera kröfur um aukið öryggi. Enn fremur vildi ég óska, að ríkisstjórnin upplýsti, hvað hún hefur í hyggju að gera í þessu máli, en hitt tel ég óverjandi, hvað hún hefur dregið að birta niðurstöður frá rannsókn Þormóðsslyssins, ef af þeim mætti nokkuð ráða um það, hvaða áhrif breytingar á skipunum hafa haft og geta haft.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi benda hv. 5. þm. Reykv. á það, að þegar talað er um morð, þá er átt við það, að maður vísvitandi og af ráðnum hug verði öðrum að bana. Og ég er sannfærður um, að hv. 5. þm. Reykv. ætlar engum þann hug til íslenzkra sjómanna.

En þá kem ég að því, sem hæstv. ráðh. sagði. Rannsóknin á Þormóðsslysinu mun hafa leitt það í ljós, að sú breyting, sem gerð hefur verið á íslenzkum skipum, er á þá leið, að jafnvel hin beztu skip má telja lítt sjófær eftir hana. Og sé þetta rétt, þá átti að upplýsa það strax. Það má vera, að ég með þessu geri mig sekan um að ljóstra upp úr leyndarskjölum ríkisstjórnarinnar, en ég tel, að þetta sé mál, sem hefði átt að ræða fyrr.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, utan dagskrár, mælti

Finnur Jónsson: Ég vildi gera hér fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. og ber hana hér fram nú, þar eð hæstv. forseti hefur tjáð mér, að aðeins yrði þingfrestunarfundur á morgun. Þessi fyrirspurn mín er í framhaldi af þeirri, er við hv. 2. þm. S.-M. bárum hér nýlega fram viðvíkjandi rannsókn á Þormóðsslysinu. Sú fyrirspurn hefur þegar borið þann árangur, að dómsmálaráðuneytið er nú búið að birta þann kafla úr skýrslu sjódómsins, er ekki hafði verið birtur fyrr en þess var krafizt. Þessi síðari hluti rannsóknarinnar virðist leiða í ljós, að alvarleg mistök hafi átt sér stað af hendi skipaeftirlitsins varðandi þetta slys. Virðast dómendurnir álíta, að ýmislegt hafi verið athugavert við útbúnað skipsins, t. d. hafi það ekki uppfyllt lögboðnar kröfur um styrkleika. Enn fremur að yfirbygging skipsins hafi verið þyngd um of í hlutfalli við máttarviði skipsins. Þá er það og, að skipinu var bannað að flytja farþega, en gerði það samt.

Þar sem búið er nú að birta alla skýrslu sjódómsins og hún er orðin almenningseign, þá vil ég nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh., sem skipaeftirlitið heyrir undir, hvort ríkisstj. sjái ekki ástæðu til að fá úr því skorið fyrir dómi, hvort þær vanrækslur, er sjódómurinn virðist slá föstum, varði við lög eða ekki, fá sýknun eða sakfellingu í málinu. Ég treysti hæstv. forsrh. til þess sem húsbónda á heimili ríkisstj. að gera allt, sem hægt er, þar sem Alþ. hefur ekki tækifæri til að segja álit sitt á aðförum hæstv. dómsmrh., sem því miður er ekki hér viðstaddur. Það virðist þurfa að taka það til athugunar, hvort ekki ber að gefa skýringu á þeim aðförum að halda niðurstöðum sjódómsins fleiri mánuði í ráðuneytinu og birta síðan aðeins þann kaflann úr skýrslu hans, er ósaknæmastur var fyrir skipaeftirlitið.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. skilji og meti ástæður mínar fyrir því að spyrja hann, þar eð hæstv. dómsmrh. er hér ekki staddur.

Forseti (GSv): Ég verð að gera athugasemd um það, hvernig þessi fyrirspurn er hér fram komin nú. Ég varaði mig ekki á, að hún væri svona veigamikil og líkleg til að valda umræðum, og að sá ráðh. er ekki viðstaddur, sem einkanlega virðist ráðizt á. Það má vel vera, að ríkisstj. geti svarað henni strax. En hefði ég fyrirfram vitað, hvaða mál átti hér að taka upp, þá hefði ég ekki leyft fyrirspurnina á þessu stigi málsins. Ég hefði viljað, að dómsmrh. væri aðvaraður áður um þetta. Fyrirspurnir í þvílíkum málum ber að gera að degi til, en ekki að nóttu og það þegar þingstörfum er alveg að ljúka. Hv. fyrirspyrjandi spurði mig, hvort hann gæti komið með fyrirspurn sína á morgun, en ég sagði það ekki vera, og væri þá bezt að koma fram með hana nú, ef tími ynnist til. En ég gáði ekki að spyrja, um hvað hún væri.

Ég vænti þess, að ekki verði þó langar umræður um þetta, en svar ríkisstj. verði látið nægja, þótt ég geri mér ekki háar vonir um svo stutt umræður.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég þakka hæstv. forseta fyrir leiðbeiningarnar í sambandi við þetta mál. Það, sem hann sagði, var í samræmi við það, sem ég hafði gert mér í hugarlund, að svona mál ætti að bera fram að degi til, en ekki að nóttu, er menn eru ekki beint varir um sig, þannig að þeir þurfi að berjast fyrir sæmd sinni. En ég ætla að segja það eitt, að ég trúi dómsmrh. og atvmrh. algerlega fyrir þessu máli.

Hv. fyrirspyrjandi fræðir mig um það, að búið sé að birta alla skýrslu sjódómsins. (**FJ:** Hún var birt í „Vísi" í dag). Ég hef ekki lesið það blað í dag og leiði hjá mér að svara þessu. Til þess hægt sé að gefa svör, þá verður maður að vita, hvaða texta á að lesa úr. Ef hér er um eitthvað saknæmt að ræða, þá á að bera það upp á réttum tíma og réttum vettvangi.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Í tilefni af fyrirspurn þeirri, sem hér hefur komið fram til mín viðvíkjandi skipaeftirlitinu, vil ég segja, að niðurstöður rannsóknar þeirrar, sem gerð var á Þormóðsslysinu samkvæmt ósk atvinnumálaráðuneytisins, voru sendar dómsmálaráðuneytinu, eins og venja er til, með ósk og beiðni um, að það vildi athuga, hvort ástæða væri til frekari aðgerða út af rannsókninni. Með því að dómsmálaráðuneytið taldi ekki ástæðu til þessara aðgerða eða málshöfðunar gegn mér eða embættismönnum skipaskoðunarinnar, þá virtis ekki vera hægt að sanna þær sakir í þessu máli, að rétt væri að beita frekari aðgerðum gegn embættismönnum skipaeftirlitsins að svo stöddu. Hins vegar er það, að sjódómur og sérfræðingar eru nú að gera athuganir um eftirlit skipaskoðunarinnar samkvæmt þál. frá Alþ., er skipaði sérstaka nefnd, sem m. a. á að athuga, hvernig þetta eftirlit hefur verið framkvæmt undanfarið. Nefndin hefur væntanlega lokið þessari rannsókn sinni í sumar, og þykir mér því eðlilegt að bíða með frekari aðgerðir, þar til þeirri athugun er lokið. Hins vegar vil ég segja, að ef þessi athugun leiðir í ljós, að um verulega og almenna vanrækslu hjá embættismönnum skipaskoðunarinnar sé að ræða, þá verða gerðar ráðstafanir til að hindra, að slíkt endurtaki sig.

Gísli Jónsson: Ég mun verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að verða ekki langorður um þetta mál. Ég kemst þó ekki hjá því að víkja að því nokkrum orðum.

Hv. þm. Ísaf. bar fram fyrir nokkrum dögum fyrirspurn í Nd. í sambandi við rannsókn Þormóðsslyssins. Eins og kunnugt er, á ég þar ekki sæti, og gafst mér því ekki tækifæri til þess undir þeim umræðum að hrekja ýmislegt af því, sem hv. þm. Ísaf. bar þar ranglega fram, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi. Mér ber því að þakka, að hann hefur nú í þinglokin hreyft þessu máli hér í Sþ. og þar með gefið mér tækifæri til andsvara.

Vil ég þá fyrst og fremst upplýsa, að teikning sú, er hv. þm. Ísaf. lagði fram í Nd. undir umræðunum og síðar er birt í dagblaðinu „Vísi", er ekki af flaki því, sem rekið hefur úr Þormóði, eins og hv. þm. Ísaf. hefur fullyrt. Mér var ekki kunnugt um að rekið hefði nema eitt flak úr hlið skipsins, en það flak var flutt hingað til Reykjavíkur og er enn geymt í Slippnum. Ég spurði því hv. þm. Ísaf. að því síðar, hvar flak það væri, er teikningin hefði verið gerð af, hvar það hefði fundizt og jafnframt hver hefði gert þessa teikningu. Fór hv.

þm. þá allur undan í flæmingi. Taldi, að teikningin bæri það ekki með sér, hver væri höfundur hennar, né hitt, hvar flakið hefði fundizt, en hann héldi þó, að þetta flak væri nú geymt í Slippnum hér í Reykjavík. Síðar staðfesti hann það við mig, að teikningin væri gerð af fyrrnefndu flaki, sem geymt væri í Slippnum. Sannleikurinn er, að teikningin er ekki af því flaki. Það flak er úr hásetaklefa skipsins, en ekki úr miðju skipi, eins og sýnt er á teikningunni. Styrktarhlutföllin á teikningunni svo og þau, sem hv. þm. skýrði frá í ræðu sinni, eru á engan hátt í samræmi við flakið. Þessi teikning, sem hv. þm. Ísaf. hefur lagt fram hér á Alþ., er því falskt gagn í málinu, gert til þess eins að blekkja, eins og flest það, sem þessi hv. þm. hefur sagt um þetta mál og öryggismálin í heild. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, svo að hinn rangi framburður hv. þm. Ísaf. í máli þessu standi ekki í þingtíðindunum án mótmæla.

Mér þykir leitt, að hæstv. dómsmálaráðh. skuli ekki vera hér viðstaddur. Ég hef fyrir alllöngu sent ráðuneyti hans mikilvægt sönnunargagn í þessu máli með ósk um, að það yrði birt almenningi. Þetta skjal er umsögn dómkvaddra manna, sem skoðuðu flak það, sem rak úr Þormóði, og staðfestir, að skipið hafi farizt á grunni, en ekki vegna leka eða fyrir þær sakir, að það hafi verið of veikt, eins og hv. þm. Ísaf. og aðrir hafa verið að klifa á allan tímann. Harma ég, að ráðuneytið skuli enn ekki hafa orðið við þessari ósk minni um að birta þessi gögn. Vildi ég enn eindregið mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. léti birta skjalið nú þegar, svo að almenningi mætti verða ljóst, að hv. þm. Ísaf. og margir aðrir, sem um þetta mál hafa rætt og ritað, vita minna um afdrif skipsins en þeir halda sig vita, eftir ummælum þeirra að dæma.

Hv. þm. Ísaf. fullyrti í ræðu sinni, að Þormóður hefði ekki í mikilvægum atriðum fullnægt íslenzkum reglum frá 1936 um styrkleika skipa af hans stærð, en þó verið leyft að sigla svo lengi sem hann hefði getað flotið. Hér hefði því verið framið glæpsamlegt athæfi gegn hinni ísl. sjómannastétt og gegn þjóðinni. Undir þetta hafa tekið ýmsir aðrir og þar á meðal sum dagblöðin. Ef rannsókn Þormóðsslyssins hefur leitt í ljós, að svo sé, sem hv. þm. Ísaf. heldur fram, og jafnframt að það eitt hafi vakað fyrir honum og öðrum, sem haldið hafa uppi gagnrýni á skipaeftirlitið, að tryggja líf sjómannanna, þá bar þeim fyrst og fremst skylda til þess að krefjast þess, að öll skip, sem byggð eru á sama hátt og Þormóður var og uppfylla þá heldur engan veginn þessar reglur, verði nú þegar stöðvuð og þeim eigi leyft að sigla, fyrr en búið væri að styrkja þau á þann hátt, sem reglugerðin mælir fyrir um. Mér er að minnsta kosti kunnugt um 2—3 skip, sem byggð eru líkt og Þormóður, hafa verið umbyggð líkt og hann og fá enn að sigla tálmunarlaust á milli landa, þrátt fyrir þær staðhæfingar, sem nú hafa verið gefnar út um Þormóðsslysið. En auk þessara skipa veit ég, að meginhluti tréskipa, sem byggð hafa verið fyrir 1920, uppfylla ekki, sem von er, ströngustu fyrirmæli reglugerðar frá 1936 um styrkleika nýrra skipa. Hv. þm. Ísaf. og aðrir útverðir öryggismálanna gætu nú ekki lengur komizt hjá því að krefjast þess, að öll þessi skip verði stöðvuð til rannsóknar og endurbóta, nema því aðeins, að eitthvað allt annað liggi á bak við allan gauragang þingmannsins út af þessu máli. Ef líf þeirra, sem með Þormóði fórust, týndust fyrir það eitt, að skipið hafi verið of veikbyggt og skipaeftirlitið og eigendur með vanrækslu á viðhaldi og útbúnaði framið glæpsamlegt athæfi, þá er það enn glæpsamlegra að stöðva ekki nú þegar öll þau skip, sem líkt er ástatt um og enn sigla. Með því yrði þá fyrirbyggt, að sams konar slys kæmu fyrir á þeim skipum, þótt þau hrepptu sams konar veður. Nema hv. þm. Ísaf. meti eitthvað minna líf þeirra manna. Ég vil því alvarlega beina því til hæstv. atvmrh., hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að láta stöðva þessi skip og athuga haffæri þeirra með tilliti til þess, sem nú hefur verið upplýst.

Öll meðferð málsins hjá sjódómi Reykjavíkur hefur verið á þann hátt, að undrun sætir. Móti allri venju eru öll réttarhöldin og allar vitnaleiðslur látið fara fram fyrir luktum dyrum. Beinir aðilar, svo sem skipaskoðunin, skipaútgerð ríkisins, eigendur, vátryggjendur og aðstandendur þeirra, er fórust með skipinu, fá engir að vera þar við eða að hafa þar fyrir sig umboðsmenn. Jafnvel eftir að rannsókninni var að mestu lokið og varðskipið Ægir sent á slysstaðinn til þess að reyna að ná skipinu upp, er eigendum bannað að vera með. Með þessu setti sjódómurinn í upphafi alveg að ástæðulausu einhvern leyndardómsblæ á alla meðferð málsins, auk þess sem vitnisburður réttarvitna fær allt annan blæ og ef til vill allt aðrar niðurstöður heldur en ef aðilum var leyft að spyrja þau og fylgjast með framburði þeirra. Útdrættir, sem birtir hafa verið af vitnaframburði, sýna líka gleggzt, hve vitnaleiðslan hefur verið einhliða í málinu. Þó tekur alveg út yfir, þegar sjódómurinn, sem ávallt hafði haldið málinu lokuðu fyrir öllum aðilum, eins og skýrt hefur verið frá, opnar nú allar gáttir fyrir hv. þm. Ísaf. og leyfir honum einum að vaða þar um með óhreina skó, setja rétt yfir sjálfum dómurunum og spyrja þá sem vitni um eitt og annað, og það áður en skýrsla sjódómsins var birt. Þetta er því furðulegra, þegar sjódómnum jafnt sem öðrum mátti vera það ljóst, að fyrir snápum þeim, sem hér hafa verið að verki, vakir ekkert annað en pólitískar agitationir, ef vera mætti, að þeim tækist að afla sér og flokkum sínum nokkurra atkvæða.

Finnur Jónsson: Ég mun á engan hátt misnota leyfi hæstv. forseta til að segja hér nokkur orð til viðbótar. Ég skil afstöðu hv. þm. Barð. vel. Honum er vorkunn. Orð mín koma illa við hann, þótt það réttlæti hins vegar ekki það óþinglega orðbragð, sem hann viðhafði. En menn eru nú öllu vanir hér af því tagi frá hans hendi, svo að ekki kippi ég mér upp við það.

Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði vaðið inn til borgardómara og fengið upplýsingar, sem hefði verið haldið leyndum fyrir öðrum. Ég vil leyfa mér að vitna til viðtals þess, er ég átti við borgardómara. Þar er hvorki farið í skýrslur né réttarpróf, heldur aðeins spurt um það, hvort skýrsla sú, sem birt hafði verið, væri skýrsla sjódómsins. Um réttarhöldin voru engar upplýsingar gefnar. Það, sem ég hef sagt og skrifað, hef ég byggt á upplýsingum, sem öllum voru heimilar, nú síðast á skýrslu sjódómsins sjálfs, sem birt hefur verið. Hv. þm. gæti

eins kvartað um, að skýrsla sjódómsins væri röng eins og kvarta um það, sem ég hef sagt.

Ég er ekki maður til að leggja dóm á það, en á meðan ég veit ekki annað sannara, þá trúi ég hlutlausri rannsókn betur en ummælum hv. þm. Barð., sem er aðili í málinu, og ég vildi skora á hann að taka undir þau tilmæli mín til ríkisstj., að hún láti skýrslu sjódómsins fara fyrir æðri dóm, að því loknu getum við betur talazt við.

Forsætisráðherra kveðst ekki hafa lesið skýrslu þá, er birtist í „Vísi" í dag, en ég vildi mælast til, að hann léti sig þetta mál nokkru varða, enda þótt það heyri öllu fremur undir annan ráðherra. Ég tel, að vegna almenningsálitsins sé nauðsynlegt, að allt hið sanna og rétta verði ljóst í þessu máli. Sömuleiðis er það bezt fyrir alla aðra aðila.

Ég hefði ekki óskað, að stofnað yrði til þessara umræðna hér að nóttu, en forseti taldi, að ekki yrði unnt að ræða þetta mál næsta dag. Hins vegar kom skýrslan í „Vísi" ekki fyrr en í dag, svo að ég gat ekki komið hér fram með þetta fyrr.

Hv. þm. Barð. bar ýmislegt á mig í sambandi við þetta mál. Ég svara því nú ekki, en sumt af því, sem hann hefur talað í þessu máli, væri honum sjálfum án efa fyrir beztu, að hann hefði aldrei talað.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Viðvíkjandi ræðu síðasta ræðumanns verð ég að taka það fram, að ég er þess ekki umkominn að dæma um, hvort hefja skuli málsókn út af skýrslu sjódómsins, og tek því ekki afstöðu til þess. Hins vegar mun ríkisstjórnin gera allt, sem unnt er, til að fullkomna skipaeftirlitið, og hefur hún falið skipaskoðunarstjóra framkvæmd um það mál. Að sjálfsögðu mun ríkisstjórnin einnig ráða bót á því eftir getu, ef mannafla skortir til að framkvæma þetta verk svo sem þurfa þykir. Hv. þm. Barð. upplýsti hér áðan, að tvö skip mundu nú vera í förum, sem byggð væru á sama hátt og Þormóður. Nú vil ég biðja hann að greina frá, annaðhvort nú þegar eða bréflega á morgun, hver þessi skip eru.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður að þessu sinni. Það voru einungis tilmæli mín, að þau skip, sem fengu svipaða viðgerð og Þormóður, væru athuguð. Mig minnir það vera „Magnús" frá Norðfirði og „Gunnvör" að norðan. Ég æski ekki, að þessi skip verði stöðvuð, en ég tel rétt, að ef það sannast, að svo mikil hætta hafi verið með Þormóð, þá verði þessi skip skoðuð.

Ég ætla svo ekki að tala frekar um þetta nú, en ég vil taka það fram, að ég hef ekkert sagt um þetta mál, hvorki utan þings né innan, sem ég þarf að bera kinnroða fyrir, en hvort hv. þm. Ísaf. hefur sagt eitthvað, sem hann þarf að skammast sín fyrir, er annað mál. Nú vildi ég mælast til þess, að umræðum yrði frestað í kvöld, en að okkur væri gefinn kostur á að fá dómsmálaráðherra til andsvara í þessu máli hér í Sþ. áður en þingi lýkur.

Ef það er satt, sem hér hefur verið fram borið, að slíkar lögleysur og óhæfa hafi átt sér stað í þessu máli, þá er sannarlega þörf á, að það sé frekar rætt.

Ég tel, að ófært sé fyrir alla aðila þessa máls að una við þær niðurstöður, sem nú eru fengnar í málinu, án frekari aðgerða.

Forseti (GSv): Þessum umr. verður nú slitið í nótt, og ég vil taka það fram að gefnu tilefni, að þeim verður ekki heldur haldið áfram á morgun. Eins og þm. mun kunnugt, verður þingi frestað á morgun, og verður því ekki auðið að taka mörg mál fyrir. Hins vegar er fært og sjálfsagt eftir það, sem fram hefur komið í þessu máli, að leita lausnar á því, en til þess eru fleiri leiðir en ræða það hér á þingi, og mun ég nú ekki taka frekari afstöðu til þess.

Á morgun verður þingi frestað, og verður fundur í sameinuðu þingi eftir hádegi. Auk þingfrestunar eru þrjú mál á dagskrá.

XII. Fjarvistir þingmanna.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Ég vildi leyfa mér að hreyfa því við hæstv. forseta, hvort ekki hafi komið neitt til orða milli forseta deilda og forseta Sþ., að einhverjar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar í tilefni af því, að svo virðist nú daglega sem forsetar eigi í mjög miklum örðugleikum, vegna þess að þm. fást ekki til þess að sækja þingfundi. Öllum þingheimi er ljóst, að þetta er Alþingi til hins mesta vansa, og vildi ég beina því til hæstv. forseta þessarar d., að hann gerði sérstakar ráðstafanir til þess í framtíðinni að firra d. þeim vansa, sem henni vissulega — og þinginu í heild — er að slíku framferði þingmanna.

Forseti (JörB): Það hefur nú að vísu ekki nýlega borið á góma meðal forseta að gera neinar sérstakar ráðstafanir út af þessu, sem hv. þm. minntist á, enda eiga þeir ekki hægt um vik, nema að minna þm. á að fullnægja þingmannsskyldu sinni. En þó virðist mér ástundun þeirra hvað fundi snertir nú í seinni tíð með nokkuð öðrum hætti en tíðkazt hefur lengst af hér á Alþingi. Því að eins og hv. þm. N.-Ísf. benti á, vill oft við brenna, að menn sæki illa fundi, og þó að mætt sé á fundum, þá er varla hægt að halda mönnum þar, og ekki einu sinni við atkvgr. Ef ekki nægir að minna þm. á að fullnægja þingmannsskyldu sinni um að rækja störf hér í d., þá á forseti ekki annars úrkosta en að slíta fundi, þegar sýnt er, að ekki er hægt að koma málum áleiðis. (**EOl:** Það eru mörg störf, sem þarf að rækja.) En ein af þingmannsskyldum er að tilkynna forseta, ef menn eru forfallaðir frá að mæta á fundi. (**EOl:** Ég vildi leyfa mér að æskja þess, að hæstv. forseti vildi slíta fundi.) Það væri æskilegt, að borin væri fram ástæða fyrir þeirri beiðni, svo að maður viti deili á, hvað er svo aðkallandi, að þingfundir þurfi að falla niður. Því miður get ég ekki tekið slíka ósk til greina og vita ekki tilefni hennar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég býst við, að hæstv. forseta sé kunnugt, hvað gerðist í umr. í d. í gærkvöldi, hvers konar tilkynning kom frá forsrh. Það er því ekki undarlegt, þó að þingflokkar þyrftu að ræða, hvað gera skyldi. Vitanlegt er, að það starfar n. af flokkanna hálfu, og er ekki óeðli-

legt, að hún þurfi nokkuð að stunda sitt starf. Þess vegna óska ég, að hæstv. forseti slíti fundi, þar sem ekki eru viðstaddir svo margir, að hægt sé að halda áram.

Gísli Sveinsson: Það er að vísu ekki nýtt fyrirbrigði, eins og hæstv. forseti lét getið, að þingmenn mæti illa og standi nokkuð misjafnlega að skyldu sinni í Sþ. og deildum. En með eftirgangsmunum hefur þó oftast nær tekizt að hóa þeim saman til þess a. m. k. að inna þá einföldu skyldu af hendi að vera við atkvgr. Ef nokkur tök væru á að bæta úr þessu, sem er í rauninni eins konar siðferðisbrot, þá væri það gerlegt. Því að í rauninni er það svo, að ekki er hægt að refsa þm. beinlínis fyrir þetta. Það er þeirra háttvísi og siðsemi, sem segir þeim, að þeir eigi að rækja skyldu sína, ef þeir eru ekki forfallaðir, og mun það í höfuðatriðum, að þess sé gætt, en út af ber. En ég stóð aðeins upp til þess að láta í ljós skoðun mína á þessu atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. lét nú um mælt. Í rauninni virtist mér þar talað algerlega út í hött. Í fyrsta lagi er það svo, að þessir þm., ekki aðeins í Nd., heldur Ed., sem hafa nú fjallað um þau mál, sem hann mun eiga við, samkomulagstilraunir, og þá helzt til stjórnarmyndunar á málefnagrundvelli, þeir eru svo fáir, að ekki gæti orkað því, að fundi þyrfti að slíta vegna fjarveru þeirra og ekki mætti aðstanda þingstörf. Í annan stað er þess að geta viðvíkjandi þessum mönnum og þeirra fyrirrennurum, að það eru brátt fjögur missiri, sem segja má, að þessir menn hafi meir og minna setið að störfum og orðið það ágengt, sem raun hefur nú borið vitni. Það var nú vitanlegt, að þannig hefur staðið á, að þetta vandamál þurfti að leysa, og þessi tilkynning þurfti varla að orka því, að menn skyldu dag og nótt að ófyrirsynju vinna frekar en orðið er, þó að það að vísu geti verið mest aðkallandi nú að láta eitthvað verða að niðurstöðu. Það mun nú ekki a. m. k. hafa enn verið svo mergjað eða merkilegt, sem hv. þm. hafa komizt að niðurstöðu um í samningum um þetta mál, að þeir mættu ekki láta aðvara sig um atkvgr. Ég hef heyrt upp á síðkastið, að þessi hv. þm. sé svo áhugasamur, og skal honum það ekki láð. En þingið verður að starfa og þm. verða allir sem einn að gera sína skyldu.

Eysteinn Jónsson: Ég er ekki í hóp þeirra þm., sem oft eru fjarverandi frá þingstörfum og atkvgr., og tek því ekki til mín það, sem talað var til þeirra, sem ekki sinntu þingfundum. En þó að menn telji sig þurfa einhverjum tíma að eyða utan þingfunda til að bera saman ráð sín nú, þá eru það hreinustu látalæti hjá hv. 10. landsk., að slíkt sé ástæðulaust. Því að hvað sem menn álíta um árangurinn, þá er það, sem gerzt hefur nýlega, þannig vaxið, að þm. er skylt að bera saman ráð sín. Og það gerist ekki með því að sitja á fundum í deildum. Það ætti að vísu að vera hægt að halda áfram deildarfundum á meðan, ef allir þm. gerðu skyldu sína. En það er leiðinlegt fyrir þm., sem kvaddir eru til að starfa að þessum málum, að heyra haldnar yfir sér skammaræður, þegar þeir eru að sinna skyldustörfum, sem lögð eru á þá af þingbræðrum þeirra. Þegar ég kom inn, var verið að halda einn slíkan fyrirlestur yfir þeim, sem eru fjarverandi, og ekki síður þeim, sem til þessa starfs eru kvaddir, en öðrum. Til þess nú að þessir þm. fái ekki óorð á sig, held ég sé bezt að slíta fundi, en koma þó áður til n. málum, sem litlar umr. verða um.

Forseti (JörB): Það er nokkuð sitt hvað, að fundir falli niður sakir annarra starfa, ef þörf er, eða að hlaupa af fundi til starfa, — þó að menn hafi verið til þeirra kvaddir af þingbræðrum sínum — án þess að forseti eða aðrir viti nokkur deili á, hvað veldur fjarveru þeirra. Finnst mér, að það minnsta, sem hægt er að krefjast, svo að þinghald fari fram með nokkurri reglu, sé, að forseti fái að vita, ef menn geta ekki mætt sakir þinganna, svo að ekki sé boðað til funda nema þegar horfur eru á, að hægt sé að koma málum áfram. Ég vissi engin deili á því nú, að þm. væru að svo aðkallandi störfum, að þeir gætu ekki tekið þátt í þingfundum í dag, fyrr en það kemur fram við þessar umr., að þessi svokallaða samningan. muni sitja á rökstólum, — og kann það út af fyrir sig að vera einkar gagnlegt og nauðsynlegt. Ef um forföll er að ræða, þurfa menn að tilkynna þau forseta með nægum fyrirvara. Nú mun reynt að ganga til atkv. um dagskrármálið.

Á 69. fundi í Nd., 23. okt., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort fyrir liggi tilkynningar frá öllum þeim hv. þm., sem fjarstaddir eru, um að þeir séu forfallaðir eða hvort þeir hafa fjarvistarleyfi, og hlýtur það að vera, þar sem svo mikinn hluta deildarmanna vantar, að þeir hafi annaðhvort boðað lögleg forföll eða fengið fjarvistarleyfi. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta um þetta.

Forseti (SigfS): Það er aðeins einn hv. þm., forseti þessarar deildar, sem hefur tilkynnt mér forföll, en það má vera, að fyrsta forseta hafi verið tilkynnt forföll.

XIII. Varamenn taka þingsæti.

Á 63. fundi í Sþ., 10. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (GSv): Svo hljóðandi bréf hefur borizt forseta Alþingis:

„Formaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins, Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., hefur í dag ritað forseta neðri deildar á þessa leið:

„Með því að Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm., er farinn af landi burt í erindum ríkisstjórnarinnar og mun verða í þeirri för næstu vikur, þá leyfi ég mér, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Ásmundur Sigurðsson, taki sæti hans á Alþingi meðan hann verður fjarvistum, og einnig á sama tímabili sæti í þeim nefndum deildarinnar, er Sigurður Thoroddsen hefur verið kosinn í.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt,

með ósk um, að þér takið á dagskrá næsta fundar rannsókn kjörbréfs varamanns.

Barði Guðmundsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréfanefnd hefur haft kjörbréf Ásmundar Sigurðsson til athugunar, og tekur nú hv. frsm. n. til máls.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. — Í forföllum hv. 11. landsk., sem hafa nú verið tilkynnt, á að taka sæti hér í Alþ. Ásmundur Sigurðsson kennari. N. hefur rannsakað kjörbréf Ásmundar Sigurðssonar og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Kjörbréf Ásmundar Sigurðsson samþ. með 31 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 81. fundi í Sþ., 5. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (GSv): Hæstv. forseti neðri deildar hefur afhent mér símskeyti, sem honum hefur borizt frá hv. 2. þm. Skagf., svo hljóðandi:

„Get ekki sótt þingfundi vegna óvenjulegra anna. Óska að Haraldur Jónasson Völlum taki þingsæti mitt næstu vikur.

Jón Sigurðsson."

Kjörbréfanefnd mun þegar hafa tekið til athugunar kjörbréf Haralds Jónassonar, og gerir hv. frsm. nefndarinnar nú grein fyrir niðurstöðu hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Kjörbréfan. hefur athugað kjörbréf hv. varamanns 2. þm. Skagf., Haralds Jónassonar á Völlum. N. hefur orðið ásátt um að leggja til, að hæstv. Alþ. taki kjörbréfið gilt og Haraldur Jónasson taki nú sæti 2. þm. Skagf.

ATKVGR.

Kjörbréfið samþ. með 27 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 107. fundi í Nd., 17. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. 16. jan. 1945, frá hv. 4. þm. Reykv.:

„Ég leyfi mér hér með að tilkynna, að vegna ferðar til útlanda á vegum ríkisstjórnarinnar mun ég ekki geta tekið þátt í störfum Alþingis fyrstu vikurnar. Ég vil því hér með æskja þess, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að varamaður minn, Sigurjón Á. Ólafsson, taki sæti á Alþingi í minn stað á meðan ég verð fjarverandi.

Virðingarfyllst

Stefán Jóh. Stefánsson.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Samkv. þeim tilmælum, sem í bréfi þessu greinir, lýsi ég hér með yfir því, að Sigurjón Á. Ólafsson tekur sæti 4. þm. Reykv. fyrst um sinn. Kjörbréf hans hefur áður verið samþ. af Alþingi.

XIV. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 27. fundi í Ed., 9. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrA): Þar sem vænta má, að þetta verði síðasti fundur d., áður en þingstörfum verður nú frestað, leyfi ég mér að þakka hv. þdm. góða samvinnu á þinginu og óska þingmönnum, ríkisstj. og starfsmönnum þingsins heilla á þeim tíma, sem í hönd fer.

Magnús Jónsson: Enda þótt ég telji nokkurn vafa á, að þetta verði síðasti fundur d. nú, þá vil ég fyrir mína hönd og sjálfsagt annarra þm. þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans og góða, lipra og réttláta fundarstjórn. Vil ég biðja hv. þm. að taka undir það með því að rísa úr sætum. [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (StgrA): Ég þakka þessi vinsamlegu ummæli í minn garð.

Á 31. fundi í Nd., 10. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þar sem horfur munu á því, að þetta verði síðasti fundur þessarar hv. d. að þessu sinni fyrir þingfrestun, þá vil ég þakka hv. þdm. fyrir gott samstarf. Óska ég þeim á komandi tíð allra heilla, og utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að segja ekki slitið störfum deildarinnar fyrir fullt og allt. En ég nota þetta tækifæri til þess að þakka hæstv. forseta nú eins og alltaf áður fyrir ágæta stjórn á fundum í þessari örðugu aðaldeild þingsins. Og ég vil mæla það fyrir hönd allra hv. þdm., að ég óska hæstv. forseta allrar blessunar, gæfu og gengis, og vona ég að sjá hann aftur í forsetastóli á hinu mjög merka væntanlega þingi á komandi vori. — Vil ég biðja alla hv. þdm. að staðfesta þessi orð með því að rísa úr sætum. [Deildarmenn risu úr sætum].

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. þm. G.-K. fyrir hans einkar hlýju ummæli í minn garð og endurtek árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. — Segi ég svo fundi slitið.

Á 30. fundi í Sþ., 11. marz, er samþ. hafði verið þál. um frestun á fundum Alþingis, mælti

forseti (GSv): Áður en hæstv. forsrh. les þingfrestunarbréfið, vil ég taka þetta fram:

Fyrir þessu þingi, sem nú verður frestað um hríð, hafa, eins og til stóð, legið til úrlausnar tvö stórmál, ein þau merkustu, ef ekki þau allra merkustu, sem nokkurn tíma hafa komið fyrir Alþ. Íslendinga, en þau eru: ályktun um sambandsslit við Danmörku og hin fyrsta lýðveldisstjórnarskrá Íslands. Þau hafa bæði hlotið afgreiðslu áleiðis til meðferðar hjá þjóðinni sjálfri, einróma afgreiðslu frá þinginu, og nú er það von og ósk vor allra, að

fullkominn einhugur megi um þau ríkja, er þjóðin samþykkir þau með atkv. sínu. Að lokum mun svo Alþingi leggja á málin fullnaðarsamþykkt í júní næstk., eins og öllum hefur verið kunnugt gert.

Í kjölfar þessara höfuðmála hefur ýmislegt flotið, sem snertir meðferð þeirra eða stendur í óbeinu sambandi við þau, og nefni ég hér til aðeins bróðurkveðjuna til hinna Norðurlandaþjóðanna, sem samþ. var á Alþingi í gær í einu hljóði.

Guð láti þessu öllu giftu fylgja.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góða samvinnu á þessu þýðingarmikla þingi, sem nú er verið að fresta, þakka honum fyrir skörulega fundarstjórn og góða stjórn á störfum Alþingis yfirleitt. Ég óska honum góðrar heimferðar og vona, að við hittumst heilir á komandi vori til að sinna þessum störfum. Ég bið svo hv. alþm. að taka undir þessa ósk með því að rísa úr sætum. [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (GSv): Ég þakka hv. 2. þm. S.-M. fyrir hin hlýju orð hans og einnig öðrum hv. þm., og ég endurtek óskir mínar til þeirra.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þar sem Alþ. hefur nú samþ. þáltill. á þskj. 194, leyfi ég mér að lesa upp bréf ríkisstjóra, sem hljóðar svo:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá 11. marz þ. á. þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 10. júní n. k.

Gert í Reykjavík 9. marz 1944.
Sveinn Björnsson.
(L. S.)“

Samkvæmt umboði því, sem mér er veitt með þessu bréfi, lýsi ég yfir því, að fundum Alþingis er nú frestað, þó eigi lengur en til 10. júní n. k.

Ég leyfi mér að þakka fyrir hönd ríkisstj. alþm. fyrir gott viðmót og góða samvinnu og óska, að við hittumst allir heilir í vor.

Forseti (GSv): Við árnum hæstv. forsrh. og ríkisstj. allra heilla og vonum, að við hittumst allir heilir í vor.

Ég bið að lokum hv. þm. að rísa úr sætum. — Störfum þessa fundar er lokið.

Á 31. fundi í Sþ. 10. júní, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GSv): Ekki eru allir hv. þm. komnir til þingsetu á þessum degi, og munu koma brátt, þeir er eigi eru hindraðir meira. Tilkynning hefur komið um forföll frá þm. N.-Þ., að hann muni ekki, sakir lasleika, geta setið fundi Alþingis að þessu sinni. Sömuleiðis, að þm. V.-Húnv. og þm. Vestm. geti ekki heldur sótt þingfundi á réttum tíma. Einnig hefur hv. þm. Mýr. tilkynnt hið sama.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef í höndum bréf ríkisstjóra Íslands svo hljóðandi:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt: Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944, kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík, 26. maí 1944.
Sveinn Björnsson.

Björn Þórðarson.“

Samkvæmt þessu lýsi ég því hér með yfir, að fundum Alþingis er fram haldið.

Forseti (GSv): Samkvæmt því, sem nú hefur mælt verið, hefjast fundir Alþingis á ný, og verða þeir háðir að minnsta kosti næstu viku alla. Ég skal geta þess, að ýmislegt viðkomandi hátíðahöldunum, sem fara fram 17. júní og þar um kring, verður tilkynnt þingmönnum nákvæmlega þegar upp úr helgi, og einnig um fyrirkomulag, sem á verður haft á væntanlegum þingfundi á laugardaginn kemur á Þingvelli.

Á 43. fundi í Nd., 20. júní, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þetta mun verða síðasti fundur þessarar hv. deildar að þessu sinni, því að ákveðið hefur verið að slíta þingi síðar í dag. Ég vil óska eftir leyfi hv. dm. að mega undirrita gerðabók, og skoðast það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Vil ég svo þakka hv. deild fyrir samstarfið, eins og alltaf áður, og óska hv. dm. góðrar líðunar og utanbæjarþingmönnum góðrar heimkomu.

Gísli Sveinsson: Ég vil þakka hæstv. forseta að þessu sinni sem fyrr góða samvinnu í deildinni og ágætt starf, eins og verið hefur. Vil ég í nafni þingmanna deildarinnar endurgjalda ósk hans með því að árna honum alls góðs á sumrinu og vænti, að hv. þdm. taki undir það með því að rísa úr sætum. [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (JörB): Ég vil þakka forseta fyrir hin hlýju orð í minn garð og hv. þdm. fyrir þá virðingu, sem þeir hafa sýnt mér með þessari kveðju, og endurtek árnaðaróskir til þeirra. Megi allir heilir hittast við framhald þingsins. Segi ég svo fundi slitið.

Á 36. fundi í Sþ., 20. júní, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GSv): Verkefni þessa fundar eins og Alþingis að þessu sinni er nú lokið, og verður þingi formlega frestað með forsetabréfi, sem lesið verður hér á eftir.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum hv. þm. fyrir gott samstarf að málefnum þingsins og ekki síst því mikla verki, sem lá fyrir þinginu nú og farsællega er á enda kljáð. Þetta verk mun lifa, þótt annað fyrnist og hvernig sem greina kann á um menn og málefni. Nú fagna allir því að hafa lagt að sér við framkvæmd þess og biðja þjóðinni giftu, sem að baki hefur staðið þinginu á hinn glæsilegasta hátt. — Ég vil enda þessi orð mín með því að óska þm. alls velfarnaðar og þeim og þeirra nánustu góðra og bjartra sumardaga, þar til hittumst heilir næst.

Og að síðustu: Ég óska þinginu í heild til hamingju með hið nýja lýðveldi.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér, — og ég veit, að ég tala þar í umboði allra alþm., — að þakka hæstv. forseta ógleymanlega daga, sem við höfum átt saman að þessu sinni, og stjórn hans á þessu merkasta þinghaldi í 1014 ára þingsögu okkar. Ég vil árna forseta allra heilla og vona, að við hittum hann heilan að áliðnu sumri, þegar við tökum til starfa af nýju í þágu hins nýja þjóðveldis. Ég vil biðja hv. þm. að votta forseta virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (GSv): Ég þakka hv. þm. góðar óskir og endurtek árnaðaróskir mínar til þeirra.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef í höndum svo hljóðandi bréf forseta Íslands:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 63. löggjafarþings, þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 15. sept. næstkomandi.

Ritað í Reykjavík, 20. júní 1944.
Sveinn Björnsson.

Björn Þórðarson."

Um leið og ég samkv. þessu umboði lýsi yfir því, að fundum Alþ. er frestað, er mér skylt að votta þinginu þakklæti ríkisstj. fyrir hið góða samstarf, sem hefur verið milli stj. og þ. þessa síðustu mánuði og ekki sízt síðustu dagana síðan 10. þ. m. Ég vona, að samheldni og samstarf þingsins megi eflast. En hins vil ég jafnframt geta, að ég er þess ekki sérstaklega fylgjandi, að stjórn og þing mæti aftur undir sömu kjörum og áður. Ég vil óska þess, að Alþingi gæti myndað sterka stjórn, ekki hégómatildursstjórn, heldur stjórn, sem hefði vilja og getu til þess að leysa vandamálin.

Á 37. fundi í Sþ., 2. sept., mælti

forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef hér í höndum bréf forseta Íslands svo hljóðandi:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 2. sept. 1944, kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík, 17. ág. 1944.
Sveinn Björnsson.

Björn Þórðarson."

Samkvæmt þessu verður nú fundum Alþingis fram haldið, og býð ég alla hv. þm. velkomna til starfa.

Forseti (GSv): Samkvæmt því, sem nú hefur verið lesið, hefjast aftur fundir Alþingis, og verður þeim fram haldið eins og við á.

Á 62. fundi í Sþ., 25. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (GSv): Ég skal tilkynna, áður en gengið er til dagskrár, að hæstv. ríkisstjórn hefur óskað eftir því við forseta Alþingis, að fundum þess verði frestað um hálfs mánaðar skeið, og verður það nú gert frá og með deginum á morgun að telja. Verða þá engir fundir haldnir þennan tíma, nema hæstv. ríkisstjórn óski þess. Þó halda nefndafundir og nefndastörf áfram þennan tíma, eftir því sem þörf er á.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., utan dagskrár, mælti

forseti (GSv): Ég vil láta þess getið, að tilætlunin var, að frv. til fjárl. gæti komizt til 3. umr. á morgun, og var sú ætlun byggð á því, að fregnir bárust um það frá hv. fjvn., að hennar till. gætu komið fram í dag, stutt við það, að frv., eins og það var afgr. frá 2. umr., væri tilbúið í gærkvöld eða snemma í morgun. Frv. hefur verið útbýtt, en ekki mun von á till. til útbýtingar frá fjvn. fyrr en á morgun. (**PO:** Þær verða afhentar til prentunar í dag.) Af þessu leiðir, að hætta verður við þá ætlan að byrja, þótt með afbrigðum hefði verið, 3. umr. fjárl. á morgun, sem er laugardagur, hvar fyrir hún verður ekki áætluð eða framkvæmd fyrr en á mánudag. Verður þá fundur í sameinuðu þingi og fjárlög tekin til meðferðar, enda verður til annars kvölds settur síðasti frestur fyrir alþm., sem hafa þá séð frv. og brtt. hv. fjvn., til að skila sínum brtt., svo að prenta megi þær til útbýtingar, þó að það yrði ekki fyrr en á mánudag, jafnhliða því, sem fjárl. verða tekin fyrir til 3. umr. og þá til enda kljáð á mánudag eða þriðjudag, en þá fer fram atkvgr. um fjárl. Er þá kominn 19. desember. Nú hefur við athugun forseta og hæstv. ríkisstj. komið í ljós, að þótt allir væru af vilja gerðir, eins og menn eru, að binda endi á þetta þing fyrir jól, þá er það, sökum þess hvernig ástatt er um meðferð mála, ekki kleift, því að eins og kunnugt er og hæstv. stj. hefur getið um, þá hefur hún ásett sér að koma í gegn á þessu þingi mikilsverðum málum, launalögum og einnig skattalögum, sem er óhjákvæmilegt samkvæmt því, sem fjárl. eru nú og verða að vera. Ýmis önnur mál eru til, sem segja mætti, að gætu nú niður fallið í þeirri von, ef menn vilja kalla svo, að þau verði endurreist á næsta þingi, en enginn veit í rauninni, hvernig háttað verður um þinghald það, sem heitir næsta þing, og er ekki hægt enn að ákveða það af hálfu hæstv. stj. Af þessu leiðir það, að fresta verður þingi nú, og verður það ekki gert með neinni þál., heldur eftir orði forseta verður tilkynnt, að 19.—20. þ. m. eða þar um bil hefst fundahlé, þar sem ekki þýðir, þótt menn vildu, að halda áfram þingstörfum næstu daga, sem eru næstu dagar fyrir jól. Þing kemur þá aftur saman næstu daga eftir nýár, þó væntanlega ekki fyrr en 4. janúar. Þann 6. janúar, laugardag, er þrettándinn. Væri vel, ef menn gætu verið komnir til þings, ef fundir yrðu boðaðir í d. þann 4. janúar eða svo.

Þetta hvort tveggja, um meðferð fjárlfrv. nú, að fjárl. verði lokið tvo fyrstu daga næstu viku, og hitt, um þinghlé fyrir jól, er ætlazt til, að hv. þm. hafi heyrt og viti um og láti aðra vita, eftir því sem þörf gerist.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins í framhaldi af skýrslu hæstv. forseta Sþ. geta þess, að eftir að stj. átti tal við hæstv. forseta í gær, hefur hún talað nokkru nánar um þetta mál og leggur áherzlu á, að þingi verði lokið svo fljótt eftir áramót sem auðið er og í samræmi við það, sem hæstv. forseti skýrði frá. Auk þess vil ég láta það koma nú

fram, að stj. gerir ráð fyrir, að hún muni leggja til að athuguðu máli, að annaðhvort verði í lok þessa þings eftir áramót samþ. l. um að fresta þingi fram á næsta haust eða heimild til að fresta þingi þannig, að stj. hafi heimild til að kalla saman þing, ef nauður þykir til reka, en ljúka þessu þingi og kalla saman nýtt þing, sem frestar sér sjálft. Mér þykir rétt, af því að stj. ræddi nokkru nánar um þetta, eftir að hún ræddi við hæstv. forseta, að hv. þm. fengju að vita einnig um þessar fyrirætlanir.

Á 79. fundi í Sþ., 19. des., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GSv): Þá verða ekki haldnir fleiri fundir fyrir jól, hvorki í deildum né í sameinuðu þingi, og er dagskrá þessa fundar lokið. Jólahlé ákvarðast frá þessari stundu til 4. jan. næsta ár, og verða þá fundir Alþ. boðaðir með dagskrá. Ég vil að síðustu leyfa mér að óska öllum hv. þm., og þar með ráðherrum, góðrar hátíðar í hönd farandi og farsæls nýárs.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil þakka hæstv. forseta góðar óskir og hygg, að ég mæli fyrir hönd allra hv. þm., þegar ég árna honum gleðilegra jóla og farsæls ár.

Forseti (GSv): Ég þakka. — Þá er fundi slitið.

XV. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 12. jan., var tekin til meðferðar **kosning þingfararkaupsnefndar.**

Fram komu fjórir listar, með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson (af D-lista),
Páll Zóphóníasson (af B-lista),
Áki Jakobsson (af C-lista),
Sigurður E. Hlíðar (af D-lista),
Ásgeir Ásgeirsson (af A-lista).

2. Tryggingaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar:
kosning tryggingaráðs, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1944 að telja til 31. des. 1947, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 7. gr. l. nr. 104 30. des. 1943, um breyt. á I.—III. kafla l. um alþýðutryggingar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista var Kjartan Ólafsson, á B-lista Helgi Jónasson, á C-lista Brynjólfur Bjarnason, á D-lista Brynjólfur Stefánsson og Gunnar Möller. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Brynjólfur Stefánsson framkvæmdastjóri,
Helgi Jónasson læknir,
Brynjólfur Bjarnason alþm.,
Gunnar Möller lögfræðingur,
Kjartan Ólafsson bæjarfulltrúi.

Við kosningu varamanna komu einnig fram fjórir listar, og var á A-lista Stefán Jóh. Stefánsson, á B-lista Jens Hólmgeirsson, á C-lista Sigfús Sigurhjartarson, á D-lista Björn Björnsson og Einar Ásmundsson. Kosnir voru því án atkvgr.:

Björn Björnsson hagfræðingur,
Jens Hólmgeirsson,
Sigfús Sigurhjartarson alþm.,
Einar Ásmundsson lögfræðingur,
Stefán Jóh. Stefánsson alþm.

3. Samgöngubótanefnd.

Á 30. fundi í Sþ., 11. marz, var tekin til meðferðar
kosning fjögurra manna í nefnd samkv. þingsályktun frá 10. marz 1944 um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu fjórir listar, og var á A-lista Emil Jónsson, á B-lista Jón Gunnarsson, á C-lista Gunnar Benediktsson, á D-lista Árni Snævarr. Kosnir voru því án atkvgr.:

Árni Snævarr verkfræðingur,
Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri,
Gunnar Benediktsson rithöfundur,
Emil Jónsson alþm.

4. Fyrri varaforseti Nd.

Á 70. fundi í Nd., 24. okt., var tekin til meðferðar
kosning fyrri varaforseta deildarinnar.

Kosningu hlaut
Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.,
með 18 atkv. — Stefán Jóh. Stefánsson fékk 1 atkv., Pétur Ottesen 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

5. Fyrri varaforseti Sþ.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var tekin til meðferðar **kosning fyrri varaforseta.**

Kosningu hlaut
Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.,
með 23 atkv. — 18 seðlar voru auðir.

6. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 77. og 78. fundi í Sþ., 16. og 18. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins 1943, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar. Á A-lista var Jörundur Brynjólfsson, en á B-lista Jón Pálmason og Halldór Jakobsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jón Pálmason alþm.,
Halldór Jakobsson skrifstofum.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.

7. Eftirlitsmenn með opinberum sjóðum.

Á 77. og 78. fundi í Sþ., 16. og 18. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja eftirlitsmanna með opinberum sjóðum til 5 ára, frá 1. jan. 1945 til 31. des. 1949, skv. 1. gr. l. nr. 111 9. okt. 1941, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var Andrés Eyjólfsson, en á B-lista Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurjón Á. Ólafsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm.,
Andrés Eyjólfsson óðalsbóndi.

XVI. Starfsmenn þingsins.

Á fundi sínum 10. jan. réðu forsetar eftirtalda starfsmenn:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Jón S. Guðmundsson, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Pétrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:
Ólafur Tryggvason, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Björn Sigfússon, Auðbjörg Tryggvadóttir, Emil Björnsson, Kristinn Hóseasson, Aðalbjörg Johnson, Róbert Bjarnason, Pétur Þorsteinsson, Sigfríður Bjarnar, Ragna Þorvarðsdóttir, Kristín Kaaber, Ólafur Siggeirsson, Már Jóhannsson, Axel Kristjónsson.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Sigvaldi Indriðason, Guðmundur Davíðsson, Einar Blandon, Jens Magnússon, Ólafur Þorvaldsson, Benjamín Sigvaldason, Bragi Kristjánsson, Þórður Jónsson, Einar Ólafsson.

Þingsveinar:
Ólafur Alexandersson, Garðar Guðmundsson, Helgi H. Helgason, Hallgrímur Helgason, Gunnar Jónsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

Á forsetafundi 10. júní, eftir fyrra þinghlé, voru ráðnir sömu starfsmenn, með þessum breytingum:

Skrifstofan og prófarkalestur: Sigríður Bjarklind og Jón S. Guðmundsson.

Innanþingsskrifarar: Helgi Tryggvason (verkstjóri skrifara), Svanhildur Ólafsdóttir, Haraldur Matthíasson, Björn Sigfússon, Eggert Jónsson, Aðalbjörg Johnson, Ragna Þorvarðsdóttir, Ólafur Siggeirsson.

Dyra- og pallaverðir sömu og áður, að frátöldum Benjamín Sigvaldasyni.

Þingsveinar: Stefán Ásbjörnsson, Ragnar Stephensen, Hreinn Steingrímsson, Friðrik Hjaltason, Haukur Heiðar.

Á forsetafundi 2. sep., eftir síðara þinghlé, voru enn ráðnir sömu starfsmenn og á öndverðu þingi, með þessum breytingum:

Frá prófarkalestrarstarfi hvarf Björgvin Magnússon.

Innanþingsskrifarar Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Svanhildur Ólafsdóttir, Björn Sigfússon, Auðbjörg Tryggvadóttir, Ragna Þorvarðsdóttir, Ólafur Siggeirsson, Eggert Jónsson, Margrét Thoroddsen.

3. okt. voru ráðin til viðbótar: Kristinn Hóseasson, Pétur Þorsteinsson, Axel Kristjónsson, Sigfríður Bjarnar, Róbert Bjarnason, Böðvar Stefánsson. Enn fremur Kristín Ólafsdóttir (í stað Eggerts Jónssonar, er hann léti af starfi).

Síðar voru ráðnir: Björn Svanbergsson (15. nóv. í stað Svanh. Ól.), Hermann Gunnarsson (20. nóv., í stað Axels Kristj.), og Ernst Gíslason (13. des., í stað Rögnu Þorv.).

Dyra- og pallavarzla: Ráðinn var til viðbótar: Gils Guðmundsson, en frá gengu Benjamín Sigvaldason og Jón Bjarnason.

Þingsveinar: Þorlákur Haldorsen, Kristján Reynir Þórðarson, Alexander Alexandersson, Kristján Sigurðsson, Atli Helgason, Hreinn Steingrímsson.

XVII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrA): Ég vil þakka deildarmönnum fyrir gott samstarf á því þingi, sem nú er að ljúka, og óska þeim alls velfarnaðar.

Magnús Jónsson: Ég vil fyrir mína hönd og vonandi allra deildarmanna þakka hæstv. forseta árnaðaróskir hans. Og ég vil þakka honum fyrir góða, röggsamlega og þó hófstillta fundastjórn á þessu afar langa þingi, sem nú er að lokum komið, óska honum góðrar heimferðar og alls góðs. Vil ég biðja hv. dm. að rísa úr sætum. [Deildarmenn stóðu upp.]

Forseti (StgrA): Ég þakka hv. þm. þessi hlýju orð og þakka öllum þdm.

b. Í neðri deild.

Á 142. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þetta mun verða síðasti fundur þessarar deildar, og er nú starfi deildarinnar lokið að þessu sinni. Þar sem gerðabók síðasta fundar hefur ekki getað legið fyrir, þá mun ég síðar skrifa undir þessa fundargerð, ef hv. þdm. mótmæla því ekki.

Ég vil þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir gott samstarf hér í þessari deild nú, eins og svo oft áður, og um leið óska ég þeim allra heilla og blessunar á komandi tíð. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil þakka hæstv. forseta hlýjar óskir og ummæli, og ég veit, að ég nú sem fyrr mæli fyrir hönd allra þdm., þegar ég þakka forseta góða og röggsama stjórn á fundum þessarar þingdeildar. — Ég vil svo óska hæstv. forseta og öllum þdm. góðrar heimferðar og vænti, að við megum hittast hér heilir, þegar kallið kemur. Vil ég svo biðja hv. þdm. að heiðra hæstv. forseta með því að rísa úr sætum sínum. [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (JörB): Ég þakka hæstv. forsætisráðherra góð ummæli í minn garð og óska honum alls hins bezta og endurtek óskir mínar til annarra þdm.

XVIII. Þinglausnir.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GSv): Nú er störfum þessa þings lokið, og vil ég aðeins nota tækifærið til að þakka hv. þm. fyrir ágæta samvinnu við mig sem forseta þingsins á undanförnum tíma og óska þeim og hæstv. ríkisstj. allrar giftu á komandi tíma hvar sem er, hvort sem er heima eða heiman.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil votta hæstv. forseta, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þm., virðingu og beztu þakkir fyrir hans röggsamlegu og réttlátu og góðu fundarstjórn. Ég þakka honum einnig fyrir árnaðaróskir hans og vil óska honum og hans giftu og góðrar líðanar. Bið ég hv. þm. að taka undir þessa ósk mína með því að rísa úr sætum. [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (GSv): Ég þakka hv. 1. þm. Árn. fyrir hans hlýlegu og vinsamlegu og ágætu orð til mín og endurtek óskir mínar til hv. þm. og hæstv. ríkisstjórnar.

Á 101. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (GSv): Ég mun fyrst gefa yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 10. janúar til 11. marz 1944, 10. til 20. júní sama ár og frá 2. sept. 1944 til 3. marz 1945, eða alls 256 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	142
- efri deild	140
- sameinuðu þingi	101
Alls	383 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	33		
b. — — efri deild	11		
c. — — sameinað þing	3		
		—	47
2. Þingmannafrumvörp			
a. Borin fram í neðri deild	79		
b. — — - efri deild	42		
		—	121
			168
Þar af			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	34		
Þingmannafrumvörp	80		
	— alls	114	lög
b. Felld:			
Þingmannafrumvörp		2	
c. Afgr. m. rökst. dagskrá:			
Stjórnarfrumvörp		2	
Þingmannafrumvörp		10	
d. Vísað til ríkisstj.:			
Þingmannafrumvarpi		1	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp		11	
Þingmannafrumvörp		28	
		168	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild	4		
b. — — - efri deild	2		
c. — — - sam. þingi	103		
			109
Þar af:			
a. Þingsályktanir afgreiddar:			
1. Ályktanir Alþingis	73		
2. — neðri deildar	4		
3. — efri deildar	1		
	— alls	78	þál.
b. Afgreiddar með rökst. dagskrá		3	
c. Vísað til ríkisstj.		4	
d. Ekki útræddar		24	
		109	

III. Fyrirspurnir:

a. Bornar fram í neðri deild		10	
b. — — - efri deild		6	
		—	16
Þar af:			
a. Svarað		11	
b. Ekki svarað		5	

Mál til meðferðar í þinginu alls .. 293

Tala prentaðra þingskjala alls 1286.

Háttv. alþingismenn. — Nú er liðið að lokum þessa þings — hins reglulega Alþ. 1944, — og þótt enginn dragi í efa mikilvægi þess í málefnalegu

tilliti, munu þó væntanlega ýmsir segja, að fyrr hefði því átt að ljúka, því að þinghald þetta er orðið hið lengsta í sögu þjóðarinnar. Það er þó engan veginn svo, að hin langa dvöl við þingstörf að þessu sinni, sem sé á liðnu ári og fram á þetta ár, hafi verið mjög að ástæðulausu, heldur er hitt hið sanna, að eigi hafi orðið hjá þessu komizt vegna ýmissa stjórnmálaatburða og að sumu leyti ófyrirséðra atvika, og má þar til nefna stjórnarmyndunina, sem eins og kunnugt er eigi tókst fyrr en á veturnóttum síðast liðnum, er aflað var stuðnings meiri hluta Alþingis til þessa. En eigi sízt af því, að hér áttu hlut að máli flokkar, er hafa verið næsta sundurleitir í skoðunum og stefnum, hlutu að koma til meðferðar ýmis erfið og tímafrek málefni, er hin nýja ríkisstjórn beitti sér fyrir. Er nú bundinn endi á mál þessi um sinn, að því er kemur til kasta löggjafans, og munu menn dæma um það allt á ýmsan veg, eins og eðlilegt má kalla í lýðfrjálsu landi. — En þegar um Alþingi ræðir og setu þess, ber þess einnig að gæta, að **skylt** verður að teljast, að það fjalli um öll höfuðstjórnmál lands og þjóðar, enda að jafnaði nauðsynlegt til öruggrar úrlausnar.

En hvað sem þessu viðvíkur og ýmsu því öðru, er löggjafarþingið hefur haft með höndum að þessu sinni, þá er þó **eitt mál** — „mál málanna“ —, er rís eins og klettur úr hafinu í sögu Alþingis nú og um allan aldur, og standa þar allir að með glæstum sóma, eins og því lyktaði, alþingismenn og Íslendingar aðrir: það er lausn sjálfstæðismálsins, **skilnaðurinn frá Danmörku og stofnun lýðveldis á Íslandi.** Þessi afrek mun bera hæst, þegar minnzt verður ársins 1944, dagsins 17. júní og alls aðdraganda þeirra úrslita. Hafa og allir mælt um þetta á sömu lund. — Vér minnumst þess einnig nú með maklegu þakklæti, að ágæt þjóðríki erlend hafa í þessu veitt oss stuðning og viðurkennt málstað vorn, og vonum vér, að önnur skipti vor og þeirra megi á líka leið fara. —

Ég vil svo láta þess getið að síðustu, sem niðurlag þess, er ég nú hef greint, að **eldraunin** er eftir, þótt þessari veigamestu frelsisbaráttu vorri fram að þessu sé nú lokið með sigri, — raun, sem að vísu er þegar byrjuð og Íslendingar eiga að standast. Með sama hætti og aðrar þjóðir, stríðandi og líðandi, hafa það nú fyrir sér augljóst, að eftir „unnið stríð“ verður að „vinna friðinn“, eins og komizt er að orði, þ. e. tryggja öllu fólki í öllum löndum frið og öryggi, — eins ber oss hér í voru frjálsa föðurlandi að „vinna“ oss hið sanna frelsi og treysta, en hvergi veikja, afkomumöguleika þjóðarinnar í hvívetna, **með ráðum og dáð**, svo að hún geti óvefengjanlega staðið föstum fótum á sinni eigin jörð, sem ekki verður nema með **heilum hyggindum og óeigingjarnri atorku,** samfara frjálsmannlegri festu gagnvart öllu, sem að höndum ber. **Vér höfum öðlazt frelsið til þess að halda því að fullu í heiðri.**

Forseti Íslands mælir fram þinglausnir.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði í dag var gefið út svolátandi forsetabréf um þinglausnir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi, 63. löggjafarþingi, skuli slitið laugardaginn 3. marz 1945.

Mun ég slíta Alþingi þann dag.

Ritað í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir.“

Þetta þing, sem er hið lengsta, sem háð hefur verið og haft hefur til meðferðar og fullnaðarályktunar hið mikilvægasta mál, sem Alþingi hefur nokkru sinni um fjallað og varðar framtíð landsins öllum málum framar, frá því er allsherjarríki var sett hér á stofn fyrir nærfellt 1015 árum, hefur nú lokið störfum sínum að þessu sinni, og segi ég því þinginu slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingmenn risu úr sætum sínum, og forsætisráðherra mælti: „Lifi Ísland!“

Tók þingheimur undir það með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.